Alþingi 1945.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1945, mánudaginn 1. október, var sextugasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og áttunda aðalþing í röðinni, en sjötugasta og níunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1,15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1,30. Séra Sigurður Stefánsson, Möðruvöllum, steig í stólinn og lagði út af Sálm. 127.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
7. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
8. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
10. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
11. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
14. Gísli Jónsson, þm. Barð.
15. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
16. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
17. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
18. Hallgrímur Benediktsson, 3. (vara)þm. Reykv.
19. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
20. Hermann Jónasson, þm. Str.
21. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
22. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
23. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
24. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
25. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
26. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
27. Katrín Thoroddsen, 2. (vara)þm. Reykv.
28. Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.
29. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Ólafur Thors, þm. G.-K.
32. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
33. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
34. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
35. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
36. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
37. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
38. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
39. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
40. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
41. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
42. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
43. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
44. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
45. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.
46. Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema 2. þm. Árn. En ókomnir voru til þings:

1. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
2. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
3. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
4. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
5. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
6. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 13. f. m. var gefið út svo látandi forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október 1945:

Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1945, að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur fram farið í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13,30.

Gert í Reykjavík, 13. sept. 1945.

Sveinn Björnsson.

Ólafur Thors.

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett, hið fyrsta þing, sem kvatt er til funda eftir stofnun lýðveldis á Íslandi að nýju. Frá stofnun Alþingis eru nú liðin 1015 ár. Frá endurreisn þess fyrir 100 árum hefst nú 79. samkoma þess, en frá því, er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir rúmum 70 árum, er þetta 64. þing í röðinni, en 48. aðalþing.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra (ÓTh) mælti: „Lifi Ísland". Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosinn hefur verið forseti sameinaðs þings.

Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum. — Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Péturs Þórðarsonar.

Aldursforseti (IngP): Áður en Alþingi tekur til starfa að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum fyrrv. þingmanns, er látizt hefur frá því er síðasta þingi sleit. Þessi maður er Pétur Þórðarson frá Hjörsey. Hann var þingmaður Mýramanna um ellefu ára skeið, 1916—1927. Hann andaðist í Borgarnesi 25. apríl síðast liðinn, áttatíu og eins árs að aldri.

Pétur Þórðarson fæddist 16. febrúar 1866 í Fornaseli í Álftaneshreppi, sonur hjónanna Þórðar Benediktssonar, bónda þar, og konu hans Ingigerðar Þorbergsdóttur, bónda í Ferjukoti Ólafssonar. Skólamenntunar naut hann engrar, en menntaði sig þó af eigin rammleik sem bezt hann mátti. Hann fór í vinnumennsku 15 ára að aldri og var vinnumaður eða lausamaður næstu 11 árin, til 1890, og nam á þeim árum söðlasmíð. Árið 1890 reisti hann bú að Leirulækjarseli á Mýrum og bjó þar næstu þrjú árin, en þá fluttist hann að Hjörsey, og þar bjó hann góðu búi í 49 ár, til 1942, er hann brá búi, en átti þó heimili í Hjörsey einu ári lengur, eða í 50 ár samfleytt.

Pétur gerðist þegar á ungum aldri áhugasamur um þjóðmál og félagsmál. Sýslungar hans veittu brátt athygli hæfileikum hans og mannkostum og fólu honum snemma margvísleg trúnaðarstörf í þágu héraðs og sveitar. Mörg þessara starfa hafði hann á hendi áratugum saman. Hreppstjóri var hann hátt á fimmta tug ára og átti nærri jafnlengi sæti í hreppsnefnd. Þá var hann um 20 ára skeið sýslunefndarmaður og formaður búnaðarfélags og skólanefndar. Í fasteignamatsnefnd sat hann og lengi, var í héraðsnefnd kreppulánasjóðs og í yfirskattanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Á árunum 1926—1931 var hann yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna og endurskoðandi Búnaðarbankans 1932—1934. Samvinnumál bænda lét hann mjög til sín taka, vann gott starf í Kaupfélagi Borgfirðinga og einnig í Sláturfélagi Suðurlands. Þá var hann deildarfulltrúi í 23 ár.

Öll sín störf vann Pétur Þórðarson með stakri trúmennsku og nákvæmni, lagði sig allan fram um að brjóta hvert mál til mergjar, sem hann fékkst við, var sérstaklega athugull reikningsmaður og sparaði hvorki tíma né fyrirhöfn til þess að hafa upp á skekkjum og komast að réttum niðurstöðum við endurskoðun reikninga. — Hann var mikill maður að vallarsýn og atrendur að afli, forkur til vinnu, meðan honum entist heilsa, og djarfur sjósóknari. Jafnframt var hann einstakt prúðmenni í allri framgengni, kurteis, óáreitinn og góðgjarn, og naut því almennra vinsælda. Ég hygg ekki ofmælt, að allir samþingismenn hans hafi borið til hans hlýjan hug.

Ég vil biðja hv. þingmenn að votta minningu þessa merka manns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingmenn risu úr sætum sínum.]

Fundi frestað til næsta dags.

Þriðjudaginn 2. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið. Voru nú allir þm. til þings komnir nema 6. landsk. þm. (LJós) og þm. N.-Ísf. (SB).

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sigurð Kristjánsson, 7. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Tilkynningar um fjarvistir.

Aldursforseti (IngP): Áður en gengið verður til fundarstarfa, skal ég leyfa mér að skýra frá, að forseta sameinaðs þings hafa borizt bréf frá þremur þingmönnum, og mun ég lesa þau.

Það er þá fyrst bréf frá Jakobi Möller, 3. þm. Reykv., og hljóðar það svo:

„Kaupmannahöfn, 12. sept. 1945.

Sökum fjarveru minnar úr landi get ég eigi gegnt þingstörfum fyrst um sinn, en óska, að varamaður verði kvaddur til þingsetu í minn stað.

Jakob Möller,
3. þm. Reykvíkinga.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Í öðru lagi er bréf frá Sigurði Bjarnasyni, þm. N.-Ísf., svo hljóðandi:

„London, 17. sept. 1945.

Herra forseti.

Ég leyfi mér hér með að tilkynna yður, að vegna þess að ég á enn ólokið nokkrum hluta

erinda minna, mun ég ekki geta komið til þings fyrr en 15. október.

Jafnframt leyfi ég mér að æskja þess, að þér metið þessi forföll mín gilda ástæðu til fjarvistar frá þingstörfum fyrrgreint tímabil.

Allravirðingarfyllst.
Sigurður Bjarnason."

Loks hefur 8. þm. Reykv. (SigfS) ritað á þessa leið:

„Reykjavík, 1. okt. 1945.

Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., er farinn af landi burt í erindum fyrir ríkisstjórnina, og mun hans ekki von aftur næstu vikur. Fyrir hans hönd leyfi ég mér að tilkynna yður, herra forseti, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður hans, Katrín Thoroddsen læknir, mun taka sæti hans á Alþingi, þar til hann kemur heim aftur.

Sigfús Sigurhjartarson,
varaformaður Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn kjörbréfa.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁkJ, BBen, BK, BrB, GÍG, HermJ, HG, IngJ, IngP, JPálm, LJóh, PZ, SG, SEH, SÞ, StJSt, ÞÞ.

2. kjördeild:

BG, EE, EmJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, JJós, JJ, MJ, ÓTh, PÞ, SigfS, STh, StgrA, SvbH, ÞG.

3. kjördeild:

ÁÁ, BSt, BÁ, KTh, EystJ, FJ, HB, JS, JörB, KA, PHerm, PM, PO, SB, SK, SkG.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Katrínar Thoroddsen, 2. (vara)þm. Reykv., Björns Kristjánssonar, þm. N.-Þ., og Hallgríms Benediktssonar, 3. (vara)þm. Reykv. Kjördeildirnar skiptu með sér störfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild fékk til athugunar kjörbréf 2. og 3. (vara)þm. Reykv. og 2. kjördeild kjörbréf þm. N.-Þ.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

ATKVGR.

Að till. 1. kjördeildar voru kjörbréf Katrínar Thoroddsen og Hallgríms Benediktssonar samþ. með öllum greiddum atkv.

Að till. 2. kjördeildar var kjörbréf Björns Kristjánssonar samþ. með öllum greiddum atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þá undirrituðu þau Hallgrímur Benediktsson og Katrín Thoroddsen, sem ekki höfðu áður átt sæti á þingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 3. okt., kl. 8,30 síðd., var fundinum enn fram haldið.

Kosning forseta.

Þá lét aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.,

með 30 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 13 atkv. og Gísli Sveinsson 6 atkv.

Gekk þá hinn kjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.,

með 28 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 9 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara) þm.,

með 29 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var SK, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv. og
Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu fjórir listar. Á A-lista var SG, á B-lista ÁÁ, á C-lista HermJ og á D-lista ÞÞ og LJóh. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbréfanefnd án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Sigurður Guðnason,
Lárus Jóhannesson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 4. okt., var tekin á dagskrá *kosning í fastanefndir skv. 16. gr. þingskapa.*

Forseti (JPálm): Það liggur nú fyrir að kjósa fastanefndir sameinaðs Alþingis, en sökum þess að boð um fund þennan hefur eigi náð til eins hv. þm., hefur komið fram ósk um, að þeim kosningum verði frestað, unz tekizt hefur að boða öllum hv. þm. fundinn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér finnst full ástæða til að fresta kosningu nefnda, þar til næst til allra hv. þm. Það er von á einum hv. þm. til bæjarins mjög bráðlega, en þótt ef til vill sé ekki rétt að láta nefndakosningar bíða þar til hann er kominn, virðist mér sanngjarnt, að þær verði látnar bíða þangað til náðst hefur til allra þeirra hv. þm., sem komnir eru til bæjarins.

Forseti (JPálm): Samkv. ósk hæstv. forsrh. verður fundinum frestað, og verður framhaldsfundur boðaður með dagskrá.

Fundi frestað.

Föstudaginn 5. okt., kl. 1,30 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Var þá gengið til nefndakosninga.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru PO, SK, ÞG, GÍG, GJ, StgrA, ÞÞ, en á B-lista HelgJ, BK, SkG. — A-listi hlaut 34 atkv., B-listi 15 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Pétur Ottesen,
Sigurður Kristjánsson,
Helgi Jónasson,
Þóroddur Guðmundsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Björn Kristjánsson,
Gísli Jónsson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Skúli Guðmundsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, og voru á A-lista BBen, EOl, StJSt, LJós, JJós, en á B-lista BÁ, HermJ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson,
Einar Olgeirsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Lúðvík Jósefsson,
Hermann Jónasson,
Jóhann Jósefsson.

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Garðar Þorsteinsson (A),
Sigfús Sigurhjartarson (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Ólafur Thors (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Pétur Magnússon (A).

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar, með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson (A),
Sigurður Thoroddsen (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Barði Guðmundsson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Sigurður Þórðarson (B),
Jón Sigurðsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þingfararkaupsnefndar.*

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru SK, ÞG, ÁÁ, SEH, en á B-lista PZ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson,
Þóroddur Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður E. Hlíðar.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Gísli Jónsson, þm. Barð.
6. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
7. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
8. Hermann Jónasson, þm. Str.
9. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
14. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
15. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Deildarmenn voru allir á fundi.

Aldursforseti deildarinnar, Ingvar Pálmason, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson og Eirík Einarsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut:

Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., með 11 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut:

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal., með 11 atkv. — 5 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn:

Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm., með 12 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var PHerm, en á B-lista EE. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., og
Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Loks skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum. Fram kom tillaga um, að þingmenn skyldu halda þeim sætum, er þeir höfðu á síðasta þingi. Voru afbrigði um þá till. leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv. og till. sjálf samþ. með sama atkvæðafjölda.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 4. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt beiðni um, að þessum deildarfundi verði frestað, þar til að loknum fundi sameinaðs þings, sem mun verða nú í kringum kl. hálffjögur, og mun ég verða við þeirri beiðni. Er þá þessum fundi frestað.

Kl. 3,45 síðd. s. d. var fundinum fram haldið, og var þá gengið til nefndakosninga. Við kosningu allra nefndanna komu fram tveir listar, A og B, með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Lárus Jóhannesson (A),
Bernharð Stefánsson (B),
Kristinn Andrésson (A),
Haraldur Guðmundsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Eiríkur Einarsson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (A),
Ingvar Pálmason (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Eiríkur Einarsson (A),
Páll Hermannsson (B),
Haraldur Guðmundsson (A),
Kristinn Andrésson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Jónsson (A),
Eiríkur Einarsson (A),

Ingvar Pálmason (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (A),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Jónsson (A),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A),
Páll Hermannsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Lárus Jóhannesson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Kristinn Andrésson (A),
Haraldur Guðmundsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Samþ. var með 9 shlj. atkv. að skipa nefndina 5 mönnum.
Eiríkur Einarsson (A),
Magnús Jónsson (A),
Jónas Jónsson (B),
Kristinn Andrésson (A),
Haraldur Guðmundsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Lárus Jóhannesson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Bernharð Stefánsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (A),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, sem þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, 2. þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
10. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
11. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
12. Hallgrímur Benediktsson, 3. (vara)þm. Reykv.
13. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
14. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
15. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
16. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
17. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
18. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
19. Katrín Thoroddsen, 2. (vara)þm. Reykv.
20. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
23. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
26. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
27. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
28. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
29. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
30. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
31. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
34. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
35. Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm.

Voru deildarmenn allir á fundi nema 6. landsk. þm. (LJós) og þm. N.-Ísf. (SB), sem ókomnir voru til þings, og þm. V.-Sk. (SvbH), sem boðað hafði veikindaforföll.

Aldursforseti deildarinnar, Björn Kristjánsson, tók forsætið til að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Skúla Guðmundsson og Gunnar Thoroddsen.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.,

með 19 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk 11 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.,

með 19 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Þessu næst fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.,

með 18 atkv. — 14 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SvbH, en á B-lista GTh. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., og
Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Gísli Sveinsson,
9. — — Skúli Guðmundsson,
10. — — Sigurður E. Hlíðar,
11. — — Sigfús Sigurhjartarson,
12. — — Jón Pálmason,
13. — — Jörundur Brynjólfsson,
14. — — Bjarni Ásgeirsson,
15. — — Hallgrímur Benediktsson,
16. — — Ásgeir Ásgeirsson,
17. — — Eysteinn Jónsson,
18. — — Sigurður Thoroddsen,
19. — — Sigurður Bjarnason,
20. — — Garðar Þorsteinsson,
21. — — Pétur Ottesen,
22. — — Stefán Jóh. Stefánsson,
23. — — Sigurður Þórðarson,
24. — — Sigurður Guðnason,
25. — — Ingólfur Jónsson,
26. — — Björn Kristjánsson,
27. — — Þóroddur Guðmundsson,
28. — — Helgi Jónasson,
29. — — Páll Zóphóníasson,
30. — — Katrín Thoroddsen,

31. sæti hlaut Jóhann Jósefsson,
32. — — Páll Þorsteinsson,
33. — — Lúðvík Jósefsson,
34. — — Sigurður Kristjánsson,
35. — — Jón Sigurðsson.

Fleiri númeruð sæti komu ekki til hlutunar, og urðu þeir þm., sem höfðu eigi hreppt sæti, að taka sér sæti, sem ekkert voru tölumerkt.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 4. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (BG): Fram hefur komið ósk um, að fundi verði frestað til kl. 4, og hefur forseti fallizt á, ef hv. þdm. mæla ekki því í gegn, að verða við þeirri ósk, en hún er komin frá formanni þingflokks framsóknarmanna. (*Forsrh.:* Ég óska fremur eftir því, að fundi verði nú haldið áfram). Hæstv. forsrh. óskar eftir, að fundi verði haldið áfram, og vísa ég því þá til aðgerða hv. deildar.

Eysteinn Jónsson: Ég kom að máli við hæstv. forseta og spurði, hvort hægt væri að fá samkomulag um, að kosningum væri frestað í d., þar til lokið væri nefndakosningu í Sþ., en fundur í Sþ. á að hefjast kl. 3½. Mætti koma þessu við, ef hv. þdm. vildu á það fallast. Það er í samræmi við venjuna, og getur verið heppilegra, að það fari þannig fram.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil ekki vefengja, að þetta hafi verið venja, en það er ekki lögmæt ástæða, og ég segi, að það geti verið heppilegra, að kosningar í deildum fari fram fyrr, alveg eins og form. Framsfl. segir, að það geti verið heppilegra, að fyrst sé kosið í Sþ. Ég vil því fremur mælast til, að kosningar verði látnar fara fram í d. nú.

ATKVGR.

Samþ. með 12:10 atkv. að fresta fundi til kl. 4.

Að liðnu fundarhléi var svo gengið til nefndakosninga.

Við kosningu allra nefndanna komu fram tveir listar, A og B. Var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Hallgrímur Benediktsson (A),
Katrín Thoroddsen (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Ingólfur Jónsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Gísli Sveinsson (A),
Lúðvík Jósefsson (A),
Sveinbjörn Högnason (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Sigurður Bjarnason (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Sigurðsson (A),
Sigurður Guðnason (A),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Barði Guðmundsson (A),
Jón Pálmason (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Kristjánsson (A),
Lúðvík Jósefsson (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Jóhann Jósefsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Sigurður E. Hlíðar (A),
Sigurður Thoroddsen (A),
Sigurður Þórðarson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Jóhann Jósefsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður E. Hlíðar (A),
Sigurður Thoroddsen (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Garðar Þorsteinsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Sigfús Sigurhjartarson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Barði Guðmundsson (A),
Sigurður Bjarnason (A).

8. Allsherjarnefnd.
Þóroddur Guðmundsson (A),
Garðar Þorsteinsson (A),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Gunnar Thoroddsen (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Gjaldaviðauki 1946.

Á 29. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1946 með viðauka (stjfrv., A. 143).

Á 30. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta er nákvæmlega shlj. l. nr. 18 frá 1945, sem heimila ríkisstj. að innheimta nokkur gjöld með ýmist 100 eða 50% viðauka.

Eins og kunnugt er, er fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþ. nú, með rúmlega einnar millj. kr. rekstrarhalla, en um 13 millj. kr. greiðsluhalla, og það er augljóst, að ríkissjóður má ekki við því að missa af þeim tekjum, sem lög nr. 18 frá 1945 heimila.

Það er ekki með fullkominni nákvæmni hægt að segja um það ennþá, hve mikinn tekjuauka leiðir af löggjöf þessari, en eftir því sem næst verður komizt, mun hann nema 300 þús. kr. á mánuði, eða um 3½ millj. kr. á ári. Hann getur orðið eitthvað minni, og e. t. v. líka eitthvað meiri.

Það má náttúrlega um það deila, hversu réttlát þessi gjaldahækkun sé. Ég verð að játa, að það er sérstaklega eitt gjaldið, sem ég er í vafa um, hvort ekki er sett of hátt, það er stimpilgjaldið. Þegar stimpilgjald af afsölum getur komizt í 4%, er það tilfinnanlegt gjald, og má segja, að það sé óeðlilega hátt. Má kannske réttlæta það með því, að það vinni á móti óeðlilegri umsetningu á fasteignum. Það er það hátt, að menn finna dálítið til þess. En ég ætla, eins og sakir standa nú, að það sé að einhverju hægt að réttlæta það, þótt gjaldið sé sett hærra nú en á venjulegum tímum. — Önnur gjöld, sem ræðir um í þessu frv., koma yfirleitt ekki sérlega mikið við almenning. Og þegar tillit er tekið til þeirra verðlagsbreyt., sem hafa orðið síðan fyrir stríð, þá ætla ég, að þau séu yfirleitt ekki hærri hlutfallslega, og reyndar ekki eins há hlutfallslega og þau voru þá.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. fjhn., og vildi ég þá um leið mælast til þess við þá hv. n., að hún hraðaði heldur afgreiðslu frv., og geri það með tilliti til þess, að ætla má, að ekki líði á löngu þangað til fjárl. koma úr n. En æskilegt væri að vita um sama leyti og fjárl. koma úr n., hvort treysta má því, að þessi tekjuauki verði heimilaður á næsta ári.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 169).

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem frsm. þessa máls er ekki viðstaddur, vil ég taka að mér að segja fáein orð um þetta mál fyrir hans hönd.

Þetta er sams konar frv. og samþykkt var á síðastliðnu Alþingi, og var fjhn. sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er eins með þetta frv. og það, sem verið er að afgreiða (um tekjuskattsviðauka). Það er stjfrv., flutt í Ed. vegna tekna ríkissjóðs. Þær tekjur voru 1945 um 3 millj. kr., og má gera ráð fyrir, að það verði

svipað 1946. — Ég leyfi mér að óska, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 239).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það lítið, sem ég hef um þetta frv. að segja, er aðeins það, að n. leggur til, að frv. verði samþ. Frv. fer aðeins fram á framlengingu á gildandi l., að gefa stj. heimild til að innheimta með viðauka ýmis gjöld fyrir 1946. N. hefur borið frv. saman við gildandi l., og fellst hún á, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 302).

---

2. Togarakaup ríkisins.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um togarakaup ríkisins (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Frv. þetta, sem er gefið út sem brbl., fer fram á að heimila ríkisstj. að kaupa eða láta smíða 30 togara erlendis, með það fyrir augum, að þessi skip verði seld einstaklingum, félögum, bæjar- og sveitarfélögum, eins og segir í 1. gr. Í 2. gr. segir: „Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstj. heimilt að taka allt að 30 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld."

Eins og allir hv. þdm. vita, er það meginkjarninn í stefnuskrá ríkisstj. að reyna að tryggja, að allir Íslendingar hafi atvinnu við sem allra arðbærastan atvinnurekstur. Í því skyni ákvað Alþ., að 300 millj. kr. af inneign Íslendinga erlendis yrðu lagðar til hliðar og notaðar til að kaupa framleiðslutæki til landsins, og þá fyrst og fremst skip, en að sjálfsögðu margt annað, eins og vélar til verksmiðjureksturs, landbúnaðarvélar og annað fleira.

Mjög skömmu eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum hóf hún undirbúning í þessum efnum, enda þótt heimsstyrjöldin væri þá í algleymingi. Stjórnin vildi strax miða að því að tryggja Íslendingum skipabyggingar erlendis. Fyrst og fremst var hófanna leitað í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum fékk þetta mál þegar góðar undirtektir. Ekki löngu eftir að sendiherra Íslands í Washington fékk tilmæli frá ríkisstj. gat hann sent þau skilaboð, að Bandaríkin vildu ljá máls á slíkum skipabyggingum fyrir reikning Íslands. Hafði sérstaklega tekið vel í málið admiral Lander, sem var æðsti maður skipabygginga Bandaríkjanna. Þetta varð til þess, að haldið var áfram að rannsaka bæði verðlag á slíkum skipum í Bandaríkjunum og einnig, hvernig þau mundu henta íslenzkum þörfum og staðháttum. Í því sambandi ákvað stjórnin, eftir nokkrar bollaleggingar um það, að senda menn vestur um haf til slíkrar rannsóknar, að hún skyldi senda ákveðnum mönnum, sem lengi hafa haft skipstjórn á hendi í Ameríku, — skipin hafa verið gerð út frá Boston, — fyrirspurnir til að afla nýrra upplýsinga um margt það, sem talið var mestu máli skipta um stærð og gæði og allan útbúnað slíkra togara. En áður en svör bærust við þessum fyrirspurnum, ákvað ríkisstj. að senda vestur um haf til að flýta fyrir málinu þrjá þar til hæfa menn, sem tækju að sér fullkomna rannsókn á þessu okkar mikla hagsmunamáli, og ekki síst vegna þess, að þá horfði fremur þunglega um undirtektir Breta. Til þessarar farar völdust tveir mætir togaraskipstjórar, Aðalsteinn Pálsson og Hafsteinn Bergþórsson, og ásamt þeim sjóliðsforinginn Pétur Sigurðsson. Þessir menn fengu aðgang að þeim upplýsingum, sem þörf var talin fyrir. Og áður en þeir kæmu heim, bárust Nýbyggingarráði fyrir milligöngu sendiráðsins í Washington þær upplýsingar sem Nýbyggingarráð hafði óskað eftir, frá þessum ágætu, íslenzku ónafngreindu mönnum, sem lengi höfðu haft skipstjórn á hendi. Þegar þær upplýsingar höfðu borizt, þóttu þegar líkur til, að nokkur ljóður væri á því ráði að hefja byggingar vestra. Og eftir að sendinefndin, sem ég gat um, kom heim, staðfestist þessi grunur Nýbyggingarráðs og stj. Þótti því réttara að leita fremur úrræða annars staðar, ef þess væri kostur, en loka þó ekki dyrunum vestra í því efni. Þetta er jafnt vegna þess, að bygging er dýrari í Bandaríkjunum en í Evrópulöndunum, og eins af hinu, að okkur þótti nokkur vafi um, að sama væri öryggi um ágæti skipanna í Bandaríkjunum eins og ef byggð væru meðal þeirra, sem hafa meiri reynslu um byggingu skipa fyrir íslenzka staðháttu.

Jafnframt þessu var málið sótt við Breta. Fyrst á þann hátt, að sendiherra Íslands í London var falið að taka upp málið, í byrjun nóv. s. l. að ég hygg, eða skömmu eftir að stj. tók við völdum. Í öndverðu var þunglega tekið á málinu í Bretlandi. Síðan fór nefnd manna til verzlunar- og viðskiptasamninga við Breta, og var henni falið að sækja þetta mál. Málalyktir urðu að því sinni ekki jákvæðar, en málinu þokaði það í áttina, að Bretar viðurkenndu

þörf okkar á vissum siðferðislegum rétti til að fá breytt okkar innstæðum í hagnýt tæki, og lofuðu að athuga málið, svo framarlega sem auðið væri. Var þá aðeins tiltekið, að líkur gætu orðið fyrir svörum af hendi Breta, að mig minnir um miðjan apríl s. l., sem þó ekki varð. Sókn málsins hélt svo stöðugt áfram af okkar hendi og er svo langt komið um eða eftir miðjan júní, að Bretar hafa sagt sendiherra okkar í London — þó ekki opinberlega —, að við mundum fá þá þegar leyfi fyrir 6 togurum, og bráðlega yrðu leyfin hækkuð. Þannig stóðu sakir allt fram í júlímánuð, að sendiherra okkar í London kom hingað heim. Og skömmu eftir það barst okkur skeyti frá sendiráðinu í London um, að nú væri búið að gefa út þessi ákveðnu sex leyfi og vilyrði væri jafnframt gefið fyrir fleirum. Þetta var byrjunin, að vísu ákaflega mikilsverð, en þó hvergi nærri fullnægjandi. Ég finn ástæðu til að segja frá því, að innan ríkisstj. gætti nokkurs uggs um það, að Bretar mundu verða þyngri á bárunni í þessu efni og ætluðu að hafa nokkurn hemil á því, hve ört Íslendingar gætu með kaupum eytt þeim innstæðum, sem þeim hafa safnazt á ófriðarárunum. En þessi byrjun gaf nokkra von um, að þessu yrði ekki fylgt svo fast eftir eins og einstakir menn höfðu óttazt. Þegar hér var komið, var ríkisstj. að athuga, hvaða tökum ætti að taka þetta mál, hvort heppilegra þætti að úthluta þá þegar þessum sex leyfum til þeirra, sem réttast þætti að veita þau, og láta svo þá einstaklinga eða félög, sem leyfin fengju, semja sjálfa um byggingu og allt í því sambandi, eða hvort nauður þætti reka til þess, að ríkisstj. eða einhver nefnd hefði um þetta frumkvæði og framkvæmdir. Það var þá sýnt, að miklum vandkvæðum var bundið að úthluta svo fáum byggingarleyfum, þannig að hægt væri að segja, að ekki væri gagnrýnanlegt, hverjir hefðu hlotið og hverjir farið á mis. En meðan stj. var að velta þessu fyrir sér, var Nýbyggingarráð einnig fyrir sitt leyti að athuga í samráði við stj., hvað heppilegast væri. En Nýbyggingarráð tók þá upp hjá sjálfu sér að senda þá þegar þrjá menn utan til þess að fá sem allra fyrst skorið úr því, hvað það væri, sem Bretar ætluðu að láta í té í þessu efni, og hvort ekki væri einnig kostur á að fá skip byggð í öðrum Evrópulöndum, og þá fyrst og fremst Norðurlöndum, með svipuðum kjörum og viðlíka örugg og ætlað var, að hægt væri að fá skipin frá Englandi.

Ég hygg, að það hafi svo verið í júlímánuði, sem Nýbyggingarráð sendi nefnd manna, Helga Guðmundsson, Gunnar Guðmundsson og Odd Helgason, til að hefja rannsókn þessa máls í nokkrum löndum. Þeir fóru fyrst til Svíþjóðar og fengu sæmilegar undirtektir í skjóli þess samnings, sem Íslendingar höfðu á öndverðu þessu ári gert við Svía og opnuðu möguleika fyrir skipabyggingar fyrir íslenzkan reikning. Ég hirði ekki að rekja gang þessa máls í Svíþjóð, en læt nægja að segja, að þær vonir, sem höfðu vaknað um það, að Íslendingum yrði gerður þess kostur að byggja bæði sæmilega mörg og góð skip í Svíþjóð með mjög hóflegu verði, þær fölnuðu, þegar á hólminn kom. Og ég álít fyrir mitt leyti, að við höfum ástæðu til að láta í ljós rökstudd vonbrigði út af þeim málum.

Þessir menn héldu svo til Danmerkur. Einnig þar var tekið sæmilega á málinu í fyrstu, en þegar á hólminn kom, gat ekkert orðið úr. Þeir fóru þá til Englands, en þangað var förinni stefnt fyrst og fremst. Tóku þeir upp hjá sjálfum sér að mælast til þess við brezk yfirvöld, að við í viðbót við þau sex byggingarleyfi, sem við höfðum þegar fengið, fengjum 24 leyfi, svo að alls yrði Íslendingum þannig leyft að byggja 30 togara, sem yrðu afhentir Íslendingum á árinu 1946 og fyrir mitt ár 1947. Þessa málaleitun studdi svo sendiráð Íslands í London, samkv. fyrirmælum frá ríkisstj. Menn þessir unnu svo að því að fá fimm helztu togaraskipastöðvarnar í Bretlandi til þess að gera Íslendingum tilboð um slíkar byggingar, að því tilskildu, að brezk stjórnarvöld heimiluðu. Og þessu máli var það langt komið 19. ágúst s.l., að þessir umboðsmenn Nýbyggingarráðs gátu símað því, að þeim hefði tekizt að fá þessar skipasmíðastöðvar til að ljá samþykki um efnisöflun og annað, sem hentugt þótti að hafa samstarf um, og einnig að gera íslenzku nefndinni fast tilboð um byggingu 30 skipa til afhendingar á þeim tíma, sem ég áður gat um, gegn því, að íslenzkur samningsaðili yrði einn og ekki fleiri, og gegn því, að svarað yrði tafarlaust. Þannig stóðu þá sakir í Bretlandi, að Frakkar, sem höfðu á stríðsárunum misst — ef ég man rétt — 500 af þeim 550 fiskiskipum, sem voru stærri en 100 smál., höfðu fengið leyfi til að byggja eina 15 togara í Bretlandi. Færeyingar, sem höfðu misst nær alla sína togara, höfðu fengið leyfi til að byggja tvo togara, og Belgir til að byggja fjóra. En einnig þeir höfðu misst nær öll sín skip á stríðsárunum. Portúgalsmenn voru þá að leita hófanna um leyfi til að byggja þrjá togara, en voru ekki búnir að fá það. Mjög var þannig sótt fast að úr öllum áttum um heimild til slíkra bygginga. Fyrir það voru viss brezk ráðuneyti treg til að ljá máls á slíkum réttindum Íslendingum til handa, að brezkir útgerðarmenn voru ekki reiðubúnir að ákveða sig um byggingu sinna eigin skipa. En þeir höfðu misst á stríðsárunum 465 skip af sínum togaraflota. Og mörg önnur skip voru svo illa farin, að ætla mátti, að ýmist tæki langan tíma að gera við þau eða þau mundu heltast alveg úr lestinni. En fjárhagur Breta var hins vegar ekki glæsilegri en svo, að þeir hikuðu við að binda sig við byggingar fyrir sig í bili, enda var floti þeirra fyrir stríð fullstór miðað við þarfir þjóðarinnar fyrir fiskveiðar. En það kom greinilega í ljós, að það ráðuneyti, sem átti sérstaklega að bera hag útgerðarmanna fyrir brjósti, hafði vissa tilhneigingu til að taka treglega á óskum Íslendinga. Samt fór það svo, eins og ég tók fram, að Íslendingum tókst að gera bráðabirgðasamning við fimm aðrar togarabyggingarstöðvar, gegn því, að einn aðili — og aðeins einn — kæmi fram fyrir Íslands hönd, og einnig, að ekki yrðu byggðar nema tvær stærðir af togurum fyrir íslenzkan reikning. Það liggur í augum uppi, að miklu er fyrirhafnarminna, ef frábrigði í öllum stærðum á skipunum er sem minnst. Og þegar vitað

var, að brezk stjórnarvöld vildu leyfa byggingarnar, hófst íslenzka ríkisstj. handa og kvaddi á sinn fund nokkra menn, sem þóttu sérstaklega líklegir til að geta ráðið heilt um, hvaða stærðir ættu að vera á þessum skipum, bæði skrokkur og vél og svo útbúnaður að öðru leyti. Allir þessir menn voru valdir úr hópi þeirra, sem umsóknir liggja frá um að eignast slík skip. 5—6 menn voru sérstaklega nefndir til þessa og beðnir um að bera sig saman við aðra aðila, sem taldir voru að hafa áhuga fyrir málinu og þekkingu á því. Þeir voru áhugamenn og unnu kauplaust. Þeir boðuðu svo saman alla útgerðarmenn í Reykjavík og Hafnarfirði og annars staðar, sem til náðist, skipstjóra marga og forráðamenn félaga. Rannsókninni var hagað þannig, að fram komu sjónarmið sem allra flestra þeirra, sem áhuga höfðu. Og að loknum nokkrum fundahöldum, sem stóðu yfir viku eða tíu daga, lagði nefndin einhuga til, að valdar væru eingöngu stærstu stærðir, sem um væri að ræða, en það voru 150 fet og 170 fet, sem Íslendingar gátu valið um. Lögðu þeir einróma til, að tekin yrðu eingöngu 170 feta skip, og, ef kostur væri, 175 feta. Ennfremur töldu þeir nauðsynlegt að auka afl vélarinnar. Loks gerðu þeir þá þegar bendingar um ýmsar breytingar, sem hentugt þætti að fá gerðar, sérstaklega miðað við íslenzka staðháttu, þannig að það fengjust sem bezt skip og sem mest til frambúðar.

Eftir að ríkisstj. hafði fengið þessar upplýsingar, tók hún þá ákvörðun að verða sá aðili, sem mætti fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar til kaupanna, enda um engan annan aðila að ræða. Ef ríkisstj. hefði látið undir höfuð leggjast að gera sína skyldu í þessu efni, þykist ég mega fullyrða, að þessi gæs hefði flogið fram hjá Íslandi og við þá ekki átt þess neinn kost að fá skip byggð í Bretlandi í a. m. k. eitt eða tvö ár eða lengur. Stjórnin ákvað þess vegna að gerast aðili og afla heimildar með bráðabirgðal., sem hér er um að ræða, og einnig heimildar til lántöku í þessu skyni. Ákvað stj. einnig að fara að ráðum þeirra mörgu kunnáttumanna, er þeir töldu hagnýtast um byggingu skipanna. Ríkisstj. gaf þess vegna umboð til þess að gera bráðabirgðasamning og bað um 170 feta skip, en óskaði eftir, ef kostur væri, að þau gætu orðið 175 fet, þó með því skilyrði, að þeir sérstöku kunnáttumenn, sem sendir yrðu utan til að gera endanlegan samning, teldu þetta að rannsökuðu máli ekki kostnaðarauka úr hófi. Ég hef nú fengið nokkra vitneskju um þetta frá þessum kunnáttumönnum, en sé ekki ástæðu til að ræða um það hér.

Gert var svo ráð fyrir að senda á ný kunnáttumenn, sem ákvæðu endanlega um stærð skipanna, vélar og allt fyrirkomulag. Voru þeir sendir snemma í september. Það voru þeir Helgi Guðmundsson bankastjóri, Gísli Jónsson alþingismaður, sem ég tel — að öllum öðrum ólöstuðum, skynbærasta manninn á þessa hluti, — og þriðji maðurinn var Aðalsteinn Pálsson skipstjóri, sá er áður fór til Ameríku. Þessir menn sátu við samningaborðið í hálfan mánuð eða meira um einstök atriði, og er því máli svo langt komið, að búizt er við, að binda megi endi á það um miðjan þennan mánuð. Breytingar þær, sem Íslendingar fóru fram á, hníga allar að því að gera skipin sterkari og stærri og vistlegri, — en þá um leið dýrari. Um margar hverjar þessarar breytinga þurfa skipasmíðastöðvarnar að leita sér tilboða frá öðrum aðilum, og þau geta ekki legið fyrir fyrr en 9.—10. þ. m.

Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir því á Alþingi Íslendinga, hvernig þessi skip verða. En mér er ánægja að geta sagt frá því, að ef endanlegir samningar verða eins og nú horfir, þá verða þessi skip með vistlegri íbúðir fyrir alla skipsmenn en mér er kunnugt, að sé nokkurs staðar annars staðar. Og sannarlega er það ánægjuefni fyrir Íslendinga að geta boðið sjómönnum sínum betri vinnuskilyrði og betri aðbúð og alla aðhlynningu en þeir hafa átt við að búa og nokkrir aðrir sjómenn eiga við að búa, svo að ég viti um. Það er sönnun þess, — ekki í orði, heldur á borði, — að menn kunna að meta ágæti þessara garpa. Og ég hygg, að hvað sem segja megi um dugnað Íslendinga á öllum sviðum, þá komi hann hvergi fremur fram en í sjómennsku þeirra. Og hvergi hafa þeir getið sér meiri orðstír í sambandi við sjómennsku en einmitt á togurunum.

Mér er enn fremur ánægja að skýra frá, að ég hef fengið talsverða vitneskju úr ýmsum áttum þess efnis, að hróður Íslendinga hefur mjög vaxið þar, sem minnzt hefur verið á okkur í Bretlandi í sambandi við skipakaup þessi. Það þykir mjög myndarlega af sér vikið, að svo lítil þjóð skuli þora að hefjast handa um byggingu svo margra togara með einum samningi, og það svo fullkomin skip, að Bretar eiga ekki eitt einasta skip, sem jafngildir þeim. Þetta þykir horft vel fram í tímann og djarflega að verið. Og mér er sagt, að sjómenn og útgerðarmenn og flestir aðilar ytra, sem um okkur hafa heyrt, dáist að þessu framtaki.

Eins og ég sagði áðan, geri ég mér von um, að hægt verði að binda endi á samningana í þessum mánuði. Og sérstaklega vil ég taka fram, að strax og því er lokið, er það ætlun ríkisstj. að selja togarana þeim, sem óska að kaupa og geta sett tryggingu, þannig að ríkið hafi ekki af þessu neina áhættu. Eftir þeim umsóknum, sem nú liggja fyrir hjá Nýbyggingarráði, finnst mér líklegt, að þetta megi takast. En auk þess var það, að bæjarstj. Reykjavíkur hafði mælzt til þess, að 20 togarar af þessum 30 yrðu afhentir til Reykjavíkur, og ég hafði skilið bæjarstj. þannig, að ef einstaklingar í Reykjavík gerðust ekki eigendur allra skipanna af sjálfsdáðum, þá væri bæjarstj. reiðubúin til þess að festa kaup á því, sem þar kynni á að vanta, að svo miklu leyti sem stjórnarvöldin treystu sér til þess að gefa Reykjavík heimild til þess að kaupa svo marga af þessum togurum. En mér sýnist allt benda til þess, að stj. hafi ekki með þessu lagt neina áhættu á ríkissjóð. Hitt er svo eins og ég hef sagt, ef stj. hefði ekki þorað að afla sér þessara heimilda, sem téð l. greina frá, þá hygg ég, að þetta tækifæri hefði gengið okkur úr greipum. Ég get aðeins sagt frá því, að stj. hefði haft

vissa löngun til þess að hafa dieselvélar í þessum skipum, en sérfræðingar réðu frá því. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að hnigið verði að því ráði að hafa olíukyndingu, þó að hún verði að vísu nokkuð dýr. Það þykir að ýmsu leyti henta betur með hliðsjón af því, að margt bendir til þess, að í framtíðinni verði frekar hætta á verðhækkun á kolum en á olíu. En þrátt fyrir þetta þorðum við ekki að hníga að því ráði að hafa dieselvélar í skipunum, þar sem þeir, sem bezt þekkja til, telja, að ekki sé komin nægileg reynsla á ágæti slíkra véla í sambandi við reksturinn. En ég tel ekki ástæðu til að tala um það frekar hér á hæstv. Alþ., því að um það eru auðvitað þeir menn dómbærastir, sem hafa kynnt sér þessi mál til hlítar.

Ég leyfi mér svo að vona, að þetta mál fái góðar undirtektir hér á hæstv. Alþ. Ég veit, að frv. verður samþ., en leyfi mér að vona, að það verði vel metið við stj., að hún gerði skyldu sína í þessum efnum, og er það í fullu samræmi við þá stefnu, sem stjórnarfl. ákváðu, þegar þeir bundust samtökum um stjórnarmyndun. Ég fullyrði, að það hefði verið mjög mikil hætta á því, ef stjórnin hefði látið undir höfuð leggjast að gera þessa skyldu sína, að við værum þá enn í óvissu, ekki aðeins um skipakaupin, heldur væru þá litlar líkur til, að Íslendingar gætu fengið að byggja togara í Bretlandi næstu árin. En það er skoðun okkar, sem að stjórnarsamstarfinu stöndum, að það sé á alla lund verjandi að taka á sig einhverja áhættu í því skyni að breyta þessum þeningainnistæðum Íslendinga í arðbær framleiðslutæki til þess að auka öryggi þjóðarinnar og styrkja atvinnumöguleika almennings, það sé verjandi að hætta þessu fé til þess. En auk þess sé ég ekki, að fyrir liggi neitt í dag um það, að nokkur óeðlileg áhætta hafi verið tekin á sig í þessu skyni, því að það er sýnt og hægt að staðhæfa það í dag, að líkur benda til þess, að hægt verði að kaupa þessi skip mun ódýrara verði en þessi samningur greinir. Ég vil svo, að menn hafi það hugfast, að þegar talað er um ákveðna stærð skipanna og ákveðið verð í samningnum, þá er auðvitað eftir að telja með ýmiss konar fullkomin tæki, sem vantar í skipin, en menn eru sjálfráðir um, hvort þeir láta setja í þau. Ég hygg, að það sé góður búskapur fyrir Íslendinga að verja fé sínu í að kaupa fullkomin skip, sem eru ódýr í rekstri og eru til langframa og ekki hægt að segja um, að tjaldað sé til skamms tíma. — Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og fjhn.

Eysteinn Jónsson: Það hefur verið mönnum mikið áhyggjuefni undanfarin ár og áratugi, að togaraflotinn hefur gengið úr sér og togurum hefur fækkað í landinu. Þetta hafa menn oft rætt sín á milli, og það hefur oft verið rætt hér á hæstv. Alþ. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að tækifærið sé notað, þegar þjóðin hefur eignazt mikið fjármagn, til þess að endurnýja togaraflotann. Um þetta eru allir Íslendingar sammála. En það er ýmislegt í sambandi við framkvæmd þessara mála, sem ástæða er til að ræða, þó að menn séu sammála um þetta. Ég vil því láta falla hér örfá orð, áður en málið fer til nefndar.

Það er þá fyrst þetta: Það var látið í veðri vaka við síðustu stjórnarmyndun, að nauðsyn bæri til, að Íslendingar gerðu nokkrar áætlanir um það, hvernig þeir vildu byggja upp atvinnulífið á næstunni og hvað mikið ætti að leggja í hverja atvinnugrein fyrir sig og hvaða tæki væri heppilegast að nota. Mér er nú ekki kunnugt um, að tilraun hafi verið gerð til þess að koma upp slíkum áætlunum. Þó hefði verið nauðsynlegt, að undinn hefði verið að því bráður bugur. Og náttúrlega hefði það verið þýðingarmikið í sambandi við slíka áætlun að reyna að gera sér grein fyrir því, hversu mikla áherzlu skyldi leggja á togaraútgerð og einnig, hvers konar togara heppilegast væri að fá. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, því að togarar eru endingarmiklir hlutir, og það verður þjóðin að búa við næstu áratugi, sem nú er ákveðið í þeim efnum. Ef togaraflotinn verður endurnýjaður nú í einu lagi á einu ári, má búast við, að þess gæti lengi í sjávarútveginum, hvernig þau ráð takast.

Ég hjó eftir því, að hæstv. forsrh. sagði áðan, að þegar borizt hefðu þau tíðindi frá sendimönnum Nýbyggingarráðs í Bretlandi, að hægt væri að fá keypt nokkuð mörg botnvörpuskip, þá hefðu menn verið kvaddir til þess að ræða um það, hvaða stærð ætti að velja og hvaða gerð væri heppilegust, og hefðu menn setið yfir þessu í nokkra daga. Ég er ekki að setja út á það, að þetta var gert, en hefði álitið, að það hefði átt að gerast fyrr og áður en sendimenn fóru á stúfana til þess að athuga þessi mál, þá hefði átt að leggja áherzlu á að komast að niðurstöðu í þessum efnum, áður en hafizt var handa. Ég skal ekki fullyrða, að ekkert hafi verið gert til undirbúnings í tæka tíð, en ýmislegt af því, sem hefur komið fram áður og kom fram nú hjá hæstv. forsrh. um mismunandi skoðanir á því, hvaða gerð togara væri heppilegust, virðist benda í þá átt, að þetta mál hafi ekki verið undirbúið í heild sinni, áður en til framkvæmda var gengið. Ekki segi ég þetta fyrir það, að ég dragi í efa, að heppilegt sé, að Íslendingar eignist allmarga togara, því að þegar þess er gætt, að Íslendingar hafa misst 6 togara á stríðsárunum og þess er þá líka gætt, að nokkrir af þeim togurum, sem nú eru í gangi, munu vera affarafé, þá virðist liggja í augum uppi, að það sé ekki óeðlilegt, þó að Íslendingar eignist ný skip. En þegar 30 skip eru keypt í einu lagi og svo að segja af einni gerð, þá spyr margur, hvort við höfum ekki fest of mikið fjármagn í þessari einu gerð skipa. Ástæða er til þess að benda á áhættuna, sem því fylgir að festa einmitt nú kaup á 30 skipum í einu lagi af einni og sömu gerð. Þá kemur einnig spurningin um það, hvort þessi nýju skip séu svo fullkomin sem skyldi til langrar frambúðar. Það hefði þurft að leggja áherzlu á að komast að niðurstöðu um þessi atriði áður en farið var af stað með þessi mál. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að nú, þegar búið var að gera samninga um kaup á 30 togurum með gufuvél-

um, kom fram till. í bæjarstj. Reykjavíkur, frá fulltrúa Alþfl., um að leggja áherzlu á, að aflað verði til landsins 10 dieseltogara, og fulltrúi annars stjórnarfl. í bæjarstj. Reykjavíkur, Sósfl., kom með till. um að kaupa marga dieseltogara. Ég er ekki maður til að gerast dómari um það, hvernig gera eigi togara úr garði tekniskt, en ég vil benda á það, að fram hafa komið raddir um þetta frá svo mörgum mönnum, og sumum, sem hafa glöggan skilning á þeim hlutum, að mér finnst það liggja fyrir nú þegar, að þetta hafi ekki verið nægilega krufið til mergjar, áður en menn bundu sig við svo marga togara af þessari einu gerð. Nú skilst mér einnig, að togarar þeir, sem keyptir hafa verið, séu ekki í verulegum atriðum frábrugðnir þeim togurum, sem Íslendingar hafa haft og hafa verið beztir. Eftir því að dæma er tæplega um mikla nýja tækni að ræða á skipum þessum. Sé þetta rétt, verður það til þess að leiða hugann að því, að á undanförnum árum hafa menn mjög rætt það og byggt vonir á því að von væri fullkomnari veiðitækja en áður hafa þekkzt. Hvað rætist mikið af þessum vonum manna í sambandi við þá togara, sem hér er búið að gera samninga um? Ég skal ekki leggja dóm á það, en hræddur er ég um, að einhver verði fyrir vonbrigðum af skipum þessum að því er þetta snertir. Vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., sem mikið hefur talað um tækni, hversu mikið af þessum vonum, sem hann og aðrir hafa gert sér, muni rætast í sambandi við þau togarakaup, sem nú hafa átt sér stað. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði. Mig skortir kunnugleika til þess að ræða það í einstökum atriðum, að hve miklu leyti ný tækni geti komið hér til greina, en fyrir styrjöldina heyrði maður talað um möguleika á því að koma fyrir um borð í skipunum áhöldum til þess að vinna úr fiskúrgangi og nýta aflann yfirleitt miklu ger en hægt hefur verið á gömlu togurunum. Talað var um nýtízku togara sem grundvöll að nýrri stefnu í fiskveiðaframleiðslu, nýtingarstefnu, í stað þess að áður hafði mikið farið forgörðum. Spurningin er, hvort veruleg nýsköpun hefur átt sér stað með þessum togarakaupum. Allt það, sem ég hef nú sagt, og þá ekki síður verðið á þessum skipum gefur tilefni til þess að spyrja: Var nokkurt vit í því að kaupa svo mörg skip í einu að ekki meira athuguðu máli? Var ekki réttara að kaupa færri nú, en reyna að fá enn þá heppilegri nýtízkuskip síðar. Vafalaust hefði það verið skynsamlegra.

Þá kem ég að öðru, sem hefur nokkuð borið á góma í sambandi við það mál, sem var hér á dagskrá á undan. Ég hef haldið því fram, að stjórnin hefði ekki átt að kaupa báta og skip án þess að hafa kaupendur að tækjunum. Í stað þess hefði hún átt að segja: Nú höfum við þessi tilboð og óskum eftir því, að einstaklingar, félög og bæjarfélög segi til um það, hvort þeir vilja gera kaup eða ekki. Þannig álít ég, að stj. hefði átt að fara að við báta- og togarakaupin. Hún hefði átt að afla upplýsinga og tilboða og síðan beina þessum spurningum til landsmanna. Hæstv. forsrh. segir, að þetta hafi ekki verið hægt vegna þess að hér hafi orðið að flýta sér svo mikið og þessi aðferð hefði orðið til þess að drepa málunum á dreif. Þetta getur ekki verið rétt, því að það er alveg augljóst, að ef þessi mál hefðu verið undirbúin í samráði við þá, sem hafa haft áhuga og viljað gerast kaupendur að togurunum, þá hefðu samningar getað gengið alveg eins fljótt og raun hefur á orðið, því að ég hef ekki trú á því, að þessir aðilar séu svo miklu svifaseinni en ríkisstj., að þeir hafi ekki getað gert sér grein fyrir því á jafnskömmum tíma og hún, hvort skynsamlegt væri að ráðast í að gera þessi kaup eða ekki. Ég kalla það vantraust á einstaklingsframtakinu að halda því fram, að einstakir forráðamenn útgerðarfyrirtækja séu ekki færir um að taka ákvörðun um þetta á jafnskömmum tíma og stj. Ég er ekki að finna að því, þótt gerðir séu samningar um fleiri skip saman, heldur hinu, að kaupin eru gerð án bindinga af hálfu þeirra, sem skipin ættu að kaupa að réttu lagi. Enn fremur vil ég segja það í sambandi við bæjarfélög, sem hafa áhuga fyrir togaraútgerð, að ég hef enga trú á því, að bæjarstj. hefðu verið neitt seinni í þessum efnum en ríkisstj., ef málið hefði frá öndverðu verið undirbúið í samvinnu við þær. Ég álít, að það sé óþarft og hættulegt, að ríkisstj. taki á ríkissjóð stórfellda áhættu í þessum efnum umfram það, sem nauðsyn ber til, og ég er sannfærður um, að þessir stóru samningar hefðu verið betur vandaðir, gerðir af meiri hugkvæmni, þekkingu og varasemi, ef þeir hefðu verið gerðir þannig, að þeir, sem eiga að kaupa tækin og nota þau, væru með í ráðum og ábyrgð. Það var þá fyrst tími kominn fyrir stj. til þess að gera sér grein fyrir því, í samráði við Alþingi, hvort hún ætti að gerast beinn kaupandi að einhverjum skipum, ef það hefði komið í ljós, að skort hefði vilja hjá landsmönnum í þessum efnum. — Í þessu sambandi vil ég benda á það, að löngu áður en stj. gerði þessa samninga, þá gerði sjútvn. bæjarstj. Reykjavíkur sínar ályktanir um þessi málefni, og það er alveg auðséð, að sjútvn. Reykjavíkurbæjar ráðgerði, að farið skyldi að um þessi mál alveg eins og ég hef gert ráð fyrir, þ. e. a. s. samráð haft við hana um samningana.

Ég hef lagt áherzlu á, hvaða leið ég hefði talið rétta í þessu máli, ekki sízt vegna þess, að ég tel það eðlilegt, að þeir aðilar, sem safnað hafa í sjóði vegna skattafríðinda á undanförnum árum, byndu það fé með kaupum á togurum, og þá er eðlilegt, að þeir bindi sig strax og taki nú þegar þátt í þessum kaupum og þar með áhættunni.

Varðandi bæjarfélögin er hið sama að segja. Þau áttu auðvitað einnig að segja til strax, enda var það skylda stjórnarinnar, sem hún einnig vanrækti, að láta liggja ljóst fyrir, hvaða lánskjör yrðu látin í té. Þannig átti að ganga frá sölu innanlands um leið og innkaupum skipanna og hafa allt vel undirbúið fyrirfram. Þá hefðu þessi kaup tekizt betur en ástæða er til að ætla nú, að orðið hafi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. — Mér skilst, að hann sem for-

maður stjórnarandstöðunnar hafi löngun til að gagnrýna gerðir stj., en hann vantar tilfinnanlega kunnugleika á málunum og þekkingu á togaraútgerð. Höfuðmisskilningurinn í ræðu þessa þm. lá í því, að hann taldi, að ekki hefði verið nægilega athugað fyrirfram, hvaða gerð togara væri okkur heppilegust. Þetta er ekki rétt. Öll stríðsárin hafa útgerðarmenn verið að athuga þetta. Samkeppni hefur verið látin fram fara um heppilegasta togarann. Það var einungis endanleg niðurstaða, sem ríkisstj. vildi fá, enda reyndist það svo, að það tók ekki nema 10 daga að fá einróma niðurstöðu um þetta. Slíkt hefði verið óframkvæmanlegt, ef þetta hefði ekki verið athugað fyrr.

Ég er því sammála, að ekki sé ástæða til að ræða hér, hvort okkur muni henta betur dieseleða gufutogarar, en ég get getið þess, að reynsla Breta mun vera sú, að dieseltogararnir séu ekki betri. Sá maður íslenzkur, sem dómbærastur mun um þetta, telur, að það væri allt annað að ætla að byggja upp allan togaraflotann með eintómum dieseltogurum en þótt fengið sé eitt til tvö skip til reynslu. En um þetta mun bezt að hafa sem fæst orð og láta þá, sem betur vita, deila um það.

Ég vil algerlega vísa á bug þeim ummælum hv. 2. þm. S.-M., að þetta mál hafi verið illa undirbúið. Það er líka misskilningur, að hér sé um að ræða áþekk skip og hér hafa gerzt. Þetta eru stærri og að öllu fullkomnari skip. Þá er það auðvitað ekki rétt hjá hv. þm., að ríkisstj. hafi átt þess kost að afla tilboða og leggja þau svo fyrir kaupendur. Við urðum að ákveða þetta fyrir vissan tíma, eða fyrir 7. sept. Það er og athugandi, að allar tafir í þessu máli ganga út yfir okkur sjálfa. Við urðum að hrökkva eða stökkva, og ég tel það tvímælalaust gæfuspor, sem stigið hefur verið og að þetta var gert nógu fljótt.

Umr. frestað.

Á 4. fundi í Nd., 9. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætla að koma með nokkrar fyrirspurnir. Þær stafa víst af fákunnáttu minni í sjávarútvegsmálum. Það má vera, að allir viti þetta nema ég, en þeim mun greiðara ætti þá að vera að svara spurningunum.

Í gær var stj. gefin heimild til að festa kaup á bátum. Frv. var afgr. til fjhn. Í þeim umr. sagði hv. form. Nýbyggingarráðs, að verið væri að smíða fyrir einstaka menn hér á landi 11 svipaða báta og þá, sem ríkisstj. væri heimilað að láta smíða. Það upplýstist enn fremur, að frá Svíþjóð væru komnir nokkrir bátar, líklega hátt upp í tug, af svipaðri gerð. Hv. þm. Borgf. sagði, að verið væri að smíða 6—8 báta í Danmörku fyrir menn á Akranesi, og einhverjir bátar eru í smíðum þar fyrir utan. Vissa er fyrir smíði 50—60 báta eða í kringum það. Og svo bætast þeir bátar við, sem samþ. hefur verið að láta byggja í Svíþjóð. Og loks er gert ráð fyrir smíði nýrra togara. Mun því vera von á 120—130 nýjum bátum og togurum.

Nú er fyrsta spurning mín sú: Hvað mikið er af þeim flota, sem nú er í eigu landsmanna, úr sér genginn, svo að þessir nýju bátar koma í þeirra stað? Ég hef heyrt forsrh. telja, að togararnir væru ryðklafar og manndrápsbollar, sem ekki væri siglandi á út fyrir landsteinana. En ég hef líka heyrt hann telja hv. þm. Barð. allra manna færastan til að dæma um skip og það, sem að þeim lýtur, og hann hefur ekki álitið þessi skip meiri ryðkláfa en það, að hann er nýbúinn að kaupa eitt þeirra af félagi því, er hæstv. forsrh. er stundum kenndur við, til þess að gera það út, hefur líklega keypt það á hálfvirði nýs togara, eða vel það. Ég veit varla, hverju trúa skal. Mín fyrsta spurning er því sú: Hvað fer mikið af þessum nýju bátum og togurum til eðlilegs viðhalds í staðinn fyrir skip, sem ganga úr sér? Á ég þá ekki við báta, sem farast af óhöppum, sem menn sjá yfirleitt ekki fyrir, nema þá kannske einstaka eigendur skipanna, sem farast. Þegar þetta er upplýst, þá sér maður líka, hvað af þessum nýja flota kemur hreinlega í viðbót við flotann, sem fyrir er, og þarf nýjan mannskap. Og í sambandi við þessa fyrstu fyrirspurn mína vil ég spyrja: Hvar í landi eru skipstjórarnir, stýrimennirnir og vélamennirnir, sem eiga að fara á þessi skip, sem koma í viðbót við flotann?

Á tíu ára fresti, eða þegar ártalið stendur á heilum tug, er tekið manntal, þar sem þjóðinni er skipt eftir atvinnu. Árið 1930 voru sjálfstæðir framleiðendur í sveitum 6620, en 1940, eftir allan sóninn um flótta úr sveitunum, voru þeir 6896. Verkamönnum í þjónustu þeirra hafði fækkað um 800 á þessum 10 árum. Þannig var ástandið í landbúnaðinum. En sjálfstæðir útgerðarmenn voru 1930 791, fjölgaði upp í 855 á 10 árum, ef til vill hefur þeim fjölgað eitthvað síðan. En starfsfólkinu, sem þessir menn höfðu í þjónustu sinni, fækkaði á þessum árum úr 7646 niður í 5550. Þetta bendir til þess, að útgerðin hafi færzt í stærri báta og skip, svo að þurft hefur tiltölulega færri menn. En sérstaklega er það iðnaðurinn, sem tekið hefur breytingum á þessum 10 árum. Iðnrekendum hefur fækkað, en tala verkafólks hefur nær tvöfaldazt. Hafa þeir menn, sem ætla að vinna að því að fá þessa nýju báta, rannsakað það, úr hvaða hópum meðal þjóðarinnar á að taka verkafólk á þessa báta. Mér hefur skilizt, að nýlega hafi komið fram till. í bæjarstj. Reykjavíkur um að framkvæma stórtækar húsabyggingar í Reykjavík, og þá hafi mönnum orðið ljóst, að þetta var ekki hægt nema að fá erlent verkafólk; og einn fulltrúi Sósialistaflokksins — með langa aftaní-nafninu — hafi komið með ósk um það, að horfið yrði að því ráði, vafalaust af því að mönnum var alveg ljóst, að vöntun var á verkafólki. Enda hefur nú undanfarið alls staðar kveðið við það sama: Það er varla hægt að fá verkamann til nokkurs starfs. — Það getur nú verið, að öll þessi viðkoma sé eingöngu í staðinn fyrir skipin, sem á að leggja upp, að menn fari af manndrápsbollunum og á sæmilegu skipin. En ef um einhverja aukning er að ræða, sem mér hefur skilizt á umr., og sumir telja hana allverulega, — þá er alveg víst, að það þarf fólk. Og þá er mín önnur spurning

þessi: Frá hvaða atvinnuvegi á að taka þetta fólk? Hvaða atvinnuvegur er það, þar sem allir menn hafa ekki nóg að gera og meira en það? Ég á ekki bara við verkamenn, líka faglærða menn. Ég hygg, að það muni nú vera starfandi í flotanum allmargir vélamenn, sem hafa leyfi til að starfa þar án sérmenntunar þeirrar, er krafizt er að þeir hafi að landslögum, og hafa fengið það vegna þess, að faglærða menn vantaði. En þarna virðist þurfa að bæta við þó nokkuð mörgum mönnum, þegar skipin koma. Á þá líka að veita þeim undanþágu? Einhvern tíma hef ég heyrt formann Sjómannafélagsins halda því fram í þinginu, að þessir undanþágumenn við vélarnar væru stórhættulegir fyrir líf og heilsu manna á skipunum, því að hæpið sé, að þeir séu starfi sínu vaxnir.

Það eru þá sérstaklega þessar tvær spurningar, sem ég vil fá svarað: Hvað mikið af þessum skipum á að koma í staðinn fyrir skip, sem eiga að fara í naust og verða ónýt? En um skipin, sem eiga að koma í viðbót, — frá hvaða atvinnuvegi á að taka mannskap á þau?

Eysteinn Jónsson: Út af nokkrum atriðum hjá hæstv. forsrh. vil ég segja örfá orð. Hann kvað ræðu mína hafa borið þess vitni, að ég sé ekki kunnugur gangi málsins. Þetta má vera rétt, því að sannleikurinn er sá, að gangi þessa máls hefur verið haldið mjög leyndum fyrir mönnum. Stjórnin hefur pukrað með þetta mál. Máske kvatt til fróða menn í tekniskum efnum, eins og hæstv. forsrh. sagði, en almenningur og alþingismenn hafa sáralítið fengið að vita um þessi efni. Og ýmsir utan stjórnarflokkanna a. m. k. hafa ekkert annað vitað en það, sem þeir hafa séð í blöðum. Þess vegna þarf hæstv. forsrh. ekkert að undrast, þó að aðrir geti ekki talað af sama kunnugleika og hann. Með því að hæstv. forseti beið stundarfjórðung eftir forsrh., vil ég fara fram á við hann, að hann beini til hæstv. forsrh., að hann loki sig ekki inni, þegar hann loksins er kominn. (Forseti hringir). Ég óttast, að forsrh. hafi ekki heyrt þessa hringingu, en þó er það framför, að nú opnast dyrnar á ráðherraherberginu: en ekki er til of mikils mælzt, að ráðherra sá, sem fer með þessi mál, sé viðstaddur, meðan þau eru rædd á þingi. Hæstv. forsrh. þarf ekki að ímynda sér, að hann sýni mér sérstaka óvirðingu með því að stökkva á dyr. Hann sýnir Alþingi óvirðingu með því. Við ættum allir að gera okkur grein fyrir því, að það er ekki hægt að halda uppi virðingu þessarar stofnunar með því að vilja ekki taka þátt í umræðum. Ég legg því áherzlu á, að þessi aðferð ráðherrans hittir ekki markið. (*Forseti:* Gerið svo vel að lofa dyrunum að vera opnum inn í ráðherraherbergi!)

Hæstv. ráðh. minntist á það, eins og ég hef gert grein fyrir, að ég talaði ekki af nægum kunnugleika. Ég sagði af hverju það var, að þm., sem ekki eru í stjórnarflokkunum, fengju ekkert annað að vita en það, sem í blöðunum stendur, sem er ákaflega ófullnægjandi, svo að erfitt er að átta sig á málinu eftir því. En það eru ýmsir fleiri en ég, sem þó standa nærri stj., sem ekki hafa fengið ýtarlegar upplýsingar, og vil ég í því sambandi nefna, að borgarstjórinn í Reykjavík beitti sér fyrir því í bæjarstjórn að skora á ríkisstj. að gefa skýrslu um þetta mikilsverða mál, m. a. af hverju stj. hefði ekki hnigið að því ráði að hafa eitthvað af þessum togurum dieseltogara. Ég lét í ljós, að ekki mundi hafa verið undirbúin nægilega vel sendiferð sú, sem farin var til þess að afla tilboða í togara. Þessa ályktun byggði ég á því, sem hæstv. forsrh. sagði, að stj. hefði verið kölluð saman til að kveða á um þetta eftir að hún var búin að fá tilboð erlendis. Og ef til vill einnig á því, að áberandi menn í stjórnarflokkunum gera nú skeleggar till. um aðrar togarategundir en þær, sem fyrir valinu urðu, sem sé dieseltogara. Þær kröfur eru og gerðar í bæjarstjórn Reykjavíkur. Af þessu dró ég, að framkvæmdir hefðu ekki verið nægilega undirbúnar fyrirfram. Hæstv. forsrh. sagði, að þetta væri misskilningur, íslenzkir togaraútgerðarmenn hefðu um mörg ár rannsakað, hvað heppilegast væri í þessu efni, og gert sér grein fyrir, hvernig framtíðartogarinn ætti að vera. Út af því vil ég gera þá fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort þeir togarar, sem nú eru fest kaup á, séu eins og þessi framtíðartogari, sem íslenzkir útgerðarmenn vilja fá. Þetta tel ég þýðingarmikið mál, en ég dreg í efa, að svo sé. Ég hef haldið því fram, að ríkisstj. hafi átt bæði um bátakaup og togara að vera í nánu sambandi við þá, sem frá öndverðu hafa sýnt áhuga fyrir að fá báta og skip til landsins. Og ég hef haldið fram, að einstakir menn, forráðamenn útgerðarfélaga og bæjarfélaga, mundu hafa verið alveg eins færir um að fást við þessi tilboð eins og hæstv. ríkisstj. En af því að þessi aðferð var ekki viðhöfð, er hætt við endalausu þexi eftir á um það, hvort rétt hafi verið valið, og stjórnin hefur tekið á sig mikla áhættu. Ég spurði, hvort mikilla tæknilegra framfara væri að vænta í sambandi við þessa nýju togara og í hverju þær væru fólgnar. Hæstv. forsrh. svaraði ekki neinu fullnægjandi um þetta. Hann kvað þetta vera stærri skip og því meiri möguleikar til að koma að meiri nýtízku vinnubrögðum en áður þekktust. Það er alveg rétt, að ef skipin eru 175 fet, er það meiri stærð en þekkt er áður hér á togurum, en ekki miklu meiri. En þetta eru engar upplýsingar um nýja tækni, sem skipunum fylgja.

Ég hef nú bent á nokkur meginatriði, áður en málið fer til nefndar. Að síðustu vil ég benda á, að ekki kom fram í ræðu hæstv. forsrh. í gær, hvert mundi verða verð skipanna. Hann sagði, að það hefði verið ráðgert 2 millj. kr. eða tæplega það í öndverðu, en nú væri komið í ljós við athugun á málinu, að ef togararnir ættu að verða verulega fullkomnir og miðaðir við almennar kröfur hér, yrði að bæta miklu við, sem kostaði verulegt fé. Hann gaf ekkert í skyn um það, hvert mundi verða endanlegt verð togaranna. En samt sem áður lét hann þess getið, skildist mér, að Íslendingar væru algerlega bundnir við samningana í heild sinni um þennan togarafjölda. Ég hefði satt að segja kunnað betur við það, að nokkurn veginn væri vitað, hvert mundi vera verð togaranna, áður en gerður er fullkomlega bindandi samningur,

og held ég það sé venjulegri aðferð. Vil ég spyrja hæstv. forsrh. um það nú, hvort hann gæti ekki veitt mönnum hugmynd um hið endanlega verð á togurunum, eftir að fram hafa farið þær endurbætur, sem nú hafa verið ákveðnar.

Jóhann Jósefsson: Hv. 2. þm. N.-M. minntist á bátasmíði og togarakaup, sem fyrir liggja, setti fram spurningar og las upp margar tölur, eins og honum er lagið, því að hann er tölfróður í meira lagi, og jafnvel svo, að venjulegu fólki veitir erfitt að fylgjast með allri hans tölvísi. En slík vísindi ber ekki að lasta. Og þó að ég geti ekki veitt fullkomin svör við öllum spurningum hans, get ég látið uppi lítils háttar upplýsingar, hvernig það ber að, að nú hefur verið ráðið að byggja fleiri báta í einu og kaupa frá útlöndum — og raunar togara líka — en áður fyrr. Við Íslendingar erum búnir síðan nokkru fyrir aldamót að stunda veiðar á vélbátum af ýmsum stærðum og gerðum. Og eftir því sem árin hafa liðið hafa þeir margir hverjir ekki verið beisnir, þó að útgerðarmenn og sjómenn hafi, mest sökum vanmáttar síns, orðið að bjargast við miklu fleira en þeim var samboðið, og afraksturinn eðlilega orðið nokkuð eftir því. Einkum og sér í lagi hafa sjóslys orðið á undanförnum árum miklu meiri fyrir það, hvað vélbátaflotinn hefur verið — ég vil ekki segja ónýtur — en illa hæfur til þeirrar sjósóknar, sem Íslendingar hafa með höndum og hefur harðnað svo að segja með ári hverju. Það er orðinn langur tími síðan menn töldu kyndilmessu upphaf vetrarvertíðar, en ekki er lengur miðað við hana, þó að hún sjáist enn á almanakinu. Sjór er sóttur við strendur þessa lands frá ýmsum verstöðvum á öllum mögulegum tímum árs, jafnvel í svartasta skammdeginu. Tekur slíkt meira á skip og menn heldur en ef menn sæju sér fært að bíða eftir því, að út á liði, eins og gert var hér áður fyrr. Það er þess vegna áreiðanlegt, að stór fjöldi sjómanna og útgerðarmanna hefur árum saman og jafnvel áratugum búið við báta, sem eru of litlir og hafa of lítinn vélakraft samanborið við það starf, sem þeim er ætlað, baráttuna við þau náttúruöfl, sem þeir eiga í stríði við. En þegar litið er yfir bátaflotann, getur það auðvitað orðið eilíft ágreiningsefni, hvaða skip beri að kalla algerlega úrelt. Það getur ýmsum þótt matið of hátt eða lágt. Ég býst við, að hvorugur okkar hv. 2. þm. N.-M. geti reiknað það út, og geri ég þar á engan hátt lítið úr hans tölvísi. Ýmislegt af því átakanlegasta, sem komið hefur fyrir á sjó við Ísland, hefur átt sér stað síðan sjósóknin harðnaði, að sótt er í svo að segja hvaða veðri sem er, eins og gert er víða úr stærri og jafnvel smærri veiðistöðvum. Er áreiðanlegt, að skipakosturinn yfir höfuð er of lítilfjörlegur. Á síðastliðnu ári töpuðust algerlega eitthvað um 16 bátar, og er það ekki lítill hundraðshluti. Einhverjir bátar, sem eru í smíðum, koma vitaskuld í þeirra stað. En við því er nú að búast, að margir, sem hafa haft lítilfjörlega báta, sækist nú eftir því að fá sér nýja, stærri og betri báta. Ég hef nýlega í blaðagrein sýnt fram á, að þessi nýsmíði, sem hefur vaxið sumum hv. þm. svo mjög í augum, er í fullu samræmi við vilja og fyrirætlanir þeirra manna, sem eiga að njóta togaranna og bátanna. Og þetta byggi ég á því, að pantanir þessara skipategunda eru langt fyrir ofan þá tölu skipa, sem verið er að byggja.

Þó að annar hv. þm. kjósi sér sjálfsagt annan mann í virðulegri stöðu en ég er til að svara sér, má rétt geta þess, þegar heimtað er, að ekkert sé í þessu gert fyrr en búið er að bera sig rækilega saman við væntanlega kaupendur, að sú ályktun var borin fram af fyrrv. stjórn og samþ. á Alþingi að kaupa Svíþjóðarbátana, þá veit ég ekki til, að borið væri undir hvern einasta bát eiganda fyrirfram um hvern einstakan bát. Þeirri ákvörðun mun hafa ráðið sú skoðun, sem er talsvert útbreidd, að rúmlega 50 tonna og 80 tonna skip væru hentug. Þegar ákveðin var stærð á þeim bátum, sem ríkisstj. er að láta smíða hér innan lands, var beinlínis farið eftir því, hvað mikill fjöldi manna hafði látið í ljós í umsóknum til nýbyggingarráðs, að þeir vildu eignast 30—35 tonna báta og 50—55 tonna báta. Fyrir því voru valdar stærðirnar 35 til rúmlega 50 tonna bátar, eða 53 tonn, til að smíða á vegum ríkisstj. innanlands.

Um skipshafnir á þessa báta hafa ýmsir áhyggjur, og þar á meðal hv. 2. þm. N.-M. Í fyrsta lagi munu þeir verða mannaðir af þeim, sem ýmist hafa misst báta og fá sér þess vegna aðra nýja, eða skipshafnir og aðrir starfsmenn sleppa gömlum bátum, sem búið er að notast við helzt til lengi, og taka við þeim nýju. Það verður og að gera ráð fyrir því, að sá, sem pantar bát eða togara, hafi eitthvað fyrir sér í því, hvaðan hann ætli að fá vélamenn og skipstjóra. Mér er sagt, að á flestum íslenzkum skipum, fiskiskipum líka, séu miklu fleiri skipstjóralærðir menn en yfirmenn skipanna, og á togurum sé alvanalegt, að skipstjóralærðir menn séu hásetar, jafnvel árum saman.

Þá má ekki gleyma, að með hverju ári vaxa upp nýir árgangar af mönnum, sem velja sér atvinnu eftir sínu hugarfari, og ef dæma má eftir reynslu liðinna tíma, þá er engin ástæða til að ætla, að æskumenn landsins dragi sig í hlé frá að taka þátt í framleiðslustörfunum á hinum nýju og betri fiskiskipum, þar sem vitað er, að þeir hafa verið dugandi kraftur og sterkur í því að reka fiskveiðar á hinum eldri skipum.

Fleira tel ég ekki þörf á að taka fram í þessu sambandi viðvíkjandi fyrirspurnum hv. þm. N.-M., en hitt er vitað, að vitaskuld má lengi um þessa hluti deila, en ef sú þróun heldur áfram hér á landi, að menn velji sér atvinnu eftir því, sem löngun og hæfileikar þeirra standa til, þá held ég að enginn þurfi að bera kvíðboga fyrir, að ekki verði til menn á þessi skip.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GTh, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÞ, StJSt, SvbH, ÁÁ, BÁ, BK, EystJ, BG.

14 þm. (FJ, GSv, HB, JS, LJós, SigfS, SB, SG,

SThj, SkG, ÞG, ÁkJ, KTh, EmJ) fjarstaddir.
Frv. vísað til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, *n.* 57 *og* 70).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil geta þess við hæstv. forseta, að fallið hefur niður í nál. meiri hl. að geta framsögumanns.

Meiri hl. hefur ekki margt um þetta að segja. Lítill ágreiningur hefur orðið um frv., en þó lítils háttar, og kemur hann fram í brtt. minni hl., *en meiri hl. sá ekki ástæðu til að breyta lántökuheimildinni,* því að erfitt er að reikna út, hve mikla lántöku þarf. Er til þess ætlazt, að lánin verði greidd af þeim, sem kaupa skipin.

Ekki þótti ástæða til að gera um kaupin fyrir einstaklinga, en um greiðslu á lánunum fer eftir því, hvaða samningar verða gerðir um greiðsluskyldu. Ef til kemur, að frv. þetta verði að lögum, er gott, að ríkisstj. hafi frjálsar hendur um lán handa einstaklingum og bæjarfélögum. Hafa nú þegar borizt pantanir um 43 togara, en hér er gert ráð fyrir, að keyptir verði 30.

Okkur dettur ekki í hug að halda fram, að þeim pöntunum, sem komið hafa, sé öllum treystandi, þannig að þeir aðilar, sem beðið hafa um að fá keypt skip, geti fullnægt greiðsluskilmálum þeim, sem ríkisstj. hefur bundið sig við gagnvart þeim, sem skipin byggja. En vitanlega hafa margir, sem pantað hafa skip þessi, möguleika til að greiða þau, enda er upplýst, að nýbyggingarsjóðir eru nú um 18 millj. kr., svo að þar er fyrir hendi þegar töluvert fé til kaupa þessara skipa.

Ríkisstj. hefur nú þegar gert bindandi samninga um kaup þessara skipa. Og þess vegna teljum við í meiri hl. fjhn. ekki sérstaka ástæðu til þess að setja nákvæm ákvæði í l. um sölu skipanna. Það er ekki vafi á því, að hæstv. ríkisstj. reynir að ganga ríkt eftir um greiðslur fyrir skipin, eftir getu hvers eins og skyldum til þess að borga.

Það kom ekki fram í n. ágreiningur um, að það mundi vera rétt af ríkisstj. að ganga frá þessum kaupum, enda er framleiðslan á þessum skipum lítil á móts við eftirspurnina eftir skipabyggingum. Ef því eitthvað þarf að fá gert í slíkum efnum, þarf að gera um það skjótar ákvarðanir. Og þess vegna er þessu máli svo langt komið, og þess vegna voru bráðabirgðal. um þetta efni sett.

Hættan í sambandi við það, að ríkið sitji eftir með nokkur skip, er ekki stórhætta fyrir þjóðfélagið, ef það á annað borð er nauðsynlegt fyrir landið að auka skipastól sinn. Hin hættan mundi hafa verið miklu meiri, ef einstaklingar hefðu verið látnir standa fyrir því að gera samninga um togarakaup, þannig að þá hefði jafnvel ekki fengizt neinn togari til landsins fyrr en eftir lengri tíma. Það gengur nú svo *fyrst eftir striðið, og kannske lengur,* að slík viðskipti sem þessi verða í heiminum yfirleitt meira á milli ríkisstjórna en áður hefur verið.

Þessi togarakaup eru gerð af miklum stórhug, og í þeim lýsir sér tilfinning ríkisstj. fyrir því, að sjávarútvegurinn er grundvallaratvinnuvegur þjóðarinnar og einnig hinu, að hinu opinbera beri nokkur skylda til að sjá landsmönnum fyrir vinnu og nauðsynlegum gjaldeyri og nauðsynlegum innflutningi, sem okkar fáskrúðugu atvinnuvegir nauðsynlega þurfa með. Þessu höfuðsjónarmiði er meiri hl. fjhn. sammála og gerir sér vonir um það, að þessi togarakaup reynist vera happaspor fyrir þjóðina.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég hef skrifað sérstakt nál. um þetta mál, sem liggur fyrir á þskj. 70, og stafar það af því, að ég vil gera breyt á frv., sem meðnm. mínir í fjhn. vildu ekki fallast á. Hef ég því flutt um þetta brtt. á nefndu þskj.

Það er upplýst í þessu máli, að hæstv. ríkisstj. hefur fyrir nokkru gert samninga í Bretlandi um smíði á 28 botnvörpungum. Og samkv. þeim samningum er verð þessara skipa samtals um það bil 70 millj. ísl. kr., reiknað með því gengi, sem nú er á sterlingspundi. En hætt er við því, að við þessa upphæð eigi eftir að bætast eitthvað, áður en þessi skip verða öll hingað komin til landsins og verða fullbúin til veiða. Að vísu hafa ekki fengizt enn nákvæmar upplýsingar um það, hvað kann að vanta til skipanna af nauðsynlegum tækjum og útbúnaði auk þess, sem þegar er um samið, en eitthvað mun það vera.

Því miður er það svo, að það er ekki líklegt, að togaraútgerðin verði eins arðvænleg á næstu tímum og verið hefur nú um skeið. Má í því sambandi benda á, að Englendingar hafa nú fyrir nokkru lokað fyrir íslenzkum skipum nokkrum af þeim höfnum, sem þau hafa siglt á að undanförnu og þar sem þau hafa haft góðan markað fyrir sinn fisk. Hvernig ástandið verður í framtíðinni með þennan rekstur, er hlutur, sem erfitt er um að spá, og fer ég þess vegna ekki lengra út í það. En ég vil halda því fram, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að tryggja sér kaupendur að skipunum, áður en hún gekk endanlega frá samningum um smíði þeirra.

Í ágúst s. l. voru gefin út bráðabirgðal. um togarakaup ríkisins, en endanlega var ekki gengið frá samningum um þau við skipasmíðastöðvarnar fyrr en nú um miðjan október. Leið því þar á milli ærið langur tími, sem nota mátti til að grennslast eftir því betur en gert var, hve mörg útgerðarfyrirtæki á landinu vildu eignast þessi skip, með þeim kjörum, sem í boði voru. Hefði átt að vera hægt að ganga frá samningum við væntanlega kaupendur skipanna áður en endanlega var gengið frá samningum um smíði þeirra. Og ég álít, að tölu skipanna hefði átt að ákveða eftir því, að hve mörgum skipum fengjust kaupendur hér. Talið er, að hjá Nýbyggingarráði liggi umsóknir um eitthvað 40 botnvörpunga. En við athugun á þessum umsóknum kemur í ljós, að í þeim felast engar skuldbindingar frá viðkomandi aðilum um kaup á skipunum, a. m. k. ekki um kaup á þeim skipum, sem ríkisstj. hefur samið um kaup á, og fyrir það verð, sem þar um ræðir. Fjhn. fékk lista yfir

þessar skipaumsóknir frá Nýbyggingarráði, og er sá listi prentaður með nál. mínu. Það liggur ekkert fyrir um það, hvaða möguleika þessi fyrirtæki hafa til þess að kaupa skip. Þessar umsóknir, sem svo eru nefndar, eru flestar þannig til komnar, að í byrjun júlí í sumar birti ríkisstj. tilkynningu um það, að hægt mundi vera að fá smíðaleyfi í Bretlandi fyrir nokkrum togurum, og flestir af þessum umsækjendum sendu ríkisstj. bréf um það, að þeir óskuðu að koma til greina, þegar úthlutað væri smíðaleyfum fyrir botnvörpuskipum í Bretlandi. En umsóknirnar eru á engan hátt bindandi, eins og ég hef tekið fram, því að þar eru engar skuldbindingar um að kaupa þessi skip, sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú samið um smíði á.

Eins og kemur fram í mínu nál., hefur bæjarstjórnin í Reykjavík gert samþykktir um togarakaup nú á þessu ári. Í júlímán s. l. mun bæjarstjórnin hafa skrifað atvmrh. og borið fram kröfu um það, að tveim þriðju hlutum af þeim smíðaleyfum fyrir togurum, sem þá var talið að mundu fást, yrði úthlutað til útgerðarfyrirtækja í Reykjavík. Og jafnframt var hæstv. ríkisstj. þá tilkynnt, að ef ekki kæmu fram svo margar umsóknir um togarakaup frá útgerðarfyrirtækjum í bænum, að næmi þessum tveim þriðju hlutum, þá óskaði bæjarstjórn Reykjavíkur að gerast kaupandi að þeim skipum, sem þar til vantaði. En í því tilfelli var þó tekið fram, að skipasmíðastöðvar, teikningar og annað varðandi byggingu skipanna skyldi vera háð samþykki bæjaryfirvaldanna. Seint í september mun bæjarstj. hafa ítrekað þessa kröfu til ríkisstj., og beinir bæjarstj. þar þeirri áskorun til ríkisstj., að þannig verði frá úthlutun umræddra togara gengið, að ekki færri en 20 þeirra — því að þá var gert ráð fyrir 30 togurum alls — verði smíðaðir fyrir útgerðarfyrirtæki í Reykjavík eða Reykjavíkurbæ, og voru þá ítrekaðar yfirlýsingar bæjarstj. um, að hún ábyrgðist kaup á þessum skipum, sem óskað var eftir, að aðilar í Reykjavík gætu fengið keypt. Enn fremur ítrekaði bæjarstj. tilmæli um það, að skipasmíðastöðvar, teikningar og annað varðandi smíðina yrði háð samþykki bæjaryfirvaldanna.

Ég vil nú beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., sem stóð að útgáfu þessara bráðabirgðal., hvort hann hefur, áður en gengið var endanlega frá samningum um togarakaup, haft bæjarstjórn Reykjavíkur þar með í ráðum, þannig að bæjarstj. hafi samþ. skipasmíðastöðvar og teikningar, eins og hún gat um í bréfinu frá í sept. s. l. Og spurningin er einmitt um það, hvort yfirlýsingar bæjarstj. um þessa 20 togara gildi um þau skip, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú samið um smíði á. Vænti ég, að hæstv. forsrh. gefi svör við þeirri spurningu.

Eins og nú er komið, þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur fyrir ríkisins hönd gert bindandi samninga um kaup á þessum 28 skipum, legg ég aðaláherzlu á það, að nú þegar verði hafnir samningar við væntanlega kaupendur um sölu á skipunum. Og fyrri brtt. mín, við 1. gr. frv., er um þetta. Þar er lagt til, að sett verði ákvæði um það, að fyrir 1. desember n. k. skuli væntanlegir kaupendur skipanna borga einn fimmta hluta af umsömdu verði þeirra og setja fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu á eftirstöðvum af kostnaðarverði skipanna á þeim gjalddögum, sem um hefur verið samið af ríkisstj. En samkv. upplýsingum hæstv. forsrh. var ákveðið í samningum ríkisstj., að 20% af verði skipanna skyldi greiðast fyrirfram, eða um leið og samningur væri gerður. — Ég tel alveg sjálfsagt, að þingið sýni vilja sinn í þessu efni með því að samþ. þessa brtt. mína. Mér virðist full ástæða til þess, að þetta sé sett inn í frv., þar sem, eins og ég hef áður tekið fram, svo virðist sem hæstv. ríkisstj. hafi sýnt nokkurt tómlæti í því að ganga frá þessum samningum um sölu á skipunum til einstakra útgerðarfyrirtækja eða þeirra, sem kunna að hafa áhuga fyrir að eignast þau.

2. brtt. mín er um það, að lántökuheimildin í 2. gr. frv. verði lækkuð úr 60 millj. kr. í 25 millj. kr. Það mun yfirleitt hafa verið venja hæstv. Alþ. að veita ríkisstj. ekki meiri lántökuheimildir en talin hefur verið þörf á í hverju einstöku tilfelli. Og mér virðist vera vel séð fyrir þörf ríkissjóðs í þessu efni með lægri upphæðinni, ef gert er ráð fyrir, að takist að selja fyrstu skipin innan skamms. Má benda á í þessu sambandi, að 20% af verði skipanna, sem eiga að borgast við samningsgerð, er ekki nema aðeins tæpar 15 millj. kr. Ætti því 25 millj. kr. lántaka í þessu sambandi að vera nóg.

Ég sé ekki ástæðu að svo stöddu til að hafa hér fleiri orð um þetta mál, en vænti þess að fá svar við fyrirspurn minni frá hæstv. ríkisstjórn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get þakkað hv. fjhn. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. Og eftir atvikum hef ég ekki heldur yfir því að kvarta, að hv. n. hafi á nokkurn hátt dregið afgreiðslu málsins. Jafnstórt mál og hér er um að ræða kallar á mikla athugun og öflun upplýsinga. Og mér finnst ekki hægt að bera hv. n. á brýn, að hún hafi notað til þess óeðlilega langan tíma.

Það er í sjálfu sér ekkert verulegt, sem ber á milli hv. meiri hl. og hv. minni hl. fjhn. í þessu máli, ekkert, sem snertir aðalkjarna málsins. — Ég þarf ekki að láta í ljós neinar aths. við ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., þar sem ég er honum í öllum aðalatriðum sammála. — Varðandi ræðu hv. frsm. minni hl. n. skal ég leyfa mér að drepa á aðeins örfá, þó minni háttar atriði.

Ég er ekki sammála hv. frsm. minni hl. fjhn. um það, að ríkisstj. hefði átt að setja það á oddinn að vera búin að ganga frá samningum um sölu á þessum togurum, áður heldur en hún batt sig gagnvart byggjendum skipanna um byggingarsamninga þeirra. Ég hygg, að ég segi það rétt, að málefnaaðstaðan heimilaði ekki slíkt. Þess var ekki kostur að bera sig saman við þá einstöku aðila, sem ef til vill vildu kaupa skip, áður en við gerðum byggingarsamninginn. Og ég hygg, að ef sá háttur hefði verið á hafður og ríkisstj. hefði einskorðað sig við hann og gert það að aðalatriði, að ríkissjóður byndi sig ekki í þessu efni fyrr en ríkisstj. væri búin að

ganga frá bindandi samningum við kaupendur skipanna, þá hefðum við farið á mis við þessi skipakaup. Það er mjög mikil eftirspurn eftir þessum skipum nú í heiminum. Og þegar við að lokum gengum frá samningum þessum, í kringum miðjan október, þá lá fyrir skeyti frá umboðsmönnum ríkisstj., sem þá voru staddir í Englandi, um það, að ríkisstj. yrði nú að ganga að eða frá samningunum tafarlaust, og það eftir því tilboði, sem þá lá fyrir, vegna þess að þá stóðu sakir þannig, að skipabyggjendurnir gátu snúið sér til annarra, tekið tilboðum margra annarra, sem þá leituðu á með að fá keypt slík skip af þeim, en komust ekki að vegna okkar, þar sem byggjendur skipanna voru þá bundnir samningum við okkur. Ég hygg einnig, að það geti út af fyrir sig verið öllum meinfangalaust, þótt þessi háttur hafi verið á hafður, enda þótt einhver vildi vefengja, að ekki hefði verið þess kostur að hafa þetta á annan hátt, sem ég vona, að menn taki mig trúanlegan um að athuguðu máli, að ekki var hægt. Ég hygg, sem sagt, ástæðulaust að óttast það, að ríkissjóður þurfi að taka á sig fjárhagslegan bagga eða áhættu af þessu máli, eins og það nú er komið. Ég hygg, að þess verði kostur, — og ég tel mig hafa mikla ástæðu til að vona það, að þess verði kostur að selja skipin — öll, vona ég — áður en langt líður. Þetta kemur náttúrlega í ljós, því að nú er einmitt að því komið, að málið komist í það horf, að hægt sé að ganga úr skugga um þetta. En það er tæplega fyrr en nú, að hægt hafi verið að fullyrða um þetta.

Hv. frsm. minni hl. fjhn. beindi til mín, að gefnu tilefni af samþykktum bæjarstjórnar Reykjavíkur, fyrirspurn um það, hvort ríkisstj. hefði, áður en hún gerði endanlega bindandi samninga um smíði togaranna, sem um er að ræða, bundið sig í sambandi við þau skilyrði, sem fram eru tekin í tilgreindu bréfi frá Reykjavíkurbæ. Það gerði ríkisstj. ekki. En ég hygg, að það mál liggi þannig fyrir, að óhætt sé að staðhæfa, að bæjarstjórn Reykjavíkur telji, að þeir hafi fjallað um þetta mál, sem bærir séu til þess að ákveða, með hverjum hætti þessi skip skuli byggð og hverjum tækjum þau skuli vera búin, þannig að því sjónarmiði sé fullnægt, sem Reykjavíkurbær vildi setja tryggingu um, að skipin væru sem fullkomnust, og að þær breyt., sem gerðar voru, séu a. m. k. fullt endurgjald fyrir þá verðhækkun, sem af þeim leiðir.

Svar mitt er: Ríkisstj. spurði ekki bæjarstj. Reykjavíkur ráða í þessum efnum og taldi sig ekki þá — og telur sig ekki í dag — hafa þurft þess. Og ríkisstj. hefur ekki tekið ákvarðanir um það, hvort hún telur sig bæra um að verða við þeim óskum frá bæjarstj. Reykjavíkur, að í Reykjavík verði staðsettur þetta mikill hluti togaranna, sem fram á var farið. Þessi mál eru enn þá óútkljáð í ríkisstj. — Ég sagði áðan, að nú væri málum þessum svo langt komið, að hægt ætti að vera að hefjast handa um sölu skipanna. Ég fer ekki út í það á hæstv. Alþ. að ræða þau vandkvæði, sem þarf að yfirstíga við samningu réttlátra reglna um úthlutun þessara skipa til þeirra einstöku aðila, sem sótt hafa um að fá þau keypt. Ég veit, að hv. þm. er ljóst, að það verður, af eðlilegum ástæðum, meiri eftirspurn eftir þeim skipum, sem fyrst verða afhent Íslendingum, heldur en hinum, sem síðar verða afhent. Og það er mikill vandi að setja um það reglur, sem allir una við og ekki verður vefengt, að séu a. m. k. byggðar á fyllsta réttlæti, sem við verður komið. En ég fullyrði, að ríkisstj. hefur tilhneigingu til þess að komast svo úr því vandamáli, að henni verði ekki með réttu borið á brýn, að hún í því efni hafi dregið taum eins fremur en annars. En um leið og þær reglur eru fyrir hendi, sem um þetta verða settar, verður snúið sér til kaupenda til að víta, hverjir af þeim vilja hlíta þeim skilyrðum, sem ríkisstj. setur fyrir sölu skipanna, og það tel ég, að standi nú bráðlega fyrir dyrum.

Þá brtt. hv. minni hl. fjhn. við 1. gr. frv., að við hana bætist ákvæði um það, að væntanlegir kaupendur skipanna skuli borga einn fimmta hluta af umsömdu verði þeirra fyrir 1. des. 1945, tel ég ónauðsynlega og auk þess — ef á annað borð ætti að setja um þetta reglur — ekki fullnægjandi. Eins og ég mun hafa gert grein fyrir við 1. umr. þessa máls, er það ætlun ríkisstj. að hafa þann hátt, að einstökum kaupendum skipanna, sem vilja sætta sig við þau almennu skilyrði og una þeim ákvæðum, sem sett verða í sambandi við sölu togaranna til einstakra kaupenda, verði gerður kostur á því að ganga inn í samninginn óbreyttan eins og hann er. Þeir öðlast þá réttindi og taka á sig skyldur samningsins, sem ríkisstj. hefur gert, taka á sig allar greiðslur, jafnóðum og þær falla í gjalddaga, og leggja á sínar herðar um leið þær kvaðir, hver að sínu leyti, sem nú liggja á ríkissjóði Íslands, til þess að ríkissjóður hafi enga ábyrgð eftir það vegna þeirra skipa, sem seld eru til einstakra aðila, þó hann hafi nú ábyrgð gagnvart byggjendum skipanna. Og það er hugsun ríkisstj. eða a. m. k. mín hugsun, að enginn annar fái að gerast aðili þessa samnings en sá, sem getur sett baktryggingu fyrir uppfylling samningsins, þ. e. a. s. að staðreyndin verði sú, að jafnóðum og ríkissjóður formlega afhendir réttinn á byggingu einstakra skipa til einstakra kaupenda, þá sé það annaðhvort kaupandinn, sem inni af hendi greiðslu alls verðsins — sem ég geri þó ekki ráð fyrir, að menn vilji — eða að bankarnir íslenzku verði hinn raunverulegi aðili um ábyrgð gagnvart ríkissjóði.

Ég vona, að hv. frsm. minni hl., að fengnum þessum upplýsingum, sjái, að brtt. hans er ekki nauðsynleg og að því leyti ekki fullnægjandi, að hún fer ekki fram á þá fjarlægingu áhættunnar í þessu efni frá ríkissjóði, sem ég geri ráð fyrir að eigi að liggja fyrir, ef fylgt er þeim reglum, sem ríkisstj. hugsar sér um þetta að setja.

Þó að það sé rétt hjá hv. frsm. minni hl. (SkG), að það hafi verið haft eftir mér, að greiða ætti 20% af kostnaðarverði skipanna, þegar samningar hefðu verið undirritaðir, þá hefur sú breyting orðið á því, að nú þarf ekki

að greiða nema 10% við fyrstu afborgun, og þær greiðslur hafa nú þegar farið fram. Varðandi þá seinni brtt. minni hl. þætti mér vænt um, ef menn vildu láta greinina standa óbreytta eins og hún er, af því að enn hafa skipin ekki verið seld, og þó ég geri fastlega ráð fyrir, að 25 millj. kr. lánsheimild, í stað 60 millj. kr., sé nægileg, þá er það ástæðulaust að setja ríkisstj. strangari skorður í þessum efnum, því að hún mun ekki leyfa sér að taka lán að ástæðulausu. Og ég segi, að það er ekkert launungamál, að ríkið hefur ekki tekið nein lán vegna þessarar 10% afborgunar á 7 eða 8 millj. kr., heldur hefur það verið greitt af fé hjá aðilum, sem ríkið á annars stærri upphæðir hjá. Og í stað þess, að ríkið færði þetta fé á milli á einn reikning og notaði það til bráðabirgða til slíkra greiðslna, gekk hlutaðeigandi banki inn á að leyfa að nota, endurgjaldslaust, í svip fjárupphæð til jafns við það, sem við eigum inni hjá öðrum og legið hefur rentulaust, ef ég veit rétt.

Ég vil skýra frá því, að í viðbót við þessa 28 togara hafa verið fest kaup á 2 dieseltogurum, sem verða afhentir á öndverðu ári 1948. En þessir togarar eru 2 þús. £ ódýrari og 5 fetum styttri en togari með gufuvél. Ég get vel trúað, að þau skip séu fullt eins æskileg, ef menn geta treyst dieselvélinni eins vel og gufuvélinni, en um það er ég ekki dómbær, þó að ég hafi verið við slíka útgerð riðinn í nokkra áratugi. En ríkisstj. telur sér skylt að fylgja till., sem dómbærir menn á þessu sviði leggja til.

Þeir 5 menn, sem hv. minni hl. segir frá í áliti sínu, voru kallaðir til ráða og þar með að ákveða, hvort kaupa ætti þessa togara, og það var einróma álit þeirra að kaupa gufuvélatogara, en ekki dieseltogara. Af þessum ástæðum festi ríkisstj. kaup á gufuvélatogurum. en taldi þó rétt að gera tilraun með þessa 2 dieseltogara, sem koma eiga í ársbyrjun 1948. Þeir menn, sem leitað var til, óskuðu ekki eftir dieseltogurum, og hefði átt að hverfa að því ráði almennt að kaupa dieseltogara, hefði orðið lengri frestur á afhendingu þeirra, því að þeir hefðu komið til afhendingar á árinu 1948, eins og gert er ráð fyrir að verði um þá 2 dieseltogara, sem samið hefur verið um smíði á, í stað þess, að við fáum nokkra togara í árslok 1946 og hina á árinu 1947. Afhendingu hefði þá seinkað um hálft annað ár, auk þess sem mér skilst, að ekki liggi fyrir nægilegt öryggi með þær vélar, sem hér er um að ræða. Það er að vísu rétt, að þeir togarar, sem nú hafa verið fest kaup á, eru sumir með dieselvélum. Er það ætlunin, að þeir verði til að mennta þjóðina undir það að geta næst, þegar menn ráðast í byggingu dieseltogara, rekið þá með góðum árangri, því að eins og það er jafnframt staðreynd, að ekki er ólíklegt, að takast megi með sæmilegum árangri að reka 2 dieseltogara, þó ekki sé talið hagkvæmt að reka 30 slíka togara, þá megi sæmilega með varfærni og góðri þekkingu starfrækja 1 eða 2 skip, þó ekki gildi það sama um 30.

Ég tel, að ekki þurfi að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil svo endurtaka þakklæti mitt til hv. fjhn. fyrir góðar undirtektir og vona, að hv. minni hl. sætti sig við, að hans till. séu ekki nauðsynlegar.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forsrh. kvaðst ekki vera mér sammála um, að ástæða hafi verið til að ganga frá samningum við væntanlega kaupendur skipanna, áður en samningar hefðu verið gerðir um smíði þeirra. Ég tel einmitt, að hæstv. ríkisstj. hafi haft ríka ástæðu til þess að kynna sér nánar, að hve mörgum skipum kaupendur fengjust hér, áður en lauk þessari samningagerð. Það virðist svo, sem sum stærstu togarafyrirtækin, sem verið hafa undanfarið, hafi fremur lítinn áhuga fyrir togarakaupum nú. Hér í Reykjavík eru 2 hlutafélög heimilisföst, sem hafa verið stærstu útgerðarfyrirtæki á þessu sviði að undanförnu. Þessi 2 togarafélög hafa átt undanfarin ár 11 eða 12 botnvörpunga, að minnsta kosti, fyrir stríð og framan af stríðsárunum, og það er ¼ og upp að ⅓ af öllum togaraflota landsmanna. Þessi 2 stóru fyrirtæki hafa að vísu sent umsóknir um skip, en aðeins 1 togara hvort samkv. umsóknarlista Nýbyggingarráðs, og þó eru þessar umsóknir ekki bindandi um að kaupa þau skip, sem hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að láta smíða. Einmitt þetta, að ekki hefur komið fram enn meiri áhugi en þetta hjá þeim fyrirtækjum, sem lengst hafa við þennan atvinnuveg fengizt og það í stórum stíl á okkar mælikvarða, það hefði átt að verða hæstv. ríkisstj. hvöt til þess að athuga þetta nánar, áður en hún gekk frá samningum. Það má benda á það til viðbótar, að þessi 2 fyrirtæki hafa nú á stríðsárunum misst og selt nokkur af skipum sínum, líklega helming, og var því enn meiri ástæða til að ætla, að þau hefðu áhuga á að ná í skip í staðinn.

Hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn minni þannig, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft samráð við bæjarstj. Reykjavíkur um þessa samningagerð. Að því leyti svaraði hann fyrirspurninni neitandi, en þó gaf hæstv. forsrh. það í skyn, að bæjarstjórn Reykjavíkur mundi telja eðlilegar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á bráðabirgðasamningum, sem gerðir voru nú í sumar, og lét í það skína, að bæjarstj. mundi telja þessi skip þannig, að hún mundi vilja stuðla að því, að þau kæmu sem flest til bæjarins, en óskaði eftir að fá nánari skýringar á atriðum málsins. Mér finnst þetta geta skipt miklu máli, því að þar getur verið um stór kaup að ræða. Þetta liggur fyrir eins og ég gat um áður. Bæjarstj. Reykjavíkur hefur gert kröfu til hæstv. ríkisstj. um að fá a. m. k. 2 af hverjum 3 skipum, sem keypt yrðu, til Reykjavíkur, og ef einstakir útgerðarmenn í bænum vildu ekki kaupa þennan skipafjölda, þá vildi bæjarstj. sjálf kaupa það, sem til vantaði.

Ef maður athugar þennan umsóknarlista Nýbyggingarráðs, þá kemur í ljós, að útgerðarfyrirtækin í Reykjavík hafa ekki óskað eftir að fá nema 8 eða 9 skip, og þó að þau vildu kaupa þau skip með þeim kjörum, sem hér eru í boði, þá mundi samt koma í hlut bæjarstj.

Reykjavíkur 10 togarar, ef hún héldi fast við kröfuna um að fá 2 af hverjum 3 skipum til bæjarins og óskar að fá þessi skip, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um smíði á. Hér tel ég, að sé um stórt atriði að ræða, sem æskilegt sé að fá upplýst, þar sem þetta gildir allmikinn hluta af þeim samningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. Ef hæstv. forsrh. getur ekki upplýst um vilja bæjarstj. í þessu efni, þá er ekki ólíklegt, að aðrir, sem hér eiga sæti í þessari hv. deild, geti gefið upplýsingar um þetta, því að hér munu vera einhverjir af bæjarfulltrúum úr Reykjavík. Ég vil sem sagt óska eftir upplýsingum um það, hvort bæjarstj. Reykjavíkur gerir kröfu til þess, eins og fram kom bréflega til ráðuneytisins í sumar, að fá til bæjarins 2 af hverjum 3 togurum af þeim skipum, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um kaup á, og hvort hún mundi sjálf kaupa þau skip, sem einstaklingar vilja ekki kaupa, ef hæstv. ríkisstj. tekur til greina kröfu bæjarstj. um úthlutun skipanna. Ég ætla ekki að fara út í að ræða það atriði, hvað Reykjavík ætti að fá mörg af þessum skipum. En ég óska eftir að fá upplýst af hæstv. ráðh. eða öðrum, hvort bæjarstj. heldur við samþykkt sína að því er snertir þessi skip.

Hæstv. forsrh. gaf þær upplýsingar nú, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki þurft að greiða nema 10. hluta kostnaðarverðsins við undirskrift samninganna. Hins vegar sagði hann fjhn., að greiða ætti 20%, og hefði hann þá átt að vita það rétta í málinu, vegna þess að hæstv. ráðh. sagði, að búið væri að ganga frá samningum. Það lítur út fyrir, að annaðhvort hafi fjhn. ekki verið sagt frá þessu atriði eða hæstv. stj. hafi fengið breytingu á samningunum síðar, og ef til vill hefur hún þá fengið breytingar á þeim að öðru leyti en þessu, og væri gott að fá upplýsingar um það.

Hæstv. ráðh. segir, að till. mínar hér séu ekki fullnægjandi til þess að færa áhættuna af ríkissjóði. Ég get ekki betur séð en að svo sé, þar sem í till. mínum er gert ráð fyrir, að væntanlegir kaupendur setji fullnægjandi tryggingu fyrir kostnaðarverði skipanna. Það er að vísu rétt, að till. mín nær ekki til þess að fjarlægja áhættuna frá ríkissjóði, ef svo fer, að hv. ríkisstj. getur ekki selt nema nokkurn hluta af þessum keyptu skipum.

Þá lýsti hæstv. ráðh. yfir því, að hann gerði fastlega ráð fyrir því, að 25 millj. kr. lánsheimild væri alveg nóg handa ríkisstj., og það styður auðvitað þá skoðun, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þurft að borga nema 10. hluta kostnaðarverðsins, þegar gengið var frá samningum, og ekki þurfti að taka lán til að inna þessa greiðslu af höndum. Mér finnst því allt mæla með því, að 25 millj. kr. séu alveg nóg, og fram yfir það, og það hefur verið venja hér á Alþingi að veita ekki lántökuheimildir út í bláinn eða umfram það, sem ástæða er til.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er tilgangslaust fyrir hv. minni hl. og af mér að deila um þetta. Sitt sýnist hvorum, og sjálfsagt verður ekki úr því skorið með umr., hvort sjónarmiðið er rétt. Ég viðurkenni, að það hefði verið æskilegt, ef málið hefði staðið þannig, að ríkisstj. hefði selt skipin áður en eða um leið og þau voru keypt, og ég þykist hafa upplýst, að þess var ekki kostur. Það liðu sárafáir dagar frá því, að ríkisstj. barst vitneskja um, hvað þær breytingar kostuðu, sem útgerðarmenn höfðu farið fram á, að ríkisstj. varð að svara, hvort hún vildi heldur binda sig við það, sem ákveðið hafði verið, eða að byggja á nýjum grundvelli, 175 feta skip, með miklu stærri vélum og fullkomnari, sem kosta áttu 98 þús. £. Þess var enginn kostur að festa kaupendur skipanna jafnóðum, m. a. af því, að ríkisstj. vildi ekki binda sig með það, í hvaða röð kaupendur skyldu fá skipin afhent. En hvorki minni hl. né aðrir þurfa að hafa áhyggjur út af þeirri áhættu, sem ríkissjóður hefur í þessum efnum. — Ég sé, að hv. minni hl. hefur nokkrar áhyggjur út af því, að stóru togarafélögin hafa ekki beðið um nema eitt skip hvort. Mér finnst ekki ástæða til að taka þessi félög alveg sem dómara um það, hvað heppilegt sé að gera fyrir þjóðina. Ég hygg, að það sé áreiðanlegt, að þessi félög hafi sótt um eitt skip hvort, þegar eingöngu var um að ræða 6 skip, og getur vel verið, að þau vilji nú fá fleiri skip, þegar um svo mörg er að ræða. Ég þekki það til hlutafélagsins Kveldúlfs, að það hefur fest nokkuð af sínu fé í öðrum framleiðslufyrirtækjum og á auk þess 3 togara, sem það hefur kostað miklu upp á, og einnig andvirði 1½ nýs togara. Annað handbært fé á það ekki fyrirliggjandi. Ég geri þó ráð fyrir, að þetta félag vilji kaupa fleiri en eitt skip og held, að ég hafi heyrt raddir um það, að Alliance vilji fá fleiri skip. En annars er það svo með þessi 2 félög, að þau hafa orðið fyrir óþægindum af því að vera of stór, og getur það ef til vill hafa dregið úr áhuga þeirra í þá átt að neyta ýtrasta tækifæris til þessara kaupa.

Ég get ekki gefið aðrar upplýsingar um bæjarstj. Reykjavíkur en í framhaldi af fyrri ræðu minni, sem hv. frsm. minni hl. hefur skilið alveg réttilega. Ég hef ástæðu til að ætla, að bæjarstj. haldi engu síður fast við kröfu sína en þegar hún óskaði eftir skipunum. Breytingin á skipunum er þó dýr, en um það hef ég ekkert í höndunum til að byggja meiri eða frekari fullyrðingar á. Ríkisstj. stendur ekki vel að vígi, nema hún fyrir sitt leyti vilji ganga inn á kröfu bæjarstj. Ég fyrir mitt leyti er ekki reiðubúinn að taka ákvörðun um það í dag. Ég vil bíða og sjá betur, hve margir koma fram og óska eftir skipakaupum, þegar málið liggur endanlega fyrir.

Ég ætlaði ekki að gefa n. rangar upplýsingar um borgunarskilmálana. Þegar n. talaði við mig, lá málið þannig fyrir, að við áttum að greiða ⅛ hluta andvirðisins við undirskrift samninga, og þetta hafði samninganefndin fullt umboð til að gera. Ég man ekki, hvort samningar voru þá endanlega gerðir, þegar n. talaði við mig, en það þarf náttúrlega á engan hátt að kalla neina flókna og dulda skýringu, að samningamennirnir hafa leitazt við að komast í þessum samningum lengra en við höfðum

heimilað þeim að ganga með að skuldbinda okkur. Þeim hefur tekizt að draga úr skuldbindingum, og er það háttur góðra samningamanna að gera það, en þeir voru þó ekki búnir að koma vitneskju til mín um, að það hafi tekizt.

Ég sé ekki ástæðu til að svara þessu nánar.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Út af því, sem hæstv. ráðh. kvaðst ekki muna fyrir víst, hvort búið hafi verið að ganga frá samningum, þegar fjhn. þessarar deildar kom til fundar við hann um málið, vil ég upplýsa, að eitt af því fyrsta, sem hæstv. ráðh. sagði nefndarmönnunum, var það, að þá væri búið fyrir nokkrum dögum að ganga frá samningum. (*Forsrh.:* Hvaða mánaðardag var þetta?) Það hef ég ekki við höndina, en get vafalaust upplýst það, því að það mun sjást í fundarbók fjhn. (*Forsrh.:* Það skiptir ekki máli.) Hæstv. ráðh. gat um eitt útgerðarfyrirtæki, hlutafélagið Kveldúlf, sem hefur, eins og ég hef vikið að áður, sent umsókn um eitt skip. Hæstv. ráðh. segir, að þetta fyrirtæki hafi fest fé í öðrum framleiðslufyrirtækjum og eigi 3 skip, sem það hafi kostað miklu til. Það er einmitt þetta, sem hefði átt að verða til þess, að hæstv. ríkisstj. hefði, áður en hún gekk frá samningum, átt að afla sér nánari vitneskju um sölumöguleika skipanna en hún hefur gert. Það getur vel verið, að það sé svo um fleiri, sem hafa á undanförnum árum fengizt við togaraútgerð, heldur en hin stærri togarafyrirtæki, að þeir telji sér hagkvæmara að leggja fé í önnur framleiðslufyrirtæki og hugsi sér ekki að gera út fleiri togara í framtíðinni en þeir hafa áður gert. Það var því full ástæða til fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga þetta betur. Mér virðist, að allt, sem fram hefur komið í málinu, ætti einmitt að verða til þess að hvetja hv. þdm. til að samþ. mínar brtt., svo að þegar verði gerð gangskör að því að athuga, hverjir vilja kaupa þessi skip, og að gerðir verði samningar við þá um það. Ég vil enn ítreka þá ósk mína að fá upplýsingar um það, hvort bæjarstj. Reykjavíkur vill gerast kaupandi að ⅔ af þessum skipum, að svo miklu leyti sem einstaklingar og félög í bænum gera það ekki. Ég sé, að hér er a. m. k. einn hv. þm. staddur, sem sæti á í bæjarstj., og er ekki ólíklegt, að hann geti gefið einhverjar upplýsingar um þetta atriði, sem sé hv. 8. þm. Reykv.

ATKVGR.

Brtt. 70,1 felld með 14:10 atkv.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, HB, IngJ, JJós, JS, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁÁ, KTh, BG.

EystJ, GSv, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK greiddu ekki atkv.

8 þm. (FJ, GÞ, GTh, JP, LJós, PO, ÞG, ÁkJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eysteinn Jónsson: Ég tel eðlilegt, að ríkisstj. geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiða fyrir innkaupum á bátum og skipum, enda sé það jafnframt tryggt, að kaupendur séu að þessum tækjum. Í sambandi við togarakaupin hefur þessa ekki verið gætt. Samningarnir um togarakaupin hafa farið fram alveg án samráðs við Framsfl., og er meðferð málsins mjög ábótavant að hans dómi. Samningar þessir eru hins vegar fullgerðir og bindandi nú þegar málið loks kemur til kasta Alþingis. Af þessu leiðir, að ekki er í rauninni hægt að hafa önnur afskipti af þeim málum en þau við atkvgr. að styðja brtt., sem bætt gætu að einhverju leyti úr því, sem vanrækt hefur verið. Ég greiði því ekki atkv. um frv.

Brtt. 70,2 felld með 15:10 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 6, 92).

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er flutt til staðfestingar á bráðabirgðal., og með þeim bráðabirgðal. aflaði stj. heimildar til kaupa á 30 togurum erlendis til að selja einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. Ég hef leyft mér að flytja við þetta frv. brtt. um að rýmka heimildina, sem stj. hefur, þannig að hún taki til kaupa á allt að 50 togurum í stað allt að 30 togurum. Rökin, sem ég tel, að réttlæti þessa heimild, eru þessi:

Það er upplýst í málsskjölum, sem hér fylgja meðferð málsins á þingi, að umsóknir um togara eru nú þegar allmiklu fleiri en 30. Raunar hef ég heyrt bornar brigður á það, að kaupendur stæðu á bak við allar þessar umsóknir, en ég hygg, að svo sé í flestum tilfellum. Ég vil geta þess, að í bæjarstj. Reykjavíkur hefur verið rætt um það, að bærinn keypti allmarga togara til eigin útgerðar, en það hefur ekki hlotið samþykki bæjarstj. En rétt er að geta þess, að 7 af 15 bæjarfulltrúum fylgdu þessu á sínum tíma, og er ekki ólíklegt, að málið verði tekið upp innan tíðar og fram komi ósk bæjarfélagsins um slíkt. Mér sýnist af því, sem ég hef nú nefnt, augljóst, að eftirspurn eftir togurum muni verða meiri en svo, að henni verði fullnægt með þeim 30 togurum, sem samið hefur verið um smíði á í Englandi. Mér sýnist augljóst, að ríkisstj. muni vera réttur aðili til þess að annast þessi togarakaup, og raunar er upplýst í þessum umr., að svo sé, og þá leiðir af þessu, að sjálfsagt er að gera heimildina, sem stj. er gefin, nokkuð rýmri en gert er ráð fyrir í frv.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að nokkur deila hefur um það staðið, hvort hinir nýju togarar ættu að vera með gufuvélum eða dieselvélum. Það upplýstist í þeim deilum, hvernig á því stendur, að niðurstaðan varð sú, að 28 af togurunum frá Englandi verða búnir

gufuvélum. Það er samkv. till. frá útgerðarmönnum, sem um þetta mál hafa íjallað. Nú vil ég á engan hátt bera brigður á kunnugleika þessara ágætu manna hvað snertir íslenzka útgerð. En ég get ekki komizt hjá að minna á það, að gufuvélin er nú alls staðar að víkja fyrir dieselvélinni. Í farþegaskipum er gufuvélin að hverfa og dieselvélin að koma í hennar stað, og við Ameríkustrendur mun vera fiskað eingöngu á togara með dieselvélum. Það er raunar rétt, að þar eru þeir útbúnir fyrir nokkuð aðrar aðstæður en hér, og erfiðleikar munu vera á því að fá nógu sterkar togvindur í sambandi við dieselvélar, en nú segja sérfróðir menn, að þeir erfiðleikar séu ekki lengur til staðar. Þetta mun hafa ráðið nokkru um það, að útgerðarmenn lögðu til, að keyptir væru gufutogarar, og íslenzkir sjómenn eru slíkum skipum vanastir, og fátt er um vélstjóra, sem hafa nokkra reynslu í að fara með dieselvélar. En mér finnst æskilegt, að jafnhliða því, að keyptir eru margir togarar knúðir gufuvélum, séu einnig keyptir nokkrir knúðir dieselvélum, og ég vildi láta þau orð falla til athugunar fyrir hæstv. stj., ef mín heimild verður samþ., hvort ekki sé rétt, að þeir togarar, sem kynnu að bætast í hópinn, yrðu dieseltogarar. Mér þykir sennilegt eftir upplýsingum, sem fengizt hafa frá Ameríku, að hægt væri að semja þar um smíði á dieseltogurum, gerðum eftir íslenzkum teikningum. Um þetta skal ég ekkert fullyrða, en það mundi koma á daginn, þegar stj. fengi viðtækari heimild en gert er ráð fyrir í frv., ef hún leitaði kaupa samkv. þeirri heimild.

Ef til vill mundi einhver ætla, að það hefði verið rétt, að ég flytti einnig brtt. við 2. gr. frv., þá gr. heimildarinnar að taka 60 millj. kr. lán. En ég hef ekki séð ástæðu til þess, því að það er vitað, að þessi lánsheimild mun vera svo rífleg, að engar líkur eru til, að til hennar allrar þurfi að taka vegna kaupa 30 togara, þar sem upplýst er, að kaupin ganga beint inn í kaupsamning stj., og virðist svo sem kaupendur séu fyrir hendi, ekki aðeins fyrir 30 togara, heldur fleiri. Ég tel því 60 millj. kr. lánsheimildina nægilega, þó að samþ. verði að breyta kaupheimildinni þannig, að hún nái til allt að 50 togara.

Umr. frestað.

Á 26., 29. og 31. fundi í Nd., 7., 9. og 13. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur flutt brtt. við 1. gr. frv. um, að ríkisstj. hafi heimild til að kaupa 50 nýja togara í stað 30. Ég óska ekki eftir, að þessi till. verði samþ., enda hefur hún enga jákvæða þýðingu.

Þegar þetta mál var rætt í stj., bar stj. öll saman ráð sín um, hvaða frumkvæði og framkvæmd stj. þyrfti að hafa í þessu efni til að tryggja, eftir því sem hún taldi heppilegast, hagsmuni þjóðarinnar. Í þeim viðræðum kom ekki fram neinn vilji um það, að farið væri lengra en gert er með frv. Það var að vísu á frumstigi þessa máls látin í ljós sú ósk, að ef ekki tækist að fá í Bretlandi og einnig í Svíþjóð meira en 15 skip eins og þá horfði, þá yrði tekið til athugunar, hvort ekki þætti möguleiki á að kaupa skip frá Ameríku, þó að fyrir lægju upplýsingar um, að þau væru dýrari og einnig kannske óhentugri, og hæstv. dómsmrh. varpaði eitt sinn fram þeirri uppástungu, hvort ekki væri rétt, að stj. festi kaup á 30 togurum í Bretlandi og sjá svo, hvernig því yndi fram. Í öndverðu hafði ég hugsað mér, að stj. hefði fyrst og fremst þau afskipti af málinu að leitast við að tryggja Íslendingum rétt til að byggja skip í Bretlandi eða annars staðar og létta fyrir einstaklingum að hagnýta þau leyfi. En það kom í ljós, að ef átti að tryggja Íslendingum á annað borð þennan rétt til að byggja, þá varð stj. sjálf að festa kaup á skipunum, og var horfið að því ráði. Við bundum okkur þá við 30 togara, án þess að nokkur uppástunga kæmi fram um frekari rétt í þessu efni. Við gerðum þetta í fyrsta lagi af því, að við töldum þetta hæfilega í sakirnar farið. Í öðru lagi hafði nýbyggingarráð stungið upp á, að við héldum okkur við töluna 30. Við fengum svo rétt til að láta byggja 30 togara í Bretlandi, og við það vil ég láta sitja í bili, hvað sem öðru líður, og af þeim ástæðum tel ég óþarft að samþ. þessa till. og því fremur, sem hún er nokkuð út í bláinn, því að þær upplýsingar, sem við höfum í dag, hníga að því, að þess væri ekki kostur að gera skynsamlega samninga um byggingu fleiri togara, eins og sakir standa. Mér er tjáð, að nú séu allar brezkar skipasmíðastöðvar uppteknar fram á árið 1948. Mér er einnig tjáð, að jafnvel þótt takast mætti að fá einhver skip byggð í Svíþjóð, þá mundu þau verða mjög miklu dýrari en þau, sem nú hafa verið fest kaup á. Mér er einnig tjáð, að ef ætti að snúa höfðinu í vesturátt og leita fyrir sér þar, þá væru sams konar skip og þau, sem við höfum fest kaup á í Bretlandi, afar miklu dýrari í Bandaríkjunum og afar hæpið, að þau gætu fengizt byggð þannig, að viðunandi öryggi væri fyrir, að þau hentuðu okkur eins og brezku skipin. Af þessum ástæðum einnig tel ég, að till. sé þýðingarlaus, eins og sakir standa. Ég vil einnig taka fram, að ég tel ekki viturlegt að stýra hærra en gert hefur verið, þar til nýbyggingarráð hefur lagt fram heildarskýrslu um meiri þörf þjóðarinnar annars vegar og gjaldeyris- og mannorku hins vegar. Það mætti segja, að út frá þessu sjónarmiði væri till. meinlaus og gagnslaus. Ég óska samt, af því að ég tel hana gagnslausa, að hún verði ekki samþ., og það, sem fyrir mér vakir, er, að ég vil, að till. stj. hér á þingi styðjist við raunveruleikann, það sem við meinum, en ekki nein leiktjöld. Ríkisstj. hefur ekki fengið orð fyrir, að hún væri sporlöt til framfara, og sumum hefur þótt nóg um, hvað hraðgeng hún er. Ég álít, að allir, sem vilja unna stj. sannmælis, geti fallizt á, að hún hafi ekki látið undir höfuð leggjast, eftir því sem fremsta geta hefur staðið til, að efna þau fyrirheit, sem

hún hefur gefið á sviði þeirra mála, sem hún tók að sér að framkvæma, heldur hafi hún eiginlega gengið fullt svo langt sem þeir bjartsýnustu hafa vonazt eftir. Og einmitt af því að ég vil, að áfram haldi sá alvörublær, sem hefur einkennt efndir stj. í þessu efni, þá vil ég ekki, að till. sé samþ., því að ég hef ekki trú á, að hún verði framkvæmd. Ég vil einnig leiða athygli að því, að till. hefur verið flutt án þess að það hafi verið orðað við mig, og þó er ég að flytja hér frv. fyrir hönd ríkisstj., en ekki sem þm. G.-K. Og ef á að gera þá breyt. að heimila kaup fyrir 50 skip í stað 30, þá hefði ég viljað, að þessu fylgdi alvara, að jafngóður stuðningsmaður stj. og hv. flm. till. talaði um það við mig, en hann eða hans flokksbræður hafa ekki gert það. Ég lít þess vegna þannig á, að í bili sé engin þörf fyrir frekari heimild, og ég álít, að þótt við fengjum hana, hefðum við ekki möguleika til að hagnýta hana fyrr en 1948, og ég óska ekki eftir till. af þessum ástæðum, því að ég vil, að till. okkar feli í sér það, sem við ætlum að gera, en ekki það, sem við ætlum ekki að gera. En ég vil segja skýlaust, að ef við verðum varir við það við sölu þessara togara, sem nú er búið að festa kaup á, og ef nýbyggingarráð telur fært að ganga lengra, mun stj. taka málið til nýrrar athugunar, og ég veit, að stuðningsmenn stj. þurfa ekki að óttast, að hún muni veigra sér við að fullnægja þeirri þörf, sem er raunveruleg, hvort sem það yrði gert á síðara stigi þessa máls eða flutt nýtt frv. eða gefin út bráðabirgðal. Stj., sem hefur talið fært að gefa út bráðabirgðal. um að ráðast í kaup á 30 togurum, mun ekki síður telja fært, þegar búið er að selja þá, að ganga lengra, ef þörf krefur og ástæður leyfa. Ég vil því helzt mælast til, að hv. flm. vildi taka till. sína til baka.

Ég þarf svo ekki að segja fleira á þessu stigi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. var ekki staddur í d., þegar ég flutti framsöguræðu fyrir þessari till. (*PZ:* Það er nú ekki óvanalegt.) Höfuðrökin fyrir till. eru þau, að eftirspurn er eftir fleiri togurum en þeim 30, sem hæstv. stj. hefur nú fest kaup á. Það hefur verið dregið í efa hér á þingi, að kaupgeta stæði á bak við allar þessar óskir. Ég sé ekki, að það sé á verulegum rökum reist, því að ósennilegt er, að einstaklingar eða félög fari að leita heimilda fyrir kaupum, nema tryggt sé, að kaupgeta sé fyrir hendi og alvara fylgi máli. Þetta er fyrsta atriðið, sem ber að leggja áherzlu á í sambandi við þessa litlu till. mína.

Annað atriðið er það, sem greinilega kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh. fyrir málinu á sínum tíma, að nú á tímum eru ýmiss konar vandkvæði á svo stórum viðskiptum sem skipakaup eru nema fyrir meiri og minni íhlutun stj. Slík mál eru að meira og minna leyti milliríkjamál. Við verðum því að gæta þess, að jafnvel þótt einstaklingar kynnu að eiga þess kost að kaupa togara eða önnur stór skip án milligöngu stj., þá tel ég málinu stórlega miklu betur borgið með því, að stj. hafi þar milligöngu. Mér þykir því að öllu þessu athuguðu ekki nema rétt og sjálfsagt að gera þá heimild víðtækari, sem hæstv. stj. mundi fá með þessum l., heldur en þá heimild, sem hún aflaði sér með bráðabirgðal. Það er eðlilegt, að stj. vildi með setningu bráðabirgðal. ekki ganga lengra en hún taldi nauðsyn á því stigi málsins, en hitt er alveg ljóst, eins og greinilega kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að væri eftirspurnin meiri en hægt væri að fullnægja með núverandi heimildum, að þá vill hæstv. stj. beita sér fyrir, að þar verði úr bætt. Og þá finnst mér í alla staði eðlilegt og sjálfsagt, að hæstv. stj. sé gefin heimild til þess, því að ég ber fullt traust til hennar, að hún misbeiti henni ekki. Ég held, að hún noti hana því aðeins, að eftirspurn sé eftir þessum skipum og hægt sé að komast að svo hagkvæmum samningum, að viðunandi sé.

Hæstv. ráðh. segir, að fyrir liggi, að því nær sé ókleift að kaupa fleiri togara. Hann veit auðvitað betri skil á því en ég, en ég leyfi mér þó að draga í efa, að fram hafi farið fullkomin rannsókn á því, og ég held, að þvert á móti séu líkur til, að í Ameríku megi fá byggða togara og það fyrir viðunandi verð. Ég skal ekkert um það fullyrða, en ég veit, að hæstv. stjórn mundi rannsaka það, ef hún fengi þá heimild, sem ég legg til, að henni sé gefin, og eins og ég áðan tók fram, treysti ég henni til að gera það eitt í málinu, sem skynsamlegt getur talizt.

Ég tek undir það, að full alvara hafi verið um framkvæmdir á þeim innkaupsáformum, sem hæstv. stjórn hefur haft með höndum, og svo á einnig framvegis að vera, en þessar till. eru ekki til þess fallnar að draga úr því, heldur aðeins til þess að gefa hæstv. stj. nokkru víðtækari heimild, af því að ég tel sjálfsagt að kaupa fleiri skip af þessu tagi, ef eftirspurn er fyrir hendi og hægt er að fá skipin með þeim kjörum, sem bærileg geta talizt.

Ég mun svo ekki sjá ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum og ekki sjá ástæðu til að taka till. til baka, þó að ég beri fullt traust til hæstv. stj., að hún muni leita fyrir sér um skipakaup síðar meir, jafnvel án þess að hafa heimild, en mér sýnist þó betra fyrir hana að hafa heimildina en að hafa hana ekki.

Forsrh. (Ólafur Thors): Hv. flm. till. (SigfS) sagði, að það lægju fyrir fleiri umsóknir um togara en þá 30, sem samið hefur verið um smíði á í Englandi. Ég tel nú að vísu, að með þátttöku Reykjavíkurbæjar í togarakaupunum megi menn gera sér góðar vonir um, að ríkisstj. losni við togarana. En ég álít hins vegar ekki rétt að orða þetta með meiri bjartsýni en í þeirri yfirlýsingu kemur fram. Og ef það sýnir sig 1. des., þegar menn eru búnir að skila umsóknum sínum um kaup á þessum skipum og færa sönnur á gjaldgetu sína, að þörfin eftir skipum er meiri en hægt er að fullnægja, þá mætti segja, að slík till. hefði þýðingu, og þó því aðeins, að möguleiki væri fyrir hendi til að fá skip. Við skulum bíða til fyrsta des. og sjá til, hvað kemur á daginn. Og ég hygg, eins og ég hef áður sagt, þó að ég geri mér von um að losna við skipin með aðstoð Reykjavíkurbæjar, þá er ekki líklegt, að menn óski eða hafi gjaldgetu til

að ganga lengra. Og þó svo væri, þá er náttúrlega líka ástæða til að athuga, hvað Nýbyggingarráð og ríkisstj. telur rétt að fara langt í því að festa gjaldeyri til kaupa á þessum skipum umfram þá 80 eða 100 mótorbáta, sem búið er að festa kaup á. Ég tel alveg sjálfsagt að nota fjármuni ríkisins til að byggja upp atvinnulífið. En ég álít líka sjálfsagt að gleypa ekki við hverjum möguleika, heldur hagnýta þetta fé á sem skynsamlegastan hátt með réttlátri deilingu á hinum ýmsu þörfum í þessu þjóðfélagi, þar sem allt er í nýsköpun og verkefnin bíða eftir fjármagni og framkvæmdum. En það, sem veldur því, að ég tel till. gagnslausa, er fyrst og fremst það, að ég er þeirrar skoðunar, að þótt samþ. verði að kaupa fleiri skip, þá er þess enginn kostur fyrr en eftir mitt árið 1948. Ég er ósammála till.manni um það, að fá megi togara í Bandaríkjunum fyrir viðunandi verð. Það er ekkert samræmi í því við þær upplýsingar, sem við höfum fengið og fyrir liggja. Og það síðasta, sem í mín eyru hefur verið sagt um það, er, að slík skip í Bandaríkjunum mundu verða allt að helming dýrari og afar vafasamt að þau gætu orðið svipað því eins hentug og trygg fyrir okkar þarfir eins og brezku skipin. En hv. þm. segir að þetta sé þó vafamál. Hver segir þá, að ekki sé rétt að kaupa slík skip, þó ekki sé fyrr en eftir mitt ár 1948? Hver þorir endilega að vera viss um, að þetta breytist ekki í Ameríku á þeim tíma? Það kann að mega segja, að heimildin skaði ekki, en ég segi hins vegar, að ég óska ekki eftir till., vegna þess að ég vil, að till., sem stj. ber fram, markist við það, sem hún getur gert sér vonir um að framkvæma, og ég tel ekki hyggilegt, þó að ég gæti, að gera samninga um fleiri skip. Ég álít hyggilegt af okkur að ráðstafa ekki frekar fjármunum fyrir hönd þjóðarinnar til frekari bygginga á slíkum skipum, sem ættu að koma seint á árinu 1948. Ég álít ekki hyggilegt að ganga lengra en búið er að gera. Ég álít, að sú alvara, sem ríkt hefur í starfi okkar, megi halda áfram, og ég hef ekki trú á því, að þó að þessi till. yrði samþ., að hún verði framkvæmd. Og að allra síðustu lít ég svo á, að stjórnarliðar þurfi ekki að þrengja upp á stj. till., þar sem þeir mega treysta henni til, ef aðstæður breytast, að halda áfram þessum framkvæmdum. Ég met það meira að vera ekki að fá heimild í dag, sem ég tel gagnslausa, því að stj. mundi standa um það, eftir sem áður, ef þörf krefur. En það er ekki heppilegur blær á því að samþ. það, sem enginn trúir, að verði framkvæmt. Ég segi það við hv. þm., að þetta minnir dálítið á það, þegar Framsfl. var í fyrra að þröngva upp á okkur till. um strandferðaskip, áður en rannsókn þess máls hafði farið fram. Þegar rannsókn hafði sýnt, að þetta féll vel inn í nýsköpunarkerfi okkar, þá gerðist það, að þessi ríkisstj. bar málið fram og framkvæmdi það. En það hefur ekki verulega góðan blæ á sér, ef ríkisstj. ber það fram, sem hún hefur ekki trú á, að verði framkvæmt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Við 2. umr. þessa frv. bar ég fram fyrirspurn í tilefni af samþykktum, sem gerðar voru í bæjarstj. Reykjavíkur, um togarakaup. Ég fékk ekkert svar við þeirri fyrirspurn í það sinn. En í upphafi þessarar 3. umr. kom svar við fyrirspurn minni í ræðu hv. 8. þm. Reykv. (SigfS). Hann upplýsti sem sagt, að enn þá hafi bæjarstj. Reykjavíkur ekki óskað eftir að kaupa neitt af þeim togurum, sem ríkisstj. er búin að festa kaup á, þrátt fyrir þær samþykktir, sem ég gat um, að gerðar hafa verið í bæjarstj. Reykjavíkur um togarakaup. Að vísu sagði hv. 8. þm. Reykv., að 7 af 15 bæjarfulltrúunum mundu vilja kaupa togara, en ekkert er um það ákveðið, enda skilst mér, að fleiri en 7 af 15 þurfi að óska þess, svo að af framkvæmd verði. Engin skýring kom fram á því hjá hv. þm., hvernig á því stendur, að bæjarstj. hefur ekki, í framhaldi af samþykktinni í sumar, óskað eftir að fá neitt af þessum nýju skipum, og skal ég ekki segja neitt um það, hvernig í því máli liggur. E. t. v. er það svo, að áhugi fyrir kaupunum hafi ekki verið eins mikill og þessi samþykkt bæjarstj. gaf til kynna, og e. t. v. stafar það af því, að forráðamenn bæjarins hafa komizt að þeirri niðurstöðu, eftir nánari athugun, að það mundu ekki vera hagkvæm kaup á þessum togurum, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um. Fleiri ástæður geta komið til greina. Ég skal ekkert um það segja, hvernig þessu er raunverulega varið.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að ríkisstj. yrði að teljast réttur aðili, til að annast slík skipakaup fyrir landsmenn. Það skal ekki lastað, að hæstv. ríkisstj. greiði fyrir slíkum skipakaupum og útvegi skip og önnur framleiðslutæki fyrir landsmenn eða hafi milligöngu um útvegun þeirra, ef líkur eru fyrir því, að með því móti fáist hagkvæmari kaup en ella. En mér virðist fengin reynsla benda til þess, að hæstv. núv. ríkisstj. takist ekki betur útvegun nýrra skipa en öðrum. Það er t. d. kunnugt, að einstaklingar eiga kost á að fá báta fyrir miklu hagstæðara verð en er á þeim bátum, sem ríkisstj. fær smíðaða hér innanlands. Hvort hæstv. ríkisstj. kunni að takast betur að útvega stærri en smærri skip, skal ég ekkert fullyrða. En meðferð þessa máls, er við kemur togarakaupunum, hefur á ýmsan hátt verið öðruvísi en átt hefði að vera, og þætti mér ekki ósennilega til getið, að kæmi í ljós á næstu árum, að einstaklingar ættu kost á að gera hagkvæmari kaup en ríkisstj. hefur ráðizt í.

Það er fyrst nú þessa dagana, sem nýbyggingarráð auglýsir eftir kaupendum að þessum skipum, og það er engin vissa fyrir því enn sem komið er, að kaupendur fáist að þeim öllum, hvað þá fleirum. Það var að vísu talið í sumar og haust, að einstakir menn og félög hafi óskað eftir að kaupa yfir 40 togara, en ekkert liggur fyrir um það, svo vitað sé, að þeir vilji kaupa þessi skip. Einnig mun vera mjög vafasamt um kaupgetu margra þeirra, sem þar eiga hlut að máli. Það, sem ég tel nú að eigi að gera, er að reyna að selja þá togara, sem keyptir eru, eins og ég hélt fram við 2. umr. þessa máls og flutti till. um. Ég tel fráleitt að veita stj. frekari heimild til togarakaupa að svo stöddu.

Hæstv. ráðh. var áðan í ræðu sinni að tala um þá brtt. sem 8. þm. Reykv. hefur lagt fram, og í sambandi við það að minnast á leiktjöld. Ég held, að það sé vel til fundið hjá hæstv. ráðh. að minnast á sjónleik í þessu sambandi. Það hljóta allir að geta skilið, að það geti verið óþægilegt fyrir leikstjórann, ef einhver af leikendunum fer að koma með breytingu á leikritinu inn á leiksviðið, þegar sýning stendur sem hæst, án þess að ráðfæra sig við leikstjórann. Mér finnst því mjög eðlilegt, að hæstv. ráðh. setji ofan í við þennan stuðningsmann sinn, hv. 8. þm. Reykv., fyrir þá brtt., sem hann hefur flutt án þess að ráðgast um það við yfirmann sinn.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég held nú, að í þessari ræðu hv. þm. V.-Húnv. (SkG) hafi komið fram í senn leikmennska og leikaraskapur, því að hvort tveggja virtist hafa komið í ljós, að hann vissi ekki gerla, hvað hann var um að tala, og alvaran var ekki geysimikil. Varðandi togarakaup Reykjavíkurbæjar vil ég upplýsa hv. þdm. um það, hvað gerzt hefur, og það er það, að snemma á þessu sumri ákvað bæjarstj. með shlj. atkv. að óska eftir því, að Reykjavík fengi ⅔ hluta þeirra togara, sem í ráði var að kaupa til landsins. Og jafnframt ákvað bæjarstj., að bærinn gerðist kaupandi þeirra togara, sem einstaklingar og félög óskuðu ekki eftir. Þegar svo síðar var upplýst, að ríkisstj. ætti kost á að kaupa 30 togara til landsins, þá endurnýjaði bæjarstj. umsókn sína á þá lund að óska eftir að fá ⅔ eða 20 togara til bæjarins og jafnframt, að bærinn sem slíkur mundi þá kaupa þá togara, sem einstaklingar og félög óska ekki eftir. Nú hafa verið fest kaup á þessum togurum, og stendur bæjarstj. Reykjavíkur við fyrri samþykktir sínar í málinu, en að henni standa allir bæjarfulltrúarnir. En annað mál er það, sem hv. þm. V.-Húnv. var að spyrja um, hvort bæjarstj. mundi einnig samþykkja þá kaupskilmála, sem nú liggja fyrir. Ég get ekki svarað þessu fyrir hönd bæjarstj., því að ég hef engan rétt til að tala í hennar nafni. Mín skoðun er sú, að hún verði sammála um að ganga inn á þá samninga, sem gerðir eru. Einstaklingar og félög kaupa það, sem þau vilja. Svo ruglar þm. V.-Húnv. því saman, að fulltrúar í bæjarstj. óska eftir því, að bærinn keypti aðra 10 togara, sem hann gerði út sjálfur, vegna þess að þessi till. hefur aðeins fylgi 7 bæjarfulltrúa. Málið liggur þannig fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. megi svipta af sér öllum áhyggjum af því, að Reykjavíkurbær standi ekki við þá samþykkt, sem gerð hefur verið með 15 shlj. atkv. Ég tel, að ekki komi annað til mála en að bærinn telji sig fúsan til að ganga inn á þá skilmála, sem fyrir hendi eru.

Út af ræðu hæstv. forsrh. skal ég fátt eitt taka fram. Ég hef fært fram rök fyrir minni till., sem ég tel, að fram hafi þurft að koma og séu fullgild. Ég vil segja í sambandi við hans yfirlýsingu um það, að hann sé ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til þess, hvort gjaldeyri okkar eigi að verja til þessara framkvæmda eða annarra fremur, þá er það rétt, að það er eðlilega hlutverk Nýbyggingarráðs að athuga það og gera grein fyrir því, til hverra nota gjaldeyrinum á að verja. Það er líka rétt, að Nýbyggingarráð hefur ekki tekið ákvörðun um það mál, hvort heppilegt sé að veita meiri gjaldeyri til frekari togarakaupa en þessara 30 togara, en það er þó jafnfróðlegt að geta þess, að minn flokkur, Sósfl., hefur gert sér grein fyrir því, að eðlilegt væri að ganga lengra í togarakaupum svo fljótt sem þess er kostur, þar sem vitað er, að flestir eldri togararnir eru í því ástandi, að þeir munu fljótlega hætta sjósókn, þegar ný og betri skip eru komin með í reksturinn. Og þó að við fáum 30 nýja togara, mun togaraflotinn ekki verða jafnstór og hann var áður. Till. er því undirstrikun mín og minna flokksmanna á því, að rétt sé að leggja meiri áherzlu á togarakaup en orðið er, og ég vænti þess, að Nýbyggingarráð komist að sömu niðurstöðu. Mér finnst þess vegna eðlilegt, að stj. fái nú þegar þessa heimild, sem hún vissulega mun nota á þann hátt, sem menn telja æskilegast á hverjum tíma. Ég skal viðurkenna það, að ég stend ekki jafnvel að vígi og hæstv. forsrh. að ræða um verðlag erlendis á togurum og möguleika til að afla þeirra. Ég hef heyrt það haft fyrir satt, að það hafi komið fram tilboð um kaup á togurum frá Ameríku, sem hafa verið miklu dýrari en togararnir, sem búið er að semja um kaup á í Bretlandi. Ég viðurkenni líka, að þeir togarar munu ekki vera að öllu leyti sniðnir við okkar hæfi, og það er tvímælalaust, að ef við kaupum togara frá Ameríku, þá verður að senda þangað teikningar til að byggja togarana eftir. En það liggur ekki fyrir, svo að mér sé kunnugt, fyrir hvaða verð hægt er að fá slíka togara. Ég tel, að það væri í alla staði rétt að afla þessara upplýsinga. — Ég geri ráð fyrir því, að ég hafi ekki miklu meira um þetta tiltölulega einfalda mál að ræða. Till. er fábrotin og þarf ekki frá minni hálfu frekara rökstuðnings við.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er aðeins út af síðustu ræðu flm. till., hv. 8. þm. Reykv. Það er áreiðanlega rétt hjá honum, að það er hægt að fá togara í Ameríku, sem eru helmingi dýrari en þessi skip, sem keypt eru frá Bretlandi, en eru þó á engan hátt sambærileg skip. Og ég vil minna á það, að þegar við fáum togarana, þá eru þau skip talin fullkomin skip af þessari stærð, sem þá væru byggð fyrir okkur í Bretlandi. Og þegar við höfðum breytt þessum sömu skipum og stækkað þau um 5 fet og fengið ýmislegt annað til að fullnægja ísl. kröfum, þá kostuðu skipin ekki 72 þús. £, heldur 98 þús. £. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, mundu bara sambærileg skip verða afar miklu dýrari í Ameríku en í Bretlandi. Það sjá menn bezt af því, að í upplýsingum ríkisstj. í þessum efnum komu gleggst fram þær staðreyndir, að í Ameríku var hægt að fá togarana miklu fyrr en í Bretlandi. Að ekki var látið smíða skipin þar, var vegna þess, að í Ameríku voru skipin miklu dýrari, auk þess sem ekki þótti sama um öryggi þeirra og ágæti og hinna brezku skipa. Hitt er auðvitað auðskilið mál, að það er miklu

aðgengilegra að fá skipin fyrr en síðar. Ég endurtek það að lokum, að ég legg megináherzlu á, að þær till., sem stj. tekur við, séu þess eðlis, að hún hafi trú á framkvæmd þeirra. Ég trúi ekki á að framkvæma þessa till., og þess vegna óska ég ekki eftir að hún verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja ræðu hv. þm. V.-Húnv. (SkG). Hann talaði um leiksvið og vandann á því að leika. Honum er enginn vandi að leika á þessu leiksviði, því að hann og hans flokkur leika þá sorglegu „rullu" að vera á móti öllu þörfu, sem fram er borið. Það er enginn öfundsverður af því. En að því þarf enginn að spyrja, hvað hann á að segja, því að hann á aðeins að segja nei við öllu, sem stjórnin ber fram. Þó að „rullan" sé auðlærð, þá er það engan veginn ánægjulegt fyrir þann, sem á að flytja hana.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Ég vil taka það fram hér, að ég er þeirrar skoðunar og ég hygg, að sú skoðun sé almenn í mínum flokki, að 30 togarar væri ekki nægilegt fyrir þjóðina, þó að búið væri að gera samninga um kaup á 30 skipum. Ég var ekki viðstaddur í ríkisstj., þegar gengið var frá þessu máli í sumar. Mér fannst ekki ástæða til að fara lengra í samningum þá, því að það hefði aðeins orðið til þess, að við hefðum fengið þau skip, sem hefðu orðið umfram 30, einhvern tíma síðar. Ég vil ekki á neinn hátt fullyrða, að höfuðástæðan fyrir því, að ekki var leitað til Ameríku, hafi eingöngu verið verðið. Að vísu var verðið töluvert hærra en í Englandi, þó mun það aðallega hafa ráðið, að reyndir menn í þessum atvinnuvegi, togaramenn og aðrir, sem starfað hafa við togaraútgerð, þeir höfðu ekki trú á amerískum togarabyggingum. Þeir höfðu meiri trú á enskum byggingum. Það er því engin fjarstæða, að þeir togarar, sem Ameríkumenn smíða handa sjálfum sér, eru ónothæfir fyrir Íslendinga við strendur Íslands. Hins vegar eru skipasmíðastöðvar í Ameríku nú tilbúnar að smíða togara eftir óskum og teikningum frá okkur. Að nokkru leyti hefur verið gerð lausleg áætlun um kostnað, en ekki fullkomin áætlun, og er talið, að togari geti kostað innan við 3 millj. króna, sem sé nokkru dýrari en þessi skip kosta í Englandi. (*Forsrh.:* Hve stór eru þau skip?) Þau eru 166 fet. Þetta verð hækkar kannske nokkuð, ef áætlunin verður endurskoðuð með tilliti til þeirra krafna, sem hér eru um skipasmíðar. Þó getur það nokkuð vegið upp á móti slíku, að verkstæði og fyrirtæki í Ameríku hverfa nú óðum frá framleiðslu í þarfir hernaðarins og verða þar af leiðandi starfslaus, þannig að ég tel ekki fullreynt um þetta. Ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel engar líkur til þess, að stj. sitji uppi með togarana og geti ekki selt þá, en það eru höfuðrökin hjá andstæðingum stj., að fáir muni fást til þess að kaupa togarana. Ég álít, að það dugi ekki eingöngu að fara eftir kaupgetu þeirra, sem áhuga hafa fyrir skipunum. Eftir því sem við gerum hærri kröfur um lánveitingar, þeim mun færari verðum við um að kaupa þessi skip. Ég held, að rétt sé að athuga þjóðhagslega, hvað við þurfum marga togara á næstu 5 árum. Þetta þarf að rannsaka þjóðhagslega, síðan þarf að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að útvega þessa togara, burtséð frá getu einstaklinga til þess að kaupa þá og reka. Það er enginn vafi á því, að það eru til margir staðir á landinu, — kannske vesalt smáþorp, — sem eru heppilegir til togaraútgerðar, en enginn einstaklingur þar, sem gæti lagt fram neitt fé til útgerðar, og þá gæti það verið þjóðhagslega sjálfsagt að láta togara í þetta pláss og lána því alla upphæðina. En þegar farið væri út í það að lána 100%, þá væri sjálfsagt að binda það því skilyrði, að einstaklingar væru ekki látnir hagnast á því, en þjóðfélagið látið taka á sig alla áhættuna, heldur yrði að miða við það, að sýslufélög eða bæjarfélög væru eigendur þessara skipa. Þetta er allt til athugunar. Það er enginn vafi á því, að menn telji æskilegt að gera út togara. Það er komin reynsla á það, að það er arðbærasti útvegur okkar, sá hluti útgerðarinnar, sem beinlínis hefur haldið útgerðinni uppi. Þaðan er komið meginið af þeim gróða, sem komið hefur inn í landið. Ég vil slá því föstu, að ef sjávarútvegur okkar verður rekinn með þeim hætti, að einhver vill kaupa vörur okkar, þá verða togararnir arðbærustu atvinnutækin, sem við höfum, þess vegna á ríkisvaldið að hafa það í hendi sinni, hvað það vill láta setja marga togara í gang. Ég er ekki með þessu að segja, að það eigi að kaupa ótakmarkaðan fjölda togara og sáldra þeim út um landið; þarna þarf að setja reglur um. En við megum ekki gleyma því að við þurfum að gera okkur heildarmynd af þessu; ég álít, að það eigi að ákveða togarafjöldann, en ekki kaupgetu einstaklinganna. Ég held, að 30 togarar sé ekki nóg. Það má búast við, að nokkrir af þeim togurum, sem nú eru reknir, séu ósamkeppnisfærir við hina nýju togara og eins við hina erlendu togara eftir skamman tíma. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að það er ekki höfuðatriði, hvort þessi till. er samþ., ég tel aðeins að í henni komi fram skoðun Sósfl. um, að það sé ekki nægilegt að binda sig við 30 nýja togara. Bak við till. liggur ekki sérstök rannsókn, heldur er hún vottur um það, að ekki hafi verið gengið nógu langt í þessu og það beri að halda áfram rannsókn á því, hvort hægt væri að fá skip með þeim kjörum, sem við viljum sætta okkur við.

Hv. þm. V.-Húnv. hélt því fram, að það mundi koma á daginn, að eftir nokkur ár mundi verða hægt að fá togara með hagkvæmara verði en þessa togara ríkisstj. Það mun vera alveg rétt, að þessir togarar munu verða dýrari en nokkrir aðrir togarar, sem smíðaðir hafa verið af þessari stærð, en það byggist á því, að við gerum hærri kröfur en nokkur önnur þjóð. Þessir togarar vekja athygli ekki einasta í Bretlandi, heldur víðar, og ég tel, að þessir togarar munu verða okkur til sóma. Það er vert að athuga, að þó að togarar fengjust ódýrari eftir 2—3 ár, þá er ekki víst, að þessir togarar yrðu neitt dýrari, þegar búið væri að draga frá verði þeirra það, sem þeir hefðu aflað á þeim tíma. Það er einu

sinni svo, að þjóðin getur ekki sætt sig við að bíða með það að fá atvinnutæki, þangað til verðlag lækkar; hún vill fá atvinnutækin strax, og ég býst við, að það sé hagkvæmara að fá atvinnutækin svo fljótt sem mögulegt er, þó að þau séu dýrari, en að stofna til vandræða og atvinnuleysis með því að bíða eftir að verðlag lækki.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að ég tel það rétt, að stj. mundi hafa tekið þetta mál til athugunar þrátt fyrir það, þó að þessi till. hefði ekki komið fram, og ef það kemur fram, sem ég tel enga fjarstæðu, að þessir 30 togarar reynist of fáir, þá mundi stj. hafa tekið þetta mál til yfirvegunar með það fyrir augum að flytja inn fleiri togara, ef það yrði talið heppilegt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í ræðu hæstv. atvmrh.; ég vil aðeins undirstrika það, sem hann sagði, að stj. mundi hafa gert það sama í þessu máli, hvort sem þessi till. hefði komið fram eða ekki, og það er ekkert höfuðatriði, hvort till. er samþ. Ég verð að telja, að það sé heldur verra, að till. sé samþ., úr því ekki liggur fyrir, að hægt sé að framkvæma hana, því að það er alveg vitað mál, að þetta er í athugun hjá stj. Með þessum forsendum ber að líta á till. sem stefnuyfirlýsingu Sósfl. um það, að það beri að verja meiru af fjármunum þjóðarinnar í þessu skyni en því, sem gert er ráð fyrir í frv., sem hér um ræðir. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, að stefnuyfirlýsing komi fram í sölum Alþ., en ég hefði kunnað betur við, að sú stefnuyfirlýsing hefði komið fram í viðræðum þeirrar stj., sem stendur að flutningi þessa frv. Ég álít, að þar sem við vinnum saman, væri fullt eins eðlilegt, að slík stefnuyfirlýsing kæmi á vegum ríkisstj. allrar og þyrfti þá ekkert að bera á milli. Hæstv. atvmrh. sagði, að till. skipti engu máli, því að þessi stj. mundi halda áfram að rannsaka málið, og ef hún teldi það í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar að kaupa fleiri togara, þá mundi hún afla sér til þess heimildar. Stj. þarf ekkert að óttast, þó að hún taki þá heimild með bráðabirgðal., því að hún þekkir vilja þeirra manna, sem að henni standa; hitt er meginatriðið, hvaða trú við höfum á þeim möguleikum að festa kaup á skipum í Ameríku. Ég álít raunar, að við þurfum ekki að hafa neina trú í þessum efnum, með því að fyrir liggur reynsla dómbærra manna um, að þessi skip munu ekki henta okkur Íslendingum. En þar sem þessi 166 feta skip í Ameríku mundu kosta 3 millj., geri ég ráð fyrir, að 175 feta skip mundu kosta 3,5 millj., og 4,5 millj., þegar búið væri að breyta þeim eins og skipunum frá Bretlandi. En slík skip mundu kosta 2½ millj. í Bretlandi. Ég teldi því ekki fært að fara inn á þá braut. — Ég held þess vegna fast við það, að núv. stj. þarf ekki á slíkri till. að halda; hins vegar getum við svo rætt um þetta bráðlega eins og svo mörg vandamál, sem hefur þurft að leysa í ríkisstj.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af því, sem hv. forsrh. sagði, að okkur bæri ekkert á milli, vil ég taka það fram, að það, sem okkur ber á milli, er það, að ég er sannfærður um það fyrirfram, að rétt sé að miða við að kaupa fleiri en 30 togara, en hann er sannfærður um, að það sé ekki rétt að kaupa fleiri en 30 togara. Í öðru lagi er ég sannfærður um, að reynslan mun sýna, að þörf er fyrir fleiri en 30 togara, og þegar sú reynsla væri komin fram, þá væri ég mjög vongóður um, að stj. mundi verða tilleiðanleg til þess að leysa þetta mál. Miðað við það, sem fram hefur komið í bæjarstj. Reykjavíkur, að bærinn fengi 20 togara, ætti Hafnarfjörður að fá 7 togara, og þá eru ekki eftir nema 3 fyrir allt landið. Virðist af þessu vera ljóst, að þörfin fyrir togara er miklu meiri en sem nemur þessum fjölda. En það er bezt að láta reynsluna skera úr um þetta. Náttúrlega er enginn vandi að skrúfa niður eftirspurnina með því að hindra þá menn, sem ætla sér að fara út í togarakaup, í því að fá viðunandi stofnlán. Nýbyggingarráð flytur frv. um þetta, og verði það samþ. í svipuðu formi og það kom frá því, þá verða þessi mál leyst á viðunandi hátt, og mun þá koma í ljós, að það er þörf fyrir fleiri togara en 30. Ef Alþ. vill fallast á, að rétt sé að miða við fleiri skip en 30, samþ. það till., en sé það á öðru máli, fellir það hana.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það gætir aðeins dálítils misskilnings hjá hæstv. ráðh. um mína skoðun á málinu. Ég hef sagt, að ég hafi ekki öðlazt sannfæringu um, að það eigi að ákveða þetta í dag, — annað hef ég ekki sagt. Við höfum fengið í lið með okkur ágæta menn, sem hugsa um þetta fyrir okkur og leggja fyrir okkur niðurstöður sínar. Flokkur sá, sem ég tel mig til, á formann þessara manna, þ. e. Nýbyggingarráðs. Þessir menn hafa lagt til að kaupa nú 30 togara, en ekki meira, en hæstv. ráðh. virðist hafa verið búinn að hugsa á undan þeim, en ég er að bíða eftir, að þeir hugsi áfram. Ég hef fengið þær upplýsingar, m. a. hjá hæstv. atvmrh., að litlar líkur séu til, að hægt sé að festa kaup á skipum annars staðar en í Bretlandi fyrr en eftir 1948, og ég hefði gaman af að heyra það af hendi hæstv. ráðh., að okkur beri að hlýða á till. þeirra manna, sem til eru kvaddir að fara með fé til nýsköpunar, hlýða á þær till., að við eigum ekki að festa kaup á skipum, sem ekki geta komið til landsins fyrr en eftir 1948. Í rauninni ber okkur ekki mikið á milli, eins og ég hef áður sagt, og þá aðeins um formið. Ég tel, að það eigi að bíða eftir heildarmynd af þessu og stj. í heild eigi þá að taka sínar ákvarðanir. Fyrst ekki liggur fyrir ágreiningur, þá finnst mér ekki liggja fyrir að reyna að skapa ágreining, sem ekki er fyrir hendi.

ATKVGR.

Brtt. 92 felld með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, STh, ÁS, ÁkJ, KTh, LJós, SigfS.

nei: SB, SK, SÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ,

EystJ, FJ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, BG.
SvbH, BK, GSv, HelgJ, PZ, PO greiddu ekki atkv.
2 þm. (SEH, GÞ) fjarstaddir.
10 þm. gerðu grein fyrir atkvæði sínu á þessa leið:

Skúli Guðmundsson: Ég tel öðrum betur treystandi til skipakaupa en ríkisstj. og segi því nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Nýbyggingarráð hefur nú leitað eftir kaupendum að 30 togurum, sem ríkið er að láta smíða, og það er ekki útrunninn umsóknarfrestur fyrr en 30. þ. m., og verður ekki fyrr séð, hvort fleiri kaupendur gefa sig fram, og þá ekki heldur, hvað margir fleiri. Og með því að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir fyrir hönd stj., að ef það komi í ljós, að það sé áhugi manna eða einstakra aðila fyrir að kaupa fleiri skip en þessi 30, þá mundi stj. leita sér heimildar til þess að geta staðið fyrir kaupunum, þá tel ég þá till., sem nú liggur fyrir, algerlega óþarfa og segi því nei.

Sveinbjörn Högnason: Ég tel, að þeir einir eigist hér við, að ég hirði aldrei, hverjum betur gengur loddaraleikurinn frammi fyrir kjósendum og greiði þar af leiðandi ekki atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Með því að mér virðist hv. 8. þm. Reykv. líta á till. sem traustsyfirlýsingu til stj., treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með henni og segi því nei.

Björn Kristjánsson: Með tilvísun til fyrirvara hv. þm. Mýr. greiði ég ekki atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Með tilvísun til fyrirvara hv. 4. þm. Reykv. segi ég nei.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég segi nei með fyrirvara hv. 4. þm. Reykv., að því viðbættu, að ég tel till. þessa brot á því samkomulagi, sem gert var, þegar ákveðið var að flytja þetta frv.

Gísli Sveinsson: Með engum fyrirvara greiði ég ekki atkv.

Páll Zóphóníasson: Með tilvísun til fyrirvara hv. þm. V.-Sk. greiði ég ekki atkv.

Pétur Ottesen: Ég vil ekki blanda mér í heimiliserjur stjórnarflokkanna og greiði því ekki atkv.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 288 og 297).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Enda þótt þetta sé mjög stórt mál og eitt af stærstu málum fjárhagslega, sem liggur fyrir þessu þingi, get ég verið mjög fáorður í framsögu minni fyrir málinu. Það stafar af því, að meiri hl. n. hefur gefið út nokkuð ýtarlegt nál. um málið á þskj. 288 og einnig vegna þess, að þetta frv. hefur verið ákaflega mikið rætt í Nd. Að vísu er ekki hægt að segja, að það dugi fyrir þessa hv. d., en einnig í þeim útvarpsumr., eldhúsdagsumr., sem nú standa yfir, var þetta mál t. d. mikið rætt í gærkvöld, og má búast við, að það verði enn meira rætt í kvöld. Ég held því, að ég geri ekki annað en spara dýrmætan tíma þingsins með því að sleppa því að ræða málið, þó að ég sé að sjálfsögðu reiðubúinn til umr. um það, ef tilefni gefst til. Ég vil þó segja það aðeins, að þetta mál er í rauninni ekki annað en staðfesting á bráðabirgðal., sem stj. gaf út 2. ágúst í sumar og eru þegar komin í framkvæmd, þannig að í rauninni er ekki um það að ræða, hvort í þessi togarakaup skuli ráðast, heldur er meira um að ræða gagnrýni á stj. fyrir að hafa gert þessa ráðstöfun. Svo er aftur af hinni hálfunni nauðsyn málsins og hve sjálfsagðar þessar ráðstafanir hafa verið. En um sjálft málið er ekki að ræða í rauninni, því að það er þegar samkv. bráðabirgðal. komið svo langt í framkvæmdinni, að aftur verður ekki snúið.
Ég vil svo fyrir hönd meiri hl. n. mæla með því, að þetta frv. verði látið ganga áfram og vona, að á því verði ekki fyrirstaða, því að hvorki í Nd. né hér hefur verið ágreiningur um að afgr. málið sjálft, heldur frekar um einstök atriði þess.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég er hv. frsm. meiri hl. sammála um það, að ekki þýði að ræða þetta mál hér, sökum þess að það er þegar búið að taka allar ákvarðanir í því og Alþ. gæti ekki breytt því nema í smáatriðum. Hins vegar veit ég ekki, hvort umr. eins og í gær hafi svo mikið gildi, að þess vegna sé ekki ástæða til að ræða þetta hér. Ég tek það fram í nál. og staðfesti það hér, að það er enginn ágreiningur um nauðsyn þess fyrir þjóðina að fá ný framleiðslutæki og þá einnig togara, og gildir sama um það, hvaða stjórn hefði verið við völd. En það verður að fylgja sömu reglu um þessa framkvæmd sem um aðrar, að hún sé framkvæmd á skynsamlegan hátt. Ýmsir telja samningana um togarana ekki sem hagkvæmasta, og allir sjá, hvað þeir eru dýrir. Það eru til skynsamir menn, þar á meðal gamlir togaraskipstjórar, sem telja skipin ekki að öllu leyti hentug til veiða hér við land. T. d. sé lestarrúm þeirra of lítið til þess að henta hér. Ég játa fáfræði mína á því, hvernig togarar eiga

að vera, en ég veit, að allir hlutaðeigendur eru ekki ánægðir.

Þá er hér og annað atriði, og þar er aðalágreiningur milli Framsfl. og stj. Við teljum, að gera þyrfti ráðstafanir til þess, að tilkostnaður við rekstur þessara tækja yrði ekki svo mikill, að þau geti ekki borið sig. Þessi l. eru alveg einstök í sinni röð, bráðabirgðal. eða m. ö. o. lög, sem stjórnin setur sjálf, og þar er veitt hærri lánsheimild en áður hefur þekkzt. Ég er búinn að vera lengi á Alþ., en ég man ekki til þess, að það væri venja ríkisstjórnanna að veita sér sjálfar lánsheimild með brbl., og ef slíkt er gert, þá er aðhald Alþingis orðið harla lítið. Og tel ég þetta varasama braut. En ég þykist vita, að þetta verði afsakað með því, að samningar hafi borið svo bráðan að, að ekki hafi verið tími til að kalla saman Alþ., og kann svo að vera. En hitt er vitað, að ríkisstj. var margaðvöruð í sambandi við þingfrestunarmálið í fyrra vegna aðkallandi vandamála, en hún skellti skollaeyrum við því, og hún var fyrirfram ákveðin í því að gefa út bráðabirgðalög. Ríkisstj. kann að hafa borið þetta áður undir stuðningsflokka sína, en ekki undir Framsfl. En ég álít, að í öllum þingræðislöndum beri að ræða við alla flokka þingsins um slíkt mál sem þetta, áður en brbl. eru gefin út.

Þetta er utanríkismál, þótt það sé nokkuð sérstaks eðlis, og það er sérstök n. starfandi milli þinga, sem hægt hefði verið að bera þetta undir. En ríkisstj. segir máske sem svo, að niðurstaðan hefði orðið sú sama og því sé allt í lagi. En þetta er hættulegt fordæmi, og það getur verið, að niðurstaðan yrði ekki alltaf sú sama.

Ég ætla svo ekki að gera þetta frekar að umtalsefni, en þessu máli er ráðið til lykta án þess að vera borið undir Framsfl., og að málið er lagt fyrir Alþingi, er aðeins til þess að fullnægja formi, og sé ég því ekki ástæðu til að taka þátt í því. Hæstv. ríkisstj. ætlar sér allan heiðurinn, af þessu sem öðru, og ég hef enga löngun til að taka hann af henni eða ábyrgðina. En ég tek það fram, að ég tek ekki þátt í atkvgr., því að það er bara fyrir siðasakir, að ég og mínir flokksbræður fáum að greiða atkv. um þetta. Þó er hér eitt atriði, sem ég álít, að beri að breyta, en það er lántökuheimild í 2. gr. frv., sem stj. er veitt. Hæstv. forsrh. sagði í gærkvöldi, að það væri fullvíst, að þessir togarar væru seldir, þegar þeir væru tilbúnir, og ríkið væri því aðeins eigandi þeirra í bili. Samningarnir eru þannig, að ríkið á ekki að greiða nema 10% af verðinu í bili, en lánsheimildin er miðuð við allt verð skipanna. Og sé ég ekki, að það breyti samningunum nokkuð, þótt lánsheimildin væri lækkuð. Mér virtist, að miklu lægri lánsheimild mundi nægja, eða 10 millj. kr., en ég hef ekki viljað ganga svo langt, en legg til, að hún verði lækkuð um helming, eða niður í 30 millj. kr., og tel ég, að þetta hindri alls ekki framgang málsins. Á bls. 2 í nál. meiri hl. segir líka, að ekki sé líklegt, að nokkru sinni kæmi til þess, að ríkissjóður þyrfti að svara út öllu þessu fé, og hefði lánsheimildin því mátt vera lægri. Hv. meiri hl. segir því, að lánsheimildin hefði mátt vera lægri, og þegar það er upplýst, að svo er, því þá ekki að lækka hana? Og hvers konar stjórnardekur er það, ef þingmenn greiða atkv. að þarflausu gegn eigin sannfæringu?

Gísli Jónsson: Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að vanir skipstjórar teldu, að það væri of lítið lestarrúm í þessum togurum. En ég vildi nú spyrja hv. þm., hvaðan honum kemur heimild til þess að fullyrða svona hluti. Ég hélt ég þekkti nokkuð til þessara mála, og ég get upplýst hv. þm. um það, að í fyrstu fékk ríkisstj. menn með sérþekkingu til þess að athuga, hvaða gerð væri heppilegust á togurum. Og áður hafði farið fram samkeppni og veitt verðlaun fyrir frumdrætti að framtíðartogurum, og kom þá margt fram, sem tekið var til greina við gerð þessara togara. Þegar svo er komið, er send út nefnd, tveir útgerðarmenn og einn bankastjóri, til þess að leita fyrir sér um byggingu á þessum skipum. Þeir hafa fund með útgerðarmönnum, áður en þeir fara, þar sem útgerðarmenn, sem stundað hafa þessa atvinnu yfir 30 ár, eru saman komnir, og þar er saman komin mesta þekking á þessum málum, sem fáanleg er hér á landi. Og þessir menn eru sammála um að gefa þessum mönnum þær upplýsingar, sem þá voru fyrir hendi í málinu, sem þó voru þá ekki annað en það, að þeir töldu réttast, að þessari fyrri n. væri falið að tryggja byggingarstöðvar og fá grundvallarverð, byggt á þeim beztu stærðum og útbúnaði á togurum, sem til væru í hverju landi. Annað er ekki þessum mönnum falið. Þeir leita fyrir sér á Norðurlöndum og fá það tilboð og sömuleiðis í Englandi, — ekki hjá neinum fúskurum og viðvaningum, heldur allra beztu togarabyggingastöðvum, sem til eru í Bretlandi, og þeim einu togarabyggingastöðvum, sem Bretar sjálfir vilja láta byggja sín skip. Þessir menn gera svo tilboð á þeim grundvelli, að þau séu eftir þeim teikningum og lýsingum, sem þeir hafa bezt gert sín skip með 170 feta lengd. Þegar svo er komið, er enn sett nefnd, sem á að gæta hagsmuna fólksins, sem vinna á á skipunum, svo sem útbúnað skipverja og útbúnað öryggistækja o. s. frv. Þar eru til þess settir alveg sérstaklega vel valdir menn, þaulvanir skipstjórar og útgerðarmenn, til þess að koma sér saman um, hvað eigi að velja úr þeim tilboðum, sem fyrir lágu. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, að ensku tilboðin væru hagkvæmust, þó að breyta þyrfti frá þeim, vegna þess að þau eru ekki eins og við vildum helzt.

Þá leitaði ríkisstj. álits útgerðarmanna um, hvaða skip þeir vildu helzt, og af öllum þeim hópi útgerðarmanna, sem þar kom saman um málið, komu allir sér saman um, að undanteknum einum manni, að þeir vildu þessa tegund skipa, sem pöntuð voru 28 skip af. Aðeins einn maður vildi taka á sig áhættuna af því að panta dieselskip. En hinir allir vildu gufutogara með olíukyndingu. — Nú var það ekkert víst, að þessi skip lentu öll hjá þessum mönnum. Það voru þá komnar yfir 30 eða jafnvel um 40 beiðnir um skip, og gat verið, að þessi skip lentu hjá öðrum mönnum en útgerðarmönnum þessum.

Hefði það nú verið rétt af hæstv. ríkisstj. að ganga fram hjá einróma áliti þeirra manna, sem þarna voru til kvaddir til ráðgjafar, til þess að panta í stað þess eitthvað annað handa þeim, sem skip vildu kaupa, og þá eftir ráðum þeirra manna, sem minna vit höfðu á málunum? Ég held, að það hefði verið ákaflega varhugavert. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert annað en að fara eftir till. þeirra manna, sem ætluðu að kaupa og nota skipin og höfðu mesta þekkingu á því, hvernig skipin ættu að vera. Enda völdu þeir mann eins og Aðalstein Pálsson til þess að gæta hagsmuna sinna á þessu sviði við endanlega samninga. — Og svo kemur hv. 1. þm. Eyf. og lýsir yfir í nál. sínu, að ekki neitt af þessu sé hagkvæmt. Það er sagt í nál., að það sé um deilt. Og hv. 1. þm. Eyf. sagði í ræðu sinni, að það væri álit margra vanra skipstjóra, að þessir samningar væru ekki hagkvæmir (*BSt:* Ég sagði það ekki.) Það er ágætt, ef hv. 1. þm. Eyf. dregur nokkuð í land. (*BSt:* Ég dreg ekkert í land. Ég veit, hvað ég sagði.) — Um faglegu hlið málsins er það enn fremur að segja, að strax er komið er til samninga, eru allar stækkanir, breyt. og endurbætur, sem óskað var eftir á skipunum frá fyrri samningum, reiknaðar nákvæmlega á sama verðgrundvelli og fyrri tilboðin voru. Og útkoman er þannig, að þá kostar hvert skip, eftir nákvæmlega sömu grundvallartölum eftir fyrra tilboðinu, rétt um 100 þús. sterlingspund, eða um 36% meira en n. hafði samið um. Þetta hygg ég, að slái niður ekki aðeins orðróm, sem gengið hefur um þessi mál, heldur líka fullyrðingar um það, að það hefði verið hægt að semja miklu hagkvæmar um þessi skip, eins og þau voru endanlega pöntuð, ef samið hefði verið strax um að smíða þau þannig, er samningar byrjuðu.

Lestarrúm þessara skipa er allt að því tvöfalt á við það, sem þekkzt hefur hér áður, og þó hafa þessi skip miklu meira borð frá sjólínu og upp að þilfari en þekkzt hefur áður á íslenzkum skipum, sem alls ekki er lítið atriði til öryggis fyrir menn, sem á þeim starfa. Og það var lögð áherzla á að tryggja svo öryggi þessara manna, að aldrei komi til umræðu, að skipunum kunni að verða sökkt fyrir gleymsku, eins og hér hefur verið haldið fram, alveg rakalaust. — Útgerðarmenn ættu að vita, hve mikið lestarrúm þeim hentar í skipum sínum og hvort það er hagur fyrir þá að stækka það fram yfir það, sem eðlilegt er. Og þeir ættu að vita um þetta betur en hv. 1. þm. Eyf. Og um þetta hefur aldrei verið deila milli útgerðarmanna. Sá eini fyrirvari, sem gerður hefur verið viðvíkjandi byggingu þessara skipa, er, að útgerðarmenn hafa áskilið sér þann rétt, enda hefur hann verið tryggður, að þeir mættu á einhvern hátt breyta innréttingu skipanna fyrir mannabústaði í þeim. En í því sambandi er engar breyt. aðrar um að ræða. Og þetta er sönnun fyrir því, að útgerðarmenn séu ekki óánægðir með þessa samninga, enda var þetta málefni búið að ganga í gegnum þeirra hendur, þrautathugað af þeim og athugað frá öllum hliðum. — Og svo segir hv. 1. þm. Eyf., að það sé síður en svo, að allir hlutaðeigendur séu ánægðir með þessa samninga. Ég veit ekki, hvaða hlutaðeigendur það eru, því að allir hlutaðeigendur, sem tekið hafa þátt í undirbúningi þessa máls, hafa lýst ánægju sinni yfir undirbúningi og framkvæmd þessa máls. Það kunna þá kannske að vera einhverjir pólitískir angurgapar Framsfl., sem ekki eru ánægðir með þessi mál. En það eru ekki hlutaðeigendur, sem ætla að kaupa skipin, því að þeir hafa sannarlega fengið að segja sitt álit í þessu máli.

Ég ætla þá að snúa mér dálítið að hinni almennu hlið málsins, þar sem hv. 1. þm. Eyf. ræddi sumpart um það, að ríkisstj. hefði tekið sér hér heimild sjálf til þess að gefa út heimildarlög. Ég vil í sambandi við þetta benda hv. 1. þm. Eyf. á, hvort hann sé búinn að gleyma, hvað gerzt hefur á undanförnum árum hjá þáv. hæstv. ríkisstjórn. Er þessi hv. þm. búinn að gleyma því, er Vilhjálmur Þór rétt eftir þingslit 1944 óskaði eftir heimild til þess að gera stórkostleg kaup á vissum eignum? Og virtist okkur þm., að hann hefði getað spurt um þetta í þinginu. Svo gerði hann þetta gegn till. eins þingflokks. Og veit ekki hv. 1. þm. Eyf. líka, að fyrrv. ráðh. samdi um kaup á Svíþjóðarbátum, án þess að spyrja þingið um það og ákveðið á móti vilja eins þingflokks, eins og þau kaup voru gerð? Því að það var hægt að sanna, að miklu meira fé var gefið fyrir þann skipastól en þurfti að gera. — Hv. 1. þm. Eyf. virðist vera ákaflega gleyminn á glappaskot síns eigin flokks, en vill telja það stórkostlegar syndir, þegar önnur ríkisstjórn, sem hans flokkur ekki styður, fer ekki lengra, heldur miklu skemmra í setningu heimildarlaga. — Svo segir hann: Þetta er utanríkismál, og hvers vegna er hv. fjhn. að skipta sér af þessu máli, en því ekki vísað til utanrmn.? Ég held, að hv. minni hl. n. hefði átt að gera till. um að senda málið þangað, úr því að þetta mál snertir að hans áliti kannske ekkert fjárhag landsins, heldur er hreint utanríkismál.

Að síðustu vildi ég minnast á brtt. hv. 1. þm. Eyf. um að lækka upphæð lánsheimildar ríkisstj. til framkvæmda togarakaupa úr 60 millj. kr. í 30 millj. kr. og upplýsa dálítið í sambandi við það atriði, sem ég er ekki viss um, hvort hv. fjhn. hefur verið ljóst. Það er að vísu rétt, að það var eitt af því, sem tókst að laga frá uppkastinu að samningnum á sínum tíma, sem fyrst var gert, — sem var almennt uppkast milli skipabyggjendanna í Bretlandi og kaupendanna, og er það prentaður samningur venjulega, sem samningan. brezku skipabyggingastöðvarinnar notar sem samning og fæst varla til þess að hvika frá viðkomandi innborgun, — að innborgunin var lækkuð um 10%, og til þess þurftu þeir, sem um það tóku ákvörðun, að halda fund. En á sama tíma varð ríkisstj. Íslands að leggja fram fé í banka á Englandi fyrir upphaflega tilteknu upphæðinni. Og ríkisstj. varð að hafa heimild fyrir láni til þessa eða ábyrgð fyrir því, að fé yrði greitt. Svo að það er eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. þyrfti að fá heimild til að taka lán fyrir allri upphæðinni. Þetta fé var sett á sameiginlegt nafn kaupenda skipanna og byggjenda, og skipakaupendur og skipabyggjendur

gátu ekki hreyft það, nema með því að fullnægja samningnum. Nú var rýmkað svo um þetta, að ekki þurfti að hafa svo mikið fé þannig bundið, eins og samningurinn fyrst ákvað. En það er eðlilegt, að öll upphaflega upphæðin væri tekin á frv. þetta, og það hefur sjálfsagt verið byggt á því, þegar upphæðin var tekin í bráðabirgðal. Og þetta atriði, hvaða upphæð menn vilja hafa í þessu tilfelli í frv., er náttúrlega enginn prófsteinn á það, hvort menn greiða atkv. frjálst eða bundið um þetta mál. Það þekkist nefnilega alls ekki þessi aðferð hjá stjórnarstuðningsmönnum, að þeir séu alltaf í hlekkjum. En það er eins og hv. 1. þm. Eyf. geti ekki hugsað sér annan hugsunarhátt en þann, að menn séu við atkvgr. í stálhlekkjum. Ég veit ekki, hvort hann er vanur við þetta í flokki sínum. En hann ætti a. m. k. að hafa mjög orðið var við það þann tíma, sem við höfum átt sæti saman á þingi, að ég hef hvorki í umr. né við atkvgr. komið þannig fram í málum hér á þingi, að hann gæti haldið, að ég væri í hlekkjum. Og það er ekki sæmandi hv. þm. að bera slíkar ásakanir á meðþm. sína. Hitt er allt annað atriði, að þeir kunna að hafa aðrar skoðanir á þessu máli, m. a. af því að þeir hafi sett sig betur inn í málið en þessi hv. þm. hefur gert. Það hefur komið í ljós, að hann hefur ekkert vit á málinu, heldur fjandskapast gegn því. Og meðan svo stendur á um menn, geta þeir ekki litið óhlutdrægt á mál. Menn verða að losa sig við slík bönd, áður en þeir geta talið sig greiða atkv. frjálst um mál.

Ég vil svo aðeins að síðustu leyfa mér að leiðrétta eitt atriði í nál. hv. meiri hl. fjhn., þar sem sagt er, að 170 feta skipin með dieselvél séu um 2 þús. sterlingspundum ódýrari hvort en hinir 28 af nýju togurunum, sem eru með olíukyndingu en gufuskip. Þessi tvö skip eru 4 þús. sterlingspundum ódýrara hvort, þar sem hinir 28 eru 98 þús. sterlingspund hver, en hvor dieseltogaranna er 94 þús. sterlingspund. Og meginástæða þess, að ekki var horfið að því að kaupa fleiri skip með dieselvélum, var það, að allir útgerðarmenn, að einum undanteknum, vildu heldur hina tegundina, og auk þess var útilokað að fá eitt einasta dieselskip af þessum togurum, sem átti að smíða, hingað fyrr en árið 1948. Við hefðum því þurft að bíða til ársins 1948, ef við hefðum viljað fá dieselskipin. Hins vegar er einnig vafi á því, að rétt hefði verið að útvega 30 dieselskip til landsins á næstu árum, með því að geta átt vísa aðeins um 60 dieselvélstjóra innanlands á sama tíma. En þeir eru til hér nú. — En það, sem vakið hefur langmesta athygli nú í Bretlandi í sambandi við þessar skipasmíðar, er hitt, að enskir útgerðarmenn eru óánægðir yfir því, að Íslendingar með þessu lokuðu algerlega öllum togarabyggingastöðvum fyrir brezkum útgerðarmönnum til 1948, þannig að Íslendingar eru þá búnir að koma út með allan sinn nýja flota, 30 skip, þegar hinir geta byrjað að byggja. Og það er ekkert lítið atriði. Og þeir eru á Englandi nú að gera við sín skip, sem koma frá stríðsnotkun, og kostar það yfir 30 þús. sterlingspund að gera hvert þeirra í stand. Svo geta menn reiknað út eftir því, hvort þeir vilji ekki heldur borga 98 þús. sterlingspund fyrir alveg nýtt skip en að borga yfir 30 þús. sterlingspund til þess að gera við skip, sem er heldur minna og ekki eldra en frá 1935 og 1936. — Þetta ætti að gefa hv. 1. þm. Eyf. ofurlítið meira ljós en hann hefur haft áður um þessi atriði.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði til leiðréttingar viðvíkjandi dieseltogurunum, skal ég geta þess, að ég hafði það, sem stendur í nál., eftir hæstv. forsrh., er hann sagði í ræðu, sem hann flutti í hv. Nd., sem var komin inn skrifuð. Það leiðréttist að sjálfsögðu, enda skiptir það ekki máli, nema allt er réttara, sem réttara er.

Af því að hæstv. forsrh. er hér ekki viðstaddur og ekki neinn úr hæstv. ríkisstjórn, sem mundu vafalaust svara aths. hv. 1. þm. Eyf., minni hl. n., er hann ræddi um bráðabirgðal. og setningu þeirra, þá finnst mér rétt að minnast á það nokkrum orðum, enda þótt hv. þm. Barð. gengi alveg frá því máli. — Það má vissulega segja, að bráðabirgðalagasetningarleiðina eigi ekki að fara um skör fram. Það hefur þó aukizt allmikið í seinni tíð, að sú leið hafi verið farin. Og eins og hv. þm. Barð. tók fram, leyfði næsta ríkisstj. á undan þeirri, sem nú situr, sér að gefa út mjög djarfleg bráðabirgðalög, hafandi ekki fylgi eins einasta þm. á Alþ., svo að það er undarlegt, að sú ríkisstj. skyldi yfirleitt leyfa sér bráðabirgðalagasetningarleiðina. Hitt er vitanlega allt annað mál, að ríkisstjórn með sterkum stuðningsmönnum, sem hún getur náð til, gefi út bráðabirgðalög og spari með því fyrirhöfn og stórkostlegan kostnað við að kalla alltaf þing saman, þegar svo ber undir, að löggjöf vantar til einhverra nauðsynlegra framkvæmda. Það væru ekki nein forsvaranleg vinnubrögð í slíkum kringumstæðum að kalla í hvert skipti þing saman, þegar svo stæði á. Það er að vísu rétt, að það er ekki Alþingi um að ræða, nema það komi formlega saman, en þó eru mennirnir hinir sömu og á Alþ., sem að því standa á bak við ríkisstj. að setja bráðabirgðalög, er ríkisstjórn leitar álits stuðningsþm. sinna milli tveggja þinga um setningu bráðabirgðalaga. Og ef þeir þm. telja sig sammála setningu vissra bráðabirgðal., þá er það ekki nema hreinn eintrjáningsháttur að halda, að það sé ekki alveg eins hægt þannig að setja lög upp á væntanlegt samþykki þm. Ríkisstj. gerir þetta á eigin ábyrgð, eftir að hafa kannað vilja stuðningsmanna sinna, og verður þá að víkja úr sessi, ef hún setur bráðabirgðalög þannig, að þau verða síðan ekki samþ. Og ég get upplýst, að það er fjarri því, að hér sé um slíkt að ræða, að ég hafi ekki orðið var við nokkra gagnrýni á þessu máli af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar.

Þá kom hv. 1. þm. Eyf. með það, að vanrækt hefði verið að bera málið undir Framsfl. Og það getur verið, að ræða megi um það, en þetta er hreint álitamál. Hitt er svo annað mál, að vitanlega hefði ekki nokkurt svar fengizt frá þeim flokki. Það er sama, um hvað núv. hæstv. ríkisstjórn spyr Framsfl., hann svarar ekki og

telur sig ekki skyldugan til að svara. Hann hefði sennilega svarað á sama hátt og oft í öðrum málum, að hann væri með þessu máli, ef það væri tryggt, að framleiðslukostnaður lækkaði og dýrtíðin lækkaði í landinu, — þannig að þessi skip hefðu verið komin á aðrar hendur áður en framkvæmd slíkrar lækkunar hefði verið búin. Og í báðum hv. þd. kljúfa framsóknarmenn fjhn. í þessu máli, án þess þó að vera á annarri skoðun um sjálfan kjarna málsins. En þeir leita uppi smáatriði, til þess að geta klofið n. Geta má því nærri, hvernig þeir hefðu svarað í þessu efni. Hitt er annað mál, að það hefði verið formlegra að spyrja þá um álit í þessu máli. En svör þeirra geri ég mér ákaflega litlar vonir um, satt að segja.

Hv. 1. þm. Eyf. var að segja, að ágreiningur væri ekki um það milli Framsfl. annars vegar og hins vegar hinna flokkanna, hvort hægt væri að fá togara, heldur um það, hvernig líkurnar væru fyrir að reka þá með góðri afkomu, þannig að búið væri að lækka dýrtíðina og koma ýmsu í lag áður en skipin væru keypt. En það hefði verið sama sem að afsala sér þessum skipum. Og hv. þm. Barð. hefur nú dregið það fram, hve mikils virði það var að koma samningum á einmitt nú.

Þá er það með lánsheimildina. Það er satt, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta mál, en það lá ekki fyrir n. En mér datt í hug, að ríkisstj. yrði á einhvern hátt að hafa ráð á andvirði skipanna, a. m. k. bankaábyrgð eða slíkt. Og hvaða meining var það að ákveða lánsheimildina lægri en komið gat til mála, að ríkisstj. þyrfti hana mesta að nota? Mér skilst hv. 1. þm. Eyf. hafa gengið algerlega fram hjá því, sem stendur í 2. gr. frv.: „Til framkvæmda á 1. gr.“ En framkvæmd fyrstu gr. frv. er að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis, með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. Það er því ekki hin minnsta hætta í því fólgin, þó að lánsheimildin sé ákveðin rífleg, því að lánsheimildin er bundin við þetta eina verkefni, sem í 1. gr. frv. getur, og hlýtur að falla svo fljótt úr gildi sem ríkisstj. er búin að framkvæma þetta, þ. e. a. s. ríkisstj. hefur ekki heimild til lántöku vegna þessa ákvæðis l., nema til þess og að svo miklu leyti sem hún þarf aðeins til þess að framkvæma þetta. Það mætti alltaf setja upp dæmi og þykjast reikna út, hve lágt ríkisstj. hefði getað farið. En það er ekki hygginna manna háttur að leggja upp í ferðalag með fé, sem þeir geta hugsað sér að geta komizt allra minnst af með. Hitt er betra, að vera birgur, og í þessu tilfelli einnig fyrir hæstv. ríkisstjórn. Og maður getur ekki ímyndað sér, að hæstv. ríkisstj. hafi tilhneigingu til þess að taka meira lán til þessa en þörf er á. Og það hefur ekki komið fram gagnrýni um það, hvernig ríkisstj. hafi tekizt í þessu atriði.

Hins vegar hefur komið fram skörp gagnrýni frá hv. 1. þm. Eyf. um þetta mál að öðru leyti. Það var engu líkara eftir hans ræðu en að menn hefðu farið út í þeim erindum að undirbúa kaup þessara skipa, sem aldrei hefðu skip séð. En það voru tveir útgerðarmenn, sem áttu að hafa gott vit á þessu, og einn bankastjóri, sem er, gegnum sitt langa starf, þaulkunnugur þessum málum. Og það er svo fjarri því, að illa tækist til um þeirra ferð, að ég hygg, að flestum hafi komið það alveg á óvart, hve vel ferð þeirra tókst. Ég heyrði talað um, að daufar vonir væru til þess, að hægt væri að fá mikið af skipum byggt til þess að kaupa hingað og leyfi fyrir þeim. Það var búið að knýja í gegn leyfi fyrir 6 togurum. Og ég hitti þá menn, sem stóðu mjög nálægt framkvæmd þessa máls, sem voru mjög vondaufir um það, að meira fengist flutt hingað af skipunum frá Bretlandi en það. Það varð mönnum því hið mesta fagnaðarefni, að þessir menn, sem út voru sendir, höfðu fengið leyfi fyrir og samninga við beztu skipasmíðastöðvar á Englandi um smíði á 30 togurum. Ég held, að mönnum hafi komið þetta ákaflega á óvart. — Og viðvíkjandi því, að sendar voru út tvær nefndir til samninga um þessi mál, þá var síðari nefndin send út þannig, að beinlínis var gert ráð fyrir henni af fyrri nefndinni, þannig að síðari n. skyldi, þegar til kæmi, ganga frá endanlegum samningum. Þeir menn, sem sendir voru út fyrr, fyrri nefndin, gengu frá samningum, eftir því sem hægt var þá, til að tryggja stjórnarleyfi og að tryggja skipasmíðastöðvar. Og svo eru sendir til þess færir menn að gera endanlega samninga um skipasmíðarnar. Þó að þeir, sem fóru í fyrri n., hefðu góða þekkingu, sem þurfti til skipakaupa, voru þeir ekki fagmenn í samningagerð.

Það hefur verið sagt hér, að þessar breyt., sem gerðar voru á málinu síðar, beri vott um, hve mál þetta hafi verið illa undirbúið. Það má náttúrlega alltaf segja þetta, og að bezt væri, að áður en byrjað var á málinu, ættum við að hafa getað vitað út í yztu æsar, hvernig við vildum haga smíði skipanna. Það þarf reyndar bara ekki annað en að byggja hús, til þess að menn sjái ekki allt fyrirfram, hvernig menn vilja svo síðar hafa það, þannig að menn vilja breyta ýmsu, jafnvel meðan verið er að byggja húsið. Þar að auki er þess að gæta, að jafnvel þegar fyrri nefndin fór utan, höfðum við tiltölulega óákveðnar vonir um, hvernig þetta málefni tækist í bráðina, og var því eðlilegt, að ekki væri búið að rannsaka til hlítar, hvernig menn vildu hafa þessi skip. Þá lá heldur enginn verðgrundvöllur fyrir. Og hvort menn vilja kaupa vandaðan hlut, getur farið nokkuð eftir því, hvert verð hans er. Þegar fengið var leyfi fyrir þessa 6 togara og látið var uppi, hvert verð þeirra mundi verða, þá var tími til þess kominn að leita álits um það, hvort menn vildu ekki kaupa fleiri sams konar skip með sömu kjörum. Og það var einróma álit hæstv. ríkisstj. og annarra manna, sem við málið komu, að menn vildu fá enn þá betri skip og betur út búin, búin meiri þægindum og betri tryggingum fyrir þá, sem áttu að vinna um borð í skipunum.

Það er leiðinlegt, að menn skuli ekki sameinast um það að vera ánægðir yfir því, sem vel tekst. Það er leiðinlegt, eftir að búið er að gera fasta samninga um byggingu á þessum skipum og borga fyrstu útborganir og allt þess konar,

að þá skuli enn vera sagt, að nú sé sá gallinn á, að þetta fari aldrei í ganginn. Það hefði fremur mátt segja þetta fyrir dálitlu síðan, en ekki eftir að þetta mál er komið svona vel af stað.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði um, að einhver skipstjóri hefði verið, sem hefði sagt, að það væri of lítið lestarrúm í þessum skipum. Hvenær veit hv. 1. þm. Eyf. um það, að allir hafi orðið sammála um, hvernig svona hlutir eiga að vera, eins og t. d., hvernig skip eiga að byggjast. Í öllum þessum hlutum verða menn að velja milli eins og annars. Ég hef ekki vit á því, hvernig byggja á togara. En það er varla til nokkur sá hlutur, að menn verði ekki að velja um hann á milli tvenns eða fleira. Þó að ekki sé um að ræða nema að byggja eitt lítið hús, þá verður maður að fórna einum kosti fyrir annan og svo endanlega að koma sér niður á, að svona sé þetta eða hitt viðkomandi húsbyggingunni eftir öllum atvikum heppilegast. Svo geta náttúrlega menn komið og sagt: Ég hefði viljað hafa þetta öðruvísi. — Og það er alltaf vitað, að sumir menn finna alltaf eitthvað að öllu, meinhorn, sem alltaf eru á móti því, sem ákveðið er.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Venjulegur fundartími er nú liðinn, og get ég verið fáorður og það því fremur, sem hv. þm. Barð., sem þóttist nú vera að svara mér, svaraði einhverri ræðu, sem hér hefur ekki verið haldin og hann bjó til. Hann spurði mig, hvaðan mér kæmi vit til þess að dæma um togara og talaði í þeim dúr, eins og ég hefði verið að finna að gerð þeirra togara, sem keyptir hafa verið. Ég hygg, að það hafi komið fram í handriti skrifara og hv. þdm hafi einnig heyrt, að ég hef ekki látið eitt einasta orð falla um það að lasta gerð þessara togara. Og ég tók einmitt fram, að ég hefði ekki vit á gerð togara. Ég held, að ég hafi aldrei komið um borð í slík skip, a. m. k. hef ég aldrei starfað þar. Hitt sagði ég, bæði í nál. og í minni ræðu, að þetta væri um deilt meðal manna, sem vit hefðu á þessum hlutum. Og við það stend ég, og það er annað mál. (*GJ:* Slúðursaga). Það má kalla allt, sem haft er eftir mönnum, slúðursögur. En þetta er um deilt. — Annars er það að segja viðkomandi vitinu á þessum hlutum, að ég veit ekki, hvort hv. þm. Barð. á að tala um það. Þó að ég sé síður en svo að bregða honum um heimsku, þá veit ég, að hann talar um fleira en hann hefur sérþekkingu á. Ég veit ekki nema ég hafi upp undir það eins mikið vit á togurum eins og hv. þm. Barð á búskap. Og þó hefur hann oft talað hér um landbúnaðarmál. Og ég hef t. d. áreiðanlega eins mikið vit á togurum eins og hann á menntamálum, og þó kemur oft fyrir, að hann talar hér um menntamál. T. d. á síðasta þingi hélt hann ræðu um það, hvernig Kennaraskóli Íslands ætti að vera o. s. frv. Og þar hygg ég, að hans þekking og vit standi ekki dýpra en mitt á togurum. — Frekar þarf ég svo ekki út í þetta atriði að fara.

Hv. þm. Barð. sagði sögu þessa máls hér í ræðu sinni og tók þar upp það, sem hæstv. forsrh. hafði sagt nýlega í útvarpi, sem sagt er sömuleiðis í nál. meiri hl. n., sem sagt hefur verið einnig af stjórnarflokkunum í stjórnarblöðunum. Og ég sé ekki, að ég þurfi að eltast við það, þó að þetta sé sagt hér í hv. d. í sjálfsagt 20 sinn, sem það er sagt opinberlega.

En út af því atriði, sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni, að hæstv. ríkisstjórn tekur sér stórfelldari heimild en áður hefur verið veitt og tekur sér hana sjálf, án samþykkis Alþ., þá benti hv. þm. Barð. á það, og hv. 1. þm. Reykv. tók undir það einnig, hvað gert hefði verið áður. Það er rétt, að það hafa oft verið gefin út bráðabirgðalög áður, en sjaldan um heimildir til stórkostlegra útgjalda. Það er að vísu rétt, að fyrrv. ríkisstj. gaf út bráðabirgðalög, sem heimiluðu henni útgjöld. En hún bar það alltaf áður undir alla flokka þingsins. Og þó svo hefði kunnað að fara, sem engar sannanir eru fyrir, að Framsfl. hefði neitað að taka ábyrgð á þessu máli, sem hér liggur fyrir, ef það hefði verið borið undir hann, þá var stjórnin búin að gera sína vísu. Það er ekkert þingræði í því að ráða stærstu málum til lykta án þess að þingfl., sem hefur meira en ¼ hluta þm., fái svo mikið sem um það að heyra.

Hv. þm. Barð. sagði, að þetta væri ekki utanríkismál, sem sæist á því, að fjhn. hefði það til meðferðar. Að veita um 60 millj. kr. lánsheimild er fjárhagsmál. En samningar við Breta er utanríkismál. (*GJ:* Það er misskilningur. Það er ekki samið við ensku ríkisstjórnina). Það er gert við útlenda menn. Og hvað sem því líður, hvort nauðsynlegt þótti, þegar bráðabirgðal. voru sett, að hafa þessa lánsheimild þá 60 millj. kr., þá er það annað mál nú, og einnig mátti heyra það á ræðum þessara tveggja hv. stuðningsmanna ríkisstj., sem síðast töluðu, að þetta er þarflaust nú. Og bráðabirgðal. eru ekki þannig, að það þurfi endilega að samþ. hvern einasta stafkrók, sem í þeim er í fyrstu. Bráðabirgðal. má breyta, án þess þau tapi að öðru leyti gildi sínu. Og það er sýnt, eftir upplýsingum, sem nú liggja fyrir, að það er ekkert annað, sem er því til fyrirstöðu, að breyta megi þessum l., en það, að það má ekki samþ. brtt. frá framsóknarmanni, ef brtt. mín verður ekki samþ., þar sem það liggur fyrir algerlega upplýst af hv. frsm. meiri hl. n. og hæstv. forsrh., að ekki er þörf, eins og nú er komið, á hærri lánsheimild en ég legg til, að samþ. verði, hvað sem upphaflega kann að hafa verið.

Það, sem hv. þm. Barð. var að tala um hlekki og vitnaði í það, að hann hefði í ýmsum málum sýnt það með framkomu sinni, að hann væri ekki í neinum hlekkjum, þá er það rétt, að hann er oft sanngjarn maður í smærri málum viðvíkjandi framkvæmd í héruðum. En í þessum bráðabirgðal. má engu hagga, yfirleitt að því er stuðningsflokkum ríkisstj. finnst og meiri hl. á Alþingi, og auðvitað beygir hv. þm. Barð. sig fyrir því.

Loks skal ég mótmæla því, sem hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sýnt þessu máli fjandskap. Ég sýndi því engan fjandskap. Ég vil ekki fella frv. En ég vil neita að taka þátt í afgreiðslu

máls, sem mér er ekki leyfð önnur þátttaka í en að nafni til. Ég tek enga ábyrgð á þessu máli. Það var ekki borið undir mig og minn flokk fyrr en engu var hægt að breyta, nema þessu eina atriði.

Það kom ýmislegt það sama fram hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., og þarf ég ekki að svara því aftur. IIv. 1. þm. Reykv. talaði um, að bráðabirgðalög hefðu verið gefin út áður. Og það er rétt, og það hefur verið vikið að því, en þau hafa ekki verið um svo stórfelldar lántökuheimildir og hér er um að ræða og ekki um svipað því jafnstórfellt mál. En allt er það misskilningur, bæði hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., að Framsfl. hafi nokkuð sérstaklega að því staðið, að fyrrv. ríkisstj. setti bráðabirgðalög. Það var utanþingsstjórnin, sem báðir þessir hv. þm. sigtuðu til. Og þau bráðabirgðal., sem þeir töluðu um, voru borin undir alla flokka. Annars veit ég, að hv. 1. þm. Reykv. er mér sammála um það, að það sé varhugavert, þegar ríkisstjórn finnur upp á því að gefa út ákaflega mikið af bráðabirgðal. um þýðingarmikil mál, eins og hæstv. núv. ríkisstjórn hefur gert. Enda fór hann ekki langt út í þær sakir. Hann talaði um, að það væri ódýrara að gefa út bráðabirgðalög en að kalla saman þing. Það er náttúrlega miklu ódýrara að fela ríkisstj. einveldi, í fjögur ár í einu t. d., heldur en yfirleitt að hafa þing. Og mér hefur fundizt, það sem enn er af þessu þingi, að þingsetan hafi haft ákaflega lítið gildi. Tíminn hefur mest gengið í að samþ. bráðabirgðalög, sem ríkisstj. hefur áður gefið út. — Það má benda á ýmislegt í þessu sambandi. T. d., eins og allir muna, fóru fram kosningar í Noregi í haust, rétt eftir að þeir voru lausir þar við hernámið og stríðið. Rétt áður en þær fóru fram, kallaði norska stjórnin saman Stórþingið, til þess að bera undir það þýðingarmikið mál, sem hún taldi, að ekki mætti bíða. Ætli íslenzka ríkisstj., sem nú situr, hefði ekki gefið út bráðabirgðalög?

Það, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að það hefði ekkert svar komið frá Framsfl., ef þetta mál hefði verið borið undir hann, þá er það nokkuð, sem hægt er að segja, en ekki sanna á nokkurn hátt. Ég veit ekki annað en Framsfl. hafi gefið svör, ef hann hefur verið spurður um eitthvað.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að framsóknarmenn hefðu klofið fjhn. í báðum d. út af þessu máli. Það er rétt, að þeir gefa út sérstakt nál., af þeim ástæðum, sem ég hef tekið fram. Bæði höfum við viljað fá fram breyt. á frv., — flokksmaður minn í hv. Nd. vildi fá fram tvær breyt. á þessu frv., ég legg til aðeins eina, — og auk þess viljum við láta koma fram, að afgreiðsla málsins er eiginlega gerð og búin áður en þetta mál er nokkuð undir okkur borið. Hv. 1. þm. Reykv. sagði nú, þvert á móti því, sem í nál. meiri hl. n. stendur, að þessi heimild sé eins og mest kunni að þurfa að nota. En í nál. segir hann, að ekki þurfi að nota þessa heimild alla. Og eftir orðum hæstv. forsrh. getur ekki verið, að það þurfi að nota hana nú. Þess vegna hljóta allir að sjá, að þessu ákvæði má gjarnan breyta. Og það hefur ekki verið venja hingað til að gefa ríkisstj. meiri lánsheimildir en þörf er á. Það var ekki þörf á þessari heimild svona hárri, ef marka má orð hæstv. forsrh. og meiri hl. n. Og hvernig á að skilja það, ef brtt. um að gera hana lægri, en nægilega há þó, verður felld?

Það er ýmislegt fleira, sem ég hefði þurft að svara. En það er komið fram yfir venjulegan fundartíma, og ég skal láta máli mínu lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 297 felld með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 359).

---

3. Tekjuskattsviðauki 1946.

Á 29. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1946 (stjfrv., A. 144).

Á 30. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það er í raun og veru efnislega alveg það sama að segja um þetta frv. og það, sem næst á undan var hér á dagskrá. Þetta frv. er nákvæmlega shlj. l. um tekjuskattsviðauka, nr. 50 frá 1945, sem gilda fyrir þetta ár, og frv. þetta fer fram á, að þessi tekjustofn verði framlengdur, af því að ekki þykir fært, vegna afkomu ríkissjóðs, annað en þessar tekjur séu heimilaðar áfram. Þessi tekjustofn hefur á árinu 1945 gefið, þ. e. álagður tekjuskattsviðauki hefur numið næstum 5 millj. kr. Það er náttúrlega vafasamt, hvort óhætt er að reikna með því, að hann gefi eins mikið í tekjur á næsta ári. Eins og fjárlagafrv. er nú, er áætlunin um tekjuskattsviðaukann lækkuð nokkuð frá því, sem er á þessa árs fjárl., og má gera ráð fyrir, að einhver lækkun verði á tekjuskattsviðaukanum. Þó er þess að gæta, að tekjuskattsviðaukinn kemur

hlutfallslega mest niður á tekjum frá 30 þús. upp í 150 þús. kr., og það er kannske ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að á því sviði verði veruleg tekjurýrnun á næsta ári. Tekjurýrnun mun koma frekar niður á hátekjum á næsta ári. Það er því ekki óeðlilegt að álíta, að gera megi ráð fyrir, að tekjuviðbótin af þessu frv., ef að l. verður, verði eitthvað svipuð og eftir þessum l. á yfirstandandi ári, 5 millj. kr.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 170, 188).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. lá fyrir fjhn. d., og urðu allir viðstaddir nm. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Hv. 1. þm. Eyf. var ekki mættur á fundi, þegar málið var tekið fyrir, og flytur hann brtt. á þskj. 188. En þar sem þessar brtt. hafa ekki verið ræddar í n., vildi ég mælast til, að hv. þm. tæki þær aftur til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. gat um, var ég ekki viðstaddur þegar fjhn. afgr. þetta mál, en til þess var sú ástæða, að mér var ekki boðaður fundur n., en til þess mun þó hafa verið gerð tilraun, sem ekki bar árangur, af því að síminn í herbergi mínu var bilaður. Takast hefði þó mátt að boða mér fundinn, ef skelegglega hefði verið fram gengið, t. d. með því að senda til mín þingsvein. Ég get þessa vegna þess, að það er ekki venja mín að mæta ekki á þeim fundum, sem ég er boðaður á.

Ég er sammála meðnm. mínum um það, að framlengja þurfi þessi lög. Ríkissjóði mun ekki af veita. En í sambandi við þetta vil ég hreyfa atriði, sem ég hef hreyft á undanförnum þingum, þess efnis, hvort ekki sé réttari aðferð að ákveða þessar tekjur um óákveðinn tíma. Ef hagur ríkissjóðs batnar, þá má fella þetta niður. — Varðandi aðalefni frv. hef ég ekkert að athuga, en hef leyft mér að flytja tvær brtt. Hin fyrri er við 1. gr., þannig að við bætist „Veltuskatt álagðan 1945 skal draga frá hreinum tekjum áður en tekjuskattur og tekjuskattsviðauki er á þær lagður árið 1946". — Ég hef borið þetta fram af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að ég tel veltuskattinn einn hinn ranglátasta skatt, sem á hefur verið lagður, og enn fremur er hægt að hugsa sér það, að allar nettótekjur fyrirtækis fari til að greiða veltuskatt, en samt á svo fyrirtækið að fara að greiða skatt af þessum tekjum. Þetta tel ég alls kostar óhæfilegt, þegar og þess er gætt, að veltuskatturinn er ekki lagður á eftir gjaldþoli, heldur eftir veltu. Mér hefur ekki unnizt tími til að athuga áhrif þessarar brtt., ef samþ. yrði, á tekjur ríkissjóðs, enda mundi það ekki koma fram fyrr en á næsta ári.

Hv. frsm. fór fram á, að ég tæki þessar till. aftur til 3. umr. Ég held nú satt að segja, að hér sé um svo einfalt mál að ræða, að hv. þdm. gætu nú þegar tekið afstöðu til þess. Hitt er eðlilegt, að frsm. getur ekki sagt um álit hv. fjhn. í þessu máli. Ég get auðvitað ekki verið með neina stífni í þessu og mun taka þetta aftur til 3. umr., ef fleiri óska þess. Vildi ég skjóta því til hæstv. fjmrh., hvort hann óskaði þess. Mundi ég þá draga brtt. til baka, ef hann vill athuga þær nánar, en ef hann hins vegar hefur þegar tekið sína ákvörðun í þessu máli, þá er það tilgangslaust. Ég legg þetta því undir hans dóm.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. vakti athygli á því, að betra gæti verið að hafa þessi l. ótímabundin. Ég get fallizt á þetta. En hvað þessu frv. viðkemur hef ég litið á það sem stundarfyrirbrigði. Ég hef ekki gert ráð fyrir, að tekjuskattsviðaukinn verði framkvæmdur nema til þess að greiða niður landbúnaðarvörur. Annars er vist ekki mikill ágreiningur um það, að tekjuskatturinn er nú svo hár, að ekki kemur til greina hækkun á honum. Ég held að minnsta kosti, að að svo stöddu sé því ekki ástæða til að samþ. þessa brtt. á þskj. 188.

Þetta mál var svo þrautrætt á síðasta þingi í sambandi við veltuskattinn, og kom þá vel í ljós vilji hv. d. í þessu máli, og vart hefur hann breytzt svo frá þeim tíma. Hv. þm. er vel kunnugt, að skatturinn er ekki frádráttarhæfur fyrir 1946. Og það væri ósamræmi við veltuskattslögin, ef þetta yrði samþ. Á síðasta þingi voru flestir því sammála, að veltuskatturinn væri ekki frádráttarhæfur, því að hann væri lagður á þá, sem mest græddu í ófriðnum, og sú krafa kom ekki síður frá flokksmönnum þessa hv. þm. En ef nú yrði gripið til þess að gera hann frádráttarhæfan, orkaði það tvímælis, hvort það yrði ekki ágóði fyrir þau sömu fyrirtæki, sem veltuskattinn borguðu.

Ég sé því ekki ástæðu til, að þessi till. fari lengra, nema hv. þdm. hafi skipt um skoðun frá síðasta þingi.

Bernharð Stefánsson: Eftir þetta svar hæstv. fjmrh. sé ég ekki ástæðu til að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. Ég geri ráð fyrir, að forlög hennar verði þau sömu hvort sem er.

Ég mun ekki lengja mál mitt, en vil aðeins taka fram, að hæstv. ráðh. sagði, að lög þessi væru aðeins stundarfyrirbrigði og væru fyrst og fremst afleiðing af niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum. Þetta er hægt að segja, en ég býst þó við, að þarfir ríkissjóðs verði nægar, þó að hætt verði að greiða niður landbúnaðarafurðir. Til dæmis þegar hin víðtæka tryggingalöggjöf, sem nú er í undirbúningi, kemur til framkvæmda, má gera ráð fyrir, að það kosti ríkissjóð ekki minna en uppbæturnar á landbúnaðarafurðum nú. Ég hef því þann grun, að þessi l. séu ekkert stundarfyrirbrigði.

Hæstv. ráðh. áleit þessa brtt. óviðeigandi

vegna þess, að veltuskattsl. giltu aðeins 1945. En einmitt þess vegna tel ég fremur viðeigandi en óviðeigandi, að þessi till. komi fram, þegar innheimta á beinlínis skatt af veltuskattinum á árinu 1946. Hæstv. ráðh. sagði, að meiri hl. hefði verið fyrir veltuskattsl. og þess vegna óveiðeigandi og þýðingarlaust að bera fram þessa tillögu. En mér finnst engin sönnun fyrir því, að þm. hafi ekki skipt um skoðun, þar sem þá var um að ræða lög aðeins fyrir árið 1945, en nú er um að ræða 1946 og lög fyrir það ár. Ég mun ekki deila hér um veltuskattsl., en ég tel mjög hæpið að telja hann stríðsgróðaskatt, því að í sumum tilfellum geta verið stríðsgróðamenn, sem engan slíkan skatt greiða, og mótstætt.

Um till. verða að ganga atkv., og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira. Ég óska eftir nafnakalli um till. á þskj. 188.

ATKVGR.

Brtt. 188,1 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, PHerm, BSt.

nei: BBen, BrB, EE, GJ, HG, KA, LJóh, PM, ÞÞ, StgrA.

3 þm. (GÍG, JJ, MJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 188,2 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, HG, LJóh, PM, ÞÞ, StgrA.

BSt, HermJ, IngP, PHerm greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBen, BrB, GÍG, JJ, KA, MJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þetta er stjfrv. borið fram í Ed. Eins og frv. ber með sér, er það shlj. frv. frá 1945, en er nú fram borið á ný vegna þarfa ríkissjóðs á þeim tekjum, sem frv. gerir ráð fyrir, því að fjárlfrv. var borið fram með tekjuhalla, þó að með þessum tekjum væri reiknað. Það mundi þess vegna ófært að láta þessar tekjur niður falla.

Tekjurnar af þessum tekjuskattsviðauka 1945 voru um 5 millj. kr., þó að ekki sé víst, að það innheimtist allt. Það má búast við, að tekjuskattsviðauki lækki í ár. Þó var hann meira miðaður við miðlungstekjur, en verður með þessu lagður meira á hærri tekjur, og af því má ætla, að geti orðið nokkur tekjuaukning.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 144, n. 333 og 346).

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjfrv. Það hefur verið til athugunar í fjhn., en n. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fulltrúi Framsfl. í n., hv. þm. V.-Húnv., vildi breyta frv. þannig, að veltuskatturinn, sem á er lagður 1945, skuli dragast frá tekjum við skattaframtalið á næsta ári, áður en skattur er á þær lagður. Það er náttúrlega rétt, sem hann segir í sínu nál., sem nú er verið að útbýta hér í hv. d., að það væri gott, ef hægt væri að gefa þetta eftir. En þar sem fyrir liggur nú fyrirheit um það frá hæstv. fjmrh., að veltuskatturinn verði ekki framlengdur, þá er nú síður þörf á því en annars væri að vera að gera ívilnun í þessu efni. Ég býst líka við, að hv. alþm. hafi gert sér það ljóst, að ríkissjóð vantar tekjur, meiri tekjur en hann hefur nú yfir að ráða samkv. l., sem í gildi eru. Þess vegna hefur ríkissjóður síður ástæðu til að gefa eftir af því, sem hann hefur fengið lagalega heimild til að innheimta. Ég hef ekki gert mér ljóst, hve mikilli upphæð það kynni að nema fyrir ríkissjóð, ef frv. væri breytt á þá lund, sem hv. þm. V.-Húnv. vill gera láta. En ég geri ráð fyrir, að það geti orðið töluverð upphæð. Ég býst ekki heldur við, að hv. þm. V.-Húnv. geti gert sér það ákveðið ljóst, hverju þessi upphæð nemur. Ég er ekki enn alveg búinn að lesa nál. hans til enda. En ég held, að það liggi ekki fyrir í því nein áætlun um þetta. En samkv. þeim dæmum, sem hann nefnir hér í nál., þá mætti ætla, að sá frádráttur mundi nema nokkuð miklu, þegar til samans kemur, sérstaklega á þeim einstaklingum og félögum, sem miklar tekjur hafa. Og þess vegna er síður ástæða til að breyta frv. í það horf, sem hv. þm. V.-Húnv. vill koma því í, þar sem talað hefur verið um það hér úr sölum Alþ. ekki allsjaldan, að hátekjumennirnir yrðu tiltölulega bezt úti eftir þeim skattal., sem nú eru í gildi. Mér finnst þess vegna gæta dálítils ósamræmis hjá hv. fulltrúa Framsfl. í n., hv. þm. V.-Húnv., í þessu efni, að hann skuli nú sérstaklega leggja til að láta þessa hátekjumenn og þessi hátekjufélög sleppa við þau gjöld, sem þau mundu inna af hendi á næsta ári, með því að framlengja frv. um tekjuskattsviðauka fyrir árið 1946.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira

um þetta að svo stöddu. Meiri hl. fjhn., þ. e. allir nema hv. þm. V.-Húnv. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það varð ekki samkomulag í fjhn. um afgreiðslu þessa frv., og hef ég þess vegna skilað hér sérstöku nál. og brtt. við frv. á þskj. 346, en aðrir hv. nm. hafa skilað meirihlutaáliti og leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Með þessu frv. hæstv. ríkisstj. er lagt til, að *framlengdur verði sá tekjustofn ríkisins, sem* nefndur er tekjuskattsviðauki og var á lagður á þessu ári, sem nú er að líða. Það er lagt til í frv., að hann verði framlengdur fyrir næsta ár, innheimtur einnig þá. En tekjuskattsviðauki er lagður á skattskyldar tekjur fyrirtækja til viðbótar tekjuskatti og stríðsgróðaskatti samkv. eldri lögum. Ég get á það fallizt, að ríkissjóði muni ekki veita af að innheimta þennan tekjuskattsviðauka einnig á þessu næsta ári. En í sambandi við framlengingu þessa skatts, ef um hana verður að ræða, þá tel ég það óhjákvæmilegt, að Alþ. ákveði, að veltuskattinn, sem á var lagður með l. árið, sem nú er að líða út, verði leyft að draga frá tekjum gjaldenda áður en skattur verði á þær lagður næsta ár. Ég tel miklu meiri þörf á því að gera veltuskattinn þannig frádráttarbæran einmitt ef þessi tekjuskattsviðauki verður framlengdur. Það er út af fyrir sig ekki athugavert svo mjög, þó lagðir séu nokkuð háir skattar á tekjuafgang fyrirtækja, þegar ríkissjóð skortir fé. En hitt tel ég með öllu ófært, að taka upp þann háttinn að leggja þunga skatta á útgjöld manna. En það verður gert, ef ekki verður leyft að draga veltuskattinn frá áður en skattur er lagður á tekjur. Og ég vil benda á, að í sumum tilfellum geta það orðið geysiháar greiðslur samtals, sem lagðar verða á þann útgjaldalið hjá fyrirtækjum. Það er kunnugt, að samanlagður skattur, tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur, kemst upp í 90% af tekjum fyrirtækjanna. Og komið getur fyrir, að einstöku fyrirtæki verði að borga 90% af veltuskattinum í skatt aftur á næsta ári. Og ekki nóg með það, því að samkv. gildandi l. er ekki leyft að draga tekjuskatt og stríðsgróðaskatt frá tekjum næsta árs á eftir frekar en áður, *og verður því* að greiða á næstu árum þar á eftir áframhaldandi skatt af þessum veltuskatti, en vitanlega fer halli hans mjókkandi eftir því sem tímar líða fram.

Ég hef bent á, að þessi veltuskattur er í raun og veru tollur. Hann er ekki miðaður að neinu leyti við tekjur manna, heldur er hann lagður á eftir sömu leiðum og tollar, sem lagðir eru á vörur manna. Þessi skattur er lagður á umsetningu, en er að því leyti ósanngjarnari en aðrir tollar, að hann leggst jafnt á nauðsynjar og miður þarfan varning. Og ég tel, að þessi skattur eigi að vera frádráttarbær ekki síður en aðrir tollar. En Alþ. gengur þannig frá þessum málum, að mönnum verði skylt að greiða tekjuskatt, tekjuskattsviðauka *og* stríðsgróðaskatt af veltuskattinum, þá er alveg eins hægt fyrir Alþ. að ákveða, að þessa skatta sé hægt að greiða af verðtolli, sem innheimtur verður á þessu ári. Á því er enginn eðlismunur. En ég á bágt með að trúa því, að það sé þetta, sem vakir fyrir hæstv. fjmrh. Mér dettur heldur í hug, að þetta mál hafi ekki verið athugað sem skyldi. Því að það er ljóst, að ef inn á þá braut er á annað borð farið að leggja tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á útgjöld manna, er ekki hægt að sjá, hvar á að stöðva sig á þeirri braut. Sumir benda á það, að ekki sé leyfilegt að draga greiddan tekjuskatt og stríðsgróðaskatt frá tekjum áður en skattur er lagður á þær. En um það er allt öðru máli að gegna en um það atriði að draga veltuskattinn frá tekjum áður en skattur er á þær lagður, því að í fyrrtalda tilfellinu eru skattarnir lagðir á tekjur manna, því að tekjuskatt með viðauka og stríðsgróðaskatt hafa skattgreiðendur ekki þurft að borga nema um hreinar tekjur hjá þeim hafi verið að ræða. En hér er farið inn á þá braut að heimta skatt af útgjöldum manna, alveg án tillits til þess, hvernig rekstrarafkoman er.

Ég hef nú hér sýnt fram á í nál. mínu með einu dæmi, að í sumum tilfellum getur þetta orðið þannig og verður áreiðanlega þannig, að fyrirtæki þurfa að borga miklu meiri skatt á *næsta ári en sem nemur hreinum tekjum* þeirra árið 1945, ef ekki verður leyft að draga veltuskattinn frá tekjunum áður en skattur er á þær lagður, og verður þá ekki um skatt að ræða, heldur eignarnám. Ég hef samkv. þessu lagt til, að það ákvæði verði sett í þetta frv., að veltuskattinn megi draga frá tekjum ársins 1945 áður en skattur verði á þær lagður á næsta ári, en þó því aðeins, að búið sé að greiða veltuskattinn áður en skattarnir eru á lagðir. Hv. 2. þm. Rang., frsm. meiri hl. fjhn., var í þessu sambandi að tala um hátekjumenn og að ekki væri ástæða til að hlífa þeim og að mér skildist þá væri ekki ástæða til þess að samþ. þessa brtt. mína. Það er vafalaust, að þetta snertir að nokkru þá, sem má kalla hátekjumenn. En þessi skattur hefur snert og snertir mikinn fjölda landsmanna, sem ég get ekki talið til hátekjumanna, hvað sem hv. 2. þm. Rang. gerir. Það getur vel verið, að bændur í hans kjördæmi séu allir hátekjumenn og þurfi þess vegna að ná veltuskatti af þeim. En þar, sem ég þekki til, eru bændur yfirleitt ekki hátekjumenn.

Ég sé að svo stöddu ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð og vænti þess, að hv. þdm. sé ljóst, hvað hér er á ferð, og vænti þess vegna, að þeir geti fallizt á brtt. mína á þskj. 346.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég vildi gera örlitla aths. út af ræðu hv. þm. V.-Húnv. og brtt. hans á þskj. 346. Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að þetta mál hefði ekki verið athugað sem skyldi, og hélt, að við nánari athugun mundu menn geta orðið sammála um það, að veltuskatturinn ætti að vera frádráttarbær. Ég held, að hv. þm. hljóti að sjá, ef hann hugsar sig vel um, að þetta mál hefur fengið talsvert *mikinn undirbúning*. Þetta er atriði, sem var fyrst og fremst rætt í sambandi við veltuskattsl. á síðasta þingi. Þá lágu till. fyrir

um það, að veltuskatturinn skyldi vera frádráttarbær, og það fékk athugun þá, og meiri hl. Alþ. þá var á þeirri skoðun, að þessi skattur skyldi ekki vera það. Og það er satt bezt að segja, að ef meiri hl. Alþ. hefði verið þá þeirrar skoðunar, að veltuskatturinn ætti að vera frádráttarhæfur, þá hefði sennilega aldrei verið lagt út á þá braut að setja l. um veltuskatt. Að vísu verður því ekki neitað, að þrátt fyrir það, þótt leyft hefði verið að draga hann frá tekjum áður en tekjuskattur og stríðsgróðaskattur er reiknaður af þeim, þá mundi það hafa aukið tekjur ríkissjóðs nokkuð. En samt sem áður hefði orðið við það svo mjög veruleg rýrnun á tekjum ríkissjóðs, ef þessi leið hefði verið farin, að ég efast um, að það hefði þótt svara kostnaði að setja þessi l. með því móti. Hv. þm. ætti að vera það ljóst, að ef veltuskatturinn er gerður frádráttarhæfur, hlyti það að leiða til þess, að tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og tekjuskattsviðauki á næsta ári mundu rýrna mjög verulega. Það verður ekki um það sagt, hve miklu þessi rýrnun mundi nema, en það mundi verða mjög verulegur hluti af tekjum, sem kæmi til frádráttar með því móti.

Hv. þm. V.-Húnv. lagði áherzlu á það, eins og gert hefur verið af honum og flokksbræðrum hans, að veltuskatturinn væri tollur. Þetta er ekki rétt. Í l. um veltuskatt er það skýrt tekið fram, að við verðákvörðun á vörum megi ekki taka tillit til veltuskattsins og óheimilt sé að telja hann í kostnaðarverði vöru. Og þessu hefur verið framfylgt mjög stranglega. Og ég hef ekki heyrt neinn halda því fram, að þeir, sem með verðlagningarvaldið fara, hafi nokkru sinni frá þessu vikið. Skatturinn verður því viðbótarskattur á þær stéttir, sem hann kemur niður á. En eins og tekið hefur verið fram, eru það aðallega verzlun og iðnaður, sem skatturinn lendir á. Það er litið á hann sem nokkurs konar viðbótarstríðsgróðaskatt á þessar stéttir. Og að gripið var til þessa ráðs, var fyrst og fremst vegna þess, að háværar kröfur hafa komið fram um það, og ekki sízt frá flokki hv. þm. V. Húnv., að þessar stéttir hefðu borið meira úr býtum en aðrar stéttir þjóðfélagsins síðan styrjöldin byrjaði. Og það er sennilega ekki gripið úr lausu lofti, og ég hygg, að þessar stéttir hafi á þeim tíma yfirleitt borið meira úr býtum en aðrar stéttir þjóðfélagsins og meiri eignir safnazt fyrir hjá þeim á sama tíma en hjá öðrum stéttum.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að það getur farið svo, að einstök fyrirtæki verði með rekstrarhalla á þessu ári fyrir það, að veltuskatturinn er á lagður. Það veit reyndar hvorki ég né hv. þm. V.-Húnv., hvort slíkt kemur fyrir í einstöku tilfellum, en það er ekki ómöguleiki. Það er og vel hægt að setja dæmi þannig upp, að svo verði útkoman. En einmitt af því, að veltuskatturinn er ekki miðaður við árið 1945 aðeins, heldur einnig við það, sem þessar stéttir, sem hann mest kemur niður á, hafa haft á undanförnum árum, get ég ekki séð, að mjög mikil hætta geti stafað af þessu. Ef það er rétt, að verzlun og iðnaður hafi á styrjaldarárunum aflað svo mikilla fjármuna sem haldið hefur verið fram af mörgum, þá ætti það ekki að sliga þau fyrirtæki, þó að einhver veltuskattur sé lagður á þau. Almennt er álitið, að rekstur verzlunar og iðnaðar hafi gengið yfirleitt vel á árinu 1945, og ég hygg, að ekki mörg af slíkum fyrirtækjum verði á þessu ári rekin með rekstrarhalla, þ. e. þau atvinnufyrirtæki, sem veltuskatturinn lendir mest á. Nú er þess að gæta, að við fjárlagaafgreiðsluna hefur verið gert ráð fyrir því, að tekjur af sköttum árið 1946 yrðu innheimtar á sama hátt og verið hefur og án þess að veltuskattsgreiðslan árið 1945 komi til frádráttar áður en skattur er lagður á tekjur ársins 1945. Það mundi því lækka tekjuáætlun ársins 1946 mjög verulega, ef leyft væri að draga veltuskattinn frá tekjum ársins 1945 áður en skattur væri á þær lagður, þ. e. ef brtt. hv. þm. V.-Húnv. yrði samþ. Ég ætla, að hv. þm. séu nokkurn veginn sammála um það, að fremur væri þörf á að auka tekjur ríkisins en minnka þær fyrir árið 1946. Og það mundi því ganga í mjög öfuga átt, ef ætti að rýra þá tekjustofna fyrir það ár, sem e. t. v. eru frekar hátt áætlaðir fyrir, svo mjög eins og gert yrði með því að samþ. brtt. hv. þm. V.-Húnv. Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það eru nokkrar aths. við ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vildi gera. Hann sagði, að að líkindum hefði þessi veltuskattur aldrei verið lagður á, ef meiningin hefði verið að draga hann frá tekjum áður en skattur væri á þær lagður. Hann sagði, að það mundi kannske ekki svara kostnaði að leggja hann á með því móti. Það eru ekki litlar upphæðir, sem ríkið innheimtir með tollum á útlendan varning, það skiptir millj. kr. Og það er leyft enn þá að draga þessa tolla frá tekjum áður en skattur er á lagður. Ég hef ekki heyrt fyrr, að e. t. v. svaraði ekki kostnaði þessi tollaálagning af þessum sökum. En mér skilst gilda það sama um veltuskattinn, sem er 1% tollur á allan innfluttan varning.

Þá heldur hæstv. fjmrh. því fram, eins og hann mun hafa gert áður, að þessi skattur komi ekki niður á neytendum, heldur sé þetta viðbótarskattur á gróðafyrirtæki í verzlun og iðnaði. Þetta er mesti misskilningur hjá hæstv. fjmrh., og er ég raunar hissa á því, að hann skuli enn halda þessu fram, því að þetta mál hefur verið svo þaulrætt bæði á Alþ. og á fundum og í blöðum landsins.

Viðvíkjandi verzlun kaupmanna er það að segja, að ef það hefur reynzt mögulegt að leggja þennan skatt á verzlanir án þess að þær hækkuðu útsöluverð vara hjá sér, þá var vitanlega leikur einn fyrir verðlagningaryfirvöldin að ákveða minni álagningu hjá þessum verzlunum og þar með lægra vöruverð til almennings. En meðfram fyrir veltuskattinn hefur þetta ekki verið gert, og vöruverð hefur því verið hærra en það hefði verið, ef skatturinn hefði ekki verið á lagður. En sérstaklega verður það ljóst, að þessi kenning hæstv. fjmrh. um, að skattur þessi komi ekki

niður á almenningi í landinu, er röng, þegar athugað er, hvernig verzlun er háttað í samvinnufélögum landsins. Yfirleitt hafa kaupfélög úthlutað arði til félagsmanna sinna fyrir hvert ár, í flestum tilfellum verulegum. En veltuskatturinn gerir það að verkum, að sú endurgreiðsla til félagsmanna af vöruverði minnkar verulega hans vegna og jafnvel hverfur alveg í sumum tilfellum vegna þessa skatts. Þetta verður því til þess í raun og veru að hækka vöruverðið sem veltuskattinum nemur, og sú verðhækkun kemur þyngst niður á þeim, sem stærstar fjölskyldur hafa fram að færa, og gildir að þessu leyti sama um veltuskattinn og um aðra tolla. Það er því alrangt, að þessi skattur lendi eingöngu á gróðafyrirtækjum. Það er víst ekki vafasamt, að það er einhvers staðar milli 30 og 50% af landsmönnum, sem hafa sín aðalviðskipti við kaupfélögin í landinu. Og þessi skattur og afleiðingar hans, ef ekki verður leyft að draga hann frá tekjum áður en skattur verður á þær lagður, lendir á öllu þessu fólki og með mestum þunga á þeim, sem minnsta gjaldgetu hafa, þ. e. þeim, sem flesta hafa á framfæri hjá sér.

Hæstv. fjmrh. telur, að ef brtt. mín yrði samþ., mundi það raska mjög fjárhagsáætlun ríkissjóðs á næsta ári. Vitanlega mundi þetta lækka nokkuð tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Ég hef ekki gert mér grein fyrir, hve miklu þetta mundi nema. Hæstv. ráðh. segir, að frekar muni þörf á að auka tekjur ríkissjóðs á fjárl. en að minnka þær. En ég tel það bara mjög óeðlilega og varhugaverða braut að stefna inn á, að leggja tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á útgjöld manna. Hæstv. fjmrh. gæti þá alveg eins fundið upp á því að flytja frv. um það, að leggja skyldi skatt á vörumagnstollinn og verðtollinn, því að það er enginn eðlismunur á því annars vegar og hins vegar því, sem hér á að gerast í sambandi við veltuskattinn, ef brtt. mín verður ekki samþ. Og það mætti raunar þá taka hver önnur útgjöld sem vera vill og með jafnmiklum rétti leggja tekjuskatt og stríðsgróðaskatt á þau, og þar væru náttúrlega möguleikar fyrir hæstv. fjmrh. til að ná einhverjum viðbótartekjum í ríkissjóðinn, meðan einhverjar eignir eru, sem hægt er að taka af mönnum á þann hátt. En ég held, að það ætti að fara aðrar leiðir en þessar, þegar ríkið vantar fé; aðrar en þær að leggja tekjuskatt og stríðsgróðaskatt á útgjöld manna. svo sem með því að gera betri gangskör að því en gert hefur verið að innheimta tekjuskatt og eignarskatt eftir gildandi l. Mikið af þessu kemur ekki fram við framtöl. Okkar nágrannaþjóðir hafa gert gangskör að þessu nú með því að láta fara fram eignaframtal og eignauppgjör til þess að ná þessum sköttum og til þess að byggja á því sín skattal. En hér er öfugt farið að. Hér virðist hæstv. ríkisstj. ekki hafa áhuga fyrir því máli þrátt fyrir sínar yfirlýsingar um væntanlega röggsemi ríkisstj. í þessum málum, sem fram komu, þegar ríkisstj. var mynduð. En í stað þess á að taka þenna nýja sið, að leggja tekjuskatt og stríðsgróðaskatt á þær tekjur manna, sem hafa verið teknar af þeim með veltuskatti. Má segja um þetta: Ólíkt höfumst við að, þegar þetta er borið saman við það, sem nágrannaþjóðir okkar gera nú til þess að ná tekjum í ríkissjóði sinna landa.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Hv. þm. V.-Húnv. talaði um það, að tollar, sem skipta milljónatugum, séu frádráttarhæfir og taldir til rekstrarútgjalda þeirra fyrirtækja, sem tollana borga. Ég undrast, að þessi hv. þm. skuli koma með svona samanburð. Hann veit þó vel, að tollar lenda ekki á fyrirtækjum, sem upphaflega borga þá, heldur eru þeir lagðir á vörurnar sem kostnaðarverð þeirra. Stundum hefur því verið haldið fram, að tollarnir væru til hagnaðar þeim, sem vörurnar selja. Ég skal ekkert um það segja, hvort svo er, en þessu hefur oft verið hreyft. En um veltuskattinn er það að segja, að hann má ekki leggjast á vörur í verði þeirra á sama hátt og tollarnir, heldur lendir hann því á fyrirtækjunum sjálfum, sem veltuskattinn borga. Hv. þm. V.-Húnv. segir, að þetta sé ekki nema í orði kveðnu, en eftir lagaákvæðum hljóti framkvæmdin að verða þannig, að almenningur greiði þennan skatt, og þá staðhæfingu sína rökstyður hv. þm. V.-Húnv. með því, að það hefði verið auðvelt, hvað kaupmannaverzlun við kemur að ákveða verðlag á vörum lægra en það hefur verið, svo að vörurnar hefðu verið ódýrari til neytenda, ef veltuskatturinn hefði ekki verið á lagður. En þetta segir hann, að ekki hafi verið hægt vegna veltuskattsins. Nú veit ég ekki, hvernig hann samræmir þetta við það, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni, þar sem hann sagði, að skatturinn yrði til þess, að ýmis fyrirtæki yrðu rekin með rekstrarhalla árið 1945. Ég held, að ekki sé hægt að samræma þetta. Því að ef fyrirtæki þola ekki að borga þennan skatt, þá hefðu þau ekki fremur þolað, að álagning á vörur, sem þau seldu, yrðu lækkuð um 1 eða 1½%. Það er svo náttúrlega allt annað atriði, að verðlagsyfirvöldin hafa kannske ekki í öllum tilfellum hitt á að ákveða álagninguna hæfilega. En ég ætla ekki að draga það mál inn í þessar umr.

Hvað samvinnufélögin snertir, þá liggur það í augum uppi, að þau eiga að vera nákvæmlega eins sett með tilliti til veltuskattsins og kaupmannaverzlanir. Og ég hygg, að það sé alveg rétt, sem almennt hefur verið haldið fram, að verðlag sé yfirleitt mjög svipað hjá kaupfélögum og kaupmönnum á vörum, sem þessar verzlanir selja, enda gætu þessi fyrirtæki tæplega þrifizt hvort við hliðina á öðru, ef vöruverðlag hjá þeim væri ekki svipað. Og þó að kaupfélög hafi úthlutað meiri arði til viðskiptamanna sinna en einstaklingar hafa gert, sem rekið hafa verzlun, — og þeir hafa þó gert það sumir, — þá er þar um að ræða hagnað, þ. e. hjá meðlimum kaupfélaganna, af verzlun, en ekki hitt, að þeir þurfi að kaupa vörurnar hærra verði en aðrir borgarar þjóðfélagsins. Það er náttúrlega rétt, að þeirra verzlunarhagnaður, eins og annarra, sem verzlun reka, minnkar vegna álagningar veltuskattsins. — Annars er viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um, að þessi skattur kæmi niður á viðskipta-

mönnum kaupfélaga með því að vegna skattsins væri greiddur minni arður í árslok til viðskiptamanna, því að svara, að ég hygg, að kaupfélögin hafi mörg borgað 6—8% af sinni viðskiptaveltu til sinna viðskiptamanna, sem hefur komið út sem endurgreiðsla á vöruverði, en veltuskatturinn er ekki nema 1% af smásöluveltu, nefnilega útsöluverði hjá kaupfélögunum m. a., og jafnvel þó að heildsöluálagning sé talin þar með, þá yrði skatturinn ekki nema 2½%. Það er hámarkið.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði svo um það, að í þessu efni væri ólíkt hafzt að hér hjá okkur í samanburði við það, sem nágrannaþjóðir okkar gerðu nú að láta fara fram eignauppgjör og gera aðrar ráðstafanir til þess að innheimta betur skatta hjá þeim. Og hv. þm. taldi, að heldur en að fara að í þessum sökum eins og ætlað er, að gert verði, bæri ríkisstj. fremur að gera ráðstafanir til þess að innheimta betur hjá þeim aðilum skatta, sem talið væri, að drægju undan af tekjum, og maður veit, að einhverjir draga þannig undan. Ég skal ekki segja, hvort þessar aðgerðir í Danmörku og Noregi eru gerðar fyrst og fremst til þess að hafa upp á skattsvikurum, en ég hygg, að þær séu gerðar frekar af öðrum ástæðum. Hér hjá okkur hefur verið reynt að bæta skattinnheimtuna frá því, sem verið hefur, með því að hafa frekari endurskoðun á skattframtölum en hefur verið. En þessar tilraunir hafa að vissu leyti mætt misjöfnum undirtektum hjá hv. fjvn. Meðal útgjaldatill., þar sem fjvn. hefur skorið niður, er einmitt fjárveiting til ríkisskattanefndar. En bezta ráðið til þess að fá betri skattaframtöl er einmitt það að láta ríkisskattanefnd framkvæma sem allra fullkomnasta athugun á framtölum manna. Þetta eftirlit hefur nú verið aukið nokkuð í ár, og mér er kunnugt um, að það hefur borið talsverðan árangur. Hins vegar er önnur fjárhæð, sem í fjárlfrv. er enn þá, sem gæti að einhverju leyti komið á móti og ég tel ríkisstj. heimilt að verja til þess að greiða kostnað, sem ríkisskattanefnd hefur vegna þessara athugana á framtölum manna. Og það er náttúrlega mjög æskilegt, að tekjur manna komi betur fram en verið hefur og skattar þar af leiðandi innheimtist betur en þeir gera. En ég býst við, að hv. þm. V.-Húnv. viti það sjálfur jafnvel og ég, að það getur dregizt, að þetta komist í fullkomnasta horf. Og hversu góð stjórn sem hefur verið og hversu góðan vilja sem hún hefur haft á þessu, hefur það reynzt erfitt að fá tekjurnar eins vel fram í dagsljósið og æskilegt er, og það mun reynast svo áfram.

Frsm. minni hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að verzlunarfyrirtæki hefðu ekki fremur þolað að verðlækka sínar vörur en að greiða veltuskattinn. En þar kemur þá annað til greina, sem hefði gert að verkum, að það hefði komið öðruvísi út. Ég geri ráð fyrir, að þeim hefði ekki verið gert að skyldu í því tilfelli að greiða tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af þeirri verðlækkun, — ekki er það eftir lögum, — eins og þeim er þó gert að greiða þessa skatta af veltuskattinum, ef brtt. mín verður ekki samþ. Hins vegar hef ég ekki haldið því fram, að sum fyrirtæki, sem verzlað hafa, geti ekki greitt veltuskatt. En það breytir ekki því, að veltuskatturinn kemur ómaklega niður á miklum fjölda landsmanna, sem ekkert hefur af stríðsgróða að segja. — Hæstv. fjmrh. sagði, að kaupfélögin mundu vera svipað sett í þessu tilliti og önnur verzlunarfyrirtæki, því að vöruverðið væri svipað hjá báðum. Án þess að fara að gera verðsamanburð hjá samvinnufélögum annars vegar og kaupmönnum hins vegar, þá vil ég benda á það, að þarna er samt um ólíkar starfsaðferðir að ræða. Ef um tekjuafgang er að ræða umfram það, sem lögum samkvæmt er lagt í sjóði, úthluta kaupfélögin honum í árslok til sinna félagsmanna í hlutfalli við verzlunarveltu þeirra hvers um sig. Þeir fá þá afslátt á verði þeirrar vöru, sem þeir hafa keypt á árinu. En þessu mun yfirleitt ekki vera þannig háttað hjá kaupmönnum, þó að það sé sjálfsagt rétt, sem hæstv. ráðh. gat um, að sumir kaupmenn hafa gefið viðskiptamönnum sínum einhvern afslátt í árslok. En ég vil benda á það, að það hvílir vitanlega engin skylda á kaupmönnum að gera þetta, og mér þykir ekki ólíklegt, að þeir í því efni kippi að sér hendinni eftir að þessi veltuskattur er á lagður, því að eftir það hafa þeir minni möguleika til þess að borga þennan afslátt. Hitt er ljóst, enda viðurkennt af hæstv. fjmrh., að þessi veltuskattur leiðir til þess hjá kaupfélögunum, að tekjuafgangur hjá þeim hlýtur að lækka verulega og í sumum tilfellum að hverfa. Því að það er ekki þannig, að á þeim lendi aðeins sá veltuskattur, sem þau þurfa að greiða, heldur lendir sá veltuskattur á þeim líka, sem innkaupafyrirtæki þeirra, S.Í.S., verður að greiða. Skatturinn verður til þess, að S.Í.S. hefur minna fé til þess að endurgreiða sínum félögum sem verðafslátt, og allt lendir þetta á viðskiptamönnum kaupfélaganna. Hæstv. fjmrh. telur, að þessir viðskiptamenn hafi hagnað af verzlun og geti borgað þetta þess vegna. En ég get ekki viðurkennt, að menn hafi hagnað af verzlun, þó að menn reyni að fá vörur til heimila sinna með sem hagkvæmustu verði. Það er vitanlega ekki hagnaður sambærilegur við það, sem verður hjá kaupmönnum.

Ef ekki verður leyft að draga veltuskattinn frá tekjum áður en skattur er á þær lagður, þá er hann raunverulega framlengdur næstu ár að töluverðu leyti. Í sumum tilfellum verður 90% af honum á lagt á næsta ári, eins og ég gat um, og í öðrum tilfellum lægra. Og það er ómótmælanlegt, að hann er með þessu fyrirkomulagi, að ekki má draga hann frá tekjum áður en skattur er á þær lagður, framlengdur að verulegu leyti. Þetta var nú svo ákveðið í fyrra, að hann skyldi ekki vera frádráttarbær. En það er hægt að leiðrétta það nú, af því að það er fyrst við skattálagningu á næsta ári, sem það ætti að koma til framkvæmda. Svo að það er alveg nægur tími til þess að laga þetta nú.

Hæstv. fjmrh. hefur alveg gengið fram hjá því atriði, að með þessu, sem stefnt er að, ef mín brtt. verður ekki samþ., er tekin upp sú

aðferð að leggja tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á útgjöld manna. Það er alveg ný aðferð til fjáröflunar fyrir ríkissjóð og aðferð, sem ég tel ekki sæmilegt að beita.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það þýðir víst ekki að karpa sérstaklega um þetta mál. Hv. þm. V.-Húnv. talar sérstaklega mikið um þann mun, sem sé á kaupmannaverzlun og verzlun kaupfélaga með tilliti til veltuskattsins, því að kaupfélögin úthluti arði til viðskiptamanna. En þessi munur er ekki eins mikill og lítur út fyrir í fljótu bragði. Munurinn er sá, að kaupfélögin úthluta arði til viðskiptamanna, en kaupmenn úthluta honum til borgaranna í heild sinni, þ. e. a. s., það er tekið af þeirra verzlunarhagnaði svo mikið í skatta til ríkissjóðs, a. m. k. þegar um stór fyrirtæki er að ræða, að það er meginhlutinn af hreinum tekjum þeirra. Svo að þetta er ekki meginatriði í raun og veru.

Staðhæfingar hv. þm. V.-Húnv. um það, að veltuskatturinn sé framlengdur til næstu ára, ef hann er ekki frádráttarbær, eru í hæsta máta einkennilegar. Þegar þessi skattur fellur niður um næstu áramót, sé ég ekki, hvernig hægt er að finna rök fyrir því, að þessi skattur sé framlengdur til næstu ára, þó að brtt. hans verði ekki samþ. Þetta er því fjarstæða, sem hv. þm. V.-Húnv. heldur fram í þessu efni, að skatturinn sé framlengdur, þó að hann sé ekki frádráttarbær. Þetta eru álögur, sem koma á þessar stéttir, sem mest koma til með að greiða af honum, í eitt skipti fyrir öll. Hitt get ég viðurkennt, að ef átt hefði að leggja þennan skatt á áframhaldandi, hefði hann komið niður á vöruverði.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið. En þar sem ég á sæti í fjhn. hv. d. og hef skrifað undir nál. meiri hl. hennar, finnst mér til heyra, að ég geri grein fyrir atkv. mínu.

Nú hafa farið hér fram umr. milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. V.-Húnv. (SkG), og er það engin launung, að ég lét orð falla um það í fjhn., að ég viðurkenndi fyllilega, að þessi veltuskattur og eiginlega það, á hvern hátt frá honum var gengið á síðasta þ., hefði yfirleitt ekki verið athugað sem skyldi. Ég var þá að vísu ekki hér á landi, en hef séð það í umr., sem hér fóru fram um þetta mál, að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að hann teldi þetta neyðarráðstöfun. Nú vil ég vegna ummæla hv. þm. V.-Húnv. benda á það, að sú skoðun virðist hafa vaxið upp í þessu landi, að það sé alveg takmarkalaust, hvað verzlunarstétt landsins hafi auðgazt eða hafi fjárhagslega sterka aðstöðu. Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á það, að það er sú einasta stétt í landinu, sem vörður hefur verið settur um frá stríðsbyrjun, sem sé verðlagseftirlit. Dreg ég enga dul á það, að ég álít, að verzlunarstéttin, bæði kaupfélög og kaupmenn, hafi ekki síður innt þýðingarmikið hlutverk af hendi í þágu þjóðfélagsins en hver önnur stétt. Ég hef látið orð falla um það við hv. þm. V.-Húnv., að veltuskatturinn væri mjög óréttlátur, en hins vegar væri bót að því, að eins og hefði verið frá honum gengið á síðasta þ., skyldi hann vera lagður á í eitt skipti fyrir öll, eða m. ö. o. aðeins eitt ár. Ég held, að ég hafi látið svo stór orð falla um veltuskattinn, og ég hef enga löngun haft til að leyna því, að hann hlyti að verða nokkurs konar eignarrán, því að fyrirtækin þyrftu að greiða þennan skatt af eignum sínum.

Ég ætla nú að taka dæmi um veltuskattinn, sem sýnir, að margt hefur ekki verið athugað sem skyldi, er veltuskatturinn var lagður á hér á síðasta þingi. Ég hef leyft mér að taka dæmi um félög og fyrirtæki, sem ég hef haft ákveðnar tölur um samkv. skattskýrslum þeirra. Skattskyldar tekjur þess fyrirtækis, sem hér um ræðir, eru 435550 kr., skattar til ríkis af þeirri upphæð 327966 kr., útsvar í Reykjavík 85000 kr. Síðan þarf þetta fyrirtæki að greiða í skatt utan Reykjavíkur 54605 kr. Veltuskatturinn af þessu nemur 74625 kr. Skattar hærri en skattskyldar tekjur 106646 kr. Allir þessir skattar eru greiddir á sama árinu, þótt allir nema veltuskatturinn séu miðaðir við tekjur næsta árs á undan, en veltuskatturinn er miðaður við sölu þess árs, sem skatturinn er greiddur á.

Svo er hér annað fyrirtæki, sem hefur 107000 kr. skattskyldar tekjur, skatta til ríkisins 36165 kr., útsvar til bæjar 22000 kr., og veltuskatturinn, ef miðað er við árið áður, er 143409 kr. Skattar hærri en skattskyldar tekjur kr. 94.674.00. —

Enn er eitt fyrirtæki, sem hefur skattskyldar tekjur 476350 kr. Skattar til ríkisins nema 36659 kr., útsvar til bæjarins 66000 kr. og veltuskattur 51488 kr. Skattar hærri en skattskyldar tekjur 2797 kr.

Af þessu sér maður, að jafnvel fyrirtæki, sem hefur á annað hundrað þús. kr. í hreinar tekjur, hefur töluvert meira en á annað hundrað þús. kr. í veltuskatt.

Þá hefði ég gaman af að taka hér dæmi um eitt iðnaðarfyrirtæki, sem er hlutafélag og stendur því betur að vígi en einstaklingsfyrirtæki. Skattskyldar tekjur eru 69250 kr., skattar til ríkisins 16716 kr., útsvar til bæjarins 25000 kr. og veltuskattur 15172 kr. Þarna eru þá afgangs 12362 kr.

Síðan hef ég tekið hér heildsölu, sem er einkafyrirtæki. Skattskyldar tekjur eru 52400 kr., skattar til ríkis 8878 kr., útsvar til bæjar 10000 kr. og veltuskattur 15400 kr. Afgangs eru þarna um 18122 kr. —

Loks tek ég hér eitt dæmi um smásöluverzlun. Þarna eru skattskyldar tekjur 53943 kr., skattar til ríkis 9251 kr., útsvar til bæjar 13000 kr. og veltuskattur 8465 kr. Afgangur er 23247 kr.

Af því, sem ég hef tekið hér fram, er skiljanlegt, hvers vegna ég tel þennan skatt óréttlátan og hvers vegna ég leyfði mér að nota stór orð um þetta mál. En ástæðan til þess, að ég greiði atkv. með frv., er eingöngu sú, að ég vil ekki undir neinum kringumstæðum, að þessi skattur festist við skattalöggjöfina, enda þótt hann yrði frádráttarbær. Ég tel alveg útilokað að hafa slíkan skatt í skattalöggjöfinni, sem er settur á frá ári til árs og ekki er hægt að leggja

á svo, að nokkurt réttlæti sé í undir neinum kringumstæðum.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að taka upp samanburð milli aðstöðu kaupmanna og kaupfélaga, en vil aðeins segja það, að enn þá er skattalöggjöf kaupfélaganna öllu sanngjarnari en skattalöggjöfin er gagnvart einstaklingum og hlutafélögum, og á ég aðallega við það fyrirkomulag, sem nokkur togstreita hefur verið um, sem sé, hversu mikið megi leggja í varasjóði, en það vitum við allir, að það er sízt of mikið. Ég vil benda á það, að það er lítil hugsun í þeirri stefnu, sem er beitt af löggjafarvaldinu gagnvart kaupsýslustéttinni, og mætti um það hafa langt mál. Í fyrra stríði sýndi þessi stétt sig þannig, að fyrir hennar atbeina skapaðist miklu betri aðstaða og betri innkaup til landsins en ella hefði verið, og á tímabili því, sem enn stendur yfir, hefur heildsalastéttin — og þar með talið Samband íslenzkra samvinnufélaga — unnið ötullega að innflutningi til landsins. Veit ég ekki annað en að þessi stétt hafi unnið hönd í hönd frá byrjun þessa ófriðar, sem nú nýlega hefur verið til lykta leiddur, að því hlutverki sínu að birgja landið upp með nægilegum vöruforða. Veit ég ekki heldur annað en að Samband íslenzkra samvinnufélaga og sölusamband heildsalanna hafi unnið af fullum skilningi og dugnaði að framkvæmd þessara mála. — Ég get ekki stillt mig um að benda á þetta, þegar farið er að minnast á stéttina í heild, og þar sem mér finnst gæta slíkrar vanþekkingar á þeim málum, að ekki nær nokkurri átt.

Það er áreiðanlega í engu landi nema þessu, þar sem þessari stétt er ætlað að mæta verðfalli eftir stríð, að hún verði látin greiða skatt, sem verður oft á tíðum hærri en tekjurnar, eins og gerð var sérstök gangskör að með veltuskattinum í fyrra. Í öllum öðrum menningarlöndum er fyrirtækjum á sviði viðskipta leyfilegt að taka vissa prósentutölu af umsetningu þeirra til þess að mæta verðfalli. Í þessu sambandi vil ég aðeins minnast á það, að eftir fyrri heimsstyrjöld varð niðurstaðan sú, að þessi stétt varð fyrir stórkostlegu skuldatapi, og var þá jafnt á komið með kaupfélögum og kaupmönnum, af því að atvinnuvegir landsins gátu ekki borið sig. Hið sama skeður áreiðanlega nú, ef skipan þeirra mála, sem nér um ræðir, verður áfram óbreytt. Skattaálögur þessarar stéttar hafa stöðugt verið þyngdar, og nú síðast með veltuskattinum. En slíku má ekki halda áfram.

Finnst mér ég nú hafa leitt rök að því, að veltuskatturinn má ekki undir neinum kringumstæðum festast við skattalöggjöfina, þar eð hann kemur svo óréttlátt niður, eins og hv. þm. V.-Húnv. tók fram. — Að þessu sinni ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri, þótt ástæða væri til að segja margt um viðskiptamálin í heild, en álít slíkt ekki heyra undir þetta mál.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. fjmrh. hefur nú víkið af fundi, en ég ætla þó að gera aths. við tvö atriði í síðustu ræðu hans.

Hann sagði, að það væri ekki rétt hjá mér, að stefnt væri að því að framlengja veltuskattinn. Ég sagði, að skatturinn væri raunverulega framlengdur, ef mönnum væri gert að skyldu að greiða allt upp að 90% skatt af honum á næsta ári.

Þá sagði hæstv. ráðh., að skatturinn væri ekki lagður á útgjöld. Ég get ekki betur séð, og ætti ekki um það að þurfa að deila. Ef brtt. mínar verða felldar og það verður ákveðið að heimta tekjuskattsviðauka næsta ár af þeim veltuskatti, sem innheimtur var á árinu, sem er að líða, þá er þetta að taka háan skatt af útgjöldum manna.

Ég tel, að þau dæmi, sem hv. 3. þm. Reykv. (HB) færði fram í sinni ræðu um það, hvernig veltuskatturinn kemur við í ýmsum tilfellum, sýni glöggt, hve óréttlátur hann er. Skal ég t. d. nefna 2. dæmið, sem hann tók. Það er fyrirtæki, sem hafði á árinu 1944 107000 kr. skattskyldar tekjur, skatta til ríkis 36000 kr. og útsvar 22000 kr., og eru þá eftir tæpar 50000 kr. af tekjunum þegar þessir skattar eru greiddir á árinu 1945. En þetta fyrirtæki þarf að greiða á árinu, sem nú er að líða, 143000 kr. í veltuskatt. Það kemur þarna fram, að ef rekstur fyrirtækisins verður með svipuðu móti árið 1945 og 1944, þá verður rekstrarhallinn eftir árið 1945 36000 kr., ef fyrirtækið hefur 107000 kr. tekjur. Ef till. mínar verða felldar, verður þetta fyrirtæki, sem kemur út með 36 þús. kr. rekstrarhalla, að borga 80—100 þús. kr. í tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á næsta ári. Ég held, að þetta eina dæmi, sem hv. 3. þm. Reykv. færði hér fram, ætti að færa manni heim sanninn um það, hversu ranglátt það er að innheimta þennan skatt á næsta ári.

Vitanlega voru þau atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. tók fram í sinni ræðu, gildar röksemdir til stuðnings till. mínum, og kom það ljóslega fram hjá honum, hversu fráleitt það er að framlengja þennan skatt að verulegu leyti með því að reikna af honum skatt á næsta ári. Ég er sammála þessum hv. þm. um það, að þessi veltuskattur megi ekki undir neinum kringumstæðum festast í löggjöfinni, og ganga mínar till. ekki í þá átt, heldur þvert á móti.

Hallgrímur Benediktsson: Ég vil aðeins segja örfá orð út af því, að það hefur verið misskilið, hvers vegna ég álít, að ekki verði hægt að eiga neitt á hættu um það, að þessum skatti verði haldið áfram, en er ekki alls kostar á sömu skoðun og hv. þm. V.-Húnv. (SkG) um það, að skatturinn sé reiknaður í framtíðinni á sama hátt og hann vill vera láta. Ég held, að það hafi ekki valdið neinum misskilningi eins og málið var flutt á síðasta þingi. En ég álít, að taka þurfi skattalöggjöfina til endurskoðunar. Það er á mörgum sviðum, sem löggjafinn þarf að leggja heilann í bleyti til þess að fá línurnar hlutfallslega réttar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 346,1 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvbH, BÁ, EystJ, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ.

nei: StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, GB, ÓTh, SG, SEH, STh.
GSv, SigfS greiddu ekki atkv.
5 þm. (BK, JS, SB, SK, BG) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 346,2 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 346,3 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 376).

---

4. Fjárlög 1946.

Á deildafundum 8. okt. var útbýtt frá Sþ.: *Frv. til fjárlaga fyrir árið 1946* (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Áður en ég vík að fjárlagafrv. fyrir 1946, vil ég leyfa mér að gera grein fyrir fjárhagsafkomu ársins 1944 og, að svo miklu leyti sem auðið er, fyrir afkomu þessa árs.

Heildartekjur ársins 1944 voru í fjárlögum þessa árs áætlaðar kr. 94,3 millj. (Hér og í greinargerð þeirri er á eftir fer verður yfirleitt reiknað í hundruðum þúsunda, þannig að 50 þús. og meira er hækkað upp, en lægri tölum sleppt). Tekjurnar reyndust hins vegar kr. 127,4 millj. kr., eða 33,1 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þeir liðir, sem aðallega hafa farið fram úr áætlun, eru þessir:

1. Tekju- og eignarskattur: áætl. 20 millj. kr., varð 24,1 millj. kr.
2. Vörumagnstollur: áætl. 8 millj., varð 10,2 millj. kr.
3. Verðtollur: áætl. 30 millj., varð 36,1 millj. kr.
4. Gjald af innlendum tollvörum: áætl. 1,3 millj., varð 1,8 millj. kr.
5. Stimpilgjald: áætl. 1,5 millj., varð 2,3 millj. kr.
6. Veitingaskattur: áætl. 0,25 millj., varð 0,5 millj. kr.
7. Tekjur af ríkisstofnunum: áætl. 16,6 millj., urðu 38,8 millj. kr.
8. Óvissar tekjur: áætl. 0,1 millj., urðu 2,2 millj. kr.

Nokkrir aðrir tekjuliðir fóru lítils háttar fram úr áætlun, en ekki svo að máli skipti.

Tekjur af ríkisstofnunum skiptast þannig:

a) Póstsjóður: Tekjuhalli áætl. 0,3 millj. kr., en tekjuafgangur varð 0,4 millj. kr.
b) Sími: Tekjuafgangur áætl. 0,4 millj., en varð 0,7 millj. kr.
c) Áfengisverzlun: Tekjuafgangur áætl. 10,3 millj. kr., en varð 29,0 millj. kr.
d) Tóbakseinkasala: Tekjuafgangur áætl. 5,7 millj. kr., en varð 7,6 millj. kr.
e) Ríkisútvarp ásamt viðtækjaverzlun: Tekjuafgangur áætl. 0,25 millj. kr., en varð 0,65 millj. kr.
f) Ríkisprentsmiðjan (Gutenberg): Tekjuafgangur áætl. 0,2 millj. kr., en varð 0,4 millj. kr.
g) Landssmiðjan: Tekjuafgangur. áætl. 0,1 millj. kr., en rekstrarhalli varð 0,3 millj. kr.
h) Í fjárlögum var gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld af áburðareinkasölu og grænmetisverzlun ríkisins stæðust á, en hjá báðum stofnunum hefur orðið lítils háttar tekjuafgangur (af áburðareinkasölu 0,2 millj. kr. og grænmetisverzlun 0,1 millj. kr.

Afkomu ríkisbúanna þykir eigi ástæða til að gera grein fyrir hér, en yfirleitt var hún þolanleg á árinu 1944. Mestum hagnaði skilaði Hvanneyrarbúið, tæpum 34 þús. kr.

Í óvissum tekjum er langstærsti liðurinn innb. frá Bifreiðaeinkasölu ríkisins, 1,3 millj. kr.

Tveir tekjuliðir stóðust ekki áætlun. Stríðsgróðaskattur var áætl. 12 millj. kr. og hluti ríkissjóðs því 6 millj. kr., en hann reyndist 9,6 millj. kr. og hluti ríkissjóðs því 4,8 millj. kr. Fasteignaskattur var áætl. 0,85 millj. kr., en reyndist aðeins 0,6 millj. kr.

Rekstrarútgjöld ársins 1944 voru áætluð 89,8 millj. kr., en urðu 124,1 millj. kr., og fóru þannig 34,3 millj. kr. fram úr áætlun:

Skulu hér taldir þeir gjaldaliðir, er aðallega hafa farið fram úr áætlun:

1) Alþingiskostnaður var áætl. 0,55 millj. kr., en varð 2,12 millj. kr. og hefur því farið fram úr áætl. um 1,57 millj. kr.
2) Kostnaður við stjórnarráðið var áætl. 1,5 millj. kr., en varð 2,2 millj. kr. og hefur því farið 0,7 millj. kr. fram úr áætl.
3) Dómgæzla og lögreglustjórn áætl. 4,7 millj. kr., en varð 7,0 millj. kr. og hefur því farið fram úr áætl. um 2,3 millj. kr.
4) Opinbert eftirlit áætl. 0,6 millj. kr., en varð 0,85 millj. kr. og hefur þannig farið 0,25 millj. kr. fram úr áætlun.
5) Kostnaður við innheimtu skatta og tolla áætl. 2,2 millj. kr., en varð 2,9 millj. kr. og því farið fram úr áætl. um 0,7 millj. kr.
6) Vegamál áætl. 14,2 millj. kr. Kostnaður varð 17,5 millj. kr. og umframeyðsla því 3,3 millj. kr.
7) Samgöngur á sjó áætl. 2,3 millj. kr. Kostnaður varð 3,0 millj. kr. og umframeyðsla því 0,7 millj. kr.
8) Kennslumál áætl. 11,4 millj. kr. Kostnaður varð 13,7 millj. kr. Umframeyðsla því 2,3 millj. kr.
9) Listir og vísindi (15. gr. A.) Áætl. kostnaður 1,6 millj. kr. Varð 2,0 millj. kr. Umframeyðsla því 0,4 millj. kr.
10) Landbúnaðarmál. Áætlaður kostnaður 7,4 millj. kr. Varð 7,7 millj. kr. Umframeyðsla því 0,3 millj. kr.

11) Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóðs áætluð 1,3 millj. kr., en urðu 2,6 millj. kr. Umframeyðsla því 1,3 millj. kr.

Auk þessara áætlunarliða er greitt út samkvæmt heimildarlögum samtals um 5,7 millj. kr. Langstærsta greiðslan er til hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða, rúmlega 4,7 millj. kr.

Þá eru loks greiðslur samkv. sérstökum lögum, en þær nema samtals 17,2 millj. kr. Þar af niðurgreiðsla á kjöti á innlendum markaði 11,1 millj. kr. og á mjólk 3,9 millj. kr. eða samtals tæpar 15 millj. kr. Útflutningsuppbætur námu hins vegar rösklega 3,5 millj. kr., svo að heildargreiðslur ársins vegna landbúnaðarafurða hafa orðið sem næst 24,5 millj. kr. Önnur hæsta greiðslan samkv. sérstökum lögum er vegna stríðstrygginga sjómanna, tæplega 0,7 millj. kr. Þá eru ómagastyrkir 0,3 millj. kr. Orlofsfé 0,3 millj. kr., tillag í hafnarbótasjóð 0,3 millj. kr. Minni fjárhæðir hirði ég eigi að greina.

Í fjárlögum ársins 1944 var tekjuafg. áætl. 4,5 millj. kr. En eins og áður er sagt, urðu

tekjur ársins	kr.	127,4 millj.
en gjöld	kr.	124,1 millj.

og tekjuafgangur því tæplega kr. 3,3 millj., eða nákvæmlega talið kr. 3280126. —

Í fjárlögum sama árs var greiðsluhalli áætlaður kr. 357670,00, en hann hefur orðið 13312000, 00. Það, sem mestu veldur um þennan sjóðhalla, er aukið rekstrarfé til ríkisstofnana og eignaaukning þeirra, en sú fjárhæð nemur samtals rúml. 8,1 millj. kr. Enn fremur lán til ýmissa ríkisfyrirtækja 1,7 millj. kr., til byggingar sjómannaskólans 2 millj. kr. og lækkun á geymslufé 1,5 millj. kr. Þá voru keypt hlutabréf í Útvegsbankanum fyrir 0.7 millj. kr. Afborganir af lánum voru 1,9 millj. kr. Sjóður í ársbyrjun

var	kr.	20503000,—
Rekstursafg.	kr.	3280000,—
Samtals	kr.	23783000,—
Greiðsluhalli	kr.	13312000,—
og sjóður í árslok	kr.	10471000,—

Rétt er að geta þess, að á árinu var tekið innanlands 10 millj. kr. lán. Af því voru notaðar 3,5 millj. kr. til greiðslu á láni í Bretlandi (eftirstöðvar lánsins frá 1921), en 6 millj. kr. af láninu voru geymdar á sérstökum reikningi til næsta árs og það notað í ár til greiðslu á síðasta brezka ríkisláninu.

Að sjálfsögðu er eigi unnt að gefa jafnörugga upplýsingar um afkomu þessa árs, eða þess, sem liðið er af því. Til þess vantar enn þá margvísleg gögn. Það mun þó óhætt að fullyrða, að svo framarlega, sem ekkert ófyrirsjáanlegt ber að höndum, mun verða nokkur rekstrarafgangur á árinu. Í lok septembermánaðar voru heildartekjur ríkissjóðs 104,3 millj. kr., auk 2,5 millj. kr. eftirstöðva frá fyrri árum, sem innheimtar hafa verið á árinu. Þeir tekjuliðir, sem sýnilega fara mikið fram úr áætlun, eru þessir:

1. Tekju- og eignarskattur, ásamt tekjuskattsauka, var áætl. 28,5 millj. En álagðir munu þessir skattar nema 33,5 millj. kr., og þótt einhver vanhöld kunni að verða á greiðslum, ætti þessi skattstofn þó að fara talsvert fram úr áætlun.
2. Álagður stríðsgróðaskattur mun nema sem næst 11 millj. kr. og hlutur ríkissjóðs því verða um 5,5 millj., eða 1 millj. kr. meira en áætlað var.
3. Verðtollur var áætl. 28 millj. kr., en var í sept.lok kominn upp í 31,1 millj. kr.
4. Vörumagnstollur var í sept.lok 9,2 millj. kr., en var áætlaður 9 millj. kr.
5. Stimpilgjald var í sept.lok orðið 2,4 millj. kr., en var áætl. 1,7 millj. kr.
6. Tekjur af ríkisstofnunum voru í sept.lok 29,3 millj. kr., áætlaðar 29,9 millj. kr.

Þar sem ég mun verða að víkja nánar að þessum tekjustofnum í sambandi við fjárlagafrv., skal ég eigi fjölyrða frekar um þá nú.

Gjöld ríkissjóðs í sept.lok námu samtals 86,9 millj. kr. Fyrirsjáanlegt er, að ýmsir gjaldaliðir munu fara fram úr áætlun, en engir þó þannig, að ég telji ástæðu til að gera þá að sérstöku umræðuefni, enda í flestum tilfellum erfitt að gera sér grein fyrir endanlegri útkomu. Á það má minna, sem öllum hv. alþm. raunar er kunnugt, að á fjárlögum yfirstandandi árs var engin fjárveiting til uppbóta eða niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðir, en þær greiðslur námu í sept.lok sem næst 19,2 millj. kr.

Eins og ég áður sagði, voru heildartekjurnar í sept.lok 104,3 millj. kr., en gjöldin á sama tíma 86,9 millj. kr. Tekjuafgangur á þessum tíma nemur því um 17,4 millj. kr. Ef allt fer *með felldu, vildi ég mega gera mér von um*, að afkoma versni ekki þá 3 mánuði ársins, sem eftir eru. Ef hins vegar t. d. siglingar stöðvuðust, eins og nú virðist nokkur hætta á, gæti það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu ríkissjóðs.

En þótt útlit sé fyrir sæmilega góða rekstrarafkomu, er viðhorfið nokkuð annað með sjóðreikning. Í septemberlok stendur sjóðreikningur raunverulega 7 millj. kr. verr en rekstrarreikningur, en sá mismunur á fyrir sér að vaxa. Til þess að koma í veg fyrir misskilning, skal þó fram tekið, að hér er eigi reiknað með 15,7 millj. kr., sem standa inni hjá ríkisstofnunum og embættismönnum, en talið er með tilföllnum tekjum á rekstrarreikning. Þeir gjaldaliðir utan rekstrarreiknings, sem mestu nema, eru skuldagreiðslur 3,3 millj. kr., fyrir utan þær 6 millj. kr., sem geymdar voru frá f. á., greiðslur til sjómannaskólans 1,2 millj., til vitabygginga og áhaldahúss 1,1 millj., ríkisspítalar með 0,7 millj. kr. og til kaupa á varðbátum 0,9 millj. kr.

Nokkra smærri liði hirði ég ekki að greina.

Þótt yfirlit það, sem ég nú hef gefið yfir afkomu þessa árs, sé næsta ófullkomið, þá vænti ég samt, að það nægi til þess að gefa heildaryfirsýn yfir fjárhagsafkomu ársins. Að ýmsu mun ég víkja nánar í sambandi við fjárlagafrv. fyrir 1946, og mun ég nú næst gera það að umræðuefni.

Síðan í styrjaldarbyrjun hafa tekjur ríkissjóðs hækkað ár frá ári. Síðustu 5 árin hafa tekjurnar verið svo sem hér segir:

1940	27,3	millj. kr.
1941	50,4	— —
1942	86,7	— —
1943	110,8	— —
1944	127,4	— —

Á yfirstandandi ári verða tekjurnar að minnsta kosti 145 millj. kr. og þó sennilega nokkru meira. En þess er að gæta, að á síðasta Alþingi voru lagðir á nýir skattar, er nema munu allt að 20 millj. kr. Þessi mikla tekjuaukning stafar fyrst og fremst af góðri afkomu atvinnuveganna, af háu kaupgjaldi og þar af leiðandi mikilli kaupgetu og mikilli eyðslu.

Á undanförnum árum hefur farið saman hagstætt árferði til lands og sjávar og mjög hagstætt útflutningsverð á aðalútflutningsvörum landsins. Þegar semja á tekjuáætlun fyrir árið 1946, er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir, hverjar líkur muni til, að framhald verði á þessu. Aðalútflutningsvörur landsins eru ýmiss konar matvörur. Alkunnugt er, að matarskortur er nú í flestum löndum Norðurálfu og raunar víðar. Líkur virðast benda til, að eftirspurn verði allmikil eftir útflutningsafurðum landsins og þá einnig sæmilegt verð á þeim. Hins vegar má ekki gleyma því, að viðskiptalönd vor munu nú keppa að því að komast aftur á heilbrigðan grundvöll í fjármála- og viðskiptalífinu, eftir alla styrjaldarvímuna, og má því gera ráð fyrir, að fast verði sótt á um verðlækkun á ýmsum vörum. Útlit er fyrir, að talsverð aukning atvinnutækja verði á næsta ári, og gæti það vegið nokkuð á móti þeirri verðlækkun, er verða kynni. Að öllu athuguðu sýnist því ekki ástæða til sérstakrar svartsýni um afkomu atvinnuveganna á næsta ári, svo framarlega sem árferði og aflabrögð yrðu sæmileg. En um það verður fyrirfram aldrei vitað. Út frá þessu höfuðsjónarmiði er tekjuáætlunin gerð, þó svo, að reynt er að stilla bjartsýninni í hóf. Skal ég nú víkja nokkuð að hinum einstöku tekjustofnum.

Fyrsti tekjuliðurinn er tekju- og eignarskattur, ásamt tekjuskattsauka, en gert er ráð fyrir, að hann verði framlengdur óbreyttur.

Eins og ég áður gat um, munu þessir skattar samtals verða nálægt 33,5 millj. á þessu ári, en í fjárlagafrv. fyrir 1946 eru sömu tekjur áætlaðar 26 millj. Þessi lækkun stafar að mestu af því, hversu síldveiðarnar brugðust á síðasta sumri. Afleiðing þess hlýtur að verða sú, að mörg útgerðarfyrirtæki, sem á undanförnum árum hafa greitt allmikinn tekjuskatt, greiða lítinn eða engan skatt á þessu ári. Að öðru leyti verður eigi annað séð en að atvinna manna á yfirstandandi ári hafi gengið vel, og að sjálfsögðu mun launahækkun sú hjá opinberum starfsmönnum, sem varð á fyrri hluta þessa árs, hafa í för með sér nokkra hækkun á tekjuskatti. Má því vera, að fært hefði verið að áætla þennan tekjustofn eitthvað hærri, og verður það að sjálfsögðu tekið til athugunar í háttv. fjvn.

Stríðsgróðaskattur mun á yfirstandandi ári verða um 11 millj. króna, en í fjárlagafrv. áætlaður aðeins 6 millj. króna og er því lækkaður nálega um helming. Gildir sama um þennan lið og þann næsta á undan, að aflaleysið á síldarvertíð er einasta orsök lækkunarinnar.

Vörumagnstollur var 30. sept. tæplega 9,2 millj. kr., og mun því sennilega á þessu ári verða sem næst 12 millj. kr., svo framarlega sem siglingar stöðvast ekki. Allar líkur eru til, að innflutningsmagn verði eigi minna á næsta ári en þessu, og geri ég því ráð fyrir, að tekjustofninn megi teljast varlega áætlaður.

Verðtollur var í septemberlok rúmlega 31 millj. króna, og má því telja víst, að hann losi 40 millj. kr. á þessu ári. Í fjárlagafrv. er hann áætlaður 33 millj. kr. Nú er þess að gæta, að lækkun á farmgjaldi og vátryggingum, sem þegar er orðin og sennilega má gera ráð fyrir, að haldi áfram á næsta ári, hefur í för með sér talsverða lækkun á verðtolli. Hins vegar er það og ljóst, að þegar útflutningsmöguleikar vaxa frá Bretlandi og Norðurlöndum, mun verða aukning í innflutningi á ýmsum vörutegundum hjá oss. Það er því eigi ósennilegt, að þetta tvennt geti vegið nokkuð hvort á móti öðru, og vildi ég því ætla, að tekjustofninn sé ekki óvarlega áætlaður.

Innflutningsgjald af benzíni er hækkað um 100 þús. kr. frá því, sem það var áætlað í fjárlögum yfirstandandi árs, og er það gert með tilliti til fjölgunar á bifreiðum, sem orðið hefur á þessu ári.

Gjald af innlendum tollvörum er hækkað um 300 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs, og er þar stuðzt við reynslu yfirstandandi árs.

Fasteignaskattur er óbreyttur. Lestagjald af skipum hefur verið hækkað um 40 þús. kr. og bifreiðaskatturinn um 300 þús. kr., og er hann, eins og benzíngjaldið, miðaður við bifreiðafjölgunina.

Aukatekjur eru í fjárlögum yfirstandandi árs áætlaðar 800 þús. kr., en höfðu í septemberlok náð þeirri fjárhæð. Þær eru því hækkaðar um 300 þús. kr., og virðist það ekki óvarlegt, þegar þess er gætt, að hækkun sú á skattstiganum, sem gerð var á síðasta þingi, kom ekki í gildi fyrr en í marzmánuði. — Stimpilgjald var í septemberlok 2,4 millj. kr., en er áætlað aðeins 2,5 millj. kr. Líklegt þótti, að mikil fasteignasala á þessu ári hefði ráðið allmiklu um það, hve mikið stimpilgjaldið fer fram úr áætlun, og þótti því eigi rétt að áætla það hærra en 2,5 millj. kr. Vera má, að hér sé óþarflega varlega farið í sakir.

Vitagjald var í septemberlok 400 þús. kr., en þar sem líklegt þykir, að skipakomur verði hér meiri á næsta ári, og þar sem vitagjaldið er einn af þeim tekjustofnum, sem hækkaðir voru á síðasta Alþingi, þótti rétt að áætla það 600 þús. kr. á næsta ári.

Leyfisbréfagjöld hafa verið áætluð 100 þús. kr. — Erfðafjárskattur óbreyttur kr. 200 þús. og veitingaskattur 600 þús. kr., en hann var í sept.lok kominn upp í rúmlega 460 þús. kr.

Skattar og tollar hafa þannig samanlagt verið áætlaðir 81,8 millj. kr. á móti 77,4 í fyrra, eða 4,4 millj. kr. hærra en á síðasta ári.

Skal þá næst vikið nokkuð að ríkisstofnunum.

Póstur og sími eru samanlagt áætl. með rekstrartap, er nemur um 200 þús. kr., auk þess sem á 20. gr. er gert ráð fyrir nýbygging-

um hjá símanum, er nema 3 millj. kr. Þessar stofnanir eru því allþungur baggi á ríkissjóði, og getur það naumast talizt eðlilegt, sérstaklega með stofnun eins og landssímann.

Það, sem annars skiptir máli í þessu sambandi, er tekjuáætlun áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu. Nettótekjur áfengisverzlunarinnar voru í septemberlok 21,5 millj. kr., og má því telja víst, að þær losi 30 millj. kr. á þessu ári. Í fjárlagafrv. eru þær hins vegar áætlaðar tæplega 22,5 millj. kr., eða rúml. 25% lægra en þær munu verða á yfirstandandi ári. Ég þykist vita, að einhverjir muni telja þessa áætlun óvarlega, því jafnskjótt og um þrengist með fé hjá almenningi, muni kaup á þessum vörum fara stórminnkandi. Það er að sjálfsögðu erfitt að staðhæfa, hvernig verða muni um þetta í framtíðinni, en eins og áður hefur verið vikið að, virðist ekki bein ástæða til þess að gera ráð fyrir stórfelldum samdrætti í atvinnulífinu á næsta ári, og þá ekki heldur ástæða til að ætla, að notkun munaðarvara fari mjög lækkandi. Nú verður þó eigi annað sagt en að 25% lækkun á einu ári sé allmikið stökk niður á við, og sýnist mér því eigi ástæða til að telja áætlunina óvarlega. Þess er og að gæta, að tekjur af áfengisverzlun hefðu orðið allmiklu meiri á þessu ári en raun er á, ef eigi hefði framan af árinu verið allmikill hörgull á áfengisvörum, er stafaði af sjóslysum. Hin raunverulega lækkun, sem reiknað er með, er því talsvert meiri en 25%.

Tekjur af tóbakseinkasölunni eru áætlaðar 7,75 millj. kr., en þær voru í sept.lok 7,7 millj. kr., og má því gera ráð fyrir, að þær verði á árinu sem næst 10 millj. kr. Er hér um svipaða niðurfærslu að ræða og á áfengisverzluninni, að því undanteknu þó, að tekjur tóbakseinkasölu hafa eigi rýrnað á yfirstandandi ári vegna vöruskorts. Hins vegar má telja líklegt, að ef kaupgeta almennings minnkaði, mundi það koma fyrr niður á áfengiskaupum en tóbaks.

Aðrar ríkisstofnanir en þær, er nú hafa verið nefndar, skipta litlu máli um tekjuáætlunina, og mun ég því eigi gera þær frekar að umræðuefni.

Tekjuliði þá, sem um ræðir í 4. og 5. gr., mun ég eigi gera að sérstöku umræðuefni, enda skipta þeir litlu máli fyrir heildarafkomuna.

Eins og sjá má af rekstraryfirlitinu í 21. gr., eru heildarrekstrartekjur ársins 1946 áætl. 114,2 millj. kr., eða rúmlega 13 millj. kr. minna en þær reyndust vera á árinu 1944 og að minnsta kosti 30 millj. kr. minna en útlit er fyrir, að þær verði á þessu ári. En þess ber þá einnig að gæta, að gert er ráð fyrir, að tveir tekjustofnar, sem samtals munu gefa 12—14 millj. kr. á þessu ári, verði eigi framlengdir. Er þar um að ræða veltuskattinn og ísfiskgjaldið. En þrátt fyrir þá tekjurýrnun, sem af þessu leiðir, má mikið breytast frá því, sem verið hefur hin síðari árin, til þess að tekjuáætlunin fái eigi staðizt.

Næst skal þá vikið að gjaldaáætluninni.

Um 6.—10 gr. er ekkert sérstakt að segja. Áætlunin er byggð á reynslu þessa árs og hinir ýmsu útgjaldaliðir áætlaðir svo nærri lagi sem auðið er að gera fyrirfram.

Utanríkisþjónustan er þegar orðin allhár útgjaldaliður, og má án efa gera ráð fyrir, að hann eigi fyrir sér að hækka. En um það þýðir eigi að fást, það er óhjákvæmileg afleiðing þess, að vér höfum nú tekið öll vor mál í eigin hendur. Á hitt ber og að líta, að utanríkisþjónustan færir oss án efa allmikinn óbeinan hagnað, þó jafnaðarlegast sé erfitt að telja hann í tölum.

Um 11. gr. er að mestu það sama að segja, að áætlunin er þar byggð á reynslu þessa árs, Sumir útgjaldaliðir þessarar greinar eru orðnir ískyggilega háir. Má t. d. benda á lögreglukostnað, sem nálgast orðið 1½ millj. kr. Landhelgisgæzlan er áætluð 3 millj. kr. og kostnaður við að innheimta tolla og skatta, ásamt tollaeftirlitinu, nemur nákvæmlega 2½ millj. kr. Í sambandi við hina háu fjárveitingu til landhelgisgæzlunnar er rétt að geta þess, að fest hafa verið kaup í Bretlandi á 3 vönduðum og hraðskreiðum bátum, sem ætlazt er til, að notaðir verði til landhelgisgæzlu eftirleiðis, enda verði Þór þá seldur. Bátar þessir með öllum útbúnaði munu kosta nokkuð yfir 1 millj. kr., og reynist þeir hentugir til landhelgisgæzlunnar, verður eigi annað sagt en að vel hafi tekizt með öflun skipa til þeirrar notkunar.

Í 12. gr. mun vekja mesta eftirtekt hinn mikli rekstrarhalli á ríkisspítulunum, sérstaklega á Landsspítalanum, þrátt fyrir hækkun á daggjöldum. Styrkur til sjúkrabygginga, læknabústaða og sjúkraskýla er áætlaður 1 millj. kr., og mun það hvergi nærri hrökkva til að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða um framlag úr ríkissjóði til þessara stofnana. — Um þessar greinar er það að öðru leyti sameiginlegt, að útgjöldin hafa hækkað mjög vegna hinna nýju launalaga. Þess skal getið, að við samningu fjárlaganna hefur verið reiknað með vísitölu 275, en nú má telja líklegt, að hún verði nokkru hærri, og leiðir það að sjálfsögðu til útgjaldaaukningar.

Kem ég þá að 13. gr. Framlög til nýrra akvega eru áætluð 1 millj. kr. lægri en í síðustu fjárlögum. Mér er fullljóst, að skiptar verða skoðanir um, hvort hér sé rétt stefnt, og enginn neitar því, að þörf sé nýrra vega. En hins verður að gæta, að nýtt viðhorf hefur skapazt hin síðari árin í vegagerðinni. Reynslan hefur leitt í ljós það, sem raunar áður var vitað, að vegagerð með nýtízku áhöldum verður mörgum sinnum ódýrari en með handverkfærum, sem aðallega hafa verið notuð hér á landi fram á síðustu tíma. Á þessu ári hefur verið aflað margra stórvirkra vegavinnuvéla, og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að vegavinnuvélar verði keyptar fyrir 800 þús. kr. á næsta ári. Þrátt fyrir þá lækkun, sem lagt er til á framlaginu til nýrra vega, ættu því afköstin síður en svo að minnka. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé mjög hæpinn ávinningur að veita meira fé til nýbyggingar vega en sem því svarar, er unnið verður með vélum. Þess verður þó að gæta, að ef sú leið yrði valin, er naumast unnt að dreifa vegafénu eins mikið og gert hefur verið á síðari árum. Kostnaður við flutning vélanna er meiri en svo, að það gæti borgað sig að nota þær við lagningu smáspotta, sem veittar eru til 5—10

þús. kr. Veit ég í raun og veru ekki, hvort nokkur skaði væri skeður, þó breytt væri til í þessu efni; vegarspotti, sem er nokkur hundruð metrar, getur að vísu gert nokkur þægindi fyrir 1 eða 2 heimili, en þjóðhagslega þýðingu hefur hann sjaldnast. Vænti ég, að háttv. fjvn. taki það til rækilegrar athugunar, hvort ekki gæti verið ástæða til að breyta einhverju um stefnu í þessum efnum.

Rétt er að vekja athygli á því, að í fjárlagafrv. eru engar tillögur gerðar um skiptingu vegafjárins. Stafar það af því, að yfirstjórn vegamálanna var eigi undir það búin að gera tillögur um skiptinguna, þegar fjárlagafrv. var samið, en kvaðst hins vegar munu bera fram tillögur til fjárveitinganefndar þar að lútandi.

Til nýrra brúa er lagt til, að varið verði á næsta ári 1,5 millj. kr., og er það nokkuru minna en í fjárlögum yfirstandandi árs, ef þar er talin með 500 þús. kr. endurfjárveiting. Útlit er fyrir, að smíði Ölfusárbrúar verði lokið á þessu ári, og mun hún kosta nær 2 millj. kr., en fjárveitingin til hennar var aðeins 1 millj. kr. í fjárlögum þ. á. Bróðurparturinn af brúarframlaginu mundi því ganga til að standast kostnað af gerð Ölfusárbrúarinnar. Þess ber þó að gæta, að enn þá er óeytt af brúarfjárveitingu ársins 1943 325 þús. kr. og af fjárveitingu ársins 1944 312 þús. kr. Enn fremur er gert ráð fyrir, að á næsta ári verði gerð brú á Jökulsá á Fjöllum fyrir fé úr brúasjóði, en í honum munu verða um næstu áramót nálægt 1,4 millj. kr. Það verður því að teljast vafasamt, að á næsta ári verði unnt að koma upp fleiri brúm en fjárveitingar eru fyrir, þótt látið verði sitja við 1.5 millj. kr., eins og tekið hefur verið upp í frumvarpið.

Viðhald og endurbætur vega eru áætl. 8 millj. kr., eða 1 millj. kr. meira en í núverandi fjárlagafrumvarpi.

Því miður er það samt sem áður svo, að þessi áætlunarliður mun fremur verða of lágur en of hár. Vegaviðhaldið er orðið ákaflega þungur baggi á ríkissjóði, og virðist mér, að vegamálastjórnin ætti vel að athuga, hvort eigi mundi auðið að gera það eitthvað ódýrara með betri áhöldum.

Til strandferða er lagt til, að veittar verði 2 millj. kr., og satt að segja er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hvort sú fjárveiting muni nærri lagi. Kostnaður verður án efa talsvert hærri á þessu ári, en ef til vill mætti gera sér vonir um, að útgerðarkostnaður færi eitthvað lækkandi, að minnsta kosti vátryggingar skipanna og áhættuþóknun skipshafna. — Annars mun þessi útgjaldaliður þurfa sérstakrar athugunar við í háttv. fjárveitinganefnd.

Til nýrra hafnargerða er áætlað, að varið verði 2 millj. kr. á næsta ári, og er það aðeins minna en í fjárlögum þessa árs. En þar gildir að nokkru hið sama og um vegina, að fullkomnari tækni á að geta aukið afköstin. Á hitt þarf ekki að minnast, að sú aukning útgerðarinnar, sem gert er ráð fyrir að fram fari á næsta ári, mun gera nauðsynina á nýjum hafnarmannvirkjum enn þá meira aðkallandi.

Til flugvallagerðar og lendingarbóta fyrir flugvélar er áætlað 450 þús. kr. fyrir utan 400 þús. kr., sem teknar eru á 20. gr. til flugvallar í Vestmannaeyjum og lendingarbóta á Ísafirði.

Um 14. gr. hef ég ekki margt að segja. Til húsabóta á prestssetrum er áætl. 500 þús. kr., og til endurbóta á gömlum húsum 200 þús. kr., og er það 100 þús. kr. meira en á núverandi fjárlögum. En auk þess er tekin á 20. gr. 150 þús. kr. fjárveiting til kaupa á jörðinni Hesti í Borgarfirði, en raunverulega er þar ekki um annað að ræða en fjárveitingu til byggingar íbúðarhúss fyrir prestakallið. Á árinu 1944 hafði sem sé verið gerður samningur milli landbúnaðarráðuneytisins og kirkjumálaráðuneytisins þess efnis, að kirkjumálaráðuneytið afhenti prestssetrið Hest til þess að koma þar upp tilraunabúi, gegn því að reist yrði íbúðarhús yfir sóknarprestinn á Hvanneyri. Við þá skuldbindingu hefði að sjálfsögðu átt að standa á þessu ári, en þar sem engin fjárveiting var á fjárlögum yfirstandandi árs, þykir óhjákvæmilegt að fara fram á hana á næsta ári.

Styrkur til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða er áætl. 1,2 millj. kr. Kröfur munu fram koma um miklu hærra fjárframlag í þessu skyni, en samt sem áður þótti ekki fært að leggja til, að meira fé yrði veitt, enda hefur þessi liður verið hækkaður um 50% frá því, sem er í fjárframlögum þessa árs, Enn fremur er lagt til, að veitt verði 800 þús. kr. til stofnkostnaðar héraðsskóla, 830 þús. kr. til bygginga gagnfræðaskóla og samtals 1 millj. kr. til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum og sveitum. — Er hvor liður til húsmæðraskólanna hækkaður um 100 þús. kr. frá því, sem er í fjárlögum þessa árs.

Framlag til íþróttasjóðs er látið haldast óbreytt, 600 þús. krónur. Kröfur komu fram um stórfellda hækkun á þessum lið, en ekki þótti fært að taka þær til greina.

15. gr. er í flestum atriðum óbreytt eins og hún er í gildandi fjárlögum, að öðru leyti en því, að flestir útgjaldaliðir hafa hækkað nokkuð, sumpart vegna launahækkunar og sumpart vegna hækkaðrar dýrtíðarvísitölu. Kostnaður við atvinnudeild háskólans er kominn upp í 1,2 millj. kr., og mun sá kostnaður vafalaust fara hækkandi á næstu árum, ef taka á tækni í þjónustu atvinnuveganna í ríkara mæli en verið hefur.

Á 16. gr. hafa heldur eigi verið neinar stórbreytingar. Jarðabótastyrkur hefur þó verið hækkaður úr 1 millj. kr. upp í 1,7 millj. kr. Jarðabótastyrkurinn í ár mun hafa numið sem næst 1,3 millj. kr., og er líklegt, að jarðabætur þessa árs verði nokkru meiri. Tillag til kreppulánasjóðs er rúmlega 340 þús. kr. og mun verða síðasta framlagið til hans. Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma er áætl. 200 þús. kr. hærri en í þessa árs fjárlögum, og stafar það af niðurskurði í Mývatnssveit og Bárðardal austan Skjálfandafljóts.

Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík er óbreyttur frá síðasta ári, 300 þús. kr.

17. gr. er að mestu óbreytt frá núgildandi fjárlögum, og ætla ég, að í henni sé ekkert, er gefi tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 18. gr. Dýrtíðaruppbót, sem greidd var á laun embættismanna og eftirlaun samkv. heimild í 22. gr. fjárlaga undanfarinna ára, féll niður af embættislaunum við gildistöku nýju launalaganna, en var látin haldast á eftirlaunum, og hefur henni nú verið bætt við hvern einstakan lið, en í núgildandi fjárlögum er hún áætluð í einu lagi á 18. gr. II. x. kr. 72000,00.

Sama máli gegnir um aukauppbótina, en hún er í núgildandi fjárlögum áætluð í einu lagi á 18. gr. II. y. kr. 110000,00.

Samkvæmt 10. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 8. gr. laga um lífeyrissjóð barnakennara ber ríkissjóði að greiða í nefnda sjóði 6% af launum fastráðinna starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Eru hér áætluð 6% af öllum launum, sem áætl. eru á fjárlagafrv., einnig þeim, sem áætl. eru í 3. gr. A.

Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 4. gr. reglugerðar frá 25. apríl 1945 um lífeyrissjóð barnakennara — en láðst hefur að vitna í síðarnefndu reglugerðina í frumvarpinu — verður að sjálfsögðu ekki áætluð nákvæmlega, en með því að framlagið fyrir árið 1944 nam ca. kr. 122000,00, þótti ekki varlegt að áætla það lægra en kr. 200000,00 í frumvarpinu.

Fjárveiting til óvissra útgjalda er hækkuð úr 250 þús. kr. upp í 500 þús. kr., og er það vafalaust samt sem áður of lágt.

Óviss útgjöld færð á 19. gr. urðu 1944 rúml. 1,7 millj. kr., og mun raunin jafnaðarlega hafa verið sú, að miklu meira hefur verið greitt út en áætl. hefur verið. En á 19. gr. eru svo auk þessa áætl. 12 millj. kr. til niðurgreiðslu á nokkrum landbúnaðarafurðum. Því verður eigi neitað, að þessi áætlun er mjög af handahófi gerð. Með þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á tilhögun niðurgreiðslnanna, er fyrirfram mjög erfitt að segja um, hverju þær muni nema. Ef gert væri ráð fyrir, að niðurgreiðsla á kjöti næði samtals til 80 þús. manna, mundi kjötmagn, sem greitt væri niður, nema 3200 tonnum, og fjárhæðin þá sem næst 14 millj. kr. Niðurgreiðslur á mjólk munu nema að minnsta kosti 3 millj. kr., og yrðu þá heildarniðurgreiðslurnar á þessum tveim vörutegundum 17 millj. kr. En af þeirri fjárhæð ætti rúmur fjórði partur að koma á yfirstandandi ár. Ef þessi áætlun væri eitthvað nærri lagi, er sýnilegt, að útgjöldin mundu frekar verða yfir 12 millj. kr. en undir. Auk þess ber þess svo að gæta, að engin fjárveiting er til fyrir þeim hluta niðurgreiðslnanna, er kemur á þetta ár. En ef til vill gæti maður leyft sér þá bjartsýni að gera sér vonir um, að það mundi samt sem áður ekki valda rekstrarhalla á árinu. Ég geri ráð fyrir, að áframhaldandi verði unnið að því að finna aðra hagkvæmari lausn á þessum verðlagsmálum en niðurgreiðslurnar. Fyrirfram verður þó ekkert um það sagt, hvort þær tilraunir muni bera árangur.

Ég hef nú drepið á allar þær greinar fjárlaganna, er við koma rekstrarreikningi. Eins og rekstraryfirlitið í 21. gr. ber með sér, er gert ráð fyrir, að heildarútgjöldin verði 115244 450 kr., en tekjurnar, eins og áður er sagt, áætlaðar 114162711 kr. og rekstrarhalli áætlaður 1081739 kr.

Þessi tekjuhalli nemur tæplega 1% af heildartekjunum, og má því telja, að tekjur og rekstrarútgjöld standist á.

Öðru máli gegnir um greiðslujöfnuðinn. Innborganir á 20. gr. nema aðeins 2,6 millj. kr., en útborganir 14,4 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 2,5 millj. kr. afborganir af skuldum. Til eignaaukningar ríkisstofnana fara 4,1 millj. kr., þar af 3 millj. kr. til eignaaukninga landssímans. Vel gæti komið til mála að heimila landssímanum að taka lán til þeirra framkvæmda. Þar er aðeins um arðberandi fyrirtæki að ræða, sem stofnunin ætti að vera vel fær um að standa undir. Til viðbótarhúsnæðis fyrir ríkisspítalana er gert ráð fyrir 1 millj. kr., og væri vafalaust þörf á að hækka þá fjárveitingu. Til vita eru áætlaðar 1,4 millj. kr. og til flugvallargerðar í Vestmannaeyjum og lendingarbóta á Ísafirði, 2. greiðsla af þremur, samtals 400 þús. kr. Þá er áætlað 1 millj. kr. til menntaskólahúss í Reykjavík. Skólinn heldur á næsta ári 100 ára afmæli sitt, og mun samhljóða álit menntamálastjórnar, að eigi verði lengur beðið með endurbætur á húsakynnum hans. 1 millj. kr. er áætlað til Sjómannaskólans og mun þó eigi nægja til að fullgera hann. Til byggingar bændaskóla í Skálholti er áætlað 1 millj. kr. Það virðist vera einróma álit síðasta Alþingis, að reisa bæri bændaskóla á Suðurlandsundirlendinu, þótt skiptar væru skoðanir um hvar skólasetrið ætti að vera.

Á þessa árs fjárlögum voru veittar 250 þús. kr. til undirbúnings skólastofnunar, og hefur þegar verið hafizt handa með mælingu og uppdrætti af landi Skálholts og vegargerð að hinu væntanlega skólasetri. — Þá er lagt til, að 100 þús. kr. verði veittar til að koma upp bústað fyrir skólastjóra á Hólum. Húsrúm er mjög ófullnægjandi fyrir skólann, og hefur Búnaðarfélag Íslands mælt mjög eindregið með tilmælum skólastjóra um, að komið verði upp sérstöku húsnæði fyrir hann. Gert er ráð fyrir, að þetta sé fyrri fjárveiting af tveimur. Teikning og kostnaðaráætlun liggur enn þá ekki fyrir og því eigi unnt að segja, hver kostnaður verður. — Aðra útgjaldaliði 20. gr. tel ég eigi ástæðu til að gera að umræðuefni.

Eins og ég þegar hef bent á og sjá má af sjóðsyfirlitinu í 21 gr., er áætlaður greiðsluhalli, er nemur 12,8 millj. kr. Er það nálega sama fjárhæð og ætlað er til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðir og má af því sjá, að enn sem komið er væru ekki miklir örðugleikar á að fá greiðslujöfnuð á fjárlögin, ef aldrei hefði verið lagt út á þá óheillabraut. Nú býst ég við, að spurt verði um, hvar taka eigi fé til að jafna greiðsluhallann, hvort það verði gert með nýjum skattaálögum eða með lántökum eða jafnvel með niðurskurði á fjárlögum. Ég er enn þá ekki reiðubúinn til að svara, hverjar tillögur stjórnin muni gera um þetta. Ég geri ekki ráð fyrir, að fjárlögin verði afgreidd fyrr en í desembermánuði, og verður þá betur séð fyrir um afkomu þessa árs. En fyrsta skilyrði fyrir því, að unnt sé að gera sér grein fyrir, hverra fjár-

muna þurfi að afla, er að vita, hvernig sjóðreikningur stendur í lok ársins.

Að nauðsynjalausu mun stjórnin ekki bera fram nýjar skattatillögur, enda er mér ekki ljóst, hvar bera ætti niður.

Áður en ég lýk máli mínu, þykir mér rétt að gefa nokkurt yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs, eins og þær eru nú. Brezku lánin eru nú öll uppborguð, og erlendar skuldir eru engar, nema lítilsháttar í Danmörku. Væru þær einnig greiddar, ef ekki stæði á samkomulagi um, í hverjum gjaldeyri greitt skuli. Danmörk hefur lagt mikla áherzlu á að fá greiðslu í dollurum, en eins og viðskiptum vorum nú er háttað, getum vér naumast greitt í öðru en sterlingspundum.

Skuldalistinn í september er á þennan veg:

Innlend lán:			
Í árslok 1944.	kr.	22087000	
Afborganir til 30/9 ..	—	1133000	20954000,—
Dönsk lán:			
Í árslok 1944.	—	5932000	
Afb. fallnar í gjaldd. 30/9 '45.	—	320000	5612000,—
Ensk lán:			
Í árslok 1944.	—	9242000	
Afb. til 30/9 '45.	—	8216000	1026000,—1)
Lausaskuldir:			
Í árslok 1944.	—	9663000	
Viðbót til 30/9 '45.	—	720000	10383000,—2)

Eins og sjá má af þessu yfirliti, hafa skuldir ríkissjóðs lækkað stórlega á síðari árum. Í árslok 1939 voru þær 46,9 millj. kr. og hafa því minnkað á þessum 6 árum um 9 millj. kr., og það, sem ekki er minna um vert, er, að þá voru skuldirnar að miklu leyti við önnur lönd, nú eru þær nálega allar innanlands.

Hagur landsins að öðru leyti verður eigi annað sagt en að standi með blóma. Verzlunarjöfnuður hefur haldizt nokkurn veginn, það sem af er þessu ári. Má að vísu búast við nokkuð verri útkomu þá mánuði, sem eftir eru, vegna lítils útflutnings á síldarafurðum, sem jafnaðarlega hafa verið stærsti útflutningsliðurinn síðari mánuði ársins.

Innieign bankanna var lítið eitt minni í lok síðustu viku en á sama tíma í fyrra, en þess er að gæta, að á þeim tíma hefur allmikið verið greitt upp í ýmis atvinnutæki, sérstaklega skip og efni til skipa. Hagur ríkisins út á við verður því að teljast mjög góður. Hins vegar verður því eigi neitað að verðbólgan, sem skapazt hefur í landinu hin síðustu ár, gerir ýmsa erfiðleika inn á við, og að því kemur fyrr eða síðar, að vér verðum nauðugir viljugir að horfast í augu við þá staðreynd, að snúa verður við. Erfiðleikum mun það valda, hvenær sem að því kemur, en léttara ætti það þó að verða, ef þá verða til taks nóg atvinnutæki, þannig að allir, sem unnið geta, hafi næga vinnu.

Og það, sem gefur beztar vonir um bjarta framtíð fyrir land og þjóð, er einmitt það, að útlit er fyrir, að takast muni að afla nægra tækja til þess að allir hafi nóg verkefni. Ef svo giftusamlega tekst til, er naumast heldur ástæða til að kvíða afkomu ríkissjóðs.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að leggja til, að fjárlagafrumvarpinu verði vísað til hv. fjvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, kom til orða, að allir flokkar ættu þátt í myndun ríkisstj. Framsfl. lýsti yfir því, að hann gæti ekki tekið þátt í myndun ríkisstj., nema ráðstafanir væru gerðar til þess að stöðva verðbólguna, og síðan ákveðið að lækka dýrtíðina.

Þetta taldi Framsfl. óhjákvæmilega undirstöðu heilbrigðs atvinnu- og fjármálalífs og það alveg sérstaklega, þegar þess var gætt, að næstu missiri þurftu að verða miklar framfarir í landinu, en í því sambandi hlaut að eiga sér stað mikil fjárfesting í atvinnuvegum landsmanna. Tillögum Framsfl. um þessi efni var algerlega vísað á bug.

Síðastliðið haust lá fyrir tilboð frá fulltrúum bænda á búnaðarþingi um tilslökun á afurðaverði, og var það hugsað sem fyrsta skref til algerrar breytingar í dýrtíðarmálum. Í stað þess að fallast á stefnu Framsfl. í verðlags- og fjárhagsmálum og stefnu búnaðarþings, var núv. ríkisstj. mynduð á þeim grundvelli, að tilboð bændastéttarinnar um verðlagsmálin var misnotað til þess að kaupa kommúnista til fylgis við núv. ríkisstjórn. Í stað þess að stöðva verðlag og kaupgjald, var afurðaverðið eitt stöðvað í bili, en almennum kauphækkunum um land allt lofað um leið. Jafnframt var enn einu sinni flutt sú kenning, að kauphækkanir hefðu engin áhrif á dýrtíðina í landinu og því lýst yfir, að dýrtíðin hefði verið stöðvuð. Með drembilæti og hofmóði var byrjað að prédika, að það væri fásinna og afturhald að tala um, að minnka þyrfti verðbólguna, og engin von væri til þess, að menn vildu samþykkja niðurfærslu verðlags og kaupgjalds, þar sem hennar væri engin þörf. Stóð svo um hríð.

Þegar að því kom, að stjórnarliðið átti að afgr. fjárlög fyrir yfirstandandi ár og afla tekna í því sambandi, þegar stjórnarliðið stóð frammi fyrir því að þurfa að afgr. ný launal., sem lofað hafði verið, og þegar séð varð, að til þess að halda vísitölunni óbreyttri þurfti 20—30 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, minnkaði þó ofsi stjórnarliðsins um stundarsakir. Í örvæntingu var gripið til þess að samþ. veltuskattinn, sem löngu er landsfrægur orðinn að endemum sem óréttlátasti skatturinn, sem lagður hefur verið á hér á landi, og þyrfti víst víða og lengi að leita að hliðstæðu „afrekí" í þjóðmálum.

Til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum var gripið til þess að veita fé úr og éta upp þá litlu sjóði, sem ríkið hafði safnað á

1) Þetta eru lán til síldarverksmiðja ríkisins.

2) Af þessari upphæð eru lausaskuldir í útlöndum kr. 7025000,— og þar af ógr.afb. og vextir af dönskum lánum kr. 5551,00.—

undanförnum árum. Í átökum þeim, sem urðu um þessi mál, bognaði hæstv. fjmrh. nokkuð undan þunga staðreyndanna, og síðasta Alþ. lauk svo, að hæstv. ráðh. gaf hina frægu yfirlýsingu um það, að fjármálastefna sú, er þá var fylgt, gæti ekki staðizt, og yrði því að breyta um stefnu. Lét hann þess þó jafnframt getið, að hann væri ekki reiðubúinn að segja, hversu með fjárhags- og dýrtíðarmálin skyldi fara, — en sat samt.

Nú liðu nokkrir mánuðir, og stjórnarliðið naut lífsins í nefndum og ráðum. En verðbólgufræið, sem stjórnin setti niður síðla vetrar og í vor með allsherjar kauphækkunum í landinu, spratt á meðan í næði. Leið svo fram í ágúst. Fóru þá draumar að þyngjast, og geta menn gert sér í hugarlund, að líðan ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. hafi verið eitthvað svipuð því, sem segir í þjóðsögunni um konuna, sem fól Gilitrutt vefnaðinn. Varð nú ekki undan því komizt að horfa framan í staðreyndirnar. Vísitölu landbúnaðarins varð að reikna. Kom þá í ljós það, sem vita mátti, að hún hafði hækkað verulega, eða um nærri 10%. Stóðu málin nú þannig, að bændur áttu inni önnur 10% frá síðastliðnu hausti. Þurfti verðlag þeirra því að hækka um 20% til þess, að þeir stæðu jafnfætis öðrum stéttum. Urðu nú lítils virði fullyrðingar stjórnarliðsins frá því s. l. vetur og vor um, að framkvæmd kauphækkana hefði engin áhrif á dýrtíðina í landinu, og dýrtíðin væri stöðvuð. Ef verðlag landbúnaðarafurða átti að setjast í samræmi við kaup og annan framleiðslukostnað og niðurgreiðslur úr ríkissjóði að hætta, þá var vísitalan fljótlega komin á fjórða hundrað stiga. Þannig hafði ríkisstj. búið í haginn þann stutta tíma, sem hún hafði setið að völdum.

Fór nú víst að fara um þá, sem hæst höfðu hrópað gegn því, að nauðsyn bæri til niðurfærslu verðbólgunnar. Aðalstuðningsblöð stjórnarinnar gerðu nú allt í einu þá uppgötvun, að Framsfl. hefði haft rétt fyrir sér. Morgunbl. sagði, að nú væri tækifæri til þess að aðhafast eitthvað raunhæft í dýrtíðarmálunum, ekki mætti tæpara standa um afkomu atvinnuveganna. Og jafnvel Þjóðviljinn tók undir. Morgunbl. boðaði, að nú mætti vænta, að kallið kæmi frá ríkisstj., að augu valdhafanna hefðu opnazt og skirskotað yrði til landsmanna að standa nú saman og aðhafast eitthvað raunhæft í dýrtíðarmálunum.

Enginn tók þetta fjas alvarlega, svo að við yrði vart. Menn hafa áður séð skrif Morgunblaðsins um þessi efni. Menn hafa heyrt skraf hæstv. núv. forsrh. um bölvun dýrtíðarinnar og séð þá lyppast niður jafnharðan og byrja að lofsyngja verðbólguna á nýjan leik, undireins og á þurfti að halda til þess að halda völdunum. Menn bjuggust því ekki við miklu. Og í þessu hefur mönnum ekki heldur yfirsézt. Allt fór á sömu leið og vant var. Ríkisstj. gafst upp við lausn málsins. Það kom ekkert kall. Augu valdhafanna höfðu aðeins opnazt örlitla stund, en það, sem þau sáu, var ekki þægilegt, og þá var ekkert annað að gera en leggja þau aftur á ný. Engar raunhæfar ráðstafanir voru gerðar. Aðeins kák eitt, en verra og hættulegra kák en nokkru sinni fyrr. Það mátti líka svo sem nærri geta, hvað þeir menn gátu gert til þess að lækka dýrtíðina, sem vegna metnaðar höfðu bundið sig í þessum málum s. l. haust og tekið sér fyrir hendur að kalla þá menn ónefnum og ausa þá auri, sem höfðu bent á raunhæf úrræði til lækkunar verðbólgunnar. Hvers var að vænta af þeim mönnum, sem tekið höfðu að sér stjórnarmyndun fyrir nokkrum mánuðum á þeim grundvelli, að engrar niðurfærslu væri þörf?

Ríkisstj. var það vel ljóst í sumar, að bændastéttin var ófáanleg til þess að taka á sig einhliða byrðar dýrtíðarinnar. Bændur voru staðráðnir í því að halda fram hlut sínum, eins og aðrir. Þeir höfðu í fyrrahaust reynt þá leið að slaka til einir og ætluðu að gefa með því fordæmi og gera mögulega allsherjar stefnubreytingu í dýrtíðarmálunum. En þær ráðstafanir voru herfilega misnotaðar og reist ný dýrtíðaralda. Undir forustu hæstv. fjmrh. var þá gripið til þess nú að skipa bændastéttinni forráðamenn til þess að gera það, sem menn vissu fyrirfram, að allir bændur landsins voru mótfallnir. Þessir stjórnskipuðu forráðamenn bændastéttarinnar voru látnir ákveða stórkostlega *verðlækkun* á kjötvörum til bænda frá því, sem þeir fengu heim í bú sín s. l. haust, og 10% lægra verð á mjólkurvörum en þeir áttu að fá samkvæmt sex manna nefndar álitinu. Þetta var gert nær sömu dagana sem bændur stofnuðu stéttarsamtök sín og gerðu kröfur um að verðleggja sjálfir afurðir sínar. Með þessum fáheyrðu þvingunarráðstöfunum, sem ekki hefðu verið kallaðar aðeins þrælalög, heldur einhverju enn sterkara nafni, ef aðrar stéttir hefðu átt í hlut, var *meginþunga* dýrtíðarinnar, sem ríkisstj. hefur skapað, velt yfir á bændur, en til viðbótar var gripið til úrræða, sem á sínu sviði jafngilda helzt veltuskattinum fræga.

Úrræðið — ef úrræði skyldi kalla — var í stuttu máli það, að tekinn var hluti af kjötverðinu út úr vísitölunni og dýrtíðinni þar með að því leyti sleppt lausri, en viss hluti þjóðarinnar keyptur undan þessu að nokkru leyti með fjárgreiðslum úr ríkissjóði. Þjóðinni er þannig skipt í hreina og óhreina, í verðuga og óverðuga. Þeir óverðugu eru allir þeir, sem hafa einn eða fleiri menn í þjónustu sinni.

Þegar þessi afrek eru talin, er þó ekki lengra komið en svo í málinu, að vísitalan hækkar verulega þrátt fyrir þetta, og ríkissjóður verður að greiða allt að 20 millj. kr. á ári til þess að halda vísitölunni ekki fjarri 280 stigum. Þetta er hin nýja stefna í dýrtíðarmálum. En það eru engar ýkjur, að þessar ráðstafanir vekja ýmist sára gremju eða þeim er tekið með nöpru háði um allt land. — Afleiðingar þessa ráðleysis, sem ríkt hefur og ríkir enn þá í þessum málum, eru margvíslegar í atvinnulífi og fjármálalífi þjóðarinnar. Ýmsir ráðamenn þjóðarinnar virðast vinna hreint og beint markvisst að því að búa til kreppu í atvinnu- og fjármálum landsins. Þessir menn eru ekki heldur langt frá markinu, eins og glöggt sést á afleiðingum

þess, ef eitthvað ber út af um hæsta stríðsverð eða óvenjulega aflasæld og árgæzku til lands og sjávar.

Það gæti verið ástæða til að draga upp mynd af því, hvernig horfir nú orðið um rekstur landbúnaðar og sjávarútvegs, afkomu bænda og fiskimanna, um byggingarkostnað og hvernig þeir eru settir, sem ekki áttu þak yfir höfuð sér fyrir styrjöldina, en því miður er ekki tími til þess að fara út í þá sálma að þessu sinni. Hér er aftur á móti til umræðu fjárlfrv. það, sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fyrir Alþ., en þetta fjárlfrv. gefur nokkuð glögga hugmynd um, hvert stefnir með fjármálastjórnina.

Ég hef margsinnis bent á það og geri það enn, að verðbólgustefnunni fylgja síhækkandi ríkisútgjöld. Kostnaðurinn við ríkisreksturinn verður svo mikill, að draga verður úr verklegum framkvæmdum. Skattar verða óviðráðanlegir og loks kemur að því, að stórkostlegur tekjuhalli verður samhliða niðurskurði verklegra framkvæmda. — Lítum þá á fjárlfrv., og gefum því gætur, hvort þess sjáist merki, að í vændum séu þessir atburðir.

Gildandi fjárlög voru þau langhæstu, sem Alþ. hafði nokkru sinni samþ., og var þó gefið mál fyrir fram, eins og hæstv. fjmrh. upplýsti raunar í ræðu sinni áðan, að gjöldin fyrir þetta ár verða milljónatugum hærri en fjárlögin, en þau gerðu ráð fyrir 110 millj. króna útgjöldum. En það fjárlagafrv., sem hér er til umræðu, gerir ráð fyrir 115 millj. kr. útgjöldum á rekstrarreikningi og 130 millj. kr. greiðslum úr ríkissjóði. Þetta fjárlagafrv. er því nú þegar, þegar það er lagt fram, um 20 millj. kr. hærra en gildandi fjárlög. — Við skulum nú athuga, í hverju þetta liggur.

Það verður fljótt augljóst, að þessi gífurlega hækkun á rót sína að rekja til sívaxandi rekstrarútgjalda ríkisins og dýrtíðargreiðslna, sem teknar eru inn í fjárlögin, en ekki til þess að almennar verklegar framkvæmdir hafi verið auknar. Þvert á móti eru framlög til margra þeirra verklegra framkvæmda, sem mest eru aðkallandi og mesta almenna þýðingu hafa, lækkuð frá því, sem þau eru í gildandi fjárlögum. Skal ég geta um nokkur slík framlög og fjárveitingar til þýðingarmikilla mála til þess að gefa hugmynd um blæinn á þessu mesta fjárlfrv. í sögu íslenzku þjóðarinnar, en það er um það bil sexfalt hærra en fjárlögin voru fyrir stríð.

Til nýrra landssímalína um byggðir landsins eru ætlaðar 400 þús. kr. Geta menn gert sér í hugarlund, hvort þessi fjárveiting muni svara til eftirspurnar eða þarfa. Í þessu sambandi ber þess sérstaklega að gæta, að nú fer væntanlega að koma hið langþráða efni til þessara framkvæmda. En eftir fjárlfrv. að dæma, þolir landssíminn ekki meiri framlög. Þannig er verðbólgustefnan búin að koma hag hans.

Framlögin til landhelgisgæzlu eru hækkuð um einar 200 þús. kr. Má nærri geta, í hvaða samræmi slíkt er við þörfina, þegar þess er gætt, að brýna nauðsyn ber nú til þess að auka stórkostlega landhelgisgæzluna, með hliðsjón af því, að styrjöldinni er hætt og búast má við því, að erlend skip taki að sækja aftur á Íslandsmið.

Framlög til nýrra þjóðvega eru lækkuð um 1 millj. kr. og framlög til brúargerða um 300 þús. kr. — Framlög til flóabátaferða eru lækkuð um nærri 1 millj. kr. Er erfitt að sjá, á hvaða viti þetta er byggt, þegar þess er gætt, að stórkostleg þörf er á auknum og bættum strandferðum. Það verður bókstaflega ekki komizt undan að sinna þeim kröfum, sem gerðar hafa verið og gerðar eru í þá átt. — Framlög til hafnargerða og lendingarbóta eru lækkuð um meira en 1 millj. kr. Á sama tíma eru nefndir ríkisstj. á þönum um landið þvert og endilangt, mælandi fyrir nýjum höfnum, og mönnum er lofað stórfelldum framkvæmdum í þeim málum á næstunni, auk þess sem fyrir dyrum standa byggingar sérstakra landshafna, eftir því sem uppi hefur verið látið, og vitað, að stjfrv. um byggingu einnar slíkrar hafnar mun verða lagt fram á þessu þingi.

Í frv. er engin fjárveiting sjáanleg, hvorki smá né stór, til stuðnings þeirri nýsköpun atvinnulífsins, sem ríkisstj. hefur gumað af fyrr og síðar. — Til raforkumála er veitt aðeins sú hálfa milljón, sem ákveðin var til raforkusjóðsins með lögum, áður en núv. ríkisstj. kom til valda. — Í frv. er sýnilega ekki gert ráð fyrir stórfelldum nýjum ráðstöfunum í ræktunar- eða nýbýlamálum. — Engin fjárveiting er í frv. til þess að styðja nýjungar í sjávarútvegsmálum. Ætti það þó að vera öllum ljóst, að mikil þörf er á því, að rækilega verði studdar margs konar rannsóknir og tilraunir í þágu sjávarútvegsins. Það þarf að veita fé til þess að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og verkunaraðferðir, auk þess sem leggja þarf fram fé til að vinna nýja markaði víðs vegar í öðrum löndum. Fjöldamörg önnur nýmæli í sjávarútvegsmálum eru þannig vaxin, að þeim verður ekki hrundið í framkvæmd nema með stuðningi þess opinbera. Það er ekki grænn eyrir af 130 millj. ætlaður til þessara mála.

Ástandið í byggingarmálum manna bæði í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum er verra en það hefur nokkru sinni verið á síðari áratugum. Það þarf stór átök í þeim efnum, og óhugsandi, að það verði gert, án þess að ríkið leggi þar eitthvað verulega af mörkum umfram það, sem verið hefur. — Stjórnarflokkarnir hafa lofað fullkomnum alþýðutryggingum, sem lögleiddar eiga að verða þegar á þessum vetri. Ekki er einn eyrir ætlaður í fjárlfrv. fyrir þeim stórkostlega kostnaði, sem af þeirri framkvæmd hlýtur að leiða. — Það er augljóst, að Íslendingar verða að leggja fram meira fé en þeir hafa gert til hjálparstarfsemi sameinuðu þjóðanna. Fyrir því er ekkert gert í fjárlagafrv.

Þannig er þá komið málum, að lagt er fram fjárlfrv., þar sem gert er ráð fyrir 115 millj. kr. rekstrarútgjöldum, en 130 millj. kr. heildarútgjöldum, en jafnframt lækkaðar fjárveitingar til ýmissa hinna þýðingarmestu verklegra framkvæmda. Enginn eyrir er ætlaður til margumræddrar nýsköpunar og látið eins og þau framfaramál séu ekki til, sem þjóðin hefur mestan áhuga á. Þannig eru áhrif verðbólgustefnunnar á möguleika ríkissjóðs til þess að standa undir

verklegum framkvæmdum og félagslegum útgjöldum.

Það er ekki að furða, þótt það hafi verið eitt *aðalverkefni* hæstv. ríkisstj. undanfarna mánuði að halda fram þeirri kenningu, að öllu væri óhætt og engin ástæða til þess fyrir þjóðina að ranka við sér og breyta um stefnu.

Þetta er nú um verklegar framkvæmdir og framlög til félagsmála. En það verður allt annað uppi á teningnum, þegar vikið er að rekstrarútgjöldum ríkisins. Það er tæplega hægt að finna einn einasta lið þessarar tegundar í frv., sem ekki hefur stórhækkað frá því, sem er í gildandi fjárlögum. Þetta stafar bæði af launahækkunum og svo af hinni gífurlegu útþenslu og eyðslu í öllum greinum, sem einkennir starfrækslu undir forustu núv. ríkisstjórnar. Það er rétt að nefna nokkrar tölur. Kostnaður við stjórnarráðið ásamt ríkisráði og fjárhirzlu er áætlaður á þriðju millj. kr. Kostnaður við utanríkismál er kominn í 2 millj. kr. — Kostnaður við stjórn landsins, dómsmál og lögreglustjórn og embættiseftirlit, þ. e. a. s. 8.—11. gr. fjárl., samanlagt er kominn upp í 18,7 millj. kr. samkv. fjárfrv., eða orðinn jafnhár því, sem öll fjárlögin voru fyrir stríð. Þessir kostnaðarliðir eru í gildandi fjárlögum áætlaðir 15 millj. og 300 þús., og er þar miðað við gömlu launalögin og vísitölu 250 stig. Hækkunin nemur 3.4 millj. kr. Svona ört sígur á ógæfuhlið. Það er augljóst, að útgjöld fjárl. af þessu tagi eru þó allt of lágt áætluð, miðað við þá reynslu, sem nú er að fást, og óbreytta stefnu.

Engin fjárveiting er ætluð til þeirra mörgu nefnda og ráða, sem stjórnin hefur komið á laggirnar. Til nýbyggingarráðs er t. d. ekkert fé veitt, enda þótt það hafi komið upp miklu skrifstofubákni og hafi stórfelldan kostnað við ferðalög og nefndasendingu. Til búnaðarráðs er heldur ekkert fé veitt, að því er ég bezt get séð. — Hæstv. ráðherrar héldu um það fjálglegar ræður á síðasta þingi, sumir hverjir, að það yrði að fækka nefndum og minnka kostnaðinn. Blöð stj. tóku undir þetta. En hverjar hafa svo efndirnar orðið? Mér telst svo til, að ríkisstj. hafi ekki skipað færri en 30 nefndir á þeim stutta tíma, sem hún hefur setið að völdum, en lagt niður aðeins örfáar. Í þessum nefndum munu vera samtals eitthvað aðeins innan við 200 manns, fyrir utan allt starfslið. Er þetta áreiðanlega met í nefndaskipunum. Er nú líka svo komið, að ríkisstj. virðist í seinni tíð halda nefndaskipunum leyndum, og er það alveg nýtt í stjórnarsögu landsins, eins og reyndar ýmislegt fleira. Má því vel vera, að mun fleiri nefndir hafi verið skipaðar, þótt ekki sé upplýst orðið enn.

Á síðasta þingi var samþ. þál., þar sem skorað var á ríkisstj. að draga verulega úr rekstrarútgjöldum ríkisins og gera starfskerfið einfaldara og óbrotnara. Árangurinn af þessari þál. sést á þessu fjárfrv. Rekstrarútgjöldin hafa aldrei verið meiri en ráðgert er í frv., og þó eru þau í raun réttri miklu hærri en þar er látið koma fram. — Auk þess, sem þegar hefur verið nefnt, vantar á, að talin séu í frv. ýmis þau gjöld, sem fyrirsjáanleg eru. Fjárframlög til dýrtíðarráðstafana eru í fjárlfrv. sett mörgum millj. kr. lægri en þau hljóta að verða á heilu ári, miðað við þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstjórn hefur þegar gert. — Enginn eyrir er ætlaður til þess að greiða útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir eða á aðrar greiðslur til þess að bæta það gífurlega tjón, sem ráðstafanir ríkisstj. í afurðasölumálunum hafa nú þegar valdið bændastétt landsins.

Niðurstöður þeirra athugana, sem ég hef gert á gjaldahlið fjárlfrv., eru þá þessar:

1. Framlögin til þýðingarmestu verklegu framkvæmdanna og til þess að halda uppi samgöngum eru lækkuð.

2. Ekkert fé er ætlað í frv. til stuðnings „nýsköpun" atvinnuveganna eða nýrra framfaramála yfirleitt, sem efst eru á baugi með þjóðinni. Fyrir slíkar fjárveitingar er ekkert rúm í fjárlögum ríkisins, eins og nú er komið.

3. Rekstrarútgjöldin hafa hækkað gífurlega og eru þó áætluð lægri í frv. en nokkrar líkur eru til, að þau verði í framkvæmd að óbreyttri stefnu.

4. Í frv. vantar beinlínis ýmsa fyrirsjáanlega útgjaldaliði.

Þrátt fyrir þetta nemur gjaldahlið frv. samtals *130 millj. kr.* Tekjurnar eru áætlaðar samtals 117 millj. kr., og er það rúmlega 6 millj. kr. hærra en þær eru áætlaðar í núgildandi fjárlögum. Er þá gert ráð fyrir að halda öllum sköttum og tollum og skattaaukum frá því í fyrra, þar á meðal tekjuskattsviðaukanum, nema veltuskattinum og 2% útflutningsgjaldi af togarafiski. — Greiðsluhalli er áætlaður 13 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að á næsta ári verði gripið til þess úrræðis að taka ríkislán í hallann, þótt tekjurnar fari mikið á annað hundrað millj. kr. — En geta menn gert sér í hugarlund, hvernig fjárlfrv. liti út, ef í það væru sett öll fyrirsjáanleg og óumflýjanleg útgjöld, að óbreyttri stefnu, og allar þær fjárveitingar til framfaramála, sem þar þyrftu og ættu að vera, miðað við þann framfarahug, sem nú ríkir með þjóðinni, og þá nauðsyn, sem fyrir hendi er? Geta menn gert sér í hugarlund, hvernig ríkisreikningurinn mundi síðan líta út, ef þetta væri gert, verðbólgan látin leika lausum hala, Íslendingar yrðu að lifa á framleiðslu sinni og útflutningsvara eingöngu eins og verður á næstunni og verðlag fisks tæki að leita jafnvægis við annað verðlag, þegar framboð matvæla eykst?

Í þessu sambandi verða ekki tölur nefndar, en hafi menn ekki séð það áður, þá ættu menn að sjá það nú, hvert stefnt er og hversu mikið er að treysta á forustu þeirra, sem hafa leitt út í það fen, sem við nú erum staddir í. En hvað átti þá að gera? Það átti að gera það, sem hæstv. fjmrh. þóttist ætla að gera, þegar hann sagði í lok síðasta þings (með leyfi hæstv. forseta, tekið orðrétt úr blaði ráðh., Morgunbl.):

„Ég undirstrika enn, að breyta verður um stefnu í fjármálum. Mér er það ljóst, að á því, hvernig tekst að breyta um stefnu í þessum málum, veltur mjög, hvort núv. ríkisstj. tekst að ná því marki, sem hún stefnir að. Ég tel

vinnuveganna takist, verða að taka höndum betur saman gegn skemmdarstarfi Framsfl., sem ber er að því að svíkja þjóðina fyrir það, sem hann telur flokkshagsmuni, og er sekur um að hafa beitt í baráttu sinni pólitískum þorparabrögðum, sem ekki eiga sér dæmi nema í nazistaflokki.

Ríkisstjórn og þing þurfa að vera vel á verði gegn skemmdarvörgum, og umfram allt, þjóðin þarf að gefa þeim rétt svar við næstu kosningar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það kemur ekki til mála, að ég á þeim stutta ræðutíma, sem mér er ætlaður, ræði hvert einstakt atriði, sem hv. 2. þm. S.-M. fór inn á í ræðu sinni, en mun meta mest að víkja að því, sem hann sagði um afgreiðslu fjárl. Ef til vill vík ég svo að eldhúsumr. hans, ef tími vinnst til. Hann talaði í mjög háum tónum um það, að í fjárlfrv.. því, sem nú liggur fyrir Alþ., væru útgjöldin óeðlilega há, og talaði um gjaldþrot ríkissjóðs. Ég er sannast að segja dálítið undrandi, hvað þessi hv. þm. er ófeiminn að minnast á gjaldþrot ríkissjóðs. Sannleikurinn er sá, að þessi spádómur hefur heyrzt áður hjá þessum hv. þm. Þegar fjárl. fyrir 1945 voru til umr. á Alþ., talaði þessi hv. þm. mikið og var þá ekki síður í háum tónum en nú. Hann var þá með spádóma um það, að tekjuhallinn mundi aldrei geta orðið minni en 20—30 millj. króna. Ég býst við, að ýmsir hafi lagt nokkurn trúnað á orð hans þá. En reynslan, sem jafnan er ólygnust, hefur sýnt, að þm. var þarna með algera falsspádóma. Sem betur fer er hægt að fullyrða á þessari stundu, að talsvert verulegur tekjuafgangur verður á árinu 1945, þó að ekki sé hægt að segja, hversu mikill hann verður. Eftir þessa reynslu ætla ég, að hv. þm. geti ekki tekið neinum illa upp, þó að spádómar hans um afkomu næsta árs verði ekki heldur teknir mjög hátíðlega. Ég hygg það sönnu nær, sem síðasti ræðumaður drap á í byrjun ræðu sinnar, að fjárlfrv., sem nú er lagt fyrir þingið, þ. e. tekjuáætlun þess, sé frekar varleg en óvarleg. Hinu má búast við, ef að venju fer, að útgjaldaliðir fjárl. hækki undir meðferð Alþ. Það hefur víst jafnan verið svo, að fjárl. væru afgr. með meiri útgjöldum en þegar frv. voru lögð fyrir Alþ. Búast má því við, að svo fari enn, og að óhjákvæmilegt verði að gera ráð fyrir nýjum tekjustofnum, ef á að afgr. tekjuhallalaus fjárlög. En þetta mun verða nógur tími að tala um við síðari umr. fjárlaganna.

En svo kemur það einkennilega í ræðu hv. þm., að þó að hann í byrjun legði höfuðáherzluna á, að útgjöldin samkv. fjárl. væru allt of há, deildi hann mjög á fjármálastj. fyrir það, að allt of litlu fé eigi að verja til ýmiss konar framkvæmda. Hann taldi upp marga útgjaldaliði, sem sumpart lækkuðu frá því, sem verið hefur á yfirstandandi ári og þörf væri að hafa hærri en áætlaðir eru. Þetta er náttúrlega að mörgu leyti rétt. Ég býst við, að það fari jafnan svo við undirbúning fjárl., að bæði fjmrh. og aðrir í ríkisstj. hafi mikla tilhneigingu til þess að verja meira fé til ýmiss konar opinberra framkvæmda í landinu en þeir treysta sér til að mæla með, að gert verði. Í landi, þar sem svo að segja allt er ógert, er enginn vandi að koma auga á verkefni, sem þarf að hrinda í framkvæmd. En hins verður að gæta, að ef ekki á að stefna út í ófæru, verður að stilla framkvæmdum svo í hóf, að gjaldgetu borgaranna sé ekki ofboðið. Að öðru leyti sýndi hæstv. samgmrh. fram á það, hvernig hv. þm. fór með ýmsa útgjaldaliði, sem hann gerði að umræðuefni, hve fjarri lagi það er, að útgjöld til ýmissa opinberra framkvæmda séu minni nú en verið hefur á undanförnum árum. Það er vafalaust, að aldrei hefur verið meira ætlað til opinberra framkvæmda en gert er í þessu fjárlagafrv. Það er næsta undarlegt að heyra þennan hv. þm. deila á stj. fyrir það, að hún hafi ekki gert ráð fyrir fjárveitingum vegna útgjalda, sem ráðgerð séu í frv., sem ennþá eru ekki komin fyrir Alþ. Mér þætti gaman að vita, hvar hv. þm. getur bent á það í þingsögunni, að í fjárlfrv. séu teknir upp útgjaldaliðir til framkvæmda, sem engin till. hefur komið fram um.

Hv. þm. margstagaðist á því, að ekkert væri ætlað til nýsköpunar atvinnuveganna. Ég veit ekki vel, hvernig á að skilja þessi orð þm. Er það hans vilji, að nýsköpun sú, sem vonandi verður hér, verði gerð fyrir reikning ríkissjóðs? Vill hann koma á ríkisrekstri hér á landi? Mér hefði fyrir nokkrum árum ekki þótt undarlegt að heyra þessi orð af vörum hv. þm., en því undarlegra nú, eftir því sem hann og aðrir hafa greint stefnu flokks hans á síðari árum. Annars er náttúrlega rangt, að ekkert sé gert af hálfu stj. til að afla fjár til nýsköpunarinnar. Það má minna á, að fyrir Alþ. liggja tvö frv., sem gera ráð fyrir stórkostlegum fjárútlátum, með lántökum að vísu, til nýsköpunar sjávarútvegsins. Það eina, sem þessi hv. þm. benti réttilega á, er, að í þetta frv. vantaði fjárveitingu til hjálparstofnunar hinna sameinuðu þjóða. Það er ekki ætlað neitt fé til þessa í frv., en það stafar ekki af athugaleysi, heldur af því, að það liggur ekkert fyrir enn, hve miklu fé þarf að verja í þessu skyni, og mun sumpart stafa af því, að ríkisstj. hefur í bakhendinni nokkur úrræði í þessu efni, sem ég hirði ekki um að ræða að þessu sinni, en fjvn. verður gert kunnugt um það, og þessi hv. þm. getur fengið að vita það, hvenær sem er. Nú vildi þessi hv. þm. benda á úrræði til þess að minnka útgjöld ríkissjóðs. Hann talaði um niðurskurð á rekstrarútgjöldum ríkisins. Þetta kann að vera rétt, en það getur orðið nokkuð langur tími, þangað til það verður athugað, því að á því eru mikil vandkvæði vegna hins óviðunandi húsnæðis, sem hið opinbera á við að búa. Hitt getur hv. þm. ekki lagt ríkisstj. til ámælis, þó að hún hafi farið eftir settum lögum og veiti fé til þess, sem ákveðið er skv. lögum.

Hv. þm. var að tala um það, að komið hafi æ betur í ljós, að Framsfl. hafi haft rétt fyrir sér um nauðsyn þess að lækka dýrtíðina. Það hefur annar ræðumaður, hæstv. samgmrh., bent á með óyggjandi rökum, hvern þátt Framsfl. hafi átt í því að koma dýrtíðarflóðinu af stað, hér á landi. Og þegar þessi hv. þm.

þar fyrir sig Alþfl. Þessar deilur urðu þó þrenningunni ekki til mikils sóma, en svo kom hvalrekinn.

Skömmu fyrir aðalfund síðastliðinn vetur komst það upp, að stórfelld vörurýrnun var í einni af búðum félagsins, og það svo, að nam tugum þúsunda króna fram yfir það, sem eðlilegt gat talizt. Framsfl. og samstarfsmenn hans hlupu með málið í blöðin og sögðu: Sjáið til, fyrsta árið, sem kommúnistar hafa meiri hluta í stjórn kaupfélagsins, fer þar allt í óreiðu. — Og látið var skína í, að stjórnin ætti sök á vörurýrnuninni. En framsóknarmönnum láðist að skýra frá því, að deildarstjórinn í búðinni, sem vörurýrnunin varð í, var framsóknarmaður og kaupfélagsstjórinn var framsóknarmaður.

Annað mikið notað áróðursatriði hjá þrenningunni var það, að gróðurhúsfyrirtæki, sem Kaupfélag Siglfirðinga er aðaleigandi að, en ég og annar sósialisti erum í stjórn í, var í miklum fjárhagsvandræðum. Forsögu málsins sögðu þeir ekki, en hún er sú, að árið 1942 stofnaði Kaupfélag Siglfirðinga þetta gróðurhúsfyrirtæki að tilhlutun framsóknarmanna. Sósialistar voru þá í minni hluta í stjórn kaupfélagsins. Formaður og framkvæmdastjóri var framsóknarmaður. Allt fór í handaskolum, uppskeran varð engin fyrsta árið, og bæði gróðurhúsin fuku og brotnuðu í rúst. Að þessum afrekum loknum vorum við, ég og annar sósialisti og einn krati, kosnir í stjórn í fyrravetur að okkur forspurðum og nauðugum, enda vorum við báðir fjarverandi. Þar sem kaupfélagið átti allmikið fé í fyrirtækinu, útveguðum við sósialistarnir lán og létum byggja upp húsin og gengum sjálfir í ábyrgð fyrir láninu, en kratinn vildi ekki hætta sínum fjármunum og neitaði að skipta sér nokkuð af fyrirtækinu. Endurbyggingin varð vonum framar ódýr, duglegur, samvizkusamur maður var ráðinn við gróðurhúsin og uppskeran varð prýðileg í sumar. Hagur þessa fyrirtækis væri nú góður, hefðu óhöppin ekki hent það, í stjórnartíð framsóknarmanna. Þrátt fyrir þótt svona liggi í málinu hafa Tíminn, Alþýðublaðið og önnur sorpblöð Framsfl. kallað fyrirtæki þetta „sovétfyrirtæki kommúnista", sem vel sýni ráðsmennsku þeirra alla.

Með þessum og tugum af öðrum álíka lygasögum undirbjó þrenningin aðalfund Kaupfélags Siglfirðinga og slysaðist með nokkurra atkvæða mun til að ná meirihluta.

Hinum sögulega aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga var stjórnað af S. Í. S., sem sendi starfsmann kaupfélaganna þangað sem sinn fulltrúa. Hvert ofbeldisverkið öðru meira var framið, félagslögin fótum troðin og samvinnulögin brotin. Mál þetta er nú fyrir dómstólunum, og skal ekki frekar um það rætt. En þessar aðfarir sýna, að stjórn S.Í.S. er nákvæmlega sama, þó að það leggi stór og merk kaupfélög í rústir, ef þau hlýða ekki boði þess og banni og gerast möglunarlaust flokkstæki Framsfl.

S. Í. S. er innkaupasamband kaupfélaganna og er stofnað og starfrækt til að kaupa inn góðar og ódýrar vörur, ódýrari en heildsöluverzlanir selja þær. Nú í stríðinu hefur þó lítið farið fyrir samkeppninni við heildsalana. Og í stað hinnar gömlu og hatramlegu baráttu S. Í. S. gegn þeim, gegn heildsalaokrinu, eins og framsóknarmenn kölluðu það, hefur verið hin bróðurlegasta samvinna. Uppvíst hefur orðið um nokkra heildsala, að þeir hafa selt vörur óleyfilega háu verði og beitt til þess ýmsum brögðum, falsað innkaupareikninga og því um líkt. Tíminn hefur verið mjög hneykslaður yfir þessu athæfi. En hvernig er þá um afstöðu S. Í. S.? Það hefur ekki heyrzt, að vörur frá S. Í. S. væru ódýrari en hjá heildsölum. Hvernig má slíkt vera, ef S. Í. S. hefur alveg hreint mjöl í pokanum? Að vísu kann sú skýring að vera á þessu, að S. Í. S. hafi gert óhagstæðari vöruinnkaup en heildsalarnir, eða einhverjar aðrar skýringar, sem ég kem ekki auga á. En þetta mál þarf rannsóknar við.

Í stjórnartíð Framsfl. voru allar embættisveitingar pólitískar, menn voru í stórum hópum keyptir fyrir embætti. Engum manni var veitt embætti, nema hann væri framsóknarmaður eða styddi Framsfl. Svo langt var komið í þessum ósóma, að á tímabili var varla nokkur maður til í hinni fjölmennu kennarastétt landsins nema framsóknarmenn. Héraðsskólarnir voru notaðir sem áróðursmiðstöðvar fyrir flokkinn, og nemendur, sem ekki játuðust hinni réttu pólitísku trú, ofsóttir og jafnvel reknir úr skólunum.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi voru notuð til pólitískrar mútustarfsemi og stjórnarandstæðingar ofsóttir á hinn smánarlegasta hátt. — Þá var það og alkunna, hvernig ýmsir braskarar, sem eitthvað áttu útistandandi við lögin fyrir skattsvik eða pretti, gengu í Framsfl. eða gerðust stuðningsmenn hans til að fá vernd. Einn ríkur braskari sagði eitt sinn í mín eyru, að aldrei á ævinni hefði hann grætt eins mikið á neinu útlögðu fé og tillagi sínu til Framsfl.

Það ber brýna nauðsyn til, að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar geri sér þess fulla grein, hvers konar flokkur Framsfl. er, hvers konar vinnubrögðum hann beitir og hvers konar tökum þarf að taka hann. Það hefur gætt andvaraleysis á þessu sviði. Eins og t. d. það, að Framsfl. skuli haldast uppi með að láta nokkra flokksmenn sína í þýðingarmiklum trúnaðarstöðum tefja fyrir og vinna skemmdarverk á sviðum nýsköpunarmálanna. — Þá er það kunnara en frá þurfi að segja, hve mikil ítök Framsfl. hefur í stjórnarflokkunum. Vísir, Alþýðublaðið og Skutull á Ísafirði reka erindi Framsfl. leynt og ljóst, og fjórði parturinn af þingflokki Sjálfstæðisfl. er svo háður Framsókn, að hann neitar að styðja ríkisstjórnina, vegna þess að Framsfl. er þar ekki með. Þó hafa þeir ekki lýst sig andvíga stefnuskrá ríkisstjórnarinnar.

Svo háðir Framsfl. eru þessir menn, að við kosningu fjárveitinganefndar hér í sameinuðu þingi fyrir nokkrum dögum, létu tveir þeirra sér sæma að sitja hjá og fella þar með sjálfstæðismanninn frá kosningu og koma framsóknarmanninum að.

Einlægir stjórnarsinnar, sem skilja hvað mikið er í húfi fyrir alla þjóðina, að nýsköpun at-

hefur hann þó á valdatímum sínum komið upp einu einasta samvinnubúi um landbúnað. Og ekkert hefur verið gert af hans hálfu til að skipuleggja landbúnaðinn og færa hann í það horf, að þeir, sem við hann vinna, geti haft sæmilega fyrir strit sitt án hjálpar frá öðrum stéttum. Ekkert hefur hann gert til að skipuleggja það, að t. d. sauðfjárrækt yrði aðallega í þeim héruðum, sem skilyrði eru bezt, og mjólkurframleiðsla fyrst og fremst í námunda við bæina eða markaðina. Ekkert var gert til að koma á meiri fjölbreytni á landbúnaði og innleiða stórvirkar vélar.

Þetta hefur flokkurinn látið ógert, en í stað þess virðist hann hafa mestan áhuga fyrir að koma upp smábýlum, einyrkjabýlum, þar sem ógerningur er að koma við stórvirkum vinnuvélum. Í stað þess að hjálpa bændastéttinni til að gera landbúnaðinn að arðvænlegum atvinnuvegi, hefur Framsfl. komið upp flóknu og margþættu styrkjakerfi til bænda, og nema þessir styrkir nú beint og óbeint tugum milljóna króna árlega.

Fólkið við sjávarsíðuna, sem raunverulega borgar þessar milljónir, er gramt yfir því, og bændum er mörgum hverjum mikil raun að því að taka styrkina, en geta alls ekki án þeirra verið, eins og ástandið er. Því miður gætir stundum of lítils skilnings hjá fólkinu við sjávarsíðuna á erfiðleikum bænda, enda reynir Framsfl. að spilla sambúð annarra stétta við bændur eins og hann frekast getur. Það er Framsfl. sem hefur ráðið þróuninni í landbúnaðinum, og það er því hans sök, hvað þessi atvinnuvegur er illa kominn. Framsfl. telur það pólitíska hagsmuni sína, að bændastéttin sé nokkrir ríkir stórbændur og allur fjöldinn fátækur og illa stæður, sem ekki geti haldizt við á búum sínum, nema fá stórfellda styrki, — sjái sem sagt einu leiðina til að draga fram lífið í því, að framsóknarhöfðingjarnir útvegi þeim styrki, og trúi því, að allar stéttir ofsæki þá og vilji ofan af þeim skóinn, sérstaklega verkalýðsstéttin.

Framsóknarburgeisarnir hérna í Reykjavík skilja vel, hvílík hætta væri á ferðum, fyrir þeirra pólitísku yfirráð, ef þessar tvær vinnandi stéttir, smábændurnir og verkalýðurinn, tækju höndum saman.

Eitt er það, sem sýnir umhyggju framsóknarburgeisanna fyrir bændum. Eins og kunnugt er, stundar meiri hluti íslenzkra bænda einhverja vinnu utan bús síns, vegavinnu o. fl. Þrátt fyrir þetta berst Framsfl. harðvítugri baráttu fyrir lækkun kaupgjalds og þykist gera það af umhyggju fyrir bændum. Þó að Framsfl. hafi ekki stofnsett eitt einasta samvinnufélag um landbúnað, þá hefur hann látið mikið til sín taka í kaupfélagsmálum landsins. Hann hefur sölsað undir sig völdin í flestum kaupfélögunum og stjórn SÍS. — Þar, sem Framsfl. hefur völdin í kaupfélögunum, misnotar hann þau sér til pólitísks framdráttar á hinn óskammfeilnasta hátt. Varla nokkur maður fær atvinnu við þessi félög, nema hann sé framsóknarmaður. Félögin eru látin beint og óbeint kosta kosningabaráttu flokksins, styrkja blaðakost hans og fram eftir því, alveg notuð sem flokkstæki. Þó er það alkunna, að menn úr öllum flokkum eru meðlimir kaupfélaganna.

Sama misnotkunin er viðhöfð í SÍS. Tímarit SÍS, „Samvinnan", sem gefið er út fyrir fé kaupfélaganna, er látið flytja flokkspólitískan áróður fyrir Framsfl. SÍS er látið byggja dýra lúxusvillu yfir einn framsóknarburgeisinn hér í Reykjavík og látið leggja fé til pólitískrar starfsemi flokksins. Nú er fé SÍS auðvitað sameign meðlima kaupfélaganna, en eins og áður er sagt, eru menn úr öllum flokkum í kaupfélögunum. Ef eitthvert kaupfélagið vogar sér að sýna ekki sambandsstjórnarherrunum fulla hlýðni, þá er strax beitt refsiaðgerðum. Ég hef sjálfur nokkra reynslu í, hvers er að vænta í slíkum tilfellum.

Þegar Kaupfélag Siglfirðinga var stofnað árið 1929, var ég einn af stofnendum þess og hef átt sæti í stjórn þess nokkur síðustu árin. Fram að árinu 1937 var félagið fámennt, hafði litla verzlun, átti mikið í útistandandi skuldum og var í fáum orðum sagt illa á vegi statt. En á því ári fengum við sósíalistar nokkur ítök í stjórn þess. Okkur tókst þá að fjölga mikið í félaginu, auka verzlunina og koma á kontant viðskiptum. Fyrir harðvítuga baráttu okkar sósíalista tókst svo að láta félagið kaupa tvær stórar húseignir í hjarta bæjarins, aðra fyrir stríð, hina áður en verðlag hækkaði til muna. Húseignir þessar eru mjög dýrmætar og nú komnar í margfalt verð. Eftir að við sósíalistar fengum ítök í stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, sáum við um, að Framsfl. gæti ekki á neinn hátt misnotað það fyrir sig pólitískt. Félagið varð þá í mikilli ónáð hjá SÍS, og eftir aðalfund í fyrra, þegar kaupfélagsstjórnin varð skipuð 3 sósíalistum af 5, byrjaði stjórn SÍS að setja félagið hjá við vöruúthlutun og sýna því stirfni á einn og annan hátt. Framsóknarmenn á Siglufirði hófu mikinn undirróður í félaginu og beittu Alþýðuflokksmönnum fyrir sig, en á Siglufirði eru Alþýðuflokksmenn ákaflega ósjálfstæðir gagnvart Framsfl., líklega mest vegna þess, að þeir eru að biðla þar til framsóknarmanna um kosningafylgi við næstu alþingiskosningar. Einkennilegt má það teljast, að Alþýðuflokksmenn á Siglufirði skuli gera sér miklar vonir um að fá fylgi framsóknarmanna þar við næstu kosningar, því að vitanlegt er, að Framsfl. hlýtur að tapa nokkrum þingsætum við næstu alþingiskosningar og getur því gert sér vonir um að fá uppbótarþingsæti. Þó Framsfl. hafi enga möguleika til að fá mann kosinn á Siglufirði, getur hann því hæglega misst uppbótarþingsæti, ef atkvæði hans þar falla á annan flokk. En staðreyndin er, að siglfirzkir Alþýðuflokksmenn treysta á stuðning framsóknarmanna við alþingiskosningarnar og ganga undir þeim í öllu til að missa ekki þann stuðning. En hvort sem vonir Alþfl. í þessu efni rætast eða ekki, gengu þeir vel fram með Framsfl. í Kaupfélagi Siglfirðinga. Þá fékk Framsfl. einnig til liðs við sig sjálfstæðismennina í félaginu, sem flestir eru stjórnarandstæðingar og fúsir til samvinnu við Framsfl. Þegar Framsóknarmenn höfðu tryggt sér þessa samherja, hófu þeir illdeilur í félaginu og beittu

með stuðningi Alþýðublaðsins að kenna fiskimálanefnd um tap, sem verða kann á skipunum.

Tíminn og Alþýðublaðið hafa birt, og sýnilega með mikilli ánægju, skröksögur eftir ómerkilegum heimildum, um það, að fiskimálanefnd hafi svikið Færeyinga í viðskiptum. Í nefndinni er þekktur framsóknarmaður, tilnefndur sem fulltrúi flokksins í nefndina. Þegar hann ásamt hinum nefndarmönnum í fiskimálanefnd sendir Tímanum, eins og öðrum blöðum, leiðréttingu á skröksögunum og upplýsingum um hinn rétta gang málsins, er blaðið svo vesalt, að það neitar að birta hann og heldur áfram rógburðinum og rangfærslunum.

Sams konar atvik gerðist í sambandi við nýbyggingarráð. Tíminn réðst með ofsalegum árásum á nýbyggingarráð fyrir stuðning þess við sjávarútveginn og beitti þar hinum herfilegustu blekkingum og rangfærslum. Þegar nýbyggingarráð bar til baka blekkingar blaðsins og ósannindavaðal, hafði Tíminn það að engu, en hélt áfram uppteknum hætti.

Framsóknarmenn hafa verið að læða því út, að tap muni verða meira á færeysku skipunum en þurft hefði að vera, vegna þess að þeim var ekki strax í sumar sagt upp. En hvað hefði það þýtt fyrir bátaflota Austurlands og víðar, hefði öllum færeysku skipunum verið sagt upp strax í sumar? Það hefði þýtt stöðvun alls bátaflotans bæði á Austurlandi og annars staðar. Sjálfsagt hefði sú ráðstöfun glatt framsóknarmennina, jafnframt því hefðu þeir svo ráðizt á ríkisstjórnina fyrir hvernig hún níddist á vesalings smáútgerðarmönnunum og sjómönnunum. — Það er framsóknarmönnum alltaf sérstakt gleðiefni ef eitthvað mistekst við nýbyggingarstarfið, ef sala sjávarafurða gengur illa eða ef afli bregzt. Svo hefur hlakkað í þeim yfir síldarleysinu í sumar, að þeir hafa blátt áfram ekki getað dulið gleði sína. Þegar sýnt var, að síldin brást gersamlega, skipaði atvmrh. nefnd manna til að rannsaka afkomu hjá útgerðinni og gera tillögur um stuðning við hana vegna tapanna á síldarvertíðinni. N. komst að þeirri niðurstöðu, að tap útgerðarinnar á síldveiðunum sé um 12 millj. króna, en sé sleppt fyrningu, viðhaldi og ýmsum liðum, sé tapið 6 millj. N. leggur til, að þeim útgerðarmönnum, sem verst eru stæðir, verði veitt vaxtalaus lán til 5 ára og megi lánsupphæð til hvers ekki vera hærri en tap hans nam á síldarvertíðinni. Talið er, að lánsupphæðin þurfi ekki að vera hærri en 3—4 millj. króna. Þessi ráðstöfun varð að vonum mjög vinsæl hjá útgerðarmönnum, enda margir þeirra illa stæðir eftir hina misheppnuðu vertíð. Margir útgerðarmenn líta svo á, að ekki væri mikið, þó að ríkissjóður hlypi undir bagga með útgerðinni eftir þetta áfall og styrkti hana með 3—4 millj. kr. á sama tíma og ríkissjóður styrkir landbúnaðinn með beinum fjárframlögum um milli 20 og 30 millj. kr.

Auðvitað voru framsóknarmenn á öðru máli og fylltust heift og gremju, en það var kannske ekki vænlegt að ráðast á þetta með miklu offorsi, alþingiskosningar eru á næsta sumri, og eitthvað af smáútgerðarmönnum ætti að vera hægt að fá til að kjósa flokkinn, því mátti helzt ekki spilla. Nú voru góð ráð dýr. Jú, þjónn Framsfl., Stefán Pétursson Alþýðublaðsritstjóri, fann lausnina. Atvmrh. á 1/12 part í mótorbát, sem var á síldveiðum, og Alþýðublaðið og Tíminn komu með stórar fyrirsagnir, eins og „Skýringin á umhyggju Áka fyrir útgerðinni kemur í ljós". Og svo er fullyrt, að persónuleg sjónarmið hafi ráðið nefndarskipuninni. Já, langt er nú sótt.

Auðvitað trúir enginn maður þessari ósvífnu staðhæfingu, og hún snerti ekki atvmrh., heldur aðeins rógberana sjálfa og skapar þeim verðskuldaða fyrirlitningu heiðarlegra manna. En það má öllum vera ljóst, að þó að Tíminn hafi sérstaka ánægju af að rógbera atvmrh. og raunar fleiri ráðherra, þá er þó það, sem fyrst og fremst er á bak við, illviljinn til sjávarútvegsins og löngunin til að hindra það, að honum verði veittur stuðningur eftir hina geigvænlegu aflaleysisvertíð.

Eins og ég gat um áðan, hefur Framsfl. mjög lagt sig fram um að ófrægja nýbyggingarráð og gera lítið úr því merka og mikla starfi, sem þar hefur verið unnið. Framsóknarmenn sögðust svo sem ekki vera á móti kaupum á nýjum skipum og framleiðslutækjum, en þetta yrði bara aldrei framkvæmt, áætlanir ríkisstjórnarinnar og nýbyggingarráðs í þessu efni væru aðeins skýjaborgir og leiktjaldamálning til að blekkja almenning. En staðreyndirnar eru stundum slæmar að stangast við, það fær vesalings Tíminn að reyna, og nú skýrir hann frá, að búið sé að semja um smíði á rúmum 100 mótorbátum og 30 togurum. Raunar vill hann eigna fyrrverandi ríkisstj. verulegan hluta af heiðrinum, en fer þó ekkert inn á að skýra afskipti Vilhjálms Þórs af því máli, kærir sig sennilega ekki um miklar umræður um þau. —Þegar búið er að semja um smíði togaranna og mótorbátanna og sumir bátarnir að koma til landsins, er auðvitað ekki þægilegt að halda áfram þvaðrinu um skýjaborgir og leiktjaldamálningu. Og nú er blaðinu snúið við. Skipakaupin eru glapræði, vegna þess að engir menn eru til á skipin. — Þessi fjarstæða er auðvitað ekki verri en margt annað, sem Framsfl. lætur sér sæma að bera á borð fyrir fólk, enda er stjórnarandstaða hans svo ábyrgðarlaus, ódrengileg og þjóðarfjandsamleg, að slíks munu fá dæmi í lýðræðislandi. Raunar þarf engan að undra, þó að framkoma Framsfl. í stjórnarandstöðunni sé eins og raun ber vitni. Flokkurinn hefur engan eðlilegan grundvöll og er því meira og minna í lausu lofti, starfsgrundvöllur hans er tilbúinn. þörfin fyrir hann er tilbúningur og leikaraskapur. En einmitt þessi tilbúningur og blekkingar, þetta óeðlilega ástand og rótleysi flokksins hefur átt sinn þátt í þeirri pólitísku siðspillingu, sem flokkurinn er haldinn af. En flokkurinn hefur ekki spillzt mest af stjórnarandstöðunni, spillingin hafði grafið um sig áður. Framsfl. var um nærfellt tveggja áratuga skeið lengst af stjórnarflokkur. Hann hefur því haft góða aðstöðu til að koma áhugamálum sínum í framkvæmd. En hver er árangurinn? Flokkurinn þykist vera mikill bændavinur og berjast fyrir samvinnustefnu. Ekki

að notfæra sér hin auðugu fiskimið kringum landið. Með slíkum ráðstöfunum er full ástæða til að ætla, að þjóðin geti litið framtíðina björtum augum og þurfi ekki að óttast hrun og atvinnuleysi. Flokkar atvinnurekenda og verkamanna völdu hina síðar töldu leið. Að ráði hinna framsýnustu og vitrustu manna þessara flokka voru flokkshagsmunir látnir þoka fyrir hagsmunum alþjóðar. Þrátt fyrir harðvítuga baráttu undanfarinna ára milli þessara flokka, tókst samvinna um ríkisstjórn og hin stóru og glæsilegu nýsköpunaráform.

Framsóknarflokkurinn lét stjórnast af þröngum flokkssklíkusjónarmiðum og lét þau sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum alþjóðar og neitaði að taka þátt í stjórnarsamvinnunni eftir að hafa reynt eins og hann gat að spilla fyrir, að samkomulag næðist.

Þjóðin fagnaði stjórnarsamvinnunni og fylgdist af miklum áhuga með nýsköpunarstarfinu, en Framsfl. dreymir dagdrauma um, að upp úr stjórnarsamvinnunni slitni, að nýsköpunin fari í handaskolum, að stéttaátök og illdeilur hefjist, — að góðir, pólitískir verzlunarmöguleikar skapist.

Færi svo, að slitnaði upp úr stjórnarsamvinnunni, kæmi rúm fyrir „hinn gætna, friðsamlega milliflokk," sem þá gæti athugað, hvort betur borgaði sig að vinna gegn öfgunum til hægri eða vinstri.

Sem betur fer fyrir þjóðina, en því miður fyrir Framsfl., eru dagdraumar hans utan við veruleikann enn þá sem komið er, og allar líkur til, að foringjar flokksins eigi eftir langan tíma að kunna hinu **pólitíska** ástandi illa.

Ef einhverjum dytti í hug, að hér væri of harður dómur felldur yfir Framsfl. fyrir það, að hann neitaði að taka þátt í stjórnarsamvinnunni, þá væri þeim hinum sama ráðlegast að athuga afstöðu flokksins í stjórnarandstöðunni.

Blöð Framsfl. hafa keppzt um að reyna að ófrægja ríkisstjórnina og aldrei látið hana njóta sannmælis um það, sem hún hefur gert. Þegar skipuð er nefnd bænda til að ákveða verðlag landbúnaðarafurða, segja blöð Framsfl., að völdin séu tekin af bændum til að ákveða verðlag afurða sinna. Hins vegar hefur Framsfl. sannað það, að hann kærir sig ekki um samninga milli neytenda og framleiðenda um verðlagið.

Þegar verðlag landbúnaðarafurða er ákveðið 4—6 sinnum hærra en hægt er að fá þessar vörur fyrir erlendis, þá skamma blöð Framsfl. verðlagsnefndina fyrir það, að hún hafi ákveðið verðið allt of lágt. Sömu blöðin skammast einnig yfir, að verðið sé ákveðið of hátt og það muni draga stórlega úr innanlandssölunni og aumka mjög kaupendur yfir þessu háa verði. Þannig tala þessi blöð tveim tungum.

Eitt gleggsta dæmið um hin ósvífnu og drengskaparsnauðu vinnubrögð Framsfl. í stjórnarandstöðunni eru árásir hans á ríkisstjórnina og fiskimálanefnd út af fisksölumálunum. Þessar árásir sanna líka vel fjandskap flokksins við sjávarútveginn og sjómannastétt landsins, því þær eru tilraun til að koma málefnum sjávarútvegsins í sem mest óefni.

Á síðast liðnum vetri, meðan alger óvissa var ríkjandi um sölu á sjávarafurðum landsmanna og yfir stóðu samningaumleitanir við erlenda aðila um fisksölumálin, birti Tíminn og hjálparkokkur hans, Vísir, hverja greinina af annarri, þar sem haldið var fram, að verðlækkun á fiski væri óhjákvæmileg. Þannig reyndi stjórnarandstaðan eins og hún gat að vinna að því, að fiskverðið lækkaði.

Í byrjun vetrarvertíðarinnar um síðastliðin áramót, réðust bæði Tíminn og Vísir á ríkisstjórnina fyrir það, að hún tryggði ekki nægan skipakost til fiskflutninga, og bæði blöðin fluttu margar skröksögur um, að fiskurinn lægi undir skemmdum og eyðilegðist í ýmsum verstöðvum vegna skipaleysis. Um þetta leyti krafðist svo Tíminn þess hvað eftir annað, að færeysku skipin yrðu leigð til fiskflutninganna sem allra fyrst. En ekki hafði ríkisstjórnin fyrr leigt færeysku skpin og tryggt sér til viðbótar nokkur erlend skip til fiskflutninganna en Tíminn og Vísir réðust á ríkisstjórnina fyrir þessar ráðstafanir.

Þá voru ensku skipin talin óheppileg og áhættusöm og færeysku skipin óhæf, síðan var sagt, að leigan á öllum þessum skipum yrði bara til þess, að íslenzku fiskflutningaskipin fengju ekki nægan fisk fyrir sig. Þannig voru vinnubrögðin.

Þegar færeysku skipin voru leigð, lögðu framsóknarmenn kapp á, að fram yrði tekið í samþykkt Alþingis um leigu skipanna, að þau yrðu sérstaklega notuð til að taka fisk á afskekktum smáhöfnum, og enn fremur, að fram yrði tekið, að ríkissjóður greiddi tap, sem á rekstri skipanna kynni að verða af þeim ástæðum. Frá byrjun var framsóknarmönnum það sýnilega mikið áhugamál, að rekstur skipanna gengi illa, enda pöntuðu þeir áskoranir frá kaupfélagsstjórnum utan af landi um, að þangað yrðu send skip, þó lítill sem enginn afli væri, þegar skipin komu á staðinn. Og í sumum tilfellum var alls enginn fiskur og enginn róður byrjaður.

Þegar ríkisstjórnin ákvað 15% verðlækkun á fiski til fiskkaupaskipa, sagði Tíminn að þessi ráðstöfun gæti alveg eins orðið til að lækka fiskverðið til útgerðarmanna og sjómanna, enda mundi það sennilega fara svo. En hrakspá Tímans hefur nú rætzt þannig, eins og kunnugt er, að ráðstafanir ríkisstj. hækkuðu fiskverðið til sjómanna og útgerðarmanna um 3 milljónir og 400 þúsund krónur.

Út yfir allt hafa þó raunar tekið árásir stjórnarandstöðunnar á fiskimálanefnd og rógburðurinn um hana. Tíminn hefur hvað eftir annað ásakað fiskimálanefnd fyrir leigu færeysku skipanna, þó öllum sé ljóst, að nefndin leigði ekki skipin, heldur þingið, og það með atkvæðum framsóknarmanna. Og þó Framsókn hafi sérstaklega heimtað skipin til smáu hafnanna stundum að þarflausu, og viljað við byrjun leigutímans auglýsa sem mest, að halli af rekstri þeirra vegna smáhafnanna yrði greiddur úr ríkissjóði, þá reynir Tíminn

sanngirniskrafa, að það skilyrði verði sett fyrir þessum fjárveitingum, að þær verði ekki notaðar að neinu leyti til pólitísks framdráttar Framsóknarflokknum og ríkt verði gengið eftir, að skilyrðið verði uppfyllt.

Til að fyrirbyggja misskilning vil ég taka það fram, að þessar aths. mínar við fjárlfrv. mega ekki skiljast svo, að ég telji það óhæft í alla staði, þvert á móti, enda er þetta fjárlfrv. svo gerólíkt því, sem maður hefur átt að venjast undanfarin 3 ár.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð með þátttöku 3 þingflokkanna, lýstu verkalýðsstétt og atvinnurekendastétt landsins yfir stuðningi sínum við hina glæsilegu og stórhuga stefnuskrá ríkisstj. um alhliða viðreisn og nýbyggingu atvinnuveganna.

En einn þingflokkurinn, Framsfl., skarst úr leik. Hann var ekki sammála þessari stefnuskrá. Hann setti sem skilyrði fyrir þátttöku sinni, að komið yrði á stórfelldum kauplækkunum. Hann taldi það hið mesta glapræði, að keypt yrðu ný skip og atvinnufyrirtæki fyrr en búið væri að lækka kaupgjaldið. Og flokkur þessi, sem telur sig sérstaklega málssvara bændastéttarinnar, bauðst jafnvel til, að afurðaverð til bænda yrði lækkað, fengist fram lækkun á kaupgjaldi. En engar tillögur gerði flokkurinn um, að efnamennirnir og hátekjumennirnir í landinu ættu neinu að fórna til að lækka dýrtíðina. Margir kjósendur flokksins munu eiga erfitt með að skilja, að þessi afstaða hafi mótazt af bændaumhyggju, enda er ekki svo. En það, sem foringjar flokksins meintu, en ekki sögðu, var það að reyna að spilla milli verkamanna og bænda og umfram allt að hindra, að samvinna tækist milli verkamanna og atvinnurekenda, því að hinir vísu foringjar flokksins telja sér og flokk sínum hinn mesta háska í því, að þessar stéttir komi sér saman um nokkurn hlut.

Foringjaklíka Framsfl. hefur hvað eftir annað látið lýsa því yfir, að flokkurinn væri „milliflokkur, sem berðist á víxl gegn öfgunum til hægri og vinstri". En ef flokkurinn ætlar alltaf að verða milliflokkur milli hægri og vinstri flokka, þýðir það, að flokkurinn hefur enga sjálfstæða stefnu í þjóðmálum, en stefna hans á hverjum tíma er ætíð mörkuð af stefnum annarra flokka.

Um baráttu flokksins á víxl til hægri og vinstri hefur reyndin orðið sú, að oftast hefur hann átt samleið með hægri- eða afturhaldsöflunum. Og þó flokkurinn hafi þótzt vera hinn sanngjarni, friðsami milliflokkur, sem vildi bera klæði á vopnin í harðvítugum stéttadeilum, hefur hann allajafna reynt að æsa upp deilur milli atvinnurekenda og verkamanna. Þegar deilurnar rísa nógu hátt, er svo hinn sanngjarni, friðsamlegi milliflokkur reiðubúinn að grípa inn í. Ljósasta dæmið um, á hvern hátt flokkurinn vill gera þetta, eru afskipti hans af hinum hörðu stéttaátökum hér í Reykjavík í nóv. 1932. En þá var aðalforingi flokksins, Hermann Jónasson, þingmaður Strandasýslu, lögreglustjóri í Reykjavík. Eins og kunnugt er, skipaði Hermann lögreglunni að ráðast á mörg hundruð atvinnulausa verkamenn og berja þá niður, og ætlaði með þessu að vinna sig í álit hjá atvinnurekendum. Deilan endaði á hinn eftirminnilega hátt, að hinn hugdjarfi lögreglustjóri flúði eins og fætur toguðu og lögregluþjónarnir börðust hraustlega, en voru ofurliði bornir.

Þessi lífsreynsla gerði þó hvorki foringjann né flokkinn vitrari eða friðsamari, því ályktanirnar, sem flokkurinn dró af reynslu sinni við þessar sérkennilegu tilraunir til að stilla til friðar í stéttaátökunum, voru þær, að nauðsynlegt væri að vopna lögregluna með byssum og gasbombum.

Að vísu er það til í dæminu, að Framsfl. tæki afstöðu með verkalýðsstéttinni í hörðum stéttaátökum, en það er þá því aðeins, að hann fengi nógu mikið fyrir það og fengi öll völdin í sínar hendur og gæti svo svikið það, sem honum sýndist, því yfirlýsing flokksins um það, að hann vilji samstarf til hægri og vinstri, eftir því sem foringjarnir telja bezt henta á hverjum tíma, þýðir ekkert annað en það, að þeir séu reiðubúnir til að selja flokkinn hvorum sem betur býður.

Framsfl. leit til þess með skelfingu, að verkamenn og atvinnurekendur semdu frið og hæfu samstarf um uppbyggingu atvinnuveganna og leit svo á, að slíkt samstarf eyðilegði fyrir sér alla pólitíska verzlunarmöguleika. Þá átti hinn gamli og nýi fjandskapur Framsfl. til sjávarútvegsins sinn þátt í, að flokkurinn vildi ekki taka þátt í stjórnarsamvinnunni. En eins og kunnugt er, er stefnuskrá ríkisstj. byggð á því, að sjávarútvegurinn sé sá af atvinnuvegum þjóðarinnar, sem fyrst og fremst verði að byggja á. Aftur á móti eru það margyfirlýst sjónarmið Framsfl., að það sé landbúnaðurinn, sem sé sá af atvinnuvegum þjóðarinnar, sem sé og muni verða traustastur á að byggja.

Hér er auðvitað um tvö gerólík sjónarmið að ræða; að vísu er Framsóknarflokksforingjunum vel ljóst, að sjónarmiðið, sem þeir halda fram, er heimskulegur þvættingur og fjandsamlegt þjóðarheildinni, en þeir telja líklegt, að það séu flokkshagsmunir sínir að halda því fram, og það ræður.

Þegar núv. ríkisstjórn var mynduð, var þjóðin eins og milli vita. Það var fyrirsjáanlegt, að stríðslokin nálguðust og að þar með mundi harðna samkeppni við aðrar þjóðir um sjávarútveg og verzlun. Skipaflotinn var lítill og sumt af honum úr sér gengið. Það var því bersýnilegt, að þjóðin hlaut að standa mjög illa að vígi, ef ekkert væri að gert, og eftirstríðsörðugleikarnir mundu fljótlega eftir stríð, þrátt fyrir stríðsgróðann, skapa stórkostlegt atvinnuleysi og þar með fátækt og eymd.

Annaðhvort var að mæta örðugleikunum óundirbúinn og taka hinum óhjákvæmilegu afleiðingum fyrirhyggjuleysisins, kreppu, taprekstri, gjaldeyrisvandræðum, atvinnuleysi og fátækt og sennilega sjálfstæði þjóðarinnar, a. m. k. fjárhagslega, eða að hefja alhliða viðreisn á atvinnuvegum þjóðarinnar, kaupa ný, stór og smá skip af vönduðustu og fullkomnustu gerð og stórvirkar vélar og vinnutæki, — gera þjóðina samkeppnisfæra við aðrar þjóðir um

hluta, því að hann þarf sannarlega á því að halda, svo að ekki sé meira sagt.

Loks vil ég aðeins með örfáum orðum minnast á rafmagnsmálin. Með hinni innlendu orku, sem við eigum bæði í fallvötnum og hverum, höfum við kannske mesta möguleikana til að halda uppi tiltölulega háum „lífsstandard" í okkar litla og fámenna þjóðfélagi. Með heppilegum raforkuvirkjunum og skynsamlegri dreifingu eigum við að hafa í hendi okkar ákaflega sterka möguleika til að gera alla starfrækslu ódýrari og lífið þægilegra fyrir allan almenning. Tvær rafvirkjanir eru nú í gangi, í fyrsta lagi Andakílsárvirkjunin og gufustöð Reykjavíkurbæjar, sem verið er að afla til allra nauðsynlegra tækja og bráðlega verður hafizt handa um að reisa. Þá hafa á þessu ári tekið til starfa Rafveitur ríkisins með línulögn um allan Reykjanesskaga, sem efni er nú keypt til og verið er að leggja. Auk þess er nú ákveðin og verið að festa kaup á efni til línu frá Sogsfossum til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur, allt samkvæmt heimildum síðasta Alþingis. Má gera ráð fyrir, ef hægt er, eins og til er stofnað, að allir þessir staðir fái rafmagn á næsta ári. Mér er ekki nákvæmlega kunnugt um, hve margt fólk hér er um að ræða, en hygg, að það muni vera milli 10 og 20 þús. manns. Auk þess er svo verið að hefja rafmagnsframleiðslu í stórum stíl með mótorvélum í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og víðar, og undirbúningsrannsóknir og vinna hafa farið fram á mörgum öðrum stöðum. Ég nefni þetta aðeins til að sýna, að sú viðleitni, sem ég minntist á um hagnýtari vinnubrögð og öflun nýrra og fullkominna tækja, er vissulega í fullum gangi, og ég get ekki annað sagt en að á þessu sviði hafi samstarfsflokkarnir í ríkisstj. staðið við gefin fyrirheit. En öflun þessara nýju tækja telja margir meginatriði stjórnarsamningsins.

Fjárlfrv. gerir ráð fyrir mjög auknum verklegum framkvæmdum. Að vísu eru framlög til vega og hafnargerða svipuð og þau hafa verið mest áður, en nú ber mikið á framlögum til opinberra bygginga, miklu meira en venja hefur verið til. Ég nefni aðeins fátt eitt:

Ný símakerfi og aðrar eigna-aukningar landssímans	3,5	millj.	kr.
Vegir, hafnir og vitamál	8,4	—	—
Til sjúkrahúsbygginga og læknisbústaða	2,1	—	—
Til ríkisútvarps, þjóðminjasafns og raforkusjóðs	2,6	—	—
Til skólabygginga	7,6	—	—

eða um 25 millj. kr.

Við höfum á síðustu árum rétt vel úr kútnum Íslendingar fjárhagslega. Sumar orsakirnar, sem til þess liggja, eru okkur ekki sjálfráðar að vísu, en þó verður því ekki móti mælt, að því aðeins hefur þetta mark náðst, að unnin hafa verið erfið og áhættusöm verk og öll tækifæri notuð, sem boðizt hafa. Það má þá líka ganga út frá því sem gefnu, að þjóðin sleppir ekki frá sér aftur með góðu því, sem áunnizt hefur, og því aðeins gerir hún það, að áður hafi verið reyndar allar hugsanlegar aðferðir til að halda í horfinu. En aðferðirnar til þess eru, eins og ég hef lýst, fullkomnari tækni og betra skipulag, og í þá átt miðar öll viðleitni núv. ríkisstj. Takist það ekki eða réttara sagt, nægi þessar aðgerðir ekki, verður að grípa til lækkunar, en það á að verða síðasta úrræðið, en ekki það fyrsta.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði í lok ræðu sinnar, að nú yrði að koma til kasta þjóðarinnar sjálfrar. Hér dygði engin gagnrýni, heldur skyldu verkin tala. Tækifærið hefði þjóðin við kosningarnar næstu, og hv. þm. endaði ræðu sína sem nokkurs konar kosningaávarp og slengdi þar út kosningaprógrammi Framsfl., en það var þetta: Það verður að lækka allt kaupgjald í landinu nú þegar. — Það er stefna Framsfl. Þessi stefna er ljós og auðskilin, en stefna ríkisstj. er líka jafnljós. Hún beitir sér ekki fyrir niðurfærslu kaupgjaldsins, fyrr en öll önnur sund eru lokuð og allar aðrar leiðir reyndar, þær leiðir, sem hún er að undirbúa með nýjum tækjum og nýjum vinnuaðferðum og skipulagi.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði allýtarlega grein fyrir fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, í ræðu sinni.

Um tekjuliði frumv. vil ég segja það, að mér finnst þeir vera áætlaðir mjög varlega, og þó það skuli fúslega viðurkennt, að ekki er gott að dæma um, hvað hinir ýmsu tekjuliðir reynast háir, meðan eins mikil óvissa ríkir um söluhorfur á útflutningsvörum landsmanna og nú er, þá finnst mér þó, að tekjuáætlunin sé varleg um of.

Margir af gjaldaliðunum, svo sem starfslaun, vextir og afborganir skulda o. fl. o. fl., eru fastir gjaldliðir, sem ekkert er um að ræða, en hvað snertir framlög til skóla- og menntamála og framlög til verklegra framkvæmda eru þau að vísu hækkuð verulega á nokkrum liðum, en eru þó of lág og verða nauðsynlega að hækka.

Kennslumálaráðh. Brynjólfur Bjarnason hefur lagt til allmiklu hærri framlög til skóla- og menntamála, sérstaklega til skólabygginga, á því sviði mun vera svo brýn þörf, að ekki verði hjá komizt að hækka þau framlög.

Þá er það við gjaldliðina að athuga, að þar eru nokkur framlög, sem eru óþörf og sjálfsagt er að skera niður. Má þar t. d. nefna eftirlitið með sveitar- og bæjarstjórnarmálefnum, sem er gagnslaust, en kostar stórfé. Einnig má nefna 200 þús. kr. lið, sem kallaður er til „framleiðslubóta og atvinnuaukningar." En því, sem nefnd sú, sem á að úthluta þessu fé, étur ekki sjálf upp í kostnað við nefndarstörfin, hefur verið mjög óheppilega varið, að ekki sé meira sagt.

Þá vil ég benda á, að í fjárlfrv. þessu eru áætlaðar stórar fjárfúlgur til ýmissa stofnana, sem Framsfl. ræður yfir og misnotar stórlega sér til pólitísks framdráttar. Þessar fúlgur eru ekki í fyrsta sinni í fjárlögum nú, heldur eru þetta sömu liðirnir ár eftir ár, en hafa farið síhækkandi og nema nú milljónum króna. Það er sjálfsagt ekki sanngjarnt að skera alveg niður þessi framlög, og ég er ekki að leggja það til, t. d. framlög til Samvinnuskólans, Búnaðarfélagsins, mæðiveikivarnanna o. fl. En það er sjálfsögð

á sinni tíð, eða í jan. 1940, að fella niður ákvæði, sem byndi saman kaupgjald og verðlag, og var þar með rutt úr vegi hömlum fyrir vexti dýrtíðarinnar, sem orsakaði það, að landbúnaðarvísitalan hækkaði upp í 163 stig í des. 1940 og vísitala framfærslukostnaðarins var 142 stig og kaupgjaldsvísitalan 127 stig. — Þá má og fullyrða, að annað spor, sem þessi flokkur hefur stigið, á sinn mikla þátt í því, að stigið væri með setningu gerðardómsl. um áramótin 1941—42. Framsfl. stóð ekki síður að því en Sjálfstfl. Vísitalan hækkaði á árinu og tók það stærsta stökk, sem hún hefur tekið. Framsfl. hefur svo alltaf alið á því, að það sé að kenna Sjálfstfl., en það er einmitt því að kenna, hvernig búið var í haginn með setningu gerðardómsl. Það var hans óheillaspor og sex manna nefndar sáttmálinn, sem allir kannast við og ég skal ekki mikið ræða. En þessi þrjú spor: niðurfelling l. þeirra, er bundu kaupgjald og verðlag, gerðardómsl. og sex manna nefndar sáttmálinn, hafa valdið svo að segja allri hækkun vísitölunnar í landinu. — En eitt er að ræða um, hver eigi sökina á því, að nú er komið sem komið er í dýrtíðarmálunum, og annað að leggja á ráðin til úrlausnar.

Há vinnulaun eða hátt kaupgjald er í sjálfu sér enginn þjóðarvoði, síður en svo. Þá fyrst er um vandamál að ræða í þessu sambandi, þegar þessi háu vinnulaun valda stöðvun á útflutningnum, þegar framleiðslukostnaðurinn er orðinn svo hár, að erlent markaðsverð skilar ekki hinum raunverulega tilkostnaði. Þegar svo er komið, hefur venjan verið sú að grípa fyrst til kauplækkunar. En það eru vissulega til fleiri leiðir til þess að jafna þessi met, og þá fyrst og fremst sú aðferðin að auka afköstin með bættum vinnuaðferðum og fullkomnari tækni.

Úr því að sumir hafa hér farið í nokkurs konar eldhúsdagsumr. og rætt stefnumálin, þá sé ég ekki á móti því að lýsa með nokkrum orðum afstöðu Alþfl. til þessara mála. — Alþfl. hefur frá því fyrsta verið þeirrar skoðunar, að þessa leið bæri að fara, áður en nokkur önnur leið er reynd, og hann er þeirrar skoðunar enn í dag. Barátta flokksins fyrir byggingu síldarverksmiðja allt frá 1927 og fyrir starfsemi fiskimálanefndar, svo sem byggingu hraðfrystihúsa og ýmsum nýjum veiði- og verkunaraðferðum, frá 1934 og síðan er ljóst dæmi um þetta.

Síldarverksmiðjurnar og frystihúsin eru nú orðin svo veigamikill þáttur í útgerðarstarfseminni, að óhugsandi er að reka þennan atvinnuveg án þeirra. Þessi nýbreytni er hið ljósasta dæmi þess, hvað hægt er að vinna með breyttum starfsaðferðum og aukinni tækni og ekki með kauplækkun. Samhliða má svo segja, að komi skipulagning atvinnuvegarins, eins og t. d. starfsemi síldarútvegsn. er gott dæmi um, sem hefur gerbreytt svo aðstöðunni við síldarsöltun, að frá því að vera óviss og áhættusamur atvinnuvegur í mesta máta er hann nú orðinn árviss og áhættulaus innan þeirra takmarka auðvitað, sem fiskigengdin í sjónum setur og enginn ræður við eða getur sagt um fyrirfram enn sem komið er a. m. k.

Nokkuð svipað má segja um bæjarútgerðina, sem Alþfl. hefur einnig beitt sér fyrir, en ekki fengið ráðið að koma í framkvæmd nema á allt of fáum stöðum og raunar ekki hreinni nema á einum stað. En þar hefur hún líka gefið hina ágætustu raun, svo góða, að annað form hefur ekki betur gefizt. Hún hefur sýnt, að með því fyrirkomulagi má fleyta atvinnuveginum yfir erfið ár og safna miklu fé til öryggis og tryggingar framtíðinni, þegar vel árar. Þetta tvennt, skipulagsbundin starfsemi og aukin tækni, er því líklegustu úrræðin og hafa þegar sannað, að þau eru líklegustu úrræðin til að leysa vandamál dýrtíðarinnar, svo framarlega sem það er hægt. Einn veigamesti þátturinn í stjórnarsamningunum var því að ákveða, að mjög verulegur hluti af inneignum okkar erlendis yrði notaður til að leysa málin á þessum grundvelli, þ. e. a. s. öflun nýrra og fullkominna tækja, til að unnt yrði að auka afköstin. — Hvernig stendur þá það mál, hvað hefur verið gert í því? Þetta á þjóðin rétt á að fá að vita, og ég tel því rétt að gefa aðeins stutt yfirlit yfir það.

Það hafa verið keyptir inn 100 mótorbátar, tæpir ⅔ þeirrar tölu erlendis og rúmlega ⅓ byggður hér heima. Þessir bátar eru yfirleitt stærri, hraðskreiðari og betur búnir en bátar hafa verið almennt hér og eiga því að geta skilað miklu meiri afla að tiltölu en smærri fleyturnar gerðu áður.

Það er þessa dagana verið að ganga frá kaupum í Englandi á 30 togurum stærri og betur út búnum en áður hefur þekkzt hér á landi, og mér er sennilega óhætt að segja betur út búnum en yfirleitt hefur áður verið venja hjá flestum þjóðum. En þetta mun nú betur koma fram síðar, og skal því ekki fjölyrt um það nú.

Verzlunarflotinn er að stóraukast. Eimskip hefur þegar keypt 2—3 vöruflutningaskip helmingi stærri en þau, sem félagið á nú í förum. Og enn hyggst félagið að bæta við, svo að nýju skipin verði samtals sex. Skipaútgerð ríkisins er að láta athuga möguleika fyrir kaupum á einu strandferðaskipi svipaðrar stærðar og gerðar og Esja og enn fremur tveim minni vöruflutningaskipum. Auk þess hafa svo einstaklingar látið smíða bæði tankskip og kæliskip, sem ýmist eru langt komin í smíði eða verið er að hefja smíði á. Öll þessi skipakaup bera vitni þeirrar viðleitni bæði ríkisstj. og einstaklinga að fá bættan skipakost eins og hann þekkist beztur og jafnvel betri en hann þekkist beztur annars staðar, til þess fyrst og fremst á þann hátt að geta haldið sem bezt í horfinu þrátt fyrir dýrtíðina. Enn fremur má geta þess, að í byggingu eru tvær síldarverksmiðjur, á Siglufirði og Skagaströnd, sem báðar eiga að bæta úr brýnni þörf og eiga að geta orðið einn liðurinn í því kerfi, sem verið er að skapa til þess að búa sem bezt í haginn fyrir sjávarútveginn.

Landbúnaðarvélar hafa líka verið keyptar á þessu ári og leyfi veitt í nánustu framtíð fyrir upphæðum, sem mjög fara fram úr því, sem áður hefur tíðkazt til þeirra kaupa. Er það vissulega vel, að þessi atvinnuvegur fái sinn

Þegar Alþfl. gekk til samstarfs við Sjálfstfl. og Sósfl. um stjórnarmyndun fyrir ári, var það fyrst og fremst til þess að vinna að framgangi og lausn ákveðinna mála, sem Alþfl. lagði höfuðáherzlu á, að breytt yrði hið allra fyrsta. Hið fyrsta þeirra var launamál opinberra starfsmanna. Varð það að samkomulagi milli flokkanna, að málið skyldi leyst í höfuðatriðum þannig, að komið yrði til móts við tillögur B.S.R.B. á því þingi, en þær lágu þá fyrir að mestu í frumvarpsformi og var gengið frá málinu eins og um var samið á síðasta þingi. Þó voru nokkrar starfsgreinar pósts og síma, sem frestað var að taka ákvörðun um og lagt á vald hlutaðeigandi ráðuneytis. Öllum þessum sérsamningum er nú lokið, og má segja, að yfirleitt hafi þar tekizt sem til var ætlazt í stjórnarsamningunum, og opinberir starfsmenn yfirleitt fengið þær launabætur, sem sanngjarnt mátti telja og farið var fram á. Þó að þeir menn séu að vísu til, sem telja, að með launalögunum sé hag ríkissjóðsins teflt í tvísýnu og lengra gengið en fjárhagur landsmanna þoli, þá játar nú orðið mikill meiri hluti þeirra manna, sem þetta mál hafa kynnt sér, að þessar réttarbætur til handa opinberum starfsmönnum séu yfirleitt sjálfsagðar og óumflýjanlegar, því að ekki getur það gengið til lengdar, að þeir séu verr launaðir en tilsvarandi starfsmenn hjá einstaklingafyrirtækjum. Fyrir utan ósanngirnina í því fyrirkomulagi hefði það, þegar fram í sækti, þær bersýnilegu afleiðingar, að þeir, sem annars ættu nokkurs kost — og það mundu þá vitanlega verða hinir færustu og duglegustu starfsmenn, — mundu hverfa frá starfi hjá ríkissjóði og leita þangað, sem arðvænlegra væri að starfa. Þarf ekki orðum að því að eyða, hverjar afleiðingar það mundi hafa fyrir hinn umfangsmikla rekstur ríkisins. Þetta atriði — hin bættu launakjör opinberra starfsmanna — setur svo eðlilega sinn svip á fjárlfrv., eins og glöggt kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Hækkanir hafa víða orðið allverulegar, sérstaklega hjá þeim, sem lægst voru launaðir áður. En þetta var vitað, og þarf enginn að furða sig á því.

Afstaða okkar Alþýðuflokksmanna til þessa máls er alveg ljós. Við bárum þetta mál fram þegar í upphafi, gerðum framgang þessa máls að skilyrði fyrir stjórnarsamvinnunni og fögnuðum þess vegna framgangi þess sem sjálfsagðri og eðlilegri réttarbót. Þessi útgjöld, sem launal. valda ríkissjóði, var því fyrirfram vitað, að mundu koma, og þeim verður að mæta eins og öðrum sjálfsögðum gjaldaliðum ríkissjóðs.

Eitt höfuðverkefni þessarar ríkisstj. hefur verið að leitast við að halda niðri eins og hægt hefur verið verðlaginu í landinu. Það hefur tekizt á þann hátt, að vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað úr 271 stigi, er stj. tók við völdum, í 278 stig 1. sept. s. l., og er þessi hækkun því með allra minnsta móti, sem orðið hefur frá því ófriðurinn hófst. Að vísu er skylt að geta þess, að allar líkur virðast standa þannig, að nokkur hækkun muni hafa orðið um síðustu mánaðamót vegna hækkunar landbúnaðarafurða, en það er hvort tveggja, að nokkrar vonir standa til þess, að sú hækkun muni geta minnkað aftur síðar að mjög verulegu leyti, og að um þetta leyti hefur á hverju ári orðið nokkur hækkun, stundum meiri, stundum minni, vegna hækkandi verðlagningar landbúnaðarafurðanna.

Ég gat þess í upphafi, að mér þætti eitt af aðaleinkennum þessa frv. vera framlagið úr ríkissjóði til að hindra, að landbúnaðarvörurnar hækkuðu vísitöluna úr hófi, og eru til þess ætlaðar 12 millj. kr., sem mér virðist þó hæpið að muni nægja. Undanfarin ár hefur það ekki verið venja að taka þessa upphæð upp í fjárlfrv. og jafnvel ekki inn í fjárl., þó að vitað væri, að hærri upphæð en þetta raunverulega mundi koma til útborgunar í þessu skyni. Það er því í fyrsta lagi nýmæli, að upphæðin skuli tekin upp í frv. — Í öðru lagi ber þessi háa upphæð svo ljóst sem verða má með sér, að engin viðunandi lausn og allra sízt varanleg lausn er enn fundin á vandamálum afurðasölu landbúnaðarins. Því að það verður að teljast í alla staði óframkvæmanlegt að halda stöðugt áfram á þeirri braut, sem farið hefur verið inn á hin síðari ár, að greiða úr ríkissjóði svo millj. kr. skiptir — og tugum millj. kr. — til þess að verðlag þessara vara skapi ekki fullkominn glundroða í landinu. Ríkisstj. átti þó ekki margra góðra kosta völ. Hún gat í fyrsta lagi látið leika lausum hala hækkun vísitölunnar upp í 310 stig, og í öðru lagi greitt niður allt eins og áður var gert, en undir því reis ríkissjóður ekki. Og hún gat loks í þriðja lagi farið millileiðina, eins og gert var.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) hélt því fram hér áðan, að með þessari aðferð væri þjóðinni skipt í verðuga og óverðuga, hreina og óhreina. Þeir óhreinu væru þeir menn, sem hefðu tvo menn eða fleiri í þjónustu sinni. Þetta er furðulega röng túlkun. Þeir, sem hafa tvo menn eða fleiri í þjónustu sinni og greiða þeim kaup með vísitöluálagi, hafa vitanlega einnig hagnað af þessum ráðstöfunum og sennilega miklu meiri en hinir, er njóta endurgreiðslu samkv. l., svo að það er síður en svo, að þeir séu verr settir. Annars má fullyrða það sama um landbúnaðarafurðasöluna og aðra afurðasölu landsmanna: Hún verður að geta staðið á eigin fótum. Annars fer illa. Tilkostnaðurinn verður að lækka og afköstin að aukast, en það þarf út af fyrir sig ekki að þýða kauphækkun, heldur hagkvæmari vinnubrögð, og mun ég koma betur að því síðar.

Hv. 2. þm. S.-M. ræddi nú, eins og framsóknarmenn reyndar venjulega gera, mjög einhliða um þá hættu, sem stafaði af dýrtíðinni í landinu, og það öngþveiti, sem atvinnuvegir landsmanna væru að komast í vegna dýrtíðarinnar. En hv. þm. gleymdi því, hvern þátt hann sjálfur og hans flokkur á í vexti dýrtíðarinnar í landinu, og ég held, að það sé það bezta fyrir hann, áður en hann fer að leita að ráðum til þess að bæta úr dýrtíðinni, að gera sér það ljóst, að það er hann og flokksmenn hans, sem hafa staðið að öllu því öngþveiti, sem miðaði að því að auka dýrtíðina. Ég hef minnzt á það áður hér í útvarpinu og skal ekki endurtaka það nema með örfáum orðum. Framsfl. stóð að því

óhugsandi að halda áfram á sömu braut og farin hefur verið hingað til."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. þá. En hvað gerir hann nú? Hefur hann breytt um stefnu? Nei, öðru nær, hann hefur lagt fram fjárlfrv., sem byggt er á sömu helstefnunni í fjárhags- og *dýrtíðarmálum og fylgt var við stjórnarmynd*unina og allt s. l. ár. Hæstv. fjmrh. hefði hins vegar átt að gera sér grein fyrir því, að hann átti, eins og nú var komið, ekki að leggja fram þetta fjárlfrv., heldur lausnarbeiðni sína.

Það er ömurlegur vitnisburður um vanþroska þingræðisins á Íslandi, að menn skuli hafa fyrir framan sig í senn þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem ég las upp áðan, sem gefin var fyrir nokkrum mánuðum, og fjárlfrv. það, sem sami hæstv. ráðh. hefur lagt fram nú. Með hverjum mánuði, sem líður, verða vandamálin erfiðari viðfangs. Það er óbætanlegt tjón, að ekki var breytt um stefnu á s. l. hausti, eins og Framsfl. vildi láta gera. Þörfin fyrir algera stefnubreytingu er enn þá brýnni nú en þá.

Það, sem nú þarf að gera, er blátt áfram það, sem svo oft hefur verið bent á áður og gerðar tillögur um: Það þarf að ráðast gegn verðbólgunni með niðurfærslu allra þeirra liða, sem áhrif hafa á verðmyndun í landinu, svo sem kaupgjalds, afurðaverðs, verzlunarkostnaðar, flutningsgjalda og byggingarkostnaðar. Auka kaupmátt peninganna, jafnframt því sem greiðslur eru lækkaðar í krónutölu. Lækka framleiðslukostnað, ríkisútgjöld og heimilisútgjöld. — Áður en þetta er framkvæmt eða um leið verður að leiðrétta það, sem gert hefur verið til þess að raska jafnvægi innbyrðis, og tryggja þannig, að menn taki jafnan þátt í þessum ráðstöfunum. Jafnframt þarf að fara fram allsherjar eignauppgjör í landinu og leggja þannig trausta undirstöðu að hinni nýju skipan í fjármálum.

Misréttið í skattamálum og fjárhagsmálum er orðið óþolandi meinsemd í þjóðlífinu, og það verður ekki þolað, að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að minnka verðbólguna og til viðreisnar, nema jafnframt verði jafnaðar þær misfellur, sem orðið hafa um framlög til almennra þarfa. Verðbólgu- og stríðsgróðinn verður að mynda þann stofnsjóð, sem þarf að koma upp á vegum ríkisins til þess að styðja framfarirnar. Þessar framkvæmdir eru nauðsynlegar til þess að forðast kreppu og kyrrstöðu og til þess að skapa grundvöll að framförum og bróttmiklu athafnalífi.

Ég geri mér engar vonir um, að hæstvirt núv. ríkisstj. standi fyrir stefnubreytingu í þessu efni. Öðru nær. Gerir nokkur sér lengur vonir um slíkt? Ég held ekki. Hæstv. ríkisstj. hefur hvorki vilja né þrótt til þess að rífa sig upp úr *því feni, sem hún stakk sér í þegar í önd*verðu. Mér sýnist það meira að segja vera alveg fullkominn ásetningur hæstv. stj. að halda völdunum, gefast ekki upp né játa til hlítar, hvernig komið er, fyrr en allt fjármagn er uppétið, sem hönd verður á fest. Það verður að koma til kasta þjóðarinnar sjálfrar að veita viðnám verðbólgu- og skuldastefnu hæstv. ríkisstj. og koma í veg fyrir, að hér verði búin til stórfelld kreppa í atvinnu- og fjármálum. Þjóðin *fær tækifæri til þess á næsta vori. Vonandi* verður það ekki svo seint, að ekki verði bjargað. Þjóðin fær þá tækifæri til þess að sýna, hvort hún vill heldur framhald þeirra vinnubragða, sem nú tíðkast, eða úrræði þeirra, sem gegn þeim hafa barizt og jafnframt lagt fram tillögur um aðra stefnu í fjárhags- og atvinnumálunum. Nægilega margir verða að sýna það í verki í næstu alþingiskosningum, að menn láta ekki bjóða sér það ráðleysi, sem nær allir viðurkenna nú orðið, að einkenni það, sem gert er í þýðingarmestu vandamálunum. Þeir, sem fyrir misrétti hafa orðið, verða að sýna það í verki, að þeir sætta sig ekki við það, að þeirra réttur sé að vettugi virtur. Það er engin ástæða til þess að vera sérstaklega svartsýnn, þótt miklu hafi verið spillt, ef landsmenn láta í ljós óánægju sína, ekki bara með því að finna að, heldur með því að minnka fylgi þeirra og fella þá frá því að fara með umboð sín, sem fyrir þessu standa. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að ef þeir þola óréttinn, brigðmælgina og ráðleysið án þess að láta það varða fylgistapi og fylgisaukningu annarra og vinna að því, að áhrif þeirra nái inn í þingsalina, þá er gagnrýni og óánægja ekki nóg. Menn venjast á að meta hana að engu, ef hún er ekki sýnd í verki.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fjárlagafrv. er jafnan talið eitt hið merkasta mál á hverju þingi. Ber margt til þess. Fyrst og fremst það, að þá kemur fram fjármálaástand ríkissjóðsins, eins og það er á hverjum tíma. Í öðru lagi er fjárlagafrv. venjulega spegilmynd af ástandinu í landinu, og loks kemur þar að vonum fram, á einn og annan hátt, sú stjórnarstefna, sem hinir ráðandi flokkar fylgja og byggja framkvæmdir sínar á. Það er því að vonum, að þessu frv. sé veitt nokkur athygli umfram önnur frv., svo sem líka má marka af því, að þetta er eina málið, sem skylt er samkv. þingsköpum að hafa útvarpsumr. um.

Ef ég væri um það spurður, hvað mér þætti sérstaklega markvert við þetta frv., sem hér liggur fyrir, mundi ég svara því til, að það væri þrennt. Í fyrsta lagi launahækkun starfsmanna ríkisins. Í öðru lagi verðlagsuppbót landbúnaðarafurða, eða eins og það er kallað í frv., niðurgreiðsla á nokkrum landbúnaðarafurðum til neyzlu innanlands. Og í þriðja lagi hátt framlag til opinberra framkvæmda.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur nú skýrt frv. lið *fyrir lið og gert grein fyrir afkomunni,* skal ég að mestu halda mig við þessi atriði, þó þannig, að með þeim mun ég lítillega minnast á önnur mál skyld, eftir því sem tími vinnst til. Að vísu lítur sínum augum hver á silfrið. Sumir kunna að líta svo á, að það sé ekki síður merkilegt en þessi þrjú atriði, að frv. gerir ráð fyrir mjög miklum greiðsluhalla, eða 12,8 millj. kr. Ég tel þó, að enda þótt þetta sé þannig í frv., þá sé þar með alls ekki sagt síðasta orðið um það atriði, heldur sé það opið til breyt. fyrir hv. fjvn. og Alþ. og beri alls ekki að skoða frv. sem endanlega till. ríkisstj. um að afgr. málið þannig.

margendurtekur þetta, fer að verða ástæða til að auglýsa eftir því, hvað það er, sem Framsfl. hefur lagt til úrlausnar í dýrtíðarmálunum. Hann hefur hrópað um nauðsyn þess að lækka dýrtíðina, en ég veit ekki til þess, þegar utanþingsstjórnin var við völd, að hann tæki mikið undir tilraunir hennar til að lækka dýrtíðina. Ég veit ekki, hvað Framsfl. hefur gert til að fá dýrtíðina lækkaða. En það er enginn vandi að sjá, að það kemur að því, sem ég hef margsinnis bent á, að verður að gerast, en vandinn liggur í því, með hverjum ráðum það verður gert.

Hv. 2. þm. S.-M. var að vitna í ummæli frá síðasta þingi um að hverfa frá uppbótarstefnunni, og er það rétt með farið hjá honum, að ég hef ekki látið mörg tækifæri ónotuð til að benda á nauðsyn þess. Ég kem ekki auga á, hvaða skynsemi er í því, þegar hagur framleiðenda stendur betur en venjulega, að þá skuli ríkissjóður vera að sligast með niðurgreiðslur á ákveðnum framleiðsluvörum landsmanna. Það er rétt, að það hefur ekki náðst nein lausn á þessu máli, sem ég er ánægður með. Mér kemur ekki til hugar að hræsna með það. Og þó að ég og hv. 2. þm. S.-M. séum ekki ánægðir með þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið í þeim málum, þá má þrátt fyrir það ekki gleyma því, að stórfelld breyting hefur orðið frá því, sem var undanfarin ár, því að ef haldið hefði verið áfram, eins og gert hefur verið undanfarin 2—3 ár, mundu uppbæturnar hafa numið tvöfaldri þeirri fjárupphæð, sem nú verður. Það segir gamall málsháttur: Hálfnað er verk þá hafið er. Og er þá komið inn á þá braut að vinna að því að lækka dýrtíðina, og ég er svo bjartsýnn að halda, að haldið verði áfram á þessari braut og að það eigi ekki mjög langt í land, að horfið verði alveg frá henni.

Hv. þm. skal ekki hafa neinar áhyggjur af því, hvenær ég afhendi mína lausnarbeiðni. Ég skal reyna að láta hana bera öðruvísi að en hv. 2. þm. S.-M. bar að með sína lausnarbeiðni. Ég skal reyna að vera búinn að því, áður en ég hef stefnt þjóðinni í voða með minni fjármálastjórn.

Það má vel vera rétt hjá hv. þm., að fjárupphæðin, sem ætluð sé til niðurgreiðslunnar, sé allt of lág. Hann beitir þeim rökum, að fyrst niðurgreiðslur ættu að gilda allt árið 1946, þá væri fjárupphæðin miklu lægri en hún ætti að vera. Það er ekki gert ráð fyrir, að niðurgreiðslufyrirkomulagið standi lengur en til 15. sept. 1946.

Það er erfitt að vita fyrir fram, hve mikið fé þarf til þess að standast niðurgreiðslurnar, en ég efast um, að hv. þm. geti bent á aðra sennilegri upphæð en þá, sem tekin er upp í fjárlagafrv.

Þessi hv. þm. var eins og venjulega með harmagrát út af veltuskattinum. Ég veit, að sumum, sem hv. þm. stendur nærri, þykir veltuskatturinn óréttlátur, af því að hann kemur jafnt niður á alla. En það gæti verið til athugunar, hvort ekki sé um fleiri skatta að ræða, sem þörf væri á að koma jafnt niður á alla.

Þá talaði þessi hv. þm. um það, að tekna hafi verið aflað með því að eyða af dollarainnstæðu landsins, og veit ég ekki, við hvað hann hefur átt með því. Er það meining hans, að það hafi átt að svelta þjóðina á þessu ári? Ég hygg, að það hefði ekki verið leyft að flytja inn á þessu ári aðrar vörur en þær, sem nauðsynlegt hefði verið að afla, ef átt hefði að lifa sams konar lífi í landinu og gert hefur verið undanfarin ár, án þess að skerða dollarainneignina. Það er ekki skemmtilegt að eyða dollurum eins og gert hefur verið, en ég hygg, að það sé bezt að nota þá, áður en farið er að svelta þjóðina.

Hv. þm. talar um við hvert tækifæri, að allt fjármagn sé upp étið, og þetta er sami maðurinn, sem skildi við fjármálastjórnina árið 1939. Ég sé ekki kost á að svara því með öðru. Hann talaði um misréttið í skattamálunum og fjármálunum. Því hefur verið svarað af síðasta ræðumanni, þó ekki beinlínis. Hann benti á það, sem rétt er, að það er ekki lengur hægt að lifa á því einu saman að vera framsóknarmaður, og ég býst við, að þetta óréttlæti gangi honum til hjarta.

Mér þykir heldur verra að geta ekki minnzt lítils háttar á það, sem þm. sagði um landbúnaðarlöggjöfina. Hún er að vísu ekki til umr., og læt ég hana því mæta afgangi, en ef til vill gefst tækifæri síðar til að ræða hana fyrir alþjóð.

Ég vil ekki misnota þann ræðutíma, sem mér er ætlaður. Vil hins vegar segja það, að ég get ekki fundið, að neitt það hafi komið fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M., sem bendi til þess, að fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir hæstv. Alþingi, sé óvarlega samið, eða að ríkisstj. sé vítaverð fyrir að hafa sýnt gáleysi við samningu frv.

Forseti (JPálm): Þessari útvarpsumræðu er lokið. — Þá verður gengið til atkv., um till. hæstv. fjmrh. um að fresta umr. og vísa fjárlagafrv. til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd fjvn. að leggja til, að frv. þessu til fjárl. fyrir árið 1946 á þskj. 16, verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 270 og 309, 308).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. 309. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það til fjárl. fyrir árið 1946, er lagt var fram hér á

Alþ. þ. 8. okt. s. l. og liggur nú hér til 2. umr. á þskj. 16, er það hæsta, sem enn hefur verið lagt fyrir Alþ., bæði hvað snertir tekjur og gjöld. Rekstrartekjur eru alls áætlaðar rúmar 114 millj. kr., en rekstrarútgjöldin rúmar 115 millj. kr., og rekstrarhalli áætlaður þannig tæpar 1100 þús. kr. Á sjóðsyfirliti er greiðslujöfnuður hins vegar áætlaður óhagstæður tæpar 13 millj. kr.

Á gildandi fjárl. eru rekstrartekjur áætlaðar rúmar 108 millj. kr., eða 6 millj. kr. lægri en á frv., og rekstrarútgjöldin rúmar 100 millj., eða 15 millj. kr. lægri en á frv. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga þótti ýmsum hv. þm. boginn spenntur til hins ýtrasta og full ástæða til þess að snúa nú við og taka upp meiri varfærni í rekstri ríkisins á öllum sviðum. Þál. sú um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins, sem fjvn. bar fram á síðasta þingi á þskj. 1163 og samþ. var einróma, mætti a. m. k. skoðast sem viljayfirlýsing um það, að gera skyldi einhverjar tilraunir til þess að draga úr rekstrarútgjöldunum, þótt hins vegar aðrar samþykktir Alþ., svo sem afgreiðsla launalaga, gerði það algerlega ókleift að ná þeim árangri, sem til var ætlazt með samþykkt fyrrnefndrar þál.

Hækkun rekstrarútgjalda ríkissjóðs er ekki heldur út af fyrir sig nein ásökun eða last á hæstv. fjmrh. eða fjvn., og ekki getur heldur lækkun útgjalda út af fyrir sig talizt þeim til lofs, því að þetta eitt er enginn mælikvarði um góða eða illa fjármálastjórn, heldur er *hitt meginatriði, að fyrir hverja krónu, sem eydd er, komi fleiri krónur inn á móti, og að hver króna, sem spöruð er, minnki ekki tekjurnar um jafnmargar eða fleiri krónur.* Í þessu, *og þessu einu,* liggur leyndardómur fjármálamennskunnar, bæði hjá ríki og einstaklingum. Því að það væri svo afar einfalt verk, bæði fyrir fjvn. og ráðh., að skera niður miskunnarlaust alls konar útgjaldaliði, ef ekkert þyrfti að hugsa um afleiðingarnar eða bera nokkra ábyrgð á þeim gerðum, eins og það væri einnig mjög þægilegt að mega ausa út fjárhæðum án þess að þurfa að gera sér grein fyrir afleiðingunum.

Þegar bornar eru saman tekjur og gjöld á fyrstu 10 mánuðum af árunum 1944 og 1945, sést, að útgjöldin eru um 6 millj. kr. hærri á þessu tímabili árið 1945, en tekjurnar eru þá einnig 25,5 millj. kr. meiri en á sama tíma 1944. Svo að rekstrarhagurinn á árinu verður sýnilega langtum betri en menn þorðu að gera sér vonir um, þegar fjárl. yfirstandandi árs voru samin. Það verður því ekki sagt annað en að núv. hæstv. fjmrh. hafi tekizt að fylgja þessari gullvægu reglu í fjármálunum, *að fá inn á árinu fleiri krónur fyrir hverja, sem út var greidd.*

Það er nú alþjóð ljóst, að síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hefur stórhugur þjóðarinnar magnazt svo að segja á öllum sviðum. Skip eru keypt og smíðuð, fleiri, stærri og betri en nokkru sinni fyrr, verksmiðjur eru reistar, hafnir byggðar, vegir lagðir og bættir, brýr gerðar og skólum, sjúkrahúsum og margvíslegum öðrum mannvirkjum komið upp í miklu stærri stíl en nokkru sinni áður. Enda mun engin ríkisstjórn önnur hafa hvatt þjóðina jafnötullega til stórræða eða stutt hana jafnörugglega til framkvæmda. Slík gerbylting á framkvæmdum til lands og sjávar getur ekki skapað neina kyrrstöðu í fjármálalífinu. Ríkissjóður einn getur ekki staðið og má ekki standa í sömu sporum eða hörfa aftur á bak. Hann, engu síður en þegnarnir, verður að eiga sinn þátt í uppbyggingu hins nýja lýðveldis, í baráttunni fyrir því, að það takmark, sem hæstv. ríkisstjórn setti sér í upphafi, *„að allir geti haft vinnu í landinu við viðunandi kjör“,* náist sem bezt og sem fyrst. Það ber því ekki að einblína á það eitt, hvort fjárl. eru afgr. tugþúsundum hærri eða lægri, eða hvort þau eru afgr. með rekstrarafgangi eða rekstrarhalla, heldur miklu fremur á hitt, hvort það fé, sem veitt er á fjárl., skapar þjóðinni betri lífskjör, styrkir atvinnuvegina og eflir menningu hennar. Skuldlaus ríkissjóður eða jafnvel nokkurra millj. kr. eign hans er engin trygging fyrir afkomu þjóðarinnar, ef atvinnuvegirnir eru í basli og þegnarnir í neyð. Hitt er staðreynd, sem of lítill gaumur er gefinn, að bezti varasjóður ríkisins er: *blómlegir atvinnuvegir og ríkir þegnar.* En þetta er hvorugt tryggt, nema í hendur haldist menning þjóðarinnar, þróttur og þor til umbrota og athafna.

Fjárlagafrv. það, sem hér er til umr., svo og brtt. þær, sem fjvn. ber fram, miða drjúgum að því, ef samþ. verða, að tryggja atvinnuvegina, auka menningu og bæta afkomu alls almennings í landinu. Í brtt. fjvn., sem í meginatriðum er enginn ágreiningur um, felst fyrst og fremst fyllsta traust til hæstv. ríkisstj., því á engan annan hátt verður skýrð sú bjartsýni, sem fram kemur hjá n. í lækkandi tekju- og gjaldaliðum fjárlagafrv., né þær ábendingar, sem gefnar eru til sparnaðar á einstökum liðum. Því að vitanlega mundi enginn nefndarmanna, sem í sannleika vantreysti hæstv. ríkisstjórn, leggja til, að henni verði veitt svo mikið fé til yfirráða sem hér er gert.

Ég vil þá fara hér nokkrum orðum um þær brtt., sem fjvn. ber fram við frv. — Það er þá fyrst við 2. gr. frv. Þar er lagt til, að tekjuáætlunin sé hækkuð á nokkrum liðum. Fyrst, að í staðinn fyrir, að gert er ráð fyrir í frv., að tekju- og eignarskattur verði 26 millj. kr., þá áætlar n. hann 29 millj. kr. Tekjurnar af þessum lið hafa líka á yfirstandandi ári verið áætlaðar á fjárl. 28,5 millj. kr. og tekjuskattsauki þar fyrir utan um 5 millj. kr., eða þessir skattar alls 33,5 millj. kr. Þetta er hámark tekju- og eignarskatts, sem verið hefur í landinu, og sýnir, að afkoma landsmanna hefur farið batnandi, en ekki versnandi. Í októberlok var á þessu ári innheimt með þessum sköttum 20,7 millj. kr., eða 5,5 millj. kr. meira en á sama tíma 1944. En fjvn. hefur ekki álitið, að gerlegt væri að fara miklu hærra með áætlun um þessar tekjur, sérstaklega vegna þess, að síldarvertíðin brást á þessu ári svo mjög, eins og mönnum er kunnugt, og getur það haft nokkur áhrif á tekjuskatt á næsta ári.

Fjvn. hefur ekki lagt til, að stríðsgróðaskatturinn yrði hækkaður í frv. En þó vildi ég upp-

lýsa hér, að á fjárl. yfirstandandi árs er hann áætlaður 9 millj. kr., þar af til ríkissjóðs 4,5 millj. kr. Nú er hann í fjárlagafrv. áætlaður 6 millj. kr., þar af 3 millj. kr. til ríkisins. Í októberlok s. l. hafði á þessu ári verið innheimt með þessum skatti 5,6 millj. kr. til ríkissjóðs. Það þykir óvarlegt að hækka áætlunina um þennan skatt frá þeirri áætlun, sem ég hef talað hér um, vegna afkomu síldarútvegsins á yfirstandandi ári.

Fjvn. gerir till. um, að áætlun um tekjur af vörumagnstolli verði hækkuð um eina millj. kr., úr 10 millj. kr. í 11 millj. kr. Vörumagnstollur á fjárl. yfirstandandi árs ár áætlaður 9 millj. kr., en hafði á þessu ári í októberlok verið innheimtur kr. 10,3 millj. Hann gefur sennilega á þessu yfirstandandi ári um 12 millj. kr. í tekjur. Ég hafði nú haldið, að e. t. v. hefði mátt hækka meira áætlun um þennan toll. En fjvn. hefur orðið sammála um að ákveða hann ekki hærri í frv. Það er þó vitað, að á næsta ári má gera ráð fyrir, að flutt verði inn töluvert mikið af skipastóli til landsins, og gert er ráð fyrir, að af honum verði teknir innflutningstollar, eins og ákveðið er með l., og hér hafa ekki sézt neinar till. á Alþ. um, að svo verði ekki gert. Og þá eru ekki mikil líkindi til þess, að annað vörumagn innflutt til landsins minnki á næsta ári, heldur miklu fremur að innflutningsmagn vara aukist vegna ýmissa framkvæmda í landinu.

Þá leggur n. til, að verðtollsáætlunin verði hækkuð úr 33 millj. kr. í 35 millj. kr. Verðtollurinn er í fjárl. yfirstandandi árs áætlaður 28 millj. kr., en hefur á þessu ári verið með honum innheimt til októberloka 35 millj. kr. Eftir upplýsingum hjá fjmrn. gefur væntanlega þessi tollur um 40 millj. kr. tekjur á þessu ári. Lækkun farmgjalda hefur að sjálfsögðu nokkur áhrif til lækkunar á þessum tolli á næsta ári, og þess vegna hefur fjvn. ekki þorað að fara hærra í áætlun sinni með þennan toll en í 35 millj. kr.

Það hefði e. t. v. verið möguleiki á að fá nokkurn tekjuauka enn á frv. með því að áætla fasteignaskattinn nokkru hærri en gert er. En til þess þyrfti lagabreyt., og fjvn. sá sér ekki fært að gera á þessari áætlun neinar breyt., fyrr en slík lagabreyt. væri fyrir hendi. Þetta er fastur tekjustofn. Fasteignamatið er miðað við gamla verðlagið og væri ekki óeðlilegt, að þessar tekjur væru innheimtar með verðlagsvísitöluálagi, en til þess mundi þurfa lagabreyt. Þetta er aðeins bending til athugunar hæstv. fjmrh., hvort hann teldi, að það væri eðlilegt eða nauðsynlegt að gera hér einhverjar breyt. á.

Um stimpilgjald hefur fjvn. lagt til, að það væri hækkað í áætlun í frv. úr 2,5 millj. kr. í 3 millj. kr. Í fjárl. yfirstandandi árs er það áætlað 1,7 millj. kr., en 3 millj. kr. höfðu verið innheimtar með þessu gjaldi til októberloka á þessu ári. Fjvn. taldi því ekki óvarlegt að hækka þennan lið um 500 þús. kr.

Þá hefur fjvn. lagt til, að hækkaður verði veitingaskattur úr 600 þús. kr. í 800 þús. kr. í frv. Í fjárl. yfirstandandi árs er hann áætlaður 400 þús. kr., en með honum hefur á þessu ári verið innheimt til októberloka 780 þús. kr. Það virðist því ekki óvarlegt að hækka áætlun um hann í 800 þús. kr. Þessi tekjuauknig af þessum skatti mun stafa af miklu betra eftirliti með l. um þetta en áður hefur verið, enda kom nokkuð inn á þessu yfirstandandi ári af þessum skatti áföllnum á fyrri árum.

Þá er næst 3. gr. A. 1. N. hefur rætt við póst- og símamálastjóra, hvort gerlegt væri að hækka tekjur póstsjóðs eða minnka gjöld. Hann hefur ekki talið gerlegt að minnka útgjöld og telur, að þau muni heldur hækka en lækka frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar taldi hann gerlegt að hækka tvo liði í tekjuáætluninni. Annað er burðargjald fyrir blöð og tímarit, sem eru nú um 120 tonn á ári. Þessi burðargjöld hafa lítið hækkað frá því fyrir stríð, og ef þau væru hækkuð um 100%, mundi það gefa um 120 þús. kr. Póst- og símamálastjóri heldur enn fremur, að hækka mætti bögglagjöld um 50% og mundi það þá gefa um 200 þús. kr. N. hefur ekki tekið þetta upp, en þykir rétt að láta það koma fram til athugunar fyrir hæstv. fjmrh. Hann hefur hins vegar talið algerlega ógerlegt að lækka útgjöldin og telur, að það stafi mikil hækkun útgjalda frá launal., og þá sérstaklega frá reglugerð, sem hefur verið samin, eftir að launal. voru gerð, og muni sú hækkun nema um 173 þús. kr. vegna styttingar á vinnutíma.

Um landssímann, þ. e. 3. gr. 2. I. tekjur, leggur n. til, að þessi liður verði hækkaður um 370 þús. kr. Við höfum einnig rætt um það við póst- og símamálastjóra, og hefur hann talið fremur óvarlegt að hækka þennan lið mikið. Ég vil þó benda á, að í yfirlitinu yfir tekjur og gjöld landssímans eru símskeytagjöld við útlönd og símtöl raunverulega mjög lágt áætluð, en þegar sambandið við útlönd opnast og viðskipti, sem nú er þegar smátt og smátt að opnast, þá er vitað, að þessi liður fer mikið fram úr áætlun. N. hefur því hækkað tekjuáætlunina um 370 þús. kr. Aftur á móti hefur n. einnig lagt til, að hækkaður yrði liðurinn „Til notendasíma í sveitum" úr 500 í 800 þús. kr., því að það er fyrst og fremst till. póst- og símamálastjóra annars vegar, og auk þess er n. ljóst, að þörfin fyrir síma um land allt er svo aðkallandi, ekki sízt í sveitum, og til mikilla hagsbóta fyrir dreifbýlið, að n. leggur til, að þessar till. póst- og símamálastjóra verði teknar upp. Í sambandi við þetta hefur póst- og símamálastjóri óskað eftir því, að skipuð yrði sérstaklega n. til að ákveða, hvernig fénu verði varið í hinum ýmsu héruðum, og leggur til, að þá yrði formaður fjvn., búnaðarmálastjóri og póst- og símamálastjóri. Fjvn. vill ekki taka undir þetta, sér ekki ástæðu til að breyta þessu, heldur að það sé á ábyrgð póst- og símamálastjóra, eins og hingað til, en þykir rétt að skýra frá þessu, ef einhver hv. þm. vildi taka þessa till. upp. N. hefur einnig fengið frá póst- og símamálastjóra lauslega áætlun yfir, hvað mundi kosta að leggja síma á hvert heimili í landinu. Um það var þáltill. á síðasta þingi. Það liggur fyrir lauslegur útreikningur um, að það muni kosta um 100600 þús. kr. Vil ég geta þessa hér undir þessum umr.

Þá telur póst- og símamálastjóri einnig, að ef lögð væri meiri áherzla á að auka talsímalínur í landinu, þá mætti með ekki mjög miklum

kostnaði ná upp mjög miklu meiri tekjum. Það liggur að sjálfsögðu til athugunar hjá hæstv. samgmrh., hvort hann vill fara inn á þær till. og taka þá lán sérstaklega til þeirra framkvæmda, sem síminn kæmi til með að standa undir í framtíðinni.

Þá hefði verið ástæða til að hækka tekjur af áfengisverzluninni. Í fjárl. eru þær rúmar 22 milljónir, og hafa nú verið innheimtar til 31. okt. 24 millj. kr. nettó og verður sennilega um 30 millj. alls í ár. N. vill þó ekki leggja til, að þessi liður verði hækkaður, sumpart vegna þess, að hún taldi, að ef aðrir liðir hefðu verið hækkaðir í frv., þá væri rétt, að fjmrh. hefði eitthvert svigrúm um tekjur, og auk þess vill hún ekki láta skoða það sem undirstrikun á, að þetta ætti að vera bezti tekjustofn ríkisins. Það er út af fyrir sig ekki gleðilegt að vita til þess, að ein meginstoðin undir ríkisútgjöldunum skuli vera þessi liður, en hins vegar, meðan ástandið er eins og það er, sér n. ekki ástæðu til að lækka það, því að það er vitað, að þessar tekjur mundu koma inn að óbreyttu ástandi.

Tekjur tóbakseinkasölunnar eru áætlaðar í fjárl. þessa árs 7,9 millj. brúttó, en hefur verið innheimt til 31. okt. 8,7 millj. og verður a. m. k. 10 millj. kr. í ár. Þetta leggur n. til, að verði hækkað upp í 10249 þús. kr. Hækkunin á tekjum einkasölunnar er af skrifstofustjóranum í fjmrn. talin stafa að nokkru leyti frá því, að setuliðið sé að mestu leyti horfið úr landinu, og þaðan muni fólk hafa keypt nokkuð af tóbaki og ríkissjóður þá ekki haft hagnað af því.

Þá er viðtækjaverzlunin. N. leggur til að hækka þar nettótekjurnar um 150 þús. kr., og er það með tilliti til þess, að frjálsari verði verzlunin á þessari vöru á komandi ári.

Næst er landssmiðjan. Fjvn. telur, að hún eigi að takast aftur inn í fjárlfrv., eins og hún hefur verið þar áður, en í sambandi við það vill n. benda á, hvort ekki sé ástæða til að gera einhverja breyt. á stjórn þessa fyrirtækis, því að sjáanlegt er, að reksturinn 1944 hefur raunverulega gefið sama sem engar tekjur. Hann er að vísu reiknaður 30 þús. kr., en þá er reiknað með fyrningu 192 þús. kr., eða engri hækkun. N. hefur leyft sér að færa tekjuáætlunina upp í 88 þús. kr. og telur, að þá sé fyrirtækið illa rekið á þessum tíma, þó að það skili þeim hagnaði. Í sambandi við þetta hefur n. spurzt fyrir um það hjá stofnuninni, hvort hún selji ódýrar vörur og vinnu til þeirra stofnana, sem tilheyra ríkinu, því að hugsanlegt væri, að þessi útkoma stafaði af því. Einnig hefur hún spurt um það, hvernig hlutfallið væri milli sölu til þessara fyrirtækja og til einstaklinga, og við fengum þau svör, að landssmiðjan hefði selt fyrir 1220 þús. til Ríkisskip 1944, en fyrir 620 þús. til einkafyrirtækja, og álagningin á seldar vörur og vinnu sé sú hæsta, sem leyfð er af verðlagseftirlitinu, m. ö. o., sama álagning og einkafyrirtæki, sem starfa við hliðina á henni, mega hæst leggja á sínar vörur og vinnu. Með tilvísun til þessa er því sérstaklega beint til hæstv. atvmrh., sem fer með þessi mál, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að laga þennan rekstur ríkisins. Það munu nú vera í stjórn þessa fyrirtækis þrír menn, sem allir á sama tíma eru stærstu viðskiptavinir þess, og er út af fyrir sig ekkert við það að athuga, nema að þetta þætti ekki eðlilegt um fyrirtæki einstaklinga, ef viðskiptavinirnir sjálfir ættu að stjórna fyrirtækjunum.

Þetta eru þá þær breyt., sem n. hefur gert á tekjuhliðinni, eða leggur til, að samþ. verði.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um 3. gr. A. 5. Útvarpið, eignabreytingar. Þar er einn liður, sem heitir „Til byggingar útvarpshúss í Reykjavík". N. hefur ekki orðið sammála um þennan lið, en er sammála um að fresta endanlegri afgreiðslu þessa máls til 3. umr., og gerði hún því engar breyt. við þennan lið við þessa umr.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um gjaldabálkinn. Er þar fyrst 10 gr. Á henni hafa verið gerðar nokkrar breyt. N. leggur til, að gerðar verði nokkrar breyt. á utanríkismálunum, sérstaklega í sendiráðinu í Kaupmannahöfn. Þessar breyt. eru flestar eða allar gerðar í fullkomnu samkomulagi við hæstv. utanrh. Hér hefur þó verið lagt til að setja inn á eftir 10. gr. nýjan lið, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar risna sendiherra og sendifulltrúa í lið 1—6 hefur verið skilin frá staðaruppbótinni, skiptist staðaruppbótin hlutfallslega jafnt á alla starfsmenn sendiráðanna miðað við grunnlaun þeirra."

Þetta kemur til af því, að n. varð þess vör, að staðaruppbótinni hefur ekki verið skipt hlutfallslega jafnt milli starfsmannanna við sama sendiráð, en þegar ég tala um starfsmenn, er ekki átt eingöngu við sendiherra, heldur líka aðra starfsmenn. N. álítur, að ákveða beri þeim laun og skipta svo hlutfallslega á milli þeirra staðaruppbótinni, eftir að búið er að draga risnuna frá. Annars er þetta til athugunar fyrir utanrn.

Þá er 11. gr. Þar gerir n. till. um niðurfærslu á skrifstofukostnaði sýslumanna og lögreglustjóra utan Reykjavíkur. Þessar till. eru nokkuð gerðar af handahófi vegna þess að n. vantaði upplýsingar frá ráðuneytinu um þennan kostnað, en n. var þó ljóst, að þessi liður hefur hækkað frá síðustu fjárl. um 300 þús. kr. Hún taldi sér skylt að benda á, að þetta ætti að lækka, a. m. k. þar til fyrir lægju ákveðnar upplýsingar um, að þetta væri raunverulegur kostnaður. Skrifstofustjórinn í dómsmrn. upplýsti, að liður 3 undir þessum lið, annar kostnaður, mundi vera áætlaður 20 þús. kr. of hátt, og hefur það verið tekið með í till. n. En síðan þessu skjali hefur verið útbýtt, hefur kostnaðaryfirlitið komið frá ráðuneytinu, og getur þurft að endurskoða þetta fyrir næstu umr., og skal n. þá taka þetta til athugunar.

Við 11. gr. A. 8. leggur n. til, að nokkuð verði fært niður. Er það gert í samráði við hæstv. dómsmrh. Það er lögreglukostnaður vegna ríkislögreglu. Hann telur, að mætti fækka um a. m. k. 10 menn, og leggur fjvn. til, að liðurinn verði færður niður um sem svarar 25% af upphæðinni, miðað við, að á þetta komi önnur

skipun, sem hæstv. ráðh. hefur skýrt n. frá, að hann sé að undirbúa.

Þá vil ég minnast aðeins á landhelgisgæzluna. Þar hefur ekki verið af ráðuneytinu óskað neinna breyt. frá því, sem er í frv. Hins vegar hefur legið fyrir skjal frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem vill fá allverulega hækkun, yfir 2 millj. kr., vegna hinna nýju strandvarðbáta. N. hefur ekki séð sér fært að taka það upp, sumpart vegna þess að henni er óljóst, eins og ef til vill mörgum öðrum, hvað verður um þau skip. Hefur þetta verið rætt við hæstv. dómsmrh., sem hefur ekkert við það að athuga á þessu stigi málsins.

Þá hefur einnig verið gerð till. um að lækka kostnað við hegningarhúsið í Reykjavík, þ. e. a. s. færa til tekna helming af kostnaðinum, sem á samkv. l. að greiðast af Reykjavíkurbæ, og mun það ekki hafa staðið í síðustu fjárl. Í öðru lagi er kostnaður við fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Reykjavík. Þar er einnig gert ráð fyrir, að á móti komi helmingur af útlögðum kostnaði frá Reykjavíkurbæ samkv. sömu l. Þá hefur þótt nauðsyn að taka upp 50 þús. kr. til þess að greiða Hafnarfjarðarbæ upp í byggingu fangahúss samkv. lögum.

Hvað viðvíkur B-kafla þessarar gr., þá hefur n. litið svo á, að öll þau eftirlit, sem þar ræðir um, rafmagnseftirlit ríkisins, bifreiðaeftirlitið, vélaeftirlitið og löggildingarstofan, ættu að geta borið sig og tekjur að koma á móti gjöldum. Gerir n. brtt. í samræmi við það, þannig að hér komi fullar tekjur á móti öllum kostnaði. Viðvíkjandi skipaeftirlitinu hefur verið rætt við hæstv. samgmrh. L. um skipaeftirlit var breytt á síðasta þingi, svo að aukatekjurnar eiga að ganga beint í ríkissjóð á móti gjöldunum. Þetta var ekki áður í frv., og er því lagt til að breyta því. Einnig gerir n. till. um, að rafmagnseftirlitið beri sig.

Um eftirlit með verksmiðjum og vélum var uppi sú rödd í n. að taka burt skrifstofumann og lækka launaupphæðina sem samsvaraði þeim launum. N. er vel kunnugt um, að þessi stofnun er rekin þannig, að forstjórinn hefur undanfarin ár verið víðs vegar annars staðar og tekið þar mikil laun sumpart frá ríkinu, — vinnur m. a. við síldarverksmiðjuna á Skagaströnd, — og sumpart hjá einstaklingum. N. lítur því svo á, að þessi stofnun þurfi ekki þennan starfskraft. Hins vegar benti hæstv. dómsmrh. á, að auka þyrfti verulega eftirlitið, og féllst n. á að láta þetta standa í því trausti, að ráðh. sæi um, að á þessu yrði betri skipan en verið hefur.

Þá sér n. ekki ástæðu til annars en að bifreiðaeftirlitið fái fullar tekjur á móti gjöldum og gerir brtt. þar að lútandi. Sama er að segja um löggildingarstofuna, sem ætti að geta staðið undir sér. Þá hefur n. einnig lagt til, að hjá skipulagi bæja- og sjávarþorpa komi tekjur á móti gjöldum. Hefur n. rætt það við skipulagsstjóra, sem hefur bent á, að til þess þurfi lagabreyt. Hann telur einnig, að vel sé gerlegt að hækka nokkuð gjöldin fyrir þessi verk, þar sem það er í eitt skipti fyrir öll, en hefur hins vegar sagt, að hann telji, að tekjur af þessu á komandi ári muni verða meiri en gert er ráð fyrir vegna mikilla nýbygginga í landinu. Sama er að segja um matvælaeftirlitið, þar er gert ráð fyrir, að tekjur komi á móti.

Þá er kostnaður við vörumerkjaskrásetningu, sem n. hefur lagt til, að felldur yrði niður. Ég viðurkenni, að það er hæpið, hvort hægt er að uppfylla þessa ósk n. Það á að hafa þetta samkv. l., en það veltur eingöngu á því, hvort ráðuneytið sér sér fært að vinna þetta á venjulegum skrifstofutíma eða þarf aðra krafta.

Þá hefur verið lagt til, að tekinn verði upp nýr liður við þennan kafla. Það er eftirlit með viðskiptum og verðlagi á sama hátt og í fjárl. síðasta árs. Það er í fyrsta lagi viðskiptaráð. Eftir þeim gögnum, sem n. hefur fengið, er sjáanlegt, að viðskiptaráð mun þurfa að draga mjög saman seglin á næsta ári, ef það á að geta staðið undir kostnaði. Hann varð á árinu 1944 rúmlega 1500000 kr. Þegar tekið er tillit til þess, að talsverður hluti af tekjum þess hverfur nú til nýbyggingarráðs samkv. l. og þess utan er ætlazt til þess, að svo og svo mikið af vörum verði gefið frjálst, þá er ekki þess að vænta, að viðskiptaráð geti staðið undir kostnaði, nema því aðeins að hann verði færður allverulega niður. Þar er fjöldi manna með ekki neitt smáar upphæðir, því að þar eru menn, sem hafa nærri því 40 þús. kr. fyrir sín störf og svo 9 þús. kr. fyrir að gera þau. Er þetta til athugunar fyrir hæstv. ráðh., hvort hann getur nokkuð lækkað kostnað við þessa stofnun, og það er aðkallandi, ef hún á ekki að verða byrði fyrir ríkissjóð.

Þá er gert ráð fyrir, að nýbyggingarráð standi undir sér, en gjaldaupphæðin færð nokkuð niður hjá báðum þessum n. í samræmi við launal., eins og þau eru nú. Fjvn. lítur svo á, að henni beri ekki að leggja til, að önnur og meiri laun séu greidd til stofnana, sem standa fyrir utan fjárl., en eru reknar sem nokkurs konar sjálfstæðar stofnanir, heldur beri sem mest að halda sér við sambærileg laun samkv. launal.

Þá hefur n. líka talið rétt, að búnaðarráð yrði sett hér undir þennan kafla, og er kostnaður við það talinn 165 þús. kr., eins og sést á brtt. Er það nokkuð hærra en kjötverðlagsn. kostaði á síðasta ári. Það mun hafa kostað frá 15. ágúst til 15. ágúst 100 þús. kr., og auk þess eru aðrir kostnaðarliðir eins og kartöflumat o. fl., og er lagt til samkv. till. frá búnaðarráði, að þessi upphæð sé tekin upp.

Þá eru þrjár n., sem ekki hafa verið teknar upp í frv., en hefðu átt að vera þar. N. hefur fengið upplýsingar um, að samningan. utanríkisviðskipta hafi tekið ½‰ af út- og innfluttum vörum. En þessar upphæðir hafa ekki verið teknar inn á frumvarpið.

Þá leggur n. til, að kostnaður við húsaleigu sé færður nokkuð niður. Það er gert ráð fyrir, að hann sé 120 þús. kr. í frv., en n. færir hann niður í 80 þús. kr., í fyrsta lagi vegna þess, að þetta ætti raunverulega að greiðast mest af sjálfum sveitar- og bæjarstjórnarsjóðunum, en hérna í aths. frá ráðuneytinu stendur, að þessi l. séu svo af handahófi, að full ástæða sé til að samræma þau. N. hefur athugað, að hér á einum stað hefur þessi kostnaður orðið rúml. 6 þús. kr., og hafa þó ekki verið haldnir þar nema

6 fundir og 9 mál afgreidd. Telur n., að ekki sé ástæða til að samþ. eitt þús. kr. fyrir einn fund. Þetta er nefnt sem dæmi. Hins vegar er þetta verkefni til athugunar fyrir hæstv. félmrh. í framkvæmd.

Þá leggur n. einnig til, að gerð sé nokkur niðurfærsla á kostnaði við l. um tollgæzlu í Reykjavík. Þar leggur hún til, að lækkaður sé annar skatturinn úr 140 þús. niður í 100 þús. kr. Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra er aukaaðstoð reiknuð 56 þús. kr., og kemur það fram í bréfinu, að þetta sé gert vegna aukavinnu. En fjvn. skilur þannig ákvæði launalaganna, að aukavinnu fyrir starf, sem greidd eru full laun fyrir, eigi ekki að greiða. Auk þess hefur tollstjóri sjálfur ekki áætlað þessa upphæð nema 124 þús. kr., svo að n. finnst, að færa megi þessa upphæð niður um 40 þús. krónur. Ég vil benda á, að hér er einnig önnur aukavinna við tollgæzluna og fatnaður tollvarða 53 þús. krónur. N. fær ekki skilið, að það sé rétt að greiða hverjum tollþjóni 2 þús. kr. í fatakostnað, en það er hér um bil sú upphæð, sem áætluð er hjá tollstjóra. Þetta hefur verið ákveðið á þeim tíma, þegar þessir menn voru illa launaðir og þurfti þar af leiðandi að veita þeim alls konar uppbætur. En það furðulega hefur skeð í flestum tilfellum, þar sem svona hefur staðið á, að fyrst hafa launin verið hækkuð, síðan öllum uppbótum verið haldið, sem fyrir voru, ekki aðeins eins og þær voru, heldur bætt ofan á þær uppbótum, sem fengizt hafa á aðallaunin. Þetta telur n., að þurfi að athuga vel bæði hér og annars staðar, og þetta hefur aldrei verið meining launalaganna.

Þá leggur n. til viðvíkjandi ríkisskattanefnd, að þar séu launin færð niður um rúml. 13 þús. krónur. Þetta er sumpart vegna þess, að skv. launalista þeim, sem borizt hefur, þá eru settir í fasteignanefnd tveir fastir skrifstofustjórar. Auk þess er varaformanni greidd þó nokkur upphæð til þess að taka sæti, þegar formaður verður að vera frá, án þess að formaður verði þó að greiða varaformanni. Skal þó tekið fram, að formaður hefur ekki hærri laun en hinir nefndarmennirnir. Þessi maður er hjá ríkinu, en n. hefur talið rétt, að þetta verði fært til samræmis, og leggur til, að þessi upphæð verði lækkuð um rúmar 13 þús. krónur. Skal ég láta þess getið, að í sambandi við þetta mál komu fram raddir um það í n., að það þætti ekki rétt að ganga svo nærri stofnunum, að þær hefðu ekki fulla starfskrafta, þannig að þetta var ekki afgr. ágreiningslaust. En meiri hl. lítur svo á, að hann hafi fært full rök fyrir máli sínu, að þetta megi færa til betri vegar, án þess að skerða skattaeftirlit eða tollaeftirlit í landinu.

Í 12. gr. gerir n. till. um, að landlæknisembættið sé hækkað í launum. Þetta er gert vegna þess, að fallið hefur niður að taka upp skrifstofumann landlæknis. Hefur það fallið niður hjá fjmrn. af vangá og leiðréttist hér með.

Þá er það viðvíkjandi launum héraðslækna. N. hefur að vísu ekki lagt til, að þau laun verði lækkuð, en hún vill þó benda á, að það kemur greinilega fram í áætlun frá landlækni, að m. a. hefur einn héraðslæknir nú yfir 50 þús. kr. tekjur. Gegnir hann embætti sínu með fullum launum, en auk þess hefur hann tvö héruð, ½ laun frá hvoru héraði, en þessi tvö héruð, þar sem hann gegndi aukavinnu, voru miklu hærra launuð en önnur héruð, með það fyrir augum að geta fengið þangað lækna. N. lítur svo á, að hafa beri á þessu aðra skipun en hér er gert, þó að hún hafi ekki viljað færa þau niður. Ég álít, að þetta sé til athugunar fyrir hæstv. félmrh.

Þá er það viðvíkjandi landsspítalanum. Þar eru gerðar nokkrar breyt., fyrst til samræmis, leiðrétting. Það hefur fallið niður af vangá að reikna laun Gunnlaugs Claessens. Honum eru ekki reiknuð laun sem prófessor við háskólann, svo að það ber að hækka báða liðina vegna þess. Hins vegar er annar kostnaður hækkaður um 90 þús. vegna kjötverðs í landinu, þar sem spítalastjórnin taldi, að hún hefði ekki fengið uppbætur á kjöt, sem hún yrði að kaupa, svo að hún yrði að reikna annan kostnað 90 þús. kr. hærra. Sama er að segja um spítalann á Kleppi. Þar verður þessi liður að hækka um 114 þús. kr. og á Vífilsstöðum um 100 þús. krónur. En þetta er náttúrlega úr einum vasanum í annan, og getur verið um það samkomulag milli ráðuneytanna, hvernig þau fara með þetta atriði.

Hér er svo einn liður í frv., sem ég hefði gjarnan viljað ræða við hæstv. félmrh. Það er um upptökuheimili í Elliðavogi. Að vísu hefur fjvn. ekki gert neinar sérstakar tillögur um þetta atriði, en hún vill benda á, að þetta hæli er ekki rekið samkv. lögum. En landlæknir hefur þó upplýst, að hann hefur verið beðinn að hafa bókhald fyrir það. (*Félmrh.:* Þetta heyrir ekki undir mig.) Ég veit ekki, hvort það er eftir ósk félmrh., en því meiri ástæða er til að taka þetta til athugunar, ef ekkert ráðuneytið vill kannast við þennan lið. Þetta er sérstakur liður, sem ekki er skv. lögum, og þó að hann sé ekki stór enn sem komið er, getur hann orðið 300 þús. kr. áður en varir, og því sjálfsagt að leita lagaheimildar um þetta.

Þá hefur n. þótt rétt að taka hér inn nýjan lið, heilsuhæli í Kaldaðarnesi. Liggja fyrir því l., að það skuli rekið á kostnað ríkisins. Þetta er um 25 þús. kr.

Þá er styrkur til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri. Er það raunverulega ekki annað en endurveiting. Spítalinn mun nú eiga inni hjá ríkissjóði um 300 þús. krónur og hefur þá um 600 þús. kr. til að byrja með, en talið er, að sú bygging muni kosta um 5 millj. króna. Skv. viðræðu við félmrh. taldi hann, að þetta mundi vera nægilegt á þessu ári, því að verkið mundi ekki ganga hraðar en það. Ég vil geta þess, að það liggur fyrir frá landlækni bréf um það, hvaða sjúkrahús eru í byggingu. Fjvn. taldi ekki ástæðu til að taka þessa skiptingu upp í frv., en það kann vel að vera, að hún athugi þetta nánar fyrir 3. umr. og geri kannske um það einhverja sundurliðun, en þó held ég eftir því, sem landlæknir hefur upplýst, að það sé erfitt að gera það, vegna þess að það verður að greiða fyrst til þeirra, sem fyrst byggja og eiga inni upphæð hjá ríkissjóði.

Þá er komið að þeim málum, sem mestur

styrr stendur vanalega um, 13. gr., sem er um vegi og brýr. Hækkunartill. fjvn. er rúmlega 2 millj. frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Þegar farið var að athuga þessi mál, þótti sýnt, að erfitt mundi að uppfylla óskir ríkisstj. um það að láta ákveðna aðalvegi gleypa svo að segja allt framlagið í frv. og hækka ekki neitt til annarra vega. Samgmrh. hélt mjög fast við það, að fé væri enn veitt til þess að geta lokið við Siglufjarðarskarð, Sogsskarð og Lágheiðarveg í Ólafsfirði. Þá vildi hann einnig, að veruleg upphæð yrði látin í Selvogsveg, en allir þessir vegir höfðu fengið mjög ríflega fjárhæð á síðasta þingi. Skipti á þeim 7 millj. kr., sem fjvn. leggur til, að sé úthlutað, eftir því sem kemur fram í till. hér, hafa nú farið fram og eru mjög nálægt till. vegamálastjóra. Hans till. hafa flestar verið teknar til greina. N. lítur svo á, að ekki sé hægt að skera niður vegi um hinar dreifðu byggðir, því að mikil hætta er á, að þá yrðu að engu vonir þeirra manna, sem þar standa í lífsbaráttunni, um að geta komizt úr þeirri einangrun, sem þeir nú eru í, ef skorin eru niður framlög til þeirra vega, sem voru komnir á fjárlög. Auk þess er þess ekki síður þörf, að þessir menn geti komið til sín nýtízku tækjum, traktorum, plógum og öðrum vélum. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að minna á, að jafnvel í hinni blómlegu byggð Borgarfirði er ekki hægt að flytja slíkar vélar yfir Hvítá. Ber brýna nauðsyn til að leggja stórfé til þess að byggja brú yfir þessa á, færa öllum vinnuvélum fyrir bændur, sem þar búa. En sé þetta viðurkennt, þá er ekki hægt að neita hinu, að þeir menn, sem fjær búa og erfiðara eiga um allar samgöngur, hafa enn brýnni þörf fyrir vegi og brýr. Eigi að skera þessi framlög niður, þá verða menn að gera það upp við sig, hvort á að flytja þetta fólk í burtu, hætta að brúa ár, leggja síma og hætta að veita þeim jarðræktarstyrki, því að allt fer þetta saman. Ef meiri hl. þingsins telur rétt, að hafizt sé handa um það að gera þetta, skera þetta allt niður, þá fellir það till. um aukið fé til veganna. En sé það á annarri skoðun, verða þessar till. samþ., því að þær eru byggðar á brýnni þörf og til þess að halda við vonum þessara manna um, að bætt verði úr þessum erfiðleikum.

Vegamálastjóri hefur óskað eftir því við fjvn. að fá viðhaldsfé hækkað um 1 millj. króna. Það er nú þegar á 8. millj. króna í ár, og óskar hann eftir að fá þessa viðbót sérstaklega til að geta byggt upp veginn við Flóann, þar sem hann telur, að nú þurfi að fara fram stór viðgerð vegna hinna þungu bíla, sem fara um veginn. N. vildi ekki verða við þessum tilmælum. Hún leit svo á, að þar sem vegamálastjóri hefur fengið töluvert fé til kaupa á vélum til vegagerðar, verði það að koma fram í viðhaldi veganna, og ætti þá að vera hægt að halda vegunum betur við fyrir sama fé, eftir að hann hefur fengið vélar í stað handverkfæra. Sáum við því ekki ástæðu til að hækka þetta framlag úr þeim 8 millj. kr., sem ákveðið er í frumv. Vegamálastjóri hefur sett inn í sína vegatillögu, að 20 þús. kr. skyldu lagðar til Geiradalsvegar, en n. leit svo á, að þessi upphæð gæti fallið niður og honum bæri að halda þessum vegi við.

Að því er brýrnar snertir, þá hefur lítil hækkun verið gerð á þeim lið frá því, sem er í frumv., framlög til þeirra aðeins hækkað um 120 þús. krónur. Um þetta atriði var mjög rætt í fjvn. Lágu fyrir alls staðar að beiðnir um nýjar brýr, og vildi n. allt gera til þess að verða við þeim tilmælum, ef mögulegt væri. Í fyrri gildandi fjárl. voru veittar 1.8 millj. kr. til brúa á landinu, en þar af fór 1 millj. til Ölfusárbrúarinnar. Nú hefur n. lagt til, að veittar verði kr. 1.620 þús. og þar af fari kr. 500 þús. til Ölfusárbrúarinnar.

Þá hefur ekki verið tekið upp hér framlag til nýrrar akbrautar um Þrengslin. Eins og þm. er kunnugt, hefur verið lagt fram álit mþn. um þetta atriði. Þetta kom svo seint, að n. hafði ekki tíma til að ræða það sérstaklega, því að á síðustu stundu kom beiðni frá viðkomandi þm., Árnesinga og Rangæinga. Ég vil aðeins benda á það, hvort hægt sé að taka upp nær 4 millj. kr. fjárveitingu til þessa vegar, eins og farið er fram á, meðan vegurinn er ekki kominn í þjóðvegatölu, en það mun þessi vegur ekki vera. Veginn yfir Hellisheiði ætti þá að leggja niður og enn fremur Selvogsveginn, en þeir eru báðir í þjóðvegatölu, en ég minnist þess ekki, að vegurinn um Þrengslin sé í þjóðvegatölu. 22 millj. kr. eru ætlaðar til þjóðvega. Hvort mun þá ekki nauðsyn fyrir þá, sem ætla að tryggja fjárframlög til hans á næstu árum, að fá því kippt í lag með því að hann verði tekinn í þjóðvegatölu? Ég vil aðeins skjóta þessu fram til athugunar. — Áður en ég skil við vegamálin, vil ég benda á það, að n. gerir till. um, að tillag til Selvogsvegar verði fært úr 750 þús. kr. niður í 600 þús. með tilliti til þess að geta veitt meira fé til hinna dreifðu byggða, enda er búið að veita mikið fé til hans áður. Svo er enn annað nýmæli í vegatill. Er það till. fjvn. um sérstaka vegi, og er það nýr liður b. Þar eru veittar 575 þús. kr. til endurgreiðslu á framlagi 1945. Stendur þannig á, að unnið hefur verið á þessu ári fyrir þetta fé fram yfir þau fjárframlög, sem ákveðin voru í síðustu fjárlögum. Mest eða allt af þessu fé hefur verið lánað úr héruðunum, svo að hægt væri að flýta vegagerðinni. Er þetta fé nú veitt til að greiða þau lán aftur, en við skiptingu vegafjárins er fullt tillit tekið til þess, að þau hefðu ekki fengið stærri skerf en þau hefðu fengið, þó að þetta hefði ekki verið unnið í sumar. Ég veit, að sumir eru óánægðir með þessa aðferð, en talið hitt réttlætismál, að veita 600 þús. kr. ofan á framlögin, heldur en að láta það koma niður á þeim á þessu ári. Þegar þetta er lagt saman við upphæðina undir a-lið, þá munu menn sjá, að þeir hafa fengið hlutfallslega hið sama fjárframlag og þeir, sem ekki fengu aukaframlag á þessu ári, annaðhvort að láni eða úr ríkissjóði. Það hefur verið fylgt í öllu till. vegamálastjóra um skiptingu brúa- og vegafjárins, nema hvað lagt er til, að framlag til brúar á Laxá í Lóni verði 20 þús. kr. hærra en til brúar á Holtakíl á Mýrum. Er það gert eftir samkomulagi við viðkomandi aðila. — Um till. til ræktunarvega er það að segja, að til þeirra hefur framlag ekki

verið hækkað, svo að þetta er bara sundurliðun, eins og það hefur áður verið í fjárlögum.

Næst er gistingastyrkur. Það er lagt til að færa hann úr 211 þús. niður í 111 þús. Í yfirstandandi fjárl. er hann 11 þús. kr. Vegamálastjóri hafði lagt til að hækka hann um 200 þús. kr. með tilliti til þess sérstaklega að koma upp byggingu gistihúss í Fornahvammi. Það er ekki svo aðkallandi, að það þyrfti að láta meira en 100 þús. kr., auk þess, sem þetta ætti að fara í 20. gr. fjárl., því að þar átti það heima. Þó varð samkomulag um 111 þús. kr. fjárveitingu.

Um strandferðir ríkissjóðs hefur n. ekki séð sér fært annað en áætla 500 þús. kr. hærri upphæð en í frv. er gert ráð fyrir. Þó er það engan veginn það, sem Skipaútgerð ríkisins fer fram á, þó að dregin væri frá 300 þús. kr. upphæð vegna rekstrar Þórs. — Í sambandi við þetta vil ég persónulega benda hæstv. samgmrh. og eins hæstv. fjmrh. á, hvort ekki sé tímabært að láta ekki einn mann fara með öll þessi fjármál eftirlitslaust. Ég hygg, að í einkarekstri mundi það ekki finnast, að einum manni væri falið að fara með, ekki einasta um 3 millj. kr. rekstur, heldur og 7 millj. kr. nýja eign, þar sem ætlað er að kaupa strandferðaskip án þess að geta rætt við menn, sem bera fullkomna ábyrgð með honum. Ég tel mjög tímabært, að hér verði sett upp sérstök stjórn, sem réði með forstjóranum, og mætti þá svo fara, að slíkt óhapp kæmi ekki fyrir aftur, eins og þegar hefur komið fyrir með kaupin á strandferðabátunum. Þetta ætti að vera til athugunar fyrir ráðuneytið.

N. hefur lagt til, að styrkur til Eimskipafél. Íslands h/f falli niður. Þetta er ekki gert af neinni andúð á Eimskipafélaginu. Það kom berlega fram í n., að hér er orðin margháttuð breyting frá því, að styrkur var tekinn upp til handa félaginu. Félagið siglir eftir áætlun, og ef þörf er á að styrkja strandferðir, þá þarf áreiðanlega meiri styrk en hér er settur fram, og þótti því rétt að taka hann út, þar til málum er öðruvísi háttað.

Til flóabáta hefur fjvn. tekið upp till. samvn. samgm. Vil ég þakka n. fyrir að hafa getað skilað svo fljótt till. sínum. Hef ég ekkert við þær að athuga. Frsm. þeirrar n. mun síðar gera grein fyrir þeim í þessum umr., en till. eru óbreyttar í till. fjvn.

Þá eru það vita- og hafnarmál. Þetta er ein af þeim till., sem mest hækka fjárlögin. Kemur það til af tvennu: fyrst og fremst af því, að það verður sérstaklega að gera ráðstafanir til að taka á móti þeim stóra skipaflota, sem væntanlega kemur á árunum 1946 og 1947. Það verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að flotinn geti hafnað sig við beztu veiðistöðvar landsins og notið beztu vertíðar á hverjum stað, sem unnt er. Við höfum mjög mikið rætt þessi mál við hæstv. samgmrh. og við vitamálastjóra, og till. þær, sem n. ber fram, eru gerðar að mjög miklu eða mestu leyti í samráði við hæstv. samgmrh. Hann hefur einnig séð þessa þörf og fallizt á, að það megi ekki slaka neitt til á þessu, svo að þessu marki verði náð. Í öðru lagi er það vitað, að þegar er búið að vinna svo mikið að hafnarframkvæmdum í landinu, að ríkissjóður skuldar meira til þessara framkvæmda en þá upphæð, sem fyrst var gert ráð fyrir í frv., svo að ef sú upphæð hefði ekki verið hækkuð, þá hefði hún ekki einu sinni dugað til að greiða þær skuldir, sem ríkissjóður var þannig kominn í og honum ber skylda til að greiða, ekki aðeins lagalega, heldur líka siðferðislega. Það er lagt til, að þessu fé verði skipt á milli þeirra hafna, sem getið er um í brtt. á þskj. 308, en það verða 4 millj. 141 þús. kr., í stað 2 millj., eins og það var upphaflega ákveðið í frv. En með því að þessi upphæð er ekki nægileg til að uppfylla allar þarfir, sem fyrir lágu, gerir n. ráð fyrir því, að það verði að veita ríkisstj. heimild til lántöku, allt að 2 millj. kr., til að bæta úr þessum sérstöku vandkvæðum vegna fiskiflotans, og enn fremur, að hæstv. samgmrh. fái 1 millj. kr. í hafnarbótasjóð. Er þá gert ráð fyrir, að rúmum 7 millj. kr. verði varið til þessara framkvæmda, en það eru þær kröfur og óskir, sem komu til n. um, að veitt verði á þessu ári. N. hefur aðeins skipt þessum 4 millj., en hins vegar lagt til, hvernig skuli skipta hinum 3 millj. kr., og sést það í nál. á bls. 4. Það er á Akranesi, allt að 700 þús. kr. Húsavík 400 þús. kr. Á Akranesi er þannig ástatt, að búið er að láta vinna fyrir allt það fé, sem fengizt hefur, og á það nú inni hjá ríkissjóði um 400 þús. kr. Þar verður því unnið fyrir 300 þús. kr. úr hafnarbótasjóði á næsta ári, auk þess sem veitt verður í fjárlögum. Hér er um að ræða nær 3 millj. kr., sem unnið verður fyrir á næsta ári, sérstaklega til þess að geta tekið á móti mótorbátaflotanum við Faxaflóa, sem kemur frá Sviþjóð. — Til Húsavíkur er lagt til, að aðeins verði veittar 200 þús. kr. í fjárl., en þar liggur fyrir að gera mannvirki, sem kosta mun 800 þús. kr., og verður að gera það á næsta ári. Hins vegar er lagt til, að Húsavík fái úr hafnarbótasjóði 400 þús. kr. — Í Hornafirði eru fyrirhugaðar stórframkvæmdir. Gert er ráð fyrir, að úr hafnarbótasjóði verði veittar 300 þús. kr. þangað. — Til Sandgerðis verða veittar 100 þús. kr. í fjárl., en þarna eru miklar framkvæmdir fyrir hendi, og þannig liggur sú höfn við, að hægt er að bæta eitthvað skilyrðin. Er þaðan stytzt á miðin frá verstöðvunum við Faxaflóa. Lagt er til, að úr hafnarbótasjóði verði veitt til viðbótar þessum 100 þús. kr. 300 þús. kr. til Sandgerðis. Það skal tekið fram í sambandi við þetta, að lögð hefur verið mjög mikil áherzla á það í fjvn., að gerð verði gangskör að því mjög bráðlega að kaupa upp eða fá samkomulag um þau mannvirki, sem þegar eru í Sandgerði, svo að það þurfi ekki að tefja fyrir þessum framkvæmdum, því að hreppurinn á ekkert í þessum byggingum, heldur einstaklingar. Ég held, að það ætti ekki að verða erfiðleikum bundið að fá um það samkomulag, því að þeir menn, sem þessar eignir eiga, mundu hafa stórkostlegan hag af, að gerðar verði þær hafnarbætur, sem ætlazt er til, að verði í næstu framtíð. — Þá er gert ráð fyrir, að landshöfn í Njarðvík, ef að l. verður það frv., sem fyrir liggur, fái um 700 þús. kr., en önnur aðkallandi hafnarmannvirki fá eftirstöðvarnar, sem eru

600 þús. kr., eftir því sem nauðsynlegt þykir.

Þá hef ég talið upp þær 3 millj., sem ég hef minnzt á. Ég veit, að þetta er stórkostleg blóðtaka fyrir ríkissjóðinn, en eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, þá verður að meta það, hvort fé, sem þannig er veitt, gefur aftur af sér tekjur í ríkissjóð eða hvort krónan sé þannig glötuð. Og ég er í engum vafa um það, að þessi fjárhæð ekki einasta gefi af sér fé inn í ríkissjóðinn, heldur er hún undirstaðan undir því, að ríkissjóður geti haft tekjur í framtíðinni til þess að hægt verði að koma upp nýjum framkvæmdum fyrir þessar upphæðir.

Það lá fyrir n. stórkostleg fjárbeiðni til Þorlákshafnar. Það er hugsað að gera þar mikil mannvirki í framtíðinni og það jafnvel í næstu framtíð. N. sá sér ekki fært að taka upp hærri upphæð í því skyni en 50 þús. kr., sumpart vegna þess, að í Þorlákshöfn er svo ástatt, að búið er að eyða í kringum 100 þús. kr. án þess að séð verði, að byrjað sé þar á nauðsynlegum mannvirkjum. Og til þess að vit sé í að byrja þar á nokkrum framkvæmdum, þarf að byrja á því að eyða þessu fé til áhaldakaupa. Það er ekkert fé veitt til Þorlákshafnar umfram það, sem ég hef áður getið um, þessar 50 þús. kr., en hins vegar mun hún náttúrlega fá sinn skerf, sem henni ber, ef eitthvað verður til í þeim sjóði, sem ég minntist á áðan, þegar hafizt verður handa um framkvæmdir. Öll þessi mál höfum við rætt við hæstv. samgmrh., áður en gengið var frá þeim. — Þá leggur n. einnig til, að tillagið til hafnarbótasjóðs sé hækkað úr 300 þús. í 800 þús. kr. og að ríkissjóður greiði hafnarbótasjóði ⅓ þeirra framlaga, sem þannig eru notuð á hverju ári. Hækkunin til hafnarbótasjóðs, sem er 500 þús. kr., er endurgreiðsla ríkissjóðs skv. l. Hafnarbótasjóður hefur þannig lánað á þessu ári 1 millj. 490 þús. kr. til hafnarmannvirkja á landinu, svo að ríkissjóður er skuldbundinn til að greiða honum 500 þús. kr. á þessu ári, enda reiknað með því, að sú upphæð komi inn, áður en hann getur lánað þá millj., sem ég gat um áðan.

Þá skal ég minnast lítils háttar á flugmálin. N. leggur til, að upphæðin til flugvallagerðar víðs vegar um landið hækki úr 450 þús. kr. í 600 þús. kr. En ég vil í sambandi við það beina því til hæstv. ráðh., sem með þessi mál hefur að gera, að bráðnauðsynlegt er að gera samninga um flugvelli og lendingarstöðvar, áður en hafizt er handa um framkvæmdir. Eftir upplýsingum, sem fyrir n. liggja, verður að greiða fyrir land á Egilsstöðum eftir mati. N. lítur svo á, að þetta ætti að vera svo mikið hagsmunamál hjá hverju héraði að fá þannig flugsamgöngur, að menn ættu ekki að nota sér það eitt til að hækka stórkostlega jarðir sínar, einungis vegna þess, að ríkissjóður ætlar að eyða fé í það að setja upp flugvelli. Það er nauðsynlegt, að annaðhvort verði komið á samningum um það eða lagaákvæði verði sett um það, að menn geti ekki á þennan hátt fengið stórar fjárhæðir fyrir aðgerðir ríkissjóðs. N. hefur lagt til, að laun flugmálastjóra og annars starfsliðs séu lækkuð nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Þetta embætti er ekki launað skv. launalögum, enda hefur ráðuneytið skrifað hér launin eftir reikningum embættisins. Og þó að ráðuneytið taki niðurstöðutölur þessa reiknings inn í fjárlfrv., samþ. það ekki laun starfsmannanna, og sýnir það, að þeim sjálfum hefur fundizt þetta athugavert. Þetta ætti að vera fært í sérstakan launaflokk, og er það til athugunar hjá viðkomandi ráðuneyti.

Þá er komið að 14. gr. Það er lagt til, að 500 þús. kr. verði varið til húsabóta á prestssetrum. Þessi liður er felldur niður, en hins vegar er hann færður á 20 gr. Þetta eru eignir, sem ríkissjóður á og hefur tekjur af, a. m. k. að einhverju leyti, og n. áleit, að þetta ætti þarna heima.

Ég sé ekki ástæðu til að fara hér út í neina smáliði til að þreyta hv. þm., en vil dvelja nokkuð við menntaskóla og skóla almennt. Ég hygg, að langmestur hlutinn af þeim kostnaði, sem hefur orðið af launalögunum, sem afgr. voru á síðasta þingi, sé kostnaður við fræðsluna í landinu. Í dag greiðir ríkissjóður sem sé kennurum rúma millj. í grunnlaun, prestum 500 þús. kr., en kennarar og andlega stéttin öll fá nær 2 millj. kr. í grunnlaun. En allur kostnaður við fræðslumálin verður um 7 millj. kr. úr ríkissjóði á næsta ári. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að stundakennsla í skólum virðist vera svo stór liður í kostnaðinum, að ég tel það fyllilega þeirrar athygli vert, að það væri tekið til sérstakrar athugunar. Við höfum fengið gögn í hendur frá ráðuneytinu, sem sýna t. d., að menn hafa skyldustundir frá 8 klst á viku hverri, sem er tæpur ½ tími á dag, og allt upp í 24 stundir, og sömu kennarar hafa kennt frá 13 og upp í 38 st. við sama skóla og bera úr býtum fyrir 5—18 klt. 22—23 kr. um tímann. Þetta stafar mest af því, að þessi skipun hefur komizt á þessi mál, þegar þessir menn voru illa launaðir og þurftu að bæta sér það upp. Nú hefur verið gerður á þessu nokkur útreikningur, og kemur þá í ljós m. a., að einn kennari hefur upp undir 50 þús. kr. tekjur, eða nánar sagt 48 þús. kr., að vísu 6 þús. og 800 kr. frá háskólanum. En svo hafði hann ekki einasta tíma til að stunda kennslu við sinn skóla, heldur einnig við aðalmenntastofnunina. Ég veit ekki, hvort þarf að gera lagabreytingu í þessu sambandi, en það þarf að gera einhverja breytingu á þessum málum. Það er ekki ætlazt til þess, að þessir menn svelti í framtíðinni, en það er ekki heldur ætlazt til þess með hinum nýju launalögum að skapa þeim svona stóran skerf úr ríkissjóði. Og er þetta til athugunar fyrir hæstv. menntmrh. — N. leggur til, að færð sé niður að verulegu leyti stundakennsla, ekki aðeins við menntaskólana, heldur að það gangi jafnt yfir alla skóla landsins, og vonast ég til þess, að þessu verði kippt í lag þegar á næsta ári. Hún hefur einnig lagt til að fella niður sérstaka liði fyrir skólastjórana, bæði í Reykjavík og á Akureyri, þá liði, sem á sínum tíma voru settir til þess að bæta mönnum það upp, sem var illa launað. Nú hafa þeir með launalögunum fengið 4 þús. kr. á ári í laun og yfirkennari við sömu stofnun dálítið minna, en eiga þá ekki að halda skólastjórnarlaunum sínum sérstaklega. Lögin

sýna ekki hlutfallslega eins mikla hækkun á þessu sviði og þau hafa hækkað á öðrum sviðum.

Um háskólann er það að segja, að þar gerir n. till. um, að liðurinn: „ýmis gjöld", sem er í frv. 85 þús. kr., verði færður niður í 75 þús. kr., vegna þess að hún hefur séð af gögnum, sem hún hefur fengið, að 25 þús. kr. hafa verið veittar í próf og tveir menn, sem annars sitja á launum, og annar þeirra sinnir alls ekki störfum, hafa fengið sínar 5 þús. kr. hvor fyrir að sitja þar í prófum. N. telur ástæðu til að lækka þennan kostnað og leggur til að færa hann niður um 10 þús. kr., og er þeim jafnað niður á þá liði skólans, sem við eiga.

Um Vélstjóraskólann hefur n. tekið upp till. um að hækka framlag til áhaldakaupa úr 10 þús. kr. í 50 þús. kr. Það ber brýna nauðsyn til þess, að við þá kennslu, sem þar fer fram, séu notuð nýtízku áhöld, ekki sízt þegar við erum að flytja inn nýtízku vélar, og væntum við, að Alþ. samþ. þessa till.

Viðvíkjandi bændaskólanum á Hólum eru þær lækkanir, sem gerðar eru, til samræmis við aðra skóla, en n. vill benda á, að einnig hér er greitt ofan á full laun skólastjóra kaup fyrir bústjórn til sama manns, og hvort ekki sé hér um sama að ræða og áður var gert, meðan laun hans voru lág, og verið á þann hátt að bæta honum þau upp, en eigi fallið niður, eftir að launin voru hækkuð. Við þessu hefði kannske ekki verið neitt að segja, ef rekstrarreikningur búsins sýndi ekki, að tap á því hefur verið um 20 þús. kr. Það væri meiri ástæða til að halda þessu, ef búið hefði sýnt afgang, en það er síður en að svo sé. — Sama er að segja um garðyrkjuskólann í Hveragerði. Þar hefur n. lagt til að lækka um 9 þús. kr. kostnaðinn við skólann, því að n. telur, að mikinn hluta af kostnaðinum ætti búið eða garðyrkjan að geta borið uppi, en hún stendur vitanlega í nánasta sambandi við hann, og þar sem kunnugt er, að blómarækt með viðskiptum við Reykjavík gefur þeim atvinnuvegi stórkostlegan gróða, getur n. ekki álitið annað en að tengja megi þetta saman, svo að ræktunin sjálf og blómaviðskiptin gætu borið uppi kostnaðinn við skólann. Hins vegar er till. n. um niðurfærslu ekki eingöngu byggð á þessu, að kostnaðurinn sé frekari við þennan skóla en aðra skóla.

N. hefur lagt til, að tekinn yrði upp nýr liður til kvennaskólans í Reykjavík, til íþróttahúss, 50 þús. kr. Einnig hefur n. tekið upp og lagt til, að hækkaður yrði styrkur á öðrum sviðum til kvenþjóðarinnar, og er þetta gert alveg sérstaklega, fyrir utan að þörf er á því, af n. sem viðurkenning fyrir það óhemju starf, sem kvenþjóðin hefur lagt til líknarmálanna í landinu. Hún hefur m. a., eins og kunnugt er, safnað öllu fé til landsspítalans, er að safna til barnaspítala, og n. telur rétt að viðurkenna þessi störf og álítur miður farið, að dregið sé úr því, að þessir starfskraftar séu framvegis fyrir hendi.

Til byggingar barnaskóla leggur n. til, að upphæðin hækki úr 1200 þús. kr. í 1700 þús. Það lágu fyrir listar frá fræðslumálastjóra, þar sem hann skýrir n. frá, að það sé svo mikil þörf á nýjum barnaskólum úti um landið, að þessi upphæð nægi ekki til þess að fullnægja þörfinni og taldi sig þurfa miklu meira fé til þess, en þó varð samkomulag um, að þessi upphæð yrði sett inn. Hvernig þessu verður skipt, get ég ekki sagt, en ef til vill tekur n. það til athugunar fyrir 3. umr. í samráði við fræðslumálastjóra. Þá er hér til héraðsskólanna, viðbótarstyrkur vegna launahækkunar 311,255 kr. Þessi upphæð hefur verið reiknuð út af fræðslumálastjóra og n. hefur lagt til, að það yrði tekið upp vegna þeirrar þál., sem kom fram hér í fyrra út af þessu máli. Stofnkostnaður héraðsskólanna er hækkaður úr 800 þús. í 1300 þús. kr. Þörfin fyrir þessa hækkun er svo mikil, að þessar 800 þús. munu ekki nægja til þess að skipta þeirri upphæð svo, að allir verði nokkurn veginn ánægðir, en einnig skiptingin á þessu verður athuguð nánar til 3. umr. — Svo er til gagnfræðaskóla gert ráð fyrir að taka upp 220 þús. kr. viðbótarstyrk. Er það einnig launahækkun vegna launal. á sama hátt og til héraðsskólanna. Það er ekki búið enn þá að reikna út, hve miklu hækkunin nemur vegna húsmæðraskóla í sveitum, og n. hefur ekki getað fengið þá upphæð, en mun athuga það mál fyrir 3. umr. og gera till. um, að það verði sett inn í fjárlfrv. — Þá þótti rétt að gera till. um að hækka framlag til gagnfræðaskóla Reykvíkinga úr 25 þús. í 100 þús. Skóli þessi er rekinn mest af Reykjavíkurbæ, og ef hann væri rekinn af ríkinu á sama hátt, þá mundi þessi upphæð vera miklu hærri, en að sjálfsögðu dregur að því, að hann verði tekinn undir sömu ákvæði og aðrir gagnfræðaskólar í landinu. Þá hefur verið hækkaður byggingarstyrkur til húsmæðraskóla í kaupstöðum úr 500 þús. í 700 þús. Skiptingin verður einnig gerð í samráði við fræðslumálastjóra. — Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum fyrir 500 þús. kemur 600 þús. — Þá er tekinn upp 20 þús. kr. byggingarstyrkur til Árnýjar Filipusdóttur vegna þeirra framkvæmda, sem hún hefur gert upp á eigin spýtur við húsmæðraskólann í Hveragerði. — Ég tel svo ekki ástæðu til að fara út í smærri atriði, en vildi aðeins minnast hér á, að í 14. gr. frv. er lagt til, að niður verði felldur liður til Matthíasar Jónassonar vegna rannsókna á þroska íslenzkra skólabarna. N. lítur svo á, að fyrir þessu séu ekki lög og telur, að það þurfi lagafyrirmæli um þetta atriði, en ef eigi að halda þessu áfram, gæti það heyrt undir barnavernd. En þetta hefur n. hugsað sér að taka upp nánar til athugunar fyrir 3. umr. og sjá, hvort hægt er að setja þetta undir eitthvert annað form.

Þá hefur verið lagt til, að lækkuð yrðu laun við Þjóðminjasafnið vegna sérstaks manns, sem þangað hefur verið tekinn, en horfinn er frá því nú, það er séra Jóns Auðuns, og hefur ekki þótt þörf á að bæta þangað aftur manni. Þá hefur Náttúrufræðifélagið verið lækkað í sömu upphæð og er í núgildandi fjárl., með því að það sýnir sig á reikningum frá félaginu, að það er ekki þörf á að hækka þennan styrk frá því, sem er, auk þess sem það kemur skýrt fram þar, að þeir menn, sem starfa að þessu, eru

einnig starfsmenn ríkisins á öðrum sviðum og mjög hátt launaðir þar. — N. hefur ekki séð sér fært að mæla með því, að liðurinn til ætt- og mannfræðifélagsins væri samþ., heldur leggur til, að hann verði felldur niður.

Svo er hér einn liður á 15. gr., sem urðu mjög miklar umr. um í n., og sé ég ástæðu til að minnast á hann sérstaklega, vegna þess að hann var samþ. með veikum meiri hl. í n. Það er liðurinn til Jóns Dúasonar til þýðingar á ritum hans um Grænland á enska tungu. Ég hef geymt mér allan rétt til þess að mega gagnrýna þennan lið. Ég tel, að á meðan n. og Alþ. verða að skera niður margt, sem hún vildi láta standa, m. a. liðinn til Matthíasar Jónassonar og ýmislegt annað bæði til líknarstarfsemi og á öðrum sviðum, þá sé það ekki verjandi, að Alþ. samþ. svona lið eins og hér um ræðir, en það verður auðvitað á valdi Alþ., hvort það vill ganga inn á þetta, en ég mun greiða atkv. á móti þessum lið. — Sömu orð gæti ég haft um næsta lið, sem er ritstyrkur til Arnórs Sigurjónssonar, en hann hefur vitanlega góð laun hjá ríkinu, a. m. k. á yfirstandandi ári. — Hins vegar hefur n. orðið sammála um að leggja til, að 30 þús. kr. styrkur verði veittur til Björns Guðfinnssonar. Er það utanfararstyrkur til þess að hann geti leitað sér heilsubótar og unnið að því mikla verki, sem hann hefur verið að vinna að og hefur ekkert fengið fyrir enn þá. En hann hefur hugsað sér að geta dvalið utan 2 ár, en laun hans ganga til þess manns, sem hann hefur fengið til að kenna fyrir sig, til þess að geta unnið að þessu verki samfara því að ná heilsunni.

Hér er ekki ástæða til að fara að skýra þá nýju liði, til tónlistarskólans á Akureyri og einn lið, sem heyrir undir hina dökku bletti hjá fjvn., sem eru 50 þús. kr. styrkur til Guðjóns Samúelssonar í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun. Ég tel litla sæmd að því fyrir Guðjón Samúelsson að biðja um þessa viðurkenningu og því minni sæmd fyrir Alþ. að veita hana á þennan hátt. Þetta er réttlætt með því, að Guðjón hafi tapað máli fyrir hæstarétti fyrir klaufaskap. Þess vegna á Alþ. að koma og leiðrétta gerðir hæstaréttar. Ég hefði hins vegar talið rétt, að einhverju af þessari fjárhæð hefði verið varið til þess að gera sérstaka orðu fyrir hann, og mætti þá setja eitthvað af þessu silfurbergi í þá orðu. En þetta er eitt af þeim atriðum, sem farið hafa gegnum n. með mjög veikum meiri hl., og er þá Alþingis að gera út um það við atkvgr.

N. hefur lagt til, að tekinn verði upp nýr liður til umbóta á Þingvöllum, 80 þús. kr., einnig til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu til þess að halda uppi sambandi þjóðarbrotsins í Vesturheimi og Íslendinga hér austan hafs.

Þá er nýbýlastyrkur hækkaður um 60 þús. kr., og styrkur til tilraunastarfsemi í jarðrækt hækkaður um 25 þús. kr. fyrir Hafursá á Austurlandi, sem ákveðið er, að verði rekin sem tilraunastöð, og 115 þús. kr. byggingarstyrkur til jarðræktarstöðvar á Reykhólum. En samkv. l. frá síðasta þingi var ákveðið, að hefjast skyldi handa um slíkan rekstur þar nú þegar, svo að það er samkv. l. ekki hægt að komast hjá því að veita eitthvert fé til þessarar starfrækslu. — Byggingarstyrkur í sveitum er ætlazt til, að hækki úr 250 þús. kr. í 500 þús. Er mikil þörf á að byggja þar upp ekki síður en í kaupstöðum. Svo er lagt til, að tekinn sé upp styrkur til sand- og sjávargarðs í Vík í Mýrdal, ⅔ kostnaðar, allt að 20 þús. kr. — Síðan er settur inn í frv. nýr liður til vélasjóðs til verkfærakaupa, 500 þús. kr., líkt og á síðustu fjárl.

Þá er skógræðsla. Þar er lagt til, að breytt verði til lækkunar, en er langmest til leiðréttingar. Liðurinn hefur verið tekinn upp og reiknaður út, af því að liðirnir hafa verið allir í frv. áður, vegna þess að það hefur ekki verið glöggt sundurliðað hjá skógræktarstjóra. Þá er felld niður hér ein upphæð 35 þús. kr. til kaupa á dráttarvélum fyrir skógræktina. Annað í þessum lið, sem niðurfært er, er ekkert annað en leiðrétting.

Þá hefur verið lagt til, að upp yrði tekinn nýr liður, til kolsýruverksmiðjunnar Sindra á Akureyri, 50 þús. kr. Þetta var einnig samþ. í n. með ágreiningi. Hins vegar vil ég segja það, að þó að ég greiði atkv. á móti þessari till., þá er það ekki vegna þess að ég telji ekki verjandi að gera það, því að þetta er mjög mikið fyrirtæki, en ég hefði hins vegar kosið, að fyrir hefðu legið betri gögn í málinu en lágu fyrir n. Þá hefði ég alveg sérstaklega óskað eftir, að þetta hefði verið gert í sambandi við háskólann og atvinnudeildina, því það má heita einkennilegt, þegar rekin er hér atvinnudeild háskólans með mörgum vísindamönnum á háum launum, þá skuli allt í einu koma upp einhvers staðar í landinu menn, sem eru færari um að fara inn á nýjar brautir en menn, sem lítið hafa annað að gera en að hugsa út þessi sérstöku mál. Það var minn fyrirvari í n., meira en að ég vildi ekki, að þetta yrði styrkt.

Út af 17. gr. viðvíkjandi tryggingarstofnuninni, þá er þar lagt til, að farið sé niður í 150 þús. kr. úr 232.500 kr., og er það til samræmis við launalögin. Launalistarnir sýna, að þar eru menn á miklu hærri launum en launal. gera ráð fyrir, og n. taldi rétt að færa þá niður í sama launakerfi og l. sjálf gera ráð fyrir. — Þá er lagt til, að samband íslenzkra berklasjúklinga fái 200 þús. kr. byggingarstyrk og auk þess 30525 kr. rekstrarstyrk vegna læknislauna, þ. e. laun yfirlæknisins. Þetta hef ég rætt við viðkomandi ráðh., sem báðir hafa fallizt á, að þetta væri nauðsynlegt, og er raunverulega spursmál, hvort þetta er annað en tilfærsla frá einum vasa í annan, því að allt bendir til þess, að sú starfsemi, sem hér er rekin, verði til þess að fækka sjúklingum á berklahælunum og til þess að minnka kostnað ríkisins á þeim stöðum.

Þá er lagt til, að barnaverndarráð lækki úr 33500 kr. í 20000 kr., og stafar það af því, að þær upplýsingar, sem fengizt hafa um það, eru ófullnægjandi, og er ekki séð, að það hafi gert annað en skipta þessum launum milli þeirra manna, sem sitja á háum launum annars staðar. Ef n. hefði fengið fullkomnar upplýsingar, getur verið, að hún hefði ekki lagt þetta til, en þetta

verður athugað nánar til 3. umr. Síðan er lagt til, að styrkur til Stórstúku Íslands sé hækkaður upp í 200 þús. kr. Það þykir ef til vill einkennilegt, að þetta sé gert, en í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að á meðan það er staðreynd, að ríkissjóður hefur milli 30—40 millj. kr. í tekjur af vínverzluninni í landinu og bakar með því stórkostlegt böl á íslenzkum heimilum, er ekki óeðlilegt að verja nokkurri upphæð til að stöðva það böl, og það varð ráðandi hjá n., að hún taldi rétt að verða við þeirri beiðni stórstúkunnar að hækka þessa upphæð nokkuð. En á sama tíma falla niður öll önnur gjöld til bindindisstarfsemi, þannig að stórstúkan verður að sjá fyrir því að greiða fé til áfengisráðunautarins og eins til bindindisstarfseminnar, svo og til bindindisstarfsemi í skólum, 15 þús. kr., sem fram er tekið í nál. — Kvenfélagasamband Íslands er gert ráð fyrir, að hækki um 25 þús. kr. og Hallveigarstaðir um 50 þús., og er það af þeim ástæðum, sem ég gat um áðan í sambandi við íþróttahús kvennaskólans.

Þá hefur n. lagt til, að liðurinn til framleiðslubóta og atvinnuaukningar falli niður. Það er dálítið skemmtilegt að kynna sér, til hvers þetta fé hefur verið notað. Á yfirstandandi ári, þegar farið er að hefja þetta, þá er þessu skipt niður þannig úti um landið, að ekki lítið af þessu fé er notað sem trillubátastyrkur, eins og það sé orðið aðaláhugamál þeirra manna að geta styrkt trillubátana í landinu. N. hefur ekki getað fallizt á þetta sjónarmið og hefur því lagt til, að liðurinn falli niður. — Viðvíkjandi alþjóðastarfsemi skv. 26. lið 17. gr., þá hefur n. lagt til, að sá liður falli niður. Hún telur ekki ástæðu til að hafa þetta í 2 liðum í frv. N. hefur hins vegar rætt um að taka upp sérstaka heimild til ríkisstj. til þess að greiða af tekjum og ágóða af setuliðseignum allt að þeirri upphæð, sem óskað er eftir. Samkv. bréfi frá ráðuneytinu 30. okt. er lagt til, að greiddar verði 4,550,000 kr. af því framlagi. Eru þá eftir 900 þús. kr. Auk þess hefur komið fram ósk um það, að 1% af þjóðartekjunum yrði greitt á þessu ári í þessu skyni, og stj. hafði samþ. þetta, en upphæðin yrði þá ákveðin síðar af Alþ. Í tilefni af þessu hefur fjvn. í samráði við fjmrh. útbúið heimild til þess, að það verði leyft að greiða þessa upphæð af þeim ágóða, sem verður af sölu setuliðseigna, en óskar eftir, áður en gengið væri frá þessu, að fá eitthvert yfirlit yfir, hvernig þetta mál stendur nú, til þess að geta séð, hvort nægilegt fé er fyrir hendi eða hvort þarf að taka sérstaka upphæð í fjárl. til þess.

Við 18. gr. eru þær breyt., sem heyra undir lið I., í heilu lagi. Þó er það sundurliðað, til þess að menn geti áttað sig á til samanburðar, hvað þessir menn hafa í eftirlaun. Í lið II. eru gerðar nokkrar breyt. frá frv., sérstaklega eru þó tvær breyt., sem ég vildi minnast á. Annað er Guðmundur Sveinbjörnsson. Í frv. er ætlazt til, að hann hafi 10180 kr., en n. leggur til, að það verði fært niður í 5026 kr. Stafar það af því, að hún hefur fengið upplýsingar um, að hann hafi aðrar tekjur, eins og sést undir lið I., þar hefur hann 1820 kr. í grunnlaun. Með þessu er hann því kominn upp í full embættislaun, þegar reiknað er með lífeyrissjóðnum. Þetta allt hefur verið gert í samráði við fulltrúa ríkisstj., sem hefur gefið þessar upplýsingar. — Annað er viðvíkjandi Sigurði Nordal; hann stendur í 18. gr. með ákveðna upphæð samkv. samningi. En þessi samningur er gerður á þeim tíma, þegar hann var fenginn frá Osló. Hann hafði þá 2 þús., en er nú kominn upp í 3245 kr. Nú hefur Sigurður Nordal verið leystur frá embætti með fullum launum, og þar af leiðandi þarf ekki lengur að uppfylla þann samning, að hann skuli fá aukagreiðslu fyrir að kenna við háskólann, auk þess munu laun hans hafa verið hækkuð, eins og hjá hverjum öðrum prófessor við háskólann, og er hann þá kominn miklu hærra en eðlilegt er með sín laun. N. leggur því til, að þessi liður falli niður. Þá hefur n. tekið upp lið til Ágústs H. Bjarnasonar, 2500 kr. Auk þess hefur hann verið tekinn inn á lið I., og verður það rætt til 3. umr. Þessum lið hefur hann haldið með 75% af launum sínum, eins og hann hefði látið af störfum, en n. hefur ekki getað fallizt á, að honum yrði veitt lausn með fullum launum. Hún telur það ekki rétta stefnu að taka hvern mann inn á fulla launagreiðslu, þó að hann hverfi frá störfum. Það getur komið til mála, ef menn eru heilsulausir, en getur ekki verið aðalregla, ef menn hverfa frá störfum fyrir aldurs sakir, að þeir hafi full eftirlaun og lífeyrissjóð, þegar þeir eru líka efnaðir menn. Í sambandi við þetta vildi ég minnast á, að n. hafði hugsað sér að endurskoða sín atkvæði viðvíkjandi Árna Pálssyni og vita, hvort fyrir því séu l. eða hvað hafi gerzt í því máli milli stj. og Árna, því að fjvn. hefur hugsað sér að færa hann til samræmis við aðra embættismenn, séu ekki um það neinir sérstakir samningar.

Hér hefur verið tekin upp till. um, að Guðrúnu Indriðadóttur leikkonu verði greiddar 1300 kr. og er ekki þörf að ræða það atriði. Hv. alþm. þekkja, hvernig hún í miklum fjárhagslegum erfiðleikum barðist meira fyrir listinni en að hafa að borða á þeim tíma, og n. telur sjálfsagt, að Alþ. láti þennan styrk til hennar engu síður en til Friðfinns Guðjónssonar leikara.

Þá hefur n. einnig gert till. um það, að framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana hækki úr 1 millj. í 1200000 kr. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að ég hef átt tal við hæstv. dómsmrh. um það, að nauðsynlegt væri að bæta við þetta 1 millj. kr. vegna byggingar á Kleppi og byggingar við fæðingardeildina og fávitahæli. Þetta mun verða til athugunar fyrir 3. umr., en þessar 200 þús. kr., sem hér er lagt til að bæta við, er ætlazt til, að fari til þess að byggja við Kristneshælið. Þá hefur n. lagt til, að upphæðin til menntaskólabyggingar í Reykjavík lækki um helming, í 500 þús. kr., en annað eins fari til menntaskólans á Akureyri.

N. leggur til, að till. um kaup á skóglendi falli niður, vegna þess að hún sér ekki, að ástæða sé til þess fyrir ríkið að bæta við sig nýjum skóglendum, meðan það hefur ekki ráð á að láta girða það skóglendi, sem það þegar á.

Þá leggur n. til, að XIV. liður 20 gr., um kaup á jörðinni Hesti í Borgarfirði, orðist svo:

Til bygginga á prestsetrum. Ég þarf ekki að fara í 22. gr. Í henni er ekkert nýtt nema um kaup á húsum og lóðarréttindum Jóns Björnssonar og Jóhanns Tryggvasonar á Þórshöfn. Meiri hl. álítur nauðsynlegt að kaupa þessar eignir vegna væntanlegrar landshafnar á Þórshöfn. Minni hl. lítur svo á, að þetta sé ekki nauðsynlegt. Sjálfur er ég á móti þessum lið.

Þá vildi ég minnast á mæðiveikina með nokkrum orðum. N. hefur ekki lagt til, að upphæðinni til mæðiveikinefndar verði breytt, þrátt fyrir sterkar kröfur frá forstjóranum um hækkun. Þetta atriði liggur á valdi hæstv. landbrh. Til vörzlu eru áætlaðar 600 þús. kr., en ekkert liggur fyrir um, hvernig þessu fé er varið eða hverjir taka það. Þetta mæðiveikismál er mikill baggi á ríkissjóði, en virðist lítið gagn af ráðstöfunum í þessu efni í aðra hönd. Væri gott, ef hæstv. landbrh. léti fara fram rannsókn á því, hvað hægt er að gera í þessu máli. N. sá sér ekki fært að gera nokkrar breyt., þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar skortir.

Það urðu stjórnarsinnum mikil vonbrigði, þegar stjórnarandstæðingar í fjvn. kröfðust sérstöðu um undirskrift nál. Hafði þó orðið fullt samkomulag í n. um flestar till. og meiri hl. fylgjandi þeim öllum. Það er um að ræða margar og stórar hugsunarvillur hjá þeim, og er útilokað, að nokkur rök fyrir málinu geti komizt að eða staðizt stundinni lengur. Þeirra starf gengur út á að ráðast á hæstv. ríkisstj. Annars þykist ég vita, að stjórnarandstæðingar í fjvn. séu með þessu að hlýðnast fyrirskipunum frá formönnum þeirra í flokknum. Ég held, að þetta sé komið frá mönnum, sem ekki hafa eins góðan huga á góðu samstarfi og þeir, sem í nefndinni hafa starfað.

Forseti (JPálm): Útbýtt er á fundinum brtt. á þskj. 316. Þarf að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að taka þær til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Að vísu er hér yfir fáum að tala, því að hv. þm. eru ekki komnir úr kaffi, en um það tjóar ekki að sakast, því að forseti verður að halda umr. áfram. En þó að hv. fjvn. hafi skilað sameiginlegu nál. og form. hennar, hv. þm. Barð., hafi talað fyrir hönd n. í heild, sé ég ástæðu til að gera grein fyrir afstöðu sósíalista í n. og ekki sízt, eins og hv. form. n. hefur tekið fram, að ýmsar till., sem samþ. voru með meiri hl., hafa þó valdið meiri eða minni ágreiningi innan n. Nm. hafa líka algerlega óbundnar hendur um brtt., enda þó að samkomulag hafi orðið um þær að mestu leyti.

Höfuðsjónarmið okkar sósíalista var það, að fjárlög þessi bæru að verulegu leyti svip nýsköpunarstefnu stj. á sviði atvinnumála og menningarmála, sem nú er í undirbúningi og framkvæmd hjá hæstv. ríkisstjórn. Þess vegna var lögð rík áherzla á þessa stefnu stj. og um þetta náðist að verulegu leyti samkomulag.

Lagt er til, að framlög hækki til verklegra framkvæmda og einnig athafna á sviði menningarmála. Eins og hv. Alþ. er kunnugt, er svo ráð fyrir gert, að nýsköpunin verði stórfelldust á sviði útvegsmálanna og því með þeim afleiðingum, að sérstök áherzla er lögð á að veita meira fé á þessu sviði en var í fjárlfrv. því, sem fjvn. hafði til athugunar.

Eins og hv. form. n. tók fram, þá mun fiskiskipastóllinn verða endurnýjaður að verulegu leyti á næsta ári. Búizt er við, að um eða yfir 100 mótorskip bætist í flotann á næsta ári, og auk þess koma þegar á næsta ári nokkrir togarar frá Bretlandi. En alveg með sérstöku tilliti til aukningar vélbátaflotans voru gerðar ráðstafanir til að bæta hafnar- og lendingarskilyrði, til þess að flotinn geti lagt til veiða frá beztu verstöðvunum. Því varð að samkomulagi í n. og eftir till. sósíalista var mjög hækkað framlag til hafnarmála, eða úr 2,3 millj. og upp í 4 millj. og 100 þús. kr., og auk þess var lánsheimildin hækkuð um 2 millj. til viðbótar, svo að hafnarsjóður ræður nú yfir 7 millj. króna á næsta ári. Þetta er mesta hækkun á einum lið fjárl. og gerð með tilliti til, að framkvæmdir þessar séu í samræmi við þau nýsköpunaráform, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér nú fyrir og munu koma að allmiklu leyti til framkvæmda á næsta ári.

Sömuleiðis er framlag hækkað mjög til verklegra framkvæmda, t. d. til akvega nemur hækkunin um 2 millj. frá því, sem var í fjárl., og er það vegna þess, að ætlazt er til, að lokið verði við ýmsa vegi, er tengja landshluta saman, eða a. m. k. þá á næstu 2—3 árum. Rétt þótti því að leggja áherzlu á þessa aðalvegi, en ekki þótti fært að skera niður framlög til smærri vega, og því nemur hækkunin til akvega svona miklu. Það skiptir ákaflega miklu máli að koma samgöngukerfi landsins í betra horf en áður hefur verið. Bæði er það menningarmál og hefur auk þess hagnýta þýðingu fyrir þjóðina í heild og stendur þá í samræmi við nýsköpunarstefnu stjórnarinnar.

Þá var einnig eftir till. n. hækkað framlag til menningarmála. Til sjúkrahúsa í landinu er t. d. nýr liður til viðbótar. Til byggingar sjúkrahúss á Akureyri 300 þús. kr., til Kristneshælis 200 þús., til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga 200 þús. Þannig nemur þessi hækkun alls um 700 þús. frá því, sem áður var í fjárl.

Þá voru einnig hækkuð framlög til verklegra framkvæmda auk þess, sem áður er getið. Til flugvallagerðar 150 þús. Sú grein samgöngumálanna er nú á bernskuskeiði, eins og hv. þm. vita, og er þó engum vafa bundið, að samgöngur í lofti eiga sér mikla framtíð, og þurft hefði að hækka framlagið enn meira, en n. sá sér það ekki fært, en þetta er þó alltaf í áttina.

Í samræmi við nýsköpunarstefnu stj. náðist samkomulag um að hækka framlag til fræðslumála, sérstaklega til byggingar barnaskóla utan kaupstaða, um 500 þús. kr. Þannig er það, að framlög þessi eru helmingi hærri en í fyrra og eru þó ekki fullnægjandi, en þó myndarlegt spor, sem stefnir í rétta átt. — Hækkun til stofnkostnaðar héraðsskóla er úr 800 þús. kr.

upp í 1 millj. og 300 þús. Til byggingar húsmæðraskóla er hækkað um 200 þús., og til byggingar húsmæðraskóla í sveitum 100 þús. kr. hækkun. Sömuleiðis nýr liður til byggingar leikfimihúss fyrir kvennaskólann í Reykjavík 50 þús. kr. Auk þess hefur svo verið tekinn upp nýr liður, 500 þús. kr., til að byggja við Menntaskólann á Akureyri til að byrja með og ætlað sérstaklega til að byggja yfir heimavist og söfn skólans, til þess að bæði fólk og söfn þar hafi meira öryggi en nú er, þar sem það verður nú að hafast við í gömlu timburhúsi, þar sem mjög mikil eldhætta er.

Þessar hækkanir til byggingar skólahúsa af ýmsum gerðum munu nema kringum 1½ millj. kr. frá því, sem ætlað var í fjárlagafrv. Ég held, að flestir þeir liðir séu eitthvað hærri i brtt. en í frv. og sumir liðirnir miklu hærri. Og þetta ber einnig vott um það, að n. hefur fallizt á þá miklu nauðsyn, sem fyrir hendi er til þess að hraða framkvæmdum byggingar skólahúsa. Og felst í því mikil viðurkenning á nauðsyn þess að koma sem fyrst til framkvæmda þeim þýðingarmiklu breyt. á fræðslukerfi landsins, sem nú er verið að gera hér á Alþ. með þeim ýmsu frv., sem liggja fyrir um þau mál. Í sambandi við þessi skólamál hefur fjvn. hins vegar ekki séð sér annað fært en lækka einn lið mjög verulega, sem er til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík. Í frv. er ætlað til þess ein millj. kr., en meiri hl. n. hefur samþ., að þetta skyldi lækka í 500 þús. kr. Það er ein af þeim till., sem Sósfl. hefur verið á móti í n. og hefur þess vegna óbundnar hendur um, og kemur þá til kasta Alþ. um það, hvort það vill halda við till. hæstv. fjmrh. um það framlag, sem hann setti í fjárlagafrv., eða fallast á þessa lækkunartill. meiri hl. fjvn.

Auk þess, sem ég þegar hef sagt um hækkun fjárframlaga til fræðslumálanna, þá liggja fyrir n. erindi, sem enn eru óafgr. og hún hefur frestað til 3. umr. að taka afstöðu til, varðandi atvinnudeild háskólans, en ég held, að hljóti að verða samkomulag um að meira eða minna leyti. Ég man eftir tveimur erindum varðandi þetta, sem fyrir liggja, annars vegar um stofnun fiskiðndeildar, þar sem farið er fram á 200 þús. kr. byrjunarframlag. Ég geri ráð fyrir, að ekki sé mikill ágreiningur um nauðsyn þessa máls, því að það hefur svo mikla praktiska þýðingu fyrir sjávarútveginn, aðalatvinnuveg okkar, sem nauðsyn er, að verði rekinn á sem traustustum grundvelli, og mundu vísindalegar rannsóknir í hans þágu innan skamms borga sig með auknum verðmætum þessarar framleiðslu. — Hins vegar liggur fyrir n. erindi um hinn aðalatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn, um að stofnuð verði tilraunastöð til jurtakynbóta og jarðvegsrannsókna. Ég skal ekki að svo komnu máli spá neinu um, hve mikil fjárframlög verða veitt í þessu skyni, því að n. á eftir að taka afstöðu til þess. En mér þykir sennilegt, að þar muni enn koma aukin framlög til fræðslumálanna í landinu, til viðbótar við það, sem n. hefur þegar fallizt á, og ég geri ráð fyrir, að Alþ. muni einnig fallast á.

Ég held, að ég þurfi ekki að tína fleira til til þess að sýna fram á það, að varðandi þessi mál, sem við sósialistar og fleiri höfum talið einna mestu varða, þá hafi náðst samkomulag um mjög veruleg spor fram á leið frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, og því, sem nú einnig var lagt til í fjárlagafrv., sem fyrir liggur. Og ég tel, að þær till. n. varðandi þessi mál, sem nú liggja fyrir, séu vottur mikils framfarahugar í þessum efnum og muni setja ákveðið þann svip á fjárl., að þau séu þó í verulegum efnum í samræmi við þá nýsköpunarstarfsemi, sem fram fer nú í landinu undir forustu hæstv. núv. ríkisstjórnar. Um þessar till. er yfirleitt samkomulag í n. Hins vegar hafa verið ýmsar till., sem ágreiningur hefur verið um, en yfirleitt hafa þær verið um efni, sem ekki hafa eins mikla þýðingu og þessi atriði. Ég vil þar leyfa mér að nefna t. d. brtt. nr. 85 í brtt. n. varðandi laun til dr. Matthíasar Jónassonar til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna. Meiri hl. fjvn. felldi þennan lið niður, gegn atkvæðum okkar sósialistanna. Og þar sem þarna er ekki um mjög stóra fjárhæð að ræða, 35 þús. kr., þá hygg ég, að það hafi verið byggt á því, að hv. meðnefndarmenn mínir hafi ekki verið búnir að gera sér grein fyrir því, hve mikla þýðingu þetta hefði, þeir hafi jafnvel litið á þetta sem hálfgerðan hégóma eða óþarfan hlut, og að þeir gætu við nánari yfirvegun fallizt á að taka þennan lið upp í einu eða öðru formi. Og ég held, að hv. frsm. hafi haft orð um það, að þetta mundi verða athugað nánar fyrir 3. umr. fjárl. Ég skal aðeins geta þess, að dr. Matthías Jónasson hefur einnig verið ráðinn til þess starfa, að ég held með fullu samþykki ríkisstj. Og það gæti ekki náð neinni átt að gera ráðh., sem þetta heyrir undir, ómerkan að þeim gerðum, heldur hljóta menn við nánari yfirvegun að fallast á, að fjárveiting til þessa verði tekin upp í einu eða öðru formi.

Þá eru það einnig smáliðir, sem felldir hafa verið niður gegn atkv. okkar sósialista, til menningarsjóðs blaðamannafélags 10 þús. kr. Þetta er ekki stór upphæð, en ég tel rétt að veita blaðamannafélagi þessu styrk. Enn fremur hefur verið fellt niður tillag, 5 þús. kr., til stúdenta í Kaupmannahöfn. Mér finnst óviðfelldið að kippa þessum styrk af þeim. Þá höfum við sósialistar einnig viljað, að þau litlu fjárframlög, sem í fjárl. eru til Alþýðusambands Íslands, hefðu verið hækkuð nokkuð frá því, sem er. Um það náðist ekki samkomulag. En ef þessi fjárframlög til Alþýðusambands Íslands eru borin saman við framlög ríkisins til t. d. Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélagsins, sem þau, auk þess fjár, sem þau fá til framkvæmda á höfuðverksviði þessara sambanda, fá til þess að halda fundi sína, þá sýnist ekki fjarri lagi að hækka ofurlítið styrk þann, sem Alþýðusambandið fær nú frá ríkinu.

Þá vil ég aðeins minnast hér á þær lækkunartill. í brtt. fjvn., sem gerðar hafa verið við fjárl. til skógræktar. Sá liður hefur verið lækkaður mjög verulega, eftir því sem ég held um 100 þús. kr. í 16. gr. Hv. frsm. n. hafði þau orð, að þessi lækkun væri að mestu leyti leiðréttingar, að frá talinni 35 þús. kr. lækkun. Ég skal ekki

fullyrða um, hvort þetta er rétt hjá honum. En það kom mér þannig fyrir sjónir, þegar þetta var afgr. í fjvn., að þetta væri ekki leiðrétting, heldur beinar lækkanir. Og ég greiddi atkv. á móti þessum lækkunartill., af því að ég álít, að það hafi allmikla þjóðhagslega þýðingu, að haldið sé áfram því starfi, sem framkvæmt hefur verið undanfarið, að friða þessar skógarleifar, sem við eigum, og gera tilraun til þess að stækka dálítið skógana og græða landið, þar sem það er að blása upp. Og ég held, að ég megi segja, að sá maður, sem veitir þessu starfi forstöðu, skógræktarstjóri, leggi á þetta mikla áherzlu og leggi í þetta mikið starf. Ég hygg því, að það sé óverðskuldað að draga svo mjög úr fjárframlögum til þessarar starfsemi, sem gerðar eru till. um af meiri hl. fjvn.

Um fjárframlög til mæðivarnanna mun ég ekki halda langa ræðu. Við héldum því fram sósialistarnir í n., að það væri a. m. k. vafasamt, að ríkið ætti að halda áfram að leggja fram jafngeysilegar fjárhæðir til svokallaðra mæðiveikivarna, sem mikið er um deilt, hvort nái þeim árangri, sem til er ætlazt, og hvort það mikla fé, sem til þess væri varið, gæfi tilsvarandi árangur. Meiri hl. n. var með því að láta þetta fjárframlag standa óbreytt, og erum við sósialistar óbundnir um okkar atkv. hvað það varðar.

Þau efni, sem ég nú hef talað um, hafa flest verið til þess að auka mjög útgjöld úr ríkissjóði. Og þá má segja, að það sé nauðsynlegt í staðinn að benda á einhverjar leiðir til þess að fá fé til þessara framkvæmda í fjárl. Og ég vil þá að lokum minnast ofurlítið á afstöðu okkar sósialistaa til tekjuhliðar frv. Við héldum því fram í n., á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir lágu um tekjuöflun ríkisins á síðastliðnu ári og það sem af er þessu yfirstandandi ári, að óhætt væri að hækka tekjuáætlun á tekjuhlið fjárl. öllu meira en samkv. þeim brtt., sem nú liggja fyrir frá n. Tekjuskattur og tekjuskattsviðauki mun verða á þessu ári 33,5 millj. kr. Það varð ofan á í n. að áætla þann skatt 29 millj. kr. Við töldum, sósialistar, að það væri ekki óvarlegt, þótt þetta væri áætlað 30 millj. kr., 3½ millj. kr. minna en hann er þetta yfirstandandi ár. Og ég held, að reynslan sanni það, sú reynsla, sem hv. frsm. einnig gat um, að á þessu yfirstandandi ári hefðu tekjur ríkissjóðs farið mjög mikið fram úr þeirri áætlun. Og það mun enn sýna sig, að tekjurnar séu yfirleitt það varlega áætlaðar, að þær muni einnig nú fara nokkuð verulega fram úr áætlun, þó samþ. væru brtt., sem enn þá liggja fyrir um þessa tekjuöflun. Ég hygg ekki óvarlega áætlað, þó að þessi liður væri áætlaður einni millj. kr. hærri en gert er í brtt. fjvn.

Um stríðsgróðaskattinn er það að segja, að hann er á lagður á yfirstandandi ári 11 millj. kr., en er á fjárlagafrv. áætlaður 6 millj. kr. Og meiri hl. n. hefur ekki viljað hækka þá áætlun neitt. Við sósialistar töldum ekki óvarlega farið, enda þó tekið væri tillit til þess, að síldarútvegurinn hefur gengið verr þetta yfirstandandi ár en árið áður, og það muni hafa einhver áhrif á þær tekjur, sem þessi skattur gefur, þó að hann væri áætlaður nokkru meira í samræmi við það, sem hann hefur verið á þessu yfirstandandi ári, en gert er í fjárlagafrv. og brtt. n. Við höfum haldið, að ekki væri óvarlega farið, þó að þessi skattur væri áætlaður 8 millj. kr., og mundi það þá gefa 1 millj. kr. meira í hlut ríkisins en nú er samkv. áætluninni.

Um vörumagnstollinn hefur að vísu ekki borið mikið á milli okkar sósialista og annarra nefndarmanna. Eftir till. n. er hann áætlaður 11 millj. kr. Við höfum viljað áætla hann 11½ millj. kr. Samkv. upplýsingum, sem fjvn. hefur fengið, mun hann verða a. m. k. 12 millj. kr. nú í ár. Og eins og hv. frsm. n. tók fram, eru allar ástæður til að ætla, að innflutningur verði miklu meiri á næsta ári en þó í ár og að það muni vera nokkurn veginn öruggt, að þessi skattur muni a. m. k. ekki verða lægri á næsta ári en í ár. Því töldum við ekki óvarlegt að áætla hann 11,5 millj. kr. á næsta ári.

Um verðtollinn er það að segja, að hann hefur farið mjög mikið fram úr áætlun þetta ár. Hann er áætlaður í frv. 33 millj. kr., en eftir till. n. 35 millj. kr. Hv. frsm. n. upplýsti, að hann mundi verða um 40 millj. kr. á þessu ári. Ef ég hef ekki tekið skakkt eftir í n., þá held ég, að upplýst hafi verið, að hann mundi á yfirstandandi ári nema allt að 43 millj. kr. Ég fullyrði ekki, að ég hafi tekið rétt eftir þessu, en þó hafði ég tekið upplýsingarnar þannig upp. En við skulum segja, að hann sé ekki nema 40 millj. kr. á yfirstandandi ári, en þá er þó áætlunin, sem hér er gerð, mjög miklu lægri en hann verður í ár. Að vísu má segja, að þessi tekjustofn sé ekki jafnöruggur og vörumagnstollurinn, vegna þess að verðlækkanir muni eiga sér stað á næsta ári, og þó kannske einkum hitt, að farmgjöld verði lægri en þau hafa verið. En þessi tollur er reiknaður einnig af farmgjöldum. Ef vörumagn, sem flutt er til landsins, verður ekki minna, heldur meira á næsta ári en nú í ár, þá held ég, að sú lækkun, sem kann að verða á farmgjöldum og e. t. v. einhver lækkun á vörum, muni ekki nema svo miklu, að ekki sé sæmilega varlegt að áætla tekjur af þessum tolli 36 millj. eða jafnvel 38 millj. kr.

Enn er einn tekjuliður, sem við höfum að vísu ekki gert neinar brtt. við í fjvn., tekjur af áfengisverzlun ríkisins. Þær eru áætlaðar í frv. 22 millj. kr. En upplýst er, að tekjur þessar verði í ár um 30 millj. kr. Við gerðum ekki um þetta brtt. En það mætti líta á þennan tekjulið sem eins konar varasjóð, þannig að ef hinir liðirnir þættu nokkuð hátt spenntir, þá væri þó þessi liður nokkurt svigrúm til þess að tryggja, að tekjur í það heila væru ekki of óvarlega áætlaðar. — En ef fallizt væri á þær brtt., sem við sósialistar höfðum fram að flytja í fjvn. um þessar hækkanir á tekjuliðunum, þá mundi það nema kringum 5 eða 5,5 millj. kr. Og ef talið væri óhætt að áætla tekjurnar þannig, þá yrði þó útkoman á fjárl. allmiklu betri en nú er samkv. þeim brtt., sem fyrir liggja. Ég geri nú ráð fyrir, að það muni kannske þykja meiri búmennska að áætla þessa tekjuliði varlega og varlegar en þessar till. okkar gera. En hins

vegar vil ég benda á það, að reynsla undanfarinna ára hefur þó sýnt mjög áþreifanlega, að tekjurnar hafa farið mjög mikið fram úr áætlun og mjög verulega fram úr þeim till. um hækkun, sem við sósialistar höfum gert á undanförnum þingum. Og ef hv. þm. hafa ennþá nokkra trú á því, að takist sú nýsköpun í atvinnulífinu almennt, sem stjórnarflokkarnir eru að vinna að undir forustu hæstv. ríkisstj., þá held ég líka, að ekki ætti að þykja mjög óvarlegt að álíta, að þessir tekjustofnar muni ekki hrapa mjög verulega niður frá því, sem hefur verið á undanförnum árum.

Ég held, að ekki sé ástæða til að gera fleiri atriði frv. að umræðuefni að svo komnu eða þær brtt. fjvn., sem fyrir liggja, en ég taldi rétt að gera þessa grein fyrir afstöðu okkar sósialista í fjvn. sérstaklega, þó að í mörgum þáttum falli okkar till. saman við till. annarra nefndarmanna. Og fjvn. stendur saman um þýðingarmestu atriðin í frv., en ágreiningur hefur verið um minni háttar atriði, að frá töldum þó till. um tekjuliði frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. frsm. hóf ræðu sína á því að upplýsa, sem flestir vissu, að þetta væri hæsta fjárlagafrv., sem lagt hefði verið fyrir hið háa Alþ. Þetta er alveg rétt. Það er hæsta fjárlfrv., hvort heldur sem er miðað við krónutölu eða verðgildi krónunnar, þó að vísitöluhækkun sé dregin frá fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, og svo miðað við fyrirstríðsfjárlagafrumvörp. Því að þá kemur það sama í ljós, að það er langsamlega hæsta fjárlagafrumvarpið, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. Hv. síðasti ræðumaður, 4. landsk. þm., taldi nú, að því er mér skildist, að þetta stafaði af því, að nú væru stigin meiri spor fram á við, eins og hann orðaði það, en áður hefði verið gert. Ég get nú í raun og veru ekki séð það, að fjárlagafrv. beri þess nokkurn vott, því að þó að það sé að vísu veitt hærri peningaupphæð að krónutölu til verklegra framkvæmda og annarra framfara í landinu í þessu fjárlfrv. og í brtt. fjvn. en áður hefur verið gert, þá mun það þó vera hlutfallslega minna, miðað við fjárlagaupphæðina alla, en áður hefur verið gert, þ. á m. á síðasta ári. Þetta þykist ég hafa gengið úr skugga um við nokkra athugun á fjárlagafrv. og brtt. hv. fjvn. og samanburð á þessu við eldri fjárlög. Og ég hygg, að það fari ekki á milli mála. Annars ætla ég ekki að fara hér út í almennar umr. um fjárl. að þessu sinni, enda mundi það ekki þýða mikið.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur flutt brtt. við fjárl. um verulegar fjárhæðir, sem viðkoma mínu kjördæmi. Ég nefni þar Ólafsfjarðarveg, sem hún ætlar 400 þús. kr., og fjárframlög til hafnargerða. Framlag til Öxnadalsheiðarvegar, sem hv. fjvn. mundi nú kannske telja fjárveitingu til míns kjördæmis, get ég ekki talið svo, því að bæði er vegurinn nokkurn veginn kominn á takmörk sýslnanna, Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu, og svo er sá vegur í sjálfu sér engu fremur fyrir Eyfirðinga en aðra menn, sem um þann veg þurfa að fara. En þó að ég sé hv. fjvn. þakklátur fyrir þessar till., þá er þess ekki að dyljast, að mér virðist hún hafa haft það sjónarmið, að því er mitt kjördæmi snertir, að styðja aðallega framfaraviðleitni í sjávarþorpum og við sjóinn, en frekar ganga fram hjá umbótum í landbúnaðarsveitum Eyjafjarðar. Gæti ég í raun og veru sagt fleira um þetta. Ég veit ekki, hvort þetta er tilviljun eða sérstakar ástæður valda því. Við þm. Eyf. gerum þar af leiðandi enga brtt. að því er snertir framlög til sjávarþorpa og sjávarsveita við Eyjafjörð, því að þar finnst okkur sæmilega vel fyrir séð af n. Á hinn bóginn leyfum við okkur að flytja örfáar brtt. viðvíkjandi hækkun á framlögum til framkvæmda inni í héraðinu. Eru þessar brtt. okkar á þskj. 316, og byrja ég þá á 1. brtt. á því þskj. Þar förum við fram á lítils háttar hækkun til þriggja vega inni í Eyjafirði, að Hrísavegur verði hækkaður úr 10 þús. í 25 þús. kr., Hörgárdalsvegur úr 10 í 25 þús. kr. og Laugalandsvegur úr 20 þús., sem n. leggur til, í 50 þús. Ég held, að öllum megi það ljóst vera, að eins og kaupgjald er orðið í landinu og annar tilkostnaður, er 10 þús. kr. framlag til vegar ákaflega gagnslítið. Það er ákaflega lítið hægt að vinna nú á dögum fyrir 10 þús. kr. Okkur finnst því, að 25 þús. kr. verði eiginlega lágmark þess, sem hugsanlegt er að fara fram á í þessu efni.

Við förum fram á nokkru meiri hækkun til Laugalandsvegar, og það stafar af því, að það er nokkur hluti af Saurbæjarhreppi, sem nú á í hinum mestu vandræðum með það að fá mjólk flutta til mjólkursamlags Eyfirðinga, og munar ekki meiru en því, að ef 50 þús. kr. væru nú veittar með 10 þús., sem ég tel þennan veg eiga inni síðan í fyrra, þá mundi mega koma veginum yfir vegleysukafla til stórbóta fyrir allmarga bændur í þessum hreppi. Ég tel þennan veg eiga inni 10 þús. kr. frá í fyrra, vegna þess að eftir því sem ég bezt veit, þá var ekki varið neinu á þessu ári til nýbyggingar þessa vegar, þó að þá væri veitt til hans fé, heldur eingöngu til viðhalds.

Með öðru þakklæti, sem ég vildi tjá hv. fjvn., eru þakkir fyrir að hafa tekið upp framlag til brúar á Hofsá í Svarfaðardal. Það hefur í mörg ár verið ákaflega bagalegt fyrir Inn-Svarfaðardal og Skíðadal, að þessi á hefur ekki verið brúuð. Við höfum þing eftir þing farið fram á fjárveitingu til hennar. En við þm. Eyf. höfum farið fram á það, að tekin verði upp fjárveiting til annarrar brúar í Eyjafirði jafnframt, en það er Torfufellsá í Inn-Eyjafirði, 40 þús. kr. Í raun og veru stendur ákaflega svipað á um hana og Hofsárbrúna, að þessi á, Torfufellsá, hindrar samgöngur, og þá einkum mjólkurflutninga þeirra, sem búa innan við hana. Það eru að vísu færri menn en þeir, sem búa innan við Hofsá í Svarfaðardal. Af þessum till., ef menn vildu gera einhvern mun á, þá verð ég að leggja langsamlega mesta áherzlu á Laugalandsveginn, að fjárveiting til hans geti orðið þetta, í minnsta lagi 50 þús. kr., af þeim ástæðum, sem ég hef hér fram fært.

Þá förum við þm. Eyf. ekki fram á frekari fjárveitingar úr ríkissjóði fram yfir það, sem n.

stingur upp á, en við flytjum tvær brtt. við heimildagr. fjárl., 22. gr. Sú fyrri er um að heimila stj. að greiða úr ríkissjóði sama styrk til skólabyggingar í Ólafsfirði og Ólafsfjarðarhreppi hefði borið. Ástæðan til þess, að við förum fram á þetta, er sú, að við teljum, að Ólafsfjarðarkaupstaður, sem nú er orðinn, eigi þetta fé inni að nokkru leyti hjá ríkissjóði. Fyrir stríð var það álit fræðslumálastjóra og samkomulag milli hans og skólan. Ólafsfjarðar, að brýn nauðsyn væri að byggja þarna barnaskóla að nýju, því að skólinn, sem þar er, fullnægir ekki á nokkurn hátt þörfinni fyrir skóla á staðnum. Nú vita menn það, að Ólafsfjörður varð kaupstaður af nokkuð sérstakri ástæðu og fyrr en orðið hefði, ef engar slíkar ástæður hefðu verið fyrir hendi. Á hinn bóginn er á það að líta, að viðurkennd var þörfin fyrir nýjan barnaskóla í Ólafsfirði, þótt ekki yrði af framkvæmdum í því efni vegna stríðsins, en nauðsynin var viðurkennd, löngu áður en Ólafsfjarðarkauptún varð sérstakur kaupstaður. Mér finnst því það ekki geta verið rétt, að ríkissjóður skorist undan því að taka þátt í byggingu barnaskólans þarna, á sama hátt og Ólafsfjörður hefði enn þá verið hreppur, og ríkið eigi ekki að nota sér það í þessu efni, að svona hefur viljað til, að þetta kauptún, sem tilheyrði sveit, varð kaupstaður af sérstökum ástæðum, og það var líka af sérstökum ástæðum, að ekki var búið að byggja nýjan barnaskóla með tilheyrandi framlagi úr ríkissjóði. Það kann að vera, að þessi till. okkar sé þýðingarlaus, jafnvel þó að samþ. yrði, ef öll þau frv. um skólabyggingar, sem nú liggja fyrir Alþingi eða eru í undirbúningi, nái fram að ganga, því að ef ég man rétt, -- ég hef ekki þessi frv. fyrir framan mig, — þá er kaupstöðum ætlaður styrkur til barnaskólabygginga, en þessi frv. eru nú ekki orðin að l., og maður veit ekki, hvort þau verða samþ. eða ekki, og verður því að byggja að sjálfsögðu á því ástandi, sem nú er, en ekki einhverju hugsanlegu ástandi, sem kynni að koma. En ef það yrði nú lögtekið, að kaupstöðum bæri svipaður réttur til styrks úr ríkissjóði og sveitunum, þá sé ég ekki, að samþykkt þessarar till. geti a. m. k. neinu spillt, því að hún ákveður það þá aðeins, sem síðar verður ákveðið í l., og leggur þá engar sérstakar byrðar á ríkissjóð. Það mun vera eitt fordæmi fyrir þessu, þegar svipað hefur staðið á, eða hreppur varð kaupstaður, þá mun eitt fordæmi vera fyrir því, að þeim kaupstað hefur verið veittur styrkur til barnaskólabyggingar eins og hann hefði áfram verið hreppur.

Í öðru lagi förum við fram á þá breyt. við þessa heimildagr. fjárl., að ríkisstj. ábyrgist 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp til fiskimjöls- og niðursuðuverksmiðju. Hér er nú mikið talað um nýsköpun, og meiri hl. fjvn. og meiri hl. Alþingis gerir þetta orð að eins konar prógrammorði fyrir sig, þó að nýsköpun hafi átt sér stað í landinu alllengi. Það er ekki hægt að neita því, að það er nýsköpun að koma upp slíku mannvirki sem hér er um að ræða, og ætti það því að mæta velvilja frá meiri hl. Alþingis og meiri hl. fjvn., eins og nú er háttað. Ég þarf nú ekki að útskýra þetta mál, að þegar kauptún eða kaupstaður er eins afskekktur og á við jafnlitlar samgöngur að búa og Ólafsfjörður, þá er öllum auðskilið, að verksmiðjur eins og þessar eru skilyrði fyrir, að hægt sé að nota sér þann afla, sem til fellur. Ég hygg líka, að bréf um þetta efni hafi legið fyrir fjvn. og henni sé málið nokkuð kunnugt, og þykist ég því ekki þurfa að skýra það nánar, enda er sannleikurinn sá, eins og oft vill verða við fjárlagaumr., að hér er nú ekki svo ýkjamargt þingmanna til að láta sannfærast, þó að ég hefði um þetta fleiri sannfærandi orð.

Helgi Jónasson: Ég skal nú ekki tefja þessar umr. lengi.

Hv. frsm., þm. Barð., hefur rakið mjög ýtarlega till. n., sem hér liggja fyrir, og skal ég ekki fara neitt út í það í einstökum atriðum.

Hann byrjaði ræðu sína á því, hvernig fjárlfrv. væri nú, hvað það bæri vott um mikinn nýsköpunaranda hjá ríkisstj. og hvað Alþingi treysti hæstv. stj. vel. Þetta er náttúrlega ekki alveg svona eftir orðanna hljóðan, af því að ég býst við, að þótt frv. sé það hæsta, sem nokkru sinni hefur verið, um það eru allir sammála, -- en um þá miklu kosti, sem því fylgi, býst ég við, að séu skiptar skoðanir, því að við vitum það vel, hv. þm. Barð. eins vel og aðrir, að við fáum nú heldur minna fyrir hverja krónuna en oft hefur verið áður, og þó að nú sé miklu fé varið í krónutali til ýmissa framkvæmda, þá vitum við það, að framkvæmdirnar ganga ekki, því er nú verr og miður, því hraðar eða fljótstígar en oft undanfarið.

Hv. frsm. gat um það eins og hv. 4. landsk., hvað hæstv. stj. vildi verja samkv. fjárlfrv. miklu til nýsköpunarinnar, sem nú er oft um talað. En þegar maður fer yfir frv., sem hæstv. stj. lagði fyrir, þá er það einkennilegt við það, að þegar kemur að þeim greinum, sem tilheyra verklegum framkvæmdum í þessu landi, þá fyrst kemur fram, að hæstv. stj. vill fara að spara, því að þæði 13. gr., sem viðkemur vega- og hafnarmálum og öðru slíku, og eins 16. gr., þá fyrst fer maður að verða var við lækkanir á frv.

Við erum búnir að fara yfir allt frv. í fjvn. Okkur varð fyllilega ljóst við yfirlestur þess, að till. frá forstjórum einstakra fyrirtækja hafa allar verið teknar til greina, þar hefur engu verið breytt, ekkert verið raskað við þeim óskum, sem þeir hafa farið fram á um mannahald og annað slíkt. Hjá flestum stofnunum er mikill fjöldi fólks, launin vitanlega stórhækkuð samkv. launal., og það er meira en það, því að þar eru ýmsir þeir liðir, sem áður voru settir inn í vissar gr. frv. og voru beint gerðir til þess að vera persónuleg uppbót til vissra manna, meðan laun þeirra voru lág. Þessu er öllu haldið í frv. Fjvn. hefur því miður ekki getað lagað nema lítið eitt af þessu. Til þess hafði hún ekki tíma, tækifæri né aðstöðu. Við höfum séð meira að segja, að með reglugerðarákvæði hefur hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum verið breytt svo vinnutíma um leið og launin voru hækkuð, að það nemur hjá sumum stofnunum á 10.

hundrað þúsunda, þrátt fyrir það, að þingið hefur samþ. einróma till. frá fjvn. um það, að athugað yrði við setningu nýrra launal., hvort ekki væri eitthvað hægt að draga úr kostnaði við starfsmannahald og eins að athuga alla starfrækslu hinna einstöku stofnana. Þetta hefur ekki verið gert, síður en svo, því að frv. ber með sér, að þar hefur ekkert verið til sparað í þessum atriðum, heldur hefur sukkið aldrei verið eins mikið og nú. Og þó að því væri haldið fram á síðasta þingi við setningu nýrra launal., að þetta ætti að lagfæra, þá hefur það því miður ekki verið gert. Hv. frsm. benti réttilega á þetta í vissum atriðum, og ég undirstrika það, sem hann sagði um þessi atriði. En mér fannst ekki eins til um það, sem hann sagði um þá nýsköpunaröldu, sem nú væri að rísa svo hátt í þessu landi, því að eins og ég gat um áðan, þá er það svo, að fyrst þegar komið er að þeim atriðum, þá er farið að færa niður. Hann sagði, að það væri gleðilegt, hvað hæstv. forsrh. og fjmrh. hefði tekizt að skaffa margar krónur í ríkissjóð. Það er að vísu rétt, að krónutalan er há, en ég held nú samt, að ýmsir þeir liðir, sem mestar tekjur gefa nú í ríkissjóð, séu þannig, að þjóðin hafi litla ánægju af. Ég heyrði á hv. 4. landsk., sem hér talaði áðan, að hann teldi tekjuáætlunina ákaflega varlega. Ég er honum í því efni algerlega ósammála. Ég tel, að við höfum í þeim efnum farið svo hátt sem forsvaranlegt er að fara, og um það er enginn ágreiningur milli mín og hv. frsm. Hv. 4. landsk. hélt fram, að við hefðum mátt hækka einn lið um 5—6 millj. kr., sem sé tekjur af áfengissölunni. Þar er ég honum algerlega ósammála. Við heyrum nú víðs vegar, bæði í þessum bæ og annars staðar, koma fram mjög háværar raddir um, að það sé þjóðarnauðsyn að reyna nú eitthvað að draga úr áfengisflóðinu. Ég játa það fyrir mig persónulega, að ég er enginn templari, síður en svo. En þrátt fyrir það blöskrar mér, hvað drukkið er, sérstaklega hvað unga fólkið drekkur. Ég bý hér í miðbænum, og það eru færri nætur, sem maður vaknar ekki við ólæti og hópgöngur af drukknu fólki í miðbænum. Þetta er sorglegt að sjá, og ég held, að hæstv. stj. ætti að taka til athugunar kröfur hinna fjölmörgu manna og félaga, sem líta svo á, að það sé nóg komið og eitthvað verði til bragðs að taka, svo að ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á að hækka þann lið, sem áfengið nú gefur, hann er kominn alveg nógu hátt, og ég held, að það sé enginn þjóðarhagur að því, að hann hækki.

Þá gat frsm. um, hvað það væri gleðilegt, hvað atvinnuvegir okkar stæðu með miklum blóma. Það má kannske segja, að svo sé, en þó er það þannig í fjárl. nú, bæði þessum og undanfarandi fjárl., að þar hefur verið milljónaframlag, sem er greitt til einstaklinga í þessu landi, vegna þess að framleiðslukostnaðurinn er svo hár hjá vissum hluta framleiðslunnar, að það verður að gefa í milli úr ríkissjóði. Þetta er ekki gott ástand hjá framleiðslu okkar. Við vitum það, að í þessum mánuði hafa komið ákveðnar raddir frá hinum aðalatvinnuvegi okkar lands, sjávarútveginum, bæði frá fundi útvegsmanna á Suðurnesjum og eins frá fundi Fiskifélagsins, og þær fundarályktanir gefa til kynna, að þessum mönnum finnst ekki vera mjög bjart fram undan í þeim efnum, jafnvel þó að það verðlag, sem nú er á fiski okkar á erlendum markaði, haldist óbreytt. Skal ég engu spá um það, hvernig því máli reiðir af, fisksölu okkar erlendis, en þó býst ég við, að flestir séu sammála um, að ekki sé útlit fyrir, að verðið fari hækkandi, ég býst við, að fremur komi fram óskir um lækkun en hitt, um það held ég, að allir geti verið nokkurn veginn sammála, eins og nú er háttað. Þá sjáum við það, að ef enn þá heldur krónunum áfram að fjölga og verðgildi þeirra minnkar, þá eru komnar hærri tölur, en ég efast um, að það verði talið öruggt undirstöðuatriði undir framleiðslu okkar.

Þá gat hv. frsm. réttilega um það, að samkomulag hefði orðið um ýmis stærstu atriðin hjá fjvn. Fjvn. var alveg ljóst, hvernig þörfinni í þessum málum er háttað. Við skulum taka t. d. hafnargerðir og lendingarbætur. Nú er fullvíst, að á næsta ári kemur hér inn til landsins fjöldi báta, en svo er ástatt, að jafnvel þó að fáist menn á þessa báta, en það er annað atriði málsins, þá er þannig ástatt, að þeir geta hvergi lagzt í höfn, en það held ég, að sé fullkomið skilyrði, því að það er lítil nýsköpun í því, þó að mörg skip séu keypt, ef þau verða að vera úti á rúmsjó, en geta hvergi lagt að landi. Og það er vitað mál, að eins og nú er ástatt, þá er þörf á að bæta aðstöðuna til þess að geta hagnýtt fiskimið okkar. Og þess vegna lagði ég fyrir mitt leyti til, — og gerði það hálfnauðugur, enda þótt n. hækkaði útgjöld fjárl. verulega frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir, — að gefin yrði heimild til þess, að ríkisstj. gæti tekið að láni allt að tvær millj. kr. til þess að bæta úr í þessu efni. Þetta gerði ég nauðugur, af því að ég taldi vart forsvaranlegt á tíma eins og nú að taka lán til framkvæmda. En ég sá, að þörfin á þessu var svo brýn, að ég setti mig ekki á móti því, að þetta lán yrði heimilað að taka. Og það er ekki neinn vottur um glæsilega fjárhagslega útkomu, að við þurfum nú, á meðan stríðsgróðinn er enn í okkar landi, að taka lán til nauðsynlegra framkvæmda, sem þjóðin þarf að gera.

Ég skal ekki fara neitt út í nýsköpunina. Mér heyrist, að margir, sem trúaðir hafa verið á hana, séu farnir að efast um, að hún verði eins mikil og af hefur verið látið. Því að það þarf að gera meira en að panta og kaupa báta og skip. Það er ekki nóg að hugsa um einn þátt nýsköpunarinnar, en láta allt annað reka á reiðanum, eins og ríkisstj. virðist hafa gert. Það er ekki nóg að kaupa skip, ef ekki er til höfn til þess að láta þau lenda í og ekki er maður til á skipin. Þetta þarf að hugsa um. En þessu hefur ríkisstj. gleymt.

Viðkomandi vegunum var nýsköpunin ekki meiri en það, að þó að fjárlagafrv. hækkaði að krónutölu útgjalda megin, þá var lækkað framlagið til nýrra akvega um rúma millj. kr. frá því, sem var á síðasta ári. N. var nokkurn veginn sammála um það, að hér þyrfti að breyta um og hefja nýsköpun í því að reyna að halda áfram að hjálpa því fólki, sem úti á landsbyggð-

inni býr. Því að það er víst, að ef á að taka alveg fyrir þær litlu greiðslur, sem undanfarin ár hefur verið varið til vega úti á landi, þá er það sama og að flæma fólkið burt af jörðum sínum. Ef þetta fólk, sem býr við erfiðar samgöngur, sér, að Alþ. og ríkisstj., sem er með fjárlagafrv. upp á yfir 100 millj. kr., getur ekki miðlað þessu fólki fjárframlögum, til þess að það geti fengið vegi til að geta haldizt við á býlum sínum, þá hefur það þau áhrif að koma inn fullkomnu vonleysi hjá því í sambandi við það að vera kyrrt í sveitinni. N. var ljóst, að hækka þurfti framlög til vega og gerði till. um það. En það kostar það, að afgreiðsla frv. verður ekki eins glæsileg og hv. frsm. vildi vera láta. Fjvn. hækkaði tillag til veganna eitthvað um 2 millj. kr. og reyndi að dreifa því um landið eins og kostur er á og með fullu samkomulagi innan n., og er það gott, því að maður getur vænzt þess, að það, sem fjvn. er sammála um, muni þingið líta svipuðum augum og fjvn.

Ég skal í þessu sambandi ekki fara út í einstaka liði. Hv. frsm. fjvn. minntist á þetta mjög greinilega. Náttúrlega vorum við í n. stundum ekki á sama máli og bar á milli um einstaka liði. Og hv. form. n. dæmdi þá liði, sem hann var á móti, óalandi og óferjandi.

Mig langar til þess að minnast á einn þennan lið, sem er tillag til Jóns Dúasonar. Ég hef alltaf lagt til í fjvn., að þessi maður fengi dálitla upphæð til þess að ljúka við það mikla verk, sem hann hefur ungur hafið og fórnað allri ævi sinni fram að þessu til þess að reyna að koma í framkvæmd. Ég efast um, að nokkur maður, sem við nú þekkjum til, hafi lagt eins mikið í sölur og fórnað eins miklu fyrir áhugamál sín og Jón Dúason. Ég játa, að ég get ekki dæmt um þetta frá vísindamanns sjónarmiði. En þó er það svo, að ýmsir þeir, sem hafa lesið þessi rit hans og hafa fylgzt með þeim og eiga að hafa nokkra kunnáttu til þess að geta dæmt um, hvort rétt eða rangt er farið með í ritum hans, hafa borið lofsorð á þessi skrif hans. Og þar sem hæstv. Alþ. undanfarið hefur mælt með því að veita honum styrk, vil ég ekki verða til þess, að hann geti ekki haldið áfram með vísindastarf sitt. Og þessi styrkur, sem fram á er farið, að honum verði veittur til viðbótar, er ætlaður til þess, að hann geti byrjað á því að koma út á ensku ritum þessum frá hans hendi og þegar er byrjað að þýða. Ég vildi veita smáupphæð í þessu skyni, og meiri hl. n. var samþykkur því.

Um aðra liði, sem hv. frsm. fjvn. ræddi, skal ég ekki ræða. Þó skal ég játa, að ég tel Arnór Sigurjónsson þess maklegan að fá rithöfundarstyrk. Hann er mikill fræðimaður, hefur margt skrifað og margt vel og nú fyrir nokkrum dögum lokið við að semja ævisögu Þorgils gjallanda. Og ég hygg, að það verk hafi farið honum mjög vel úr hendi. Þess vegna gat ég fylgt því, að hann fengi 5 þús. kr. rithöfundarlaun.

Ég man ekki, hvort það eru fleiri liðir, sem hv. form. fjvn. var sérstaklega hneykslaður yfir. Kann að vera, að þeir hafi verið fleiri. En ég man ekki, hvort ég hef verið sérstaklega við þá riðinn.

Þá minntist hv. form. fjvn. og hv. 4. landsk. þm. líka nokkuð á sauðfjársjúkdómavarnirnar, og mér heyrðist þeir báðir vera á þeirri skoðun, að miklu hefði verið kostað til þeirra. Og það er satt. Til þeirra hefur verið kostað miklu fé. En n. gerði engar till. um breyt. á þeim lið. Ríkisstj. fékk þann lið töluvert lækkaðan í fyrra. Og ég býst við, að hæstv. landbrh. hafi haft fulla yfirsýn yfir það mál, og þess vegna hafi það verið, að hann lagði ekki til nú, að þessi liður yrði lækkaður á næsta árs fjárl. Og þess vegna var það, að ég vildi halda þessum lið óbreyttum. Við fengum ýmsar upplýsingar í n. um þessi mál hjá framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar. Og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, virtist ekki kleift að draga úr þeim kostnaði á næsta ári, sem í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir. Og hann gat um það sem algert nýmæli, sem ég get fallizt á, að sé réttlátt, að nú verði hætt að greiða til þeirra manna, sem framleiða mjólk að nokkru ráði, þ. e. hafa 6—8 kýr, styrk til þess að ala upp sauðfé, og er það mikil breyt. frá því, sem var á fyrri tíma, er menn fengu jafnan styrk til slíkra hluta, hvort sem þeir framleiddu mikla mjólk eða litla. — Um sauðfjárveikivarnirnar er það að segja, að um það hefur lengi verið deilt, hvort þær kæmu að þeim notum, sem haldið hefur verið fram og þær áttu að gera. Hvað sem um það má segja, verður því ekki mótmælt með réttu, að varnirnar hafa a. m. k. tafið mjög fyrir veikinni í sauðfénu. Og enn þá er eftir a. m. k. helmingur af landinu, þar sem fé hefur ekki fengið þessa veiki. Og ekki er vafi á því, að ef engar mæðiveikivarnir hefðu verið, má búast við, að veikin hefði verið komin um allt landið. Og það er ábyggilegt, að það er stórfelldur sparnaður fyrir þjóðarbúið í heild, ef hægt er að láta þessa veiki fara hægt yfir. Því að það hefur sýnt sig, að margir hafa haft miklu betri tekjur af sauðfé sínu þar, sem veikin hefur komið smám saman, heldur en þar, sem hún hefur geisað, sem mæðiveikin hefði gert um allt landið, ef engar girðingar hefðu verið til þess að tefja fyrir útbreiðslu hennar.

Þá er það niðurlagið á ræðu hv. form. fjvn. Ræða hans var prýðileg, nema upphafið og endirinn. Í endi ræðunnar sló mjög út í fyrir honum, sem mér kom mjög á óvænt. Hann vildi halda því fram, að samflokksmenn mínir hefðu haft í frammi einhverja þvingun gagnvart mér í sambandi við það, að ég skrifaði undir nál. fjvn. með fyrirvara, sem ég gerði. Ég get trúað því, að hv. form. fjvn. sé vanur því að hafa yfir sér eitthvert húsbóndavald. Það mætti segja mér, að svo væri, og þess vegna mundi þeim hv. þm. ekki finnast nema eðlilegt, að í Framsfl. hefðum við húsbóndavald yfir okkur, sem skipaði okkur fyrir verkum. Það er eðlilegt að vissu leyti, að menn haldi, að aðrir búi við það sama sem þeir sjálfir. En svo er ekki hjá okkur í þessu tilfelli. En mér er nær að halda, að hv. form. fjvn. hafi fengið einhverjar óbeinar fyrirskipanir um það, að hann setti þann fyrirvara, sem raun varð á, því að þegar hann kom á fund í n. stuttu áður en hann skrifaði undir, var ekki annað á honum að heyra en að hann

væri algerlega sammála um nál. Og ég veit, að í hjarta sínu er hann okkur algerlega sammála. Hann hefur sýnt það í vinnubrögðum í n., að hann lítur svipuðum augum og framsóknarmenn í n. á málin, en það er húsbóndavaldið, sem varnar honum þess að halda því fram opinberlega. Ég veit, að hv. þm. Barð. er það fullljóst, að eins og dýrtíðin er orðin í þessu landi, þá er næsta erfitt að afgr. fjárl. svo, að það fari vel úr hendi. Og ég er alls ekki ánægður með afgreiðslu þeirra fjárl., sem hér liggja fyrir. Og ég veit, að hv. form. fjvn. er mér algerlega sammála í því efni. Ég veit, að honum þykir það ekki góð fjárlagaafgreiðsla, að nú skuli, á þessum albezta tíma, sem yfir landið hefur komið hvað tekjur snertir, þó ekki vera veitt meira til verklegra framkvæmda í fjárl. hlutfallslega en árið 1938. Því að árið 1938 var 40% af útgjöldum fjárl. varið til útgjalda á 13. og 16. gr., en nú eru það rúm 30%. Það eru hærri tölur nú, en hlutfallslega lægri upphæð miðað við heildarupphæð fjárl. Og ég býst við, að hv. form. fjvn. sé mér algerlega sammála um, að það sé óviðunandi afgreiðsla að þurfa að afgr. fjárl. með stórum rekstrarhalla og miklum halla á sjóðsyfirliti. Ég veit, að hann er algerlega á móti því, þó að hann verði að gera það, vegna þess að hann hefur yfir sér húsbónda. En við framsóknarmenn í n. skrifuðum undir með fyrirvara alveg af frjálsum vilja. Við höfum þessa skoðun, sem ég nú síðast hef lýst, og það veit ég, að okkar flokksmenn hafa yfirleitt. Og ég býst við, að flestir, þegar þeir athuga fjármálaafgreiðsluna, verði á sama máli, að það verði ekki okkur til sóma að þurfa nú að afgr. fjárl. með miklum rekstrarhalla á sjóðsyfirliti og þannig, að lán þurfi að taka til þess að geta haldið verklegum framkvæmdum í svipuðu horfi og var fyrir stríð.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við 22. gr. fjárl., sem að vísu hafa ekki fengizt afbrigði fyrir enn þá, vegna þess að hún er í prentun. En með leyfi hæstv. forseta vænti ég, að ég megi tala fyrir henni nú. Þessi brtt. er um það, að í 22. gr. komi nýr liður svo hljóðandi, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 1100 þús. kr. til jarðborana samkv. l. nr. 114 1943 og jarðhitarannsókna.

Ég varð satt að segja hissa á því, þegar ég varð þess var við yfirlestur bæði brtt. frá fjvn. og eins fjárlagafrv. sjálfs, að það hefði láðst að gera ráðstafanir til þess, að fé væri veitt til jarðborana og jarðhitarannsókna. Samkv. l. frá 1943, sem ég gat um áðan, er ákveðið, að kostnaður við jarðboranir bæjar- eða sveitarfélaga eða boranir, sem framkvæmdar væru eftir till. frá þeim, eigi að greiðast að hálfu af sveitarsjóðum en að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þeirra í fjárl. Nú er það kunnugt, að þessar rannsóknir og boranir eru þegar hafnar og umsóknir um slíkar framkvæmdir berast nú óðum að frá ýmsum stöðum. Og þá er leitt, þegar þessa er gætt, hve míkið þjóðarhagsmunamál er hér á ferð, ef ríkið getur ekki staðið við skuldbindingar, sem því raunverulega samkv. l. ber að uppfylla. Það hefur t. d. verið borað á ýmsum stöðum bæði eftir heitu og köldu vatni. T. d. á Reykjanesskaga hefur verið borað eftir köldu vatni með ágætum árangri fyrir þorp, sem áður voru þar vatnslaus. Og um boranir í næstu framtíð hafa komið fram umsóknir frá Akureyri, Ísafirði, Húsavík, Selfossi og víðar að. Og þá væri mjög leitt, ef ríkið stæði ekki við sínar skuldbindingar og ekkert yrði úr þessum framkvæmdum þess vegna. Við þær boranir, sem ég nefndi, að framkvæmdar hefðu verið, hafa verið notaðir svonefndir höggborar, sem keyptir hafa verið af setuliðinu. En þeir eru báðir gamlir og slitnir og talið, að þeir endist ekki nema í hæsta lagi eitt til þrjú ár enn. Það er því nauðsynlegt, að hægt verði að kaupa fleiri slíka bora.

Samkv. þál., sem samþ. var 1944, var ríkinu heimilað að leggja fram fé til rannsókna á gufuborunum bæði í Henglinum og í Hveragerði í samvinnu við Reykjavíkurbæ og í Krýsuvík í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Og til þess að framkvæma þær boranir, þar sem aðallega yrði borað fyrir gufu, þá eru þessir höggborar, sem nú eru til hér, og jafnvel þeir, sem keyptir yrðu, of grannir. Til þess að bora eftir gufu þarf gildari bora, og þá er talið heppilegt að nota bora, sem snúast í hring, en eru ekki höggborar. Þessir borar eru miklu dýrari og geta kostað um eða yfir eina millj. kr. En ef í það væri ráðizt að kaupa þessa dýrari bora, er gert ráð fyrir, að það verði gert í samvinnu við þá bæi, sem þá þyrftu að nota, og frá þeim kæmi helmings tillag á móti framlagi ríkissjóðs til þessara kaupa. Með þessari þál. var að vísu veitt heimild til þessa, þegar hún var samþ. 1944. En það er heldur ekkert ákveðið í fjárl. að leggja fram til þess að mæta kostnaði, sem leiða mundi af framkvæmd l. frá 1943, sem ég nefndi viðkomandi jarðborunum. Upphæð brtt., sem ég flyt og ég gat um, hef ég miðað við, að keyptir verði einn til þrír höggborar, til þess að haldið yrði áfram þeim rannsóknum, sem þegar eru hafnar, og til þess að leggja til helming á móti framlagi annars staðar að til þess að kaupa gufubor. Það má um það deila, hvort á næsta ári ætti að ráðast í að kaupa þennan stóra bor. En það er fásinna að ætla ekkert fé í þessar rannsóknir og boranir, því að það er vitað, að þær verða framkvæmdar. Það er heilmargt starfslið, sem vinnur að þessu nú. Og kröfur eru komnar það víða að um framkvæmd þessara borana, að þetta verður ekki stöðvað, enda er þetta þjóðnytjamál. — Ég hef flutt um þetta brtt. við 22. gr., þó að hún ætti miklu frekar heima við 15. gr.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Skal ég þó að lokum taka það fram, að ég er reiðubúinn til þess að taka þessa brtt. aftur til 3. umr., ef hv. fjvn. fengist til að athuga þetta mál á milli umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við fjárlfrv. á ég brtt., sem er ekki búið að prenta og liggur þess vegna ekki hér fyrir. Ég er með tvær þeirra einn og með öðrum með þá þriðju. En úr því að hæstv. forseti óskar eftir, að ég tali fyrir brtt. nú þegar, sé ég ekkert á móti því. Það eru

tveir smávegir, sem ég er einn með brtt. um. Önnur þeirra brtt. er um svo kallaðan Brekknaheiðarveg, sem er sá 65. í röðinni á brtt. hv. fjvn. í 42. lið, a. Þar í brtt. n. er lagt til, að til þess vegar verði varið 60 þús. kr. En það hefur undanfarið verið lagt til hans 100 þús. kr. Þetta er alveg sams konar vegur — til þess að tengja saman landsfjórðunga — og Þorskafjarðarheiðarvegur og Siglufjarðarskarðsvegur, sem fjvn. leggur til, að lagðar verði fram 450 þús. kr. til, sem á að tengja saman landshluta og kaupstað, því að Brekknaheiðarvegur á að tengja saman Austur- og Norðurland. Var byrjað á því að leggja 100 þús. kr. í þennan veg. Í fyrra var unnið fyrir 140 þús. kr. í þessum vegi. Og hefði ég viljað vonast til þess, að hv. fjvn. sæi sér fært að láta vinna fyrir þá fjárupphæð í þessum vegi eins og verið hefur, eða 100 þús. kr., þó að ekki sé unnið fyrir meira, í þrjú ár eða þangað til honum verður lokið. — Ég skal geta þess, enda veit hv. fjvn. það, að sá fyrsti vegur, eða a. m. k. einn af þeim fáu vegum, sem vegamálastjóri lagði til, að fengi viðbótarframlag, ef framlag til vega yrði hækkað frá upprunalegu till., það var einmitt þessi vegur. Og þess vegna fer fjvn. beint á móti a. m. k. varatill. vegamálastjóra með því að láta þennan veg ekki fá hærra framlag en þetta, sem hv. fjvn. gerir ráð fyrir í till. sínum. — Þó að ég flytji þessa brtt. nú, þá vil ég gjarnan taka hana aftur til 3. umr. í þeirri von, að hv. fjvn. athugi þetta með hliðsjón af till. vegamálastjóra, þannig að ef hv. fjvn. sér sér fært að leggja til, að meira fé verði varið til vega en í frv. upprunalega er lagt til, þá taki n. tillit til þess, að þessi vegur er fyrsti vegurinn, sem vegamálastjóri lagði til, að hækkuð yrði fjárveiting til.

Þá geri ég till. um það, sem er önnur brtt., sem ég flyt einn, að inn komi nýr liður á eftir 67. lið 42. brtt., undir a-lið í brtt. fjvn. á þskj. 308, sem er Jökulsárhlíðarvegur, sem mun annaðhvort hafa fallið úr í prentun hjá fjvn. eða bara gleymzt. Því að mér var kunnugt um, að það var vilji fjvn. að taka þetta upp, og legg ég til, að 5 þús. kr. verði veittar til þessa vegar. Þar hagar svo til, að Jökulsárhlíðarvegur er kominn út í miðjan hrepp. Og vegamálastjóri lagði til, að unnið væri í þessum vegi í sumar, til þess að koma honum niður á sléttan árbakka. Það var unnið í þessum vegi í fyrra fyrir 10 þús. kr. umfram fjárveitingu, og til að endurgreiða það ætlar fjvn. fé. En nú er enn eftir að malbera vegarspotta frá fullgerða veginum og niður á bakkann, og mun það kosta um 5 eða 6 þús. kr. En þangað til það er gert, er ekkert gagn að veginum, sem kominn er, en þegar búið er að malbera þennan spotta, má fara eftir árbökkum út á sveitarenda, upp undir 30 km. frá þeim stað, þar sem vegurinn endar nú. Það má því segja, að með því að malbera vegarspotta fyrir 5—6 þús. kr. fáist slarkfær 30 km. vegur. Það nær því ekki nokkurri átt annað en veita 5 þús. krónur til þess að ljúka við veginn. Ég veit, að þetta er vegna gleymsku eða mistaka hjá fjvn. Ég tek þessa brtt. til baka til 3. umr. og vona, að hv. fjvn. leiðrétti þessi mistök.

3. brtt. mína flyt ég með öðrum þm. og fjallar um framlag til þriggja brúa. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur vegamálastjóri lagt til, að byggðar yrðu ákveðnar brýr, ef fjvn. sæi sér fært að byggja fleiri brýr en hann taldi upp í aðaltill. sinni. Vildi vegamálastjóri láta bæta 3 brúm við, á Staðará í Steingrímsfirði, Djúpá í Fljótshverfi og Jökulsá í Fljótsdal. Fjárframlög voru áætluð 120 þús., 180 þús. og 250 þús. krónur. Með flutningi þessara brtt. erum við bara að fara inn á línu vegamálastjóra í þessu máli og leggjum til, að þessum brúm skuli bætt við, ef Alþ. sér sér fært að veita meira fé til brúargerða en farið var fram á í fjárlagafrv. Nú er búið að hækka fjárl. það mikið, að auðséð er, að Alþ. telur sér þetta kleift. Og tel ég þá, að þessar brýr eigi að koma næst. Um þessa brtt. sé ég ekki ástæðu til að segja fleira nú við þessa umr., enda mun verða talað fyrir henni af fleirum.

En fyrst ég fór að tala fyrir brtt. mínum og er staðinn upp, þá vil ég um leið segja það, sem ég að vísu hef sagt oft áður, að ég kann afar illa við það, sem fjvn. gerir og alltaf er að færast í vöxt á Alþ. Það er að fela upphæðir í fjárl. Þetta er gert við gistihúsastyrki, ferjustyrki, læknisvitjanastyrki og margt fleira. Ég hef talað um það hér í hæstv. Alþ., að þessu þyrfti að snúa við, og ég kom með till. um það í fyrra. En það mátti ekki heyrast nefnt, það var allt drepið. Það var ætlazt til þess í fyrra, að styrkur skyldi veittur til að gera við kláfferjurnar á Jökulsá á Jökuldal. Ef ég man rétt, voru það 4500 kr. En upphæðin var falin í stærri upphæð, sem hét „til ferjuhalds," og vegamálastjóri átti að tilkynna, hvernig hún skyldi skiptast, ekki að vilja Alþ., heldur fjvn. En hvað skeður svo? Það veit bara enginn um þetta, engum sagt frá því. Hreppsn. fékk ekki eitt orð að vita um það, að gera ætti við ferjurnar. Og svo vill það til, að maður dettur út úr einni ferjunni og var guðs mildi að hann skyldi bjargast. Og þá er farið að tala um í blöðunum, að ferjan sé í slæmu ástandi. En það vissi enginn, að fé hefði verið veitt til að gera við þær. Slysið varð þó til þess, að ferjustyrkurinn var dreginn upp úr skúffu. Þetta hefst upp úr pukrinu, þegar enginn má sjá, hver á að hafa þessa smástyrki. Þetta á svo að vera gert til þess að spara eitthvað við prentun á gögnum þingsins. Það er þá líka svo mikill sparnaðarandinn! En ég kann ekki við þetta, og ég vona, að hv. fjvn. athugi, hvort ekki ætti að færa þetta í lag og láta sjálf fjárlögin sýna, til hvers fjárveitingarnar eru ætlaðar.

Í fyrra var samþ. till. um, að læknisvitjanastyrkur skyldi aðeins veittur til þeirra hreppa, sem hefðu stofnað læknisvitjanasjóði. Ég vil mjög ákveðið biðja hv. fjvn. að athuga þetta mál. Ég viðurkenni það, að læknisvitjanasjóðir eiga og þurfa að koma víðar en nú er, og til þess var þetta ákvæði samþ. hér í fyrra. En það hagar bara sums staðar þannig til, að ekki er hægt að stofna læknisvitjanasjóð, t. d. þar, sem allstór kaupstaður og lítill hreppur eru læknishéruð. Hver heldur, að slíkt læknishérað færi að stofna læknisvitjanasjóð? Ég hef hér í huga ákveðið svæði, þar sem er Seyðisfjarðarkaup-

staður og Loðmundarfjarðarhreppur. Fólkið í Loðmundarfjarðarhreppi verður að sækja lækni á báti eða yfir fjallgarð, og kostar það mikið. Þessi hreppur hafði 200 kr. í læknisvitjanastyrk á ári, eða um ¼ kostnaðar, ef leitað var læknis. Nú getur enginn fengið styrk nema að stofna læknisvitjanasjóð. En haldið þið, að Seyðisfjarðarkaupstaður fari að stofna sjóð með þessum hreppi? Það er útilokað. Ef þetta skilyrði stendur áfram, hindrar það, að slíkir hreppar geti fengið styrk, þótt þeir þurfi þess með. Ég vona, að hv. fjvn. taki þetta til athugunar.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna það, að mér hrýs hugur við því, eins og ástandið er nú, þá skuli í fjárl. vera veitt jafnmikið og raun ber vitni um til alls konar opinberra bygginga, svo sem skólahúsa, sjúkrahúsa o. s. frv. Maður getur búizt við, að meiri hlutinn eða jafnvel mikill meiri hluti af því byggingarefni, sem flyzt til landsins, fari í þær byggingar á sama tíma sem maður horfir hvarvetna á vöntun á íbúðarhúsum handa fólkinu til að búa í. Þótt ég játi, að mikið sé varið í og sjálfsagt sé að byggja stórt og veglegt hús yfir þjóðminjasafn okkar, skóla o. s. frv., þá finnst mér, að ennþá meiri þörf sé á því, að krakkarnir geti komizt inn heima á nóttunni, en ekki einungis þá stund, sem þeir eru í skólanum. Og fornminjasafn okkar er þó undir þaki, en ekki úti á götunni, eins og heita má, að ýmsir borgarar landsins séu. — Þetta var aðeins almenn athugasemd, sem ég vildi leggja áherzlu á og biðja hæstv. stjórn og fjvn. að athuga. Mér finnst meðan fólk í landinu vantar húsnæði til að geta lifað hinu daglega lífi, þá eigi hið opinbera ekki að taka byggingarefni til að byggja hús, sem að vísu eru öll þörf, en kalla áreiðanlega ekki eins að og hitt að sjá fólkinu fyrir húsnæði.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki við þessa umr. fara út í að ræða fjárlfrv. almennt. Ég ætla aðeins að víkja með fáum orðum að brtt., sem ég hef leyft mér að flytja varðandi mitt hérað, á þskj. 316. Brtt. mín snertir 13. gr. um úthlutun vegafjár. Ég vil segja það, að ég bar fram ósk við fjvn. um, að til vegaframkvæmda í mínu héraði yrði varið 260 þús. kr., og er það í samræmi við þær brtt., sem ég flyt. Fjvn. hefur fært þetta niður í 85 þús. kr., og er ég í efa um, að hv. n. hafi nokkurs staðar skorið niður till. vegamálastjóra annars staðar en þarna. Hv. n. ber því við, að því er virðist, að það var veitt nokkurt fé til vegarins milli Blönduóss og Skagastrandar umfram fjárl. yfirstandandi árs af samgmrh. og samkv. till. vegamálastjóra, til þess að halda áfram þessum vegi. Það ætti að vera hv. fjvn. kunnugt, að verið er að vinna að framkvæmdum í Skagastrandarkauptúni fyrir millj. kr. Og það virðist vera allundarlegt ráðslag, ef bíða á eftir því í tugi ára að koma á viðunandi vegasambandi milli þessara kauptúna, sem hér um ræðir. Ég fer fram á 100 þús. kr. aukningu á fjárframlagi til þessa vegar, og sú till. verður að koma undir atkv. við þessa umr. eða 3. umr.

Hin brtt. undir sama lið fjallar um fjárframl. til Svínvetningabrautar, sem bundin er við brúargerð á Blöndu. En áætlað er, að hún kosti 200 þús. kr. Ég fer ekki fram á nema helming þessarar upphæðar, og ef hún fæst, þarf það ekki að tefja fyrir þeim framkvæmdum, sem þarna eru fyrirhugaðar, brúargerðinni. Ég hef ekki farið fram á fjárframlög til annarra vega í mínu héraði, þótt mikil nauðsyn sé til þess. En ég er þeirrar skoðunar, að það beri, eftir því sem við verður komið, að haga vegaframkvæmdum þannig, að unnið sé á sem allra fæstum stöðum samtímis í sama héraði. Slíkar framkvæmdir mundu spara mikið fé og gera auðveldara að nota afkastamiklar vinnuvélar. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þessar till. fleiri orðum.

Þá er það brtt. frá mér varðandi brú á Blöndu, og er ég svo vægur í kröfum, að ég fer ekki fram á meira en það, að þessi nauðsynlega brú verði lögð ekki síðar en á árinu 1947. Þessi brú er áætlað, að kosti 400 þús. kr. eða jafnvel meira. Fer ég fram á 200 þús. Þannig er háttað í fyrsta lagi, að til stendur að reisa mjólkurvinnslubú á Blönduósi. Og fyrir það mál skiptir það miklu, að komið sé á þeirri samgöngubót, sem hér um ræðir. Það skiptir miklu máli fyrir þá bíla, sem annast eiga mjólkurflutningana, að þurfa ekki að fara tvöfalda leið, en geta farið hringinn. En það er meira um að ræða en þetta. Það er víst, að þjóðleiðin norður færi inn á þessa leið fyrr eða síðar. Auk þess munar miklu á vegalengd, og einnig er víst, að þessi leið er fær að vetrinum, þótt Langidalurinn loki samgönguleiðinni til Skagafjarðar. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Atkv. verða að skera úr um það, hvort menn vilja ganga inn á að samþ. fjárframlag þetta eða ekki. En ég vil ítreka það og leggja á það áherzlu, að þessi brúargerð og vegarlagning, sem í sambandi við hana stendur, er í öruggu sambandi við stofnun mjólkurbús í héraði mínu, sem ákveðið hefur verið að reisa vegna þess, hve illa er komið þar vegna afleiðinga af fjárpestum þeim, sem fluttar hafa verið inn í landið og gert milljóna tjón í sýslunni einni. Ég vil vekja athygli á því, hvað vegina snertir, að þessar óskir mínar eru lægri en þær mundu hafa verið, ef ég hefði ekki verið búinn að sjá þá úthlutun, sem fjvn. hefur úthlutað öðrum héruðum í þessu landi. Einkum snertir þetta þó sum héruð, sem hv. fjvnm. eru úr. Ég undanskil þó í þessu efni V.-Húnavatnssýslu, sem mér stendur þarna næst.

Þriðja brtt. kemur undir liðinn um mjólkurbú og smjörsamlög. Legg ég til, að fyrir 30 þús. komi 180 þús. kr. og þær 150 þús., sem þar um ræðir, verði ætlaðar til mjólkurbús á Blönduósi. Ég sendi hv. fjvn. bréf um þetta efni og áætlun um þær framkvæmdir, sem þarna er um að ræða, og hljóðaði hún upp á 580 þús. kr. Síðari upplýsingar frá þeim ráðunautum, sem að þessu vinna, telja, að kostnaðurinn muni aldrei geta orðið minni en 600 þús. kr. Og þess vegna er miðað við þá upphæð, að ríkið leggi fram ¼ kostnaðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til, þar sem mjög fáir hv. þm. eru viðstaddir, að fara um þetta fleiri

orðum, en vona, að þegar til atkvgr. kemur, verði litið með fullri sanngirni á þau nauðsynjamál, sem hér um ræðir.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. Ég á hér tvær brtt. á þskj. 322, ásamt hv. 2. þm. Skagf. Önnur till. fjallar um það, að í stað 75 þús., sem í fjárlfrv. er gert ráð fyrir að veita til hafnarmannvirkja á Sauðárkróki, komi 150 þús. Þetta stendur þannig af sér, að í fyrra vetur var gerð áætlun á vitamálaskrifstofunni um hafnarframkvæmdir á Sauðárkróki fyrir um 1 millj. króna. Var þar innifalin lenging og dýpkun á hafnarsvæðinu og endurnýjun á bátabryggjunni. Að þessu var svo unnið síðast liðið sumar, og var það starf fólgið í því, að gert var við gömlu bryggjuna og byggður sandvarnargarður til þess að hefta innburð af möl og sandi í höfnina. Af óviðráðanlegum orsökum fórst fyrir, að hægt væri að dýpka höfnina, þar eð sá einasti bátur, sem vitamálastjóri hefur yfir að ráða í þessum tilgangi, varð að dvelja langdvölum norður á Dalvík við hafnarframkvæmdir þar, eins og gert hafði verið ráð fyrir og brýn nauðsyn bar til, og gat ekki unnizt tími til þess að flytja hann til Sauðárkróks. Nú er gert ráð fyrir að halda þessum framkvæmdum áfram á Sauðárkróki næsta sumar. Dýpkun hafnarinnar þar er sérstaklega aðkallandi, þar sem stór skip fást ekki til að leggjast við hafnargarðinn, af því að svo mikið af möl og sandi hefur borizt inn í höfnina, og er nú svo komið, að Súðin getur ekki lagzt að nema um háflæði. Í fyrra voru veittar 100 þús. kr. til þessara framkvæmda, sem voru hugsaðar sem ein fjárveiting af fjórum alls. Nú er því mjög æskilegt, að veitt verði þessi sama upphæð, 100 þús. kr. í fjárl., til þess að þessar framkvæmdir geti haldið áfram.

Enn fremur hefur það komið fyrir, að af einhverri vangá hefur fallið niður í fyrra að greiða 25 þús., sem eftir sérstökum l. átti að greiða til Sauðárkrókshafnar og er skuld fyrir fyrri hafnarbætur, þegar fyrsti hafnargarðurinn var gerður. Í fyrra átti þetta að vera 11. greiðsla af 12. Nú er lagt til, að þessar greiðslur, samtals 50 þús. kr., verði teknar upp í fjárl., til þess að þessum skuldagreiðslum verði þá lokið. Vitamálastjóri hefur skrifað hv. fjvn. bréf um þetta, og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp grein úr því, sem hljóðar svo: „Enn fremur er þess að geta, að á fjárl. síðasta árs hefur sennilega fallið niður til Sauðárkróks 25 þúsund kr., sem er 11. greiðsla af 12 (1. fjárveiting 1935). Þyrfti þetta að takast upp í næstu fjárl., 50 þús. kr., sem yrði þá lokagreiðsla á nefndri fjárveitingu. Ég vona, að hv. fjvn. taki þetta til greina, af því að það hefur sennilega verið hreinasta vangá í fyrra, að þessi sérstaka greiðsla féll þá niður".

Viðvíkjandi brtt. vegna Hofsóss er það að segja, að þar er verið að gera bryggju. Verkinu miðar fremur hægt, og hefur fjárveiting til þess verið allt of lítil. Íbúana langar nú til — og fengu þeir loforð fyrir því í fyrra — að byggja þarna eitt ker til lengingar á bryggjunni um 10 m. Við förum fram á það, að fjárveiting í þessu skyni verði svo rífleg, að þetta verði unnt. Þetta síðara er ráðgert, að kosti 130 þús. kr. Við förum fram á það, að í stað 25 þús. kr. til Hofsóss, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., komi 50 þús. kr. Það er lífsnauðsyn fyrir Hofsóskauptún og útgerð þar á staðnum, að þessi lenging fáist á hafnargarðinum, en þegar hún er fengin, verða hafnarmannvirki þar komin í sæmilegt horf. Enn fremur hefur það sýnt sig, að þar, sem Hofsá rennur til sjávar, ber hún með sér möl og sand inn á hafnarsvæðið. Staðarbúa langar því til að gera þarna sandvarnargarð. Hefur verið mælt fyrir þessu, og var uppdráttur af þessum fyrirhuguðu mannvirkjum sendur hv. fjvn. Er hér um að ræða 100 m. langan garð, sem ekki er talinn verða mjög dýr. Er talin lífsnauðsyn fyrir staðinn, að þessi garður verði byggður, til þess að hafnarmannvirkin skemmist ekki og höfnin fyllist ekki af sandi og möl. Er áætlað, að þessi varnargarður við höfnina kosti 75 þús. kr. Það er mjög þægilegt þarna að ná í grjót, og er ætlunin, að uppfylling við garðinn verði tekin ofan úr brekkunum við kauptúnið, og er jafnhliða þessu fyrirhugað að gera þarna veg, sem nauðsynlegur er, og verði mölin úr brekkunum notuð sem uppfylling og bak við þennan garð. Er álitið, að ef sú fjárveiting nær fram að ganga, sem við förum fram á, verði hægt að nýta Hofsóshöfn miklu betur en áður, og gætu síldarskip lagt þarna upp til söltunar, þar eð síldarmið eru rétt utan við höfnina, mundi þetta veita kauptúninu mikla atvinnu. Þessi mannvirki eru mjög nauðsynleg fyrir kauptúnið, en það er yfirleitt blómlegur útgerðarbær. Af þessum ástæðum vænti ég, að litið verði á þessa nauðsyn, úr því að ekki er farið fram á hærri fjárveitingu í þessu skyni. Mér er vel kunnugt um, að víða á landinu er þörf fyrir slík mannvirki sem hér um ræðir, en efast um, að hún sé nokkurs staðar meiri en á þessum tveim stöðum, og með tilliti til þess, að upphæðirnar eru lágar, vona ég, að hv. Alþ. sjái sér fært að verða við því, sem við förum fram á.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð, sem ég þarf að segja, út af þeim brtt., sem ég á á þskj. 322. Fyrst eru tvær brtt. um fjárveitingar til nýrra akvega. Eins og hv. form. fjvn. mun hafa skýrt frá, hefur verið höfð sú aðferð — að því er snertir sýslu þá, sem ég er hér fulltrúi fyrir, og nokkrar aðrar — að taka sérstaklega upp fjárveitingar til endurgreiðslna á framlagi 1945, það sem unnið hefur verið umfram áætlun. Hér er um að ræða brtt. hv. fjvn. varðandi Stykkishólm og Ólafsvík, og hefur sú aðferð verið viðhöfð, að fjárveitingar í þessu skyni verða að miklu leyti dregnar frá sýslunni. Afleiðingin verður sú, að vegaframkvæmdir í sýslunni verða á næsta ári sáralitlar á móts við undanfarin ár, ef till. n. verða samþ. óbreyttar. Ég verð að taka það fram, að hér stendur nokkuð sérstaklega á, þar sem ekki er

um að ræða venjulegar umframgreiðslur, heldur einungis um verkhyggnisástæður, sérstaklega hvað snertir Stykkishólmsveginn, en endurgreiðsla vegna hans á að nema 120 þús. kr. Þessi vegalagning milli Borgarness og Stykkishólms var mjög langt komin í heild, og tókst að fá þangað jarðýtu á síðastliðnu sumri. Þess vegna hefði það verið lítil verkhyggni að flytja jarðýtuna á burtu og flytja hana svo þangað aftur næsta sumar, og yrði heildarkostnaðurinn miklu meiri. Ég vildi taka þetta fram til skýringar þeim till., sem ég flyt á þskj. 322. Sú fyrsta er um 20 þús. kr. fjárveitingu til Hnappadalsvegar. Hann hefur verið tekinn í þjóðvegatölu og hefur 2 undanfarin ár haft 15 þús. kr. styrk í fjárl., sé ég ekki ástæðu til að fella þann veg alveg niður, eins og hér er gert. Þá ber ég fram till. um styrk til Hellissandsvegar, en hann hefur orðið fyrir barðinu á hv. fjvn. undanfarin 3 ár, og er þar þó um mikla þörf að ræða. Hellissandur er stórt kauptún, sem hefur ekki verið í bílasambandi, þótt að vísu komist þangað sérstaklega útbúinn bíll, sem hefur haldið uppi mjólkurflutningum. Hins vegar vantar mjög á, að vegagerð þar sé komin í sæmilegt horf. Enn þá hefur hv. fjvn. ekki fengizt til að taka upp fjárveitingu til þessa vegar, og flyt ég því brtt. um 50 þús. kr. fjárveitingu til hans. Ég skal taka það fram, að án þess að fjvn. samþykkti það, þá hefur fengizt af 22 gr. fjárl. um 25 þús. kr. fjárveiting í hvort skipti til samgöngubóta á þessum slóðum.

Þriðja brtt. mín er varðandi Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarveg. Er lagt til, að þangað verði veittur 20 þús. kr. styrkur, en þar sem um tvo vegi er að ræða, legg ég til, að hann verði hækkaður upp í 40 þús. kr. Þrjár ofangreindar brtt. eru undir I. á þskj. 322.

Næst á ég brtt. á sama þskj., XVI. lið, sem er tvær till. Sú fyrri er nýr liður og fjallar um framlög til lendingarbóta að Hellum, að upphæð 10 þús. kr. Ég flutti þessa till. í fyrra, en hún fékk þá ekki náð fyrir augum þingsins. Er þarna um mikla þörf að ræða. Ég býst ekki við, að mikið verði unnt að vinna fyrir þessa upphæð, en þó mundi þetta bæta mjög úr skák fyrir þá báta, sem þaðan stunda sjó. Skýrði ég þetta nánar í fyrra eða á tveim síðast liðnum þingum og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um till. þessa, enda ekki um stóra upphæð að ræða. — Síðari till. undir sama lið er einnig nýr liður og fjallar um byggingarstyrk til Hellnakirkju. Hef ég einnig skýrt það mál nánar áður. Þarna er fámennur söfnuður, sem hefur ráðizt í að koma upp kirkju við erfiðar fjárhagsástæður, og hvíla allmiklar skuldir á kirkjunni. Kunnugt er, að margir staðir hafa fengið slíkan byggingarstyrk, og sé ég því ekki, hvaða sanngirni er í því að veita sumum kirkjum hann, en öðrum ekki, sem eins stendur á um.

Loks á ég á sama þskj. brtt. undir XIX. lið. Er það nýr liður og kveður á um 10 þús. kr. byggingarstyrk til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Er þetta eitt af hinum gömlu merkilegu amtsbókasöfnum. Stendur bókasafnið á einum fegursta og viðsýnasta stað í Stykkishólmi, en er nú gersamlega að hruni komið. Hefur það annars fengið nokkurn rekstrarstyrk undanfarin ár. Hefur verið gerð áætlun um, hvað kosta mundi að byggja yfir safnið, og telur húsameistari ríkisins, að það muni kosta 60 þús. kr. Nú hefur sýslan og hreppurinn lagt fram eins ríflegan skerf til þessa og frekast er hægt að heimta, og held ég, að þau eigi 15—20 þús. kr. í byggingarsjóði. Hins vegar er ómögulegt fyrir þessa aðila að leggja út í þessa safnsbyggingu, nema einhver styrkur komi á móti úr ríkissjóði. Ég færði nánari rök fyrir þessu í fyrra, og fór ég þá fram á 20 þús. kr. styrk, en hann náði ekki fram að ganga. Fer ég nú aðeins fram á 10 þús. kr. styrk. Ég vil taka það fram, að sér er ekki um eins dæmi að ræða. Í fyrra var m. a. á Ísafirði og Húsavík veittur sérstakur byggingarstyrkur auk rekstrarstyrks. — Sé ég ekki ástæðu á þessu stigi málsins til þess að fara fleiri orðum um þessar brtt. mínar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ætlað að geyma að svara nokkru af því, sem kynni að verða rætt um fjárlagafrv., þangað til síðar, en af því að komið er nærri þingslitum og enginn þeirra, sem á mælendaskrá eru, er mættur, þykir mér rétt að nota tímann til svara.

Ég vil geta þess þegar í upphafi máls míns, að n. þótti rétt að láta það koma ljóst fram, hver héruð fengið hafa greiðslur fram yfir fjárveitingar í yfirstandandi fjárlögum. Viðvíkjandi vegum á Snæfellsnesi er það að segja, að notaðar hafa verið 90 þús. króna til Ólafsvíkurvegar og kr. 120 þús. til Stykkishólmsvegar. Þessari upphæð eigum við að bæta við það, sem er undir a-lið, og hefur Ólafsvíkurvegur þá fengið 120 þús. á þessu ári, en búið er að ljúka Stykkishólmsvegi. Nefndin hefur heyrt, að féð hafi verið lánað burt úr sýslunni, og er ekki um annað að gera en veita fé til að greiða þetta lán. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. Snæf. hafi ætlazt til, að veittar yrðu aðrar 120 þús. kr. til Stykkishólmsvegar, sem lokið er.

Það er ekki hægt að ætlazt til þess, að þingmenn hafi fjárveitingarvald bæði utan þings og innan. Það mundi stefna í ófæru.

Ég skal geta þess í sambandi við fjárveitingar til vegagerða, að á síðast liðnu sumri var unnið fyrir um 200 þús. kr. framhjá fjárlögum í Stykkishólmi. Þar var og haldið verkstjóra, sem búið var að lofa vestur í Barðastrandarsýslu og er talinn bezti verkstjóri á landinu. Þetta er gert á þeim sama tíma, sem ærnu fé er svipt af Barðastrandarsýslu, er fara átti til Kleifaheiðarvegar.

Ef hv. þm. Snæf. þykist fá of lítið fé í fjárl. til sýslu sinnar, þá er hægt að fara þessa leið, að fá svo og svo mikið fé framhjá fjárlögum, ef vill. — Þetta gildir um allar sams konar aths., sem fram kunna að koma frá öðrum þm. um fé, sem greitt er fram hjá fjárlögum.

Ekkert hefur verið tekið frá til kirkna á þessu ári, og get ég ekki sagt, hvernig fer um þær brtt., sem um þetta koma fram. En líklegt þykir mér, að hvorki ég sjálfur né n. í heild breyti afstöðu sinni.

Viðvíkjandi ummælum hv. 1. þm. Skagf. skal tekið fram, að svo virðist sem Sauðárkrókur fái fyllilega þann hluta, sem honum ber af því fé, sem til hafnargerða er lagt. Hitt skal athugað með þær skuldakröfur, sem hv. þm. telur, að Sauðárkrókur eigi á ríkissjóð vegna vangreiðslu til hafnarinnar. — Viðvíkjandi dýpkun hafnarinnar vil ég taka fram, að hæstv. samgmrh. hefur lýst yfir, að hann vilji ekki fara inn í dýpkunaraðgerðir, meðan ríkið á ekki gott dýpkunarskip.

Viðvíkjandi Hofsósi er það að segja, að þar er fylgt mjög tillögum vegamálastjóra. Ég verð að segja, að fyrir hafnir eins og þessa er enginn vandi að taka lán í stað þess að ganga mjög nærri ríkissjóði, þar sem hann er jafnilla staddur og hann er. Eins er með Akranes og fleiri staði.

Ég skal þá koma að því, sem hv. 11. landsk. minntist á í gær. Það var út úr jarðborunum. Skal ég fúslega viðurkenna, að réttmætt hefði verið að setja einhverja ákveðna upphæð til að mæta þessum útgjöldum. En þá hefði verið rétt, að gerð hefði verið grein fyrir því, hvað mikið er áfallið. Ég vona, að hv. 11. landsk. láti n. í té allar nauðsynlegar upplýsingar um þetta efni, og skal það þá athugað milli umr.

Hvað við kemur aths. hv. 2. þm. N.-M. má segja hann hamingjusaman, þar sem hann hefur fengið 10 þús. kr., sem unnið hefur verið fyrir þar í sumar. Mér er sagt, að ágætur vinnumaður norður þar hafi lánað 5 þús. kr. til þess að hægt væri að ljúka veginum. Þetta mál væri leyst, ef lánið frá vinnumanninum væri látið standa til næsta árs. Þetta er prinsipmál, og yrði ómögulegt að stöðva þær kröfur, sem sköpuðust í vegamálunum, án þess að fylgja þessu prinsipi. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að áður hefðu verið lagðar kr. 100.000.00 til Jökulsárhlíðarvegar, en nú kr. 60.000.00. Hér blandar hv. þm. saman, því að sama upphæð og áður er lögð til þessa vegar. Það er því hér um að ræða rökvillur að halda, að þessi greiðsla hafi verið felld niður. Ég hef áður skýrt frá átökunum um brúaframlögin. Það þarf svo háar upphæðir til brúaframkvæmda, að n. sá sér ekki fært að leggja til, að svo há framlög yrðu gerð. Hefði þurft fleiri milljónir, ef hefði átt að gera alla ánægða. Ég veit ekki, hvort ég hef staðið fastar fyrir en aðrir, en mér var engan veginn sársaukalaust að láta fella fyrir mér brúarframlag ár eftir ár, eins og gert hefur verið. Býst ég við, að svipað sé að segja um hv. 2 þm. N.-M. og aðra, sem reynt hafa það sama.

Það er rangt, sem hv. þm. sagði í gær, að engin framlög væru til héraða, sem ekki hafa læknisvitjanasjóði. Það fara 18 þús. kr. til héraða, sem hafa læknisvitjanasjóði, en 12 þús. til hinna, sem enga slíka sjóði hafa. — Hv. 2. þm. N.-M. sagðist vera ósammála því að veita jafnmikið fé til opinberra bygginga og gert væri, eins og t. d. til Þjóðminjasafnsins. Ég er þessu að nokkru leyti samþykkur og að nokkru leyti ósamþykkur. Það tekur bæði byggingarefni og vinnuafl frá öðrum byggingum. Þetta á sinn þátt í því að auka dýrtíðina, en hvaða þm. vilja falla frá kröfum sínum í þessu efni, t. d. um framlög til skólabygginga, þar sem hér er verið að bæta úr knýjandi þörf? En ríkisstj. verður að gera upp við sig, hvort hún vill halda þessu áfram eða hlaða undir dýrtíðina.

Margar stórar byggingar eru reistar á þessum tíma, t. d. íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni, sem mun kosta á 2. millj. kr., því að mun dýrara er nú að byggja úti á landi en í Rvík. Þrengslin þar eru svo mikil, að það er kennt og sofið á klósettunum! Þörfin er svona sterk fyrir íþróttakennaraskóla, og nemendur eru svo margir, að þeir verða að sofa á klósettunum, — já, á klósettunum. Ef til vill er ekki alveg nauðsynlegt að byggja Þjóðminjasafn, en hv. þm. mega bara ekki gleyma því, að þetta var nú eina gjöfin til þjóðarinnar við lýðveldisstofnunina, og ef við getum ekki staðið við þetta, þá erum við ekki lengur færir um að heita sjálfstæð þjóð né eigum það skilið, og ég sé ekki, hvernig við ættum að svíkja þetta, þar sem Alþ. hefur lofað því.

Hv. þm. A.-Húnv. vék að mér fyrir það, hvað ég væri skefjalaus um að knýja fram fjárframlög til vega í Barðastrandarsýslu. Honum hlýtur að vera það ljóst, að þetta gat ekki verið hv. 9. landsk. þm., því að nú vill enginn kannast við Selvogsveginn, og þessi ummæli gátu því alls ekki átt við hann, því að enda þótt hann hafi slangrað inn á þing sem 9. landsk., þá er hann samt ekki þm. G.-K. og verður vonandi aldrei þm. þess kjördæmis. Ekki gat þetta átt við hv. 6. landsk. þm., þar eð hann er ekki heldur þm. neins kjördæmis. Ekki hv. þm. V.-Húnv., ekki hv. 4. landsk. Þá eru eftir hv. þm. N.-Þ., hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Borgf. og ég. Hv. þm. Borgf. hefur fengið 135 þús. kr. til vega í Borgarfjarðarsýslu og 200 þús. kr. til vegarins fyrir Hafnarfjall. Hv. 1. þm. Rang. fékk 110 + 120 þús. kr. til vega þeirra, sem liggja gegnum hans sýslu og notaðir eru sem almannavegir. Hv. þm. N.-Þ. fékk 165 þús. kr. og hv. þm. V.-Húnv. 150 þús. kr. og hv. þm. A.-Húnv. 195 þús. kr. Hann ætti svo að bæta við helmingnum af því, sem veitt var til Vatnsskarðsvegar og Gönguskarðsvegar, sem samtals gerir 310 þús. kr.

En svo kemur hneykslunarhellan: 410 þús. kr. til Barðastrandarsýslu, og ég mundi hafa roðnað, ef ég hefði ekki fengið þetta, því að ég get upplýst það, að hún hefur í þessu efni verið vanrækt, ekki á síðustu þingum einungis, heldur á öllum þingum, sem haldin hafa verið fram að þessu. Ég hef oft gert fyrirspurn um línurit yfir vegaframkvæmdir í hinum einstöku sýslum landsins, sem átti að vera komið fram fyrir löngu, en hefur ekki komið fram enn þá, til þess að ekki sæist, hvað þessi sýsla er langt á eftir öllum öðrum um þetta. Í Barðastrandarsýslu er enginn vegarspotti, sem lagður hefur verið sem vegur af því opinbera, heldur aðeins ruðningsvegir. Eini lagði vegurinn þar var gerður af héraðsmönnum sjálfum um síðustu aldamót. Ef þannig hefði verið ástatt með Austur-Húnavatnssýslu, er ég hræddur um, að eitthvað hefði heyrzt í hæstv. forseta. Árið 1943 barðist ég fyrir því, að byggðar yrðu 2 brýr í Austur-Barðastrandarsýslu, og voru þær loks byggðar í sumar. Á fundi í n. var lesið upp bréf frá vegamálastjóra, þar sem hann sagði, að það þyrfti 75 þús. kr.

til þess að koma þessum brúm í vegasamband, en hann lagði ekki til, að þessi fjárhæð yrði veitt, heldur vildi hann, að veittar yrðu 300 þús. kr. til vegar að brú, sem byggja á eftir 3 ár. Eins og vænta mátti, blöskraði nm. þetta framferði alveg. Ég ákvað að láta þessar brýr standa þarna í nokkur ár sem hrópandi dæmi um, hvernig þessum málum er stjórnað.

Vegamálastjóri lagði til, að veittar yrðu 70 þús. kr. til Barðastrandarvegar, og byggðist sú till. hans á því, að skorið yrði af öllum öðrum vegum í sýslunni, þar á meðal Patreksfjarðarvegi, sem er eini möguleikinn til þess að hægt sé að vinna með vélum á Rauðasandi og til þess að hægt sé að skaffa Patreksfirðingum mjólk, og til hans þarf 50 þús. kr. Hv. þm. A.-Húnv. lagði til, að Bíldudalsvegur yrði felldur niður með 46 þús. kr. Þetta er þó þorp, sem hefur um 500 íbúa með nærsveitum, en til Ólafsfjarðarvegar eru lagðar 400 þús. kr. Ég taldi mér ekki fært að gera slíkt. Það er þó hægt að aka til Skagastrandar, en ekki er hægt að aka til neinna staða í Barðastrandarsýslu, nema í austursýslunni. Ég held, að Patreksfjörður hafi lyft Grettistaki með því að reisa heilmikla karfaverksmiðju á erfiðum árum, þegar örðugt var um gjaldeyri, — og á svo þessi bær ekki að hafa möguleika til þess að afla mjólkur fyrir börn sín? Það hefur ekki verið Alþ. til sóma, hvernig búið hefur verið að þessari sýslu. Og ég ber engan kinnroða fyrir því, að Barðastrandarsýsla fái nú 440 þús. kr., meðan Ólafsfjörður fær 400 þús. kr. og Oddsskarð 300 þús. kr. Ég get sagt hæstv. forseta það, að brú á Blöndu var ein af þeim, sem ég lagði til, að yrðu byggðar. En n. er ekki sammála um það, að Jökulsárbrú eigi að ganga fyrir öðrum brúm. — Ef bornar eru saman tillögur vegamálastjóra 1944 og nú, þá sést, að þar er ekki fullt samræmi á milli. Þetta mætti laga, ef benzínskatturinn yrði hækkaður upp í 20 aura, og mundu þá fást 2 millj. kr. til viðbótar, og með því mætti, enda þótt sumum héruðum kynni að verða íþyngt, bæta það upp síðar. En ég vil þá heldur verja fénu til þess að brúa einhverjar aðrar ár en Blöndu, því að á henni er þó ein brú fyrir, en sumar ár, sem nú eru óbrúaðar, þarf að vaða upp undir höku eða meira.

Um mjólkurstöðvarmálið vildi ég segja það, að n. hefur enga andúð á mjólkurstöð, en málið er bara alveg óundirbúið, og það er ekki hægt fyrir n. að leggja fram fé í fyrirtæki, sem er algerlega óundirbúið.

Ég held þá, að ég hafi svarað hæstv. forseta. Viðvíkjandi hv. 1. þm. Eyf. vildi ég segja það, að hjá honum kom það bezt í ljós, hversu erfitt er fyrir n. að gera hv. þm. til hæfis. Það er furðulegt, að þessi hv. þm. skyldi yfirleitt leyfa sér að standa hér upp, eftir að óhemju upphæðir hafa verið veittar til hans sýslu. Eyjafjarðarsýsla er sú sýsla, sem bezt er veguð, og í Svarfaðardal er t. d. vegur upp með Svarfaðardalsá annars vegar, en niður með henni hins vegar. En á meðan eru fjölmargir aðrir staðir, sem alls ekkert vegasamband hafa. Ég held, að hv. 1. þm. Eyf. hafi unnið til þess, að n. endurskoði sinn gang og lækki eitthvað af fjárveitingum til Eyjafjarðarsýslu. Sama er um Ólafsfjörð. Þegar þar þurfti að byggja höfn, vildi hv. þm., að Ólafsfjörður fengi bæjarréttindi. En nú á hann að verða þorp aftur, af því að reisa þarf barnaskóla! Ég held, að hv. þm. ætti bara að fá sér hjólbörur og aka Ólafsfirði milli þorps og kaupstaða eftir hentugleikum.

Ég er fús til þess að taka til athugunar till. hv. 4. landsk. Ég er þó á móti auknu framlagi til Alþýðusambandsins og enn fremur til skógræktarinnar. Þau þyrftu auðvitað lagfæringar við, því að þetta ætti að færast yfir á 20. gr. Þegar það væri gert, fær hún fullkomlega eins mikið og áður. Kostur skógræktarinnar hefur ekki verið þrengdur, þótt ekki væri veitt fé til kaupa á nýju skóglendi. Ég átti tal um þetta við skógræktarstjóra á milli funda, og hann var ánægður með þetta, nema að felldur skyldi vera niður liðurinn um kaup á skóglendi. — Hv. 4. landsk. taldi, að hækka mætti suma tekjuliðina um samtals 5,5 millj. kr., og get ég viðurkennt, að e. t. v. mætti hækka ýmsa þeirra, en tel þó óvarlegt að gera mikið að því. En hæstv. fjmrh. getur auðvitað gert það sjálfur á skrifstofu sinni, ef hann er ánægður með að taka við fjárl. með halla, og mun verða tekið tillit til þess í n.

Þá vil ég að síðustu gera athugasemdir við ræðu hv. 1. þm. Rang. Hann sagði, að þótt miklu fé væri varið til framkvæmda, gengju bær ekki betur en áður. Þetta er öfugmæli. Ég vil halda því fram, að Ölfusárbrúin hefði ekki verið byggð með sama hraða 1938 og nú hefur verið gert, og þetta er vegna miklu betri tækni, sem eykur svo mjög afköstin. Enda sýna kröfurnar það, að menn sjá meiri möguleika til að láta framkvæma, og sömuleiðis að framkvæmdirnar ganga hraðar en áður. Þessi sami hv. þm., 1. þm. Rang., segir, að fjvn. hafi ekki getað lagað launagreiðslur ríkisins. Ég vil svara því, að fjvn. hefur ekkert framkvæmdavald, hún getur aðeins gert tillögur. Fjvn. var líka ljóst, að þessi till. varð ekki framkvæmd nema með samvinnu við ríkisstj. og starfsmenn stofnananna. Hitt er annað atriði, að hv. 1. þm. Rang. á sinn þátt í því ástandi, sem ríkir í þessum málum, — því var komið á í valdatíð Framsfl., og verður erfitt að uppræta það. Já, það verður sannarlega erfitt fyrir ríkisstj. að pilla út allt það illgresi, sem stjórn Framsfl. gróðursetti. Ég vil spyrja þann hv. þm., hver réð millj. í varðbátana? Hver réð millj. í Súðina? Þó að arfinn sé mikill, skal ekki standa á mér við að reyna að uppræta hann.

Þm. segir, að ég tali um góða afkomu atvinnuveganna. Ég vil gjarnan ræða þetta nánar. Hvernig hefur þessi hv. þm. litið á uppbæturnar? Er hann farinn að líta á þær sem styrk? Ef þm. vill hugsa aftur í tímann, kemst hann að raun um, að uppbæturnar sköpuðust fyrst við 5 millj. frá Bretum vegna markaðstapa. Ef hv. þm. vill athuga, hvað gert var við þetta fé, kemst hann að raun um, að 9% runnu til bænda, en lítið eitt til fiskimjölsiðnaðarins. Það eina, sem hækkaði verulega, var fiskurinn, en það var ekki sérstaklega af því, að fiskurinn hefði hækkað úti, heldur af því að nú þurfti ekki

lengur að flytja í verksmiðju eða til iðnaðar. Þess vegna fengu framleiðendur meira. Þetta orsakaði aftur á móti ósamræmi á vöruverði hér. Þegar Bretar sáu, að Íslendingar töpuðu á að geta ekki flutt landbúnaðarvöru til meginlandsins, bættu þeir fyrst í stað þessi markaðstöp, en síðar, þegar augljóst var, hversu mikið þjóð vor græddi á fisksölunni, fannst þeim ekki ástæða til að halda þessum bótum áfram, en töldu Íslendinga sjálfa geta miðlað þeim gróða. Framsóknarmenn halda því fram, að það hafi verið svik við þjóðina að halda ekki niðri vísitölunni 1940 til 1941. En hefur hv. 1. þm. Rang. gert sér ljóst, hvernig viðhorfið breyttist? Bandaríkin keyptu upp allt vinnuafl í landinu. Það var þýðingarlaust fyrir valdhafana að segja: Við fyrirbjóðum þetta. — Þjóðin hefði neitað slíku. Auk þess sem við hefðum með því fyrirbyggt alþýðunni 30 millj. kr., sem hafa orðið henni mjög miklar kjarabætur. Hefði hv. 1. þm. Rang. viljað svipta alþýðuna þeim kjarabótum, sem þessar 30 millj. kr. hafa veitt henni? Ég hefði ekki viljað það. Þetta eru aðalorskir dýrtíðarinnar. Nú segja þessir flokksbræður í Framsfl.: Það á bara að færa niður dýrtíðina, — enda þótt enginn grundvöllur sé fyrir slíku. En segjum, að hægt væri að lækka vísitöluna niður í 150 stig, þá mundi það raska öllu jafnvægi. Við þurfum ekki annað dæmi en mann, sem nú nýverið hefði keypt hús, sem hann hefði orðið að taka lán fyrir. Hvar væri hann staddur? Sannleikurinn er, að dýrtíðin hefur ekki verið böl, en það er þörf á að stöðva hana, og um það á baráttan að standa, en lækkun er ekki möguleg eins og nú stendur, því að röskun á vísitölu hefur sömu áhrif og röskun á gengi. Hv. 1. þm. Rang. veit vel, að bændur væru ekki búnir að borga kreppulán sín, ef ekki hefði verið dýrtíð.

Hv. 1. þm. Rang. benti á, að 1938 hefði 40% af ríkistekjunum verið veitt á 13. og 16. gr. fjárl., en nú aðeins 30%. Það er eins og hv. þm. viti ekki, að aðrar greinar séu til í fjárl. Veit þm. ekki, að stórkostleg hækkun hefur orðið á mörgum öðrum greinum, t. d. utanríkisþjónustu, fjárveitingum til sjúkrahúsa og læknisbústaða o. fl.? Mér finnst einmitt það glæsilegasta nú, að atvinnuvegirnir skuli geta staðið undir þessu og blómgazt, þrátt fyrir að af þeim séu teknar stórar upphæðir til alls konar framkvæmda. Þetta hefði aldrei verið hægt í tíð Framsfl., því að hann sér aldrei annað en trillubáta, enda var það eins og að stinga hníf í hjartað á 1. þm. Rang., þegar afnuminn var styrkur til trillubátaútgerðar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega um styrk til Jóns Dúasonar. Sú till. byggist hvorki á sanngirni né viti, og um slíkt hirði ég ekki að deila.

Haraldur Guðmundsson: Ég hef hlustað með talsverðri athygli á tvær ræður hjá hv. form. fjvn. Ég mun ekki gera þær sérstaklega að umræðuefni, þó að ekki beri að neita því, að mörg gullkorn hafa fallið, sem vel væru þess verð að ræða þau. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna brtt. á bls. 13 nr. 108 á þskj. 308, viðvíkjandi lækkun á kostnaðartillagi vegna alþýðutrygginganna í 17. gr. úr 232500 kr. niður í 150000 kr. Um þetta segir í greinargerð á þskj. 309: „Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar séu gerðar á þessari grein, að færður verði niður kostnaðarliður við tryggingar í samræmi við launalögin". Ég veit ekki vel, hvernig ber að líta á þetta, hvort það er spaug eða misskilningur, en alvara getur það ekki verið. Laun við þessa stofnun eru ekki undir launalögum, en skiptast í flokka. Um þetta atriði má deila, en þessi till. er fjarri allri skynsemi. Hv. form. fjvn. sagði líka, að ekki væri neinn vandi að laga fjárlögin, bara skera niður útgjöldin. Ég er alveg sammála, ef víða eru lík vinnubrögð og í þessari till. — Ég vil með leyfi forseta sýna fram á fjarstæðuna í þessari till. Samkvæmt fjárl. eru laun við tryggingarstofnunina áætluð 453 þús. kr., þar með talin laun tryggingaráðs o. fl. Laun starfsmanna eru 405 þús. kr. Yfir þetta hefur hv. fjvn. fengið lista. Nú er till. hv. fjvn. þess efnis, að þessi laun verði lækkuð niður í 330 þús. kr. til samræmingar. Ég verð að segja, að ég hef oft vitað einkennilegar niðurstöður, en þó aldrei slíka reginvillu, að laun, sem eru 405 þús. kr., eigi að lækka í 330 þús. kr. og það aðeins til samræmingar, eins og greinilega er tekið fram í grg. hv. form. fjvn. Þetta eru mér algerlega óskiljanleg vinnubrögð. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. En ef afgreiðsla er víða svipuð þessu, horfir ekki vænlega þrátt fyrir langa ræðu hv. form. fjvn.

Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Í fjárl. ár hvert hefur nú um undanfarin ár verið fastur liður á 13. gr. B. 2. um flóabáta, — styrkur eða tillag til rekstrar samgangna kringum landið, sem eru ekki reglulegar strandferðir. Þennan lið hefur önnur n. en fjvn. haft til meðferðar, sem sé samgöngumálanefndir Alþ., sem einu nafni hafa kallazt samvinnun. samgöngumála. Nál. hefur nú samvn. samgm. gefið út á þskj. 270. Og till. n. um allar upphæðir, sem veita þurfi og segja má, að óhjákvæmilegt sé undir öllum kringumstæðum að veita til þessa, eru samanlagt til þessara samgangna kr. 853.150. Þetta hefur hv. fjvn. líka tekið til meðferðar, og fylgir hennar brtt. till. um að koma þeirri upphæð inn í fjárlagafrv., svo að samvinnun. samgm. gerir engar sérstakar brtt. um það, heldur hefur orðið að samkomulagi, að það yrði falið fjvn. Að öðru leyti heldur sér það ákvæði til varhygðar, sem einnig hefur staðið í fjárl., hvernig greiðsla á þessum styrkjum fari fram. Þar eru skilorð, sem fylgja með, sem verða eins og síðast algerð skilyrði fyrir greiðslu fjárins. En að tilhlutan ráðuneytisins hefur Skipaútgerð ríkisins haft umsjón með þessum samgöngum og að nokkru leyti samgöngurnar á hendi og eins till. um greiðslu þessa fjár, að fengnum skilríkjum. — Á þskj. 270 gefur einnig að líta, sem nauðsynlegt er, til þess að greiðsla geti farið fram eins og til er ætlazt, yfirlit um skiptinguna, þar sem talið er upp, hvað veita beri til þessara samgangna á hverjum stað, sem hér koma til greina í kringum land allt. Og má segja, þó lauslega sé, að

þetta skiptist nokkuð eftir landsfjórðungum. Og einnig tekur nál. svo til í grg., að talað er um höfuðsamgöngurnar í hverjum landsfjórðungi, og eru þeir bátar sem samgöngutæki taldir í þessu yfirliti, sem hér eiga að koma til greina. Þó hafa víða gloppur orðið á, sérstaklega á stríðstímanum, um það að ávallt hafi orðið svo nægilegir farkostir sem skyldi til þessara samgangna, svo að leita hefur þurft sérstakra úrræða þar, sem allt hefur komizt í óefni, bæði vegna þess að ekki hefur verið hægt að halda uppi samgöngum af hálfu héraða og eins hafa nokkrir misbrestir orðið á því, hvernig þessir bátar hafa reynzt og að hvaða haldi þeir hafa komið. En úr því hefur Skipaútgerðin átt að bæta, enda gert það eftir föngum. Svo að í heild má segja, að það þyki mjög vel við hlítandi eftir atvikum eins og þessu hefur verið fyrir komið og rekið einnig á síðasta ári. Er þess að vísu vænzt, að nokkrar umbætur komi til í þessu efni, þegar strandferðabátarnir nýju koma til, því að þá mun vera í ráði að haga þessu á ýmsan hátt öðruvísi en nú hefur verið um hríð og þá með öruggari hætti. En það mun nú fyrst koma til að ári, þegar fjallað verður um þessi mál fyrir næsta ár þar á eftir, og þá til framkvæmda á árinu 1947, ef vænta má, að málið fái greiðan framgang.

Ég hef ekki orðið þess var, að hv. þm. hafi gert neinar aths. eða komið fram með fyrirspurnir viðvíkjandi þessum sérstaka lið fjárl., og tel ég því ekki þörf á að greina frekar frá þessum málum, sem nál. samvn. samgm. ella tekur til í öllum höfuðatriðum svo, að skiljanlegt ætti að vera öllum hv. þm., sem hér þurfa að að líta. Því að það eru ekki nærri allir staðir á landinu, sem koma til greina í þessum efnum, eða mjög mismunandi eftir héruðum, hve ríka áherzlu ber að leggja á þessar samgöngur, heldur er fyrir samgöngunum séð með öðrum hætti oft og einatt í ákveðnum héruðum. En þó varðar þetta þjóðina í heild og atvinnuvegi í heild, svo fremi að við teljum, að samgöngur beri að hafa þann veg hjá hverju þjóðfélagi, að höfuðáherzla skal á það leggjast að halda samgöngum í góðu horfi, því að ella geti þjóðarbúið ekki staðizt. — Sé ég ekki þörf á að lengja þetta mál frekar, nema sérstakt tilefni gefist.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. ásamt hv. 2. landsk. þm., og eru þær prentaðar á þskj. 322. Fyrri brtt. er rómv. V og er um lítils háttar hækkun á framlagi til tveggja vega í Austur-Skaftafellssýslu frá því, sem hv. fjvn. leggur til í brtt. sínum. Fyrri hluti þessarar brtt., liður 1, er um að orða 84. lið brtt. hv. fjvn. þannig að kalla hann Nesjaveg og hækka framlagið upp í 30 þús. kr. úr 20 þús. kr., sem fjvn. leggur til. Á undanförnum árum hafa aðeins verið lagðar fram smávegis fjárupphæðir í nýbyggingar í svo nefndan Innnesjaveg. En nú liggur fyrir, að aðalvegur í þessu héraði er Nesjavegur sjálfur, sem er orðinn gamall. Og þar eru sérstaklega tveir kaflar, sem þarf að endurbæta. Vegaverkstjóri, sem hefur haft þetta mál til umsjónar mörg undanfarin ár, hefur sérstaklega óskað eftir því, að það tækist að fá þessa fjárveitingu, sem við förum hér fram á í þennan veg, með það fyrir augum, að óhjákvæmilegt sé að endurbyggja tvo kafla hans á næsta sumri. Þá er 2. tölul. þessarar brtt. um það að hækka lítils háttar framlagið til Öræfavegar, úr 15 þús. kr. í 20 þús. kr. Hér er aðeins um smáupphæð að ræða. En þessi vegur tekur yfir mjög langt svæði, og þar er mikið verkefni óunnið, bæði að halda áfram að leggja nýjan veg upp að Skaftafelli og svo á öðrum stöðum, þar sem vegagerðin er hálfunnin samanborið við það, sem áður hefur verið lagt að öðru leyti. Ég vil taka fram, að þó að við höfum leyft okkur að bera fram þessa brtt., er það ekki svo að skilja, að við vanþökkum hv. fjvn. það, sem hún hefur lagt til þessara mála. Mér er vel ljóst, að hv. fjvn. hefur unnið að ýmsu leyti vel úr því, sem fyrir hana hefur verið lagt. En hér er aðeins um smáupphæðir að ræða, sem ég vænti, að bæði hv. fjvn. og þingið í heild líti á með fullri sanngirni og verði við þeim óskum að samþ. þessar brtt. Það mun öllum ljóst, að boginn er ekki spenntur hér hærra en full nauðsyn er til.

Þá er á sama þskj. undir rómv. IX brtt. frá okkur hv. 2. landsk. þm. um brú á Holtakíl á Mýrum. Í brtt. hv. fjvn. er gert ráð fyrir að byggja eina brú í Austur-Skaftafellssýslu á næsta ári, það er brú á Laxá í Lóni, og hefur fjvn. þar að öllu leyti farið eftir till., sem komu frá mér og hv. 2. landsk. þm., það sem það nær, sem við vanþökkum á engan hátt. En hér er mikið verkefni fyrir hendi um brúargerðir í þessu héraði. Og þess vegna væntum við þess, að það verði einnig tekið til greina á hæstv. Alþ., að við getum fengið þá brú, sem brtt. á þskj. 322 hljóðar um, til viðbótar því, sem hv. fjvn. leggur til.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég talaði hér fyrir minum brtt. í gær. Hv. frsm. fjvn. taldi, að það væri svo um þessar tvær vegabrtt., sem ég flyt, að með tilliti til framlags til þeirra í fyrra — virtist mér hann meina — væri ekki ástæða til að auka framlagið nú. Um annan þessara vega, þar sem ekki er lagt til, að verði veittar nema 5 þús. kr. til vegarins, vildi ég þó enn taka fram til skýringar, að þessum vegi hefur verið komið þannig áfram undanfarið, a. m. k. þrjú síðast liðin ár, að einn og sami maður í héraðinu hefur lánað fé til þess að hægt væri að vinna að honum, og svo hefur fjárveiting komið eftir á. Nú hagar svo til, að ekki er eftir að vinna í þessum vegi nema að malbera dálítinn part, sem lagður var sumarið, sem leið og nær niður á árbakka, sem svo er hægt að aka eftir 30 km. leið alla leið á hreppsenda. Og mér þykir það hart, ef hæstv. Alþ. vill ekki veita þessar 5 þús. kr. til þess að vegurinn geti komizt áfram. Hins vegar skal viðurkennt, að ef hæstv. samgmrh., sem nú er staddur hér í salnum, vildi gefa vilyrði fyrir því, að fjárveiting fengist til þessa vegar að ári, ef þessi sami maður, sem ég gat um, lánaði fé til þess, að hægt væri að halda vegagerð þarna áfram og ljúka veginum á næsta sumri, þá mundi ég láta

mér það nægja. Báðar þær leiðir til þess að ljúka þessum vegi eru færar, annaðhvort að hæstv. ráðh. gefi þetta vilyrði, sem ég mætti svo flytja þessum manni heima í héraði, eða þá hin, að samþ. þessa brtt. mína við fjárlagafrv.

Hv. frsm. fjvn. hefur lofað að taka til athugunar það, sem ég sagði um læknisvitjanastyrkina, og heldur þó hv. frsm. fjvn., að á því sé ekki þörf. En dæmið liggur þannig fyrir heima í héraði, að lítill hreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, er í læknishéraði með Seyðisfjarðarkaupstað. Þessi hreppur hefur haft 200 kr. læknisvitjanastyrk, en breyt., sem gerð var í fyrra um þetta efni, er á þá leið, að ætlazt er til þess, að læknisvitjanastyrkir séu aðeins borgaðir til þeirra læknishéraða, sem hafa læknisvitjanasjóði, og því hefur enn ekki fengizt, síðan þessu var breytt þannig, útborgaður læknisvitjanastyrkur til þessa hrepps. Þarna er óhugsandi, að hægt sé að koma á því fyrirkomulagi, að læknisvitjanasjóður verði myndaður, þar sem meiri hluti læknishéraðsins er Seyðisfjarðarkaupstaður, því að kaupstaðurinn sjálfur hefur ekkert með hann að gera. En hins vegar verða íbúar Loðmundarfjarðarhrepps, ef þeir þurfa að sækja lækni, annaðhvort að fara á sjó eða yfir fjallgarð. Og ég fer fram á það við hv. fjvn., að hún hagi því svo, að þar, sem hagar svo til a. m. k., að læknisvitjanasjóðir verða ekki myndaðir, verði ekki læknisvitjanastyrkurinn tekinn af hreppunum, enda þótt almenna reglan sé — og ég er sammála því, að svo eigi að vera almenna reglan, — að veita eigi aðeins þennan styrk til þeirra læknishéraða, sem stofnað hafa læknisvitjanasjóði.

Ég er ánægður yfir því, að hv. form. fjvn. er mér sammála um það, að það sé dálítið athugavert við það að láta yfir helming af öllu byggingarefni, sem til landsins kemur, fara í opinberar byggingar, meðan svo er ástatt, að þegnar þjóðfélagsins allt of margir hafa ekki hús yfir höfuðið. En hv. form. fjvn. segist ekki hafa geta ráðið því í fjvn. Mér þykir mjög athugaverð stefna, sem hv. fjvn. hefur tekið í þessu efni, og ég álít rangt í sjálfu sér að gera það.

Þá vildi hv. form. fjvn. ekki telja vegamálastjóra manna dómbærastan um það, hvar mest væri þörf á brúm á landinu. Um það skal ég ekki deila við hann. Það er sjálfsagt alltaf ágreiningur um það, hvar brúa er mest þörf, hver sem á að dæma um það. En að öðru jöfnu verð ég samt að telja, að vegamálastjóri hafi töluvert betra yfirlit yfir þörf í þessu efni um land allt en hv. form. fjvn. og heldur en hver einstakur hv. þm. í fjvn. Því að það þarf meira en lítinn kunnugleika í öllum sýslum og hreppum landsins til þess að geta dæmt um, hvar mest er þörf á brúm. Og ég hefði talið rétt að hækka fjárveitingu til brúa yfirleitt það mikið, að þingið geti orðið að óskum vegamálastjóra um að brúa, auk þeirra vatnsfalla, sem fjárlagafrv. og till. fjvn. gera ráð fyrir að brúa, líka þrjár ár, sem vegamálastjóri lagði til, að væru brúaðar, og að meira fé væri veitt til brúargerða, sem við nokkrir þm. höfum flutt brtt. um, að bætt verði við. Með því höfum við farið eftir till. vegamálastjóra. Og hann er sá maður, sem langbezt yfirlit hefur um það, hvar mest er þörf á brúm á landinu.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Brtt. hv. fjvn. gefa mér ekki nema í fáum atriðum tilefni til umr. En ég á hér á þskj. 322 smávægilega brtt. ásamt tveim öðrum hv. þm., um námsstyrk handa efnilegum pilti, söngmanni, sem fór utan í haust til söngnáms í Stokkhólmi, Einari Sturlusyni. Hann er búinn að nema hér töluvert áður, og hugur hans stendur til þess að auka sér kunnáttu í söngmennt. Það liggja fyrir góð meðmæli með honum frá kennurum hans, Pétri Jónssyni óperusöngvara, dr. Urbantschitsch og Sigurði Þórðarsyni. Og nú sem stendur er hann að læra hjá einhverjum þeim ágætasta manni í þeirri grein, sem völ er á til þessarar kennslu, dr. Josep Hislop í Stokkhólmi. Það, sem fram á er farið, er 2500 kr., og skýri ég það ekki meir. Að öðru leyti vona ég, að n. og hv. þm. sjái sér fært að verða við þessari beiðni.

Ég vil aðeins, úr því að ég stóð upp út af þessari einu till. minni, láta þess getið, að það hefur, sem vænta má, mikið verið rætt um vegi og brýr. En mér var vonbrigði, þegar n. treysti sér ekki til að taka til greina óskir mínar og hv. samþm. míns, 1. þm. Árn., um svolitla hækkun á einum vegi þar í sýslu. Það er einna lægsta upphæðin, sem þar er um að ræða, sem fylgir þeim vegi, Skálholtsvegi. Hann er að miklu leyti ógerður, en mikil þörf. Við fórum fram á að hækka hann úr 10 þús., en n. hefur ekki talið sig geta orðið við þessari beiðni okkar, að hækka hann upp í 20 þús., og á móti ýmsum öðrum grösum, sem þar kennir, tel ég ekki til mikils mælzt. Ég hygg, að ef við hv. 1. þm. Árn. hefðum annar hvor átt sæti í fjvn., þá hefði þetta fengið góðan byr, því að það er svo venjulega, að þó að slík n. sem fjvn. sé skipuð einmitt hinum sanngjörnustu og beztu mönnum, sem vilja gera allt sem réttlátast, þá verður sjálfs höndin hollust. Ég býst við, að þessi litla brtt. komi aftur fram, og þá vona ég, að n. bæti kannske ráð sitt. Það er ekki af því, að þetta sé hroðvirkni hjá henni, en oft má lítið laglega fara, og þetta horfir þá til bóta.

Það væri gaman, ef maður vildi leggja út í að rabba um eitthvað fleira, ég hef kannske ástæðu til þess síðar, annaðhvort við þessa umr. eða við síðari umr. fjárl., en að svo stöddu hef ég ekki orð mín fleiri, en læt máli mínu lokið.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég get verið fremur fáorður við þessa umr. — Ég vil leyfa mér að byrja á því að lýsa yfir, að ég tel mig hafa nokkra ástæðu til að vera óánægður með þá afgreiðslu, sem erindi míns héraðs hafa fengið hjá fjvn. Ég fæ ekki betur séð en að framlög til vega hafi yfirleitt mjög verið hækkuð, og sérstaklega á þetta við um ýmis byggðarlög, sem á Vestfjörðum eru og vissulega þurfa á auknu fé til vega að halda. En hið sama gildir ekki, þegar komið er að till. fjvn. varðandi Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar er um nokkra lækkun til þjóðvegaframkvæmda að ræða frá því, sem var í fjárl. þessa árs. Ég hef þess vegna ásamt hv. 5. landsk. og 11. landsk. talið mig

knúðan til að bera fram nú þegar tvær brtt. til þess að gera tilraun til að leiðrétta það misrétti, sem mér virðist koma fram í brtt. n.

Þær till., sem við flytjum varðandi vega- og brúamál eru tvær á þskj. 322. Er þar fyrst Súðavíkurvegur. Til þessa vegar vill n. leggja 35 þús. Hins vegar leggur n. til að veita á öðrum stað til þessa vegar 50 þús. kr. sem endurgreiðslu til vegarins vegna þess, sem fram yfir var unnið á síðasta sumri. Getur það að sjálfsögðu ekki talizt fjárveiting til vegarins í næstu fjárl., og það veit ég, að n. gerir sér ljóst, að fyrir það fé verður ekki unnið á næsta ári.

Ég tel óþarft að rifja upp þá sorgarsögu, sem þessi vegargerð á sér, en ég vil eingöngu leggja á það ríkari áherzlu en nokkru sinni fyrr, að nauðsyn ber til þess að fá aukna fjárveitingu til vegarins. Þessi vegur, sem liggur kringum Skutulsfjörð og Ísafjörð áleiðis til Súðavíkur, er kominn í Arnardal. Er það ekki nema helmingur leiðarinnar eða tæplega það. Nú er það svo, að Ísafjarðarkaupstaður hefur keypt verulegar lendur í Álftafirði og hyggst að hefjast þar handa um mikla ræktun og koma þannig á fót mikilli mjólkurframleiðslu og kúabúi, en meðan vegurinn er ekki kominn, verður að bjargast við báta. Það ber því afar brýn nauðsyn til fyrst og fremst fyrir Ísafjarðarkaupstað, að þessari vegagerð verði hraðað sem allra mest. Það er ekki fyrst og fremst að ræða um nauðsyn fámenns þorps og sveitar, Súðavíkur, heldur fyrst og fremst þörf eins stærsta kaupstaðar á Íslandi og stærsta bæjar á Vestfjörðum. Ég legg því og við flm. þessarar till. mjög ríka áherzlu á það, að þessi hækkun á framlagi til Súðavíkurvegar verði samþ. af Alþingi.

Önnur brtt. okkar, einnig á þskj. 322, er um það, að tekinn verði upp nýr liður til brúargerða. Það er um brú á Ósá í Norður-Ísafjarðarsýslu, 130 þús. Í till. fjvn. er lagt til, að 90 þús. kr. verði veittar til Bolungavíkurvegar. Þessi brú, sem við flytjum brtt. um, er á þeim vegi, og hvar sem hafizt verður handa um gerð þessa vegar frá Bolungavík, sem ég tel jafnvel líklegast, að verði frá Hnífsdal að innanverðu, þá er brýn nauðsyn til að fá á þessa brúaða. Á þessari á er gömul trébrú, sem nú er ófært um og hættuleg mönnum og skepnum. Umferð yfir ána er hins vegar allmikil, þar sem ferðalög milli Bolungavíkur og Ísafjarðar á landi eru alltíð. Sést það af því, að oft og einatt þurfa sjómenn á vertíð að flýja með báta sína vegna erfiðra hafnarskilyrða til Ísafjarðar og fara síðan fótgangandi heim til sín til Bolungavíkur. Ég legg þess vegna mikla áherzlu á og við flm. þessarar till., 5. og 11. landsk., að þessi fjárveiting verði samþ. af Alþingi. Mér er einnig kunnugt um það, að í till. vitamálastjóra til fjvn. var mælt með því, að tekin yrði upp fjárveiting til þessarar brúar, og verð ég að láta í ljós nokkra undrun mína yfir, að fjvn. skuli ekki hafa talið sér fært að taka þessa fjárveitingu upp í till. sínar.

Áður en ég skilst við þessi brúamál, vil ég ítreka það, sem ég áður sagði, að ég og við, sem teljum okkur umboðsmenn fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu hér á Alþ., teljum, að þetta veglausa hérað hafi mjög orðið afskipt í till. n., og væntum þess eindregið, að leiðréttíng fáist hér á.

Ég vil svo leyfa mér að fara nokkrum orðum um þriðju brtt., sem ég á á þskj. 322. Hún er flutt jafnframt af öðrum þm. Vestfjarða og fer fram á, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með höndum landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Vestfjörðum. Ég vil aðeins leyfa mér að minna á það, að björgunarskútumál Vestfjarða er orðið alvarlegt mál og Vestfirðingum mjög vel kunnugt, þó að það hafi ekki borið mikið á góma. Það er mál allra manna á Vestfjörðum, að það sé eitt mesta nauðsynjamál þeirra byggðarlaga. Sjósókn hefur jafnan verið og mun jafnan verða einn meginatvinnuvegur Vestfirðinga. Öryggi fólksins er þess vegna mjög undir því komið, að eftirlits- og björgunarstarf sé rækt sómasamlega á þeim miðum, sem vestfirzki bátaflotinn sækir. Nú er það svo, að í fjárl. þessa árs var tekin upp fjárveiting, 500 þús. kr., til byggingar á nýjum varðskipum. Ég tel mig hafa nokkra vissu um það, að hæstv. dómsmrh., sem þessum málum er, eins og að líkum lætur, mjög velviljaður, enda fulltrúi eins af kjördæmum Vestfjarða, hafi á síðasta sumri látið falla ummæli, sem skilin voru sem vilyrði í þá átt, að þetta fé yrði notað til að byggja varðskip, sem annaðist björgunar- og eftirlitsstörf fyrir Vestfjörðum, og þetta mál var komið á allmikinn rekspöl í sumar. Slysavarnasveitin fyrir vestan gerði samþykkt, þar sem því var heitið, að Slysavarnasveit Vestfjarða legði fram um 200 þús. kr. til smíði björgunarskips, þegar vissum skilyrðum hefði verið fullnægt. Björgunarsveit Vestfjarða var sem sagt reiðubúin að leggja fram sjóði sína til þessarar samvinnu við ríkissjóð, svo að hægt væri að hefjast handa um smíði björgunarskips fyrir Vestfirði. Ég vil gjarnan, áður en ég held lengra, drepa á, að það mun hafa verið gert uppkast að samningi milli ríkisstj. annars vegar og Slysavarnasveitar Vestfjarða og Slysavarnafélags Íslands hins vegar um framkvæmd þessara mála, þannig að málið var komið á mjög góðan rekspöl. Það leit jafnvel út fyrir, að hafizt yrði handa um byggingu skips, án þess að endanleg ákvörðun hefði verið um það tekin. En svo gerist það, sem hv. þm. er kunnugt, að hæstv. ríkisstj. festir fyrir milligöngu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins kaup á þremur bátum, sem menn gerðu sér von um, að nota mætti til björgunarstarfa og jafnframt landhelgisgæzlu meðfram ströndum landsins. Var það ofarlega í hugum margra og m. a. hæstv. dómsmrh., að eitt þessara skipa yrði notað sem björgunarskúta við Vestfirði. Síðan þessi skip komu hingað, þá hefur það orðið, þó án þess að ég vilji fara að ræða það atriði sérstaklega, að þessi skip eru af öllum skynbærum mönnum talin óhæf til björgunarstarfa. Sérstaklega á ég við, að á Ísafirði hafa menn sannfærzt mjög rækilega um það, þegar það skip kom þangað vestur, sem menn höfðu hugsað sér, að notað yrði til þessa starfs þar. Ég hef átt tal við ýmsa af forráðamönnum Slysavarnafélagsins fyrir vestan, og þeir hafa

tjáð mér, að þeir álitu, að ekki kæmi til mála, að skipið verði notað í þessu tilfelli. Við erum þá komnir að því, að málið er komið í sama farveg og það var í síðasta sumar, áður en hin nýju skip voru keypt. Við höfum ekkert skip til að gegna þessu starfi, og það verður að byggja nýtt skip í þessum tilgangi. Ég hef þess vegna og við aðrir þm. Vestfjarða, sem að þessari till. stöndum, hv. 5. landsk., hv. þm. V.-Ísf. og hv. 11. landsk., talið rétt að flytja þá till., sem getur að líta á þskj. 322, XXIV, þar sem ríkisstj. er heimilað að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með höndum landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Vestfjörðum. Ég tel mig sérstaklega og við hv. flm. eiga traust og hald hjá hæstv. dómsmrh. varðandi samþykkt og góðar viðtökur á þessari till. okkar, og án þess að ég vilji nokkuð segja um, hvernig kann að verða niðurstaða á athugun, sem fer fram á hinum nýju bátum, þá hefur mér komið til hugar, að ef ekki verður hægt að nota þau skip, að þær 500 þús. kr., sem veittar eru í fjárl. þessa árs til varðbátakaupa, renni aftur inn í ríkissjóð, og þá er fyrir hendi fé til að standast þau útgjöld, sem brtt. okkar, sú sem ég hef lýst, fer fram á. — Ég skal svo ekki fjölyrða öllu meira um þessa brtt. Ég undirstrika það, að bátaútveginum og öryggismálum Vestfjarða er brýn nauðsyn á því, að þetta mál verði ekki óleyst lengur, og ég fullyrði, að það fjármagn, sem slysavarnasveit Vestfjarða hefur safnað, er það mikið, að mér finnst það nokkuð athugavert fyrir ríkissjóð að slá til lengdar hendinni á móti því, og ég tel enn fremur, að af slíkri fórnfýsi og dugnaði hafi verið unnið að framgangi þessa máls af hálfu vestfirzkra sjómanna og aðstandenda þeirra, að naumast sé við hlítandi fyrir þingið að mæta þeirri viðleitni í framtíðinni með því að þverneita um alla aðstoð og láta málið dragast á langinn öllu lengur en þegar er orðið. Það er óþarft að láta það fólk, sem hefur haft forustu um þessi mál og á öryggi sitt komið undir þeim, verða fyrir frekari vonbrigðum í þessum málum en komið er. Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að Alþingi taki þessari brtt. vel og að hæstv. ríkisstj. verði veitt sú heimild, sem till. fer fram á, og sérstaklega beini ég því svo til hæstv. dómsmrh., sem mun vera hinn áhugasamasti um þessi mál, að hafa forustu um það, að heimildin verði hagnýtt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég stend ekki upp til þess að mæla með nokkurri brtt. af minni hálfu, enda er það svo, að enn sem komið er stend ég ekki að neinni sérstakri brtt. við fjárl., en mun taka til athugunar á síðara stigi, að hve miklu leyti ég kynni að standa með öðrum eða bera fram brtt. við fjárl. En það voru örfá atriði í sambandi við brtt. fjvn., sem ég vildi minnast á, og þá sérstaklega þau atriði, þótt smá kunni að virðast, sem snerta bæði 14. og 15. gr. fjárl.

Mér virðist einhver meiri hl. í n. hafi gengið nokkuð langt til að seilast í niðurskurð á ýmsum liðum, sem smáir eru og telja megi til menningarmála. Vil ég þá fyrst og fremst leyfa mér að benda hér á 83. brtt. n., við 14. gr. fjárl., þar sem lagt er til, að niður verði felldur styrkur að upphæð 10 þús. kr. til menningarsjóðs Blaðamannafélagsins. Um leið hjó ég eftir því í ræðu hv. frsm. fjvn., að hann minntist á það, að vel gæti komið til mála að hækka verulega póstgjöld á blöðum, en ég mun kannske aðeins víkja að því síðar. En út af þessum lið vil ég segja, að hvert land þykist þá bezt á vegi statt, sem hefur á að skipa nýtum og myndarlegum hópi blaðamanna, sem allra færustum blaðamönnum, sem rækja þær skyldur, sem nauðsynlegt er í þjóðfélaginu og skrifa af viti og þekkingu og ég vil segja góðgirni um leið um almenn málefni. Ég held, að Blaðamannafélagið eða samtök blaðamanna hafi frekar þroskazt á allra síðustu tímum og eiga vafalaust eftir að þroskast mjög enn, og hafi verið þörf fyrir þennan styrk á árinu 1945 til menningarsjóðs Blaðamannafélagsins, þá er þörf á honum enn þá, og ég fyrir mitt leyti get ekki séð nein sérstök rök, sem mæli með því, að Blaðamannafélagið eða menningarsjóður þeirra sé sviptur þessum tekjum, enda mun hæstv. stj. hafa lagt svo til, að hann yrði áfram í fjárl.

En ég drap á það áðan, að hv. frsm. fjvn. minntist á það í sambandi við rekstur póstsins, að vel gæti komið til mála að hækka burðargjöld blaða, því að þau hefðu hækkað tiltölulega lítið. Nú skal ég ekki mæla gegn því, að reynt verði að koma því skipulagi á póstmálin, að þau ekki aðeins standi undir sér, heldur geti haft fé til nauðsynlegrar aukningar, en ég ætla þó, að eins og högum er háttað hér á landi, sé sanngjarnt og eðlilegt, að ekki séu mjög hátt sett burðargjöld á blöðum, sem send eru út um land. Og einmitt vegna þess strjálbýlis, sem hér er, að aðeins 130 þús. hræður búa í landi, sem er 100 þús. ferkm. að stærð, þá er hér meiri þörf en víðast annars staðar, að greitt sé fyrir samgöngum og ekki hvað sízt að koma menningu og fræðslu út um byggðir landsins. Það má segja, að ekki sé í allri blaðamennsku og blöðum að finna mikla menningu og fræðslu, en hitt er þó víst, að það verður ekki út skafið, að í íslenzkum blöðum, þótt gölluð séu, og íslenzkum tímaritum er að finna margan þann fróðleik og upplýsingar, sem landsmenn mega ekki og geta ekki án verið. Og því aðeins geta landsmenn t. d. myndað sér rökstuddar og greinagóðar niðurstöður út af málefnum, sem eru til umr., að þeir eigi þess kost að sjá þau rædd og útskýrð, og þá ekki sízt í blöðum og tímaritum. — Ég vil aðeins skjóta þessu fram í sambandi við þau orð, sem hv. frsm. fjvn. lét falla um þetta atriði.

Þá er það 85. brtt. fjvn., sem líka er við 14. gr. fjárl. Það er um niðurfellingu á styrk Matthíasar Jónassonar. Ég tók að vísu eftir því, að hv. frsm. n. hefur a. m. k. gert sér grein fyrir og væntanlega n., að vel gæti komið til greina, að styrkur til þessa uppeldisfræðings væri þá á einhverjum öðrum lið fjárl. eða á einhverju öðru formi í fjárl. Ég þekki Matthías Jónasson uppeldisfræðing persónulega, og ég veit af þeim, sem gerla mega vita, að hann er einn af lærðustu uppeldisfræðingum Íslands. Ég vil þess vegna skjóta því fram til frsm. fjvn., hvort hann

á síðara stigi vildi gera grein fyrir því, hvað hann og n. hefur í huga með þennan uppeldisfræðing. Vel má vera, eins og hv. frsm. tók fram, að honum yrði komið fyrir með annarri fjárveitingu, og hef ég ekkert út á það að setja, ef ekki væri skorinn niður styrkur til þessa manns, og ætla ég, að því fé væri vel varið, að fá þannig starfskrafta þessa góða uppeldisfræðings.

Þá er það 92. brtt., við 15. gr. fjárl., þar sem lagt er til, að niður sé felldur styrkur til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits. Ég varð dálítið undrandi, því að almenningur hefur fylgzt með starfsemi Íslendinga í Danmörku einmitt á stríðsárunum, og ég hef orðið þess var, hve mikill menningarauki hefur verið að þeirri starfsemi. Þessir menn hafa í innilokuðu landi gefið út tímarit og haldið uppi fræðslu til að halda saman Íslendingum og halda tengslum við þá, sem heima búa. Þessir Íslendingar, sem búa í Kaupmannahöfn, hafa líka á að skipa sérstaklega góðum starfskröftum, eins og t. d. prófessor Jóni Helgasyni, sem er einn af þekktustu rithöfundum, sem uppi eru íslenzkum og einhver allra þekktasti fræðimaður á Norðurlöndum. Ég vil þess vegna vænta þess, að þingheimur geti fallizt á, að þessi brtt. meiri hl. fjvn. sé ekki þess eðlis, að hún ætti að öðlast samþykki.

Í óbeinu sambandi við þetta er lagt til í næsta lið, að 5 þús. kr. styrkur, sem Norræna félagið á Íslandi hefur fengið, verði felldur niður. Alþ. Íslendinga samþ. með shlj. atkv. í marz 1944 að lýsa yfir þeirri skoðun Alþ., að aukið menningarsamband milli Íslands og hinna Norðurlandaþjóðanna væri nauðsynlegt og vinna bæri að því. Ég held, að þessi shlj. yfirlýsing Alþ. væri talin nokkuð undarleg, ef ætti rétt á eftir að draga úr fjárveitingu til eins þess félagsskapar, sem hefur með höndum að auka norræn kynni og norrænt samstarf ekki síður í menningarmálefnum en öðrum. Nú þegar stríðinu er lokið, þá er það meining norrænu félaganna allra á Norðurlöndum að taka upp og það þegar á næstunni gömlu samböndin, sem tiðkuðust fyrir stríð, með ferðalögum, mótum o. s. frv. Nú þegar er svo komið, að hafinn er undirbúningur í Norræna félaginu að samstarfi um menningarsamband við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Má t. d. nefna, að áformað er að koma upp sýningu á sænskum listiðnaði, sem sýndur var í Svíþjóð og hefur vakið mikla athygli, enda er viðurkennt, að Svíar eru lengst á veg komnir allra Norðurlanda að því er snertir listir og iðnað. Er meiningin, að þessi sýning verði haldin hér á landi í apríl í vor. Ég teldi þess vegna mjög illa farið, ef Alþingi Íslendinga, eftir að það hefur lýst yfir einróma vilja sínum til aukinnar norrænnar samvinnu, til aukins menningarsamstarfs milli Norðurlandaþjóðanna, að það sýndi þann vilja sinn í verki með því að skera niður lágan styrk til eins félags, sem hefur einatt með höndum þetta hlutverk. Og ég ætla, að það yrði litið svo á, að það væri kannske lítil alvara í yfirlýsingu Alþingis, ef framkvæmdin yrði á þennan veg. Ég vil þess vegna eindregið vænta þess, að bæði íslenzka stúdentafélagið í Höfn og Norræna félagið á Íslandi fái áfram að halda þeim lága styrk, sem þau hafa í fjárl. á Alþingi. Ég er viss um, að þessum styrk er vel varið og íslenzkir stúdentar í Danmörku gera sitt til þess að halda uppi hróðri íslenzkrar menningar á Norðurlöndum og halda eðlilegu sambandi milli hins stóra hóps íslenzkra stúdenta í Danmörku og heimalandsins. Og ég er líka viss um, að Norræna félagið mun gera sitt til þess að fylgja eftir einróma yfirlýsingu Alþ. og stuðla að aukinni samvinnu Norðurlandaþjóðanna í menningarmálum og öðrum slíkum málum.

Ég vil aðeins minna á það atriði og skjóta því til hæstv. Alþ., að það skuli vel hugsa sig um, áður en það ákveður að verða við till. fjvn. Þetta eru að vísu lágar upphæðir, en þær setja þó sitt mark á stefnu Alþ. í menningarmálum og samskiptum Íslendinga í menningarmálum við hin Norðurlöndin.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á fundi í morgun mælti ég örfá orð fyrir brtt., sem ég flyt hér, og af því tilefni hefur formaður fjvn. fundið ástæðu til að víkja orðum til mín, sem ég get ekki látið ómótmælt. Hann hélt því fram, að búið hefði verið að lofa sér vegaframkvæmdum á s.l. sumri í Barðastrandarsýslu, en ég hefði komið í spilið og fengið stj. til þess að verja stórri fúlgu umfram heimild til Snæfellsnessýslu, og jafnframt hefði ég stolið frá honum jarðýtu, til þess að nota við vegaframkvæmdir í Snæfellsnessýslu. Ég skal viðurkenna, að þetta er skemmtileg lygasaga, sem þm. er nú búinn að fá upplýsingar um. En sá galli er á, að þetta er eintómur heilaspuni frá upphafi. Ég hef ekki haft hugmynd um, að þær fjárveitingar, sem greiddar voru umfram heimild til Snæfellsnessýslu, — eða þessi jarðýta, — hafi haft nokkur áhrif á vegagerð í Barðastrandarsýslu. Ef þm. á sökótt við einhvern, er það við hæstv. samgmrh. eða vegamálastjóra. Um mörg ár hefur verið lögð á það mikil áherzla að fá lokið þessum vegi á Kerlingarskarði. Þótti sýnt, að ef jarðýta fengist á þennan veg í sumar, þá yrði verkinu lokið, þó með því að vinna fram yfir af praktiskum ástæðum, og ég býst við, að vegamálastjóri hafi verið sammála um þetta. Ég hef lagt mikla áherzlu á að fá þessari vegagerð lokið sem allra fyrst.

Ég hygg, að hv. þm. Barð. hafi verið talinn mjög duglegur og ófeiminn fyrir sitt kjördæmi, og ég vil þakka honum fyrir það traust, sem hér kemur fram á mér í jarðýtumálinu, að ég sé enn þá duglegri en jafnvel hann gat grunað fyrir mitt kjördæmi. Það er því enginn fótur fyrir þessari sögu. — Úr því að hv. þm. kom inn á þetta, verð ég að minnast frekar á þetta atriði. Svo er mál með vexti, að það eru nokkrar sýslur á landinu, þar sem unnið hefur verið nokkuð fram yfir fjárveitingu á þessu ári, og hefur n. tekið upp sérstakan lið í þessu skyni og farið þannig með það, að síðan á að draga sem þessu svarar frá vegafjárveitingunni á næsta ári. Ég skal viðurkenna, að í mörgum tilfellum er rétt að taka tillit til þess af praktiskum ástæðum, því að þarna er um stór verk-

færi að ræða, sem mundi þykja slæmt að flytja þangað aftur á næsta ári. Það er því ekki nema rétt að taka tillit til þess við úthlutun til sumra kjördæma. En ég veit, að þau kjördæmi verða illa úti á næsta ári í vegamálum, og eins og nú er skipað málum, hljóta flest þessi kjördæmi að verða mjög illa úti, sökum fjármála- og atvinnuörðugleika. Þessu beindi ég til n., en fékk þau svör, að n. mundi ekki breyta afstöðu sinni. Og þá verð ég að benda á það, hvernig n. hefur farið með þessa úthlutun. Það er að vísu örðugleikum bundið að úthluta réttlátlega og mætti manni sýnast það liggja næst að fara sem næst till. vegamálastjóra. En það hefur n. ekki gert, heldur vikið frá því í ýmsu og breytt til stórlegrar hækkunar, langmest í Barðastrandarsýslu. Skal viðurkennt, að mjög er örðugt um samgöngur þar, en ég fæ ekki skilið, að á sama tíma og tekið er framlag til 4 vega í þeirri sýslu, eru teknir út tveir vegir í Snæfellsnessýslu, sem höfðu haft fjárveitingu á síðasta ári. Niðurstaðan verður líka sú hjá hv. þm., að til akvega í hans sýslu þarf hvorki meira né minna en tvöfalda upphæðina frá árinu 1945. Ég vil benda á, hvernig n. hefur leyft sér að hækka till. vegamálastjóra, og ég verð að taka það fram, að mér virðist úthlutun fjvn. bera vott um talsverða ónákvæmni, svo að ekki sé meira sagt, og vildi ég segja það eitt að lokum, að ef hún telur sig til þess kosna að krækja sér í fé fyrir sín kjördæmi, þá hefur form. n. unnið vel sitt hlutverk. En ef hún telur sig kosna til þess að framkvæma þessa úthlutun réttlátlega, er full þörf á að taka niðurstöður hennar til rækilegrar athugunar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Eins og kunnugt er, hefur verið ákveðið, að þessari umr. fjárlfrv. verði lokið með útvarpsumr., sem ég að sjálfsögðu mun taka þátt í að öllu forfallalausu, og fæ ég þá tækifæri til að gera aths., sem varða fjárlagaafgreiðsluna. Ég mun því að þessu sinni takmarka mál mitt mjög. Mér finnst, að mér sé skylt að þakka hv. fjvn. og þá sérstaklega form. hennar fyrir þá miklu vinnu, sem hún hefur lagt í afgreiðslu fjárlfrv. Störf hennar byrjuðu seinna en venja er til, en það hefur verið unnið af miklum dugnaði, og fjárlagaafgreiðslan hefur tekið ótrúlega stuttan tíma, sem stafar af því, hve mikla elju nefndarmenn hafa lagt í afgreiðslu málsins. Þó að fjvn. nú eins og jafnan fái nokkra gagnrýni fyrir afgreiðslu sína á málinu, og þá ekki síst í sambandi við skiptingu vegafjárins, eins og kom fram hjá síðasta hv. þm., þá held ég, að sé sönnu nær, að n. hafi viljað gera það samvizkusamlega og reynt að skipta því þannig, að það kæmi sem réttlátlegast niður á hvert hérað. Hitt er annað mál, hvort þetta sjónarmið er rétt. Ég er þeirrar skoðunar, að við höfum á undanförnum árum og höfum enn tekið skakka stefnu í skiptingu vegafjárins. Ég lét í ljós þá skoðun mína við 1. umr. þessa máls, að við ættum að breyta til um það og gera það upp við okkur, hvaða vegum væri nauðsynlegt að bæta við og beita okkur að því að klára þá. Það er kunnugt, að vegagerð verður 6—7 sinnum dýrari með handafli en ef unnið er að henni með vélum. Þá er vitanlega tæplega verjandi að halda áfram þessum gömlu handverkfæravinnuaðferðum og eyða þannig því takmarkaða fé, sem við ráðum yfir, til þess að tefja fyrir því, að landið verði sæmilega vegað. Hitt er mannlegt, að hver þm. reyni að krækja í sem mest af fé fyrir sitt kjördæmi. En hins vegar verður þó þingið að líta meira á heildarhagsmuni en hvað hentar bezt hverjum einstökum þm.

Fjvn. hefur nú borið fram margar brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 308. Það undrar mig út af fyrir sig ekki, þó að ýmsar brtt. komi fram við frumvarpið. Ég skal játa, að það er að sumu leyti ekki eins vel undirbúið og ég hefði óskað eftir. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá voru önnur mál mjög á döfinni um það leyti, sem fjárlagaundirbúningur fór fram, svo að hann varð í framkvæmd nokkurs konar hjáverkastarf hjá mér. Svo að það er ekki undarlegt, þó að ýmislegt þurfi leiðréttingar.

Ef þessar brtt. eru athugaðar, kemur fljótt í ljós, að það eru þrenns konar breyt., sem um er að ræða. Í fyrsta lagi hækkun á tekjuáætluninni, í öðru lagi kemur fram viðleitni til lækkunar á hinum eiginlegu rekstrarútgjöldum og í þriðja lagi till. til hækkunar til ýmissa opinberra framkvæmda. — Ég ætla ekki að rekja þessar brtt. lið fyrir lið og mun naumast drepa á þær. Ég vil þó víkja örlitið að tekju- og eignarskattinum að minnsta kosti. Fyrsta brtt. er við tekju- og eignarskattinn, þar sem lagt er til, að hann verði hækkaður um 3 millj. króna. Ég gat þess, þegar frv. var lagt fyrir Alþ., að ég hefði ekki treyst mér til að fara með tekju- og eignarskattinn hærra en upp í 26 millj. kr., með tilliti til þess, hve gersamlega síldveiðarnar brugðust s. l. sumar og óttа við, að sú tekjurýrnun, sem af því hlyti að leiða hjá mörgum skattgreiðendum, yrði til þess að tekju og eignarskatturinn lækkaði verulega frá því, sem hann hefur verið á undanförnum árum. Nú er hins vegar ljóst, m. a. vegna breyt. á launalögunum og vegna þess, að nægileg atvinna hefur verið í landinu, að þá muni fást lægri styrkur, verði nokkur aukning frá því, sem verið hefur, og væntanlega hækkar eignarskatturinn eitthvað frá því, sem hann hefur verið á þessu ári, eða a. m. k. hefur reynslan verið sú, að hann hefur hækkað frá ári til árs. Ég verð að segja, að að athuguðu máli tel ég hér ekki óvarlega farið, og ég fyrir mitt leyti get fallizt á þá aukningu, sem hér er gerð á tekju- og eignarskattinum.

Þá er það brtt. við vörumagnstollinn, að hann verði hækkaður úr 10 millj. kr. upp í 11 millj. króna. Það er rétt, sem form. fjvn. tók fram, að vörumagnstollurinn mun á þessu ári verða kringum 12 millj. króna, og eru ekki líkur til annars en að mikið vörumagn verði flutt inn á næsta ári. Auk þess má geta þess, að allmikill hluti af vörumagnstollinum stafar frá innflutningi á munaðarvörum, eins og áfengi og tóbaki. Á þeim er mjög hár tollur, og vitanlega er ekkert komið fram, sem bendir til þess, að sá tekjustofn rýrni frá því, sem verið hefur. Yfirleitt

álít ég, að hér sé ekki óeðlilega að farið, og ég sætti mig við það.

Þá er það hækkun á vörutollinum. Ég verð að segja, að þegar ég gekk frá áætluninni, þá var þessi liður sá liður, sem ég var í miklum vafa um, hvort ég hefði ekki farið of hátt með. Hafði ég það sjónarmið, þegar ég samdi áætlunina, að setja tekjurnar ekki hærri en ég taldi öruggt, að þær mundu reynast. Verðtollurinn verður að sönnu allmiklu hærri á þessu ári, en þess ber að gæta, að fragtlækkun hefur orðið allmikil. Enn fremur hefur komið fram, að hætta gæti verið á tvenns konar verði á ýmsum hátt tolluðum vörum.

Það kom fram í umr. utan dagskrár á þingi hér fyrir nokkrum dögum, að menn óttuðust það, að svo gæti farið, að skortur yrði á vefnaðarvöru á næsta ári, og það var ekki laust við, að stj. hlyti ámæli fyrir að hafa leyft útflutning á lítt seljanlegri vefnaðarvöru. Nú skal það upplýst í þessu sambandi, að með næstu ferð „Drottningarinnar" mun fara þó nokkuð af vefnaðarvöru til Danmerkur, vörur, sem eru að miklu leyti óseljanlegar. Nokkuð af þeim er úr ísl. ull og nokkuð af þeim úr erlendum efnum og líka nokkuð af vörum, sem athugun hefur farið fram á og taldar eru lítt seljanlegar eða með öllu óseljanlegar í landinu, eins og stendur. Get ég því ekki séð, að það sé nokkur hagsýni í því að láta vörurnar liggja hér og verða ónýtar eða gagnslitlar, þegar hægt er að fá viðunandi verð fyrir þær. Fólk er hér ekki svo illa statt með fatnað, og í öllu falli höfum við nóga ull í landinu, svo að ég kem ekki auga á yfirvofandi hættu í þessu efni. Þetta er nú útúrdúr, en hvað sem því líður, hvort sem hætta er á því að eitthvað tefjist með innflutning á vefnaðarvöru á næsta ári eða ekki, þá get ég ekki neitað því, að mér þykir teflt á tæpasta vaðið með að hækka verðtollinn úr 33 millj. kr. í 35 millj. Hann var áætlaður á síðasta ári 28 millj. kr., og var ekki laust við, að hann sætti nokkurri gagnrýni fyrir það, hve hátt hann var áætlaður. Þessi hækkun á yfirstandandi fjárl. frá því, sem þá var, verður því 7 millj. kr. Ég vil ekki beinlínis setja mig á móti þessari hækkun, en hins vegar tel ég, að þar sé fremur en annars staðar teflt á tæpt vað í áætluninni. Stimpilgjald á að hækka um 500 þús. kr., og hef ég ekkert við það að athuga og ekki heldur neitt að athuga við hækkun á veitingaskatti. Og það er ekki ástæða til að setja sig á móti hækkunum, á meðan tekjur landsmanna á yfirstandandi ári geta ekki bent til þess, að hæpið sé, að þær tekjur, sem áætlaðar eru, komi inn í ríkissjóðinn. — Loks er hækkun á tekjuáætlun Tóbakseinkasölunnar um rúma millj. kr. Hún hækkar úr 9 millj. kr. brúttó í 10 millj. og 249 þús. kr. Ég býst ekki við, að teflt sé á tæpt vað með þetta. Þó veit ég ekki, hvort fjvn. hefur tekið til greina, að sala verzlunarinnar á þessu ári er sennilega að nokkru leyti óeðlileg. Eins og kunnugt er, var mikið sent af gjafapökkum til Danmerkur, og býst ég við, að í þeim pökkum hafi hlutfallslega ekki verið meira af annarri vöru en tóbaki. Enginn efar, að þessi útflutningur á tóbaki, sem heldur áfram enn þá, átti sinn þátt í tekjum tóbaksverzlunarinnar á síðasta ári, en það er ekki líklegt, að sá útflutningur haldi áfram næsta ár, því að Danmörk fer að fá tóbak frá tóbaksframleiðendum. Þetta er nú um tekjuáætlunina að segja. Sætti ég mig við hækkunina, sem gerð hefur verið, þrátt fyrir það, að ég telji hvað verðtollinn snertir, að teflt sé á tæpasta vaðið. Hins vegar er mér það fullljóst, að tekjuáætlunin í ár er ekki eins og ég hafði gert ráð fyrir á síðasta ári. Ég þóttist þá, þrátt fyrir gagnrýni, öruggur um, að hún mundi standast, áætlunin, og meira en það, ef ekki kæmi neitt óvænt fyrir, og reynslan hefur sýnt, að það var rétt. Við sjáum skammt fram í tímann, og við vitum ekki, hvað komandi ár færir okkur, en ég vil þó segja eins og er, að mér þykir ólíklegt, að þessi fjárhagsáætlun skili eins miklum afgangi og síðasta ár hefur gert.

Þá skal vikið fáeinum orðum að þeim till., sem fram hafa komið af hálfu fjvn. og miða að því að lækka rekstrarútgjöld ríkisins. Það er augljóst mál og góðra gjalda vert af n. að gera tilraun í þessa átt, og játa ég fúslega, að það getur að vissu leyti verið styrkur fyrir stj., að vilji fjárveitingarvaldsins komi skýrt fram í þessu efni. Það gefur stj. vissan móralskan stuðning að hafa fjárveitingarvaldið á bak við sig. Í þessu sambandi þykir mér rétt að minnast á ummæli hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) þess efnis, að ríkisstj. hafi ekkert gert til að draga úr rekstrarútgjöldunum. Þetta er ekki alls kostar rétt, að ekkert hafi verið aðgert í því efni. Hún hefur þó haft viðleitni til að fækka mönnum við eina stofnun verulega og er að gera ráðstafanir til að fækka starfsfólki við fleiri stofnanir, en það er ekki komið í framkvæmd enn. Hins vegar er mér það ljóst, að ekki er gert nærri eins mikið að því og þyrfti að gera. Það eru margar ástæður til þess að svo er, og hef ég nokkuð vikið að þeim áður hér á Alþ. Það er nú vitanlega fyrst og fremst sú sívaxandi þensla, sem hefur orðið á öllu kerfinu, sem óhjákvæmilega leiðir af sér aukin störf og aukið fólkshald. Hjá þessu verður ekki komizt. Reynslan hefur jafnan verið sú, þegar til þess hefur komið, að tekjur og útgjöld ríkisins hafa vaxið og umsetningin orðið meiri hjá ríkinu, þá hefur leitt af því aukið starfsmannahald. Ríkið sætir að þessu leyti sömu kjörum og einstaklingur. Á sama hátt er það, ef einstaklingur eykur umsetningu sína, þá er ekki hægt að komast hjá að auka fólkshald hjá honum. Það er svo annað atriði, sem hlýtur að vinna á móti því, að hægt verði að spara rekstrarkostnaðinn, þar sem er húsnæðið, sem ríkið býr nú við. Í óviðunandi húsnæði er ekki hægt að koma við þeirri hagsýni, sem annars væri hægt að viðhafa við rekstur ríkisstofnana. Þær eru fyrst og fremst tættar út um allan bæ, og í öðru lagi, þar sem nokkuð af þeim er saman komið, eins og í Arnarhvoli, er deildaskipunin þannig, að ekki er hægt að koma við neinni hagsýni við reksturinn. Það er augljóst mál, að það er ákaflega óhentug tilhögun, að hvert ráðuneyti hafi skrifstofu sér með 2 eða 3 vélritunarstúlkum. Það væri miklu meiri hagsýni í því að hafa eina stóra vélritunarstofu fyrir allar þessar stofnanir. Ef það væri

gert, væri hægt að hafa nóg verkefni fyrir starfsfólkið að staðaldri, í stað þess, þegar þetta er eins og nú er, þá hefur það stundum ekkert að gera, en stundum allt of mikið. Á sama hátt er það óhagkvæm tilhögun að hafa gjaldkera fyrir hverja ríkisstofnun. Ef hægt væri að sameina skrifstofurnar í einni hagkvæmri byggingu, þá væri vitanlega hægt að hafa sama gjaldkera fyrir margar eða flestar stofnanir ríkisins. Fleira mætti telja til af þessu tagi, en þessum umbótum er með öllu ókleift að koma í framkvæmd, fyrr en ríkið hefur komið sér upp viðunandi skrifstofuplássi.

Það er ekki ætlun mín að ræða einstakar till. n., sem miða að því að lækka rekstrarútgjöldin. Það er ekki ólíklegt, að sumar þeirra miði raunverulega til sparnaðar, en ég verð þó að játa, að ég er hræddur um, að margar þeirra séu þess eðlis, að þær leiði ekki til annars en sjálfsblekkingar og til þess, að þær greinar fjárl., sem þær fjalla um, fari fram úr áætlun meira en ella mundi.

Það hefur verið á það bent, að framkvæmd launalaganna hafi ekki verið í því lagi sem æskilegt hefði verið. Það er sjálfsagt alveg rétt. Það eru margar endurbætur, sem þarf að gera enn þá á framkvæmd þeirra. Ég held, að það sé ekki rétt að kasta mjög þungum steini að fjmrn., þó að ekki sé búið að koma framkvæmd l. í fullt lag enn þá. Það eru aðeins röskir 8 mánuðir síðan þau komu til framkvæmda, og það tekur sinn tíma að skipa mönnum niður í launaflokka. Það var ekki búið fyrr en eftir 2—3 mánuði, því að, eins og gefur að skilja, þurfti fyrst að fá till. frá stofnunum og ráðuneytum um það allt, svo að það eru ekki nema 4—5 mánuðir, síðan l. raunverulega komu til framkvæmda, þó að þau gengju í gildi 1. apríl. Það mun taka meiri tíma að bæta úr öllum ágöllum, sem fram koma, þegar þau í fyrsta skipti koma til framkvæmda. Og það er augljóst mál, að fjmrn. hefur ekki aðstöðu til þess að snúa sér af fullum krafti að koma þessum málum í rétt horf, fyrr en að liðnu þessu ári, þegar það hefur komið í ljós eftir árið, hvernig sú tilhögun hefur verið við hinar ýmsu stofnanir. Ráðuneytið hefur ekki yfir þeim mannskap að ráða til að vera með nefið niðri í öllum þeim ríkisstofnunum, sem þar koma til greina, en þá fyrst, þegar reynsla er fengin, ætti ráðuneytið að hafa aðstöðu til þess að gera þær lagfæringar, sem þarf við þessi mál. En þrátt fyrir það að ég óttast, að þessar brtt. beri ekki þann árangur sem æskilegt væri, að þær gerðu, því að enginn efar, að nauðsyn sé á að bæta rekstrarfyrirkomulagið á ríkisbúinu, þá amast ég ekki við þeim, og þótt þær kannske verði ekki til mikils fjárhagslegs ávinnings, þá verða þær nokkurs konar þál. fyrir stj., gefa stj. aukna hvatningu til að vinna að því, sem hún vill gera, að bæta rekstrarfyrirkomulagið.

Þrjár tegundir af brtt. n. miða að því að auka til muna fjárframlög til verklegra framkvæmda. Það er nú sannast að segja næsta furðulegt að heyra sumar af þeim ásökunum á hendur stj., að hún vilji draga úr verklegum framkvæmdum, eins og það mátti skilja á ræðu hv. 1. þm. Rang. Það er ekki annað en illvilji í stj. garð og allra landsmanna, sem þessu veldur, þegar sagt er, að hún bæri ekki fram till. um frekari verklegar framkvæmdir en raun er á. Ég skal nú ekki fara mikið út í að ræða þetta mál, en vil þó aðeins benda á, að þetta mál er e. t. v. ekki eins einfalt og hv. 1. þm. Rang. vill vera láta. Það þarf sem sé fleira en fé til þess að koma á mjög örum verklegum framkvæmdum í landinu. Það þarf líka vinnu, en ef vinnuaflið er dregið svo frá framleiðslunni, að hún bíði við það hnekki, þá verður erfitt að standa undir þeim verklegu framkvæmdum, sem till. eru gerðar um og þörf er fyrir á næstu árum. Það er enginn vandi í landi, þar sem flest er ógert, að benda á, hvað þyrfti að gera. Það geta miklu óvitrari menn gert en hv. 1. þm. Rang. Hitt er svo vafasamt, að rétt sé að verja fé úr ríkissjóði svo úr hófi fram til verklegra framkvæmda, að hætta geti stafað af því, að vinnuaflið dragist svo frá framleiðslunni, að hún bíði við það hnekki. Án þess að ég ætli að fara lengra út í þetta mál, þori ég að staðhæfa, að till., sem fram eru bornar í frv. stj. um framlög til verklegra framkvæmda, þola fullkomlega samanburð við það, sem nokkru sinni hefur verið veitt áður. Og ef hv. 1. þm. Rang. hefði, þrátt fyrir mikil og góð störf í fjvn., gert sér ljóst, hvað ráðgert er að verja miklu fé til verklegra framkvæmda á næsta ári, þá held ég næstum, að hann hefði ekki talað um þetta eins og hann gerði. Og ég verð að segja það aftur, að þrátt fyrir það, að erfitt sé að standa á móti háværum kröfum, sem fram eru bornar um aukin fjárframlög til skóla, vega, brúa, sjúkrahúsa og til margs annars, sem mikil þörf er á að gera í landinu, þá efast ég um, að fjvn. hafi ekki verið of undanlátssöm í þessu efni. Ég minntist áðan á framlög til vega, og ég benti á það, þegar fjárlfrv. var lagt fyrir Alþ., að þrátt fyrir það, að framlag til nýrra vega lækkaði nokkuð frá því, sem verið hefur á yfirstandandi ári, þá var þó ekki tilætlunin sú, að afköstin minnkuðu, heldur þvert á móti, með því að auka vélavinnu, þar sem ráðgert er að ætla 800 þús. kr. til kaupa á nýjum vélum á þessu ári. Mundu afköstin þannig, þrátt fyrir lækkað framlag, verða meiri en nokkru sinni áður. Ég get ekki annað en endurtekið það, þótt ég sé búinn að segja það áður, að það er varla hægt að horfa á það, að verið sé enn þá að fleygja út fé til þess að gera vegaspotta með skóflu og haka og hestvögnum, þegar maður er búinn ár eftir ár að horfa á vinnubrögð, sem gefa margföld afköst á við þetta. Svona óhagsýni hlýtur að hefna sín. Og þótt mér sé fullkomlega ljós þörfin, sem hvert einasta hérað á landinu hefur fyrir aukna vegi, og þótt mér sé mjög vel ljóst, hve freistandi það er fyrir menn að bæta við vegarspottann heim til sín, þá er það samt sem áður skammsýni að vilja ekki heldur bíða í eitt til tvö eða þrjú ár með að fá veginn og fá hann þá þannig, að hann komi að fullum notum og þá aðeins fyrir örlítinn hluta af því verði, sem hann mundi annars hafa kostað. Ég veit ekki heldur í sannleika sagt, hvort fjvn. hefur gert sér ljóst, hvort vinnuaflið í landinu

leyfi það, að allar þessar opinberu framkvæmdir séu gerðar í viðbót við þær framkvæmdir, sem vitað er, að einstaklingar munu standa að á næsta ári. Það hefur mér vitanlega engin athugun farið fram á þessu, en þess væri vissulega þörf, að nákvæm athugun færi fram á því, a. m. k. áður en stj. er skylduð til að verja jafngífurlegu fé til framkvæmda og gert er ráð fyrir. Mér telst svo til, að hækkunartill. n. til opinberra framkvæmda nemi rúmum 8 millj. kr. Það er augljóst mál, að svo framarlega sem ekki verða samþ. á þessu þingi ný skattalög, sem gefa allmiklar tekjur, þá verður fjárlagafrv. afgr. með sennilega einhverjum tekjuhalla og með miklum greiðsluhalla. Það er sjálfsagt venjulegt að gera þetta, af því að séð er fyrir endann á því, að afkoma þessa árs verður góð, — ég vona, að ég taki ekki of fullan munninn, þótt ég segi: mjög góð. Það verður því að segja, — ég skal játa það, að ég notaði í fjármálaræðu minni á s. l. hausti þessa sömu röksemdafærslu, — að það ár, sem þá var að enda, mundi gefa tekjuafgang, og kom það í ljós, að ég var bjartsýnni en ég mátti vera, og getur verið, að ég sé nú eitthvað bjartsýnni en ég ætti að vera, en ég held, að ég sé ekki svo bjartsýnn, að ekki sé öruggt, að talsverður tekjuafgangur verði á þessu ári.

Hv. frsm. fjvn. (GJ) hreyfði því, að rétt muni vera að hækka benzínskattinn nokkuð með tilliti til hinnar miklu fjárhæðar, sem ætluð er í vegagerðir. Ég fyrir mitt leyti mundi vel geta fallizt á, að svo væri gert. Benzínskatturinn er 9 aurar á hvert kg., nákvæmlega óbreyttur eins og hann var fyrir stríð. Þegar tekið er tillit til þeirra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa í landinu, má segja, að hann sé nú ekki nema ⅓ hluti af því, sem hann var fyrir ófrið. Ef tekið er tillit til gjaldgetu landsmanna, þá verða hlutföllin enn lægri. Það mætti meira en þrefalda hann, ef hann ætti að vera sambærilegur. Ég tel, að hér væri í raun og veru ekki um skatthækkun að ræða frá því, sem var fyrir ófrið. Þetta væri ekkert annað en að færa tiltekinn tekjustofn til samræmis við það, sem hann var fyrir stríð. En að öðru leyti skal ég láta í ljós, að ég mun ófús að beita nýjum skattaálögum á næsta ári. Ég held, að ég geti sagt það með fullri vissu, að ég geri það ekki. Það verður þá að skeika að sköpuðu með það. Hins vegar er mér ljóst, ef ekki verða lagðir á nýir skattar, þá er ekki verjandi að afgr. fjárl. öðruvísi en að láta stj. fá lántökuheimild, til þess að taka lán fyrir a. m. k. einhverjum hluta af þeim miklu verklegu framkvæmdum, sem ráðgerðar eru á næsta ári. Ég vil segja eins og hagur ríkissjóðs er nú, þá skuldar hann lítið, og þegar tekið er tillit til verðlagsins í landinu, þá eru eftirstöðvar skulda hverfandi borið saman við það, sem var fyrir sex árum. Og þegar tekið er tillit til, hve miklu fé hefur verið varið til verklegra framkvæmda hin síðari árin, þá álít ég það ekki glæfralega fjármálastefnu, þótt stj. fengi nú heimild til lántöku, en sú heimild yrði ekki notuð, nema reynslan sýndi, að þess væri þörf. Þetta vænti ég, að hv. fjvn. athugi nánar á milli umr., svo að það væri þá hægt við 3. umr. að láta stj. fá vitneskju um það.

Jónas Jónsson: Ég hef flutt hér 2 brtt. og ætla að segja fáein orð um þær. Sérstaklega þætti mér vænt um, ef hæstv. samgmrh. væri við, af því að sú stærri þeirra snertir hans deild. Ég er að vísu þakklátur hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur eftir atvikum gert tiltölulega vel til Húsavíkur með þeim 200 þús., sem hún hefur veitt þangað. N. hefur enn fremur í samráði við hæstv. ráðh. gert ráðstafanir til þess, að þetta yrði hækkað í meira lagi. En af því að þetta skiptir miklu fyrir Húsavík og síldarverksmiðjuna, vildi ég gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðh. um þetta á þessu stigi málsins. Ég vil útskýra það lauslega, að á Húsavík stendur málið þannig, að þar var byggð bryggja fyrir nokkrum árum, og voru veggir hennar hafðir úr staurum. Sú bryggja er jafnframt varnargarður fyrir höfnina að sunnan og vestan. Síðan í fyrra hefur verið byggður aðalskjólgarðurinn, sem líka verður bryggja fyrir væntanlega síldarverksmiðju, og hefur verið unnið þar fyrir eina millj. kr., en þar þarf að vinna fyrir tvær millj. Jafnframt þessu kom í ljós, að kominn var timburmaðkur í þessa staura, og allar líkur eru til þess, að með vorinu muni staurarnir velta undan steinloftinu, og þá býst ég við, að annar hluti bryggjunnar lendi í höfninni. Þetta veit hæstv. ráðh. og hv. form. fjvn. vel og hafa reynt að teygja sig eins langt og þeir hafa getað. Málið stendur þannig, að það þarf að járnklæða bryggjuna fyrir 800 þús. kr. og það þarf að framlengja garðinn fyrir 1 millj. Það hefur verið um það talað að breyta þessu og hafa það eitthvað öðruvísi en er í fjárl. og fá einhverja hækkun, og það er það, sem ég vildi, að hæstv. ráðh. segði sína skoðun um, vegna þess að eins og nú er komið, þarf að reyna að halda þessu verki áfram, og um leið og þessi aðalgarður er kominn, þá eru komin skilyrði fyrir síldarverksmiðjur ríkisins að setja niður þá verksmiðju, sem þar á að koma. — Hitt málið er ákaflega lítið mál. Það er farið fram á að hækka fjárveitinguna til Snorragarðs úr 5 þús. í 10 þús. kr. Þessi fjárveiting hafði fallið niður hjá stj., en er nauðsynleg. Ég vil segja um þetta fáein orð, af því að í því er nokkuð nýtt, sem ég býst við, að gleðji hv. þm. Ég fékk í gær bréf frá Noregi frá Snorranefnd þar, sem var fyrir stríð búin að láta steypa fagra mynd af Snorra og ætlaði að gefa hana til Reykholts, en það hefur beðið síðan. Nú segjast þeir fyrir sitt leyti óska eftir að mega koma hingað í sumar og setja upp þessa mynd í Reykholti á sinni Ólafsvöku, 29. júlí, búast við að krónprinsinn komi og að sent verði herskip o. s. frv. Nú hefur verið unnið að því að gera allt sem þokkalegast kringum Reykholt, og er búið að laga þar mikið til, en við í þessari undirbúningsnefnd getum ekki komizt hjá því að ljúka við það að gera þetta svolítið aðgengilegt fyrir framtíðina, og er þess vegna ekki hægt að komast hjá því að fá a. m. k. 10 þús. kr. til þess. Þetta er líka lokafjárveitingin í þennan undirbúning, sem verið

er að gera í Reykholti. — Ég hef svo ekki meira að segja um þessi mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins með örfáum orðum lýsa ánægju minni yfir því, að fjvn. hefur lagt til, að útgjöldin til vega og hafnarmála yrðu verulega hækkuð frá því, sem fjárlfrv. gerir ráð fyrir. Mér var það ljóst í upphafi, þegar frv. var lagt fram, að það mundi þurfa að hækka það verulega frá því, sem þar var gert ráð fyrir, enda hefur það líka verið gert. N. hefur lagt til, að framlög til nýrra vega yrðu hækkuð um rúmar 2 millj. kr. frá því, sem er í frv., og er það þá, eftir því sem segir í áliti n., um 900 þús. kr. hærra en framlag til vega í þessa árs fjárl. Um skiptingu þessa vegafjár orkar alltaf tvímælis, og skal ég alveg leiða minn hest frá því að fara neinum orðum um skiptingu n., því að alltaf eru einhverjir óánægðir með þessa skiptingu og alltaf eru einhverjir, sem vilja fá meira en þeim er ætlað og telja sig ekki verða fyrir réttlátri útdeilingu, þó að maður skyldi ætla, að svo væri. Það höfuðsjónarmið, sem ég lagði áherzlu á við n. og hún hefur tekið til greina, er það, að vegalagningu til þéttbýlla staða, stórra sjávarþorpa og kaupstaða yrði hraðað eins og mögulegt væri. Hefur verið lögð sérstök áherzla á vegarlagningu til Siglufjarðar um Siglufjarðarskarð, og er gert ráð fyrir, að henni ljúki fyrir það fjárframlag, sem nú er gert ráð fyrir, 450 þús. kr. Til Ólafsfjarðar er líka gert ráð fyrir að ljúka veginum fyrir 400 þús. kr., sem til hans er veitt. Veginum til Neskaupstaðar um Oddsskarð, sem veittar eru til 300 þús. kr., á einnig að vera hægt að ljúka fyrir þá upphæð. Allir þessir staðir eru kaupstaðir, mannmargir á okkar vísu, hafa verið vegalausir til þessa, og með furðu litlu átaki, þó að þetta sé nokkuð stór upphæð, er hægt að koma þessum stöðum í akfært samband við vegakerfi landsins. Þetta hefur fjvn. fallizt á, og er ég henni þakklátur fyrir það. Og í beinu framhaldi af þessu koma svo enn aðrar stærri vegalagningar, sem eru aðalbrautir landsins, svo sem eins og Hafnarfjallsvegur, Vatnsskarðsvegur og Öxnadalsheiðarvegur, með samtals upp undir 1 millj. kr. fjárveitingu, á norðurleiðinni. Þetta er ein fjölfarnasta leið landsins, og er mikil ástæða til að flýta lagningu hennar eins og mögulegt er, enda líka orðið við því, því að til hennar er ætlað í till. n. um 1 millj. kr. Auk þessara vega er svo aðalleiðin til Vestfjarða um Þorskafjarðarheiði, sem gert er ráð fyrir, að verði unnið að á þessu ári að verulegu leyti fyrir það fé, sem til er, en þó bætt við það miklu, að hægt verði að gera bryggju við enda vegarins, á Arngerðareyri, og komast þannig í samband við farþegaflutningana um Ísafjarðardjúp. Þá er líka, til þess að koma heilum landshluta í samband, að nefna má veg eins og Barðastrandarveg og Selvogsveg, en til hans er veitt 600 þús. kr., og þó að það sé heldur minna en ég ímyndaði mér, að vegamálastjóri hefði lagt til, þá er ekkert við því að segja, því að upphæðin er há. Fleiri dæmi mætti nefna um aðalbrautir, sem ég hefði fyrir mitt leyti viljað leggja áherzlu á, og það er sjálfsagður hlutur, finnst mér, að þar, sem eru þéttbýlir og fjölmennir staðir á okkar mælikvarða, sem geta komizt í samband með tiltölulega litlum kostnaði, verði lögð áherzla á að koma þeim í vegasamband á þann hátt þó, eins og hér er gert ráð fyrir, að hlutur þeirra smærri verði ekki heldur fyrir borð borinn, heldur verði haldið áfram vegagerð á þeim eftir því, sem ástæður frekast leyfa. Enda hefur það verið gert, því að framlög til hinna stærri vega eru svipuð að upphæð og þau voru í fyrra, en heildarupphæðin um 900 þús. kr. hærri, og kemur það aðeins í hlut hinna smærri. En undan því finnst mér engin ástæða að kvarta, þar sem staðirnir, sem ég tel stóra, fá líka sínar framkvæmdir að mestu fyrir þær upphæðir, sem þar er ætlað. Það hefur ekki verið tekin hér upp nein sérstök fjárveiting til hinnar nýju Suðurlandsbrautar, sem mþn., sem starfað hefur 2 undanfarin ár, hefur nú gefið álit um. Það nál. er svo nýkomið, að ráðuneytið hefur enga ákvörðun tekið um afstöðu til þess enn, og því síður að Alþ. hafi verið skrifað um málið, svo að ég skal ekki fara lengra út í það, en vil aðeins vekja athygli á því, að það er ekki í fjárlfrv. ætluð nein upphæð til þessarar vegalagningar, þó að ýmsum kynni kannske að finnast það eðlilegra, að einhver upphæð væri þar nefnd. Nál. mþn. gerir ráð fyrir að skipta verkinu á 6 ár með 4 millj. kr. framlagi á ári, svo að ekki er um smáar upphæðir að ræða á þeim grundvelli, sem n. gerir ráð fyrir. Eins og ég sagði, skal ég ekki fara út í að ræða skiptinguna, um hana má alltaf deila, en ég vil aðeins að gefnu tilefni segja það, að það hefur sums staðar þar, sem hagkvæmt hefur þótt, verið unnið nokkuð meira en fjárl. gerðu ráð fyrir í ár, ef fé hefur verið lagt fram úr héraði að láni til bráðabirgða. Þetta hefur tíðkazt áður og gefizt vel. En frá ráðuneytisins hálfu hefur ekki verið undirgengizt neinar skuldbindingar aðrar en þær, að féð yrði endurgreitt viðkomandi aðilum, þegar veitt væri til þess í fjárl. Þessari reglu hygg ég, að verði haldið áfram, ef ekki kemur fram skýr þingvilji fyrir því. Er þetta tekið fram að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. N.-M. Þar sem vantar aðeins litla vegkafla til þess að komast í samband við heil héruð og því tiltölulega litla viðbót við þá fjárveitingu, sem veitt er í fjárl., þá er engin ástæða, ef viðkomandi hérað vill lána og leggja í hættu einhverja fjármuni til þess að gera þetta, til að synja um, að það verði gert. Úr því ég var í 13. gr., skal ég með örfáum orðum einnig minnast á hafnargerðir. Þær hafa verið hækkaðar í till. n. um rúmlega 2 millj. í beinum framlögum, þar að auki er heimilt að taka allt að 2 millj. kr. lán til hafnarmannvirkja sérstaklega. Með hafnarbótasjóði verður þá til umráða til hafnargerða sem ríkisframlag á næsta ári, ef lánsheimildin verður notuð, rúmlega 7 millj. kr. Þetta er það hæsta, sem nokkurn tíma hefur verið varið til þessara hluta. Það er alveg sérstök ástæða til þess að hafa framlögin til hafnargerða veruleg á næsta ári. Það er gert ráð fyrir því, að á árunum 1946 og 1947 aukist skipastóllinn um allt að því 100

mótorbáta og 30 togara fyrir utan annan skipaflota, sem verið er að kaupa, og það er höfuðnauðsyn, að þessi skipafloti geti verið öruggur einhvers staðar, svo að hann reki ekki upp á land og ónýtist fyrir okkur, þegar við erum búnir að fá hann. Það hefur þess vegna verið höfð sú viðleitni af hv. fjvn., sem ég vildi fullkomlega taka undir, að láta þær hafnir ganga fyrir með fjárveitingu, sem eru fiskiskipahafnir, og þar sem vænta má, að veiði verði mest um hönd höfð, eins og t. d. hér við Faxaflóa og annars staðar þar, sem svipað stendur á um. Náttúrlega hefði verið æskilegast, að allt þetta framlag hefði komið úr ríkissjóði og hann hefði verið látinn annazt lántökuna, en eins og málum er komið og fjárl. orðin há, er ekkert við því að segja, þó að þessi upphæð sé tekin að láni, því að meiningin er, að það verði aðeins gert að þessu sinni. — Ég ætla ekki hér, frekar en um vegina, að gera hina einstöku staði að umtalsefni, um þá má alltaf deila, einn telur sig hafa fengið of lítið o. s. frv. En að gefnu tilefni frá hv. þm. S.-Þ. út af Húsavík sýnist mér hægt að svara hans máli með því að vísa til till. hv. fjvn., því að það er sjáanlegt, að hv. þm. þarf ekki að kvarta, því að bæði er fjárveitingin beint framlag umfram það, sem gert var ráð fyrir, og svo er heimild, eins og ég gat um, í nál. til þess að nota af lántökunni ákveðna upphæð, eins og þar er gert ráð fyrir, því að það er gengið út frá, að lánsheimildin verði notuð eins og fjvn. hefur lagt til í nál. sínu. Það mætti náttúrlega segja ýmislegt fleira um þetta, en ég tel ekki ástæðu til þess.

Svo langar mig til að minnast á nokkur atriði í till. n., sem ég er meira í vafa um en það, sem ég hef nú rætt. Það er þá í fyrsta lagi brtt. n. við 11. gr. b-lið, sem fjallar um opinbert eftirlit. Það heyra undir það ráðuneyti, sem ég hef með að gera, nokkrar stofnanir, sem n. leggur til, að verði allar skornar niður og fái engan eyri í fjárl. hér eftir. Það er í fyrsta lagi löggildingarstofan, sem er í fjárl. með 38 þús. kr. fjárveitingu, sem n. leggur til, að verði strikuð út. Þetta liggur í því, að n. gerir ráð fyrir, að tekjur stofnunarinnar verði hækkaðar það mikið, að ríkissjóður þurfi þar engu við að bæta. Það er rétt, að það hefur verið þannig, að löggildingarstofan hefur staðið undir sér, en með hækkuðum launum hafa útgjöldin hækkað nokkuð, og varð ekki að óbreyttum tekjum unnt að ganga frá rekstraráætlun nema með framlagi úr ríkissjóði, 38 þús. kr. En með hækkuðum þjónustugjöldum stofnunarinnar er sjálfsagt hægt að ná þessum jöfnuði, en það verður þá að gera sér ljóst, að um leið og framlagi ríkissjóðs er kippt burtu, verður að hækka skoðunargjöld löggildingarstofunnar. Það getur ekki farið saman að ætla að kippa þessu frá henni, sem ríkissjóður hefur greitt til hennar, en láta tekjurnar standa í stað.

Þá er önnur stofnun, sem lagt er til, að verði strikuð út hvað fjárveitingu snertir. Það er Rafmagnseftirlit ríkisins. Það hefur samkv. áætlun 390 þús. kr. gjöld, en 340 þús. kr. tekjur og 50 þús. kr. framlag frá ríkissjóði. Þetta leggur hv. fjvn. til, að verði strikað út. Þetta þykir mér nokkuð orka tvímælis, nema gerð væri tilheyrandi lagabreyt., því að mest af tekjum rafmagnseftirlitsins er ákveðið með l. Störf rafmagnseftirlitsins vaxa með hverju ári, og það er mjög hættulegt að gera þær ráðstafanir, sem verða til þess að draga úr þessum starfsmöguleikum. Nú er hér að vísu ekki um stóra upphæð að ræða í hlutfalli við heildartekjuþörf stofnunarinnar, en að sjálfsögðu mætti færa þetta til betri vegar á sama hátt og hjá löggildingarstofunni með hækkaðri greiðslu, sem hún tæki fyrir störf sín, svo að það þyrfti enginn voði að vera á ferðinni, þó að þetta væri gert. En það þyrfti um leið að sjá um, að stofnunin gæti fengið þær tekjur, sem hún þyrfti til þess að standast reksturinn.

Svo kemur þriðji aðilinn, það er Skipaskoðun ríkisins, sem er í fjárl. með 118 þús. kr. og ekkert á móti. Það leggur n. til, að verði strikað alveg út og þá hafður á sá háttur, sem verið hefur hjá skipaskoðuninni, og ég sé ekki, hvernig þetta á að geta komizt í framkvæmd. Það er að vísu svo, að skipaskoðunarstjóri er ekki hér á landi, en er væntanlegur bráðlega, og hefur þess vegna ekki verið hægt að hafa samband um þetta við hann, en ég vildi eindregið fara fram á það við n., að hún frestaði þessari till. sinni til 3. umr. Ég tel ekki viðunandi á þessu stigi málsins, meðan ekki liggja fyrir um það skýlausari upplýsingar en hér eru nú, að strika skipaskoðunina alveg út. Ég vænti þess, að það megi þá alveg eins, ef það sýnir sig við rannsókn, að einhverjir möguleikar séu fyrir þessu, gera það við næstu umr., þegar skipaskoðunarstjóri er við, eins og að gera það nú.

Þá eru örfáar aths., sem ég vildi gera við 14. gr. Fjvn. hefur tekið upp þann hátt að færa styrkinn til húsabóta á prestssetrum af 14. gr. yfir á 20. gr., og er ekkert við það að athuga. En um leið hefur tveimur liðum verið slengt saman í 20. gr., sem heitir Til kaupa á jörðinni Hesti í Borgarfirði. Samkv. samningi, sem gerður hefur verið, kaupir landbrn. jörðina Hest til þess að láta þar fara fram rannsókn á sauðfjársjúkdómum, en nota átti andvirðið til að byggja á Hvanneyri. Þessi 150 þús. eru greiðsla frá ráðuneytinu fyrir sölu á jörð þessari; og tel ég, að þessa upphæð eigi að færa sér á reikningi, vegna þess að hún er annars eðlis. — Viðvíkjandi 14. gr. að öðru leyti er það að segja, að þar er farið inn á að fella niður smástyrk, 5000 kr., til málgagns íslenzku þjóðkirkjunnar. Ég sé ekki ástæðu til að fella þennan styrk niður og er því mótfallinn. Teldi ég heldur verra, að það væri gert en ekki. Það er fleira, sem lagt er til að fella niður, og eru þeir liðir einnig svo smáir og þannig vaxnir, að ég hélt n. gæti varla haft sig til þess. Sparnaður er ekki mikill, þótt þessir liðir séu felldir niður, og er það meira en vafasamt verk.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri. Það er ekki ástæða til, að allir séu ánægðir í þessu efni, en ég verð að segja, að yfirleitt get ég verið ánægður með þetta frv.

Ég vil vekja athygli á, að hér var lögð fram áætlun um jarðboranir, en hún hefur ekki verið

tekin til greina. Brtt. hefur verið flutt um þetta efni af hv. 11. landsk. Ég hefði óskað, að gerð yrði grein fyrir þessu máli fyrir 3. umr. Möguleikar fyrir jarðborunum eru svo miklir, að við megum ekki við því að láta þá ónotaða, og kostnaður við virkjun af þessu tagi er minni en við vatnsaflið. Úr einni lítilli holu, sem gerð hefur verið í Hveragerði, er mér sagt, að streymi gufa, sem mundi nema 50—60 kw, ef hún væri beizluð. Það mætti því ef til vill spara sér lagnir þangað, en þær kosta mikið fé. Ég vænti þess, að n. vildi athuga þetta mál fyrir 3. umr. og að málið verði ekki afgr. fyrr.

Sjómannaskólanum er ætluð 1 milljón í fjárl., og er það talsvert meira en í fjárl. fyrir árið 1945, og er það því skilyrði bundið, að það verði endurgreitt á næsta ári. Það er ekki ástæða til að fara um málið fleiri orðum, en ég vænti þess, að n. taki bæði þetta mál og önnur, sem ég hef minnzt á, til athugunar fyrir 3. umr., svo og að þessari till. um afnám fjárframlags til skipaskoðunar verði frestað til 3. umr., þar til liggur fyrir álit skipaskoðunarstjóra. Varðar miklu, að vel sé frá þessum málum gengið.

Kristinn Andrésson: Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. á þskj. 322. Önnur er varðandi útgáfu orðabókar Guðbrands Vigfússonar. Það hefur fengizt tilboð um endurprentun á þessari merku orðabók og jafnframt að selja hér undir kostnaðarverði af þessari útgáfu. Eins og hv. þm. vita, er orðabók Guðbrands Vigfússonar bezta orðabók, sem út hefur komið hér, en hún hefur verið ófáanleg um langan tíma. Það er ekki eingöngu þetta tækifæri, sem boðizt hefur, heldur hefur Sir William Craigie, einn frægasti orðabókahöfundur og vel að sér í íslenzku, bæði fornri og nýrri, boðizt til þess að skrifa viðbót og leiðréttingar við orðabókina, og útgáfufyrirtækið hefur boðið, að þetta verði tekið með, gegn því skilyrði, að Sir William Craigie fái þóknun fyrir starf sitt héðan að heiman. Ég álít sleppt góðu tækifæri, ef Alþ. vill ekki verða við þessari beiðni. Sá, sem er milligöngumaður um þetta, er Snæbjörn Jónsson, sem mun nú þegar hafa snúið sér til menntmrh. og fengið góðar undirtektir. Ég vil mælast til, að fjvn. taki þetta til athugunar.

Hin till., sem ég hef leyft mér að bera fram, er sú, að ekkju Sigurðar Thorlacius verði veitt 2000 kr. árslaun. Þessi merki maður dó á síðast liðnu sumri, eins og kunnugt er. Háttv. fjvn. mun hafa haft þetta mál til meðferðar og virzt fjárhagur ekkjunnar svo góður, að ekki væri ástæða til að samþ. þessa till. eða taka hana í 18. gr. Ég hef komizt að raun um, að fjvn. hefur ekki fengið réttar upplýsingar. Ekkjan hefur styrk úr lífeyrissjóði og bæjarsjóði, en sú upphæð er ekki rétt, — reiknuð með ókeypis húsnæði, en það er rangt, því að hún hefur ekki þessi hlunnindi. Þegar maður hennar dó, hafði hún ekki lengur húsnæði, heldur varð að festa kaup á húsi fyrir 115 þús. kr. og standa undir lánum af því. Tekjur hennar munu vera 3—5 þús. kr. lægri en fjvn. hafði til hliðsjónar, og auk þess verður hún að greiða ⅓ af tekjunum í húsaleigu. Þetta er því mjög erfitt. Og enn fremur eru tekjur þær, sem hún fær úr lífeyrissjóði, bundnar við nöfn barnanna til 16 ára aldurs. Sonur hennar er nú að hefja nám í Menntaskólanum og er 15 ára. Á næsta ári fellur því úr það lífeyrissjóðsgjald, sem bundið er við nafn hans. Öllum hv. þm. er kunnugt, að Sigurður Thorlacius var einn af fremstu mönnum þjóðar vorrar og á því fyllilega skilið, að vel sé gert við ekkju hans og börn.

Ingvar Pálmason: Ég er hér flm. að tveimur smábrtt. ásamt hv. 2. þm. S.-M. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þessar till., þó að heldur sé nú þunnskipað, en hv. form. fjvn. (GJ) er mættur, og það ætti að vera nægilegt. — Þessar brtt. eru undir IV. lið á þskj. 316, við 13. gr. A. III, um styrk til brúargerða. Fyrri till. er um styrk til brúargerða á Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal, 150 þús. kr. Það hefur verið nokkur ár í undirbúningi að brúa Grímsá í Skriðdal. Grímsá er með mestu manndrápsvötnum á landinu. Á undanförnum 100 árum hafa farizt þar 19 manns. Ég man sjálfur eftir fjórum. Af þeim voru tvær ungar stúlkur. Lengd Grímsár frá Lagarfljóti inn fyrir byggð í Geitdal er um 30—40 km. Þessi á sker þarna í sundur eina blómlegustu sveit Suður-Múlasýslu, Skriðdalinn. Allir skilja, hversu erfitt er að fara hreppinn á enda til þess að komast yfir þær tvær ár, sem mynda Grímsá. Nú hefur verið rannsakað til hlítar af vegaverkfræðingi, að bezt er að brúa Geitdalsá og Múlaá hjá Þingmúla, því að Grímsá er allmiklu breiðari, auk þess sem hentugra er að hafa brýr á báðum ánum fyrir samgöngur innan sveitar. Ef Grímsá væri brúuð t. d. hjá Arnhólsstöðum, þá er tungan, sem Þingmúli stendur á, jafnilla stödd eftir sem áður. Vonir manna austur frá eru miklar um það, að þessar ár verði brúaðar sem fyrst. Ég vildi því vinsamlegast beina því til fjvn. og þá einkum formanns hennar að taka þessa till. til athugunar. Ég tel ekki þörf á fleiri orðum. Það er öllum ljóst, að þörfin er mikil, og vonast ég því til, að fjvn. taki málið til vinsamlegrar athugunar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um hina brtt. Það er alltaf haldið í áttina með að láta bílfæra vegi ná saman á Suðausturlandi, og nú er bílfært frá Djúpavogi að ..... og Lónsheiði er að sumri til fær bílum og gæti verið vel fær með litlum tilkostnaði, en það, sem tefur, að hægt sé að nota bíla t. d. í Álftafirði, eru árnar. Fyrst er Fossá í Álftafirði. Hún sker í sundur sveitina, svo að þeir, sem búa sunnan árinnar, geta ekki notað bíla og verða því að reiða á klökkum eftir það. Sama er að segja að sunnan verðu. Þegar kemur í Lónið, er það Jökulsá, sem hindrar, að þar sé hægt að nota bíla. Nú sé ég, að fjvn. hefur tekið upp á fjárl. framlag til Lónsár, og vænti að Fossá verði tekin líka. Ég tel alveg sjálfsagt, hvern árangur sem það ber, að þm. S.-M. og þm. A.-Sk. vinni að þessu nauðsynjamáli, og þess vegna flytjum við þessa brtt. Ef um tvennt væri að ræða, væri mér kærara að fá brýr á Geitdalsá og Múlaá heldur en þessa, þó að æskilegast væri að fá þær allar, en skiljanlega er ekki hægt að framkvæma allt í einu. Ég get skilið, að fjvn.

vill ekki eyða fram úr hófi í brúargerðir, en þess ber að gæta, að stöðvun á brúargerð nú á stríðsárunum hefur verið meiri en nokkurn tíma á vegagerðinni. Ég vona því, að fjvn. taki þessar brtt. vinsamlega til athugunar.

Úr því að ég stóð upp, vil ég minnast á einn lið, ekki til aðfinnslu, því að ég er ekki viss um, að mér hefði gengið betur. Í brtt. 44, 13. lið segir svo „Til brúa, sem áður hafa verið í fjárlögum 250 þús. og í 14. lið. Ýmsar smábrýr 200 þús." *Ég vil minnast á, að áður hefur staðið í* fjárl. fé til brúargerðar á Norðurá, en enn þá er ekki hafið það verk. Ég er ekki viss um, að sú fjárveiting nægi. En ég vil leyfa mér að spyrja, hvort ekki megi vænta fjárveitingar til brúargerðar á Norðfjarðará af þessum lið*um*. Eins og menn vita, hefur verið unnið að vegagerð á Oddsskarði. Ég hygg, að þar hafi verið *unnið fyrir fullar* 300 þús. kr. *Ég fór um þetta* svæði, þegar ég kom til þings í haust, og virtist mér mjög sæmilegur árangur, einkum þegar tillit er tekið til þess, að stór jarðýta, sem nota átti þarna, bilaði, og nota varð litla jarðýtu í staðinn. Nú hefur fjvn. lagt góða upphæð til þessa vegar, eða 300 þús. kr., og ætlunin, að honum verði lokið á næstu 2 árum. Ég set þetta í samband við brú á Norðfjarðará vegna þess að vegastæði er þarna gott. ..... Það er gert ráð fyrir, að hún hafi í sveitinni verkefni í tvö ár. Nú geri ég ráð fyrir, að íbúar Norðfjarðarhrepps mundu fúslega bíða með það, sem þeir eiga eftir óunnið með þessari skurðgröfu, ef svo bæri undir, að ríkissjóður þyrfti á henni að halda við vegagerð. En til þess að skurðgrafan geti komið að notum við vegarlagningu þarna eystra, þarf brú á Norðfjarðará að vera komin. Ég hef sett þetta í samband hvað við annað, *af því að það er nauðsynlegt að gera sér ljóst*, að brúin og vegurinn standa ekki aðeins í sambandi hvað við annað af því, að brúin þarf að koma, þegar vegurinn er kominn, heldur þarf hún að koma áður en vegurinn er lagður, af því að með því sparast mikið fé. Þess vegna er mér ákaflega annt um að geta fengið fram skilning hv. fjvn. á því, hvort það er ekki meining*in*, að brúin á Norðfjarðará eigi að njóta fjárveitingar undir stafl. A. III, 14. tölul. í brtt. fjvn. við 13. gr. Ég vænti þess, að hv. form. og frsm. fjvn. gefi mér við þóknanlegt tækifæri svör við þessu.

Ég get þá látið máli mínu lokið um brtt. við fjárl. og um fjárl. yfirleitt. Ég mun með atkv. mínu sýna afstöðu mína til einstakra brtt., en sé enga ástæðu til að gera það með orðum. En ég skal þó segja það, að þrátt fyrir allt tel ég, að brtt. hv. fjvn. séu flestallar til mikilla bóta. *Og mér sýnist*, að yfirleitt beri brtt. vott um það, að hv. fjvn. hafi viljað reyna að gera það bezta úr fjárl., sem henni fannst hún geta orkað, undir þeim kringumstæðum, sem eru.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt., sem ég hafði ætlað að ræða lítils háttar um. En þar sem svo fáir hv. þm. eru mættir hér í þingsalnum, virðist það í raun og veru þýðingarlítið að útskýra hér þá þörf, sem fyrir hendi er og gert hefur það að verkum, að brtt. eru bornar fram. Því að það er lítið vænlegt til stuðnings við *mál* að tala við auða stóla, eins og þeir eru hér nú í þingsalnum að mestu leyti. Vil ég þó fara örfáum orðum um brtt., sem ég flyt á þskj. 322. Fyrst er þá brtt. nr. VI á því þskj., sem er um framlag til nýrra akvega, sem eru aðeins lítils háttar hækkanir frá því, sem áður var. Í fyrsta lagi til Landbrots úr 20 þús. kr. upp í 50 þús. kr. Þannig er ástatt um þessa sveit, að bæði Landbrot og Meðalland eru algerlega vegalausar sveitir. Þar hefur enginn vegur verið gerður, nema troðningar einir. Og þó eru þessar sveitir eingöngu komnar upp á landsamgöngur. Það virðist því vera, að ef byggðin á að haldast við á þessum stöðum, eins og hv. form. fjvn. réttilega benti á, þegar hann flutti sína framsöguræðu um fjárl., ef byggðin á að geta haldizt við í hinum dreifðu og einangruðu byggðum, verður ekki hjá því komizt að gera einhver átök til þess, þar sem ekkert hefur verið að *því gert áður*, að reyna að koma á einhverju vegasambandi. Nú er það kunnugt um Vestur-Skaftafellssýslu, að hún er eingöngu upp á landsamgöngur komin, og hefur auk þess langsamlega lengstar vegalengdir, sem nokkurt hérað þarf að fara við flutninga, allt upp í 300 km. vegalengdir. Og í þessari sýslu eru tvær sveitir, sem eru algerlega *vegasambandslausar, nema með troðninga eina*, sem eru aðeins færir bifreiðum, þegar bezt er að fara að sumrinu til, og það ekki nema stærstu bifreiðum. 20 þús. kr., eins og ætlað er hér til Landbrots og Meðallands austanverðs til nýrra akvega, er vitanlega ekki neitt, sem að gagni getur komið, nema rétt til þess að bæta þar úr nokkuð, sem erfiðast er yfirferðar. Hins vegar er alveg ljóst, að ef þessar sveitir eiga að haldast í byggð, verður ekki hjá því komizt að koma þeim í vegasamband og það mjög bráðlega. Mér virðist því, að hið minnsta, sem hægt sé að fara fram á í þessum efnum, séu 50 þús. kr., svo að hægt væri að byrja á að leggja akveg niður Landbrot, sem kæmi þá smám saman austanverðu Meðallandi að gagni. Nú er svo ástatt um þessa sveit, Meðallandið, að það er í raun og veru um tvær leiðir að velja og tvo vegi, sem ætlað er í framtíðinni að koma þangað, annan niður Landbrot og í Meðalland austanvert, og hinn frá Skaftártungu beint niður í Meðalland vestanvert og kallaður er í fjárl. Meðallandsvegur. Það er búið að leggja nokkuð af þessum vegi að vestanverðu, en hann kemur Meðallandssveit að engu gagni, fyrr en hann er algerlega fullfagður, vegna þess að það eru urðir og ófærur einar, sem hann fer yfir, þar til kemur inn í sveitina. En veginum að austanverðu, Landbrots megin, er hins vegar þannig háttað, að svo að segja hver spotti, sem lagður er af honum, kemur fleiri eða færri býlum í vegasamband. Og þegar hann er fullfagður, kemur hann líka Meðallandssveit í vegasamband, þó að hann sé þeirri sveit óhagstæðari en vestari leiðin, þegar fullfagður vegur er kominn á báðum stöðum. En ef lögð er meiri áherzla á austari leiðina og lagt kapp á að koma henni áfram, þá leysir það vandræði tveggja sveita

samtímis, þó að ekki sé á ákjósanlegastan hátt fyrir báðar. Og vildi ég mælast til þess, að til vegagerða á þessari austari leið, um Landbrot og Meðalland austanvert, þar sem hver vegarspotti, sem lagður er, kemur einhverjum býlum að gagni og miðar að því að koma afskekktri sveit í vegasamband, þá vildi hv. fjvn. hækka framlagið úr 20 þús. kr., sem nú er gert ráð fyrir, í 50 þús. kr., samkv. minni brtt. Og ég held, að það séu ekki mjög freklegar kröfur frá minni hendi eða umbjóðendum mínum í þessu efni, þar sem enginn vegarspotti hefur verði lagður í þessari sveit enn, sem að gagni komi, og þar sem menn eru eingöngu komnir upp á landsamgöngur. Og þegar litið er til þess, hvernig skipt er vegafénu af hv. fjvn., sem hún hefur gert að beztu yfirsýn, þá veit ég, að hv. fjvn. hefur þó ekki tekið nægilegt tillit til þess, að þar eru tvær sveitir, sem eingöngu eru komnar upp á landsamgöngur og það yfir hinar lengstu leiðir til verzlunarstaða, sem til eru til verzlunarstaða í nokkru héraði, eða yfir 300 km. vegalengdir.

Þá er hin brtt. mín undir sama rómv. tölul., nr. VI (Mýrdalssandsvegur), að fyrir 20 þús. kr. komi 40 þús. kr. Eins og kunnugt er, er Mýrdalssandur ein aðaltálmun á vegum austur um Skaftafellssýslu, og teppast jafnan fyrst einhverjir kaflar af honum, bæði þegar snjóar falla og eins eftir að stormar hafa gengið og sandskaflar hafa safnazt á söndunum. Hins vegar er vegarstæði að austanverðu á söndunum mjög sæmilegt. Og þrjú undanfarin ár hafa verið veittar um 20 þús. kr. til lagfæringar á þessum stað, sem mér er óhætt að fullyrða, að hefur komið að mjög miklu gagni. Hins vegar er nú nokkur kafli á söndunum, frá Illagili og nokkuð vestur á sandinn, sem er mjög hættulegur fyrir umferðina og er byrjað að lagfæra og of lítil fjárveiting er lögð til, að ekki sé nema 20 þús. kr. Og þar sem þetta er á aðalsamgönguleið og á aðalþjóðvegi, hygg ég, að ekki sé freklega í sakirnar farið, þó að ég mælist til þess við hæstv. Alþ. að hækka framlag í þessu skyni, þar sem hér er um mjög mikla þörf að ræða, upp í 40 þús. kr., þar sem mér er kunnugt um, að með því móti mundi vera hægt að lagfæra þennan kafla þannig, að hann teppti ekki eins oft umferð og ekki eins fljótlega og hann gerir nú. Mér virðist, að á aðalsamgönguleiðinni þarna verði að leggja nokkra áherzlu á það að lagfæra þá kafla, sem jafnan eru fyrstir til þess að teppa umferðina, bæði í snjóum og eins þegar stormveður hafa gengið þarna á Mýrdalssandi og sandskaflar hafa safnazt, þannig að lausasandur hefur feykzt á veginn. Það er verið að hlaða upp einmitt á þessum kafla nokkurn spöl vegar. Og ég veit, að það mundi koma að mjög miklu gagni, ef framlagið til þess yrði hækkað úr 20 þús. kr. í 40 þús. kr. Þess vegna vildi ég mjög eindregið mælast til þess, að þessi brtt. verði samþ.

Ég hygg, þegar litið er á framlög til annarra héraða til vega þar, að þá sé ekki mjög freklega í kröfur farið, þótt hæstv. Alþ. hækkaði þessi framlög, sem hér í þessari brtt. er farið fram á.

Þá hef ég, ásamt fleirum hv. þm., á sama þskj. flutt brtt. nr. X, um framlag til nýrra brúargerða, þ. e. til Staðarár í Steingrímsfirði 120 þús. kr., til Djúpár í Fljótshverfi 180 þús. kr. og til Jökulsár í Fljótsdal 250 þús. kr. — Það, sem mér er kunnugast um í þessari brtt., er sú brúargerð, sem gert er hér ráð fyrir í mínu kjördæmi, á Djúpá í Fljótshverfi. Ég hef á undanfarandi tveimur þingum flutt brtt. um, að fé yrði veitt til þess að brúa þessa á, en því miður ekki fengið því framgengt. Þessi á er sennilega ein af fáum stórvötnum, sem óbrúuð eru á aðalþjóðvegum, og hún sker svo að segja í sundur austustu sveit Vestur-Skaftafellssýslu, Fljótshverfið, og einangrar algerlega þá byggð þess, sem er austan árinnar. En ef brúin er sett á Djúpá, opnast bifreiðaleiðin á aðalþjóðveginn alla leið að Skeiðarársandi, vegna þess að austan árinnar er mjög sæmilegur vegur. Og er brúargerð á Djúpá þar af leiðandi til mikilla bóta, ekki aðeins fyrir byggðina, sem er austan Djúpár í Fljótshverfi, heldur líka fyrir umferð á þjóðvegum landsins yfirleitt fyrir þá, sem þurfa að halda í Austur-Skaftafellssýslu, og styttir mjög fyrir þá leið þá, sem þeir þurfa að fara á hestum. Mér virðist, að það þyrfti að ganga fyrir að brúa slík stórvötn, sem eru á þjóðvegum landsins, og fyrir mörgum öðrum, sem ég þó veit, að mikil þörf er fyrir innan sveitanna sjálfra, þar sem ekki er um þjóðveg að ræða. — Ég vildi því mega vænta þess, að hæstv. Alþ. vildi styðja þessa brtt. um þær brýr, sem hér er um að ræða, þar sem mér er kunnugt um, að þeirra er mjög mikil þörf.

Þá hef ég loks borið fram brtt., sem er nr. XXIV á sama þskj., við 22. gr. fjárl., og er sú brtt. um heimild til þess að greiða allt að 60 þús. kr. til að verjast landbroti af völdum Hafursár í Mýrdal. Þegar þær voru brúaðar Hafursá og Klifandi í Mýrdal, var þessum vatnsföllum veitt saman, þannig að Hafursá hefur verið veitt í Klifandi. En eftir að vatnsföllin þannig komu saman og vatnsmagnið þar af leiðandi jókst mjög í Klifandi, hefur gerzt þar landbrot mikið síðan, sem stafar beinlínis af framkvæmdum þess opinbera með þessum vatnsveitingum. Því að áður en þetta var gert, var landbrot ekki teljandi af völdum Klifandi. Það virðist því raunverulega vera siðferðisleg skylda þess opinbera, þegar það gerir framkvæmdir á þennan veg, sem verða þess valdandi, að landbrot byrjar á stórum svæðum, að verja að einhverju leyti fyrir þeim áföllum, sem af slíkum opinberum framkvæmdum hljótast, eins og hér hefur átt sér stað. — Nú hefur á undanförnum árum tvisvar verið heimilað í fjárl. að veita fé í þessum tilgangi. Í fjárl. 1944 var 15 þús. kr. greiðsluheimild til þessa, og í fjárl. 1945 30 þús. kr. heimild, eða 45 þús. kr. alls heimilað að verja til þessa. En í bæði skiptin taldi vegamálastjóri, að upphæðin væri svo lítil, að tæpast tæki því að byrja slíkar framkvæmdir með svo lítilli upphæð, sem þar var heimilað að greiða til þessa, og það mundi sáralítið vera hægt að gera með því að hafa ekki stærri fjárhæðir til þess en heimilað var í fjárl. Fjmrh. hafði hins vegar hin beztu orð um að nota heim-

ildina, ef til þess kæmi og ef vegamálastjóri hefði talið, að það mundi verða hægt að gera nokkuð að ráði með því fé, sem þar var um að ræða. Nú fer ég fram á, að í staðinn fyrir að fella þessa heimild niður, eins og gert hefur verið á fjárlagafrv. nú, — því að hún er ekki tekin inn á 22. gr. — þá sé hún tekin upp, og raunverulega þær fjárveitingaheimildir, sem voru í fjárl. 1944 og 1945, 15 þús. kr. fyrra árið og 30 þús. kr. seinna árið, sem eru 45 þús. kr. alls, og að þar verði bætt við 15 þús. kr., sem væri nú í einu lagi heimilað, þannig að greiða mætti 60 þús. kr. til þessa á næsta ári. Því að með því móti er talið, að hægt mundi vera að gera eitthvað að gagni til þess að verjast hinu ægilega landbroti, sem nú er byrjað þarna við Klifandi, sem hefur átt sér stað á hverju ári, síðan vötnum þessum, sem ég nefndi, var veitt þarna saman. Ég vildi eindregið mælast til þess, að hæstv. Alþ. liti á þetta mál af sanngirni, því að hér er raunverulega ekki um annað að ræða að langmestu leyti en endurveitingu á heimildum, sem áður voru gefnar. Þessi heimild hefur sennilega verið tekin út aðeins af vangá, en ekki af athugun. Og vildi ég því mega vænta þess, að þessi heimild yrði nú samþ., þar sem það má telja fullvíst, að með því móti mætti hefjast handa um framkvæmdir til að verjast þeim áföllum, sem farin eru að verða af völdum framkvæmda hins opinbera einmitt í þessu efni.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. Ég vænti þess, að hæstv. Alþ. líti á þá miklu nauðsyn, sem fyrir hendi er í þessum tilfellum, sem ég hef gert brtt. um. Ég hefði áreiðanlega ekki farið að flytja þær brtt., sem hér eru og ég hef getið, ef ekki væri þar um knýjandi nauðsyn að ræða.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess að bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði hér við þessa umr. áður, vegna þeirra svara, sem féllu frá hv. fjvn. gagnvart þeim mjög nauðsynlegu og hógværu brtt., sem ég hef hér flutt við þessa umr. við fjárlagafrv.

Það hefur nú komið betur í ljós, sem mátti sjá á nál. hv. fjvn. strax, að framlögin til vega eru samkv. brtt. hv. fjvn. áætluð um 900 þús. kr. hærri en þau voru í síðustu fjárl. Og það hefði þess vegna mátt ætla, að það hefðu ekki verið lækkaðar fjárveitingar til neinna héraða. En það eru þó býsna margar sýslur, sem ekki sérstaklega eru í náð hjá hv. fjvn. og lækkaðar hafa verið fjárveitingar í til vega.

Hv. frsm. fjvn. tók því þunglega, að ég gat þess í minni ræðu, að það liti út fyrir, að það hefði verið hlynnt að héruðum, sem fjvnm. stæðu að, og hann vildi halda fram, að þetta gæti ekki átt við neinn nm. annan en hann, að minni meiningu. En því var alls ekki til að dreifa frá minni hendi, að ég ætti í þessu efni við hann einan, heldur eru það fleiri, sem þar eiga hlut að máli, eins og gefur að skilja. Og ég tek röksemdir hv. frsm. fjvn. ekki mjög alvarlega, þegar hann segir, að það geti ekki skeð, að þeir, sem eru uppbótarþm. úr einstökum héruðum, vilji gjarnan vinna fyrir þau héruð, sem þeir eru kosnir með atkv. úr. En það þýðir ekki að segja mér það. Ég þekki svo þingsögu undanfarinna ára. Ef svo væri sem hv. frsm. fjvn. sagði í þessu efni, kynni það þá að vera tilviljun ein, að framlög í Suður-Múlasýslu hækka um 150 þús. frá því, sem var í fyrra samþ. í fjárl. Og það hefur farið orð af því, að hv. frsm. fjvn. væri flestum ef ekki öllum mönnum duglegri til að halda vel á málefnum síns kjördæmis, og er það honum til heiðurs, enda hefur aldrei í það kjördæmi farið jafnmikið fé til vega eins og í þeim fjárl., sem nú eru í gildi, sem er 225 þús. kr. Það kynni kannske að vera tilviljun, að bætt hefur verið við það kjördæmi frá því, sem áður hefur verið í það veitt, einmitt síðan hv. núv. þm. Barð. kom á þing. Til Dalasýslu hafa framlög til vega lækkað um 40 þús. kr. frá því í fyrra og í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um 100 þús. kr. Þetta kunna að vera aðfinnslur hjá mér og sérstaklega vel sé hlynnt að þessum héruðum. — Varðandi mitt kjördæmi sagði hv. frsm. fjvn., að í það væri veitt 195 þús. kr. til vega. En það eru ekki nema 85 þús. kr., sem þar er um að ræða, og þó er þar full nauðsyn fyrir hendi, nauðsyn, sem er áreiðanlega eins mikil og hvarvetna annars staðar þar, sem beðið er um fjárveitingu til vega. Það er að vísu rétt hjá hv. frsm. fjvn., að það er hægt um hásumarið að komast á bíl milli Blönduóss og Skagastrandar, en það er ekki heldur nema þá. Og þar er um að ræða eitt kauptún, Skagaströnd, sem er alveg innan þess ramma, sem hv. fjvn. og hæstv. samgmrh. mörkuðu með sinni stefnu að halda fram, að sérstaklega þyrfti að koma í gott vegasamband, vegna þess að þar er verið að vinna stórfelldar umbætur. Og þar er væntanleg mikil fólksfjölgun. Og ástandið er á þessum vegi þannig, að það eru ekki líkur til þess, að hægt sé að koma þangað sumum þeim vélum, sem þangað þurfa að flytjast, landleiðina, vegna þess að vegurinn er ekki fær svo stórum bifreiðum sem til þess þarf. Hér er um að ræða vélavinnuvegarstæði af heppilegustu gerð. Og það hefði nú á þessu hausti verið hægt að vinna þar með stórvirkasta tæki þeirrar tegundar, sem til er í landinu og vinnur á við fleiri hundruð menn. Og það er því undir slíkum kringumstæðum mjög mikill sparnaður að nota slík tæki, þar sem það á við, samanborið við að veita fé til vegagerða á þeim stöðum, þar sem ekki er hægt að koma að nema handverkfærum.

Það, sem mér þykir einna gífurlegast í till hv. fjvn. er það, að hún leggur til, að í eitt hérað verði varið næstum því einni milljón, og er þar um 405 þús. kr. hækkun að ræða, en næsta hérað, Suður-Þingeyjarsýsla, er lækkað um 105 þús. kr. frá því í fyrra. Þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að ræða um, þar verður atkvgr. að skera úr, ef n. vill ekki ganga inn á það, sem mér virtist skína hálft um hálft í hjá hv. frsm., að taka eitthvað aftur af þessum till. sínum til 3. umr. og endurskoða sína afstöðu.

Varðandi hafnir og lendingarbætur skal ég ekki mikið út í fara, ég hef geymt mér til 3. umr. að flytja brtt. þar um. En hvað vegina snertir og varðandi það, sem hv. frsm. sagði um framlag til Svínvetningabrautar, sem ég fór fram á

100 þús. kr. í, sem er helmingur framlags þess, sem þarf í veginn samkv. till. vegamálastjóra, þá þótti mér það mjög leiðinlegt hjá hv. frsm., að hann kastaði ómaklega hnútum til vegamálastjóra. Það er engin ástæða til að vera með slík ummæli, þó að hv. þm. geti greint á við hann um einstök atriði, því að ég held, að hann fullnægi sinni embættisskyldu eins vel, ef ekki betur en flestir þeir embættismenn, sem við höfum undir að sækja hér á þingi, og að hann hafi verið hér með einhverja hlutdrægni varðandi fjárveitingu til Blöndubrúar, sem fyrirhuguð er, því mótmæli ég alveg, því að þar er um að ræða alveg fullkomna þörf, — þörf, sem ekki verður þöguð í hel, hvorki af fjvn. né öðrum. Hv. frsm. segir, að hægt sé að komast yfir Blöndu eins og er, og það er satt, það er ein brú á henni niður við ósa, en það er svo um flest okkar stórvötn, að á þeim eru tvær brýr og sums staðar verið að biðja um þá þriðju, eins og á Hvítá í Borgarfirði. Á Skjálfandafljóti eru einnig tvær brýr, og þar er verið að biðja um þá þriðju. Milli hinnar fyrirhuguðu brúar á Blöndu og þeirrar, sem nú er, eru milli 30 og 40 km. Það skiptir ákaflega miklu máli, að þessi brú komi, sérstaklega með tilliti til þeirra fyrirhuguðu breyt., sem nú eru á atvinnurekstri héraðsins snertandi mjólkurframleiðslu.

Varðandi það, sem hann sagði um till. mína varðandi mjólkurbú á Blönduósi, þá er það að segja, að ekki er víst, að hægt verði að byrja þar að byggja, ef ekki er tryggt, að fjárveiting fáist, því að það þarf meira en þessa lögboðnu fjárveitingu, og þó að ekki sé till. um það á þessu þskj., þá mun verða flutt um það till. við 3. umr., því að það þarf áreiðanlega lán og ábyrgðarheimild til þess, að þetta fyrirtæki geti komizt upp í tæka tíð.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en vil aðeins vænta, að þetta verði tekið til athugunar síðar, þar sem ég læt þessar till. allar, sem ég hef leyft mér að flytja, koma undir atkv. við þessa umr. eða þá næstu.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þm. A.-Húnv., en ég get lýst því yfir fyrir mína hönd sem nm., að ég er samþykkur þeirri aðferð, sem n. hafði í vegamálunum, og er ég þar alveg samþykkur hv. frsm. n., því að ef það á að vera svo, að einstök héruð eiga að geta fengið til sinna vegamála svo og svo mikið fram yfir það, sem veitt er í fjárl., þá er hætt við, að verið geti svo og svo mikil ásælni hjá ýmsum, því að allir vita, að þörfin er brýn, og ef það leyfist einum, þá er ekki hægt að banna það öðrum. Ég er því alveg samþykkur, að þessi aðferð sé höfð, sem n. notaði og fram kemur í hennar till. Það framlag, sem er hér t. d. til Austur-Húnavatnssýslu, er því ekki 85 þús., heldur 185 þús., og skeikaði því hjá hv. þm. A.-Húnv. um meira en helming, því að það fé, sem er undir b-lið, er til endurgreiðslu á því fé, sem eytt var á síðasta ári utan við fjárl., og það er ekki nema rétt og sjálfsagt, að það komi fram á næsta ári sem fjárveiting til viðkomandi héraðs. Ef það er ekki, hvað þýðir þá fyrir okkur í fjvn. að basla við að skipta því fé, sem fara á til vega, ef einstökum héruðum eða sýslum á að leyfast að taka ekkert mark á því, sem í fjárl. stendur, og fá svo hundruðum þúsunda skiptir á hverju fjárhagsári utan fjárl.? Ég er sannfærður um, að ef þessi regla væri tekin, þá mundu strax á næsta ári koma fram kröfur úr hverju einasta héraði um slík aukaframlög til vega- og brúargerða, því að þörfin er vissulega alls staðar brýn. Það hefur verið svo, — ég get borið um það úr mínu eigin kjördæmi, — að þótt boðið hafi verið að lána fé, sem ekki þyrfti að greiða fyrr en á næsta ári, þá hefur verið alveg bannað að vinna fram yfir, svo að nokkru nemi fram yfir þá fjárveitingu, sem í fjárl. hefur staðið, og álít ég, að vegamálastjóri hafi hagað sér þar alveg rétt og samkv. vilja Alþingis, en það á bara að ganga jafnt yfir alla. Þessi ásökun, sem kom aðallega frá tveimur hv. þm., þm. Snæf. og þm. A.-Húnv., er því ekki á rökum reist, og er ég þar alveg sammála hv. frsm.

En það er ýmislegt annað, sem hefur komið fram hjá hv. frsm., sem ég er ekki eins sammála honum um. Ég held, að hann hefði haft gott að því að taka ekki eins djúpt í árinni og hann gerði í gær í byrjun sinnar ræðu, þegar hann var að lýsa hinni ágætu stefnu hæstv. ríkisstj. í fjárlagaafgreiðslunni og hvað þar hefði verið gætilega farið af stað og hvað hún hefði fylgt gaumgæfilega þeirri nýsköpunarstefnu, sem nú er svo mikið talað um og hv. þm. er svo hrifinn af. Ég held, að hann hefði haft gott af að hlusta fyrst á hæstv. fjmrh., af því að hjá honum kvað við dálítið annan tón en hjá hv. frsm. Hann viðurkenndi fyllilega, að við værum komnir í hálfgerðar ógöngur með afgreiðslu fjárl., enda held ég, að hver þm. og hver maður innan þings og utan, sem athugar með gaumgæfni, álíti þessa skoðun rétta, að við séum komnir í ógöngur með afgreiðslu fjárl.

Hæstv. fjmrh. gat um vilja til sparnaðar. Hann byrjaði að tala um, að það væri hvergi gerð nein tilraun í þá átt, og ég held, að arfinn sé alltaf að vaxa. Ég held, að hann hafi aldrei vaxið eins ört og nú á síðasta ári. Og þegar maður lítur á frv., þá er það svo hjá hinum einstöku stofnunum, að svo að segja alls staðar hefur nú á þessu síðasta ári mannfjölgunin gengið fram úr hófi, því að svo að segja í hverri stofnun er bætt 3—4 mönnum við það, sem áður var. Það er svar hæstv. stj. við þeirri ályktun, sem Alþ. samþykkti í fyrra um að reyna að draga úr útgjöldunum.

Hann var mikið að tala um það, hv. frsm., sem er rétt, að fjvn. hafi ekki vald til að skipa hæstv. stj. að spara. Ég veit, að n. sem slík hefur ekki nema ábendingarrétt. En Alþingi getur gert sparnaðartill., ef það vill, og þá býst ég við, að hæstv. stj. verði að fylgja því, ef hún vill kallast þingleg stj. En eins og ég gat um áðan, þá liggur fyrir slík ályktun, svo að vilji þingsins er fyrir hendi.

Hv. frsm. var að tala um, að minn flokkur hefði verið eyðslusamur. Ég man, — og það muna kannske fleiri, — hvað átti að koma í staðinn, hvaða undur áttu að ske, ef flokkur hv.

frsm. næði völdum hér á landi. Nú er það orðið, að vísu með hjálp miður heppilegra ráðamanna, ég skal ekki um það segja. En ég held, að öll þau loforð, sem þá voru gefin, — það átti að lækka skatta, því lofað að lækka tolla, því var lofað að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, en ég hef ekki séð í þeim fjárl., sem síðan hafa verið afgr. frá hendi þessarar ríkisstj., að það hafi verið gert. Ég held, að allt hafi farið í sömu áttina, gott að fá bendingar frá hv. fjvn. um ýmsa þá hluti, sem hægt væri að vera án og drægi úr útgjöldum. Jú, en ég veit ekki betur en að *fyrir liggi fullkominn vilji Alþingis* í þessu efni með þeirri þál., sem samþ. var í fyrra frá fjvn. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. þar að sjálfsögðu alveg fulla heimild frá þinginu að reyna að skera niður, ef hægt væri, af rekstrarútgjöldum ríkisins. En það brá svo einkennilega við, að það eitt, sem báðir þeir hæstv. ráðh., sem tóku til máls í dag, höfðu að setja út á n. og störf hennar, voru þær lækkunartill., sem hún benti á. Það kann vel að vera, að n. hafi ekki fundið þá réttu leið til sparnaðar og hefði kannske mátt benda á annað, sem hæstv. stj. hefði fallizt betur á eða þótt réttmætara, en þó kom það ekki fram hjá þessum hæstv. ráðh., og það kann vel að verða svo, að það reynist nokkuð örðugt að fá niðurskurð á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs eins og nú er komið.

Hv. frsm. veittist mjög að mér í ræðu sinni í dag og þeim flokki, sem ég tilheyri. Hann benti á það með miklum krafti, að það þyrfti að uppræta ýmislegt af þeim arfa, sem við hefðum gróðursett á ýmsum stöðum hér hjá ríkinu. Ég veit ekki betur en sá flokkur, sem hann fylgir, sé búinn að eiga þátt í ríkisstj. í allmörg ár, búinn að hafa á hendi fjárlagastjórn í ein 4—5 ár. Ég hef ekki rekið mig á það, og ég vil gjarnan, að hv. þm. *komi með eitthvert dæmi til* að sýna fram á, hvað sú stj. hafi gert til sparnaðar á rekstri ríkissjóðs. Ég held, að fyrri fjárl. og það frv., sem við erum að ræða um nú, beri þess gleggst vitni, að það hafi allt saman verið á leið til hækkunar. Hvar sem litið er, á skatta, tolla eða rekstrarútgjöld ríkisins, alltaf er sama sagan, alls staðar er hækkun, hvergi örlar á lækkun.

Þá hefur mikið verið gumað af því af hv. frsm., að aldrei hafi eins hárri upphæð verið varið til verklegra framkvæmda og eigi að gera í þessum fjárl. Ég gerði þetta nokkuð að umtalsefni í gær, að þótt krónurnar séu margar, þá er það ekki endilega það sama og að mikið sé framkvæmt, því að eins og við allir vitum og hæstv. fjmrh. minntist á áðan, þá hefur kostnaðurinn t. d. við að leggja vegi og byggja brýr og aðrar byggingar sex til sjöfaldazt nú á fáum árum. Og ef við deilum í þá upphæð, sem nú er í fjárl. til verklegra framkvæmda, með sex eða sjö, þá hygg ég, að krónutalan verði ekki miklu hærri en sú, sem áður var veitt til slíkra framkvæmda, eins og ég líka benti á í gær, að í sumum gr., t. d. 13. og 16. gr., eru nú um 10% lægri upphæðir til verklegra framkvæmda hlutfallslega en 1938. Hv. frsm. hneykslaðist mjög á því, að ég skyldi ekki taka 12. eða 14. gr., en þó að við tökum þær, þá er útkoman svipuð, hún er ekkert hagstæðari í núv. fjárl. eða fjárlfrv. en áður var, það er hér um bil það sama. En eins og ég hef áður getið um og minn fyrirvari byggist á, þá er ekki von á betri afgreiðslu á fjárl. vegna þeirrar stefnu í dýrtíðarmálunum, sem tekin hefur verið og framkvæmd.

Hv. frsm. hneykslaðist mjög á því, að við skyldum enn þá fara að spila þessa dýrtíðarplötu, hún sé orðin slitin og hjáróma. Ég veit, að hv. frsm. tekur meira mark á öðrum en mér. Ég hef hér fyrir framan mig ýmis ummæli frá forustumanni og formanni hans eigin flokks, *sem sýna* það svo greinilega og ótvírætt, að hann er í þeim efnum nákvæmlega á sama máli og okkar fyrirvari byggist á. Flokkur hv. frsm. hefur bæði í ræðum á Alþingi, í blöðum og annars staðar látið ótvírætt í ljós, að dýrtíðarflóðið væri það mesta böl og bölvun, sem yfir þessa þjóð hefði gengið. Ég kæri mig ekki um að svo komnu máli að fara að lesa upp ýmis ummæli formælenda Sjálfstfl., *ég veit*, að honum eru þau ljós, og ég veit, að hann er þar alveg á sama máli og ég og hv. form. flokks hans, honum er þetta ljóst, þó að hann hneykslist nú á, að verið sé að spila dýrtíðarplötuna. En ég vil benda honum á, að jafnvel samstarfsmenn hans, kommúnistar, þeir eru líka að komast á þessa skoðun, að dýrtíðin sé orðin böl. Það er ekki langt síðan þeirra eigið blað, Þjóðviljinn, talaði um, að nú yrði að stöðva sig, áður en farið yrði í vökina, það mætti ekki fara lengra áfram. Ég held, að hann hefði átt að spara sér að tala eins digurbarkalega og hann gerði um þessa hluti, því að nú stendur hann einn uppi, þetta er gamalt bergmál, sem nú hefur hvergi hljómgrunn. Nú er öllum orðið fyllilega ljóst, hvert stefnir og við verðum að reyna að stöðva okkur á þessu sem allra fyrst. Ég bendi sérstaklega á þetta í sambandi við það, sem hann talaði um okkar blómlegu atvinnuvegi og hvað þeir stæðu traustum fótum. Við vitum, hvernig það er með landbúnaðinn. Við vitum, að það er ómögulegt að reka landbúnað, það er ekki hægt. Það hefur kannske verið fram að þessu hægt að reka sjávarútveg með hagnaði þrátt fyrir gífurlegan tilkostnað. En hinar sífelldu samþykktir frá félagssamtökum þessara manna sýna, að ef þeir eiga að geta gert út á næstu vertíð, þá verður annað hvort fiskverðið að hækka eða tilkostnaðurinn að lækka. Þeir blátt áfram lýsa yfir, að þeir geti ekki gert út á næstkomandi vertíð, nema svo verði gert, og þetta býst ég við, að flestir geti fallizt á, sem um það mál hugsa. Eins og ég gat um í gær, þá er varla hægt að búast við því, að fiskverðið fari hækkandi. Ég hygg, að flestir geri ráð fyrir, að það sé komið á hámarkið og við megum frekar vænta þess, að það fari eitthvað að draga úr verðinu en að það hækki. *Mér nægir alveg* að vitna til ummæla hans eigin flokksmanna um dýrtíðarmálin, því að þeir eru flestir orðnir á alveg sama máli og við í þessu efni. Meðan flokkur hans var keyrður áfram af kommúnistum 1942, þá sneru þeir við blaðinu, en nú eru þeir aftur komnir á réttan kjöl, og eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir í fyrra og líka við þessar umr., þá er

nú ekki hægt að ganga lengra í þessa átt.

Hv. frsm. var með ýmsar árásir í garð framsóknarmanna, eins og ég gat um áðan. M. a. gat hann um það, að nú væri svo komið, að Pálma Loftssyni, — hann fór að blanda honum inn í þessar umr., ég veit ekki af hverju, — hefði misheppnazt einhver kaup á varðskipum, sem hann hefði átt að standa fyrir. Það kann vel að vera, að svo sé, ég skal engu um það spá, það mál er í rannsókn nú, og það er alveg óvíst, hvort nokkur skaði þarf að vera á þeim kaupum. En þetta kemur Framsfl. ekki nokkurn skapaðan hlut við. En þetta sýnir, ef svo er eins og hv. frsm. getur um, hvað mikið lánleysi og giftuleysi fylgir öllu þessu nýsköpunarfargani hæstv. ríkisstj., að jafnvel þegar þeir velja ágæta menn, sem hafa reynzt happadrjúgir í störfum fyrir ríkið, þá er eins og búið sé að snúa við blaðinu, og allt, sem þeir gera, verður til óheilla fyrir land og þjóð. Þessi maður, Pálmi Loftsson, er lengi búinn að vera starfsmaður ríkisins og hefur fengizt við skipakaup fyrir þess hönd, og ég held, að það sé alþjóðar álit, að hans starf hafi heppnazt mjög vel.

Það er ekki af viljaleysi, hvorki hjá hæstv. ríkisstj. né fjvn., að svona fer, að við verðum að skila fjárl. nú, þrátt fyrir okkar samþykkt í n. og góðan vilja, með stórkostlegum greiðslu- og rekstrarhalla. Það kemur nokkuð til af því, eins og okkar fyrirvari gat um, að það er ekki annað hægt. Það er komið svo fyrir okkur, eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan, að það er ekki hægt að spenna bogann hærra með skatta, tolla og álagningar, og þá verður að grípa til lána til þess að geta haldið uppi framleiðslu í landinu. Það er eina úrræðið, sem er hægt að grípa til, þrátt fyrir það, að aldrei hefur verið mokað eins miklu af sköttum og tollum í ríkissjóð og nú undanfarin ár, en samt er svo komið, að það er ekki hægt að láta fjárl. ná saman. Ef á að halda uppi svipuðum framkvæmdum og undanfarið, þá verður að grípa til lána. Ég býst við, að það verði mörgum ógeðfellt, þó að kannske sé ekki annars úrkosta.

Hv. frsm. gat um nokkrar till., sem framsóknarmenn hefðu verið ósammála um, og er það ekki nema rétt, og skal ég minnast á eitt atriði, þar sem farið er alveg inn á nýja braut. Það hefur verið tekin upp sú nýja regla að flytja á 20. gr. milljónaútgjöld, svo sem til flugvallagerðar, skólabygginga og annars slíks, sem alltaf hefur verið á viðkomandi greinum fjárl., en er nú sett á 20. gr., ég vil segja, til þess að villa útkomu fjárl. Það er tekið sem „eignahreyfingar, út," en það hefur ekki verið venja á undanfarandi fjárl. að taka inn á þá gr. nema þær framkvæmdir, sem hafa gefið tekjur á móti. Nú er þessu viðhorfi breytt, og það skekkir mjög útkomu fjárl. að setja alla hluti, sem einn og er aðeins til þess að rugla enn þá meir. Ég lagði til, að þetta yrði meira sundurliðað, en fékk því ekki ráðið. — Það getur verið, að ég hafi einhverju gleymt, en vil ekki tefja umr. meir nú.

Bjarni Benediktsson: Ég vil leyfa mér að bera fram tvær litlar brtt. Önnur er varðandi hækkun á framlagi til íþróttasjóðs upp í eina millj. kr. Þessi till. er miðuð við það, að sjóðurinn geti lagt á móti bæjarsjóði Reykjavíkur við framkvæmdir á hinu fyrirhugaða íþróttasvæði í Laugardalnum. Bæjarsjóður hefur þegar lagt fram nokkur hundruð þús. kr., en til þess að hægt sé að halda áfram, er þörf á miklum fjárveitingum. Bæjarsjóður vill fá 2/5 úr ríkissjóði á móti 3/5 úr bæjarsjóði, og hefur íþróttaráð samþ. það. En til þess að þetta geti orðið, verður að hækka framlag til íþróttasjóðs, því að annars yrði að setja aðrar framkvæmdir í þessum málum aftur, og gæti það orðið til mikils tjóns. — Ég vil benda á, að íþróttasjóður hefur lítið lagt til Reykjavíkur, þegar athugað er, að ⅛ hluti allra landsmanna er hér saman kominn. Sýnist því hart, ef Reykjavík þarf lengi að bíða framlags úr íþróttasjóði. En hvað sem framlagi ríkissjóðs líður, verður þessum framkvæmdum hraðað, og vænti ég, að Alþingi sýni þá sanngirni að verða við þessari beiðni.

Hin brtt. mín er varðandi hækkun á styrk til „Sumargjafar" úr 70 þús. kr. upp í 150 þús. kr., þannig að bæjarsjóður greiði tvöfalt á móti ríkinu. Það hefur sýnt sig, að starfsemi þessi verður að fá framlagið hækkað til þess að geta starfað. Bæjarsjóður hefur orðið að greiða meira en ⅔ af kostnaði, og má gera ráð fyrir að með aukinni starfsemi verði þessi upphæð, 150 þús. kr., lítil í framtíðinni. Það þarf ekki frekar um þetta að ræða, því að viðurkenning og nauðsyn á þessari starfsemi er öllum kunn.

Þá vil ég mæla með hækkun á fjárveitingu til gagnfræðaskóla Reykvíkinga í 100 þús. kr. og áskil mér rétt til að flytja hækkunartill. við 3. umr. Þá vil ég minna á, að framlag til gagnfræðaskólabyggingar er of lágt, 900 þús. kr. Hér í bæ er gagnfræðaskóli í byggingu, sem þarf að hraða. Það má gera ráð fyrir, að hann kosti 2—3 millj. kr., og mest af þessari upphæð þarf að greiðast á næsta ári. Af þessu er augljóst, að 900 þús. kr. er allt of lítið. Ég vildi ekki flytja brtt. við þessa umr., en áskil mér rétt til þess við 3. umr. Ég tel miklu meiri nauðsyn að hraða þessari byggingu en byrja á menntaskóla, þó að það sitji sízt á mér að draga úr því. En ég tel fjarri lagi að láta fjárveitingu til heimavistar við menntaskólann á Akureyri ganga fyrir.

Sigurður Guðnason: Ég flyt hér smábrtt., með 7. landsk. þm. við 14. gr. B. XXVII, um styrk til Alþýðusambands Íslands. Alþýðusambandið hefur fengið 10 þús. kr., en hér er farið fram á, að þetta verði hækkað upp í 30 þús. kr. Starfsemi Alþýðusambandsins er mikil og margvísleg bæði fyrir hinn mikla fjölda, sem er í sambandinu, og eins fyrir þjóðina í heild. Einmitt nú hefur Alþýðusambandið orðið fyrir miklum útgjöldum í sambandi við alþjóðasamband verkalýðsins. Kostnaður í sambandi við það hlýtur að verða að greiðast af ríkinu, því að það má telja víst, að fyrir Ísland er það stórt þjóðhagsmál að vera í slíku sambandi. Mikið starf hjá Alþýðusambandinu fer í margs konar upplýsingar fyrir hið opinbera, skýrslugerðir o. fl. Ég vona, að

fjvn. taki þessa brtt. til greina og verði við þessum tilmælum.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 325, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Þá er umr. lokið, og samkv. afbrigðum, sem áður voru samþ., verður framhaldsumr., útvarpsumr. (*GJ:* Hvers vegna er umr. lokið?) Það er enginn á mælendaskrá.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil aðeins leyfa mér að óska eftir því, að umr. verði ekki slitið. Hæstv. forseti veit vel, að ég hef setið hér í allan dag til að taka niður aths. frá þm., og mér hefur ekki verið tilkynnt, að enginn væri á mælendaskrá. Hæstv. forseti getur ekki ætlazt til þess, að ég taki til máls á eftir hverjum ræðumanni. Mér er kunnugt, að hv. 3. landsk. vill fá skýringu varðandi fyrirspurn, sem hann hefur gert. Ég mótmæli því, að þessari umr. sé lokið.

Forseti (JPálm): Vegna eindreginna tilmæla hv. frsm. fjvn. verður umr. frestað til kl. 8,30 í kvöld.

Kl. 8,30 síðd. var umr. fram haldið.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú verið að ljúka þessum hluta 2. umr. um fjárlfrv. Ég hygg, að fjvn. geti verið ánægð með það, sem fram hefur farið hér í þessum umr. Það hefur raunverulega ekki verið mikið um ádeilur á hennar verk, enda bera þær brtt., sem fram hafa komið, það með sér, og þær hafa líklega aldrei verið færri en í þetta skipti, enda hefur það verið svo, að þær athugasemdir, sem gerðar hafa verið við brtt. fjvn., hafa hver rekizt á annarra horn og meira verið gerðar til þess að láta þær komast út til kjósenda en að hugur hafi fylgt máli.

Ég vil fara hér nokkrum orðum um einstök atriði og skal þá fyrst minnast á ræðu hæstv. fjmrh. — Hann lýsti yfir því, að hann væri alls ekki ánægður með þær brtt., sem fjvn. hefur gert við frv., en hann mundi taka við þeim hækkunum, sem þar hafa verið gerðar, ef brtt. n. verða samþ., en áskilur sér rétt til þess að ræða um það milli umr. við n., hvort hann óski eftir því, að frv. verði skilað með greiðsluhalla eða tekið sé lán eða farnar einhverjar aðrar leiðir, og er fjvn. að sjálfsögðu fús til þess að ræða það mál við hæstv. fjmrh. En það er eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vil benda á undir þessum kringumstæðum, að menn verða að gera sér ljóst, sem sé hvort halda skuli þeirri stefnu í vegaframkvæmdum, sem hann gerir ráð fyrir, að eigi að gera í þeim málum, eða halda þeirri stefnu, sem fjvn. vill marka. Hann lýsti yfir því, að hann væri óánægður með það, að stefnu hans hefði ekki verið fylgt, sem sé að skera niður vegagerðir úti á landsbyggðinni, en halda sér eingöngu við hinar stóru framkvæmdir, eins og hann sagði hér við 1. umr. En ég vil undirstrika það hér, að ef á að halda út á þá braut, sem hæstv. fjmrh. vill fara út á, þá er nauðsynlegt að gera meira en að skera niður vegaframlögin til þessara staða; það þarf þá á sama tíma að skera niður landbúnaðarstyrkina, strandferðastyrkina og fjárframlög til hafnarframkvæmda á þessum stöðum. Þessar aðgerðir mundu hafa þær afleiðingar, að fólkið flytti í burtu frá þessum stöðum, og af því að þetta er svo stórt atriði, vildi ég ekki láta því ósvarað. Það er alls ekki hægt að bjóða fólkinu upp á að halda lífsbaráttu sinni áfram úti í dreifbýlinu með því móti, og það er verið að gefa því falsvonir með því að vera að kasta til þess nokkrum krónum til þessa eða hins, en ekki að halda sér við meginatriðið, hvort á að hafa þessar byggðir í sambandi við meginvegakerfi landsins. — Það er annað atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem er eftirtektarvert og væri ómaksins vert, að hæstv. forseti, hv. þm. A.-Húnv., legði eyrun að því. Hann fullyrti, að þegar unnið væri með stórvirkum og hraðvirkum vegavinnuvélum, þá næðist sjö til átta sinnum meiri árangur en þegar unnið er með handverkfærum, eins og gert var í gamla daga. Hans meginrök voru, að það ætti ekki að vinna að vegaframkvæmdum nema þar, sem hægt væri að koma slíkum tækjum við. En ef þetta er rökrétt, þá er það líka rökrétt, að þeir hv. þm., sem hafa fengið fyrir kjördæmi sín 200 þús. kr. fram yfir á þessu ári til vegagerðarframkvæmda með þessum stórvirku og hraðvirku vegavinnuvélum, þá hafa þeir ekki fengið 200 þús. kr., heldur 1600 þús. kr. Og ef þessir vegir hafa verið gerðir svona góðir, þá er því síður ástæða fyrir fjvn. að halda uppi fjárveitingum á þessu ári til þeirra. Hv. þm. Snæf. fékk m. a. slíkar stórvirkar vegagerðarvélar til afnota í sínu kjördæmi, og hefur þá verið unnið þar að vegaframkvæmdum fyrir því sem svarar 1600 þús. króna, miðað við það, sem aðrir hafa orðið við að búa á öðrum stöðum á landinu.

Ég skal ekki fara langt út í skattamálin. Yfirlýsing hæstv. fjmrh. er mér nægileg til þess að fullvissa mig um það, að fjvn. hefur gert það verk eins vel og hægt var að búast við. Ég vil hins vegar benda á, að þegar fjvn. varð ljóst, að það væru um 150 millj. króna tekjur á þessu ári eða mundu verða, þá var það ekkert óeðlilegt, þótt hún leyfði sér að áætla tekjurnar eins og gert hafði verið í frv., því að það bendir ekkert til þess enn þá, að neitt verði til þess að rýra tekjur ríkissjóðs á næsta ári, nema ef verðtollurinn kynni að rýrna vegna lækkaðra flutningsgjalda, og ef það hefði ekki verið fyrir hendi, þá hefði fjvn. hækkað þann lið stórkostlega, en vegna þessarar staðreyndar sá hún ekki ástæðu til þess að fara lengra í þessu atriði en hún gerði.

Það var eftirtektarvert í ræðu hæstv. fjmrh., er hann sagði, að ekki væri hægt að hagnýta stjórnarkerfið vegna húsnæðisvandræða. Þetta er atriði, sem verður að afstýra, því að slíkt má ekki undir neinum kringumstæðum skapa ríkissjóði milljón króna útgjöld á ári. — Hæstv. fjmrh. hélt því fram — og það er eitt af því, sem ég vil ekki láta mótmælalaust, — að sú lækkun,

sem fjvn. hefur gert á mörgum liðum, væri sjálfsblekking, og ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa gert sér það ljóst, að fjvn. hefur lækkað útgjaldaliðina um 2 millj. króna, og það verður að skera einhvers staðar niður til þess að ná þeim árangri. Vil ég í því sambandi benda á stórt atriði. Það er ein stofnun hér í bæ, sem er rekin algerlega á ríkisins kostnað. Fjórir hæst launuðu menn þessarar stofnunar taka full laun fyrir utan þessa stofnun, og eru það svo há laun, að þeir eru með allra hæst launuðu mönnum í landinu. Ég verð að segja það, að það er full ástæða til þess að athuga, hvort það sé nokkur nauðsyn fyrir ríkissjóð að styrkja þessa stofnun að því leyti, sem halda þarf uppi fjórum dýrum starfskröftum, því að ef þeir hafa tíma til þess að vinna á fullum launum annars staðar, þá hafa þeir naumast tíma til þess að vinna á fullum launum hjá þessari stofnun, og væri þá full ástæða til þess að draga þar úr fullum launum þeirra. Mér er það ljóst, að þar sem reynt hefur verið að spara, hlýtur það að valda einhverjum sársauka. Ég hef ekki haft frið síðan nál. kom út, um að það mætti ekki lækka eða fella niður þetta eða hitt. Menn hafa staðið hér stundum á göngunum niðurdregnir og hálfgrátandi út af því, hvers vegna liðir þeim viðkomandi hafi verið lækkaðir eða felldir niður. En það er ekki af því, að fjvn. vilji vera með neinar persónulegar árásir á þessa menn, sem hún hefur lækkað eða fellt niður liði þeim viðkomandi, heldur vill fjvn. undirstrika það, að eftir að búið er að veita mönnum sæmileg lífskjör, þá á að heimta af þeim vinnu. Menn geta tekið hér fjórföld laun hjá ríkinu án þess að gera skyldu sína, og væri gaman að sjá lista yfir þá menn, sem hafa 80—90 þús. kr. kaup frá ríkinu frá a. m. k. 4—5 stofnunum. Ef það á að halda áfram á þeirri braut, þá er niðurskurðurinn blekking, en ef það er gert að veruleika að takmarka laun þessara manna, þá þarf niðurskurðurinn ekki að vera blekking.

Hæstv. fjmrh. talaði um, hvort fjvn. hefði gert sér ljóst, hvort hægt mundi vera að fá vinnuafl til þessara framkvæmda. Fjvn. hefur ekki gert sér þetta ljóst, því að það lá ekki innan hennar verkahrings. Hins vegar er mér það ljóst, að það er vafasamt, hvort unnt verður að gera þær framkvæmdir, sem ráðgerðar eru á næsta ári, en vil í því sambandi benda á, að mér fyndist miklu nær að gefa viðkomandi ráðh. heimild til þess að draga úr framkvæmdum, þegar svo stendur á, að ekki er hægt að fá verkafólk til þess að vinna að þeim, og nota það fé, sem til þeirra hefur verið ætlað, á einhvern annan hátt en að gefa heimild til þess að skera niður framkvæmdir, hvort sem hægt er að framkvæma þær eða ekki, eins og gert hefur verið áður. En þetta er hins vegar atriði, sem kemur til athugunar við 3. umr. — Hæstv. samgmrh. sagði, að engin ákvörðun hefði enn verið tekin í sambandi við fjárveitingu til Suðurlandsbrautarinnar, en ég held, að þetta sé frumhlaup hjá hæstv. ráðh., sem kemur fram með till. til fjvn. upp á ekki minna en 4 millj. kr., ef málið er ekki betur undirbúið en það, að ekki er farið að athuga það í ráðuneyti hans, og er þess því ekki að vænta, að fjvn. vilji taka upp þessa till. En það var annað, sem hann upplýsti í sambandi við þetta mál og vakið hefur miklar deilur, en það eru greiðslur fram yfir fjárl. Hann upplýsti, að engar upplýsingar hafi verið gefnar viðvíkjandi þessum lánum annað en það, að fé yrði endurgreitt, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Ég hélt, að hv. þm. hefðu heyrt, að n. hafði hugsað sér að skipta þessu í tvo flokka, a- og b-flokka, í fjárframlögum til veganna, og ætti hann að athuga, hvað hér hefur verið sagt af þeim ráðh., sem með þessi mál fer, en hann ætlaðist til, að lánin yrðu endurgreidd, þegar fé yrði veitt í fjárl. Væri gaman að vita, hvernig hv. þm. hafi hugsað sér að fara með þessi mál.

Það, sem hæstv. samgmrh. sagði um löggildingarstofuna og Skipaskoðun ríkisins, var allt á misskilningi byggt. Hann sagði, að þessar stofnanir væru þurrkaðar út úr fjárl., en fjvn. hefur alls staðar gert ráð fyrir þeim. Það er gert ráð fyrir, að tekjur komi á móti greiðslunum, og tel ég engin vandræði að reka þessar stofnanir þannig, að svo sé, og með l. frá síðasta þingi um breytingar á skipaskoðun ríkisins var það alveg ákveðið, að skipaskoðunargjöld skuli renna til ríkissjóðs, en ekki til þeirra manna, sem annast skoðunina, þar sem þeir taka full laun frá ríkinu samkv. launal. Hygg ég, að þessi misskilningur hjá hæstv. samgmrh. stafi af því, að hann hafi ekki athugað þetta.

Það gætir sömuleiðis misskilnings um 14. gr., þar sem hann tók til athugunar liðinn um byggingar á prestssetrum og sagði, að það stæði í frv., að ríkið væri að kaupa eignir af sjálfu sér. Sannleikurinn er sá í málinu, að verið er að byggja prestssetur á Hvanneyri, en hingað til hefur prestssetrið verið að Hesti, sem er eign ríkissjóðs, og þarf nú 150 þús. kr. til þess að reisa prestsbústað á Hvanneyri, og mætti koma fram í frv., að þessi upphæð væri sérstaklega veitt til þess.

Hæstv. ráðh. fannst það smásálarskapur hjá fjvn. að fella niður styrkinn til Kirkjublaðsins, en n. hefur ekki byggt sínar ákvarðanir á því, hvort það eru 100 krónur eða þúsund krónur, sem hún sker niður, heldur fer hún eftir ákveðnum reglum og lætur þær gilda jafnt í smáu sem stóru. Frá mínu sjónarmiði er ekkert, sem réttlætir það að veita Kirkjublaðinu styrk frekar en öðrum blöðum, og ég hygg, að andlega stéttin sé nú betur sett en áður til þess að halda uppi sínu blaði, þar sem hennar kjör hafa verið bætt til muna.

Fjvn. hefur skorið niður liðinn um greiðslur til dómkirkjuprestsins í Reykjavík fyrir skýrslugerðir, en þær greiðslur hafa ávallt fylgt því embætti. En þetta er verk, sem biskupsskrifstofan gæti auðveldlega tekið að sér, því að þetta verk er ekki fólgið í öðru en að skrá nöfn þeirra barna, sem skírð eru, og nöfn þeirra manna, sem deyja. Ég hef svarað viðkomandi mönnum því, að þessar greiðslur séu ekki annað en launauppbót til prestanna, en þegar búið er að gera launakjör prestanna eins vel úr garði og nú er, þá er þessi greiðsluliður alger óþarfi,

og getur biskupsskrifstofan hæglega haft þessar skýrslugerðir með höndum án þess að fá sérstaka borgun fyrir það, en þessi skrifstofa hefur nú stórum meiri mannafla á að skipa en hún hafði áður. Ég hef fengið lista, sem á sést, að ofan á öll laun, sem greidd eru til biskupsembættisins á þessu ári, hafa verið settar 10 þús. kr. í viðhaldskostnað á biskupshúsinu, sem ekki er eign ríkisins, heldur annars manns, og má af þessu sjá, að leigan verður nokkuð dýr.

Hvað viðvíkur Sjómannaskólanum, þá hefur það atriði aldrei verið rætt við fjvn. að hækka þennan lið, og sé búið að vinna fyrir 1 millj. kr. fram yfir það fé, sem veitt var til hans, þá er það fyrst og fremst á valdi hæstv. ráðh., og hann verður þá að velja um það, hvort hann reyni að fá Alþ. til þess að leggja fram meira fé til hans á næsta ári eða þá að láta vinna minna við skólann en hann hafði hugsað sér. Annars er enginn vafi á því, að það þyrfti ekki að drepa sjómannastéttina, þótt staldrað væri nú við með bygginguna og henni yrði ekki lokið strax. Hins vegar verður það borið undir atkv. hv. þm., hvort þeir vilji veita meira fé í þessu skyni og eyða þar með byggingarefni og taka vinnukraft frá öðrum störfum, eins og hæstv. ráðh. minntist á.

Ég ætla þá að svara hv. 3. landsk. (HG) nokkrum orðum. Hann taldi, að meðferð fjvn. á þeim lið, er snertir tryggingarmálin, væri með þeim eindæmum, að ef dæma ætti öll önnur verk n. eftir því, veitti ekki af að endurskoða allt starf hennar. Ég vil í því sambandi benda hv. 3. landsk. á, hvernig þessi mál voru útbúin í hendur fjvn. Það lá fyrir n. bréf frá 4. júlí þ. á., sem fjvn. hafði verið sent. Þar er sundurliðun, yfir 800 þús. kr., fyrir laun og annan kostnað í sambandi við þessi mál, og hluta þessa kostnaðar hefur n. skilizt, að ríkissjóði bæri að greiða, og er hann að upphæð 232.500 kr. Fjvn. hafði ekki önnur gögn en þetta bréf og launalista frá Tryggingastofnuninni, sem sýndi aðeins grunnlaun starfsmanna. N. benti á, að henni þætti þetta ekki nægilegar upplýsingar og óskaði eftir að fá reiknað út, hvað launin væru samtals yfir allt árið, en sú sundurliðun, sem n. fékk, var af handahófi. Þá vil ég og benda hv. 3. landsk. á, að það eru ekki minna en 4 menn hjá þessari stofnun, sem eru með 10.200 kr. árslaun og virðast það vera hæstu skrifstofustjóralaun. Það getur verið, að stofnunin þurfi að hafa fjóra skrifstofustjóra, og það eru að vísu fjórar deildir innan stofnunarinnar, en ég veit hins vegar ekki til þess, að 4. deildin, atvinnuleysistryggingadeild, sé farin að starfa enn þá, og sýnist þá ekki þurfa þangað mann á slíku kaupi. Síðan er við sömu stofnun læknir með 13 þús. kr. laun, en ég efast um, að nokkur nauðsyn sé á að hafa sérstakan fastlaunaðan lækni við hana, því að það má hafa samband við aðra lækna heldur en endilega að hafa þar fastlaunaðan lækni. Þessi stofnun þarf ekki að láta fara fram neina stóra uppskurði eða stærri aðgerðir á mönnum, heldur annast hún aðeins skoðanir. Sjálfur hef ég haft þá ánægju að koma í þessa skoðun, og er hún alls ekki þannig, að það þurfi að hafa þarna fastlaunaðan mann með 13 þús. kr. grunnlaun á ári til þess að framkvæma slíkt verk. — Þarna er svo einn liður upp á kr. 342.890.10, sem er innheimtukostnaður, og er eftir því, sem n. hefur skilizt og eins og reiknað var með 1944, 5% fyrir að innheimta gjöld, en samkv. launal. á ekki að greiða innheimtu þannig, heldur á að greiða hana samkv. þeim frá 1% fyrir fyrstu 100 þús. kr. og niður í ¼%, og til samræmis við þau l. hefur þetta verið skorið niður. Ég er viss um, að ef fylgt er ákvæðum launal. á ekki að greiða innheimtu þannig, nema eins og þar segir, þá verður þessi liður ekki kr. 342.890,10, heldur lækkar hann um 80%, og er það á þessum rökum, sem þessi liður er skorinn niður um 80%.

Það getur verið, að hægt sé að kasta þungum steini að fjvn. fyrir að hafa gert þetta, en ég held, að þeir eigi sökina, sem hafa undirbúið málið í hendur fjvn. á eins ófullkominn hátt og gert var. — Það er eftirtektarvert, að hv. 3. landsk. barðist á móti því, að þessi stofnun yrði tekin undir flokkun launal., og virðist það nú koma fram, að hann vill vera einráður um það, hvernig laun eru greidd í þessari stofnun, ekki aðeins til forstjórans, heldur og til allra, sem við stofnunina vinna. Og ef þetta gæti orðið til þess að vekja viðkomandi aðila til umhugsunar um, að svona ættu hlutirnir ekki að vera, þá er rétt af n. að skera þetta niður.

Ég skal benda hv. 3. landsk. á, að hv. 9. landsk. var staddur á þeim fundi, sem þessi ákvörðun var tekin á, og hann benti á, að þetta hefði ekki mikla þýðingu, því að starfslið stofnunarinnar væri fyrir utan launal., en fjvn. fannst hins vegar rétt að benda á, að þessar misjöfnur ætti að laga.

Um brú á Holtakíl er það að segja, að það er með fullum vilja aðila gert að taka þá brú út og setja Laxá inn í staðinn. Framkoma þm. í þessu máli er þannig, að ef ég á eftir að eiga með mál að gera við viðlíka aðstöðu, mun ég ekki taka tillit til slíkra raka, sem ýmsir hv. þm. leyfa sér að bera á borð, því að það er fyrir neðan virðingu allra þingmanna.

4. þm. Reykv. talaði um, að n. hefði ráðizt mest á menningarmál. Hið sanna er, að hún veitir mest til menningarmála. Hitt er annað atriði, að honum þykir sárt að missa af fé, sem renna átti til félagsskapar, sem hann stendur að, sem sé Norræna félagsins. En það liggja engin gögn fyrir um það, hvernig því fé er varið, sem til þess félagsskapar hefur runnið. Ef Norræna félagið stendur ekki jafnrétt, hvort sem það fær 5000 kr. eða ekki, þá er það spunnið úr veikum þræði og getur vart haldizt lengi lifandi.

Um 10 þús. kr. styrkinn til Blaðamannafélagsins er það að segja, að við leggjum til, að hann falli niður. Það er satt, ef athugað er velsæmi blaðamanna, að þá hefur þessi styrkur ekkert að segja. Þeir hafa ráðizt allharkalega á hv. 4. þm. Reykv., og hefur hann sviðið talsvert undan. Hann minntist á burðargjöldin. Ég er ekki viss um, að það sé allt satt, sem sagt er um gróða bókaútgefenda að undanförnu, ef

þeir hafa ekki ráð á að borga undir blöð sín og tímarit.

Þá er það styrkur til útgáfu tímarits í Kaupmannahöfn. Ég veit ekki hvaða réttur það er, sem íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn eiga að hafa fram yfir stúdenta annars staðar á Norðurlöndum eða í Ameríku, og sé ekkert, sem réttlætt geti slíka fjárveitingu sem hér er farið fram á.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um ræðu hv. þm. Snæf. Hann sneri út úr minni ræðu, en ég mun ekki rekja það að ráði. Vil ég þó taka fram, að mér þykir nokkuð undarlegt, þegar menn hafa fengið 160 þús. kr., að þá skuli menn aðeins þykjast hafa fengið 60 þús. Það er dálítið undarleg málafærsla. En ég vil algerlega mótmæla því, að formaður fjvn. (GJ) hafi farið í þá n. til þess að koma sínum áhugamálum varðandi sýsluna fram. Hann hefur aðeins fengið leiðréttingu á margra ára ranglæti og vanrækslu við sýsluna, og vil ég leyfa mér að mótmæla þessum aðdróttunum algerlega.

Hv. 7. landsk. viðhafði hér þau orð, að mér þykir leitt, hvað fáir eru hér viðstaddir til að heyra mig svara þeim. — Viðvíkjandi ekkju Sigurðar heitins Thorlaciusar skólastjóra skal það tekið fram, að fjvn. hefur fengið upplýsingar um, að hún hafi fengið 23 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Þessu mótmælti hv. 7. landsk. þm. og nefndi 21450.00. En jafnvel þótt hún hefði fengið þá upphæð, teldi n. ekki ástæðu til að setja konu með slíkar tekjur á sérstakan eftirlaunalista. Hins vegar er það ekkert atriði fyrir fjvn. að skipta sér af því, hvernig slíkir aðilar ráðstafa tekjunum og hvort þeir ráðstafa þeim til einnar eða annarrar notkunar. Þetta vil ég, að menn athugi, þegar till. verða bornar upp.

Hv. 1. þm. S.-M. (IngP) talaði um Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal og lýsti þeirri síðari sem einhverri mestu manndrápsá á Íslandi. Það er mikið, ef í henni hafa farizt 19—20 menn, sem menn nú vita um, og þyrfti sannarlega að gera einhverjar ráðstafanir vegna þessa hættulega vatnsfalls. Það þyrfti að athuga, hvort ekki væri hægt að leysa þetta mál með því að bera fram hér á Alþ. frv. um hækkun á benzínskattinum, og stæðu að því allir flokkar. Skyldi láta þær tekjur, sem með þessu móti fengjust, fara til að brúa ákveðnar ár. Ekki þyrfti nema eitt ár til þess að hrinda þessu stórvirki í framkvæmd, en allir flokkar þyrftu að standa að frumvarpinu. Það eru engin vandræði að hækka nú benzínskattinn, þar sem hann hefur ekki verið hækkaður síðan fyrir stríð, og langmest af þeim mönnum, sem brúka bíla út um byggðir landsins við kjósendaflakk og því um líkt, eru það vel efnaðir, að þeir geta vel staðið undir þessu. En hver, sem skerst úr leik, ef frv. um þetta verður fram borið, sýnir með því, að hann vill ekki láta brúa ár landsins.

Ég get svo út af aths. frá hv. þm. V.-Sk. bent honum á þetta sama, að ef hann vill hækkandi benzínskatt, þá er sjálfsagt hægt að verða við óskum hans um brýr. Þetta var það, sem ég ætlaði að segja við hv. þm. V.-Sk., en ég nenni ekki að svara mikið hv. þm. A.-Húnv. Öll villan hjá honum liggur í því, að hann nennir ekki að leggja saman nema tvo liði, og hefur hann því fengið út 85 þús. í staðinn fyrir allt aðra upphæð. En ég veit, að þegar hann kemur heim og hefur tóm til að athuga þetta, þá sér hann, að ekki hefur verið gengið á hluta hans í þessu máli og hann hefur alls ekki orðið afskiptur. Hann sagði, að ég hefði kastað hnútum að vegamálastjóra vegna Svínvetningabrautar. Ég mótmæli því, að um nokkur hnútuköst hafi verið að ræða frá minni hálfu, en ég skal geta þess, að það urðu aðrir meira undrandi en ég á því, að ekki skyldi heldur vera lagt til, að gerður væri vegur að brú, sem þegar er komin, en að brú, sem væntanlega verður byggð á þremur næstu árum. Ég veit ekki, hvernig þetta er, en svona féllu orð hans. Ég er viss um, að hv. þm. skilja það mjög vel, að það er allt annað viðhorf hjá fjvn. til þess að binda fé í hlutum, sem á að framkvæma, eða þeim, sem nærri búið er að framkvæma. Ég skal loks taka það fram, að afstaða mín byggist ekki á andúð til þessa fyrirtækis, en fyrsta sporið til þess að koma þessum framkvæmdum á er, að ríkisstj. verði heimilað að veita þeim stuðning með ábyrgð.

Ég skal láta þess getið vegna utanfararstyrks, sem veittur er vegna Alþýðusambands Íslands, að ég tel, að sá félagsskapur hafi öðrum hnöppum að hneppa nú fyrir kosningarnar en að senda menn út um öll lönd, og þó að sambandið hafi fengið utanfararstyrk, þá er það ekki sama og að það fái hann á hverju ári.

Ég vil með ánægju minnast þess, að hæstv. fjmrh. hóf engar ádeilur á n., heldur sagðist mundu taka við fjárl. eins og honum yrðu þau í hendur fengin af n.

Hv. 1. þm. Rang. kom fram með ýmis atriði í sinni ræðu, sem ég ætla nú ekki að fara að elta ólar við nema lítið eitt. En rök hans í sambandi við nýbyggingarráð voru eitthvað undarleg. Hann sagði, að óhamingja ráðsins væri til dæmis svo mikil, að það bæri ekki gæfu til að hafa annan eins mann og Pálma Loftsson með í ráðum! Hann mætti þar hvergi nærri koma. Ég vil í þessu sambandi slá því fram, að gaman hefði verið að vita, hvað mikið hið aldraða skip Súðin er búið að kosta íslenzka ríkið. Þegar hún var keypt, kom Sjálfstfl. þar hvergi nærri, heldur stóð þessi Pálmi Loftsson fyrir þeim kaupum, og liggur ljóst fyrir, hvaða höpp hafa af því verki hans hlotizt. Hann ræddi um að hækka framlög til byggingar gagnfræðaskóla, og hækkaði n. það um 70 þús. kr. N. hefur mikið rætt við fræðslumálastjóra, og þóttist hann alls ekki geta komizt af með minna en 1700 þús. kr. til nýrra barnaskóla, og varð n. við tilmælum hans og hækkaði framlagið úr 1200 þús. kr. En þetta er kannske ekki til menningarmála? Einnig vildi fræðslumálastjóri fá eina millj. kr. til gagnfræðaskóla, en loks varð úr, að veittar voru 900 þús. kr. til þeirra og 1300 þús. kr. til héraðsskóla. Þetta er alls ekki svo lítil blóðtaka að verða að greiða þessar upphæðir. En fjvn. gerir það í því trausti, að síðar verði þetta endurgreitt í bættum lífsskilyrðum fólksins.

Menntmrh. barðist fyrir því, að þessar upp-

hæðir yrðu mjög auknar, en sagðist þó geta sætt sig við þetta, án þess þó að hann væri fyllilega ánægður.

Ég þarf varla að svara hv. 2. þm. Árn., nema hvað það er sjálfsagt, að n. athugi að setja 20 þús. kr. í stað 10 þús. til Skálholtsvegar, og mætti þá taka samsvarandi upphæð frá einhverjum öðrum lið, t. d. skólanum í Skálholti.

Í fljótu bragði virðist svo sem verst hafi verið farið með N.-Ísafjarðarsýslu, og það, sem verra er, að svo var einnig í fyrra. En ég vil benda á það, að það voru önnur og meiri framlög en til vega, t. d. á þriðja hundrað þús. kr. til flóabáts, sem er nauðsynlegur, þegar vegir eru ófærir, og bjargar því, að Ísfirðingar fái mjólk alltaf, þó að vegir teppist. Þegar allt er athugað, fer hún því ekki verr út úr því en aðrar sýslur. — Um heimild fyrir 500 þús. kr. til björgunarskútu vildi ég segja það, að þá yrði að vera trygging fyrir því, að ekki yrðu í þeim kaupum eins mikil mistök og með varðbátakaupin, sem þessi mikli happakóngur framsóknarmanna hefur staðið fyrir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að vera langorður um brtt., sem ég hef flutt á þskj. 325.

Mér kemur það óneitanlega mjög undarlega fyrir sjónir, hvað Vestmannaeyjar eiga að komast af með til hafnarmannvirkja. Í síðustu fjárl. voru veittar til þeirra 300 þús. kr. og sýndist þó nokkuð í hóf stillt, og kann ég því illa, að þessi upphæð skuli nú vera lækkuð, ekki síst, ef sú breyting gengur í gildi, sem gert er ráð fyrir í allsherjar hafnarlagafrv., að það framlag, sem áður var ⅓, verði nú 2/5. Ég vona, að þetta fáist leiðrétt, en þykir samt rétt að leita samstarfs við fjvn. um þetta, því að hér yrði um svo hróplegan órétt að ræða á höfnum, þar sem t. d. Akranes ætti að fá um eina millj. kr. Ég kann þá illa við, að Vestmannaeyjar séu settar svona langt niður. Ég hirði þó ekki um að halda till. til streitu við þessa umr., en mun taka hana aftur til 3. umr. í þeirri von, að hv. fjvn. taki sönsum.

Ég hafði ritað n. bréf um sjúkrahúsmálið í Vestmannaeyjum. Í fjárl. eru áætlaðar 300 þús. kr. sem byggingarstyrkur til þess. Ég ræddi um þetta við landlækni og spurði hann, hvort þessi fjárhæð væri til reiðu, og játaði hann því. Þótti mér því hóflegt að fara þess á leit að hafa sömu upphæð í þessum fjárl. Fyrir nokkru hringdi svo þessi virðulegi embættismaður til mín, og skilst mér, að hann hafi tekið þetta fé til einhvers annars. En það er auðvitað ekki sök hv. n. Ég vonast þó til þess, að einhver nm. geti gefið mér greinargóða skýrslu um þetta á milli umr. Það er mikil þörf á þessu húsi, og hefur bygging þess tafizt vegna seinagangs landlæknis. Fyrir ári var honum skrifað af heilbrigðisstjóra Vestmannaeyja um þetta mál, en teikning er ókomin enn þá. Ég tel varhugavert, að landlæknir geti ráðstafað eftir sínum geðþótta fé, sem veitt er af Alþ. í ákveðnum tilgangi og tel ég þetta athæfi hans ámælisvert.

Ég flyt á þskj. 325 í IV. lið till. um styrk til sjóvinnuskóla í Vestmannaeyjum, gegn jafnháu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað. Skóli af slíku tagi er sízt ónauðsynlegri en ýmsir þeirra skóla, sem nú er lagt fé til. Þarna er ætlazt til þess, að sjómönnum séu kennd ýmis þau handtök, sem í góðar þarfir koma á sjó úti. Ég hef ekki rætt um þetta við hv. fjvn., en mun samt ekki taka till. aftur til 3. umr. og vildi vita, hvað hv. þm. telja, að mönnum sé nauðsynlegt að læra.

Undir I. lið fer ég fram á utanfararstyrk til Önnu Þórhallsdóttur. Öllum er kunnur söngur hennar úr útvarpinu. Ég hef hér vottorð frá Páli Ísólfssyni, þar sem hann mælir með því, að henni sé veittur þessi utanfararstyrkur af Alþ., þar sem hún sé bæði gædd miklum sönghæfileikum og mikilli rödd. Ég mun svo ekki ræða meira um till. á þessu þskj.

Í bili mun ég á þessum vettvangi leiða hjá mér ýmsar deilur, sem risið hafa hér manna á milli. En af því að ég greip það úr ræðu hv. form. fjvn., að nýbyggingarráð hefði átt einhvern hlut að máli, þegar nýju varðskipin voru keypt, vildi ég upplýsa þetta. (*GJ:* Nei, svo var ekki.) Það var forseti Skipaútgerðar ríkisins, sem hafði alveg með þau kaup að gera, nema hvað ráðið veitti til þess gjaldeyri skv. ósk dómsmrn., og var eðlilega farið að ráðum þess.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun reyna að haga orðum mínum þannig, að þau verði ekki til þess að lengja umr. um of. En ég vildi svara hv. form. fjvn. nokkuð. Ég sagði, að ef marka mætti störf n. af þessari brtt. og aðrar till. hennar væru eftir því, þá segði mér illa hugur um störf n. Og þessi skoðun mín hefur staðfestst við síðari ræðu hans, enda þótt ég viðurkenni dugnað hans. Bæði í ræðu sinni og grg. sagði hann, að þessi till. sé gerð til samræmingar á launakjörum. En hún þýðir, að laun mega þá lækka. Hv. frsm. gerði að umræðuefni launakjör við Tryggingastofnun ríkisins og sagði, að þau væru ekki í samræmi við launalögin og taldi undirbúningi frá stofnuninni ábótavant. En þetta er misskilningur. Að því er varðaði laun einstakra starfsmanna hjá stofnuninni, nefndi hann, að sumir hefðu yfir 10 þús. kr. laun. Það er rétt, að 2 menn þar hafa 10200 kr., en það eru sömu laun og t. d. hjá lögreglustjórum á Akranesi og í Neskaupstað. Hann sýndi þá kurteisi að nefna ekki laun forstjórans, en ég skal þá upplýsa, að hann hefur sömu laun og póst- og símamálastjóri og yfirlæknir landsspítalans. Ég skal svo ekkert um það dæma, hvort það er of hátt eða ekki. Að því er varðaði laun tryggingayfirlæknis, taldi hann þau ekki aðeins of há, heldur óþarft að hafa yfirleitt lækni við stofnunina. Ég er eiginlega hálfundrandi yfir þessum ummælum hv. frsm., þar eð þessi læknir á að hafa yfirumsjón með 60—70 sjúkrasamlögum út um allt land, auk starfa síns hér. Svo þarf hann að úrskurða t. d. við slysatryggingar o. s. frv. Ég vil því fullyrða, að starf hans er sízt minna, ef ekki meira en margra annarra lækna. Hann hefur svipuð laun og héraðslæknar, en svo hafa þeir sinn daglega praksis framyfir. Það er mjög fjarri sanni, að laun hans séu of há, og enn

fjarstæðara, að hans sé ekki þörf. Launalögin breyttu engu um þetta, og hv. frsm. má ekki gera sér upp vankunnáttu um það. Launin eru alveg þau sömu og áður. Launalögin breyttu heldur engu um slysatryggingu. Þó er það rétt, að hér er innifalin nokkur umboðsþóknun til sýslumanna úti á landi, vegna eftirlits með t. d. elli- og örorkutryggingum, en það eru greiðslur, sem báðum þingdeildum var kunnugt um. Ef hann hefði leitað þessara upplýsinga, mundi hann þegar hafa fengið þær, og þær hefðu verið nógu snemma til fyrir hann, en það er ekki mín sök, þótt þessar till. séu svo illa undirbúnar.

Hv. þm. Barð. vék að því, að ég hefði barizt gegn því, að tryggingastofnanirnar yrðu teknar inn í launalögin, til þess að ég gæti fengið einræði yfir þeim málum. Í raun og veru kemur þetta ekki þessu máli við, og þar að auki er þetta algerlega rangt hjá hv. þm. Ég var einmitt fylgjandi því, að bankarnir, Brunabótafélagið, Sjóvátryggingafélagið, Fiskifélagið o. fl. væru tekin inn í launalögin. En ef eitthvað af þessu yrði ekki sett í launalögin, þá bæri vitanlega að láta mæta afgangi þær stofnanir, sem hafa sérstakan fjárhag, og varð sú skoðun ofan á, og vegna þess hafa tryggingastofnanirnar ekki verið í launalögunum. En þó að það yrði ekki, að stofnanir þessar yrðu settar á launalögin, þá er það fjarri því, að það sé vegna nokkurrar kröfu frá minni hálfu, og ég efast ekki um, að hv. þm. Barð. skilur það. — Þá var það víst ekki fleira, sem ég hafði ástæðu til að minnast á.

Páll Þorsteinsson: Ég held það sannist átakanlega á hv. þm. Barð. hinn forni orðskviður, er hljóðar svo: Þú hefur mikil umsvif og mæðist í mörgu. — Hv. þm. virðist hafa hlaupið einkar mikið kapp í kinn út af þeim hógværu ummælum, sem ég lét falla hér í dag í sambandi við brtt. tvær, er ég er flm. að.

En vel má vera, að orð mín hafi ekki verið nægilega ljós, og vil ég þá nú bæta úr því. Það er rétt, að ég komst svo að orði, að mér fyndist ástæða til að hækka framlagið til Nesjavegar. Þar er nauðsynlegt að byggja upp á ný kafla. Nú vill hv. form. fjvn. líta svo á, að þetta beri að færa undir viðhaldskostnað, en ekki til nýbyggingar. Nú vil ég benda hv. þm. á það, að vegamálastjóri er sá embættismaður ríkisins, sem sér um framkvæmdir og flokkun á þessum liðum. Ég veit um eitt glöggt dæmi, mjög svipað þessu tilfelli um Nesjaveginn, þar sem vegamálastjóri hefur litið svo á, að það bæri að færa það undir nýbyggingu vega, eins og ég hef litið á núna. Þegar fjárl. fyrir árið 1944 voru lögð fyrir, var þar alllangur listi í 13. gr. um vegagerðir væntanlegar á því ári. Þessi listi var vitanlega settur inn í samráði við vegamálastjóra. Þá er áætlað í þessum till. jafnhátt framlag til nýbyggingar í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu eins og í allri Austur-Skaftafellssýslu. Þegar mér var kunnugt um þetta, gerði ég fyrirspurn til vegamálastj., að mér þætti þetta undarlegt. Vegamálastjóri gaf þá skýringu, að það þyrfti að taka af beygju á veginum og hlaða hann því upp á ný. Hann leit m. ö. o. svo á, þegar vegur væri færður, bæri að færa það undir nýbyggingu, einmitt eins og á sér stað um Nesjaveginn núna. Það á að taka þar af viðsjárverða beygju og færa það þess vegna undir nýbyggingu.

Þá vil ég fara örfáum orðum um till. um brú á Holtakíl á Mýrum. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að sú breyting, sem n. gerði, var eftir ósk okkar, og lét ég falla þakkarorð til n. fyrir það og störf hennar almennt. En það, sem fyrir okkur vakti með þessari breyt., var það að fá Laxá nr. 1, en Holtakíl nr. 2, og því nauðsynlegt, að sú brú, sem væri nr. 1, kæmi fram í till. fjvn. Lengra náði þetta samkomulag ekki frá minni hálfu. Hitt er svo allt annað atriði, hvort við berum fram brtt. í okkar eigin nafni, og ég get ekki séð, að það sé neitt ósæmilegt, eins og hv. þm. Barð. komst að orði. Þingsköp heimila og leyfa það, að hver þm. getur borið fram þá brtt., sem hann vill, og það er jafnvel ósæmilegt af honum, þessum hv. þm., að segja slíkt.

Ég vænti nú eftir þessa skýringu, að málið sé ekki eins torskilið og það var, og ég vona sömuleiðis, að allt geti fallið í ljúfa löð á milli okkar. Þrátt fyrir mikil umsvif og mikla mæðu vona ég, að það eitt verði ofan á, er sannast reynist.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér örfá orð út af ummælum hv. þm. Barð. Hann hefur talað mjög um það, hve Barðastrandarsýsla hafi verið vanrækt hvað vegagerðir snertir. Þetta get ég viðurkennt. En ég tel þá, að Austur-Skaftafellssýsla hafi ekki síður verið vanrækt hvað brúargerðir snertir. Hún er almesta vatnahérað á landinu. Árnar, sem þyrfti að brúa, eru áreiðanlega a. m. k. 20. — Fyrsta brúin kom í sýsluna 1910, sú næsta 1932, sú þriðja 1936 og sú fjórða 1945. Þess vegna held ég það sé ekki mikil frekja, þótt farið sé fram á að fá 100 þús. til brúargerða í sýslunni. Vegamálastjóri hefur lagt til, að Holtakíll yrði brúaður næst, en nú liggur fyrir samþykki frá sýslunefndinni að fá Laxá brúaða á undan. Þess vegna fórum við fram á, að fjvn. gerði skipti á Laxá og Holtakíl. Ég vil algerlega taka undir till. hv. þm. A.-Sk., að við þurfum einnig að fé fé til að brúa Holtakíl, og ég tel, að við komum ekki aftan að fjvn. með þeim óskum. Mun ég svo ekki hafa orð mín fleiri.

Umr. (atkvgr. um brtt. og einstakar gr. frv.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 10. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 308,1 samþ. með 28 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 308,2.a samþ. með 29 shlj. atkv.

— 308,2.b samþ. með 33 shlj. atkv.

— 308,3 samþ. með 30 shlj. atkv.

— 308,4 samþ. með 28 shlj. atkv.

— 308,5 samþ. með 27 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 308,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,7 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,8—11 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 308,12 tekin aftur.
10. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 308,13 tekin aftur.
— 308,14 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 308,15—16 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,17 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 308,18 tekin aftur.
— 308,19 samþ. með 26:3 atkv.
— 308,20 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,21 samþ. með 27:1 atkv.
— 308,22 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,23 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 308,24 tekin aftur.
— 308,25.a-b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,25.c tekin aftur.
— 308,25.d samþ. með 26:4 atkv.
— 308,26 samþ. með 30:4 atkv.
— 308,27 samþ. með 26:4 atkv.
— 308,28 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 308,29 samþ. með 27:1 atkv.
— 308,30 samþ. með 26:3 atkv.
— 308,31 samþ. með 30:5 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 308,32—40 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 308,41.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 308,41.b samþ. með 40 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 308,42.a 1—9 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 322,I.1 tekin aftur.
— 308,42.a. 10—11 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 322,I.2—3 teknar aftur.
— 308,42.a.12—23 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 322,II tekin aftur.
— 308,42.a.24—26 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 322,III tekin aftur.
— 308,42.a.27—35 samþ. með 31:1 atkv.
— 316,II.1 tekin aftur.
— 308,42.a.36 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 316,II.2 tekin aftur.
— 308,42.a.37—46 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 316,I.1 tekin aftur.
— 308,42.a.47—48 samþ. með 36 samhlj. atkv.
— 316,I.2 tekin aftur.
— 308,42.a.49—50 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 316,I.3 tekin aftur.
— 308,42.a.51—64 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 322,IV.1 tekin aftur.
— 308,42.a.65—67 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 322,IV.2 tekin aftur.
— 308,42.a.68—83 samþ. með 32:1 atkv.
— 322,V.1 tekin aftur.
— 308,42.a.84—86 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 322,V.2 tekin aftur.
— 308,42.a.87—88 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 322,VI.1 tekin aftur.
— 308,42.a.89—91 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 322,VI.2 tekin aftur.
— 308,42.a.92—94 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 322,VII tekin aftur.
— 308,42.a.95—105 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,42.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 308,43 samþ. með 27:1 atkv.
— 308,44.1—5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 322,VIII tekin aftur.
Brtt. 308,44.6 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 316,V tekin aftur.
— 308,44.7—8 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 316,III tekin aftur.
— 316,IV tekin aftur.
— 308,44.9 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 322,IX tekin aftur.
— 308,44.10—12 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 322,X tekin aftur.
— 308,44.13—14 og 45. a samþ. með 34 shlj. atkv.
— 322,XI tekin aftur.
— 308,45.b-e samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,46 samþ. með 32:3 atkv.
— 316,VI.1 tekin aftur.
— 308,47 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 308,48 samþ. með 31:2 atkv.
— 308,49.a.1—5 samþ. með 30:1 atkv.
— 325,I.1 tekin aftur.
— 308,49.a.6—13 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 322,XII tekin aftur.
— 308,49.a.14—16 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 322,XIII tekin aftur.
— 308,49.a.17—23 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 322,XIV tekin aftur.
— 308,49.a.24—26 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 322,XV.1 tekin aftur.
— 308,49.a.27—28 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 322,XV.2 tekin aftur.
— 308,49.b.1—13 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 322,XV.1 tekin aftur.
— 308,49.b.14—29 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,50 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 308,51 samþ. með 26:8 atkv.
— 308,52 samþ. með 34 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 308,53 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,54 tekin aftur.
— 308,55 samþ. með 26:7 atkv.
— 322,XVI.2 felld með 28:17 atkv.
— 308,56 felld með 25:18 atkv.
— 316,VI.2 tekin aftur.
— 308,57 samþ. með 26:6 atkv.
— 322,XVII tekin aftur.
— 325,I.2 tekin aftur.
Brtt. 308,58 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BK, GÞ, GJ, HB, HelgJ, IngJ, JS, JJ, PHerm, PM, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, ÞÞ.
nei: BÁ, BrB, EOl, EmJ, GSv, GÍG, KA, LJós, SigfS, SG, STh, StJSt, StgrA, SvbH, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt.
EE, EystJ, FJ, GTh, HG, HermJ, IngP, JörB, LJóh, MJ, PZ, PÞ, SB, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJós, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 308,59 felld með 26:7 atkv.
— 308,60 felld með 31:7 atkv.
— 308,61 felld með 31:7 atkv.
— 308,62 felld með 26:10 atkv.
— 308,63 samþ. með 27:1 atkv.
— 308,64,a—b felld með 27:10 atkv.
— 308,64.c tekin aftur.
— 308,65.a felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, ÞÞ, GÞ, GJ, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JJ.
nei: LJóh, LJós, MJ, PZ, SigfS, SG, STh, StJSt,

SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EE, GSv, GÍG, JörB, KA.
ÓTh, PHerm, SB, StgrA, ÁS, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HG, HermJ, IngP, JS, JPálm greiddu ekki atkv.
1 þm. (PÞ) fjarstaddur.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Björn Kristjánsson: Þar sem búið er að fella sams konar till., sem gerðar hafa verið til lækkunar, og verið er að stinga öðrum till. undir stól, sem fjvn. hefur borið fram, greiði ég ekki atkv.

Eysteinn Jónsson: Mér skilst, að þessu sé eins varið og með till. varðandi aðra skóla, þar sem um áætlun fjárhæðar er að ræða, að fara eigi eftir l. í framkvæmd, og treysti ég mér ekki til að meta, hvort þetta er hæfilega áætlað af n., svo að ég greiði ekki atkv.

Gísli Jónsson: Ég vil leyfa mér að upplýsa í annað skipti á þessu Alþ., að þetta er aðeins leiðrétting, þannig að n. þótti rétt að taka þessar 22 þús. kr. út úr grunnlaunum og verðlagsuppbót, þar sem þær voru meðtaldar og áttu að vera til stundakennslu. Raskar þetta á engan hátt launum, og svo er um flestar þær till., sem felldar hafa verið, að menn hafa greitt atkv. um flestar þeirra, án þess að þeir vissu, hvað þeir væru að gera, og segi ég já.

Ingólfur Jónsson: Mér þykir fjvn. hafa heldur lítið traust hv. þm. til þess að áætla upphæðir sem þessar rétt, en þótt ég treysti henni mjög takmarkað, vil ég trúa henni til að gera þetta rétt, og segi ég því já.

Jón Sigurðsson: Ég greiði ekki atkv. vegna þess, sem á undan er komið.

Brtt. 308,66 samþ. með 28:14 atkv.
— 308,67 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,68 samþ. með 35:1 atkv.
— 308,69 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 308,70 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 322,XVIII samþ. með 27:16 atkv.
— 308,71, svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,72 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 308,73 samþ. með 34:2 atkv.
— 308,74 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 308,75 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,76 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 308,77 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 308,78 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 308,79 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 325,II tekin aftur.
— 308,80 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,81 samþ. með 36:8 atkv.
— 308,82 felld með 26:13 atkv.
— 308,83 felld með 27:8 atkv.
— 325,III felld með 35:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁS, ÁkJ, BG, BrB, EOl, EE, KA, LJós, SigfS, SG, STh.
nei: StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BK, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, HB, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, JPálm.
BBen, EmJ, GTh, LJóh, SB greiddu ekki atkv.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með því að form. fjvn. hefur upplýst, að Alþýðusamband Íslands hafi fengið 15 þús. kr. í þessu skyni, sé ég ekki ástæðu til að bæta þessu við og segi því nei.

Sveinbjörn Högnason: Með því að fyrri flm. þessarar till. taldi mestu óhæfu að taka af almannafé til stéttarsambands bænda, þegar önnur stétt átti í hlut, segi ég nei við þessari till.

Eiríkur Einarsson: Með því að ég tel fara vel á því, að stéttirnar sýni lit á að vera hver annarri til stuðnings, þótt í smáu sé, segi ég já.

Brtt. 308,84.a samþ. með 34:5 atkv.
— 308,84.b samþ. með 40 shlj. atkv.
— 325,IV tekin aftur.
— 308,85 tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv.
Brtt. 308,86 samþ. með 27:8 atkv.
— 308,87 tekin aftur.
— 322,XIX samþ. með 28:11 atkv.
— 308,88 felld með 29:10 atkv.
— 308,89 felld með 27:19 atkv.
— 308,90 samþ. með 26:16 atkv.
— 308,91 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 308,92 felld með 35:8 atkv.
— 308,93 felld með 27:12 atkv.
— 322,XX tekin aftur.
— 308,94 samþ. með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, HB, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, JPálm.
nei: PM, SigfS, SB, SG, STh, StgrA, ÁS, ÁkJ, BrB, EOl, GTh, KA, LJós, ÓTh.
BG, MJ greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Ólafur Thors): Með því að ég tel mig höfund þess skipulags, sem nú gildir, og sé ekki, að það hafi reynzt illa, vil ég ekki breyta því og segi nei.

Brtt. 308,95 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 308,96—97 teknar aftur.
— 308,98.a samþ. með 29 shlj. atkv.
— 308,98.b samþ. með 29:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 308,99 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,100.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,100.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,101 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 308,102 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 316,VII.1—2 teknar aftur.
— 308,103 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 308,104 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 308,105 samþ. með 26:16 atkv.
— 316,VIII.1—2 teknar aftur.

Brtt. 308,106.a samþ. með 30:2 atkv.
— 308,106.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 308,107 samþ. með 26:16 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 308,108 tekin aftur.
— 308,109 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 308,110 samþ. með 27:13 atkv.
— 325,V samþ. með 26:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, EmJ, EystJ, GÍG, GTh, HB, HG, KA, LJóh, LJós, MJ, PÞ, SigfS, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl.
nei: GÞ, GJ, GSv, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BK, JPálm.
FJ, ÓTh, PM greiddu ekki atkv.
1. þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 308,111 samþ. með 27:8 atkv.
— 308,112 samþ. með 34:1 atkv.
— 308,113 samþ. með 28:16 atkv.
— 308,114 samþ. með 34 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 308,115—117, 119, brtt. 322,XXI, brtt. 308,120—127 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 308,118 tekin aftur.
— 308,128 felld með 24:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SB, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, SvbH, BBen, BK, GJ, HB, HelgJ, IngJ, IngP, PHerm, PZ, PÞ.
nei: SigfS, SG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EystJ, FJ, GSv, GÍG, GTh, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ.
PM, EE, EmJ, GÞ, HG, HermJ, JS, ÓTh, JPálm greiddu ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 308 129—132, 134, 136 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 308, 133, 135 teknar aftur.
18. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 308,137—138 teknar aftur.
— 308,139 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,140—141 teknar aftur.
20. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 308,142 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 308,143.a—k samþ. með 30:1 atkv.
— 308,143.l samþ. með 28:4 atkv.
— 308,143.m samþ. með 30 shlj. atkv.
— 316,IX.1—2 teknar aftur.
— 322,XXII—XXIV teknar aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 11. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (útvarpsumr.).

Hermann Jónasson: Þegar reynt var að semja um stjórnarsamstarf haustið 1944, krafðist Framsfl. þess, að stöðvun dýrtíðarinnar og niðurfærsla yrði sá grundvöllur, er samstarfið yrði reist á. En hinir flokkarnir vildu ekki á það fallast. Það var í fjórða skiptið, sem þessir flokkar risu gegn þeirri stefnu Framsfl. að stöðva dýrtíðina. Áður höfðu þeir gert það með framkvæmd dýrtíðarl. sumarið 1941, í annað skipti er þeir felldu stöðvunarfrv. á haustþinginu sama ár, og í þriðja sinn, þegar hlaupið var frá framkvæmd gerðardómsl. vorið 1942.

Í öll skiptin hafa þessir flokkar hrökklazt undan merkjum, þegar við höfum gert ákveðnar till. um að snúast gegn dýrtíðinni. Hin miklu fjármálamistök eru því afleiðing þeirrar stjórnarstefnu, sem ráðið hefur gegn till. og vilja okkar framsóknarmanna, svo sem ljóst er orðið sívaxandi fjölda landsmanna.

Þegar núv. stjórn tók við völdum, gaf hún þjóðinni ýmis loforð í ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti. Meðal þjóðarinnar var ræða þessi nefnd platan, af því að stjórnin lét spila hana á plötu og vegna þess hve mörgum datt í hug plötusláttur í annarri merkingu. En nú er kominn tími til að athuga efndirnar, sem þjóðin telur, að skipti meira máli en loforðin.

Ríkisstj. sagðist ætla að tryggja vinnufrið. Það er skemmst af því að segja, að hver vinnudeilan hefur rekið aðra nokkurn veginn látlaust, síðan ríkisstj. lofaði þjóðinni vinnufriði. Vinnudeilurnar hafa flestar staðið stutt, af því að látið hefur verið undan kaupkröfunum möglunarlítið. Með þessu móti hefur kaup verið hækkað í 50—60 verkamannafélögum, samkv. skýrslu Alþýðusambandsins. Nú er nýlokið einu stórfelldasta og lengsta verkfalli, sem hér hefur staðið, verkfallinu í siglingaflotanum. Verkfallið hefur valdið þjóðinni stórtjóni, og lá nærri, að af því hlytist óbætanlegur skaði. Svo gersamlega hjálparvana var ríkisstj. í þessu verkfalli, að nauðsynlegustu vörur frá landinu og til þess gat ríkisstj. fengið fluttar með því móti einu, að Bandaríkin hafa lánað okkur skip og áhafnir. Að öðrum kosti hefði verið komið hér neyðarástand. En þótt skip okkar sigli, er það ekki eintómt sólskin, því flutningsgjöld með þeim milli hafna á Norðurlandi eru ⅓ hærri en flutningsgjöld frá Svíþjóð til Norðurlands á sænskum skipum, og annað eftir því. Ef við notuðum eingöngu eigin skip, mundu farmgjöldin á örstuttum tíma stöðva hina sárþjökuðu framleiðslu landsmanna. En með því að hafa erlend skip á leigu með erlendum skipshöfnum, getum við notað gróðann af þeim til að borga niður farmgjöld af okkar eigin skipum. Þannig er hægt að leysa þetta mál í bili. En loforðið um vinnufrið hefur stjórnin því haldið þannig, að vinnudeilur og verkföll hafa hér aldrei verið tíðari, nema ef væri 1942, þegar skæruhernaðurinn var í algleymingi.

Stjórnin sagðist ætla að stöðva dýrtíðina. En hefur dýrtíðin verið stöðvuð? Stjórnarliðið sagði þjóðinni allt undanfarið ár, að þetta hefði tekizt. Þjóðinni var sagt, að kauphækkanirnar hefðu engin áhrif á vísitöluna né dýrtíðina. Margir framleiðendur og aðrir landsmenn treystu fyrirheiti stjórnarinnar. En Hagstofa Íslands sýndi þjóðinni sannleikann. Hún sýndi, að framleiðslukostnaður bænda hafði hækkað um 10 stig og annarrar framleiðslu auðvitað að

sama skapi. Þegar þetta var uppvíst orðið, valdi ríkisstj. þær leiðir að láta framfærsluvísitöluna hækka um rúm 10 stig og beita bændastéttina jafnframt því bolabragði að velta aðalbyrði auknar dýrtíðar á bændanna bak. Dýrtíðarstefna stjórnarinnar veldur því, að miklum hluta útflutningsframleiðslunnar heldur við stöðvun. Sívaxandi dýrtíð veldur og trúleysi landsmanna á það, að komið verði í veg fyrir hækkun hennar. Afleiðingarnar eru fjárhagslegt öryggisleysi, vaxandi spákaupmennska og glundroði í mörgum myndum. Af mistökum hæstv. ríkisstj., sem eru þó bæði mörg og stór, ætla ég, að þessi svik hennar séu eitt stærsta og afdrifaríkasta óhappaverkið.

Stjórnin lofaði að hækka framlög til verklegra framkvæmda. Ef við tökum landsreikninginn 1938, en þá voru sölumöguleikar íslenzkra afurða mjög vesalir samanborið við það, sem verið hefur síðan, og berum saman við fjárlfrv. ríkisstj. 1946, kemur í ljós, þegar alls er gætt, að framlög til verklegra framkvæmda hafa dregizt saman hlutfallslega við rekstrarútgjöldin, sem nú gleypa meira og meira af tekjum ríkissjóðs. Og nú þegar svo er komið, að þegar rætt er hér á Alþ. um einhverjar stórframkvæmdir, eins og veg austur yfir fjall, sem er Suðurlandsundirlendinu og Reykjavík lífsnauðsyn, þegar talað er um að byggja landshafnir, sem er aðkallandi fyrir sjávarútveginn, þegar lagt er til að hækka framlög til jarðræktarstyrks, sem nú er nauðsyn fyrir landbúnaðinn, eða aðrar hliðstæðar framkvæmdir, getur stjórnarliðið með réttu bent á, að engir peningar séu til, ríkissjóður berjist í bökkum. Og teknanna, sem ríkissjóður berst í bökkum með, aflar stjórnin m. a. þannig, að um 2/5 af ríkistekjunum er aflað með tollum, sem drýgðir eru með því að flytja inn sem mest af alls konar varningi. Afleiðingin er sú, að verzlunarjöfnuðurinn við útlönd er nú óhagstæður um tugi millj. kr. Inneign bankanna erlendis hafði í lok október s. l. minnkað um 52 millj., og lokið er við að éta upp mikið af dollarainneign okkar í Bandaríkjunum. Eftir eru aðeins 20 millj. dollara frá teknar til nýsköpunarinnar og 1—3 millj. að auki, sem vissulega er lítilræði upp í þarfirnar. Þó að von sé á auknum vörum frá Englandi, hljóta allir að sjá, að ekki getur lengi orðið framhald á slíku ráðslagi. Og eftirtektarvert er það fyrir þjóðina, að 1938 eru tekjurnar 19,5 millj. kr., þar af vegna áfengissölu 1,9 millj. kr. eða 10%. En í frv. ríkisstj. til fjárl. 1946 eru tekjurnar áætlaðar 114 millj. kr., þar af tekjur af áfengissölu 22.4 millj. eða 20%. Þó er vitað, að tekjur ríkissjóðs verða meiri en áætlað er í frv., ekki sízt af áfengissölu. Sýnilegt er, að í ár verða brennivínstekjur ríkissjóðs 30—40 millj. kr., eða allt að því tvöfalt hærri fjárhæð en allar árstekjur ríkissjóðs nokkru fyrir stríð. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hér í Reykjavík er sett í tugthúsið hér í höfuðstaðnum hálft fjórða hundrað manns suma mánuðina vegna ölæðis. Vandræðin með húsnæði handa ölóðu fólki eru orðin slík, að ekki er unnt að hafa það í tugthúsinu nema rétt meðan er að renna af því mesta víman, til þess að geta sett inn aðra ölóða menn, sem eru hættulegri fyrir sjálfa sig og umhverfið. En brennivínsgróðinn hverfur sem aðrir fjármunir ríkissjóðs í sístækkandi hít tilkostnaðar við rekstur ríkisins. En loforðið um auknar verklegar framkvæmdir efnir stjórnin á sama hátt og önnur fyrirheit sín við þjóðina, því að þegar þetta loforð er þannig efnt þrátt fyrir þessa tekjustofna, hvernig halda landsmenn þá, að það verði um framlög til verklegra framkvæmda, er þeir og aðrir tekjustofnar bresta sem fyrirsjáanlegt er?

Ríkisstj. lofaði að leggja skattana á þá ríku, á stríðsgróðann, en alls ekki á fátæka. Það þarf ekki að segja þjóðinni það, hún veit það og skilur, hverjar efndirnar hafa orðið, og eins þó að stjórnarliðið hafi þrisvar sinnum lengri ræðutíma í þessum umræðum og láti sér það vel sæma. Í stað skatta á stríðsgróðann er lagður á veltuskattur, er harðast kemur niður á þeim fátæku, þeim, sem hafa mesta ómegð og flestum fyrir að sjá. En það er eftirtektarvert, hvernig þetta loforð var gefið á plötunni. Þetta er það loforð, sem oftast var endurtekið. Fyrst segir, að skattarnir verði lagðir á þá, sem helzt geti undir þeim risið. Skattar skuli fyrst og fremst lagðir á stríðsgróðann, og enn, að skattar á lágtekjumenn skuli alls ekki hækkaðir. Síðar var þetta loforð enn endurtekið af hæstv. forsrh. í fjórða sinn með því að segja, að nú skyldi farið inn í rottuholurnar eftir stríðsgróðanum. Það beita sumir þeim vinnuaðferðum að lofa því oftast, sem ekki á að efna. Stríðsgróðinn hefur ekki hjá neinni þjóð verið hlutfallslega meiri en hjá okkur Íslendingum. Þrátt fyrir öll hátíðleg loforð hefur verið sneitt hjá því að snerta við þessum stríðsgróða. Á Norðurlöndum og annars staðar er stríðsgróðinn hiklaust tekinn að verulegu leyti, þegar kemur yfir hundrað þús. kr. eða svo. Bændastjórnin í Danmörku er nú að taka 1—2 milljarða kr. í stríðsgróðaskatt, að sjálfsögðu í eitt skipti fyrir öll og að undangengnu nákvæmu eignauppgjöri. Stjórn, sem verkamannaflokkarnir bera ábyrgð á og hlífist við að taka stríðsgróðaskatt, mun hvergi vera til nema á Íslandi. Hér una jafnaðarmenn og kommúnistar því alveg ágætlega, að um þetta séu gefin endurtekin loforð, en í stað efnda leggur ríkisstj. á landsmenn veltuskatt, sem þyngstur er á ómagamönnum, framlengir alla tolla, tekjuskattsviðaukann, viðauka á margs konar gjöld og aflar sér tekna alveg sérstaklega með aukinni brennivínssölu. Og nú, þegar stjórnarflokkana vantar fyrirsjáanlega fé til þess að geta haldið sukki sínu áfram, er ráðgert, — nei, ekki stríðsgróðaskattur, — heldur að láta ríkissjóð taka lán sem síðar á að velta yfir á almenning. Loforðið um að leggja á stríðsgróðaskatt minnist enginn stjórnarliði á lengur. Þeir virðast alveg hafa gleymt rottuholunum sínum.

Ríkisstj. lofaði að skerpa eftirlit með skattaframtölum. Þetta loforð var þegar tortryggilegt af þeirri ástæðu, að því var tvílofað og lögð á það sérstök áherzla á talplötunni. Efndirnar á þessu loforði eru í svo fullkomnu samræmi við efndirnar í skattamálunum, að síðan hefur enginn maður heyrt á þetta loforð minnzt. En vilji stj. í þessu máli hefur þó verið augljós. Þegar

uppvíst varð, að margir stórkaupmenn höfðu látið falsa þá frumreikninga, er þeir sýndu íslenzkum yfirvöldum, og sett innkaupsverð vörunnar hærra en rétt var, til þess að fá hærri álagningu, voru með því drýgð þrenns konar svik. Neytendur voru féflettir með of háu vöruverði. Peningarnir voru fluttir óleyfilega úr landi og sviknir undan skatti. Um sum þessara mála gerði ríkisstj. réttarsætt, eins og gert er í lítilfjörlegum smámálum, og í allri rannsókn málanna sýndi ríkisstj. óvild, og sum stjórnarblöðin töldu þetta ofsókn.

Þegar rökstuddar líkur eru fram komnar fyrir því, að stór hópur manna hafi framið afbrot, átti að framkvæma rannsókn hjá öllum, er grunur leikur á. Í þess stað var hinum seku gefin aðvörun og frestur eftir frest, til þess að þeir gætu komið plöggum sínum í lag og sönnunargögnum undan. Loks, þegar rannsókn er hafin og húsleit gerð hjá nokkrum stórinnflytjendum, skeður þó það undarlega, að enn finnast nokkur sönnunargögn. En þegar íslenzk yfirvöld benda stj. á, að málin verði ekki rannsökuð, svo að viðunandi sé, nema senda menn vestur um haf og láta þá rannsaka málið hjá firmum þeim, sem vörurnar höfðu verið keyptar frá, til þess að sannprófa verðið o. fl., þá er þessu neitað af ríkisstj. og komið í veg fyrir það. Þrátt fyrir þetta sannast þó, að ýmsir stórinnflytjendur hafa dregið sér ranglega svo að hundruðum þús. kr. skiptir. Vegir ríkisstj. og vinnuaðferðir við að efna gefin loforð við landsmenn eru órannsakanlegar.

Ríkisstj. lofaði landsmönnum að hafa hemil á verðlagi, lækka milliliðagróða og rannsaka ýtarlega, hvernig þessu marki yrði bezt náð. Ég veit ekki til, að nokkur hafi orðið var við þessar ráðstafanir, en ýmsir að sjálfsögðu það gagnstæða, og þessa ýtarlegu rannsókn veit víst ekki nokkur maður til, að reynt hafi verið að standa við að framkvæma. En athæfi ríkisstj. í heildsalamálunum sýnir okkur ásamt öðru, hvernig ríkisstj. fer að því að efna þetta loforð sitt og hve dæmalaust annt henni er um að lækka milliliðagróðann og álagninguna. Meðferðin á sölufyrirkomulagi kjötsins er annað sýnishorn á efndum þessa loforðs. Á sama tíma og ríkisstj. lækkar kjötverð til bænda, þrátt fyrir hækkandi framleiðslukostnað, leyfir hún milliliðunum að hækka álagninguna, sem rennur í þeirra vasa, um 48 aura á hvert kílógramm. — Þannig m. a. eru efndirnar á því loforði að lækka álagningu og milliliðagróðann, og er það í samræmi við allt annað.

Enn lofaði ríkisstj. þjóðinni því að bæta lífskjör útvegs- og fiskimanna og skapa þeim öryggi. Það, sem lækkar mest kjör útvegs- og fiskimanna og veldur þeim öryggisleysi, er sívaxandi framleiðslukostnaður, sem er afleiðing af allri stefnu stjórnarinnar. Í stað þess að efna það loforð að bæta lífskjör þessarar stéttar er stj. nú á góðum vegi með að koma henni á kné og gerir það áreiðanlega, ef henni verður lífs auðið. Við skulum svo láta útvegs- og fiskimenn sjálfa bera vitni um það, hvernig loforð stjórnarinnar við þá hefur verið efnt. Landssamband útvegsmanna hefur skrifað þingflokkunum bréf, dags. 28. f. m., þar sem segir: „Eins og yður mun vera kunnugt, hefur hag smáútgerðarmanna í landinu stöðugt farið hnignandi síðan 1942. Nú er svo komið, að smáútvegsmenn almennt munu eiga erfitt um að halda áfram rekstri við þær aðstæður, sem þeim eru búnar.“ Og þar segir enn fremur, að gera verði skjótar ráðstafanir til að „skapa einhvern grundvöll, til þess að byggja á áframhaldandi rekstur ....“ Samþykktir Fiskiþings þessa dagana um sama efni eru enn þá ákveðnari. Að dómi þess er enginn grundvöllur undir bátaútveg í vetur að óbreyttu ástandi. Það er vitað, að þessi vitnisburður um efndir ríkisstj. á loforðum við útvegs- og fiskimenn er í samræmi við staðreyndir og þarf ekki frekar um þær efndir að ræða.

Í fréttum frá Fiskiþinginu sést, að það hefur samþykkt að benda á leið til úrlausnar út úr öngþveitinu, að lækka dýrtíðina, þannig að framleiðslukostnaður sé við hæfi þess verðlags, er fáanlegt er fyrir framleiðsluvöruna í markaðslöndum okkar. Það er hárrétt, að þetta er eina rétta leiðin. Þetta er sú leið, sem Framsfl. benti á sem grundvöll fyrir stjórnarmyndun s. l. haust, en stjórnarflokkarnir máttu ekki heyra nefnda. Þar skildu leiðir. Þessi stefna, sem Fiskiþingið markar nú og hefur lengi verið vilji útvegs- og fiskimanna, er samhljóða yfirlýstri stefnu frá síðasta flokksþingi framsóknarmanna. Búnaðarþing hefur bent á þessa stefnu sem einu færu leiðina fyrir framleiðslu og fjármál landsmanna, og haustið 1944 gekk búnaðarþing á undan til þess að reyna að fá Alþ. til þess að taka upp þessa stefnu. Ríkisstj. svaraði þessu með því að nota tilboð bænda til þess að svíkja þá og níðast síðan sérstaklega á þeim með eins konar hegningarlöggjöf um svo kallað „búnaðarráð,“ þar sem allt vald í verðlagsmálum er af bændastéttinni tekið og hún í lífskjörum sett neðar öllum öðrum stéttum þjóðfélagsins. Og nú er fram komið hér á Alþ. frá Jóni Pálmasyni og einum kommúnista frv. til laga, eins konar viðauki við hegningarlögin á bændur, þar sem svipta á heildarsamtök þeirra yfirráðum yfir búnaðarmálasjóði, fé, sem þeir sjálfir leggja fram. Þetta er gert til þess að reyna að kljúfa samtök þeirra, skipta þeim í innbyrðis stríðandi fylkingar, veikja þá og koma þeim á kné. Stj. virðist telja það hættulegt, að bændur hafi heildarsamtök um allt land sín á milli, eins og aðrar stéttir. Þegar menn, sem eru í minni hluta meðal stéttar sinnar vegna þess, að þeir hafa misst traust hennar, leita þannig til utanaðkomandi valds til að beita stétt sína ofbeldi, eru þeir að fremja ódæði, sem er hliðstætt því, er maður, sem misst hefur traust þjóðar sinnar, leitar til erlendra þjóða til þess að fá þær til að beita þjóð sína kúgun. Þetta eru vinnubrögð hinna fyrirlitnu og þýlyndu þjóna Hákonar gamla á Sturlungaöld og þeirra manna, sem á seinni árum hafa hlotið nafnið Quislingar. Hver einasta þjóð eða stétt, sem lætur kljúfa sig þannig í innbyrðis stríðandi fylkingar með vinnubrögðum þessarar manntegundar, hver einasta þjóðarstétt, sem rís ekki gegn þessu sem heild, tortímir sjálfri sér.

Bændur eiga elztu og þroskuðustu félagssam-

tökin í landinu, samvinnufélögin, búnaðarfélagsskapinn og hafa nýlega stofnað stéttarsamband fyrir alla bændur landsins. Þeir eru sammála um meiri háttar mál öll, en eins og gengur í öllum félagsskap ósammála um minni háttar atriði. Þeir kjósa fulltrúa á búnaðarþing. Þeir greiða atkvæði um fyrirkomulag stéttarsamtakanna í búnaðarfélögunum. Þannig gera þeir upp reikninga sína og láta meiri hluta ráða að réttum lýðræðislögum síðaðra manna. Með þessu móti einu geta bændur styrkt stétt sína og tryggt afkomu sína þannig, að þeir verði ósigrandi heild í baráttunni gegn þeim ofsóknum, sem þeir eru nú beittir. Bændur vita vel, að það er verið að reyna að kljúfa þá sundur í innbyrðis stríðandi hópa til þess að sundra kröftum þeirra og veikja þá og til þess að geta eftir það með auðveldu móti beitt þá áframhaldandi bolabrögðum. Bændur þekkja þessi bolabrögð frá fyrri öldum og ekki sízt frá bernskuárum samvinnuhreyfingarinnar. Mennirnir frá Akri voru líka til í bændastétt í þann tíð og þjónuðu þá herra sínum, faktornum. Þeir, sem beita bændur þessum aðferðum, eiga eftir að verða fyrir vonbrigðum. Bændur hafa alla tíð komið sterkari en áður út úr slíkri eldraun. Ég minnist þess nú, að þegar bændur almennt lýstu sig andvíga stefnu ríkisstj., hafði Áki Jakobsson atvmrh. frammi hér í útvarpinu ruddalegar hótanir við bændastéttina. Ég held, að þessar illkvittnislegu hótanir séu eina loforðið, sem ríkisstj. hefur staðið við. Það skal hæstv. ríkisstj. vita.

Þá kem ég að loforðum ríkisstj. um nýsköpunina og loforðum hennar um það að gæta þess, að hinn skjótfengni auður renni ekki út í sandinn. Auðvaldsstefna og einstaklingsframtak skefjalaust veldur offramleiðslu og ofþenslu í þjóðfélaginu, þegar framleiðsla og framtak er gróðavænlegt, en síðan kreppu og atvinnuleysi. Hvort tveggja er bölvun fyrir þjóðfélagið, sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir. Margir fremstu hagfræðingar síðari ára telja, að þessu megi auðveldlega afstýra með áætlunarbúskap, án verulegrar þjóðnýtingar. Þeir benda á reynslu Svía sem fordæmi. Eru þá gerðar áætlanir um nauðsynlegustu framkvæmdir þjóðarinnar, þannig, að þær séu miðaðar við fjármagn, erlendan gjaldeyri, vinnuafl þjóðarinnar o. fl. Með þessu má afstýra bæði atvinnuleysi og ofþenslu, en skapa jafnvægi og öryggi. Ef rekstur-inn virðist ætla að dragast saman hjá einstaklingunum, eykur ríkið framkvæmdir beint eða óbeint, til þess að afstýra kreppu og atvinnuleysi. En er framtak einstaklinganna er óvenjulega mikið, dregur ríkið úr sínum framkvæmdum, og með því móti er komið í veg fyrir ofþenslu. Það voru slík hnitmiðuð vinnubrögð, er vöktu fyrir Framsfl., er hann flokkanna fyrstur flutti till. og fékk samþ. um nefnd til að gera áætlanir um stórframkvæmdir næstu ára. Það er skiljanlegt, að ef framkvæmdir ríkisstj. byggjast ekki á framangreindum útreikningum, eru þær enginn áætlunarbúskapur, heldur þvert á móti óhugsað kák og fálm, sem í stað þess að skapa jafnvægi og öryggi veldur röskun og öryggisleysi í fjármálum þjóðarinnar meira en versta auðvaldsframtak óheft. Í höndum núv. ríkisstj. er svo kölluð nýsköpun orðin þessi tegund framkvæmda, enda hafa sjálfstæðismenn ótrú á heilbrigðum áætlunarbúskap og sömuleiðis kommúnistar nema jafnhliða byltingu.

Frá Siglufirði voru keyptir 45 bátar áður en þessi stjórn tók við völdum. En s. l. sumar tók stjórnin sig til og gerði í mesta skyndi samninga um smíði innanlands á um 30 bátum. Tilboð, er borizt hafa frá Danmörku um smíði sams konar báta, sýna, að þar kosta þeir yfir 200 þús. kr. minna, enda hefur enginn maður enn fengizt til að gera tilboð í þessa báta ríkisstj. Þegar þess er gætt, að alls staðar vantar vinnuafl, var framleiðslu okkar nauðsynlegt að hafa þær hendur lausar til aðkallandi vinnu, sem nú stunda bátasmíðar. Engum manni kemur lengur til hugar, að nokkur maður kaupi báta þessa hærra verði en þeir fást fyrir erlendis. Beint fjárhagslegt tjón ríkissjóðs á þessum bátum verður því 6—8 millj. kr., auk þess sem þessar framkvæmdir hjálpa til þess að valda ofþenslu. En hvað munar okkur, þessa auðugu þjóð, um nokkrar milljónir!

Þá eru það togarakaupin. Nefnd þriggja manna, sem fá fararefni mun hafa skort nema sérþekkingu, var send til Englands til að kaupa togara. Nefndin samdi við skipamiðlara einn í London, sem að lokum gerði henni tilboð um kaup á 30 togurum, og varð n. að ganga að eða frá innan þriggja daga. Ríkisstj. samþykkti að kaupa. Stjórnin gaf svo út eina af sínum opinberu tilkynningum, þar sem þessum happakaupum var lýst og því með, að hver togari kostaði 1.7—1.9 millj. kr. En er sérfróðir menn fóru að rannsaka, hvað n. hafði keypt, kom í ljós, að enginn togarinn var eins og Íslendingar helzt vilja hafa þá. Þá var send ný n. til að fá öllu þessu breytt og fá aðra gerð skipa. Vita allir, hve veik aðstaða þess aðila er, sem er búinn að hlaupa á sig í samningum, búinn að binda sig og þarf nú að fá öllu breytt. Það kom líka í ljós, því að eftir seinni samningana kostaði hver togari, að vísu stærri og vandaðri, hálfa þriðju millj. kr. En svo mikið og margt vantar í skipin, og þannig eru samningarnir gerðir úr garði, að vitað er nú þegar, að togarar þessir kosta að lokum á fjórðu millj. króna. Hæstv. forsrh. lýsti því fyrir nokkru sem sérstöku happi, að þessi togarakaup hefðu verið gerð. Hann sagði, að nú væri hvergi hægt að fá byggð skip. Þá stóð upp hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, sem vildi kaupa 20 togurum fleira, og upplýsti, að auðvelt væri að fá smíðaða togara, því að atvinnuleysi væri nú þegar byrjað í skipasmíðastöðvum í Bandaríkjunum, sem engum kemur á óvart, því nú er meira af skipasmíðastöðvum í heiminum en nokkru sinni áður. — Ríkisstj. er nú að reyna að selja þessa togara. Til þess að fá kaupendur gerir hún það tilboð, að þeir megi gera það að skilorði fyrir kaupum, að þeim verði séð fyrir hagkvæmum lánum og að þeim verði lögheimilt að afskrifa skipin mjög mikið á næstunni, m. ö. o. yfirlýsing um, að skipin verði á næstunni alls ekki þessi virði, sem þau nú kosta, sem og vitað er. Er fresturinn var að renna út nú fyrir mánaðamótin, voru komin eitthvað þrjú skilorðsbundin tilboð, auk sjálfsagðrar beiðni Reykja-

víkur um 20 togara nú fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, þó að hún hafi engan eyri til að kaupa fyrir og vilji ekki kaupa, nema stórútgerðarmenn fáist ekki til þess. En það er haft eftir einum stórútgerðarmanni, að þessir togarar séu ókaupandi fyrir þá, sem eitthvað eigi. Til þess að koma út togurunum á nú með lögum að taka sparifé almennings í bönkunum og lána það til skipakaupa. En með því að ríkissjóður ber ábyrgð á sparifénu, situr hann og þar með almenningur áfram í súpunni þrátt fyrir sölur að nafninu til. Með þessu móti eru þeir, sem hafa auðinn og endurbyggingarsjóðina, losaðir við áhættuna af svona kaupum. Vitanlega þurfum við að kaupa skip. En afskipti ríkisins áttu að vera þau að aðstoða, leiðbeina og hafa milligöngu fyrir þá kaupendur, sem gáfu sig fram. — Það er alveg óútreiknanlegt, hve margar þær milljónir eru, sem ríkisstj. hefur tekizt að láta renna út í sandinn vegna mistaka og fálms í bátabyggingum og skipakaupum. Þó eru húsbyggingamálin eitt táknrænasta sýnishorn óstjórnarinnar. Byggingarefni hefur verið af skornum skammti. Allt árið hefur ríkisstj. horft á það alveg aðgerðalaus, að byggingarefnið er hrifsað út í sumarbústaði, stórvillur, stórbyggingar, sem ekki eru aðkallandi, og af húsabröskurum, sem byggja til að okra á því, en samvinnubyggingarfélög hefur skort efni. Nýsköpunin í húsbyggingum er þannig, að húsaleiga og húsaverð hefur hækkað daglega síðan stjórnin tók við, og er nú húsaleiga í Reykjavík fyrir 4 herbergi og eldhús í nýjum húsum um 13 hundruð kr. á mánuði, ef menn binda sig í 5 ár.

Ríkisstj. hefur, svo sem ég hef rakið, brugðizt einmitt þeim loforðum, sem, ef efnd voru, máttu miða til þess að stöðva dýrtíðina og gefa fólkinu trú á gjaldmiðilinn og framleiðsluna. Fálmkenndar framkvæmdir og heildarstefna stjórnarinnar hefur því í stað þess skapað hjá þjóðinni trúleysi á því, að verðfall krónunnar verði stöðvað. Þetta trúleysi er orðið að sjúklegum faraldri. Margir þeir, sem peninga eiga, kaupa svo að segja hvað sem þeir fá og hvað sem það kostar. Framferði stjórnarinnar er því líkast, sem það væri markmið hennar, að skjótfenginn auður þjóðarinnar renni sem fyrst út í sandinn, en ekki hið gagnstæða. Merkur útlendingur, sem héðan kom, sagði við blöð heimalands síns, að Íslendingar lifðu nú líkast því sem hver dagur væri þeirra seinasti. Ástandið, sem verðbólgustefna stjórnarinnar hefur skapað, er í stuttu máli þannig: Ríkissjóður fleytir sér enn með naumindum á brennivínsgróða og tollum. Dýrtíðinni er velt á bak bændanna að svo miklu leyti sem reynt er að sporna við henni. Stjórnin er nú einnig að koma bátaútveginum á kné. Fátækir eigendur gömlu húsanna eru rændir tekjum sínum. Eigendum nýju húsanna heldur ýmsum við örbirgð vegna dýrleika þeirra. Sparifjáreigendur lifa í stöðugum ótta vegna gengisfalls. Laun hafa verið hækkuð við launamenn.

En hvaða öryggi er í því, að ríki, sem þannig er stjórnað, standi til lengdar undir þeim greiðslum? Loks á svo að veita öllum þjóðfélagsþegnum öryggi með almennum tryggingum. En það hefur bara gleymzt að segja mönnum frá því, að peningana í tryggingarnar greiðir ríkið, atvinnurekendur og hinir tryggðu sjálfir. Ef þessir gjaldstofnar bresta, er allt tryggingakerfið að engu orðið. Með því að grafa undan afkomu ríkissjóðs og atvinnuveganna, svo sem gert er með núverandi stjórnarstefnu, er verið að taka tryggingunum gröf, áður en þær fæðast.

Mörgum ykkar sýnist lítt skiljanlegt þetta stjórnarsamstarf. En það er auðskilið. Til þess þurfið þið þó að gera ykkur ljóst, að þeir, sem stjórna kommúnistaflokknum, eru ráðnir byltingamenn, en stjórnendur Sjálfstfl. er fámennur hópur stríðsgróðamanna, sem hefur grætt tugi milljóna á styrjöldinni. Milli þessara manna, en ekki að vilja kjósendanna, eru samningarnir gerðir raunverulega um allt annað en segir í plötunni. Raunverulegi stjórnarsamningurinn er um það, að auðmennirnir fái að græða og vernda fyrst um sinn auð sinn. Það þýðir enginn stríðsgróðaskattur, nægilega lélegt skattaeftirlit, meinlausar rannsóknir og sættir í svikamálum o. s. frv., svo sem þetta hefur birzt í framkvæmd. Í stað þessa fá kommúnistar aðstöðu til áróðurs með yfirráðum yfir útvarpi og alveg sérstaklega aðstöðu til áhrifa á börn og unglinga með yfirráðum yfir uppeldismálum. Glundroðinn í fjármálum er líka þeim í hag, því að með honum eykst ábyrgðarleysi í landinu. Samningarnir eru í fæstum orðum þannig: annar aðilinn fær auð, hinn áróðursaðstöðu. Báðir aðilar þessa samnings telja, að heilbrigð stjórnmálastefna sé hættulegri fyrir tilveru þeirra og áform. Á Norðurlöndum og víðar, þar sem heilbrigð umbótastefna ríkir um stjórn landsins, er stríðsgróðinn (segjum yfir 100 þús. kr.) tekinn að verulegu leyti. Þar er ekki sætzt á skattsvik og verzlunarsvik, heldur eru þau rannsökuð. Fjármagninu er varið til framfara, til þess að bæta lífskjör fólksins á kostnað stríðsgróðamanna og annarra auðmanna. Og þetta er svo rækilega á kostnað byltingarmanna, að áhrif þeirra hljóta að fara þverrandi þar, sem svona er stjórnað í samræmi við vilja og þrá fólksins. Svona stjórnarstefnu, sem heilbrigðir jafnaðarmannaflokkar hafa víða beitt sér fyrir, óttast því bæði auðmenn og kommúnistar. En hér birtist hin hefðbundna einfeldni auðmannsins ásamt sjúkri metorðagirnd. Hann skilur það ekki enn, að öryggi hans í íslenzku þjóðfélagi, eins og nú er komið og nú er stefnt, getur þegar frá líður orðið minna en öryggi fátæklings í heilbrigðu þjóðfélagi.

Ég veit ekki til, að hæstv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, hafi tekið aftur þá stefnuyfirlýsingu flokks síns, að auka verði auðvaldskreppuna og atvinnuleysið til þess að herða og magna verkamenn í endurteknum verkföllum og illdeilum við verkfallsbrjóta og lögreglulið, unz kommúnistafl. verði fær um að taka völdin, ekki með kosningum, heldur með handafli. Eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. menntmrh. (Br-B) fyrir fáum dögum, er hann ræddi um Rússland í sambandi við útvarpið, þarf enginn að efa, að þessi stefnuskrá er í fullu gildi. En eins og ég hef rakið, hefur aldrei verið unnið að því

jafnmarkvisst að skapa þessa auðvaldskreppu og með verðbólgustefnu stjórnarinnar. Sjálfstæðismennirnir sumir friða sig með því, að kommúnistar muni, ef þeir eru í stjórn er allt stöðvast, hjálpa þeim til að lækka framleiðslukostnaðinn. Þetta er mjög fávíslegt. Atvinnuleysi og kreppa er einatt markið, sem byltingamenn keppa að. Ekki til þess að leysa málin, heldur til þess að geta gert lokaátakið. Þegar við blasir atvinnuleysi og örbirgð, munu kommúnistar ekki spara að benda á auðinn í klóm stríðsgróðamannanna, óhóf þeirra og allsnægtir. Það eru ekki óskynsamleg skipti að hafa fengið áróðursaðstöðuna fyrir að lofa stríðsgróðamönnum að geyma auðinn nokkur ár, til þess að geta síðar notað hann á hentugum tíma sem vopn á þá sjálfa.

Eins og ég hef sýnt, hafa loforðin á plötunni alls ekki verið efnd. Það stóð aldrei til. Platan og nýsköpunin eru leiksýningar til þess að dylja kjarna samningsins. Skrafið um frið milli verkamanna og atvinnurekenda er til þess að dylja það, að aldrei hefur verið stefnt til stærri ófriðar milli þessara aðila en nú. Siglingaverkfallið er lítið forspil. Það var leyst með meðgjöf frá erlendum skipum.

Þið munuð spyrja: Hvað á að gera? Leiðin er aðeins ein, og hún er augljós. Það er að lækka framleiðslukostnaðinn, með átaki allra, ekki síst stríðsgróðans, við hæfi verðlags á útfluttri vöru okkar. Með þessu er aftur skapað traust á gjaldmiðlinum og öryggi framleiðslunnar. Það er sá grundvöllur, sem fjármálalíf verður að hvíla á til þess að það sé heilbrigt. Þetta er stefna Framsfl., yfirlýst stefna búnaðarþings og fiskiþings. Á þessum grundvelli á að reisa, ekki pappírsnýsköpun, fjárhagslega sjúka og feiga, heldur raunverulega nýsköpun, sem kemur frá þjóðinni sjálfri, vegna þess að framleiðendum er skapað öryggi í stað sívaxandi öryggisleysis. Á þessum grundvelli er auðvelt, þar sem þjóðin hefur nú fjármagn, að hefja þær stórfelldustu framfarir, er landsmenn hafa lifað, gerðar samkv. áætlun um næstu 2—5 ár eftir hnitmiðuðum útreikningi á fjármagni, auðlindum, erlendum gjaldeyri og vinnuafli þjóðarinnar, þannig að hvorki verði atvinnuleysi né ofþensla. Framsfl. hefur á reiðum höndum hina stórfelldustu framfaraáætlun og hefur á þessu þingi sýnt í frumvarpsformi þann hluta hennar, sem helzt þótti von til, að nú gengi fram. Það yrði of langt mál að greina efni þessara frv., enda eru þau till. um stórfelldar framfarir í flestum atvinnumálum og menningarmálum þjóðarinnar. Það er þessi stefna, sem meiri hluti svo að segja allra þjóða Vestur-Evrópu hefur kosið. Meiri hluti kjósenda fæst ekki fyrir þessari stefnu hér, fyrr en hann skilur, að stjórnarsáttmálinn er það, sem ég hef sýnt, að hann er. Það er ekki nóg, að verulegur hluti kommúnista og sjálfstæðismanna séu mótfallnir stefnu stjórnarinnar og næstum allir Alþýðuflokksmenn nema ráðherra og nokkrir þm. Hinir óánægðu verða að slíta af sér flokksböndin og mynda með Framsfl. fylkingu, nægilega sterka og heilsteypta, ekki aðeins til þess að rísa gegn stefnu stjórnarinnar, heldur og til baráttu fyrir stefnu lýðræðissinnaðra umbótamanna, stefnu, sem ég hef nokkuð markað hér að framan, stefnu, sem fólkið í nálægum löndum og okkur andlega skyldast hefur valið. Ég hygg, að gæfa íslenzku þjóðarinnar, ég segi frelsi hennar og tilvera, sé undir því komin, að þessi fylking verði nægilega samstillt og sterk til þess að svigna hvorki fyrir valdi stórgróðaklíkunnar, er stjórnar Sjálfstfl., né ofbeldi ráðinna byltingamanna, heldur beri heilbrigða stefnu umbótamanna, sem er þrá mikils meiri hluta þjóðarinnar, fram til sigurs.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í lok síðasta þings, 3. marz þ. á., var samþ. till. til þál. í sameinuðu Alþ. um athugun á starfskerfi og rekstrarútgjöldum ríkisins, og var till. þessi flutt af fjvn. þingsins. Með ályktun þessari var skorað á ríkisstj. að láta þá strax fram fara rækilega athugun og rannsókn á því, hvernig unnt væri að draga verulega úr rekstrarútgjöldum ríkisins og ríkisstofnana og leita jafnframt að leiðum til þess að gera starfskerfið einfaldara og óbrotnara. Í þál. var m. a. lögð áherzla á, að nokkur atriði í þessu sambandi yrðu sérstaklega rannsökuð, svo sem möguleikar til að draga saman starfsemi ríkisstofnana, koma við hagkvæmari vinnubrögðum hjá þeim og raunhæfu eftirliti með rekstrinum, koma í veg fyrir eftirvinnu og gera innheimtu tolla og skatta haganlegri en nú er. Í grg., sem fylgdi þáltill., var á það bent, að kostnaður við ríkisrekstur hafi aukizt hröðum skrefum síðustu árin og að brýn nauðsyn sé á því að taka allt starfskerfi ríkisins til gagngerðrar athugunar með það fyrir augum að lækka útgjöldin verulega. Ekki hefur orðið vart minnstu viðleitni hjá ríkisstj. til þess að framkvæma þau fyrirmæli, sem Alþ. gaf henni með þessari þál., og er það ámælisvert. En stj. hefur ekki aðeins skotið sér undan þeirri skyldu að fylgja þessum fyrirmælum þingsins, heldur hefur hún farið í þveröfuga átt með því að auka eyðsluna og kostnaðinn við ríkisrekstur. Um þetta mætti nefna mörg dæmi, en hér er ekki tími til að telja nema fátt eitt. Athuganir fjvn. hafa leitt í ljós, að við sumar ríkisstofnanirnar fá starfsmennirnir greitt mikið fé fyrir aukavinnu til viðbótar fullum starfslaunum eftir nýju aukalögunum. Við eina ríkisstofnun t. d. hefur ríkisstj, eftir að nýju launalögin gengu í gildi, ákveðið daglegan vinnutíma þannig, að starfsmennirnir þurfa ekki að vinna nema tæplega 6 klst. hvern virkan dag, og varð þetta til þess, að viðkomandi stofnun þurfti að bæta við sig mörgum nýjum starfsmönnum á árinu. Sé unnið eitthvað lengur en þennan ákveðna tíma, er veitt aukaborgun fyrir það til viðbótar fullum launum. Við aðra ríkisstofnun vinna menn, sem hafa, miðað við núgildandi verðlagsvísitölu, um 27 þús. kr. í árslaun, en þurfa ekki skv. reglugerð stj. að láta meira af starfsorku sinni fyrir þessi laun en svo, að þeir geta afkastað aukavinnu hjá sömu stofnun, sem veitir þeim milli 10 og 20 þús. kr. viðbótartekjur, og heildartekjur þeirra fyrir 9 mánaða starf komast yfir 40 þús. kr. Þá hafa margir embættis- og starfsmenn ríkisins launuð

aukastörf utan þeirra stofnana, sem þeir aðallega vinna hjá, og fá mikið fé frá ríkinu á þennan hátt, auk fullra embættislauna. Þessir menn skipta mörgum tugum. Mþn., sem undirbjó launalagafrv., er samþ. var á síðasta þ., lét uppi þá skoðun í grg. með frv., að þóknun fyrir aukastörf, er talizt geti hluti af því starfi, sem maður er ráðinn til, ætti alls ekki að eiga sér stað. Einnig taldi n. rangt að fela ríkisstarfsmönnum launuð aukastörf, þar sem slíkt gæti auðveldlega leitt til þess, að aðalstarfið yrði ekki svo vel rækt sem skyldi. N. taldi sig líka hafa búið svo um með till. sínum, að hver starfsmaður ríkisins gæti haft sómasamlegt uppeldi af þeim launum, sem honum voru þar ætluð. En ríkisstj. virðist líta öðruvísi á þetta mál, því að hún borgar starfsmönnum ríkisins stórar fjárfúlgur fyrir aukavinnu og aukastörf, og hún hikar ekki við að brjóta launal., sem samþ. voru á síðasta þingi, strax á fyrstu mánuðum eftir gildistöku þeirra. Þannig hefur ríkisstj. ákveðið á þessu ári að borga þremur embættismönnum viðbót við föstu launin, og nemur þessi uppbót 3000 kr. auk verðlagsuppbótar til hvers þeirra. En embættislaun þessara manna eru skv. launal. 14 þús. kr. auk verðlagsuppbótar, svo að þeir virðast hafa verið allvel haldnir áður en ríkisstj. rétti þeim ábætinn. Með núgildandi vísitölu eru embættislaun þeirra 39760 kr. yfir árið, en viðbótin frá ríkisstj. 8520 kr., og gerir þetta samtals nokkuð yfir 48 þús. kr. Það mun að vísu vera látið heita svo, að viðbótargreiðslan til þessara manna sé styrkur til utanferða, en þó fram tekið, að þeir skuli fá féð hvort sem þeir ferðast nokkuð eða ekki, og verður þetta því í mörgum tilfellum hrein launauppbót og annað ekki.

Árið 1940 fluttu þm. kommúnista till. í sameinuðu Alþ. um ráðstafanir til sparnaðar í launagreiðslum hins opinbera. Þar lögðu þeir m. a. til, að hámark árslauna yrði sett 8 þús. kr. Í greinargerð með till. sinni sögðu þeir m. a.: „Öll alþýða til sjávar og sveita vill hafa ódýra ríkisstjórn og er sammála um, að ef þarf að spara, þá á að byrja á því að draga úr hálaunum, „bitlingum," aukagreiðslum og alls konar óþörfum greiðslum." — Og þeir ásaka þar ráðamenn þjóðarinnar fyrir að hirða ekki um, „þótt hundruðum þús. af útgjöldum ríkisins sé varið til óþarfrar eyðslu." — Síðan þetta skeði, eru nú liðin 5 ár, og ýmislegt er orðið breytt. Aðalflm. till. er búinn að vera á annað ár í ráðherrasæti, en síðan hann komst þangað, hefur hvorki hann né flokksbræður hans minnzt á það með einu einasta orði, að alþýða manna vildi hafa ódýra ríkisstj. Og þeir tala ekki lengur um eyðslu, þó að útgjöld ríkisins hafi margfaldazt. Sjálfstæðismenn töluðu líka mikið um eyðslu og sukk fyrr á árum, en þeir eru löngu hættir því.

Á einu sviði hefur hæstv. núv. ríkisstj. reynzt mjög mikilvirk. Henni hefur tekizt á einu ári að búa til um 30 nýjar nefndir, skipaðar 130—140 mönnum, eftir því, sem næst verður komizt. En auk nm. eru svo aðstoðarmenn hjá sumum n., og munu því þessir nýju þjónar ríkisstj. vera hátt á öðru hundraðinu og e. t. v. fleiri, auk þeirra, sem fyrir voru. Töluna veit enginn nákvæmlega, ekki einu sinni stj. sjálf. Þetta er nú nýsköpun í lagi! Fyrirferðarmest af þessum nýju n. er sú, sem kallast nýbyggingarráð. „Það er stórt orð Hákot," stendur þar. Það er stórt orð nýbyggingarráð, enda var kostnaðurinn við þessa einu nefnd, frá ársbyrjun til loka októbermánaðar í ár orðinn 450 þús. kr., og verður því sjáanlega yfir ½ milljón á árinu. Í ráði þessu eru 4 menn, en auk þeirra vinna þar a. m. k. 5 húskarlar og nokkrar konur. Þó er gefið í skyn, að enn þurfi að fjölga vinnufólki þar í Hákoti, og verður það sjálfsagt gert. Það er vafalaust mikið reiknað og skrifað í ráðinu, og margar auglýsingar hefur það birt, en þegar til framkvæmdanna kemur, er ráðið ekki einhlítt og eru þá fleiri látnir koma til skjalanna. Svo er það t. d. við togarakaupin. Hv. þm. Str. hefur nú nokkuð rætt um það stóra mál, en ég vil einnig fara um það nokkrum orðum. Vinnubrögðunum við þau kaup er vel lýst í nál. frá meiri hl. fjhn. Ed., sem er útgefið 4. þ. m. og er að finna í þskj. 88. Nál. þetta er útgefið og undirritað af fulltrúum allra stjórnarflokkanna í fjhn. Þar segir, að ríkisstj. og nýbyggingarráð hafi hafizt handa um að fá togara í Englandi, og að þriggja manna n., sem var í útlöndum á vegum nýbyggingarráðs, hafi tekizt að fá stjórnarleyfi fyrir 30 nýjum togurum og ná samningum við 5 skipasmíðastöðvar um smíði þeirra. Var umsamið verð 75 þús. sterlingspund fyrir hvert skip. Síðan segir svo í nál.: „Er þessi árangur var fenginn, lét ríkisstj. hefja nákvæmar athuganir á því, hvernig þessir togarar skyldu vera." Með öðrum orðum: þá fyrst, þegar búið er að semja við 5 skipasmíðastöðvar úti í Englandi um smíði á skipunum, er farið að athuga, hvernig þau eigi að vera. Mun það vera mjög óvenjulegt, að menn, sem semja um smíði og kaup á einhverjum hlut, fari þá fyrst að hugsa um, hvernig hann eigi að vera, þegar búið er að semja um smíðina. Fáir munu hafa slíka aðferð, þó að um minna sé að ræða en 30 botnvörpunga. Til þess að athuga, hvernig skipin ættu að vera, og yfirlíta verk hinna þriggja sendimanna, var skipuð ný n. 5 mönnum. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að þar væri þörf mikilla umbóta, því að skipin þyrftu að vera allt öðruvísi en um var samið. Var svo enn send ný nefnd utan til þess að semja um breytingar á fyrri samningi, og kom þá á daginn, að skipin hækkuðu í verði vegna þessara breytinga um 36%, upp í 98 þús. sterlingspund eða rúmlega 2½ millj. kr. hvert. Er þó almennt búizt við, að skipin verði enn dýrari hingað komin og fullbúin til veiða. Þegar hér var komið sögu, var málinu enn vísað til nýbyggingarráðs, sem er nú að reyna að selja skipin. Í nál., sem ég áður gat um, frá fulltrúum stjórnarflokkanna í fjhn. Ed., segir, að „óneitanlega" hefði „verið æskilegast að gera út um þær sölur áður en samningar voru gerðir," en það hafi ekki verið hægt, m. a. vegna „ónógs undirbúnings." Má um þetta segja, að „bragð er að þá barnið finnur," þegar dyggustu stuðningsmenn stjórnarinnar geta ekki orða bundizt um „ónógan undirbúning." Ekki verður því um kennt, að ekki hafi verið nægur tími til að undirbúa kaupin, því að langur tími

leið frá valdatöku stj. þar til gengið var frá samningum um togarakaupin. Gangur þessa togarakaupamáls er því þessi: Fyrst er ríkisstj., sem auðvitað á frumkvæðið og gefur út brbl. um kaupin. Svo er nýbyggingarráðið, svo er önnur nefnd, svo er enn nefnd, svo er ein nefnd enn, og svo er aftur nýbyggingarráðið. Þetta nefndahrúgald ríkisstj. minnir á mannvirki, sem einu sinni var lýst á þessa leið: „Fyrst er spýta, svo er spýta, svo er spýta í kross, svo er spýta upp, svo er spýta niður og svo fer allt í ganginn." Munurinn er bara sá, að það er stórkostleg hætta á því, að nýju togararnir fari aldrei „í ganginn" þrátt fyrir allar n., ef verðbólgustefnu ríkisstj. verður fylgt áfram. Það er vitanlega nauðsynlegt fyrir þjóðina að eignast ný skip. En þegar um er að ræða að kaupa togara fyrir 70—80 millj. kr., og raunar meira, er ekki alveg sama, hvernig þar er að unnið. Í stað þessara mörgu n. hefði átt að fela einni n. undirbúning og framkvæmdir í málinu og velja í þá n. reyndustu og hæfustu menn á þessu sviði, sem völ er á. Vafalaust hefði niðurstaðan í þessu stórmáli orðið hagstæðari, ef þannig hefði verið að unnið. — Ein af nefndum stjórnarinnar er búnaðarráðið svonefnda. Um þá nefndarskipun hefur nýlega verið rætt í útvarpi. Fjvn. bárust tvær ósamhljóða áætlanir um kostnað við þá n. Samkv. annarri áætluninni verður kostnaðurinn helmingi meiri, en eftir hinni þriðjungi meiri en útgjöldin vegna þeirra n., sem áður fóru með afurðasölumál landbúnaðarins.

Fjáreýsla ríkisstj. og verðbólgustefna hennar veldur því, að nú er ekki hægt að afgreiða fjárl. á viðunandi hátt. Hallinn á fjárlagafrv. er um 13 millj. kr., þrátt fyrir alla tollana og skattana og takmarkalausa brennivínssölu ríkisstj. Fjmrh. sagði í þingræðu í fyrradag, að stjórnin þyrfti að fá heimild til lántöku til þess að geta innt af höndum þær greiðslur, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir á næsta ári. Þannig er komið vegna dýrtíðarstefnu stjórnarinnar, að þrátt fyrir það að ríkistekjurnar eru áætlaðar milli 120 og 130 millj. á næsta ári, er ekki hægt að afgreiða fjárl. öðruvísi en með miklum greiðsluhalla og lántökuheimild til stjórnarinnar.

En áhrif verðbólgustefnunnar koma víðar fram en við fjárlagaafgreiðsluna. Þau eru að grafa grunninn undan framleiðslustarfseminni, eins og greinilega sést af ályktunum fiskiþingsins, sem nýlega hefur lokið störfum. Fiskiþingið lýsti því yfir, að það teldi fjárhagsgrundvöll vanta til þess, að hægt verði, að óbreyttum aðstæðum, að gera vélbátaflotann út á þorskveiðar í vetur. Taldi þingið, að útgerðin geti því aðeins hafizt, að útgerðarkostnaður verði lækkaður til verulegra muna með opinberum ráðstöfunum eða afurðaverð hækkað um a. m. k. 15%. — Fiskiþingið samþykkti líka áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar um að koma því til leiðar, að öll laun og kaupgjald í landinu verði miðað við magn og verðlag útfluttra afurða. Benti þingið á þá yfirvofandi hættu, að sjómenn fáist ekki á bátaflotann vegna þess, að þeim bjóðist hærra kaup í landi en vélbátaútvegurinn geti risið undir að borga.

Þessar ályktanir fiskiþingsins eru áreiðanlega þess verðar, að þeim sé gaumur gefinn. Áskorun þess um að miða öll laun og kaupgjald í landinu við magn og verðmæti framleiðslunnar er í sömu stefnu og tillaga okkar framsóknarmanna, er við fluttum á síðasta þingi í sambandi við afgreiðslu launalaganna, en sú tillaga okkar var felld af stuðningsliði ríkisstjórnarinnar.

En í stað þess að hlusta á þær raddir, sem krefjast réttlætis í skiptingu þjóðarteknanna, vinnur stjórnin stöðugt að því að auka ósamræmið og rýra hlut þeirra, sem vinna að framleiðslustörfunum. Hún skipar bændum landsins forráðamenn, sem skammta þeim afurðaverð, sem lækkar tekjur þeirra til stórra muna. Á sama tíma borgar ríkisstjórnin í heimildarleysi einstökum embættismönnum stórar fjárhæðir til uppbótar á 40 þús. kr. árslaun. Og fyrir störf í einni af hinum 30 nýju nefndum ríkisstjórnarinnar hefur hún ákveðið launin þannig, að formaðurinn fær 37488 kr. yfir árið, miðað við núgildandi verðlagsvísitölu, en meðnefndarmenn hans 34080 hver. Fyrir þessa hýru þurfa nefndarmennirnir þó ekki að leggja meira á sig en svo, að þeir geta gegnt umsvifamiklum störfum auk nefndarstarfanna. Skrifstofumenn í sömu nefnd hafa fast að 30 þús. kr. árslaunum.

Meðan slíku fer fram, er það ekkert undarlegt, þó að menn vilji fremur annað vinna en að fást við framleiðslustörf á landi og sjó. Það er bæði léttara og gróðavænlegra að fást við ýmislegt annað. Það er t. d. stórum ábatavænlegra að stunda alls konar kaupmang og brask, sem aldrei hefur blómgazt eins vel og nú, í skjóli ríkisstjórnarinnar.

Hér þarf að stefna inn á nýjar brautir. — Það þarf að draga úr verðþenslunni með sanngjarnri þátttöku allra stétta.

Með því einu móti er hægt að tryggja aðalatvinnuvegina, framfarir og velmegun í landinu og viðunanlega afkomu ríkissjóðs. Það þarf að taka upp haganlegri vinnubrögð við ríkisreksturinn, til þess að spara þar útgjöld, og hætta tafarlaust að borga opinberum starfsmönnum stórar fjárfúlgur til viðbótar fullum launum. Það þarf að stefna að meiri jöfnuði í þjóðfélaginu og réttlátari skiptingu þjóðarteknanna, m. a. með því að miða laun og kaupgjald við framleiðslutekjur þjóðarinnar. Það þarf að afnema það ranglæti að skammta þeim, sem vinna framleiðslustörfin, minna en öðrum, sem margir hverjir vinna léttari verk.

Það þarf að ná lögákveðnum sköttum af þeim mörgu mönnum, sem hafa rakað saman hundruðum þúsunda króna á stríðsárunum, með ýmiss konar aðferðum, en skotið miklu af því undan réttmætum gjöldum. Það þarf að koma í veg fyrir, að alls konar brask og víxlarastarfsemi verði framvegis, eins og nú, arðvænlegri atvinnuvegur en framleiðslustörfin.

Ekkert af þessu vill núv. ríkisstjórn og stuðningslið hennar á þingi gera.

En allt þetta þarf að gera, til þess að tryggja efnalegar og menningarlegar framfarir í landinu. — Þess vegna þarf þjóðin að taka í taumana og víkja núv. ríkisstjórn, stjórn misréttis, eyðslunnar og verðbólgunnar, frá völdum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þá hafa menn heyrt hina konunglegu stjórnarandstöðu. Tveir ræðumenn, en ein ræða, — fyrsta og önnur útgáfa. Geta menn af því markað, að yrkisefnið er lítið og því teflt fram, sem til er. Ég get því svarað þeim báðum í einu, en ætla þó að víkja nokkrum orðum að síðari ræðumanninum, hv. þm. V.-Húnv., sérstaklega.

Hann harmaði það sáran, að ríkisstjórninni hefði ekki unnizt tími til að hreinsa til, en á því taldi hann hina mestu þörf. En eftir hvern þurfti að hreinsa til? Er það ekki eftir Framsfl., flokk þessa háttv. þingmanns? Eru það ekki einmitt gæðingar Framsfl., sem enn þá bíta svo fast í beinin, að það er varla hægt að ná þeim út úr þeim? Hins vegar er það alveg rétt, að auðvitað þarf að færa margt saman í ríkisrekstrinum, en eins og oft hefur verið tekið fram, þá á hið óhentuga húsnæði, sem við er að búa, sinn þátt í því, hve örðuglega þetta gengur.

Hv. þm. fjargviðraðist mikið yfir hinum nýju nefndum, en hann þarf að skilja, að eins og athafnasamur bóndi þarf fleiri hjú en sá, sem ekkert færist í fang, þannig þarf núverandi stjórn fleiri menn sér til aðstoðar en lítilvirk stjórn.

Þá hneykslaðist hv. þm. mjög á því, að ríkisstjórnin skuli greiða embættismönnum sérstaklega fyrir aukaverk. En hvað heldur þessi hv. þm., að hans flokkur hafi gert? Um það gæti hann spurt t. d. Pál Zóphóníasson!

Ræða formanns Framsfl., hv. þm. Str., lýsir betur hugarfari og sálarástandi forustumanna íslenzku stjórnarandstöðunnar en þjóðhögum Íslendinga og stjórnarfarinu í landinu.

Það var ekkert í ræðu hv. þm., sem mér kom á óvart. Ég hef heyrt það allt áður, flest oft.

Ég held, að það sé ekki óleyfileg bjartsýni að vona, að þjóðin sé löngu orðin leið á svipuðum ádeilum sem þeim, er formaður Framsfl. nú viðhafði. Nokkrir gamlir, leiðinlegir Tímadálkar verða hvorki til skemmtunar né fróðleiks, þótt þeir séu ófimlega hnýttir í eina langloku.

Hv. þm. var ákaflega áhyggjufullur út af fjárhag ríkissjóðs. Já, hann má muna fífil sinn fegri. Það var eitthvað annað, þegar hann var stjórnarformaður og Eysteinn Jónsson stýrði fjármálunum. Eftir fimm ára stjórn þessara manna hafði hver eyrir verið uppétinn, lánstraust ríkisins glatað og allur atvinnurekstur landsmanna þó sligaður af skattgreiðslum. Er það furða, þótt menn, sem af slíku geta státað, tali digurbarkalega?

En annars sagði hv. þm. í fyrra allt það sama um fjárhaginn. Þá var ríkisgjaldþrot líka í hlaðvarpanum. Hæstv. fjármálaráðherra hlýtur að vera meiri galdramaðurinn, þegar hann nú í stað gjaldþrots skilar miklum tekjuafgangi. Mun hann væntanlega skýra fjármálin áður en þessari umræðu er lokið. En það er til leiðbeiningar hv. þm., að þegar hin nýju atvinnutæki taka til starfa, eykst framleiðslan að sama skapi og þar með tekjur ríkissjóðs.

Hv. þm. virðist haldinn miklum ótta um það, að innstæður bankanna séu að minnka. Hann skilur ekki enn þá, að nýsköpunin er raunveruleg. En þegar búið er að kaupa skip, vélar og annað slíkt fyrir peningana, þá minnka að sjálfsögðu sjóðirnir.

Þá blöskraði hv. þm. óskaplega drykkjuskapurinn í landinu. Ekki minnist ég þess, að hann hefði um þetta mörg orð, þegar við vorum saman í stjórn, enda komu tekjurnar sér þá vel fyrir stjórnina, eins og nú. Ég verð því að gera honum þær getsakir, að það sé í sjálfu sér ekki aðallega vinið eða drykkjuskapurinn, sem hann harmar, heldur hitt, að ríkisstjórn, sem hann sjálfur á ekki sæti í, skuli fá allt þetta fé til umráða.

Hv. þm. réðst loks á ríkisstjórnina út af heildsalamálunum og gat vart á heilum sér tekið, svo hneykslaður var hann á því, að íslenzkir menn gæfu ekki rétt upp til skatts, hvað þá meira! Sagði hv. þm. í því sambandi, að ríkisstjórnin hefði framið hina mestu yfirsjón, er hún ekki tafarlaust sendi hlutaðeigandi yfirvöld til Ameríku til þess að hefja rannsókn á hendur öllum íslenzkum heildsölufirmum, er þar höfðu aðsetur. Slíkt tal manns, sem sjálfur hefur farið með dómsmálastjórn landsins í mörg ár, er hneykslanlegt. Þannig löguð rannsókn á hendur Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og heildsölum hefði hlotið að gereyðileggja mannorð og álit allrar íslenzku þjóðarinnar í augum Bandaríkjamanna. Það hefði því bæði verið til skammar og skaða, ef slík rannsókn hefði verið hafin, því að henni er í raun og veru ekki einungis stefnt gegn S. Í. S. og heildsölunum, heldur og gegn virðingu, áliti og mannorði íslenzku þjóðarinnar í heild.

Mjög runnu mér til rifja áhyggjur hv. þm. út af samstarfi mínu við sósíalista, sem hann sagði vera ráðna byltingarmenn. Sagðist hann alltaf hafa vitað, að hæstv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, hefði í hyggju að standa við áform sín um byltingu, og lýsti yfirleitt sósíalistum heldur ófagurlega. Verst af öllu er, að þetta eru sömu mennirnir, sem hann sjálfur í mörg ár hefur verið að reyna með öllu móti að ná samningum við. En mikil guðs mildi hlýtur það að vera, að honum skyldi mistakast það. Sannast að segja lízt mér hreint ekki á, hvað orðið hefði úr hv. þm., ef hann hefði lent í þessum vonda félagsskap, ekki göfugri en mér virðist hann nú vera eftir að hafa þó verið í samfélagi heilagra, þ. e. a. s. í Framsóknarflokknum, jafnlengi.

Eins og menn heyrðu, var aðalefni ræðu hv. þm. að auðvirða ríkisstjórnina á allan hátt. Er það í fullu samræmi við fyrri orð hans og gerðir, eins og ég skal víkja nánar að síðar.

Í fyrra var lofað, sagði hv. þm. En nú er að spyrja um efndir.

Ég skal svara. Ég skal skýra frá efndum Þykir mér vel fara á því að hefja þá skýrslu með því að vitna í nokkur spakmæli úr ræðu þeirri, er þessi hv. þm. flutti á eldhúsdegi í fyrra. Menn geta þá fengið dálitlar sannanir fyrir því, hvort nokkur ástæða sé til að véfengja þann af hæfileikum þessa stjórnmálamanns, sem honum mun sjálfum þykja allra mest til koma, þ. e. a. s. sagnarandann, spádómsgáfuna.

Hann segir orðrétt:

1) „Stefna ríkisstjórnarinnar er að koma öllum þjóðarbúskapnum í sjálfheldu."
2) „Stjórnin hefur lagt sér til dulargervi, er hún kallar nýsköpun."
3) „Hávaðinn um nýsköpunina væri ekki eins og raun ber vitni um, ef þeir, sem að henni standa, tryðu því sjálfir, að hún yrði framkvæmd."

Og áðan sagði hann: „Nýsköpunin er ekkert nema leiktjald. Pappírsnýsköpun, sjúk og feig."

Skal ég þá víkja að því, sem stjórnin hefur aðhafzt.

Eins og menn vita, lýsti stjórnin yfir, að hún teldi það höfuðverkefni sitt að vinna að því, að allir Íslendingar hafi atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur. Í því skyni að leitast við að ná því marki gaf hún fyrirheit um að beita sér fyrir hinni svokölluðu nýsköpun, þ. e. a. s., að erlendum innstæðum þjóðarinnar yrði að verulegu leyti varið til kaupa á nýjum framleiðslutækjum, skipum, vélum, verksmiðjum, landbúnaðartækjum o. s. frv.

Það eru þessi fyrirheit, sem hv. þm. Str. kallar „dulgervi" ríkisstjórnarinnar og „nýju fötin keisarans" og staðhæfði, að aldrei yrðu framkvæmd. Það er þessi stefna, sem hv. þm. taldi, að mundi „koma öllum þjóðarbúskapnum í sjálfheldu."

Ríkisstjórnin hefur nú setið að völdum í tæpa 14 mánuði. Auk þeirra daglegu starfa, sem sérhver stjórn verður af höndum að inna, hefur ríkisstjórnin aðallega þurft að sinna 3 verkefnum, þ. e. a. s. forustunni á sviði löggjafarinnar, margvíslegum ráðstöfunum í sambandi við nýsköpunina og samningum við ýmsar erlendar þjóðir um verzlun og viðskipti.

Skal ég nú aðeins víkja stuttlega að hverju um sig, til þess að bregða upp nokkurri mynd af störfum stjórnarinnar og stuðningsflokka hennar, en verð að sjálfsögðu að láta nægja að stikla á því allra stærsta, svo skamman tíma sem ég hef til umráða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að áður en stjórnin tók við völdum, hafði um nokkurt skeið með öllu skort forustu af hendi ríkisstjórnarinnar um löggjöf og önnur störf Alþingis. Það varð eðlilega eitt af fyrstu verkum núverandi stjórnar að taka að sér þá forustu.

Fyrsta viðfangsefni var að lagfæra stórkostlega það fjárlagafrumvarp, er fyrir þinginu lá, og finna leiðir til að afla ríkissjóði nýrra tekna, er námu um 20 millj. króna. Þrátt fyrir hin mismunandi viðhorf stjórnarflokkanna til skattamála tókst að ná allsherjar samkomulagi um þetta, og hefði það einhvern tíma þótt ærið viðfangsefni fyrir hverja stjórn.

Eftir það rak hvert verkefnið annað, og þótt sjónarmiðin væru oft nokkuð misjöfn, tókst þó að ná samkomulagi um margvíslega merka löggjöf, jafnt á sviði landbúnaðar, sjávarútvegsmála og iðnaðarmála, sem hér yrði allt of langt að rekja. Þó vil ég aðeins, vegna þrálátra tilrauna stjórnarandstöðunnar til að ófrægja stjórnarliðið í augum bænda, geta þess, að undir forustu núverandi stjórnar ákvað stjórnarliðið á síðasta þingi að leggja fram í þágu landbúnaðarins á fjárlögum þessa árs 2 milljónum króna meira en fyrrv. stjórn hafði lagt til, en eins og kunnugt er, fór einn af miðstjórnarmönnum Framsfl. með landbúnaðarmálin í þeirri stjórn. Þá setti og þingið margvíslega merka landbúnaðarlöggjöf. Hefði að sjálfsögðu engin slík löggjöf náð fram að ganga án frumkvæðis eða beins stuðnings stjórnarliða, er réðu lögum og lofum á Alþingi eftir stjórnarmyndunina.

Á hagsmunamálum útvegsins tók þingið með mesta myndarskap. Veitti það í því skyni 20 milljónir kr. úr ríkissjóði, auk 35 millj. kr. heimildar til lántöku með ríkisábyrgð til byggingar á síldarverksmiðjum og fiskiskipum. Samþykkti og þingið merka löggjöf útvegnum til framdráttar, þ. á m. yfir 20 hafnarlög, er kölluðu á 8 millj. kr. framlag úr ríkissjóði og 13 millj. kr. ábyrgð ríkisins, auk margs annars.

Þá sýndi og stjórn og þing glöggan skilning á vaxandi þörf fyrir bættar samgöngur og veitti í því skyni á fjárlögum 4½ milljón kr. hærra framlag en fyrrv. ríkisstjórn hafði lagt til. Loks voru samþ. miklar fjárveitingar og sett mörg merk löggjöf um raforkumál, heilbrigðismál, listir, bókmenntir, vísindi og margt fleira, er allt sýndi skilning, velvilja, bjartsýni og stórhug, en þó festu og stjórnsemi, er jafnan þurfti eigi aðeins að velja, heldur og að hafna og jafnframt að hafa gát á útgjöldum, svo að tryggt þætti, að tekjur yrðu fyrir hendi til þarfanna.

Tókst stjórnarliðum þannig strax á síðasta þingi að marka stefnur í öllum þessum efnum og ná innbyrðis samkomulagi um allt, er máli skipti, og bar þannig samstarfið þegar í öndverðu ríkulegan ávöxt í mörgum merkilegum lögum og ákvörðunum Alþingis.

Frá því að síðasta þingi lauk og þar til núverandi þing kom saman, gaf stjórnin út ýmis bráðabirgðalög, sem nú liggja fyrir þingi. Merkust þeirra eru lögin um búnaðarráð og verð landbúnaðarafurða og lögin um togarakaup ríkisins. Mun ég víkja nokkuð að lögunum um togarakaup ríkisins í sambandi við nýsköpunina, en um landbúnaðarmálin hafa nú nýverið farið fram útvarpsumræður úr sölum Alþingis, og læt ég því nægja að benda á, að enda þótt ekki sé um neina endanlega lausn þeirra mála að ræða, má stjórnin vel una þeirri bráðabirgðalausn, er hún bar gæfu til að koma sér saman um. Hefur henni þar tekizt farsællega að stýra meðalveginn, þar eð jafnt bændur sem launamenn una úrslitunum almennt sæmilega, að ekki sé sagt mjög vel, en ríkissjóði sparast þó minnst 1—1½ milljónatugur frá því, sem ella hefði verið.

Þá hefur og ríkisstjórnin lagt fyrir þetta þing tillögur um marga stórmerka löggjöf. Nægir þar að minna á, auk bráðabirgðalaganna, frumvarp um raforkuveitu ríkisins, sem miðar að því að tryggja, að rafmagn verði flutt til allra þeirra landsmanna, sem hægt er að gera aðnjótandi þessara eftirsóknarverðu lífsþæginda á sæmilega fjárhagslegum grundvelli. Frumvarp um alhliða styrk og aðstoð við húsbyggingar í kaupstöðum og kauptúnum, sem fela í sér fullkomnari úrræði til úrbóta aðkallandi vandamála á þessu sviði en áður hefur verið borið fram á Alþingi. Mörg frumvörp varðandi nýja

skipan unglingafræðslunnar í landinu. Frumvarp um stórrýmkuð lánsskilyrði og lækkuð vaxtakjör þeim til handa, er taka vilja þátt í nýsköpuninni á sviði sjávarútvegsins, og mun væntanlega fylgja í kjölfarið svipað frumvarp varðandi landbúnaðarframkvæmdir. Frumvarp um alhliða tryggingar. Frumvarp um heimild ríkisstjórnarinnar til kaupa á strandferðaskipum og lánsheimild í því sambandi að upphæð 7 millj. kr., og margt fleira, sem eigi vinnst tími til að ræða um hér.

Er enn sem fyrr, að stjórnin og flokkar hennar hafa nú örugga forustu, sem vera ber. Er að sönnu enn ósýnt um, hversu mikið af þessum tillögum nær fram að ganga, þar eð hafa verður hóf á útgjöldum ríkissjóðs. En óhætt þykir að fullyrða, að á þessu þingi sem hinu fyrra verði mörkuð spor, er lengi mun gæta í þjóðlífinu.

Skal ég þá víkja nokkrum orðum að nýsköpuninni.

Skömmu eftir að stjórnin tók við völdum, voru sett lög um nýbyggingarráð og festar á sérstakan reikning þær 300 milljónir króna erlends gjaldeyris, er í stjórnarsamningunum var ákveðið að verja til kaupa á nýjum tækjum. Skömmu eftir tók nýbyggingarráð til starfa, en áður hafði stjórnin undirbúið þau mál sem kostur var og einkum leitað fyrir sér um skilyrði fyrir því að fá byggð skip erlendis.

Það hefur verið mikið rætt um nýsköpunina, eins og vera ber í lýðfrjálsu landi. Framsóknarflokkurinn hefur tekið mjög mikinn þátt í þeim umræðum, en aftur á móti ekkert komið nærri framkvæmdunum. Stjórnarliðið hefur lítið haft sig í frammi í orði, en því meira í verki.

Það er rúmt ár síðan stjórnin lýsti yfir stefnu sinni og gaf mörg fyrirheit um að vinna að framtíðarheill þjóðarinnar. Þóttu þau loforð hávær og jafnvel skrumkennd. Í dag tala verkin hærra rómi.

Eins og öllum er orðið kunnugt, hafa nú þegar verið fest kaup á margvíslegum tækjum í þágu nýsköpunarinnar, jafnt til sveita sem sjávar, til landbúnaðar, iðnaðar og útvegs. Fest hafa verið kaup á alls konar vélum, fiskiskipum og flutningaskipum og mörgu öðru, er ætlað er til viðreisnar atvinnulífsins í landinu. Blasa nú við margar staðreyndir, er áður voru taldar hillingar, og hefur þegar mörgu verið hrint í framkvæmd, er fyrir ári síðan var staðhæft, að ekki væri annað en „dulgervi" og skrumauglýsing. Er skemmst frá að segja, að búið mun að festa í nýsköpuninni a. m. k. milli 150—200 milljónir króna, þótt hin keyptu tæki séu eigi enn til afnota nema að litlu leyti.

Og hvernig hefur svo þjóðin tekið undir þessa forustu stjórnarliðsins? Er ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs orðin eigandi að öllum þessum nýju tækjum, eins og stjórnarandstaðan staðhæfði að verða mundi, ef nokkurn tíma yrði hafizt handa, þar eð enginn forsjáll maður fengist til að ráðast í nýjar framkvæmdir fyrr en búið væri að stórlækka allt kaupgjald í landinu.

Þessu fer mjög fjarri. Bændur landsins hafa keppzt um að falast eftir vélum til sinna þarfa, svo mörgum þúsundum skiptir. Iðnaðarmenn hafa fest kaup á vélum til margvíslegs stærri og smærri iðnrekstrar, og hafa nú í ríkum mæli hafizt handa um að hagnýta þær. Eru m. a. í byggingu margar stórar verksmiðjur til nýrrar hagnýtingar á framleiðslu landsmanna. Er hér um að ræða hinar þýðingarmestu nýjungar, því að á fáu ríður landsmönnum meira en að undirbúa sig undir hið nýja kapphlaup um markaðina, með því að flytja út framleiðsluvöruna verkaða og framreidda á þann hátt, sem kaupendur óska. Þá hafa sjómenn og útgerðarmenn sótt fast á um að ná í hinn nýja skipakost, og er nú búið að selja öll þau 100 mótorskip, sem fest hafa verið kaup á erlendis. Og enn fremur hefur einkaframtakið, með Eimskipafélag Íslands í fararbroddi, keypt meginhlutann af þeim 12 eða 14 stærri og smærri flutninga- og farþegaskipum, sem Íslendingar hafa samið um byggingu á erlendis. Er með því m. a. tryggt skiprúm fyrir nær tvöfalt það vörumagn, sem hraðfryst er í landinu. Verða sum skipin afhent bráðlega. Hefur hér verið gengið rösklega að verki, en mátti þó ekki tæpara standa að ná samningum, en ella hefðu Íslendingar orðið að bíða farkostsins til ársloka 1948.

Loks má án efa treysta því, að mikill hluti þeirra 30 togara, sem stjórnin hefur samið um byggingu á, muni bráðlega verða seldir félögum og einstaklingum í landinu.

Hinar nýju myndir, er við blasa í atvinnulífi þjóðarinnar, hin mikla viðreisn, sem nú er hafin, er því eigi aðeins spegilmynd af framfarahug stjórnarliða á þingi, heldur og einkum af djörfung og stórhug þjóðarinnar.

Að sjálfsögðu hefur ríkisstjórnin og einkum þó nýbyggingarráð haft forustuna, eins og til var ætlazt í þessum efnum, og veitt einkaframtakinu allan þann stuðning, sem kostur var á. Hefur nýbyggingarráð nú þegar innt af hendi mikið og þjóðnýtt starf, sem það mun á sínum tíma hljóta verðugar þakkir fyrir. Er hér enginn tími og ekki heldur ástæða til að rekja störf stjórnarliða í þessum efnum, en þó skal ég aðeins sem dæmi minnast á aðgerðir nýbyggingarráðs og ríkisstjórnarinnar í sambandi við smíði hinna 30 togara, sem um hefur verið samið, vegna þess að þau afskipti varpa allskýru ljósi yfir, hverja þýðingu það hefur einmitt á þessum tímum, meðan nágrannaríkin enn í ríkum mæli viðhalda þeim stjórnarafskiptum af verzlun og viðskiptum, sem tekin voru upp á ófriðartímunum, að stjórnarvöld Íslands séu djörf og athafnasöm til allrar forustu í þessum efnum. Vel ég þetta dæmi sérstaklega vegna ummæla hv. þm. Str. og hv. þm. V.-Húnv.

Eins og ég áður hef getið um, hófst ríkisstj. handa strax og hún tók við völdum um að freista þess að ná samningum erlendis um smíði togara fyrir Íslendinga. Var leitað fyrir sér í ýmsum löndum, og hirði ég ekki að rekja þær tilraunir, vegna þess að þótt að þeim væri dyggilega unnið, báru þær ekki árangur annars staðar en í Bretlandi, en þar í landi voru afskipti stjórnarvaldanna þessi: Þegar í stað eftir að stj. hafði tekið við völdum, fól hún sendiherra Íslands í London að leita hófanna hjá brezkum stjórnarvöldum um slíka byggingarheimild Íslendingum til handa. Var í fyrstu

þunglega tekið á því, enda var ófriðurinn þá í algleymingi. Á öndverðu þessu ári fór svo samninganefnd af hálfu Íslendinga til London í því skyni að semja um verzlun og viðskipti landanna. Var henni falið að vinna að þessu máli. Fékk hún vilyrði, en ekki loforð um byggingarleyfi. Sendiherra hélt svo málinu áfram og tókst loks í júnímánuði að fá leyfi brezkra stjórnarvalda til að byggja 6 togara. Skömmu síðar fór nefnd á vegum Nýbyggingarráðs til Bretlands til að vinna að málinu ásamt sendiherra. Fylgdi henni þá sami sónninn frá Framsfl. og nú. Enn hefði ein nefndin verið skipuð. Tókst þessum mönnum ásamt sendiherra í lok ágústmánaðar s. l. að fá leyfi brezkra stjórnarvalda til að byggja 24 togara þar í landi til viðbótar áður heimiluðum 6 og jafnframt að komast að samningum við 5 af beztu byggingarstöðum Bretlands um að byggja þessi skip. En þetta var þó því skilyrði háð, að samningsaðili af Íslands hálfu yrði eingöngu einn, og að það yrði sjálf ríkisstj. Fram að þessu voru áreiðanlega skiptar skoðanir innan stjórnarinnar um það, hversu langt stjórninni bæri að ganga í forustu sinni í þessum efnum. En þegar hér var komið, var öll stjórnin tafarlaust sammála um, að ríkisstj. bæri að gerast samningsaðili, enda fylgdu þessum skilaboðum upplýsingar frá íslenzku samninganefndinni um, að ef ekki yrði tafarlaust gengið að tilboðinu, mundum við fara á mis við það, þar eð margar aðrar þjóðir leituðu nú líkra samninga, og fengju færri en vildu. Ríkisstj. hikaði því ekki, heldur aflaði sér heimildar með brbl., annars vegar til þess að gera þessa samninga og hins vegar til lántöku, ef með þyrfti í þessu skyni. Voru síðan samningarnir tafarlaust gerðir. — Skip þau, er samið var um, voru hinir stærstu og fullkomnustu togarar, sem fram að þessu hafa verið byggðir fyrir Englendinga, og var umsamið verð hvers skips 1.9 millj. kr. En í samningnum var áskilinn réttur Íslendingum til handa um breytingu á skipunum, enda yrði tafarlítið sagt til um, hvort þeirra væri óskað. Kom nú hin íslenzka samninganefnd heim við svo búið og þá fyrir þakkir stjórnarvaldanna og flestra annarra, en nöldur, tortryggni og vanþakklæti Framsfl. þá sem nú. Voru nú samningar þessir og teikningar af skipunum lagðir fyrir útvegsmenn, en þeir óskuðu eftir, að skipin yrðu enn stærri og fullkomnari í alla staði, og gerðu um það einróma ályktun, er þeir báru fram við ríkisstj. Óskuðu þeir, að hin nýju skip yrðu 175 fet á lengd, í stað 170 fet, eins og um samið hafði verið, vélaafl yrði 1300 hestar í stað 900, olíukynding í stað kola, stærri, fullkomnari og betri íbúðir en áður hafa þekkzt á slíkum skipum hérlendis eða erlendis, og skipin að öðru leyti búin fullkomnari vélum og tækjum en fyrr hefur verið kostur á. Voru nú enn sendir menn úr landi til að ganga endanlega frá samningum, og enn fengu hinir nýju sendimenn þær kveðjur Framsfl., að búið væri að skipa nýja nefnd, eina nefndina enn. Þessir menn sömdu nú um byggingu skipanna eins og þau höfðu verið ákveðin af útvegsmönnum og sjómönnum, og kom þá í ljós, að hinar nýju breytingar voru jafnvel enn kostnaðarsamari en ætlað hafði verið og hækkuðu verð skipanna um a. m. k. 600—700 þús. kr. Þegar hér var komið, símaði samninganefndin ríkisstj. og tjáði henni hin endanlegu tilboð byggingarstöðvanna í Englandi. Þau boð fylgdu, að nú yrði að hrökkva eða stökkva tafarlaust, því enn sem fyrr væru margir um boðið. Þessi skilaboð bárust ríkisstj. laugardaginn 13. okt. s. l. að kvöldi. Hún kvaddi þegar daginn eftir, sunnudaginn 14. okt., á sinn fund alla þá útvegsmenn, er til náðist, og lagði málið fyrir þá. Varð að ráði, að skipin skyldu keypt. Að loknum þessum fundi símaði svo ríkisstj. tafarlaust umboðsmönnum sínum og heimilaði þeim að gera byggingarsamningana. Hirði ég svo ekki að rekja þessa sögu lengra, en ætla, að þessi skýrsla nægi til að sýna, að ef nokkurn tíma hefði verið hik á ríkisstj. eða nýbyggingarráði í þessum málum, hefðu Íslendingar orðið að búa við sinn gamla skipakost í nær 3 ár enn þá. Fyrr var, að þessu færi slepptu, ekki hægt að fá togara byggða, a. m. k. ekki í Bretlandi, og að þeim tíma liðnum er a. m. k. öldungis óvíst, hvort auðið reynist að gera slíka samninga eða hvort verðlag það, er þá mun ríkja, verður hærra eða lægra en það er í dag. Hitt er aftur auðsýnt, að miklu skiptir fyrir hagsmuni þjóðarinnar að eignast þessi afkastamiklu framleiðslutæki sem fyrst og einmitt á meðan vöruþurrð er í heiminum, því að þá eru helzt líkur til, að þau geti skilað arði, svo að takast megi að greiða eitthvað af stofnkostnaði þeirra. En samkv. gildandi samningum verða nú skipin afhent frá október eða nóvember 1946 til jafnlengdar 1947.

Hygg ég, að þessi afskipti ríkisvaldsins og aðstoð við einkaframtakið muni reynast til farsældar, en til þessara mála hefur Framsfl. aldrei lagt annað en andstöðu og úlfúð og hefur jafnvel ekki getað stillt sig um að skeyta skapi sínu við umræður um þessi brbl. nú á þinginu. Sést þar glöggt enn sem fyrr, hvert hlutskipti stjórnarliðið hefur valið sér, og þá jafnframt, hversu neikvætt og máttvana nöldur Framsfl. er gegn öllum þeim þjóðþrifaverkum, sem nú er verið að vinna.

Er það eitt hið mesta gleðiefni í sambandi við þessi skipakaup og önnur skipakaup þjóðarinnar, að nú hefur á raunhæfan hátt verið viðurkennt hið mikla afreksverk, er íslenzk sjómannastétt hefur um langt árabil, og ekki sízt nú á ófriðarárunum, innt af hendi. Hljóta nú sjómenn eigi aðeins hin lofsamlegu ummæli, sem þeir eiga að venjast á hátíðum og tyllidögum, heldur og í verki makleg málagjöld fyrir ágæti sitt, og einmitt á þann hátt, er þeir sjálfir hafa kosið sér, í betri aðbúnaði og bættri aðstöðu til aukinna afkasta og afreka, alþjóð manna til framdráttar og blessunar. Ég vænti þess, að sjómenn hafi kynnzt innræti Framsfl. í þeirra garð af þeirri taumlausu úlfúð, sem ummæli hv. þm. Framsfl. um togarakaupin lýstu. — Aðalatriðið er ekki að fá skip. Nei, aðalatriðið er, að tvær n. skyldu fjalla um málið, enda þótt um 80 milljóna kaup sé að ræða.

Skal ég svo ekki fjölyrða um nýsköpunina, heldur aðeins láta í ljós þá von og trú, að hún megi reynast þjóðinni til blessunar, svo sem

hugur stendur til af hendi þeirra, er forustuna hafa haft um þessi mál. Munu þá rætast þær hugsjónir stjórnarflokkanna, að „allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur," en það er, sem kunnugt er, kjarninn í stjórnarstefnunni.

Ég vík þá að samningum við önnur ríki. Eins og menn muna, runnu fiskkaupasamningarnir við Breta út um síðustu áramót, og voru Bretar með öllu óáanlegir til að framlengja þá. Af því leiddi, að fullkomin óvissa ríkti um verðlag strax upp úr síðustu áramótum, auk þess sem niður féll skylda Breta til að flytja nýjan fisk ísvarinn á markaðinn, og þurfti því stjórnin að tryggja skipakost til útflutnings á aflanum. Stjórnin tók það mál strax föstum tökum. Henni var ljóst, að með engu móti mátti rýra hlut útvegsmanna og sjómanna, heldur þvert á móti að gera allt, sem auðið var, til að bæta afkomu þeirra. Tókst stjórninni að fá frystihúsin til að greiða sama verð og áður fyrir nýja fiskinn, enda þótt afurðirnar væru óseldar, rekstrarkostnaður vaxandi og horfur ískyggilegar. Jafnframt tókst stjórninni að girða fyrir þá verðlækkun, sem spáð hafði verið, að nauður ræki til að sætta sig við, og í þess stað fyrirskipaði hún 15% verðhækkun á nýja aflanum til útflutnings. Hafa nú sjómönnum og útgerðarmönnum verið greiddar nokkuð á 4. milljón kr. vegna þessarar verðhækkunar. Stj. lánaðist og að tryggja skipakost til flutninganna, og enda þótt eðlilega hafi orðið á því nokkur missmíði, svo stuttur tími sem var til ákvarðana og ráðstafana, og ætla megi, að ríkissjóður hljóti einhvern skell af leigu færeysku skipanna, þá verður eigi annað sagt en giftusamlega hafi úr ráðizt, eftir því sem við horfði, og mundi þó allt betur farið hafa, ef ekki hefði aflabrestur háð útveginum og nokkuð dregið úr ágæti þessara ráðstafana. — Kom nú til nýrra samninga við Breta. Eins og menn muna, krafðist Framsfl. þess, að ríkisstj. sendi menn til þeirrar samningagerðar fyrir síðustu áramót. Sem betur fór, voru þær till. að vettugi virtar og beðið betra færis til samningagerðarinnar. Er nú ljóst orðið, að ef fylgt hefði verið ráðum Framsfl., hefðu Íslendingar orðið að lúta miklu lægra verðlagi en síðar náðist, því að um þær mundir var það eigi aðeins Framsfl., sem boðaði verðfall og hrun, heldur krafðist og Bretastjórn mikilla verðlækkana á afurðum Íslendinga. Nam sú verðlækkun, að því er hraðfrysta fiskinn einan áhrærir, nokkuð á annan milljónatug frá því, er síðar tókst að semja um, og svipaðri upphæð varðandi síldarafurðir, miðað við meðalársframleiðslu. Skal hér ekki fjölyrt um, hvort þær málalyktir eru ríkisstj. að einhverju leyti að þakka eða ekki. Er það til leiðbeiningar, að hver einn setji sig í spor kaupandans og spyrji sjálfan sig, hvort nokkru mundi skipta, hvort sú stjórn fer með umboð Íslendinga, sem bezt telur fara á, að verðfallið komi sem fyrst, eins og jafnan kvað við úr herbúðum fyrrv. stj. og Framsfl., eða aftur á móti stjórn, sem því hefur heitið, að berjast fyrir að halda uppi afkomuskilyrðum almennings í landinu og átti því, eins og þá stóðu sakir, líf sitt undir því að verjast verðfallinu. — Þá voru og á öndverðu þessu ári gerðir samningar við Svía. Seldum við þeim 100000 síldartunnur fyrir gott verð, en tryggðum okkur tómar síldartunnur til þeirra þarfa, sem og aðrar nauðsynjar, er þjóðina vanhagaði um. — Svipaðir samningar, en í minni mæli, hafa nú verið gerðir við Finna. Jafnframt hafa erindrekar stj. farið um Frakkland og Belgíu, en einkum þó Pólland og Tékkóslóvakíu til þess að rannsaka möguleikana fyrir sölu afurða okkar í þessum löndum og öflun nauðsynja okkar frá þeim. Eru þetta hin mikilvægustu mál, því að auðsætt er, að eigi er einhlítt að afla nýrra framleiðslutækja, heldur verður og jafnframt að hafa fyrirhyggju og gera ráðstafanir til öflunar nýrra markaða, en þeirra er væntanlega hvað helzt að leita í þeim löndum, er ég nú hef getið um. Má vel vera, að til ómetanlegrar blessunar reynist um alla framtíð, ef kleift verður að komast inn á þessa markaði, og hitt er sennilegt, að nú og einmitt nú sé tækifærið til þess að troða nýjar slóðir og ryðja framleiðsluvöru okkar braut um áður ófarna stigu. Ber Íslendingum að taka til skynsamlegrar yfirvegunar sérhver úrræði er að þessu hníga, og hefur stj. nú þau mál til ýtarlegrar yfirvegunar. Á stj. þar fyrir höndum mikil og vandasöm verkefni.

Ég hef nú í nokkrum höfuðefnum gert grein fyrir stjórnarsamstarfinu í orði og á borði, loforðum og efndum. Ég hef sýnt fram á, að á öllum sviðum stjórnmálanna urðu fullkomin straumhvörf, þegar Alþ. að nýju tók forustuna í sínar hendur. Ég hef sannað, að stjórninni hefur tekizt að samræma hin ólíku sjónarmið og hefja stórvirka sókn á öllum sviðum í því skyni að tryggja frelsi landsins og hagsmuni þess út á við með réttri hagnýtingu skjótfenginna auðæfa til bættra lífskjara og aukins öryggis komandi kynslóða. Með samstarfinu tókst stjórninni einnig að sætta þær deilur, er magnaðar höfðu verið áður en hún tók við völdum og leitt höfðu til þess um langa hríð, að hundruð eða jafnvel þúsundir verkamanna höfðu gengið atvinnulausir og framleiðslutækin legið ónotuð. Og allt frá þeim degi hefur haldizt hinn dýrmæti vinnufriður í landinu, með þeirri einu undantekningu, að um nokkurt skeið hefur staðið kaupdeila á kaupskipaflotanum, sem nú ýmist hefur verið eða er verið að leiða til lykta, sumpart fyrir atbeina ríkisstj. Er þetta ólík mynd því, er við hefði blasað, ef fylgt hefði verið ráðum Framsfl. og tekin upp sú barátta gegn verkalýðnum, sem nú virðist vera aðaláhugamál þess flokks. Ríkisstj. hefur látið sér skiljast það, sem Framsfl. hefur skotizt yfir, að hvort sem hin nýju tæki reynast þess megnug að halda uppi óbreyttum kjörum almennings eða ekki, þá er það að minnsta kosti víst, að meðan sjávarútvegurinn skilar arði, sættir verkalýðurinn við sjávarsíðuna sig ekki við kauplækkanir. Þetta getur verið örðugt öðrum atvinnurekstri landsmanna, en það er engu að síður staðreynd. Ef lotið hefði verið að leiðbeiningum Framsfl., eins og þær hafa verið frá því hann varð utangátta, þá hefðu þá þegar hafizt magnaðri kaupdeilur en áður þekktust hér á landi og það einmitt um þær mundir, sem stóð á sölu aðalútflutningsvöru

landsmanna. Í þeim deilum mundi Framsfl. eigi hafa sparað að ala á hrakspám sínum um lækkað verðlag, alveg eins og flokkurinn í fyrra óbeint studdi kröfu Breta um verðlækkun. Það er auðsætt, hvað af þessu hefði leitt: Annars vegar alveg áreiðanlega stórfelldur samdráttur framleiðslunnar í landinu, en hins vegar sennilega mikið verðfall afurðanna, þ. e. a. s. svo stórfellt tap fyrir þjóðarbúið, að þess þekkjast engin dæmi. Hefði þá fjármagn það, er nú er notað til nýrra framleiðslutækja, runnið út í sandinn og þjóðin ekki átt sér annað skjól en nýju fötin Framsfl., þ. e. a. s. það atvinnuleysi og þá örðugleika, sem leiða hlaut af úrræðaleysi þess flokks.

Ég byrjaði þessa skýrslugjöf um störf ríkisstj. með því að vitna í nokkra spádóma þess framsóknarmannsins, sem öðrum fremur segist sjá flest fyrir. Ég skal botna vísuna með því að vitna í ummæli þau, sem annar af spekingum Framsfl. hafði við síðustu eldhúsdagsumræður, en hann sagði um stjórnarsamstarfið og fyrirheit stj. þetta: „Ég hygg, að aldrei hafi verið gerð stórfelldari tilraun í íslenzkum stjórnmálum til að blekkja þjóðina," og enn fremur: „Aldrei mun heldur nein ríkisstj. hér á landi hafa verið jafnveik, sjálfri sér sundurþykk og með öllu óhæf til raunhæfra, góðra verka eins og þessi ríkisstjórn." Og loks: „Stjórnin er stærsta hindrun, sem nokkurn tíma hefur verið lögð í veg nýsköpunar í atvinnulífinu á Íslandi." Enn fremur segir einn spekingur Framsfl.: „Stjórnin verður löngu farin frá völdum áður en nokkur nýsköpun hefst."

Ég hef nú vitnað í 3 af stærri spámönnum Framsfl., en ég hygg, að svipuð og þó miklu stráksslegri ummæli megi finna í hverju einasta tölublaði, er út hefur komið frá því er stjórnin var mynduð, af höfuðblaði flokksins. Ég vil nú biðja háttvirta hlustendur að bera þessa dóma saman við staðreyndirnar, en kveða síðan upp sinn dóm, um stjórnina annars vegar en hins vegar hina „konunglegu" stjórnarandstöðu Framsfl., sem form. Framsfl. oft talar um og áðan sýndi spegilmynd af.

En, segir hv. þm. Str., jafnvel þótt þetta kunni að vera rétt, enda þótt stj. hafi verið athafnasöm, þá er samt allt unnið fyrir gýg, vegna dýrtíðarinnar. Hv. þm. sagði alveg það sama í fyrra. Þá hafði hann að sönnu á oddinum, að fyrirætlanir stj. væru vísvitandi blekkingar og ekkert annað. Stj. ætlaði sér aldrei að framkvæma nýsköpunina, enda væru nauðsynleg tæki með öllu ófáanleg. Staðreyndirnar hafa nú stýft hornin af þessum staðhæfingum. Því meiri áherzla er nú lögð á dýrtíðarstaglið, bölsýni og barlóm. Hlægir það mig að heyra nú hinn eldlega áhuga Framsfl. fyrir hagsmunum útgerðarmanna. Nú er svo sem ekki verið að véfengja orð þeirra og umsagnir. Nei, nú er allt að fara í rúst. Útgerðarmenn kvarta. Hver þarf þá frekar vitnanna við? Öðruvísi mér áður brá, sagði kerlingin. Útgerðarmenn eru vafalaust minnugir fyrri fjandskapar Framsfl. Þeir hafa fyrr kvartað og haft ástæðu til. Þá rétti Framsfl. þeim ekki lófann, heldur hnefann. En þá var hann líka sjálfur við völd. Það er út af fyrir sig alveg óleyst mál, hvort ríkisstj. tekst að halda uppi óbreyttum lífskjörum almennings. Í því er ekkert nýtt. Ég hef aldrei tekið ábyrgð á því, að það auðnist, og geri það ekki heldur nú. Get ég í því sambandi vitnað í ummæli þau, er ég viðhafði í útvarpsræðu hér frá Alþ. 6. des. í fyrra, með leyfi hæstv. forseta. Ég sagði þá:

„Hitt er svo auðvitað stj. og stuðningsmönnum hennar ljóst, eins og öllum öðrum, að ef dómur reynslunnar verður sá, að hin nýja tækni fær ekki risið undir óbreyttu kaupi, verður ekki hjá því komizt, að allir, ekki bara þeir lágt launuðu, heldur allir, sem framfæri hafa af framleiðslunni, verða að lækka kröfur sínar, því að til langframa getur engin þjóð búið við hallarekstur. En þá, og þá fyrst, er frambærilegt að gera þessa kröfu, og þá, og þá fyrst, eftir að verkalýðurinn hefur séð, að í orði og á borði hefur allt verið gert, sem hugsanlegt er, til þess að halda uppi lífskjörum hans, mun verkalýðurinn vera reiðubúinn til að hlusta á og fara eftir slíkum óskum. Þetta er jafnaugljós sannleikur sem hitt er augljós firra, að vera nú að hefja illvígar deilur um kauplækkanir, meðan enginn veit, hvort kaupið þarf að lækka, og þá enn síður, hversu mikil lækkunin þyrfti að vera. Það eru þessar tvær stefnur, sem nú er barizt um. Stjórnarandstæðingar segja: Niður með kaupið, stríð við verkalýðinn. Stjórnarliðar segja: Peningana í nýsköpun, frið við verkalýðinn. Stjórnarandstæðingar vilja berjast við verkalýðinn, stjórnarliðar vilja berjast fyrir verkalýðinn."

Þessi ummæli eru enn í fullu gildi. Vel má og vera, að við bætist, að framleiðsluvara Íslendinga falli í verði áður en nýju tækninnar nýtur við. Skapar það ný viðfangsefni. En enn verður ekki um þetta dæmt, og ekki fyrr en eftir áramótin, að í ljós kemur, hversu úr ræðst um afurðasöluna. Tókst stjórninni í fyrra að hækka verð á útfluttum, nýjum fiski um 15%, og stóð það verð alla vertíðina. Skal engu spáð um, hversu nú muni til takast, eða hvort hin nýju úrræði, er stjórnin hefur á prjónunum, koma að haldi. En sýni það sig, að bátaútvegurinn beri sig ekki, verður að sjálfsögðu að leita nýrra úrræða. Treysti ég því, þar til annað reynist, að verkalýðurinn verði þá reiðubúinn að færa sínar fórnir, ef óumflýjanlegt reynist, eftir að öllum öðrum ráðum hefur verið beitt. Skal ég ekki orðlengja um þá hlið málsins, enda óþarft, því að vart mun sá útvegsmaður í þessu landi, að hann treysti ekki betur núv. ríkisstj. en Framsfl. til að sjá hagsmunum útvegsins borgið. Og hvað Sjálfstfl. áhrærir, get ég staðhæft, að hann mun aldrei til langframa ljá menn í þá ríkisstj., sem til langframa aðgerðalaus horfir á, að bátaútveginum blæði út, enda mundi með því óbætanlegt böl vera fært yfir jafnt sjómenn sem útvegsmenn, og raunar landslýð allan.

En það er önnur hlið þessa máls, er rétt er að víkja að, og það er sjálf dýrtíðin, eins og hún er í dag. Framsfl. talar um dýrtíðina eins og einhvern draug, sem stj., en einkum þó ég persónulega á að hafa vakið upp. Og enda þótt flestir muni vera orðnir þrautleiðir á dýrtíðarsönglinu, skal ég þó víkja fáum orðum að því

og sanna, að sé það rétt, að ekki eigi að nefna snöru í hengds manns húsi, þá á Framsfl. ekki heldur að tala hátt um dýrtíðina. Sannast sagna gegnir furðu, hversu fávíslega Framsfl. og fylgihnettir hans eru farnir að tala um dýrtíðarmálin. Auðvitað hafa Íslendingar teflt djarft í dýrtíðarmálunum, og má vera, að sú dirfska reynist dýrkeypt, áður en lýkur. En fram að þessu hefur verið um nær einhliða gróða að ræða af henni. Þjóðin hefur grætt á kostnað annarra þjóða, fjöldinn hérlendis á kostnað fárra atvinnurekenda. Meðan á stríðinu stóð, greiddu Bretar og Bandaríkin fleiri pund og dollara, þ. e. a. s. meira fé fyrir þær afurðir Íslendinga, er seldar voru með sérstökum samningum vegna aukinnar dýrtíðar í landinu. Á sama hátt greiddu þessar þjóðir fleiri pund og dollara fyrir alla setuliðsvinnuna vegna dýrtíðarinnar. Erlendar inneignir þjóðarinnar, þjóðarauðurinn, hefur því stórvaxið vegna dýrtíðarinnar. Inn á við hefur svo hækkandi dýrtíð miðað að því að dreifa tekjunum milli framleiðenda og annarra og þannig verið til eðlilegrar auðjöfnunar öllum þorra manna til hagsbóta. Þetta skilur þjóðin. Bændur vita, að þeir hafa hagnazt á hækkandi afurðaverði. Verkamenn vita, að hækkandi kaupgjald varð þeim til framdráttar. Aðrar launastéttir hugsa eins. Það er þessi skoðun og vilji fjölmennustu stétta þjóðfélagsins, sem því ræður, að dýrtíðin hefur eigi fengizt stöðvuð fram að þessu og fæst aldrei fyrr en að þrengir. Hvað þetta áhrærir, hefur dýrtíðin fram að þessu verið til hagsbóta flestum landsmönnum. Að menn hafa þó barizt gegn vexti dýrtíðarinnar stafar af óttanum um úrslitin, ef og þegar ráðizt verður gegn dýrtíðinni. Sú glíma verður víst tæplega umflúin. Hún fer eftir giftu okkar sjálfra. Veltur þar á miklu, að þjóðin treysti starfshæfni og góðvild forustunnar. Enn er ósýnt, um hvað er að sakast í dýrtíðarmálunum. En sé um sök að ræða, er bezt fyrir Framsfl. að minnast þess, að sá veldur miklu, er upphafinu veldur, en upphaf að vexti dýrtíðarinnar á Íslandi ber að rekja til þess, er Framsfl. beitti sér fyrir því árið 1940, þvert ofan í gerða samninga, að slitið var sambandið milli afurðaverðs og kaupgjalds. Á þeirri stundu hófst kapphlaupið milli kaupgjalds og afurðaverðs. Það kapphlaup stendur enn. Hefur Framsfl. enga skynsamlega lausn viljað aðhyllast til að hefta það aðra en gerðardómslögin. Þau byggðust á því, að ríkið tæki til sín höfuðgróðann og geymdi hann til síðari tíma. Það var að sönnu þjóðartap vegna setuliðsvinnu o. fl. En það var áhættuminnst í framtíðinni. Launastéttirnar vildu ekki fallast á þetta, heldur heimtuðu þar sinn skerf út í hönd. Gerðardómslögin féllu því ekki eingöngu á því, að Framsfl. sveik þau strax og hann komst í stjórnarandstöðu, heldur einnig og aðallega á hinu, að fjölmennustu stéttir þjóðfélagsins vildu ekki aðhyllast þann grundvöll, sem þau voru reist á.

Þannig er þá sannleikurinn í dýrtíðarmálunum. Sé um eitthvað að sakast, og verði þeirri sök fremur beint að einum en öðrum, er það Framsfl., sem fyrir valinu hlýtur að verða. Hann hrinti dýrtíðarkapphlaupinu af stað. Verði auðið að halda uppi því kaupgjaldi, sem þjóðin nú býr við, er vafalaust bezt, að svo fór sem farið hefur. Takist það ekki, veltur allt á, að réttar ráðstafanir verði gerðar á réttu augnabliki. Horfurnar á, að það megi auðnast, virðast því meiri sem minna gætir áhrifa þessa sama þröngsýna eiginhagsmunaflokks, Framsfl. Það fer því bezt á því, að sá flokkur, sem öðrum fremur ber ábyrgð á dýrtíðinni og öðrum fremur er ólíklegri til að leysa þann vanda, sem af henni kann að stafa, gæti þess velsæmis að hafa sig sem minnst í frammi, meðan hættan vofir yfir. Framsfl. á að láta þá, sem njóta trausts þeirra stétta, sem mest veltur á, ef sérstakra ráðstafana verður þörf, um að glíma við örðugleikana. Eftir á, þegar viðunandi lausn er fengin, getur Framsfl. svo hælzt um af því að eiga veigamikinn þátt í þeim gróða, sem dýrtíðin hefur fært miklum meiri hluta þjóðarinnar.

Vil ég svo aðeins, um leið og ég lýk því að karpa við Framsfl. í hundraðasta skipti um dýrtíðina, endurtaka þetta tvennt:

1) Þótt Framsfl. fjargviðrist nú yfir dýrtíðinni, er það staðreynd, að hann ber öðrum flokkum fremur ábyrgð á henni og að hann er öðrum flokkum síður fær um að koma á lagfæringum í þeim efnum, ef með kann að þurfa.

2) Meðan Framsfl. hugði á þátttöku í ríkisstj., ef honum ekki tækist að hindra stjórnarmyndun, krafðist hann ekki kauplækkana, heldur vinnufriðar, sem hann var fús að kaupa með kauphækkunum. Lagði flokkurinn meira að segja áherzlu á, að úti um allt land væri þessa hin mesta þörf, þar eð bændur hefðu fengið ákveðið afurðaverð á grundvelli Reykjavíkurkaupgjalds, en á næstu grösum yrðu verkamenn að una miklu lægra kaupgjaldi.

Ég hef þá svarað til saka og hrint áróðri þm. Str. um stj. Sný ég nú máli mínu í sókn á hendur stjórnarandstöðunni.

Þm. Str. hefur oft vikið að því í ræðu og riti, að stjórnarandstaðan hafi göfugt hlutverk. Hún á að vera djörf, gagnrýnandi og hreinskilin, en göfuglynd og umfram allt ekki leika neinn loddaraleik. Eins og allir sjá, mundi þm. Str. með þessu móti leika þýðingarmikið hlutverk í þjóðfélaginu, enda þótt hann yrði utan við stjórnina. En hvernig hefur þá hv. þm. Str. og flokkur hans innt af hendi þessa skyldu? Í fyrra, þegar það rann upp fyrir Framsfl., að þingræðisstj. yrði mynduð, og það, sem öllu skipti, að þeir hefðu teflt tafli sínu svo einfeldnislega, að þeir yrðu sjálfir utangátta, urðu þeir svo flaumósa, að þeir ruku af þingi og hentust um allar byggðir landsins til þess að níðra þeirri ríkisstj., sem ekki var setzt að völdum. Höfðu þessir menn þó setið vikum og mánuðum saman að samningum og aðhyllzt án allra undantekninga hvert einasta atriði, er nokkru máli skipti í þeim málefnasamningi, er núv. ríkisstj. gerði með sér og starfar nú eftir. Fáum vikum síðar voru háðar hér í sölum Alþ. svipaðar umræður og nú, hinar svokölluðu eldhúsumræður. Hv. þm. Str. hélt þá svipaða ræðu og nú. Ríkisstj. var þá þegar eftir 6 vikna setu búin að koma öllu í kalda kol, atvinnuvegir hlutu að stöðvast og ríkisgjaldþrot var yfirvofandi. Allar fyrirætlanir

stj. um nýsköpun voru taldar fjárglæfrar og þjóðlygi, svo að notuð séu orð Framsfl. Þá var fundið upp kjörorðið „allt verður að bera sig," í þeim flúnku nýja skilningi, að tryggja yrði með kauplækkunum á árinu 1944, að ný og fullkomin framleiðslutæki, er þjóðin tæki að starfrækja á árinu 1947 eða jafnvel 1948, bæru sig, og annað viðlíka frambærilegt. Síðan hefur alltaf kveðið við sama sóninn. Allt, sem ríkisstj. hefur gert, er á eina bók lært, allt til bölvunar og ófremdar. Alltaf færist nær glötunarbarminum, og stundum hefur jafnvel ekki virzt alveg laust við, að hlakkað væri yfir þeim örðugleikum, sem borizt hafa yfir álana og barið að dyrum þjóðarinnar. Vafalaust þó ekki af óvilja til þjóðarinnar, heldur vegna vonarinnar um, að böl þjóðarinnar yrði banabiti stjórnarinnar. Ég er svo bjartsýnn á dómgreind þjóðarinnar, að ég treysti því, að slík barátta missi marks. Ég trúi því ekki heldur, að sá flokkur, sem sjálfur bar fram launalögin og flutti auk þess margar brtt. við þau til hækkunar, hagnist á árásum á stjórnina út af samþykkt þessara laga. Ég er þess fullviss, að enga þýðingu hafi fyrir Framsfl. að fjasa um há fjárl., þegar flokkurinn er staðinn að því að hafa flutt hverja till. af annarri um aukin milljóna útgjöld úr ríkissjóði, en síðan beitt sér gegn sérhverjum nýjum tekjustofni ríkissjóði til handa. En þetta gerði Framsfl. á síðasta þingi. Ég held ekki, að flokki, sem aðhylltist hátt kaupgjald meðan hann sat að samningum um stjórnarmyndun, takist að telja þjóðinni trú um, að lagfæringar til samræmingar séu böl, eingöngu vegna þess að Framsfl. á síðustu stundu vegna slysabyltu varð utan við ríkisstj. Ég held ekki, að sá flokkur, sem hlakkar yfir óförum þjóðarinnar í von um, að stjórnin lendi í óleysanlegum vanda, sé í samræmi við vilja þjóðarinnar. Ég minni nú á, að núv. ríkisstj. hefur orðið að fást við fleiri, stærri og vandmeðfarnari viðfangsefni en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. Ég vek athygli á því, að þjóðin á nú meira en nokkru sinni áður undir því, að stj. fatist ekki tökin. Mér þykir líklegt, að kikni stjórnin undan byrðinni, verði ekki auðið að mynda aðra þingræðisstj. í landinu og allra sízt stjórn, sem fær við nokkuð ráðið. Þegar alls þessa er gætt, neyðast menn til að játa, að hin illvíga, neikvæða barátta Framsfl., baráttan gegn öllu, sem stj. ber fram og án þess að flokkurinn nokkru sinni beri fram jákvæðar till., lýsi lítilli þjóðhollustu. Og nú spyr ég: Hvernig stendur á úlfúð Framsfl. og taumlausum ofsa? Ég ætla þá að fylgja gömlu heilræði, sem þm. Str. gaf mér, þegar við unnum í bróðerni saman í þjóðstjórninni gömlu. Hann sagði einu sinni: „Ævinlega þegar ég tala við mann, set ég mig í stól hans til þess að sjá, hvernig hlutirnir líta út frá hans bæjardyrum. Þannig skilur maður hlutina bezt og verður réttdæmastur." —

Þessi hv. þm. var nú að tala við mig, eins og menn hafa heyrt. Ég geri ráð fyrir, að eftir hans grundvallarlífsreglum hafi hann setzt í stól minn til þess að geta orðið sem réttdæmastur. Sé svo, hefur annað tveggja hent, að hann hefur unað sér þar svo illa, að hans alkunna dómgreind og réttsýni hefur truflazt, eða þá að verð hefur sigið á hann og hann hefur farið að dreyma nýja valdadrauma. En sem sagt, ég ætla nú að reyna að sjá hlutina frá hans sjónarhól, það er að segja, ég ætla að færa það fram, sem mér þykir líklegast að skýri þessa undarlegu framkomu þm. Str. á seinni árum.

Menn verða að minnast þess, að tveir aðalforustumenn Framsfl. voru ekki fyrr komnir á þing en þeir urðu ráðherrar, báðir kornungir að aldri. Þeir sátu í ráðherrastólunum samfleytt í nær 8 ár. Þegar hér var komið, lýsti sá maður, sem gerst þekkir þá og teljast má skapari stjórnmálaferils þeirra, ástandinu þannig:

„Fyrir atbeina og úrræði samflokksmanna sinna hafa Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson setið nær 8 ár í stjórn landsins. Þessi óvanalega langa stjórnarseta hefur haft áhrif á dómgreind þessara tiltölulega lítt reyndu manna. Þeir hafa komizt á þá skoðun, að þeim væri svo að segja báðum áskapað að vera ráðherrar á Íslandi."

Ég skal nú ekki dæma um, hvernig sjúkdómur þetta er, þegar menn fara að halda, að þeim sé áskapað að vera ráðherrar. Líklega er þetta sjúkdómur, sem grípur fáa, en tekur því fantalegar þá, sem hann nær í. Og mikið er það, að frá þeirri stundu, að þessir menn stóðu upp úr ráðherrastólunum í maí 1942, virðast þeir ekki hafa tekið á heilum sér. Og ég fyrir mitt leyti kenni þetta algerlega sjúkdómnum. Ég vék áðan nokkuð að framkomu þm. Str. við stjórnarmyndunina í fyrra og síðan, og því meira sem ég virði þetta allt fyrir mér, því betur sé ég, að allt er þetta sjúkdómnum að kenna. Mér er þess vegna einkar ljúft að færa allt á betri veg fyrir formönnum Framsfl. og skrifa allt þeirra framferði á reikning ráðherrapestarinnar. En hinu ætla ég ekki að þegja yfir, að þessi ráðherrapest er að gera tilraunir til að leika bændur landsins eins og karakúl-pestin hefur leikið sauðfénað þeirra. Menn heyrðu ræðu hv. þm. Str. Að sönnu deildi hann á stj. fyrir, að hún hefði allt illt aðhafzt og ekkert gott, en þungamiðjan var þó sú, að stj. væri að svíkja bændur. Fylltist hann slíkum ofsa, að fátítt er, brigzlaði stjórnarliðum um allt illt og kallaði þá loks kvislinga. Hefur slíkt aldrei hent nokkurn þm. á Íslandi. Sama són heyrðu menn af vörum hv. þm. S.-M. við útvarpsumræður hér nýverið um búnaðarráðið. Hann talaði af miklum eldmóði um, að nú yrðu bændur að standa saman. Hann skoraði á bændur að svíkja bæði stefnu sína og flokk og láta sízt af öllu fornan kunningsskap eða vináttu flækjast sér um fót. Nú væri barizt um líf eða dauða, því að nú hefði landbrh., Pétur Magnússon, falið 25 landskunnum bændum að ákveða verð landbúnaðarafurða, í stað þess að áður fór Páll nokkur Zóphóníasson með úrslitavaldið í þessum efnum undir handleiðslu páv. landbrh., Hermanns Jónassonar. Það er vafalaust út af fyrir sig þessum mönnum aukaatriði, að bændur sameinist. En hitt er áreiðanlega ekki aukaatriði, heldur aðalatriði, að þeir sameinist, ef sameiningin verður undir forustu Framsfl., þ. e. a. s. Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar.

Hvað sýnir svona málafærsla? Hvað sanna

slík falsrök? Þau sanna það, sem er, að Framsfl. veit, að með því að skerast úr leik, hefur hann algerlega svikið hlutverk sitt og þá líka þá skyldu, er hann hefur tekizt á hendur gagnvart bændum landsins, að sjá hagsmunum þeirra borgið. Þess vegna grípur hann nú til örþrifaráða. Forustumönnum Framsfl. er kunnur hinn mikli áhugi, er bændur landsins hafa sýnt nýsköpunarfyrirætlunum ríkisstj. Þeir vita, að bændur hafa nú falazt eftir fleiri þúsundum smárra og stórra nýrra landbúnaðarvéla. Þeir vita, að bændur hafa hug á að leggja hönd á plóginn, erja jörðina og berjast úrslitabaráttu fyrir því að efla þennan gamla atvinnuveg þjóðarinnar. Þessum mönnum stafar ótti af þessum áhuga bændanna. Þeim skilst, að þeir eiga nú tveggja kosta völ. Sá er annar, að þeir játi yfirsjónir sínar og sláist nú í fylgd með stjórnarliðinu. Með því gætu þeir bjargað flokki sínum og unnið að hagsmunum bændastéttarinnar. En þeim geðjast ekki að þessari leið. Því veldur vafalaust hinn áskapaði sjúkleiki. Þeir eru orðnir of miklir menn í eigin meðvitund til þess að viðurkenna, að þeir hafi stigið víxlspor. Hinn kosturinn er að telja úr bændunum kjarkinn og framtakið og æsa þá til úlfúðar gegn valdhöfunum í þeirri von, að með því megi þeim takast að bjarga flokki sínum um stundarsakir frá hruni. Þennan kostinn hafa þeir valið og með því sannað, að enn, sem stundum fyrr, láta þeir ímyndaða flokkshagsmuni sitja í fyrirrúmi fyrir raunverulegum velferðarmálum bændanna. Sannleikurinn er sá, að bændur eru nú í meiri hættu en nokkur önnur stétt þjóðfélagsins. Málefnum þeirra hefur að undanförnu verið illa stýrt og þeir standa þegar af þeirri ástæðu höllum fæti í lífsbaráttunni. Eðli málsins er auk þess það, að í landi, sem liggur við ríkustu fiskimið heimsins, hlýtur landbúnaðurinn að eiga örðugt uppdráttar, ekki sízt meðan ræktunin kemst ekki á virkara stig en enn er orðið. Það er satt frá sagt, að af hinum mörgu vandasömu viðfangsefnum, sem stjórnin er nú að glíma við, er það eitt hið allra erfiðasta, hversu takast megi að forðast, að landbúnaðurinn heltist úr lestinni, einmitt nú, þegar nýsköpun útvegsins færir mönnum ný og betri afkomuskilyrði við sjávarsíðuna. Ég tel alveg vonlaust, að takast megi að leysa þennan vanda án forustu sjálfra bændanna, í vinsamlegu samstarfi við valdhafana. Slái bændur nú á útrétta hönd ráðamanna þjóðarinnar, skipi þeir sér í fylkingu hinnar fjandsamlegu stjórnarandstöðu Framsfl., láti þeir nú blekkja sig til fylgis við flokk, sem neitaði samstarfi á örlagastundu þjóðarinnar, flokk, sem nú, meðan aðrir flokkar keppa að viðreisninni, aðhefst ekkert annað en að ala á úlfúð og sundrung, þegar samstarfið er fyrir öllu, flokk, sem ræðst alltaf á allt, sem valdhafinn vill og gerir, en leggur sjálfur ekkert gagnlegt til málanna, verður afleiðingin sú, að bændur einangrast. Hér er því ekki barizt eingöngu um stundarhagsmuni bændanna, heldur líf og framtíð íslenzks landbúnaðar. Heltist bændur úr lestinni einmitt nú, í eina skiptið í langri sögu þjóðarinnar, sem hún ræður yfir verulegum fjármunum og hefur ákveðið að beina þeim að nýsköpun í framleiðslunni, þá eiga þeir sér seint eða kannske aldrei viðreisnar von. Þetta verða íslenzkir bændur að láta sér skiljast. Ég aðvara þá meðan enn er tími og býð bændum, hvar í flokki sem þeir standa, alla þá aðstoð, sem stjórnarflokkarnir megna að láta í té, aðeins ef þeir eru reiðubúnir til samstarfsins. Þetta er boðskapur hins nýja tíma til bænda. Þetta er kall framtíðarinnar. Látið því ekki blekkingar Framsfl. og hins gamla tíma villa ykkur sýn.

Ég hef þá dregið upp mynd af stjórnarandstöðunni. Ég hef sannað, að ádeilur hv. ræðumanna Framsfl. voru markleysa ein. Þær lýsa hvorki því, sem stjórnin hefur gert, né því, sem hún hefur í hyggju að gera. Þær lýsa ekki heldur högum þjóðarinnar. Þær sýna aðeins, hvað Framsfl. vill vera láta. Þær lýsa því, hvernig Framsfl. vill, að þeirri ríkisstj. takist að tryggja velferð þjóðarinnar, sem ekki nýtur dulrænna gáfna Hermanns Jónassonar og fjármálaskarpskyggni Eysteins Jónssonar. Mér er alveg óskiljanlegt, með hve miklu offorsi og lítilli fyrirhyggju flokkur, sem þó hefur jafnlengi farið með völdin í landinu, hefur tekið upp baráttuna gegn stjórnarflokkunum. Það er engu líkara en Framsfl. hafi misst bæði stillingu og skynsemi, þegar hann missti völdin og þar með sérréttindin og sérhagsmunina, svo að ekki varð lengur lifað á því einu að vera í forustuliði Framsfl. Það mundi ekki undra mig, þótt það kæmi í ljós, að Framsfl. ætti einnig eftir að missa fylgið eftir að forustuliðið hefur nú sannað, að þátttaka þeirra í stjórnmálalífi þjóðarinnar er ekki barátta fyrir hagsmunum almennings, heldur valdabaráttu fárra manna.

Hávaðinn í Framsfl. veldur mér því engrar áhyggju. Hann er vopnagnýr valdabaráttu forustumanna flokksins og venjulegt óp afturhaldsins að öllum framförum og nýjungum. Hann minnir mig á söguna um hinn þekkta Forn-Grikkja, stærðfræðinginn Pythagoras. Þegar hann fann upp hina frægu stærðfræðireglu, sem við hann er kennd, varð hann svo glaður, að hann fórnaði guðunum 50 nautum. Síðan er haft fyrir satt, að nautin reki alltaf upp öskur, þegar einhver nýjung er á ferðinni.

Ég hirði þá ekki að svara gagnrýni eða öllu heldur árásum stjórnarandstæðinga á ríkisstj. frekar en orðið er né heldur að fletta rækilegar en ég þegar hef gert ofan af heiðarleik Framsfl. Ég hygg einnig, að þess sé ekki þörf. Ég hygg, að mér hafi tekizt að sanna, að það helzta, sem hann sakar stjórnarflokkana um, ber hann höfuðábyrgð á sjálfur. Ég hygg, að mér hafi enn fremur tekizt að sanna, að ríkisstj. og flokkar hennar hafi ekki aðeins staðið við þau fyrirheit, sem gefin voru þegar stjórnin var mynduð, heldur hafi og verið margt gert fleira en lofað var. Og loks hygg ég mig hafa sýnt fram á, að aumari stjórnarandstöðu en þeirri, sem nú er, hafi Íslendingar aldrei kynnzt. — Að sjálfsögðu dettur mér ekki í hug að staðhæfa, að allt, sem stj. hefur gert, hafi verið til blessunar, né að ýmislegt, sem stjórnin hefur látið vangert, hafi ekki orðið til skaða. Þessi stjórn er að sjálfsögðu ekki alvitur fremur en aðrar stjórnir, en hún hefur viljað vel, verið at-

hafnasöm og í höfuðefnum til góðs. Það skal sannast, að þó að þessi stjórn færi frá völdum strax í dag, mundi hún samt geta ekið heilum vagni heim. Undir þá staðhæfingu renna þrjár meginstoðir, og þó fleiri. Í fyrsta lagi bjargaði hún æru þingsins, sem í 2 ár hafði látið reka á reiðanum, í fullkomnu stjórnleysi og glundroða og án þess að geta innt af hendi fyrstu skyldu þingræðisins, þ. e. a. s. að mynda þingræðisstjórn. Í öðru lagi tókst henni að skapa frið í landinu, vinnufrið í stað langvarandi deilna, er stöðugt mundu hafa vaxið. Hefðu þá eyðzt þeir fjármunir, sem nú er varið til nýrra tækja. Og stjórnmálafrið, sem nægði til þess að skapa starfhæfa forustu um löggjöf og framkvæmdavald landsins. Í þriðja lagi hefur stjórnarliðið hafið stórfelldustu sókn, sem dæmi eru til hér á landi og lagt nýjar og skýrar línur í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar. Og þetta hefur stjórnarliðið gert með svo mikilli atorku og festu, að sérhver sú stjórn, er við völdum tæki í landinu, er algerlega til neydd að feta í fótspor núv. stjórnar í öllum aðalefnum, en einmitt það má vera mest ánægjuefni öllum þeim, sem í einlægni og bjartsýnni trú hafa fylgt stjórninni að málum. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verða hraktar, vígi, sem hvorki verða tekin með stóryrðum, ofsa né illkvittni né drambi og hroka.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég vil hefja mál mitt á því að ræða ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar á kreppuárunum fyrir stríð. Þá voru þúsundir atvinnuleysingja um allt land. Hér í Reykjavík norpuðu menn í hundraða tali niður við höfn í von um eitthvað fyrir sig að leggja, en meiri hluti verkamanna varð að snúa heim vinnulaus, og urðu margir að leita á náðir hins opinbera sér til lífsframfæris, og var það sannarlega neyð að þurfa að lúta því. Það hefur mikið verið rætt um það, hverjar voru orsakir þessa ömurlega ástands, sem þjóðin bjó við fram að stríðinu, og rétt er það, að ýmsar eru orsakirnar, en þó er rétt að gera sér þess ljósa grein, að höfuðorsökin var stefna sú, sem réði í fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar. Á þessu árabili eða fram til 1939 fóru Framsfl. og Alþfl. með völd því nær einir. Þrátt fyrir það að þessir flokkar færu með stjórn landsins, réðu þeir ekki peningamálum þjóðarinnar. Í hvert skipti, sem þeir ætluðu að leggja út í einhverjar aðgerðir til aukningar á eðlilegu atvinnulífi í landinu, strandaði það á þeim, er fóru með stjórn bankanna. Eitt af ömurlegustu mistökum þessara flokka í stjórn þeirra á landinu var að tryggja ekki ríkisvaldinu yfirstjórn peningamálanna, yfirstjórn á bönkum þjóðarinnar. Landsbankinn, sem á að vera hinn raunverulegi þjóðbanki og er jafnhliða seðlabanki þjóðarinnar, hefur aldrei viljað beygja sig fyrir þingi og stjórn. Stjórn hans og forráðamenn halda því fram, að bankinn eigi að hafa sjálfstæði innan ríkisins og vera sjálfráður, hvaða stefnu hann tekur. Reynslan hefur líka orðið sú, að Landsbankinn, það er stjórnendur hans og bankaráð, hafa algerlega farið sínar götur, hvað sem samþ. hefur verið í sölum Alþ., og vegna yfirráða bankans á fjármálum þjóðarinnar hefur stefna Landsbankans yfirleitt ráðið í atvinnumálum allar götur fram til 1942. Það var þessi klíka, sem skapaði atvinnuleysi á Íslandi og viðhélt því, eftir að önnur auðvaldsríki höfði komizt yfir kreppu og tekizt að draga úr atvinnuleysi hjá sér. Það var þessi klíka, sem hefur hindrað verulega atvinnuþróun í landinu í nokkuð á annan áratug. Það var hennar verk, að togaraflotinn og bátaflotinn var ekki endurnýjaður fyrir stríð, þrátt fyrir það að meginhluti hans væri vart sjófær. Þetta eitt hefur skaðað þjóðina svo mikið, að það kostar áratug að vinna það upp. Fyrir stríð var hægt að framkvæma endurnýjun og aukningu togara- og bátaflotans fyrir brot af því fé, sem það kostar nú, auk þess arðs, sem ný og fullkomin skip hefðu getað fært þjóðinni á undanförnum árum. Það er verk Landsbankavaldsins, að þjóðin hefur lengst af orðið að láta sér nægja að flytja út fiskframleiðsluna lítt unna eða óunna sem saltfisk eða ísfisk og setja sig á bekk með nýlenduþjóðum, í stað þess að koma upp stórfelldum hraðfrystihúsum, niðursuðuverksmiðju og öðrum fiskvinnslustöðvum til vinnslu á fiskafla landsmanna, sem hefðu fært miklu meiri tekjur í þjóðarbúið og veitt mikla atvinnu. Það er stefna Landsbankans, sem hefur skapað það öfugstreymi í atvinnulífinu, að hvers konar verzlunarrekstur gefur meiri arð en sjávarútvegur, þó að öll verzlunarstarfsemin byggist á gjaldeyri, sem sjávarútvegurinn aflar þjóðinni. Þetta hefur orðið þess valdandi, að fjármagn hefur streymt úr sjávarútveginum í verzlunina, og er það ein höfuðorsök þess ömurlega ástands, sem sjávarútvegur okkar hefur verið í.

Nú munu menn spyrja: Hvað er þetta Landsbankavald, og hvers vegna er það svo áhrifamikið um opinber mál? Ég tel nauðsynlegt að svara þessum spurningum. Landsbankavaldið er fyrst og fremst samtök nokkurra auðmanna, sem starfa í náinni samvinnu við stjórnendur Landsbankans. Þessir auðmenn eru valdamestu mennirnir í atvinnumálum landsins vegna yfirráða sinna yfir fjármagni og þýðingarmiklum atvinnufyrirtækjum. Stjórnendur Landsbankans hafa hins vegar mjög sterka aðstöðu, vegna þess að þeir eru valdir eftir mjög ólýðræðislegum leiðum. Þegar þetta tvennt er lagt saman, yfirráðin yfir fjármagni og þýðingarmiklum atvinnutækjum og embættisvald stjórnenda Landsbankans, sem meðal annars felur í sér stjórn á seðlabanka þjóðarinnar og þar með yfirráð yfir öllum öðrum peningastofnunum hennar, þá er fullskapað það valdatæki, sem í daglegu tali er kallað Landsbankavald eða Landsbankaklíka. Þessi klíka hefur svo leitað sér bandamanna í öllum borgaralegu flokkunum og orðið vel ágengt. Sjálfstfl. er flokkur sjálfrar borgarastéttarinnar og er því sá flokkur, sem lengst af hefur staðið í nánustum tengslum við þessa klíku. En auk þess hefur henni tekizt að afla sér sterkra bandamanna innan hinna borgaraflokkanna, einkum í Framsfl., sem heita má, að sé gersamlega ánetjaður þessari klíku. Landsbankavaldið eru hin heilögu

vé yfirstéttarinnar á Íslandi. Þar koma saman menn úr öllum borgaralegu flokkunum og ráða ráðum sínum í bróðerni, ákveða stefnuna í fjármálum þjóðarinnar, ótruflaðir af þeim pólitísku átökum, sem fram fara milli flokka þeirra. Þessi klíka hefur mótað stefnu hins afturhaldssama hluta yfirstéttarinnar. Sú stefna hefur verið í því fólgin að hindra atvinnulegar framfarir eftir fremstu getu og halda niðri kaupi verkalýðsins. Frá sjónarmiði hennar var atvinnuleysi æskilegt til þess að halda kaupinu í skefjum og viðhalda valdi atvinnurekenda yfir verkalýðnum.

Á árunum fyrir stríð var mikið rætt um endurnýjun atvinnutækjanna. Sósfl. benti á það þá þegar, að þjóðinni væri óhjákvæmileg nauðsyn að endurnýja atvinnutæki sín, kaupa ný skip og koma upp nýjum iðjuverum. Það er að vísu rétt, að þjóðin hafði ekki eins góða aðstöðu til slíkrar uppbyggingar og nú, vegna þess að hún átti engar erlendar innstæður og átti í erfiðleikum með að skapa þann gjaldeyri, sem henni var nauðsynlegur til kaupa á hvers konar neyzluvörum. En það var hægt að fá lán erlendis til þess að endurnýja atvinnutækin, og á það var bent, en Landsbankaklíkan barði allt slíkt niður, og því fór sem fór. Það sjá allir nú, að það hefði verið hyggileg ráðstöfun að fá lán erlendis til kaupa á nýjum framleiðslutækjum fyrir stríð. Skuldasöfnun í því skyni að kaupa atvinnutæki, sem geta aukið verðmæti útfluttrar vöru, var í alla staði hyggileg. En það, sem síðan hefur skeð, sérstaklega eftir að stríðið skall á, sannar okkur, að það var örlagarík glapræði að endurnýja ekki atvinnutækin og auka þau fyrir stríð, því að á stríðstímunum hefði okkur reynzt létt að greiða þann kostnað. En sem sagt, allar slíkar kröfur um endurnýjun og umbætur á atvinnutækjum þjóðarinnar voru kveðnar niður. Fyrir áhrif Landsbankavaldsins var raunverulega lagt bann við innflutningi á framleiðslutækjum. Einstaklingar, sem höfðu lánstraust erlendis og gátu keypt skip og framleiðslutæki, fengu ekki að flytja þau inn. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd sá um framkvæmd þess þáttar í stefnu Landsbankans.

Það er fátt, sem sýnir betur skaðræðisstarfsemi þess afturhalds, sem hreiðrað hefur um sig í Landsbankanum, sem það að rifja upp viðskipti þess við samstjórn Framsfl. og Alþfl. frá árinu 1934 um fjögurra ára áætlunina svo kölluðu. Sú stjórn var mynduð eftir kosningasigur Alþfl., sem hafði gengið til kosninga með ýmis stór áform, atvinnuframkvæmdir og endurnýjunaráform á sviði atvinnulífsins með það fyrir augum að vinna bug á atvinnuleysinu. Þjóðin hafði þá búið við atvinnuleysi í nokkur ár. Kreppan hafði náð hámarki sínu, og fólkið þráði stórfelldar ráðstafanir til þess að vinna bug á atvinnuleysinu. Það er hægt að fullyrða, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar var fylgjandi fyrirætlunum þeirrar stjórnar, þegar hún var mynduð. En hvernig fór, þegar til framkvæmdanna kom? Ég efast ekki um, að ýmsir af þeim mönnum, sem settu fram þessa stefnuskrá, hafi verið ákveðnir í að framkvæma hana. En það muna allir, hvernig fór. Framkvæmdirnar urðu litlar sem engar og það svo, að ekki munu nokkur dæmi í stjórnmálasögu Íslands um jafnlitlar efndir á stórum loforðum. En hvernig stóð á þessu? Hvernig stóð á því, að stjórnin frá 1934 framkvæmdi ekkert af þeirri aukningu atvinnuveganna, sem hún var mynduð til að framkvæma? Ástæðan var sú, að afturhaldsklíkan í Landsbankanum beitti sér á móti öllum fyrirætlunum hennar í atvinnumálum og tókst að hindra allar framkvæmdir. Þegar til framkvæmdanna kom, sýndi það sig, að nauðsynlegt var, að fjármálastefnan væri í samræmi við atvinnustefnu stjórnarinnar. Stjórnendur í peningastofnunum þjóðarinnar urðu að starfa á grundvelli stjórnarstefnunnar, því að engin nýsköpun eða uppbygging í atvinnulífi þjóðarinnar getur átt sér stað án þess að fjármagni þjóðarinnar sé veitt til framkvæmdanna. Þegar eftir myndun stjórnarinnar kom til átaka um það, hvor skyldi ráða fjármálastefnunni, Landsbankinn eða ríkisstj. Spurningin var um það, hvort ætti að framkvæma stefnu stjórnarinnar eða ekki. Landsbankinn vildi hindra framkvæmd hennar. Átök þessi komu fyrst fram í deilum um yfirráðin yfir fiskútflutningi landsmanna. Landsbankinn heimtaði, að nokkur stór útgerðarfélög fengju tryggða einokunaraðstöðu til að fá fleiri fiskimenn og smáútvegsmenn með því að byggja Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda upp eftir þeim reglum, að hinum stóru útgerðarfélögum væru tryggð þar öll yfirráð. Stjórnin sigraði í þ., en skömmu eftir að þ. var farið heim, var svo komið, að stjórnin varð að gefast upp og breyta lögum sínum um fiskútflutninginn til samræmis við vilja Landsbankaklíkunnar. Og svo alger var þessi uppgjöf, að Haraldur Guðmundsson var neyddur til þess sjálfur að gefa út þessi eftirminnilegu brbl. Þar með var Landsbankinn búinn að ná yfirhöndinni. Deilunni var lokið með fullkomnum sigri Landsbankaklíkunnar. Stefnuskrá hinnar svo kölluðu stjórnarvinnandi stétta var varpað fyrir borð. Stjórnin lifði áfram án nokkurra aðgerða í atvinnumálum við vaxandi atvinnuleysi í landinu og vandræði og endaði síðan göngu sína eftir hinn minnisstæða ósigur Alþfl. í kosningunum árið 1937. Ein höfuðástæðan fyrir ósigri stjórnarinnar var sú, að hún beitti ekki meiri hluta sínum á Alþ. til að tryggja sér stjórn á Landsbankanum. Landsbankaklíkan átti of marga bandamenn innan flokkanna, einkum Framsóknar, til þess að það væri unnt. Þessi sigur afturhaldsins í Landsbankanum gerði það að verkum, að það náði yfirtökunum á stjórnarstefnunni í landinu. Þær ríkisstj., sem eftir þetta voru myndaðar fram til ársins 1942, voru ýmist myndaðar fyrir beinan tilverknað Landsbankavaldsins eða lifðu af náð þess. Afturhaldið, sem hreiðrað hafði um sig í Landsbankanum, náði þar með algerri forustu í þjóðmálum Íslendinga og það stóð á tindi veldis síns, þegar þjóðstjórnin var mynduð. Sú stjórn var mynduð beinlínis fyrir aðgerðir þess, enda var stefnuskrá hennar í samræmi við það. Þjóðstjórnin var mynduð til þess að leysa vandamál atvinnuveganna á kostnað alþýðunnar. Launin voru lækkuð og starfsemi verkalýðsfé-

laganna lömuð, þau voru bundin í viðjar lögþvingunar. Það er allsherjarráð afturhalds allra landa að leysa vandamál þjóðanna með því að lækka lífskjör hins vinnandi fjölda. Í stefnuskrá þjóðstjórnarinnar örlaði ekki fyrir nýsköpun að neinu leyti. Það var ekkert hugsað um að kaupa ný skip eða koma upp nýjum verksmiðjum, ekkert slíkt var reynt, heldur aðeins eitt: að gera fátæklingana enn fátækari og eyðileggja samtök þeirra. Allar framkvæmdir þjóðstj. í atvinnumálum og fjármálum voru að fyrirlagi þessa valds. Það fór þó öðruvísi um þá stjórn en ætlað var. Utanaðkomandi áhrif trufluðu fyrirætlanir afturhaldsins. Heimsstyrjöld skall á og breytti ástandinu þannig, að Íslendingar fengu ótakmarkaða markaði fyrir alla fiskframleiðslu sína, þrátt fyrir það að þeir yrðu að flytja hana út óunna, sem ísaðan fisk. Ísland var hertekið, og mikil atvinna skapaðist, sem leiddi jöfnum höndum af velgengni útgerðarinnar og miklum atvinnuframkvæmdum hins erlenda herliðs í landinu. Þá byrjaði söngurinn um verðbólguna. Afturhaldið sá ofsjónum yfir því, að almenningur á Íslandi gæti örlítið rétt sig úr kútnum, orðið sjálfstæðari og óháðari en verið hafði. Það sá ofsjónum yfir vaxandi styrk verklýðshreyfingarinnar, sem byggðist á þeirri einingu, sem tókst að skapa innan hennar, og hinni miklu atvinnu og auknu eftirspurn á vinnukrafti. Á árunum 1940—1941 var hver tilraunin á fætur annarri gerð til þess að sporna við þeim vandræðum, sem afturhaldið taldi stafa af hinni miklu atvinnu og hækkuðum tekjum verkafólksins. Þessar ráðstafanir náðu hámarki sínu með gerðardómslögunum, sællar minningar, sem skellt var á í byrjun janúarmánaðar 1942. Gerðardómsl. komu sem reiðarslag yfir þjóðina. Fólkið skildi nú til fulls, að hverju afturhaldið stefndi, það skildi, að stjórnarstefnan var öll miðuð við að viðhalda örbirgð og atvinnuleysi hjá almenningi, til þess að hann yrði nógu auðsveipur gagnvart ráðstöfunum þessa óheillavalds. En með útgáfu gerðardómsl. var mælirinn fullur. Fólkið reis upp, það heimtaði, að þessari óheillastefnu yrði hætt. Alþfl. hröklaðist út úr ríkisstj. Verklýðshreyfingin lagði út í samstillta baráttu gegn þessum ófögnuði öllum, sem endaði með því, að þjóðstjórnin hröklaðist alveg frá völdum og kjördæmaskipun landsins var breytt í lýðræðisátt og efnt til nýrra kosninga. Sjálfstfl. myndaði stjórn einn, og hann varð að sætta sig við að gefa fyrirætlanir afturhaldsins upp á bátinn. Kauplækkunar- og atvinnuleysisstefnu Landsbankavaldsins var hrundið og það rekið úr þeirri aðstöðu að geta ráðið stefnunni í opinberum málum. — Eftir síðari kosningarnar 1942 var það orðið ljóst, að ekki var hægt að mynda stjórn á Íslandi, sem fylgdi þeirri stefnu, sem afturhaldið hafði fylgt. Styrkleiki verkalýðsins hindraði slíka stjórnarmyndun. Hins vegar voru forustumenn borgaraflokkanna ekki við því búnir þá að mynda stjórn, er starfaði í samræmi við óskir þjóðarinnar að framförum á sviði atvinnumála og menningarmála. Forustumennirnir höfðu ekki losað sig undan hinum andlegu áhrifum afturhaldsins, og þess vegna skapaðist millibilsástand, stjórnarkreppa, sem varaði í nærri 2 ár. Á þessu tímabili var utanþingsstj. skipuð af þáv. ríkisstjóra án samráðs við meiri hluta Alþ. Sú stjórn var að vísu í fullu samræmi skoðanalega við afturhaldið í landinu, en hún var þess ekki megnug að framfylgja stefnu þess. Reyndi hún þó af veikum mætti að espa atvinnurekendur til kaupdeilna við verkalýðsfélögin, reyndi sjálf að skera niður kaupið og lét vitandi vits allt reka á reiðanum í atvinnumálum þjóðarinnar og sigldi fullum seglum til stórfellds atvinnuleysis og hruns. Hún fór ekki heldur leynt með það, þessi stjórn, að það væri eina leiðin til þess að skapa eðlilegt ástand í fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar. Þegar kom fram á árið 1944, var svo komið, að þjóðin vildi ekki lengur sætta sig við það ömurlega ástand í stjórnmálunum, að ekki væru gerðar ráðstafanir til þess að þjóðin væri við því búin að mæta vandamálum eftirstríðsáranna, með aðgerðum, sem dygðu til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi og hrun. Haustið 1944 stóðu sakir þannig: Þjóðin átti upp undir 600 millj. kr. í innstæðum erlendis. Hún var efnaðri en nokkurn mann hafði getað dreymt um, að hún mundi verða. Nú hafði hún möguleika til þess að framkvæma þá endurnýjun og þá nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar, sem alla framfarasinnaða menn dreymdi um, en vanrækt hafði þó verið í tugi ára. Nú þurfti ekki lán erlendis. Nú var hægt að gerbreyta atvinnulífi á Íslandi á örfáum árum með fjármunum þjóðarinnar sjálfrar. Þjóðin gat endurnýjað og tvöfaldað togaraflota sinn, endurnýjað og stækkað fiskibátaflotann, byggt hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðjur fyrir megnið af fiskafla landsins, byggt nýjar síldarverksmiðjur og lýsisherzlustöðvar og niðurlagningarverksmiðjur fyrir síld. Allt þetta gat þjóðin byggt fyrir eigin efni án þess að þurfa að stofna til skulda erlendis. Möguleikar þjóðarinnar voru ótakmarkaðir. Hins vegar rak allt á reiðanum og var fyrirsjáanlegt, að þótt fiskiskipastóll okkar gæti skilað hagnaði á meðan stríðið stóð, var ekki sennilegt, að slíkt mundi vara lengi að stríðinu loknu vegna hinna ófullkomnu skipa og skorts á verksmiðjum til að vinna úr aflanum. Auðsætt var, að ísfiskmarkaðurinn mundi þrengjast stórlega og verðið sennilega lækka og það ástand gæti skapazt, að þrátt fyrir ótakmarkaða markaði fyrir fiskmeti okkar hefði þjóðin ekki aðstöðu til að hagnýta þá vegna vöntunar á atvinnutækjum til þess að vinna úr fiskinum. Skoðanir voru tvenns konar um það, hvernig bregðast ætti við þeim vanda, er allir sáu fyrir, að bera mundi að höndum að stríðinu loknu. Annars vegar voru framfaraöflin, sem heimtuðu, að lagt yrði út í stórfellda nýsköpun með það fyrir augum að afla þjóðinni hinna beztu skipa til fiskveiðanna, skipa, sem yrðu fullkomlega sambærileg við veiðitæki annarra þjóða, og að komið yrði upp hvers konar nýtízku fiskvinnslustöðvum, með öðrum orðum að auka afkastagetu íslenzks vinnuafls til þess að færa verð íslenzkrar framleiðsluvöru til samræmis við verðlag í markaðslöndum okkar. Hins vegar vildi afturhaldið standa í stað, vildi ekki framkvæma neina breytingu á atvinnulífi eða á atvinnutækjum þjóðarinnar,

heldur halda áfram að flytja út fiskafurðir okkar lítið eða ekkert unnar, flytja út ísfisk mestmegnis, en lækka hins vegar kaupgjald í landinu, lækka lífskjör þjóðarinnar, til þess að geta rekið þenna úrelta atvinnuveg þannig, að hann væri samkeppnisfær við atvinnuvegi nágrannaþjóðanna. Til þess að framkvæma þetta hugðist afturhaldið að leggja út í stórorustu við verklýðshreyfinguna um kauplækkanir. Það er vitað, að kauplækkunartilraunir afturhaldsins hefðu mætt mjög öflugri mótspyrnu. Harðvítug innbyrðis barátta hefði hafizt með þjóðinni, og var erfitt að segja fyrir, hversu henni lyktaði. En eitt var þó víst, að meðan þjóðin hefði borizt á banaspjót í innbyrðis deilum, hefði innstæðum hennar verið eytt að fullu, og við leikslok hefði þjóðin staðið jafnfátæk og allslaus og hún var á hinum ömurlegu krepputímum fyrir stríðið. — Stefna hinna framfarasinnuðu varð ofan á. Meiri hluti Sjálfstfl. gekk undir forustu Ólafs Thors til stjórnarmyndunar um stefnuskrá sem felur í sér stórkostlega nýsköpun í atvinnumálum þjóðarinnar. Stefnuskrá stj. er í algerðri mótsetningu við stefnu afturhaldsins, og það er því ekki nokkur vafi á, að núv. stjórn var mynduð í andstöðu við Landsbankavaldið.

Landsbankavaldið hefur ekki fallið frá þeirri kröfu sinni, að kaupið verði lækkað, og nú er stefna þess túlkuð af stjórnarandstöðunni. Það er Framsfl. og Vísisliðið, sem nú heldur fram kauplækkunar- og atvinnuleysisstefnunni, sem öllu var ráðandi hér á landi fram að stríðinu. Þegar meiri hl. Sjálfstfl. sagði skilið við afturhaldsstefnu Landsbankans við myndun núv. stj., varð Framsfl. ásamt Vísisliðinu aðalmerkisberi hennar. Framsfl. beitir nú öllu afli sínu til þess að hindra framkvæmd á stefnu stjórnarinnar. Síðustu viðburðir sanna, að Landsbankinn hefur hið mesta dálæti á þessari iðju, og á það eftir að koma betur fram síðar.

Myndun núv. ríkisstj. er önnur tilraun, sem gerð hefur verið hér á landi til endurbóta og aukningar á atvinnulífi landsmanna til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ég er búinn að skýra frá því áður, hvernig fór um fyrri tilraunina, framkvæmd á stefnuskrá stjórnar, sem mynduð var á árinu 1934. Sú tilraun strandaði fullkomlega á andstöðu Landsbankaafturhaldsins. Stjórnin gafst upp við framkvæmd loforða sinna, forustumenn hennar urðu bandingjar Landsbankavaldsins og hafa margir hverjir síðan ekki reynt að losa sig úr þeim viðjum. Í stað aukins atvinnulífs, sem sú stjórn ætlaði að skapa, fékk þjóðin aukið atvinnuleysi, aukin bágindi, aukna örbirgð. Núv. ríkisstj. stendur nú frammi fyrir sömu raun og samstj. Alþfl. og Framsóknar stóð vorið 1935. Sama valdið, sem hindraði þá góðar fyrirætlanir, er nú risið upp til þess að hindra framkvæmd á nýsköpunarstefnuskrá núv. stjórnar. Landsbankinn og stjórnarandstaðan telur nú, að tími sé kominn til þess að freista þess að hindra framkvæmdir á stefnuskrá stj. Nú reynir á, hvort allt fer sömu leið og áður, hvort sú stjórnarsamvinna, sem stofnað var til síðastliðið haust í því skyni að gerbreyta og stórauka atvinnulíf þjóðarinnar með það fyrir augum að fyrirbyggja atvinnuleysi og tryggja þjóðinni góð lífskjör, á að fara sömu leið og samstj. Alþfl. og Framsóknar, sem mynduð var 1934.

Frá því að þjóðstj. fór út um þúfur fyrri hluta árs 1942, hefur lítið borið á Landsbankavaldinu. Þó hefur það aldrei misst valdaaðstöðu sína. Það gín enn þá einrátt yfir öllum fjármálum þjóðarinnar. En ýmsar ytri aðstæður orsaka það, að því hefur verið ókleift að hafa þau afskipti af stjórn landsins sem áður var. Þessar aðstæður eru einkum vaxandi styrkur og eining verkalýðssamtakanna og vöxtur Sósfl. annars vegar, hins vegar hin mikla atvinna, sem leitt hefur af stríðsástandinu og því, hve hátt verð við höfum getað fengið fyrir fiskafurðir okkar, þrátt fyrir það að við flytjum þær út óunnar, og loks hin mikla peningavelta. — En Landsbankavaldið hefur aldrei látið sér detta í hug að gefast upp bardagalaust, það hefur orðið að draga sig í hlé í bili, en það hefur allan þennan tíma verið að leita tækifæris til þess að grípa inn í gang þjóðmálanna. Það hefur ekkert lært og engu gleymt. Það fylgir hinni sömu atvinnuleysis- og kauplækkunarstefnu og fyrir stríð. Það á enn þá sitt eina áhugamál að koma hér á atvinnuleysi og lækka kaupið. Því fyrr, því betra. Ýmislegt, sem skeð hefur nú að undanförnu, sýnir, að nú telur þetta afturhald sinn tíma kominn til árása á fyrirætlanir ríkisstj. í atvinnu- og fjármálum.

Svo sem kunnugt er og oft hefur verið fram tekið, er núv. ríkisstj. mynduð í því skyni að framkvæma stórkostlega endurnýjun og nýsköpun á atvinnulífi þjóðarinnar, bæði að því er varðar fiskiflotann og eins að því er varðar iðjuver í landi. Í stjórnarsamningnum er gert ráð fyrir að framkvæma nýsköpun í sjávarútveginum fyrir 250 millj. íslenzkra kr. og í landbúnaðinum fyrir 50 millj. íslenzkra kr. Það er ástæðulaust að fara að lesa hér upp þessar fyrirætlanir. Þjóðinni eru þær vel kunnar nú þegar, og þær njóta fylgis langsamlega meiri hluta hennar. — Þegar ráðizt er í nýsköpun í sjávarútvegi og landbúnaði á Íslandi með það markmið að verja til þeirrar nýsköpunar 300 millj. kr., þá hlýtur það að vera hverjum manni ljóst, að hér er um að ræða stórkostlegri atvinnuframkvæmdir en þjóðin hefur áður látið sig dreyma um, að hún gæti framkvæmt. Ég efast ekkert um það, að þeir, sem gengu til myndunar núv. ríkisstj., hafi gert sér þess ljósa grein í upphafi, hvað slík nýsköpun þýddi í raun og veru. Hún þýðir í raun og veru hvorki meira né minna en það að gerbreyta atvinnulífi þjóðarinnar á örfáum árum og lyfta þjóðinni á miklu hærra stig atvinnulega og skapa henni þar með möguleika til að lifa menningarlífi án þess að reka þjóðarbúskap sinn með tekjuhalla. Það getur enginn neitað því, að töluvert hefur áunnizt í framkvæmd stjórnarstefnunnar nú þegar. Þrjátíu nýir togarar hafa verið keyptir, yfir fimmtíu nýir fiskibátar frá Svíþjóð, samið hefur verið um smíði 35 báta innanlands, samið um kaup á flutningaskipum erlendis, bæði fyrir einstaklinga, félagasamtök og ríkisstj., byggðar síldarverksmiðjur, hafinn undirbúningur að byggingu niðursuðuverksmiðja, hafin bygging á fyr-

irmyndar hraðfrystihúsi og niðursuðuverksmiðju á vegum fiskimálanefndar í Reykjavík, stórfelldar hafnarframkvæmdir undirbúnar og hafnar að nokkru við fiskisælustu miðin, hafinn undirbúningur undir byggingu lýsisherzlustöðvar og ýmislegt fleira, sem telja mætti. Það, sem þegar hefur áunnizt, er svo mikið, að engin stj., sem setið hefur fram til þessa, hefur gert meira á jafnskömmum tíma. En þrátt fyrir þessar miklu framkvæmdir er þó engan veginn hægt að telja þennan árangur fullnægjandi. Það er nauðsynlegt að hafa miklu meiri hraða á hlutunum, og þegar það er athugað, að íslenzka þjóðin þarf á skömmum tíma að koma upp hjá sér fiskvinnslustöðvum, sem geti tekið við fiskframleiðslunni til vinnslu, þegar ísfiskmarkaðurinn þrengist eða lokast, þá verður ljóst, að það er langur vegur frá því, að nógu vel hafi verið fylgt fram stefnu stjórnarinnar.

Flest það, sem gert hefur verið til framkvæmda á stefnu stj., hefur verið gert af ríkisvaldinu sjálfu. Þetta er vitanlega ekki nóg. Það verður ekki framkvæmd nýsköpun atvinnulífs á Íslandi fyrir 250—300 millj. króna, nema öll þjóðin snúi sér að framkvæmdunum. Það þarf að fá einstaklinga, félög og bæjar- og sveitarstjórnir um allt land til þess að leggja hönd á plóginn. Í hverju einasta byggðarlagi þarf að gera áætlanir um byggingu atvinnutækja og öflun skipa, sem geta veitt íbúunum atvinnu. Þjóðin er logandi af áhuga fyrir því að ráðast í þessar framkvæmdir. Það, sem vantar, til þess að framkvæmd nýsköpunarstefnunnar geti hafizt fyrir alvöru, er það, að ríkisstj. og Alþ. veiti nauðsynlegu fjármagni út um landið með lágum vöxtum. Með slíkum ráðstöfunum í fjármálum getur ríkisstj. hrundið af stað öflum, sem geta framkvæmt meira af stefnumálum stj. á einu ári en hún getur sjálf á 4 árum. Þetta mál, veiting lánsfjár til framkvæmda á nýsköpunarstefnunni, átti að vera fyrsta mál, sem stj. snéri sér að. Það er mikill skaði skeður, að stj. skuli ekki hafa snúið sér að þessu þegar eftir að hún var mynduð. Starf stj. það, sem af er, sannar, að það er við ramman reip að draga, þar sem bankarnir eru, og lánsfé verður ekki tryggt til nýsköpunarinnar, nema ríkisvaldið skerist í leikinn.

Eftir að ríkisstj. var mynduð, hóf nýbyggingarráð rannsókn á því, með hverjum hætti eðlilegast væri að tryggja fé til framkvæmda nýsköpunarinnar í sjávarútveginum. Árangurinn af þeim rannsóknum eru frv. þau tvö, sem lögð voru fyrir Alþ. laugardaginn 8. des. s. l. til l. um breyt. á lögum um nýbyggingarráð og frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Frv. þessi hafði nýbyggingarráð samið þegar snemma í sumar og sendi þau ríkisstj. til fyrirgreiðslu. Auk þess voru frv. send ýmsum stofnunum til athugunar og umsagnar, og munu undirtektir hvarvetna hafa verið einróma með frv. nema úr einni átt, frá Landsbanka Íslands. Frv. gera ráð fyrir, að lánað sé til skipakaupa og til stofnkostnaðar fiskiðnaðarfyrirtækja rífleg lán með 2½% vöxtum. Ætlazt er til, að Fiskveiðasjóður verði efldur með allt að 100 millj. kr. láni úr seðladeild Landsbankans, er verði lánað sem erlendur gjaldeyrir til kaupa á atvinnutækjum og efni erlendis. Auk þess er gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður bjóði út ríkistryggð skuldabréf innanlands að upphæð milli 40 og 50 millj. kr. Til kaupa á nýjum skipum er gert ráð fyrir að lána allt að ¾ kostnaðarverðs, en til fiskvinnslustöðva, ef nýbyggingarráð hefur samþ. staðsetningu þeirra, allt að ⅔ kostnaðarverðs. Vaxtakjörin, sem gert er ráð fyrir, eru það lág, að þau mundu stórbreyta viðhorfi manna til þess að ráðast í framkvæmdir á þessu sviði. Það er óhætt að fullyrða, að þessar till. nýbyggingarráðs hafa vakið fögnuð um allt land, og menn bíða þess með eftirvæntingu, að þær verði lögfestar. En Landsbankinn er á öðru máli. Landsbankaklíkan var að vísu búin að sýna nýbyggingarframkvæmdunum fjandskap, áður en hún hóf baráttu sína gegn lánafrv. nýbyggingarráðs. Í því sambandi er vert að minnast á, að það var stjórn Landsbankans, sem stöðvaði hraðfrystihúsin í janúarmánuði síðastliðnum með því að neita um rekstrarlán til þeirra, eins og þau fóru fram á, og olli þannig mjög miklum örðugleikum í sambandi við fiskútflutninginn, sem leiddu til allmikilla deilna á síðastliðnum vetri. Landsbankinn hefur líka, frá því að ríkisstj. var mynduð, haldið áfram sömu vaxtaokurstefnu gagnvart sjávarútveginum og áður. Sú lítilfjörlega lækkun vaxta, sem fram fór á síðastliðnu sumri, breytir í raun og veru engu í þessu efni. Fjandskapur Landsbankavaldsins gegn nýsköpunarframkvæmdum ríkisstj. verður þó ekki ber fyrr en komið er að þessu undirstöðuatriði í stefnuskrá stj., fyrirkomulagi lánveitinga til nýsköpunarframkvæmda. Þeir hugsa sem svo, þessir herrar: Það gerir ekkert til, þótt mynduð sé ríkisstj., sem gefur fólkinu fögur loforð. Það hefur verið gert áður á Íslandi. En gamanið fer að grána, þegar ríkisstj. fer að gera ráðstafanir í fjármálum til að tryggja framkvæmd stefnu sinnar, og það má ekki verða. — Landsbankanum hefur tekizt með baráttu sinni gegn frv. að draga þetta mál óhæfilega á langinn, og nú er svo komið, að þegar frv. eru lögð fram á þ. eftir þann langa tíma, sem ríkisstj. hefur haft þau til athugunar, er hún ekki sammála um þau. Eins og sést í grg. um breyt. á nýbyggingarráðslögunum, er ríkisstj. ekki sammála um fjáröflunarleiðina, þótt fram sé tekið í greinargerðinni, að hún sé sammála um að efla sjávarútveginn og afla honum ódýrra lána. En það er skiljanlega svo veigamikið atriði, hvaða fjáröflunarleið verður valin, að lánamálin geta beinlínis oltið á því atriði.

Það verður ekki annað séð en ágreiningurinn innan ríkisstj. sé fram kominn fyrir tillitssemi við Landsbankann, sem er algerlega á móti till. nýbyggingarráðs, bæði fjáröflunarleiðinni og því að veita svona miklu fé út í sjávarútveginn. Landsbankinn er fyrst og fremst andvígur nýsköpuninni sjálfri, hann vill enga útlánastarfsemi til að hrinda henni fram. Vegna dýrkeyptrar reynslu er ekki hægt að lá mönnum, þó að það veki nokkurn ugg, þegar ráðherrar Sjálfstfl. gera ágreining um þetta mál innan ríkisstj. og vilja láta leysa það með samkomulagi við Landsbankann, sem vitað er, að er fjandsamlegur öll-

um fyrirætlunum ríkisstj. Það er sérstaklega eftirtektarvert í þessu sambandi, að í deilum sínum við nýbyggingarráð hefur Landsbankinn ekki bent á neina aðra leið til fjáröflunar, þrátt fyrir það að hann hafi talið till. algerlega óhæfar. Það verður ekkert fullyrt um það enn þá, hvernig þessum málum reiðir af í þ., hvort Landsbankinn getur komið fram áformum sínum að stöðva málið eða skemma það. Úr þessu verður reynslan að skera, en ýmislegt, sem skeð hefur í Landsbankanum undanfarið, gefur tilefni til þess, að allur almenningur sé vel á verði fyrir tilraunum afturhaldsins til að hindra framkvæmd nýsköpunarinnar.

Eins og ég tók fram, hefur Landsbankanum tekizt að tefja lánamálin í hálft ár, eða frá því síðastliðið vor, að nýbyggingarráð skilaði frumvörpunum til ríkisstj. Þjóðin hefur sem sagt tapað heilu sumri. Hvert pláss á landinu hefur sínar ráðagerðir um byggingu hraðfrystihúsa, niðursuðuverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, tugir og hundruð manna eru með bátakaup og skipakaup á prjónunum, og alls staðar strandar þetta á því sama. Það er ekki búið að ganga frá, hversu hagað verður lánamálum sjávarútvegsins. Þessi frestur allt síðastliðið sumar verður þess valdandi, að heilt ár glatast frá nýsköpunarframkvæmdunum vegna vinnuskilyrða í landinu. Einstaka menn hafa getað útvegað sér bráðabirgðalán gegn væntanlegum lánum síðar, ef lánafrv. nýbyggingarráðs verða gerð að lögum. En það eru ekki nema tiltölulega fáir, sem slík lán hafa fengið og þá fyrir atbeina ríkisstj. Frá því í vor hafa útgerðarmenn og hraðfrystihúsaeigendur í Keflavík undirbúið byggingu fiskimjölsverksmiðju til þess að vinna fiskimjöl úr úrgangi hraðfrystihúsanna þar, en sem kunnugt er, eru hraðfrystihúsin þar syðra starfrækt á þeim grundvelli, að því nær öllum úrgangi við flökun, sem nemur oft 60% af þyngd fisksins slægðs, er kastað. Keflvíkingar hafa gengið í lánsstofnanir og ekki orðið ágengt. Ef þessi fiskimjölsverksmiðja kæmist ekki í gang snemma á vertíðinni, þá fara öll þau miklu verðmæti, sem fólgin eru í úrganginum frá hraðfrystihúsunum, forgörðum. Á mörgum stöðum á landinu þýðir þessi töf á lánamálunum, sem Landsbankinn veldur, að ekki verður unnt að gera út, vegna þess að ekki eru til hraðfrystihús til þess að taka á móti fiskinum. Hér voru seinni hluta sumarsins þrír menn frá Eskifirði að leita fyrir sér um lán til hraðfrystihúsbyggingar þar, sem er óhjákvæmilegt skilyrði þess, að hægt sé að reka þaðan útgerð. Þeir fóru heim án þess að geta lokið erindi sínu. Hins vegar gaf ríkisstj. þeim vonir um lán, þegar lánafrv. væru orðin að l. Það er sannleikur, sem allir þurfa að vita, að eins og nú er komið, eru margar framkvæmdir í nýsköpun sjávarútvegsins að stranda á því, að þetta mál hefur ekki verið afgreitt.

Á meðan Landsbankinn er önnum kafinn í baráttu sinni við till. nýbyggingarráðs í lánamálunum, þó að sú barátta hafi að vísu ekki farið hátt fram til þessa, kom fyrir atvik, sem óhætt er að segja, að verkað hafi líkt og þrumuský á heiðum himni. Þegar svo er komið, að nýsköpunarframkvæmdir eru að stöðvast vegna dráttar á afgreiðslu á lánatillögum nýbyggingarráðs, fréttir þjóðin það allt í einu, að Jón Árnason framkvæmdastjóri S.Í.S. hefur verið ráðinn bankastjóri í Landsbankanum. Landsbankinn gat á engan hátt betur lýst því yfir, að hann er staðráðinn í því að beita öllu sínu afli til þess að hindra nýsköpunina. Jón Árnason er sá eini úr hópi þeirra Landsbankamanna, sem hefur alveg kveðið upp úr með skoðanir sínar á nýsköpuninni. Í grein, sem hann ritaði í Samvinnuna í október 1944, ræðir hann nýsköpunina og fer ekkert dult með fjandskap sinn gegn þeim fyrirætlunum. Jón Árnason telur, að ef nýsköpunarstefnan yrði framkvæmd, mundi það verða hin mesta atvinnubylting, sem þekkzt hafi hér á landi, og mundi þá einnig leiða af sér stórfellda atvinnukreppu, og síðar í greininni segir hann, að nýsköpunin mundi valda atvinnubyltingu, sem hefði banvænar afleiðingar fyrir núverandi atvinnulíf þjóðarinnar. Það er ljóst, hvað er verið að fara þarna. Hann óttast ekki atvinnuleysið, þó að ekkert verði gert í atvinnumálum landsmanna. Nei, hann óttast, að vinna verði of mikil, og kallar það atvinnukreppu. Þetta er voðinn, sem Jón Árnason telur, að beri að forðast. Slíkum mönnum er til þess eins trúandi að leiða atvinnuleysi yfir þjóðina á nýjan leik. En hvað er svo þetta banvæna við nýsköpunina? Það er, að ekla verður á verkafólki til þess að vinna með úreltum tækjum fyrir lítið kaup. Nýsköpunin er banvæn fyrir atvinnurekstur, sem rekinn er með miðaldasniði og án allra nýtízku vinnuvéla. Með öðrum orðum, nýsköpunin knýr til alhliða framfara í atvinnulífi landsmanna, hún gerir það ókleift að reka vissar greinar atvinnulífsins með miðaldasniði. Þetta er það óttalega við nýsköpunina. Framfarirnar verða of miklar, atvinnan of mikil. Það er svo sem ljóst, hvað Jón Árnason telur rétta stefnu í atvinnumálum. Það er gamla stefna afturhaldsins. Hindra innflutning nýrra og fullkominna atvinnutækja, til þess að vinnuaflið streymi ekki frá þeim atvinnugreinum, sem reknar eru með úreltum tækjum, og þá náttúrlega um leið að lækka kaupið, svo að úreltu atvinnuvegirnir geti borið sig.

Loks bendir Jón Árnason á, að réttast væri fyrir Íslendinga að flytja aðeins lítið af erlendum innstæðum inn í landið, en hefja svo lánastarfsemi erlendis og lána um 400 millj. kr. Slík lánastarfsemi telur hann, að mundi gefa um 12 millj. króna árlega. Það gerir ekkert til, þó að við þurfum að senda sjómenn okkar á veiðar á lélegum og úreltum skipum, eða þó að við höfum litlar sem engar verksmiðjur í landi til að taka við aflanum. Það gerir heldur ekkert til, þó að atvinnuleysið komi aftur, um að gera að atvinnuframkvæmdirnar verði ekki of miklar. Erlendu innstæðurnar skulum við festa í útlánum, það getur gefið Landsbankanum 12 millj. kr. á ári.

Ég hef farið nokkrum orðum um þessa grein vegna þess í fyrsta lagi, að höfundur hennar hefur nú verið ráðinn í eitt allra þýðingarmesta starfið í sambandi við nýsköpun atvinnuveganna, og í öðru lagi vegna þess, að greinin er

nánast stefnuskrá Landsbankans í fjármálum þjóðarinnar. Þessi nýi bankastjóri Landsbankans álítur alla stefnu núv. ríkisstj. banvæna fyrir atvinnulífið í landinu, og segir það sig sjálft, að hann mun beita sér gegn framkvæmd hennar af alefli. Allir þeir, sem unna atvinnuframförum og mestar vonir hafa gert sér um framkvæmdir á nýsköpunarstefnuskrá stj., hrukku við. Ráðning Jóns Árnasonar er hnefahögg framan í alla þá, sem af heilum hug vilja vinna að framkvæmd stjórnarstefnunnar. Það er vitað mál, að þótt leitað sé með logandi ljósi um allar Íslands byggðir, er ekki hægt að finna jafnákveðinn og harðvítugan andstæðing atvinnulegra framfara, einkum á sviði sjávarútvegsins, og Jón Árnason. Jón Árnason hefur verið formaður bankaráðs Landsbanka Íslands um langt árabil, og hann hefur verið einn aðalhöfundur þeirrar helstefnu í atvinnumálum þjóðarinnar, sem Landsbankinn hefur beitt sér fyrir. Með ráðningu Jóns Árnasonar hefur afturhaldið á Íslandi kastað hanzkanum. Fyrir þá, sem af heilum hug vilja vinna að framkvæmd stjórnarstefnunnar, er ekki um annað að gera en taka hanzkann upp og taka upp baráttu fyrir framkvæmd á nýsköpunarstefnuskrá stj., sem Landsbankinn er ákveðinn í að beita öllum sínum kröftum til að hindra.

Ég held, að það sé ekki úr vegi að athuga dálítið nánar, hverjir það eru, sem standa að ráðningu Jóns Árnasonar sem bankastjóra. Það eru í fyrsta lagi Jónas Jónsson frá Hriflu og Hermann Jónasson, sem er varaformaður bankaráðsins. Það er langt síðan þessir tveir menn hafa verið sammála, og það er ekki vitað, að þeir séu sammála um neitt annað en það að reyna að koma núverandi stj. og stefnumálum hennar fyrir kattarnef. Og þeim hefur kannske ekki í annað sinn tekizt betur, þótt enn sé þó eigi séð, hver úrslit verða í þeim leik, sem Landsbankinn hefur nú hafið. — Þá greiddi atkvæði með ráðningu Jóns Árnasonar Jónas Guðmundsson, sem kosinn var á sínum tíma í bankaráð Landsbankans á vegum Alþfl. Loks var það Magnús Jónsson, 1. þm. sjálfstæðismanna í Rvík, sem greiddi atkvæði með Jóni Árnasyni, og var það atkvæði þyngst á metunum. Jón Árnason hefði aldrei verið ráðinn bankastjóri í andstöðu við Sjálfstfl. Eitt nei í fullri meiningu frá Sjálfstfl. hefði þýtt það, að hvorki bankaráði hefði komið til hugar að ráða Jón Árnason né Jóni sjálfum að taka við embættinu. Aðstaða Sjálfstfl. er þannig á Alþ. að hann getur hvenær sem er hindrað afturhaldssegg eins og Jón Árnason í því að verða bankastjóri Landsbankans. — Ráðning Jóns Árnasonar er búin að vera á döfinni lengi, frá því síðastliðinn vetur, og það er ekki vitað, að á öðru hafi staðið til þess að ganga frá ráðningu hans en samþykki Sjálfstfl. En nú liggur það fyrir.

Sjálfstfl. hefur nú á nokkrum vikum ráðstafað tveimur af bankastjórastöðum í Landsbankanum í samvinnu við aðalforingja stjórnarandstæðinga, þá Jónas Jónsson frá Hriflu og Hermann Jónasson, án þess að ræða málið við samstarfsmenn sína í ríkisstj., þó að allir viti, að stefnuskrá stjórnarinnar er óframkvæmanleg, ef fjármálastefna Landsbankans er ekki í samræmi við hana. Á sama tíma, sem þessir furðulegu hlutir gerast í Landsbankanum, gera ráðh. Sjálfstfl. ágreining í ríkisstj. um fjáröflunartill. nýbyggingarráðs til nýsköpunar í sjávarútvegsmálum okkar. Það er ekki óeðlilegt, að það hlakki í stjórnarandstöðunni yfir þessum atburðum, en þeir skulu fá að sjá, að þeir hafa hlakkað of snemma, fylgi þjóðarinnar við samstarfið um nýsköpunina er sterkara en þeir hyggja. — Barátta Landsbankans gegn lánatillögum nýbyggingarráðs og ráðning Jóns Árnasonar sem bankastjóra með atkvæðum fulltrúa sjálfstæðismanna og Jónasar Guðmundssonar, hvort tveggja þetta virðist hlekkir í sömu keðju. Þetta eru allt kerfisbundnar aðgerðir gegn stjórnarsamvinnunni og stefnuskrá ríkisstj.

Það er engin tilviljun, að jafnhliða þessum hernaðaraðgerðum afturhaldsins á Íslandi gegn núv. ríkisstj. og fyrirætlunum hennar hefur verið sett af stað meira blekkingarmoldviðri um málefni Sovétríkjanna og ýmis þeirra ríkja í Evrópu, sem leitazt hafa við að koma á hjá sér sósialistiskum atvinnuháttum eftir stríðið, en nokkur dæmi eru til síðan í Finnagaldrinum fræga. Það er enginn vafi, að þetta er gert af ráðnum hug. Það er ekki áhugi fyrir velferð íbúanna í Sovétríkjunum eða þessum löndum, sem skrifunum veldur, — alveg eins og það var ekki áhugi fyrir velferð Finna, sem olli skrifunum í gamla daga. Þetta moldviðri er aðeins til þess að hylja aðgerðir afturhaldsins. Afturhaldið veit, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar tengir vonir sínar um atvinnu og góð lífskjör á Íslandi, vonir sínar um sjálfstæði og gróandi þjóðlíf, við það, að núv. ríkisstj. takist að framkvæma stefnuskrá sína. Opinberri og greinilegri árás á ríkisstj. og stefnu hennar mundi því verða svarað af þjóðinni sjálfri á viðeigandi hátt. Slík aðferð er því vonlaus. Eina von afturhaldsins er því að villa fólkinu sýn, láta það hugsa um Rússland og Júgóslavíu, Ungverjaland, Búlgaríu, eða hvert annað land sem vera skal, bara ekki Ísland, þá gerir það sér vonir um að koma fram sínum illu áformum, að koma núv. ríkisstj. fyrir kattarnef. Það var almenningsálitið í landinu, það var þjóðin sjálf, sem knúði fram myndun núv. stj. Yfirgnæfandi meiri hluti allra stjórnmálaflokkanna þriggja krafðist þess, að stjórnin yrði mynduð. Nú kemur aftur til kasta almennings að veita afturhaldinu hæfilega ráðningu, fylkja sér fast um nýsköpunarstefnu stj. og tryggja henni sigur þrátt fyrir andstöðu afturhaldsaflanna, hvar sem þau er að finna.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það til fjárl. fyrir árið 1946, sem hér er til umræðu, er í höfuðatriðum svipað fjárl. þessa árs. Rekstrargjaldaáætlun 113 millj., en tekjur svipaðar eða sem næst því hinar sömu. Heildarútgjöldin eru hins vegar 13 millj. hærri og greiðsluhalli nálægt þessu. Samkvæmt till. fjvn. hækka gjöldin alls um 13,8 millj., en að sjálfsögðu er hér aðeins um áætlun að ræða.

Það lætur því nærri, að útgjöld ríkisins svari til 1000—1100 króna á hvert mannsbarn í land-

inu, og sömu upphæð verður ríkissjóður að heimta af þjóðinni, einn veg eða annan. Liggur því í augum uppi, hversu mjög fjárstjórn ríkisins hlýtur að hafa rík áhrif á fjárhag og afkomu hvers manns í landinu, þótt eingöngu sé litið til fjárhæðanna. En einnig, og engu síður, er hitt þýðingarmikið fyrir landsmenn alla, hversu þessum feikna upphæðum er ráðstafað, að þær séu notaðar til að auka og efla menningu fólksins í landinu og tryggja lífskjör þess og atvinnu. Það mun láta nærri, að tekjur sveitar- og sýslufélaga um land allt nemi sem svarar helmingi af tekjum ríkissjóðs. Liggur í augum uppi, að það er að mjög miklu leyti á valdi þessara aðila að hafa áhrif á atvinnuskilyrði í landinu, — að gera vinnuna tryggari og jafna atvinnu frá ári til árs. Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, að það mikla fé, sem í fjárl. er ætlað til margháttaðra nauðsynlegra verklegra framkvæmda, á ekki að nota á þann hátt, að það verði til þess að hindra eða torvelda aðrar nauðsynlegar framkvæmdir. Ekki má leggja svo mikið kapp á opinberar byggingar, sem þola bið, að það verði til þess að koma í veg fyrir, að fagmenn, efni og verkafólk fáist til nauðsynlegra íbúðabygginga eða dragi frá nauðsynlegum framkvæmdum til framleiðsluaukningar. Þá er betra að geyma féð og nota það síðar, þegar rýmra er um efni og meiri þörf atvinnu. Hlutverk hins opinbera er að jafna atvinnu frá ári til árs með framkvæmdum sínum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur nú ráðið ríkjum hér í rúmt ár. Mér þykir því hlýða á þessum heiðursdegi hennar, eldhúsdegi, að rifja lítillega upp tildrögin að því, að hún tók við stjórnartaumunum, hverju hún hefur til vegar komið og hver verkefni rétt er að vænta, að hún og þetta þing leysi.

Verð ég þá fyrst með örfáum orðum að drepa á, hversu ástatt var, þegar hún tók við, og hvers vegna Alþýðuflokkurinn ákvað að styðja hana og eiga þátt í henni.

Þegar Alþingi kom saman haustið 1944, fór utanþingsstjórn með völd. Hún var skipuð góðum mönnum og gegnum. En henni hafði ekki tekizt að ná samstarfi við þingið, — hafði ekki þingmeirihluta að baki. Sex manna nefndar niðurstaða um verðlag landbúnaðarvara gilti sem lög. Um 25 millj. króna varð ríkissjóður að greiða með þessum vörum til þess að afstýra, að vísitalan færi upp úr öllu viti. Því var opinberlega yfirlýst, að bændur þyrftu að fá kr. 17,85 fyrir hvert kg. af kjöti innanlands, ef hætt væri að greiða uppbætur á útflutningsafurðir þeirra. Stjórnin vildi lækka kaup og afurðaverð með lögum. Atvinnurekendur treystu á kauplækkun, ef færi gæfist, verklýðssamtökin hugðu til hækkana á ýmsum sviðum. Búnaðarþing, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur töldu viðhlítandi óbreytt verð afurða innanlands, ef útflutningsuppbót yrði tryggð, en létu það fylgja með, að þau væntu jafnframt almennrar kauplækkunar og áframhaldandi hlutfalls sex manna nefndarinnar milli kaups og afurðaverðs. Ýmsir töldu þetta fyrirboða samstjórnar Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins, sömu flokkanna og settu gerðardómslögin sællar minningar. Af því varð þó eigi. Stríðsgróðinn streymdi enn inn í landið. Alltaf fjölgaði heildsölum, þrátt fyrir verðlagseftirlit og viðskiptaráð. Enginn þingmeirihluti fáanlegur með því að skattleggja stríðsgróðann, eignaaukningu stríðsgróðans sérstaklega, né til þess að koma föstu skipulagi á innflutningsverzlunina og flutninga til landsins. Verðbólgan jókst og alls konar spákaupmennska án þess nokkuð fengist að gert. Stríðið enn í algleymingi, þótt endalok þess mættu teljast fyrirsjáanleg. Innstæður landsmanna erlendis voru komnar yfir 500 millj. ísl. króna. Það, sem því mest kallaði að þá, var að gera ráðstafanir til þess, að þessu fé yrði breytt í varanleg innlend verðmæti og koma þannig í veg fyrir, að það yrði gert að eyðslueyri og yki enn á verðbólguna og afleiðingar hennar.

Allt frá því samkomulag náðist um lausn sambandsmálsins og stofnun lýðveldis vorið 1944, höfðu viðræður öðru hverju átt sér stað milli þingflokkanna fjögurra um nauðsyn samsteypustjórnar. Allir virtust sammála um, að nauðsynlegt væri, að mynduð yrði stjórn, sem hefði þingmeirihluta eða alla flokka að baki sér. Þegar viðræður þessar urðu árangurslausar, sneri formaður Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Thors, sér til Alþýðuflokksins og spurðist fyrir um, hvort hann vildi styðja og taka þátt í stjórn þriggja flokka, Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokksins og Alþýðuflokksins.

Afstaða Alþfl. hafði í öllum þessum viðræðum, eins og líka í viðræðum um myndun stjórnar með Framsfl. og Sósfl. veturinn 1942—43, ávallt verið hin sama: þ. e. að það færi eftir málefnum, hvað gert yrði. Sama var svarið við málaleitan Ólafs Thors, það, hvort Alþfl. tæki þátt í stjórnarmyndun, væri fyrst og fremst undir því komið, hvaða mál stjórnin tæki að sér að koma fram, hvenær og á hvern hátt. Alþýðuflokkurinn krafðist þess, að flokkarnir gerðu með sér opinberan málefnasamning, sem stjórnarsamstarfið yrði byggt á. Því meiri nauðsyn opinberra samninga, sem vitað var, að milli Alþfl. og hinna flokkanna hvors um sig höfðu verið litlir kærleikar, mjög mikill skoðanamunur við Sjálfstfl. um málefni og við Sósfl. um aðferðir til að koma málum fram og um baráttuaðferðir. Niðurstaðan varð sú, að hinir tveir flokkarnir féllust á svo margar og þýðingarmiklar kröfur Alþfl., að flokkurinn ákvað að taka þátt í stjórnarmyndun og samstarfi á þeim grundvelli, sem í málefnasamningnum segir. Samningurinn er öllum kunnur. Skal því ekki fjölyrt um hann. En það er ekki ofmælt, að hann fékk yfirleitt góða dóma hjá þjóðinni, þótt ýmsum þætti næsta undarlegt, að Sjálfstfl. og Sósfl. hefðu fallizt á ýmis atriði hans.

Eins og áður er sagt, taldi Alþfl. höfuðnauðsyn, að tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til þess, að mikill hluti erlendu inneignanna yrði bundinn til kaupa á framleiðslutækjum til þess að tryggja framtíðaratvinnu, meiri eftirtekjur af hverri vinnustund eða degi og fyllri hagnýtingu afurðanna. En augljóst var, að það yrði eigi gert, ef hörð átök og harkalegar deilur yrðu vegna krafna um kauplækkanir eða óeðlilegar

kauphækkanir. Alþfl. taldi því nauðsynlegt að fá tryggingu fyrir því, að svo yrði eigi a. m. k. á næsta ári, meðan þessar ráðstafanir yrðu gerðar. Yfirlýsing atvinnurekendasambandsins um, að þeir mundu ekki leita eftir kauplækkun á árinu 1946 og yfirlýsing Alþýðusambandsins fyrir sama tíma var Alþfl. nægileg trygging í þessu efni.

Í samræmi við óskir og till. Alþfl. var því yfirlýst af forsætisráðherra, er hann gerði grein fyrir málefnasamningnum, *að það væri meginstefna stjórnarinnar að tryggja það, að allir landsmenn gætu haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur.* — Þessu marki skyldi leitazt við að ná meðal annars með þessu:

„1. Af erlendum gjaldeyri bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum sé jafnvirði eigi minna en 300 millj. íslenzkra króna sett á sérstakan reikning. Má eigi ráðstafa þeim gjaldeyri án samþykkis ríkisstjórnarinnar og eingöngu til kaupa á eftirtöldum framleiðslutækjum:
   1. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl., samtals a. m. k. *200 milljónir króna.*
   2. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu svo og til tunnugerðar, skipasmíða o. fl. — um *50 milljónir króna.*
   3. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingu landbúnaðarafurða og jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl. — um *50 milljónir króna.*

   Fært skal milli flokka, ef ríkisstjórnin telur ráðlegt, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. lið hér á eftir. Nefnd sú geri sem fyrst tillögur um frekari hagnýtingu erlendra innstæðna, svo sem um efniskaup til bygginga. Almennt byggingarefni, svo sem sement og þess háttar, telst með venjulegum innflutningi. Efni til skipa, véla og þess háttar, sem smíðað er innanlands, telst með innflutningi framleiðslutækja.
2. Ríkisvaldið hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er.
3. Tæki þessi skulu seld einstaklingum og félögum, og slík félög m. a. stofnuð að opinberri tilhlutan, ef þörf gerist.

   Framleiðslutæki, sem keypt kunna að verða fyrir framlag hins opinbera að nokkru eða öllu leyti, skulu ekki seld með tapi, nema öll ríkisstjórnin samþykki eða Alþingi ákveði.
4. Ríkisstjórnin skipar nefnd, er geri áætlanir um, hver atvinnutæki þurfi að útvega landsmönnum til sjávar og sveita, til að forðast, að atvinnuleysi skapist í landinu.
5. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um starfssvið nefndarinnar og vald hennar. Skal þar m. a. ákveðið, að nefndin skuli leita fyrir sér um kaup framangreindra framleiðslutækja erlendis og smíði þeirra innanlands og hafa milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

   Komi í ljós, að vegna viðskiptareglna annarra þjóða verði talið hagkvæmt eða nauðsynlegt, að einungis einn aðili fjalli um kaup ofangreindra tækja, svipað og nú er um sölu á flestri útflutningsvöru landsmanna, skal ríkisvaldið hafa alla milligöngu í þeim efnum.
6. Við nýsköpun þá á atvinnulífi þjóðarinnar, er hér hefur verið getið, skal hafa sérstaka hliðsjón af þeim sölumöguleikum, sem tekst að tryggja Íslandi í heimsviðskiptunum.

   Framkvæmdum innanlands í sambandi við öflun þessara framleiðslutækja skal haga með hliðsjón af atvinnuástandi í landinu, í því skyni, að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi, meðan verið er að útvega hin nýju framleiðslutæki.

   Ríkisstjórnin mun taka til athugunar, hverjum öðrum framkvæmdum ríkisvaldið skuli beita sér fyrir í því skyni að forðast atvinnuleysi.

   Fjár til þessara þarfa skal, að svo miklu leyti sem það fæst eigi með sköttum, aflað með lántökum, e. t. v. skyldulánum. Athugað skal, hvort til greina komi skylduhluttaka í atvinnutækjum eftir fjáreign."

Krafa Alþfl. um það, að mestur hluti stríðsgróðans í erlendum innstæðum yrði notaður til kaupa á hentugum nýtízku framleiðslutækjum, er beint framhald af fyrri stefnu flokksins og aðgerðum. Frumskilyrði þess, að atvinnurekstrinn geti veitt þeim, sem hann stunda, lífvænleg kjör, er, að áhöld og tæki, sem notuð eru, séu sem hentugust og fullkomnust, svo að hver vinnustund eða dagur verði verðmeiri, skili meiri afrakstri. Í stað þess að einblína á lækkun kaups á að beina orku og athygli að því að auka afköstin og hagnýta afurðirnar til hins ýtrasta. Hann álítur það engan „slettirekuskap", þótt hið opinbera, ríki og sveitarfélög hafi afskipti af þessum málum, telur það þvert á móti höfuðverkefni þessara aðila. Þótt sumir hafi orðað það svo, að með því væri hið opinbera að „flækjast fyrir einkaframtakinu," þá hefur hann aldrei látið það á sig fá. Hann lítur svo á, að starfsorka sé undirstaða allrar velmegunar og því sé það skylda þjóðfélagsins að sjá fyrir því, að þeir, sem vinna, eigi völ hinna beztu tækja.

Mín fyrsta ganga hér á Alþingi fyrir nærri 18 árum var þeirra erinda að útvega Samvinnufélagi Ísfirðinga ríkisábyrgð, svo að það gæti með tilstyrk bæjarins, hafnarsjóðs og ýmissa góðra manna komið upp útgerð í bænum, þegar einkaframtakið brást og lánardrottnar seldu mest af skipunum burt úr bænum. Þá var ráðizt í það að kaupa, ekki gömul skip og ódýr, heldur nýjustu og hentugustu gerð báta, sem þá voru fáanlegir, 7 báta nálægt 50 lestum hvern. Ýmsum þótti þetta í stórt ráðizt þá, bærinn eignalítill og mennirnir flestir örsnauðir. En þessi stofn hefur síðan verið undirstaðan undir athafnalífi bæjarins, undirstaða undir frekari framkvæmdum og áframhaldandi vexti bátaflotans þar. Ísfirðingar eru nú að undirbúa stofnun iðjuvers til að hagnýta allar fiskafurðir til fullnustu, auk stórfelldrar stækkunar bátaflotans.

Síldarverksmiðjur ríkisins voru næsta skref. Þeim var komið á fót gegn harðsnúinni baráttu og þrátt fyrir mestu hrakspár. Síldarverksmiðjunum hefur síðan fjölgað og þær stækkað

svo, að síldariðnaðurinn er nú einn veigamesti þátturinn í atvinnulífi okkar. Síldin hafði áður verið eins og happdrætti. Aðeins örlítill hluti var saltaður af því, sem hægt var að veiða. Síldarkaupmennirnir voru stórríkir annað árið og gjaldþrota hitt.

Þegar erlenda útgerðin í Hafnarfirði hætti, var ástandið ekki ósvipað þar og á Ísafirði. Þá réðst bærinn í það stórræði að kaupa togara 1931 og annan 1934. Það er ekki ofmælt, að bæjarútgerðin í Hafnarfirði hafi .....

Hæstv. atvmrh. fannst fátt til um samstjórn Alþfl. og Framsfl. 1934—'38. En það er öllum kunnugt, að þetta voru erfið ár. Saltfiskmarkaðir brugðust eða lokuðust með öllu, og ísfiskflutningar voru takmarkaðir. Fyrstu verk samstjórnarinnar voru að leita nýrra úrræða, nýrra leiða í stað þeirra, sem lokuðust. Síldarútvegsnefnd tók við sölu saltsíldarinnar eða síldin var verkuð á annan hátt og síldarverksmiðjurnar voru auknar mjög. Fiskimálanefnd var sett á stofn. Hún gekkst fyrir byggingu hraðfrystihúsa og tók við útflutningi á freðfiski, en sá atvinnuvegur hefur síðan farið hraðvaxandi ár frá ári. Auk þess mikla undirbúningsstarfs, sem unnið var á þessum sviðum árin 1935—'38, hefði eigi verið unnt að færa sér í nyt þá miklu sölumöguleika fyrir freðfisk, sem mynduðust eftir að stríðið hófst. Þá var einnig hafin karfaveiði og karfavinnsla og herðing á fiski og fengin mikil reynsla, sem síðar mun að gagni koma. Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda var stofnað og niðursuðuverksmiðja byggð. Sogsvirkjunin var framkvæmd á þessum árum og undirbúningi lokið undir virkjun á Ísafirði og Akureyri.

Fyrir þessu þingi liggur frv. frá atvmrh., þar sem gert er ráð fyrir, að 15% af andvirði útflutnings vors renni í nýbyggingar til kaupa á framleiðslutækjum. Þetta er sjálfsögð og skynsamleg ráðstöfun. Í grg. þessa frv. er línurit, sem sýnir, að á árunum 1935—'39 hafi að meðaltali 13% af útflutningi, en það svarar til 15% af innflutningi, verið varið til kaupa á nýjum framleiðslutækjum. Þetta er þá aukningin, sem hann ætlast til, að gerð verði frá þessum hraksmánarlegu árum.

Ég hef talið rétt að drepa á þessi atriði til þess að sýna fram á samhengið milli fyrri aðgerða Alþfl. og framkvæmda og fyrirætlana núverandi ríkisstj. á þessum sviðum. Af þessu er ljóst, hvers vegna Alþfl. lagði svo mikla áherzlu á það, að ýtarlega yrði kveðið á í stjórnarsamningnum um þetta atriði, kaup á nýjum framleiðslutækjum.

Ég sagði áðan, að stjórnarsamningnum hefði yfirleitt verið vel tekið. Þó er ekki því að leyna, að af hálfu stjórnarandstöðunnar, Framsfl., hefur þessu verið fundið margt til foráttu. Röksemdafærsla þeirra hefur verið mjög einkennileg, vegna þess að tvenn rök hafa þar verið flutt af sömu mönnum. Í fyrsta lagi, að það sé fullkomið glapræði að rjúka til í flýti og kaupa framleiðslutæki. Við eigum heldur að bíða og geyma peningana, þangað til skipin og önnur tæki lækka í verði. Kaupið er líka svo hátt, að útgerð skipanna getur ekki borið sig. Við eigum að bíða með kaupin, þar til reksturinn er tryggður. Í öðru lagi harma svo þessir sömu menn, að ekkert muni verða úr framkvæmdum og loforðum ríkisstj. sé ekki treystandi í þessu efni. Yfirlýsingin sé markleysa, tálvonir og gyllingar handa fólkinu, allt verði þetta svikið. Þeir séu þeir réttu nýsköpunarmenn. — Hvort tveggja getur þetta ekki staðizt. Eitt rekur sig á annars horn. Nú er varla hægt að hampa síðari röksemdinni lengur. Þegar hafa verið keyptir 30 togarar, yfir 100 vélbátar og 10 —20 *ýmiss konar flutningaskip. Hér er beinlínis* sköpuð atvinna fyrir a. m. k. 3000 manns. Þegar þess er gætt, að ekki eru nema 7 mánuðir liðnir síðan Evrópustríðinu lauk og enn skemmra síðan Japanar gáfust upp, verður ekki annað með sanni sagt en ríkisstj. hafi staðið við loforð sín í þessu efni, gert það, sem í hennar valdi stóð.

Stríðsgróðinn á að vera stofnfé og áhættufé fyrir þann grundvöll, sem nýsköpunin byggist á, en ekki er enn séð, hverjir verða kaupendur hinna nýju framleiðslutækja og reka þau. En svo sýnir það sig, er þeir, sem mest hafa grætt, draga sig í hlé og vilja ekki hætta gróðanum, að þá verður enn meira knýjandi, ég vil segja óhjákvæmilegt, að taka af stríðsgróðanum. — En hefði verið skynsamlegra að bíða? Hve lengi? Hvenær lækkar verðið úti, — og hvenær verður fengin trygging fyrir því, að reksturinn beri sig? Og hvað verður mikið eftir af hinum erlendu innstæðum, þegar sá tími er kominn? Ef við getum ekki lifað af því að veiða og verka fisk og selja hann í samkeppni við aðrar þjóðir, þegar við höfum jafngóð eða betri skip en þær, á hverju getum við þá lifað?

Annað atriði í stjórnarsamningnum þykir mér rétt að nefna. Stj. hét því samkv. kröfu Alþfl. að setja ný lög um laun opinberra starfsmanna þegar á þingi í fyrravetur. Það loforð var efnt að fullu á tilsettum tíma, og var þar með mikil réttarbót fengin, sem bæði var nauðsynleg og gleðileg. Næsta skrefið á að vera að setja lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. — Í stjórnarsamningnum er ekkert ákvæði beinlínis um úrbætur á húsnæðisleysinu. En í yfirlýsingu, sem ég las upp áðan, segir, að gera skuli „tillögur um frekari hagnýtingu erlendra innstæðna, svo sem um efniskaup til bygginga". — Ástæðan til þess, að Alþfl. taldi ekki rétt að fastbinda meira en 300 millj. kr. til kaupa á framleiðslutækjum, var sú, að honum var ljóst, hversu aðkallandi var að ráðast í stórfelldar byggingar íbúðarhúsa, auk byggingarframkvæmda í sambandi við hin nýju framleiðslutæki. Þess vegna var nauðsynlegt að sjá um, að nægur erlendur gjaldeyrir væri eftir skilinn til að mæta þörfinni fyrir byggingarefni.

Um húsnæðisvandræðin og nauðsyn íbúðarbygginga er óþarft að fjölyrða. Ástandið í þessum efnum er á hvers manns vitorði. Nú hefur félmrh. (FJ) lagt fyrir Alþ. frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, en byggingar í sveitum er ekki talið, að falli undir verksvið hans, en fylgi landbúnaðarmálunum. — Þykir mér rétt

að gera stuttlega grein fyrir helztu nýmælum í frv. þessu, þar eð ég tel, að ef það verður að lögum, sé stórt spor stigið til þess að vinna bug á húsnæðisvandræðunum.

Frv. er í 4 köflum. Hinn fyrsti er um breytingu á l. um verkamannabústaði, annar kaflinn er um byggingarsamvinnufélög, þriðji kaflinn um íbúðarbyggingar sveitarfélaga og hinn fjórði um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl. Lögin um verkamannabústaði voru sett og hafa síðan verið endurbætt fyrir forgöngu Alþfl. gegn harðri andstöðu þeirra, sem telja, að einkaframtakið eigi að leysa þessi mál. Þau hafa þegar gert stórkostlegt gagn, en væru nú ófullnægjandi til að leysa þau verkefni, sem aðkallandi eru, nema þeim sé breytt og fjárframlög aukin.

Helztu breyt. samkv. frv. eru þessar:

1. Tillag sveitarsjóða og ríkis hækkar úr 2 kr. frá hvorum aðila upp í 4 kr. lágmark, en má fara upp í 6 kr., ef bæjarstjórn ákveður verðlagsuppbót.

2. Inngönguskilyrði eru rýmkuð. Allir, sem ekki fara fram úr 7000 kr. tekjum að viðbættum 1000 kr. fyrir hvert skyldmenni, geta notið fullra réttinda.

3. Stofna má innlánsdeildir í félögunum, þar sem menn geta safnað smám saman fyrir framlagi sínu í íbúðina.

4. Vextir verði 2%.

5. Lánstími verði allt að 75 árum.

6. Lánin verði í 4 flokkum. Þeir, sem geta lagt meira fram og betur eru stæðir, fá lán til 42 ára, allt að 85% kostnaðarverðs. Þeir, sem minnsta getu hafa, fá lán til allt að 75 ára og 90% af kostnaðarverði. Til þess að eignast íbúð, sem kostar 66—67 þús. kr., þarf því að leggja fram 6—7 þús. kr. Ef 66 þús. kr. lán fæst til 75 ára, yrði ársgjaldið 1548 kr., afborganir og vextir, eða aðeins 129 kr. á mánuði. Ef lánið er til 42 ára, yrði ársgjaldið 2124 kr., eða 171 kr. á mánuði.

Sé gert ráð fyrir, að l. taki til staða með 10 þús. íbúa, yrðu tekjur byggingarsjóðsins frá 1,9 millj. til 2.7 millj., en það ætti að nægja til að greiða vextina af 2000 íbúðum. Tekjur byggingasjóða Rvíkur, ef framlag er 6 kr., ætti að verða ca. 1.4 millj. á ári, en það ætti að nægja fyrir vöxtum eitthvað á annað þúsund íbúa.

Gert er ráð fyrir, að samvinnubyggingarfélögin fái ríkisábyrgð fyrir 80% af kostnaðarverði og mega vera tvö í hverju sveitarfélagi.

Hér í Rvík búa um 1500 manns í bröggum og 1200 fjölskyldur í húsnæði, sem er alveg óhæft til íbúðar. Ekki er hægt að búast við því, að verkamannabústaðir og samvinnufélög leysi vanda alls þessa fólks. En slík íbúðarhverfi eru meinsemd, mannskemmandi. Þessu verður að útrýma. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að þar, sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum og ekki verður úr bætt á annan hátt á nægilega skömmum tíma, skuli bæjarfélagið gera ráðstafanir, er bæti úr húsnæðisvandræðunum á 4 árum, með því að byggja sjálft íbúðir. Ríkissjóður og bæjarsjóður leggi þá hvor um sig fram 16% af kostnaðinum, en ⅔ hluta skal ríkissjóður útvega sem lánsfé til 50 ára með 3% vöxtum. Íbúðirnar má síðan selja eða leigja þeim, sem húsnæðislausir eru og ekki geta notað sér samvinnufélög eða verkamannabústaði.

Samkv. fjórða kafla frv. er gert ráð fyrir, að ef skortur er á byggingarefni og iðnaðarmönnum, skuli skammta efnið þannig, að íbúðarhús til almenningsþarfa gangi fyrir ásamt nauðsynlegustu framkvæmdum í sambandi við framleiðsluna. Það er ekki ofmælt, að ef frv. þetta verður að l. og framkvæmd þeirra er í lagi, þá sé stórt skref stigið til þess að vinna bug á húsnæðisleysinu og bölvun þess. Ekki er um þetta samið beinlínis. En ég vænti þó, að Alþ. sjái nauðsynina og samþ. það í höfuðatriðum. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur einróma skorað á Alþ. að gera svo. — En við svo búið má ekki standa. Börn ná ekki fullum þroska. Fullorðnir bíða heilsutjón. Allt heimilislíf er að engu gert.

Eins og fyrr var sagt, lýsti ríkisstj. því yfir sem meginstefnu sinni, að allir landsmenn hafi atvinnu við sem arðvænlegastan atvinnurekstur. Í yfirlýsingu ríkisstj. segir einnig, að ríkisstj. hafi ákveðið að koma á á næsta Alþ. jafnfullkomnu kerfi almannatrygginga og í nágrannalöndunum. Um þetta voru einnig gerðir samningar þegar Alþfl. og Framsfl. gengu saman í stjórn 1934. Samkv. þessu frv. er öllum tryggingum steypt saman í eitt kerfi. Tryggingin er að meginefni tvíþætt: Annars vegar heilsuvernd og hins vegar tekjutrygging. — Í Rvík er gert ráð fyrir 1970 kr. í ellilífeyri fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri, en 1200 kr. á ári, þegar aðeins annað fær hann. Utan Rvíkur og kaupstaða, sem hafa yfir 2000 íbúa, verða upphæðirnar 1440 kr. fyrir hjón og 900 kr. fyrir einstaklinga. Ef gamalmenni tekur ekki lífeyri strax, hækkar hann um 5% með hverju ári, sem líður framyfir 67 ára aldur. Barnalífeyrir er greiddur, unz börn eru fullra 16 ára, eftir nánar ákveðnum reglum, og er hann 800 kr. í Reykjavík og stærri bæjum, en kr. 600 á stöðum undir 2000 íbúa. Þessi lífeyrir er greiddur elli- og örorkulífeyrisþegum, ekkjum, börnum, sem misst hafa foreldra sína og enga fyrirvinnu hafa, fráskildum konum o. fl. — Þá eru greiddar fjölskyldubætur til foreldra, sem hafa á framfæri 4 börn eða fleiri innan 16 ára aldurs. Fjölskyldubæturnar eru í Rvík 400 kr., en á stöðum undir 2000 íbúa 300 kr. Bæði barnalífeyri og fjölskyldubætur skal eingöngu nota til framfærslu og menntunar börnum þeim, sem hlut eiga að máli. — Þá skal greiða bætur til mæðra og ekkna. Gert er ráð fyrir þrenns konar bótum til mæðra við barnsburð. Í fyrsta lagi 80 kr. sem allar mæður eiga rétt á, og í öðru lagi fá mæður, sem vinnu stunda utan heimilis, auk þessara 80 kr. 140 kr. á mánuði í allt að 3 mánuði, ef vissum skilyrðum er fullnægt, og í þriðja lagi fá mæður, sem ekki stunda atvinnu utan heimilis síns, auk þessara 80 kr. 20 kr. upp í fæðingarkostnaðinn. Öllum ekkjum sé greiddur lífeyrir, og auk þess fá allar ekkjur barnalífeyri, sem hafa börn á framfæri sínu innan 16 ára aldurs. Mæður, sem stunda atvinnu utan heimilis síns, fá fæðingarstyrk, sem nemur 140 kr. á mánuði. Er hann greiddur í 12 vikna tíma, — í 6 vikur fyrir barnsburð og 6 vikur eftir. Kona, sem hefur 3 börn á framfæri sínu, fær fyrir börnin 7000 kr., en fyrir sjálfa sig 1700

kr. Þetta eru hinar föstu greiðslur, en auk þess eru greiddir dagpeningar fyrir sjúkralegu. Í sjúkrabætur er greitt kr. 7.50 á dag fyrir gifta menn, en kr. 5.00 fyrir ógifta. Tilgangurinn með þessu er sá að tryggja að móðirin þurfi ekki að líða skort, þótt tekjurnar bregðist. Við lítum svo á, að það sé meginskylda þjóðfélagsins að tryggja félagslegt öryggi þegnanna gegn skorti og öðru böli, sem orsakast af þeim ástæðum, sem hlutaðeigendur eiga ekki vald á. Þegnarnir eiga rétt á, að þjóðfélagið veiti þeim slíkt öryggi í svona tilfellum.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að allir hafi sama rétt til bóta. Sumum finnst það óeðlilegt, vegna þess að menn hafa mismunandi tekjur. Um þetta eru skiptar skoðanir, en þó varð það ofan á í n. að láta alla hafa sama rétt, og er þetta algerlega í samræmi við annað þvíumlíkt, sem hér hefur tíðkazt, svo sem við slysatryggingar, í sjúkrasamlögunum, við lífeyrisgreiðslu o. s. frv. Einnig er veittur styrkur til landbúnaðar og sjávarútvegs án tillits til efnahags, enda er mat á efnahag manna hvimleitt og vandasamt verk, sem nær ekki tilgangi sínum. Það sýnir sig samkv. skýrslum, að það er sáralítill hluti þjóðarinnar, sem er svo efnum búinn, að hann þarf ekki á styrk að halda, og um hann munar því tiltölulega lítið. N. leggur til, að lífeyrisgreiðslur verði háðar efnahag manna 5 fyrstu árin frá gildistöku l., en síðan eða eftir 1. jan. 1952 hefjist fullar lífeyrisgreiðslur án tillits til tekna.

Iðgjöldin eru breytileg. Lægsta gjald er fyrir ógifta konu á 2. verðlagssvæði 7 kr. á mánuði, en hæst 15 kr. á mánuði fyrir kvæntan mann á 1. verðlagssvæði, miðað við núv. vísitölu, 285. Atvinnurekendur eiga að borga slysatryggingu og auk þess fast iðgjald fyrir hvern þann, sem rétt á til slysabóta.

Heilsuvernd verður aukin verulega, og sjúkrasamlögin taka hana undir sína þjónustu. Í staðinn fyrir mörg gjöld, t. d. í sjúkrasamlög og lífeyrissjóð, og þar af leiðandi verða margar tegundir sjóða, er nú ætlazt til, að öll þessi gjöld renni í einn sjóð, tryggingasjóð, er tekur yfir allar tegundir trygginga.

Hvað kostar nú allt þetta? munu margir spyrja. Áætlaður kostnaður er samtals 72 millj. kr. En nú er varið 40 millj. til þessara trygginga, svo að bein kostnaðaraukning er 32 millj. kr. Ráðgert er, að þessi auknu útgjöld skiptist þannig: Hinir tryggðu greiði 20.9 millj. eða 29%. Atvinnurekendur greiði 11.8 millj. eða 16.5%. Sveitarfélög greiði 15.3 millj. eða 21%. Ríkissjóður greiði 24 millj. eða 33.5%. Ætlazt er til, að framlag ríkissjóðs hækki um 11 millj. kr., en sveitarfélaga um 5 millj. kr. — Tekjur í fjárl. eru nú áætlaðar um 138 millj. kr., en útgjaldaaukningin, sem af tryggingunum leiddi, er 11 millj. kr. Hækkun þeirra mundi því nema 9—10% til að ná settu marki. Heildarupphæð útsvara landsmanna nemur nú 50 millj., og lætur því nærri, að aukning útsvaranna mundi einnig nema 10%. Nú er ekki nema eðlilegt, þótt einhver spyrði: Er okkur þetta ekki um megn? Þá er fyrst að athuga tekjur þjóðarinnar í heild. Árið 1943 námu þær um 750 millj., en 1944 hafa þær sennilega numið 800 millj. Ef þetta er rétt, þá ættu heildarútgjöld tryggginganna að nema 9% af þjóðartekjunum. Ekki verður með sanni sagt, að það sé ýkja mikið, þegar þess er gætt, hversu viðtækar tryggingarnar eru. Rétt er að geta þess, að í frv. eru engin ákvæði um atvinnuleysistryggingar. En n. hefur einnig til athugunar tillögur Jóns Blöndals um Atvinnustofnun ríkisins. Er ráðgert, að til hennar renni 3 millj. kr. af árlegum tekjum tryggingasjóðs, þegar hún verður komin upp. Hækkun á elli- og örorkulífeyri nemur um 75%, og er það langmesta hækkun á einum lið.

Ég sé nú, að tími minn er á þrotum, en e. t. v. gefst mér tækifæri síðar að skýra nánar frá frv. þessu. Ég vil að lokum endurtaka það, að ég tel það meginverkefni, sem fyrir þ. þessu liggur, vera þau tvö frv., sem ég hef drepið á, en það eru frv. um opinberan styrk til íbúðarhúsabygginga og tryggingafrv., sem samið hefur verið um, að gangi fram á þessu þingi. Mér er ánægja að lýsa því yfir, að um þau atriði, sem framkvæma átti, hefur verið hið bezta samkomulag á milli stjórnarflokkanna.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið 2. umr. (útvarpsumr.) um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Það mun sjaldan hafa þekkzt aumari frammistaða hjá stjórnarandstæðingum en sú, sem Hermann Jónasson sýndi í gærkvöldi, jafnvel enn aumari en efni stóðu til. Er þó málstaður Framsóknar alveg sérstaklega illur nú, er hún velur sér það hlutskipti að reyna að draga kjark úr landsmönnum einmitt þegar þeir þurfa hvað mest á djörfunginni að halda. En mótsagnakenndari árásir á ríkisstj. en þær, sem Hermann Jónasson og Co. tvinnaði saman, er varla hægt að hugsa sér. Í einu orðinu segir Hermann, að nýsköpunin sé ekkert nema skýjaborgir, hún sé bara pappírsnýsköpun og verði aldrei meira. Í næstu setningu segir hann, að stjórnin sé að framkvæma nýsköpunina og það með slíkum krafti, að það valdi ofþenslu í atvinnulífinu, þessi framkvæmd sé bókstaflega stórhættuleg. Þá virtist hann vera kominn á Visislínuna alkunnu, að framkvæmd nýsköpunarinnar sé glæpur, landráð og svikráð við þjóðina. En í þriðju setningunni er Hermann allt í einu búinn að bylta öllu við: þá er nýsköpunin hvorki skýjaborgir né glæpur, þá er hún Framsóknarframburður, sem Hermann hefur velþóknun á, og sjá, Hermann hefur sjálfur hinar fegurstu fimm ára áætlanir til þess að framkvæma. Það er ekki þægilegt fyrir Hermann Jónasson að vera í senn svartasta afturhald landsins og þurfa svo öðru hvoru að sýnast róttækur til þess að glata ekki síðustu leifunum af fylgi sínu og veifa þá framan í fólkið sömu hugsjónunum og hann bannfærir í hinu orðinu.

Hermann Jónasson og Framsfl. hafa haft eitt tækifæri til þess að taka þátt í nýsköpunarstjórn þjóðarinnar. Þeir slepptu því tækifæri, af því að þessir kumpánar bjuggust við að geta eyðilagt stjórnarmyndunina og nýsköpunina

alveg. Hermann Jónasson og Framsfl. hafa síðan haft tækifæri til þess að vinna að framkvæmd nýsköpunarinnar sem hverjir aðrir íslenzkir borgarar. Þeir eru svo sem hvorki valdalausir vesalingar, umkomulausir fátæklingar né fjárlausir, þessir herrar, þó að ekki sitji þeir í ríkisstj. En þeir hafa engan lit sýnt á því að taka samsvarandi þátt í nýsköpuninni eins og aðrir borgarar þessa lands: atvinnurekendur, verkamenn og bændur. Hið volduga og ríka S.Í.S., er þeir stjórna, hefur verið allra stórfyrirtækja smávirkast um nýsköpunina. Landsbankastjórinn, sem flokkur þeirra á, hefur verið manna fjandsamlegastur nýsköpuninni, og blað þeirra, Tíminn, hefur svo gersamlega afhjúpað hatur sitt við nýsköpunina, að hann þefur meira að segja ekki getað dulið gleði sína, er slys hefur komið fyrir eins og það, að nýbyggt skip hefur sokkið. Hermanni Jónassyni þýðir ekkert að reyna að breiða með lýðskrumi og fögrum loforðum yfir afturhaldseðli sitt. Fólkið sér í gegnum þá sauðargæru hans, hún er orðin svo gatslitin af langri og freklegri brúkun. Nazisminn í Þýzkalandi gat reynt svoleiðis aðfarir, þegar Hermann var niðri í Köpenick að lesa, hvernig berja skyldi á verkamönnum. En síðan er alþýðan búin að sjá, hvað undir slíku lýðskrumi afturhaldsins býr, og farin að vara sig. Og allra sízt mun þó þjóðin taka fimm ára áætlanir hans um nýsköpun alvarlega, þótt hann veifi þeim í vinstri hendinni, þegar hún horfir á hann stinga Jóni Árnasyni, svarnasta andstæðingi nýsköpunarstefnunnar, í bankastjórn Landsbankans með þeirri hægri til þess að berjast á móti nýsköpuninni. Íslenzka þjóðin þekkir aðeins eina 5 ára áætlun Hermanns Jónassonar, og við þá áætlun hélt hann líka fast í gærkvöld. Sú 5 ára áætlun var eini fasti punkturinn, þegar þessi þekkti fimleikamaður var að sýna listir sínar í því að fara í gegnum sjálfan sig. 1941 gerði Hermann Jónasson eina áætlun: Kaup hins fátæka manns skal lækka eða því a. m. k. haldið niðri. Í ársbyrjun 1942 byrjaði svo Hermann Jónasson framkvæmdir á þessari áætlun. Kauphækkanir bannaðar með l., verkamenn sviptir samningsfrelsi og byrjað að tryggja stríðsgróðamönnum meiri gróða en nokkru sinni fyrr. Hermann Jónasson sagði síðar á því ári, að þessi áætlun hefði mistekizt, vegna þess að Sjálfstfl. hefði runnið frá því að framkvæma hin ágætu gerðardómsl. Árið 1943 segir Hermann Jónasson allt vera komið í öngþveiti, vegna þess að hans stórkostlega áætlun hafi ekki verið framkvæmd. Og allt er þetta því að kenna, að íhaldið rann frá því að framkvæma gerðardómsl. Árið 1944 segir Hermann Jónasson: Stöðvun, hrun, vegna þess að íhaldið þorði ekki að berja verkalýðinn niður með mér og framkvæma áætlun mína. 1945 segir Hermann Jónasson: Hrunið er komið. Allt er þetta vegna þess, að ekki var farið að mínum ágætu ráðum og framkvæmd gerðardómsl., þrælal. Áætlunin hans Hermanns Jónassonar er því orðin 5 ára gömul. Og hve fögur og fyrirheitarík er hún ekki! Er hún ekki lifandi eftirmynd skapara síns? Hrokinn, ofbeldislöngunin, rangsleitnin, allt einkennir þetta 5 ára áætlun Hermanns Jónassonar, sem honum tókst ekki að framkvæma. Þjóðin þekkir því hina einu sönnu 5 ára áætlun Hermanns Jónassonar, og hún mun aldrei gefa honum tækifæri til að framkvæma þá 5 ára áætlun kúgunarinnar, kauplækkunarinnar og þrældómsins. Því að hver yrði framkvæmd þeirrar 5 ára áætlunar? Hún liggur í augum uppi: Harðvítugasta baráttа innan þjóðar vorrar milli verkamanna og atvinnurekenda, svo harðvítug, að þjóðfélaginu stafaði stórhætta af. Við skulum láta Hermann Jónasson sjálfan dæma um þennan verknað að kljúfa þannig þjóðina og æsa stéttir hennar til hatrömmustu baráttu. Hermann Jónasson sagði í gærkvöld: Hver þjóð, sem lætur kljúfa sig í sundur, tortímir sér. Hv. þm. minntist meira að segja á kvislinga í sambandi við slíkan verknað. En hvert var verkið, sem Hermann Jónasson var að reyna að framkvæma, eina verkið, sem hann hefur haldið fast við að reyna að framkvæma í 5 ár: Það er að kljúfa þjóðina í sundur í tvær hatrammar fylkingar, sem berist á banaspjót, þó að það kosti það, að frelsi hennar og efnahagsleg afkoma glatist. Hvaða mark verðskulda slíkir menn eftir orðum Hermanns Jónassonar? Og svo klykkir þessi frumkvöðull 5 ára áætlunar hermennskunnar, sem þjóðin vildi ekki sjá, út með því að hrópa til fólksins: Sjáið mig, ég er hinn eini bjargvættur ykkar, ég er fulltrúi og fyrirmynd heilbrigðra umbótamanna.

Svo vantaði náttúrlega ekki, að við sósíalistar fengjum viðeigandi sendingu frá þessum „heilbrigða umbótamanni“. Þjóðin átti að vara sig á okkur, við vorum svo ægilegir niðurrifsmenn. Hann virtist ætla að sanna það með fölsuðum tilvitnunum úr Morgunblaðinu. En staðhæfingar duga lítt. Þjóðin mun dæma oss sem hann eftir verkunum. Við höfum verið í stj. eitt ár. Það er glæsilegasta uppbyggingarár, sem þekkzt hefur í sögu íslenzks atvinnulífs frá upphafi vega. Og ef Hermann Jónasson ætlar að telja þjóðinni trú um, að kaup á 30 togurum, allmörgum vélbátum, undirbúningur undir byggingu síldarbræðsluverksmiðju og fleiri slíkar aðgerðir séu niðurrif, en bann á kauphækkun verkamanna, þrælalög gegn verklýðssamtökunum og fangelsun verklýðsleiðtoga séu hins vegar heilbrigðar umbætur, þá er ég hræddur um, að þjóðin endi með því að rífa Hermann Jónasson og fylgi hans niður í næstu kosningum til þess að knýja þannig fram þær „heilbrigðu umbætur,“ sem þurfa að gerast í kollinum á slíkum mönnum, til þess að þeir séu hæfir til að starfa að stjórnmálum.

Framsóknarmenn voru í gærkvöld að reyna að slá um sig með því að halda því fram, að þau laun, sem greidd væru í nýbyggingarráði, væru alveg ógurlega há og þar ætti sér stað alveg óvenjuleg eyðsla. Það er bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur. Þegar farið var að athuga, hvaða launagreiðslur skyldu vera í nýbyggingarráði, voru teknar til hliðsjónar greiðslur í hliðstæðum stofnunum. Fyrir valinu varð þó einkum viðskiptaráð, sem er eins og kunnugt er, uppáhald og kjörbarn Framsfl. Þeir menn, sem stjórna viðskiptaráði, hafa sem hér segir: Formaður 1100 kr. í grunnlaun á mánuði plús

dýrtíðaruppbót plús 9000 kr. á ári fyrir fundahöld. Aðrir í ráðinu auk formanns hafa 1000 kr. í grunnlaun plús dýrtíðaruppbót plús 6000 kr. á ári fyrir fundahöld. Þegar farið var að athuga þetta, var talið sjálfsagt að hafa þarna töluvert lægri laun en í viðskiptaráði, þannig, að grunnlaun voru ákveðin þau sömu, en engar 6000 kr. borgaðar fyrir fundahöld. Það var litið svo á, að það tilheyrði starfinu. En ég vil benda á, að þarna er skiljanlega um mjög mikilvæga n. í landinu að ræða, þar sem hún á að hafa forustu um að hrinda af stað hinni miklu nýbyggingu í landinu. En Framsfl. er öðru vanari. Sá flokkur er vanari, að n. sitji til þess að banna mönnum að flytja inn og byggja skip og yfirleitt að bjarga sér.

Hv. 3. landsk. minntist á afstöðu Alþfl. til stjórnarmyndunarinnar og nýsköpunarinnar. Ég held bæði Sjálfstfl. og Sósfl. hafi ekki verið að reyna að svipta Alþfl. því, sem honum hefur borið af heiðrinum af framkvæmd nýsköpunarinnar, og ég held þeir láti Alþfl. fá þar bróðurpartinn, en við kunnum því illa, ef Alþfl. ætlar að seilast til allrar nýsköpunarinnar bara fyrir sjálfan sig. Það væri ef til vill rétt að rifja upp það, sem Alþfl. sagði fyrst um nýsköpunina á sínum tíma. Það stendur í Alþýðublaðinu 14. sept. 1944. Þar er nýsköpunin bókstaflega stimpluð sem skýjaborgir og öll sögð búin til úr froðu einni. Þess vegna held ég Alþfl. ætti að tala rólega um afstöðuna til nýsköpunarinnar og gera ekki tilraun til að eigna sér meira en það, sem hann á. En þrátt fyrir það að Alþfl. eigi nú að hafa komið með nýsköpunarprógrammið, þá marðist það aðeins í gegn, að Alþfl. tæki þátt í ríkisstj. Það var samþ. í miðstjórn flokksins með 11:10 atkv. og 4 sátu hjá. Ég held því það sé bjarnargreiði við Alþfl. að minnast á þessi mál.

Það hefur aldrei síðan tekinn var upp eldhúsdagur á Alþ. verið eins lítil ástæða til að halda eldhúsdag yfir nokkurri ríkisstj. og þeirri, sem nú situr. Aldrei hefur nokkur ríkisstj. á fyrsta ári sínu efnt eins mikið af loforðum þeim, sem hún gaf þjóðinni þegar hún tók við völdum. Aldrei hefur verið meiri stórhugur og sókn hjá þeirri forustu þjóðarinnar, sem hver ríkisstj. á að vera, en einmitt hjá þessari stjórn. En það er ástæða til eldhúsdags yfir þeim öflum, sem hamast á móti þessari framfarastj. og svífast þess ekki að reyna úr hvaða skúmaskoti sem þeir geta að bregða fæti fyrir hin þjóðnýtu mál hennar. Áður en þessi stjórn tók við völdum, var ástandið þannig í landinu, að einn bankastjóri Landsbankans ásamt heildsala þeim, sem stjórnar Vísi, réðu hér ríkjum og stefndu landinu í beint öngþveiti og kreppu, sem þeir sögðu óhjákvæmilega. Og málgögn þessara manna gerðu allt, sem þau gátu, til þess að telja þjóðinni trú um, að ekkert nema öngþveiti, hrun og kreppa væri framundan, og það væri svikræði og glæpur við þjóðina að láta sér detta í hug aðrar eins firrur og þær að fara að kaupa handa landinu ný framleiðslutæki, áður en þessi óumflýjanlega kókakólakreppa kæmi. Þetta hrunstefnulið reyndi ekki aðeins að ala á bölsýni þjóðarinnar og telja allan **kjark** úr henni, það gerði líka allt, sem það gat, til þess að hindra það, að ný ríkisstj. kæmist til valda, sérstaklega til þess að hindra, að farið yrði að framkvæma af hálfu ríkisstj. stórhuga og róttæka framfarastefnu, sem gerbreytir tækni og afkastagetu landsmanna. Þetta hrunstefnulið skeytti því engu, þótt álit þingsins væri að eyðileggjast með þjóðinni. Það jafnvel fagnaði því, að íslenzkt þingræði væri komið á glötunarbarm, og gerði sínar ráðstafanir til þess að hrinda því fram af. Það skeytti því heldur engu, þótt auðséð væri, að einmitt breytt og bætt tækni væri eina ráð þjóðarinnar til þess að mæta nýrri kreppu. Það virtist þvert á móti vilja hindra þær breytingar, svo að þjóðin stæði berskjölduð uppi, þegar hún ætti að fara að keppa um rúm sitt á heimsmarkaðinum. Það virðist hafa verið unnið vísvitandi að því að steypa Íslandi út í pólitíska og atvinnulega kreppu, sem vel væri hugsanlegt, að hefði riðið bæði þingræði þjóðarinnar að fullu og rýrt afkomu hennar ógurlega. Alþ. Íslendinga bar gæfu til þess fyrir rúmu ári síðan að setja þessa skemmdarklíku hrunstefnuliðsins út úr ríkisstj. og skapa nýja stórhuga ríkisstj. nýsköpunarinnar. Og Alþ. markaði með myndun hinnar nýju stjórnar þá djörfustu og stórtækustu stefnu, sem nokkur ríkisstj. hefur ákveðið að framkvæma á Íslandi. Aldrei hefur þjóðin fylkt sér eins einhuga um nokkra stj. sem þessa. Hrunstefnuliðið rak upp óp um glæpi, launráð og skýjaborgir. En ekkert af áróðri þessum fann hljómgrunn hjá þjóðinni. Þegar á leið árið og auðséð var, að ríkisstj. ætlaði ekki að láta sitja við orðin tóm, heldur hóf stórfelldar aðgerðir sérstaklega á sviði skipabygginga og bátakaupa og auðséð var, að allt framtak í landinu studdi hana í verkinu, þá vissi þetta afturhaldslið ekki, hvaðan á sig stóð veðrið. Sumir afturhaldskurfarnir, sem hrópað höfðu árið áður, að nú dyndu yfir kreppur, atvinnuleysi og öngþveiti, sögðu nú: Hvar ætlið þið að taka menn á öll þessi skip? En hinir frekari lýðskrumarar böðuðu bara út höndunum og sögðu: 90 mótorbátar, 30 togarar, hvað er það? Ekki neitt. Og það voru sömu mennirnir, sem horft höfðu upp á það, meðan þeir voru forsætisráðherrar í 8 ár, að fleytunum fór sífækkandi. Það hafði sýnt sig að vera rétt, sem við sögðum fyrir einu ári síðan, að einmitt nú væri tækifæri fyrir Íslendinga, og nú yrði að grípa það tækifæri. Það hefur sýnt sig að vera rétt, að það var ekki seinna vænna að gera stórfellda samninga um skipasmíðar erlendis, sem nú hafa verið gerðir. Það er óútreiknanlegur hagur fyrir þjóðina, að þessar ákvarðanir hafa verið teknar og bankastjórar og heildsalar kókakólaliðsins fengu ekki að ráða. — En það voru ekki aðeins þessir möguleikar, sem við bentum á í fyrra, að hagnýta þyrfti. Við bentum ekki aðeins á, að það þyrfti að afla framleiðslutækja, svo að við gætum tvöfaldað eða margfaldað alla framleiðslu okkar, við þyrftum líka að stækka markaði okkar verulega. Ísland hefur nú mestu möguleika, sem það hefur nokkurn tíma haft í sögu sinni til þess að koma afurðum sínum inn í flest lönd Evrópu. Meðal hverrar einustu þjóðar Evrópu er matarskortur. Við framleiðum

einhvern bezta mat, sem framleiddur er í heiminum. Við höfum kvartað yfir því ár eftir ár að geta ekki fengið þjóðirnar til að kynna sér þennan mat okkar. Nú er hver einasti maður reiðubúinn að borða hann, ef hann bara kemst til þeirra. Og við höfum sjálfir þá trú á gæðum þessa matar, að við álítum, að hver þjóð, sem einu sinni byrjar að borða síld okkar og fisk, muni halda því áfram þegar betri tímar koma fyrir þær. Þess vegna liggur okkur lífið á að koma þessum afurðum okkar, hraðfrystum fiski, saltaðri síld og niðursuðuvörum, til þessara þjóða á næstu vikum og mánuðum. Það liggur lífið á því, að við höfum öll tæki til þessa og hver dagurinn er dýrmætur fyrir okkur. Og hjá þessum þjóðum, sem af okkur vilja kaupa, er öflun matar barátta um líf eða dauða. En meginið af þessum þjóðum, sem við þurfum að selja til, standa í augnablikinu uppi með lönd sín flakandi í sárum og atvinnukerfi sín í ólagi. Við erum aftur á móti í augnablikinu rík þjóð af peningum, og við getum gefið þeim lánsfrest, ef við viljum, og við þurfum þess, ef við viljum eiga þessar þjóðir, sem áður en langt um líður verða efnaðar, að góðum viðskiptavinum. — Til þess að hagnýta þá möguleika, sem við höfum hvað markaði snertir, þá verðum við í fyrsta lagi að setja hálfu meiri hraða í uppbygginguna á Íslandi en gert var ráð fyrir, að flýta byggingu togara, kaupum báta, byggingu hraðfrystihúsa, niðursuðuverksmiðja, lýsisherzluverksmiðju og sköpun hvers konar nýrrar tækni sem við frekast getum. Og við verðum að samstilla alla okkar krafta í þessu og bægja vægðarlaust frá í krafti lýðræðisins þeim öflum, sem standa þarna á móti. Í öðru lagi verðum við að taka upp skjótvirka og djarfa verzlunarpólitík, ekki aðeins við Ameríku og England, heldur við öll lönd meginlands Evrópu, sem við getum komið á verzlunarsamböndum við, og ekki hika við að fara út í djarfa lánapólitík líkt og Svíþjóð, England og Ameríka og aðrar þjóðir, sem standa þannig að vígi, að þær geta lánað. En hvernig eru horfurnar fyrir því, að við getum framkvæmt þessa pólitík? Það liggur í augum uppi, að til þess að tryggja framkvæmd hennar þarf algera samstillingu bankanna í landinu við stefnu ríkisstj. En hvernig er viðhorfið í þessum hlutum í dag. Nýbyggingarráð hefur fyrir hálfu ári síðan gengið frá frv. um fiskveiðasjóð til þess að skapa eðlilega, efnalega undirstöðu undir framkvæmdir nýbyggingarinnar, hvað togara- og bátakaup og fiskseljendur snertir. Þetta frv., sem bæjarfélög eiga afkomu sína og möguleika undir og þyrfti að vera komið í gegn fyrir löngu, er nú fyrst að sjá dagsins ljós í þ. Og hvernig stendur á þessu? Það stendur þannig á því, að allan þennan tíma hefur einmitt einn af þeim herrum, sem rekinn var úr ríkisstj. í fyrra, haldið uppi baráttu úr því vígi, sem hann hefur verið að reyna að skapa sér og hrunstefnu sinni í sjálfum þjóðbanka landsins. Slíkt getur þjóðin náttúrlega ekki þolað. Auðvitað ber umráðamönnum bankans að lúta skýlausum vilja þjóðarinnar, sem aldrei hefur komið eins skýrt fram og einmitt við mótun stefnu núv. ríkisstj. En Framsóknarherrarnir halda auðsjáanlega enn þá, að þeir séu valdið, sem eigi að drottna í landinu.

Því miður hefur það gerzt, að í staðinn fyrir að kókakólaliðið hafi verið rekið út úr stjórn Landsbankans, hafa helztu forkólfar þess getað skipzt á embættum eftir vild. Skipun Jóns Árnasonar, yfirlýsts fjandmanns nýbyggingarinnar á Íslandi, í bankastjórastöðu Landsbankans er kinnhestur gagnvart þeim yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, sem hefur fylkt sér um nýsköpunarstefnu stj., en þó sérstaklega framan í verkalýðinn og sjávarútvegsmenn, sem einmitt áttu kröfu á því, að stjórn Landsbankans væri breytt þannig, að nýsköpunin eignaðist þar hauk í horni, en ekki svarinn fjandmann. Það er nauðsynlegt, að það komi fram og þjóðin sýni það við hvert tækifæri, sem henni gefst til að láta skoðun sína í ljós, að hún vill ekki láta bjóða sér þess háttar vinnubrögð. Alþýðan og útvegsmenn þessa lands eru engar skóþurrkur fyrir einhverja óvalda Framsóknarkurfa, heldur það vald, sem á að ráða þessu landi.

Þjóðin er búin að fá meira en nóg af þeirri fátækt hugsjóna, af því hróplega framtaksleysi í nýbyggingarmálum og af þeirri fákænsku í fjármálavísindum nútímans, sem einkennt hefur bankapólitík Framsóknarvaldsins. Þjóðin er búin að fá nóg af Framsókn. Hún er búin að fá nóg af þekkingarleysi hennar á fjármálum, meira að segja bankastjórar þessa flokks og helztu fjármálaspekingar hafa verið eins og álfur út úr hól og hrópað: Hrun, hrun, verðlækkun, verðlækkun, þegar vörurnar hafa verið að hækka erlendis og beztu tækifærin hafa gefizt til að auka markaði okkar. Þjóðin er búin að fá nóg af yfirgangi Framsfl., af því að láta þennan flokk vera Þránd í Götu hvers konar stórra framfaramála landsins. Þjóðin er búin að fá nóg af hugsjónaleysi og steinrunnu afturhaldi þessa gamla embættisflokks, sem engu hefur gleymt og ekkert lært síðustu fimm árin og hrópar því enn á gerðardóm og þrælalög sem eina úrræðið í öllum vandamálum þjóðarinnar. Þeir þursar, sem þannig hrópa, þegar dagur frelsis ljómar að nýju um veröldina, geta aðeins sætt þeim álögum að stirðna sem náttröll. Og þjóðin mun sjá fyrir því, að þau verði örlög Framsóknar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) var hér áðan og hæstv. atvmrh. í gær að narta utan í Alþfl. Skal ég ekki eyða tíma til þess að andmæla ummælum þeirra, því að til þess að gera þær sakir upp heyrir annar vettvangur. Þessar umr. eiga að fjalla um afstöðu núv. ríkisstj. til stjórnarandstöðunnar og á hvern hátt málum ríkisstj. hefur verið á haldið. — Hv. 2. þm. Reykv. var að ræða um afstöðu Alþfl. til nýsköpunarinnar og að það hefði aðeins mariz t í gegn, að hann hefði gengið til samstarfs um stjórnarmyndun. Því verður hins vegar hvorki neitað af honum né öðrum, að það var Alþfl., sem setti svipinn á allt samstarfið við stjórnarmyndun, en ástæðan fyrir því, að flokkurinn tók þátt í stjórnarmyndun, var eingöngu því að þakka, að þau mál fengust fram, sem

Alþfl. lagði mesta áherzlu á. Ég ætla ekki hér að fara frekar út í að svara Sósfl. og tel, að það eigi ekki að gerast á þessari stundu.

Mér datt í hug í gærkvöld, er ég hlustaði á ræðu hv. þm. Str., að „fár bregður hinu betra, ef hann veit hið verra." Verk ríkisstj. taldi hann vera með sjúkdóms- og feigðarmerkjum, og náttúrlega var ekkert fyrir þessa stj. misréttis, verðbólgu og dýrtíðar að gera annað en segja af sér og láta Framsókn taka við. Aðalinntakið í ræðu hans var þetta: Ríkisstj. hefur ekki hreyft hönd né fót til stöðvunar dýrtíðarinnar, þrátt fyrir að þessu var lofað við stjórnarmyndunina, en af þessu hefur leitt fjárhagslegt öryggisleysi og spákaupmennsku í stórum stíl. Þrisvar sinnum hafa stjórnarflokkarnir beinlínis hindrað Framsfl. í því að koma dýrtíðarmálunum í lag. Ríkisstj. hefur ekki getað hindrað verkföll og hefur þó orðið að láta undan kauphækkunarkröfum 50—60 félaga. Framlög til verklegra framkvæmda hafa verið dregin saman í hlutfalli við rekstrarútgjöld ríkisins. Nú er enginn peningur til og verður að taka lán, þegar hefja á framkvæmdir, sem nokkurs eru verðar, svo sem landshöfn og nýja Suðurlandsbraut. Tekjur ríkisins eru að 2/5 hlutum tolltekjur og ⅕ áfengistekjur. Skattarnir lenda fyrst og fremst á fátæklingunum, eins og veltuskatturinn, en þeir ríku sleppa með stríðsgróðann, sem hvergi í heiminum þekkist nema á Íslandi. Lífsafkoma og öryggi hinna vinnandi stétta væri gersamlega í molum, bæði sjómanna og bænda. Sjómannanna vegna þess, að allt verðlag væri of hátt, en bændanna vegna þess, að verðlag á framleiðsluvörum þeirra væri of lágt og allt vald væri af bændunum tekið yfir framleiðsluvöru þeirra. Nýsköpunin væri farin út um þúfur, vegna þess hve illa hefði verið staðið að þeim málum. Tvær nefndir hefðu unnið að togarakaupunum í stað einnar, þess vegna væri verðið komið upp úr öllu valdi, óútreiknanlegt, hve mörgum milljónum hefði verið sóað þar að óþörfu, og síðan fengist enginn til að kaupa skipin. Ýmislegt fleira sagði þessi hv. þm., svo sem að allur málarekstur í heildsölumálunum svo kölluðu hefði verið með afbrigðum skeleggur, og mátti greinilega skilja, að öðruvísi hefðu verið rekin tryppin, ef hann hefði með þau farið. — Vegna þess að ég hef aðeins nauman tíma til umráða, tekst mér sjálfsagt ekki að gera öllum þessum málum skil, en ég mun leitast við að drepa lítillega á það helzta.

Verðlagsmálin eru margrædd, og skal ég því lítið minnast á þau. Það er rétt, að afstaða stjórnarflokkanna til þeirra er allt önnur en Framsfl. Framsfl. hefur fyrst og fremst krafizt kauplækkunar, en stjórnarflokkarnir hafa ekki viljað fara þá leið, fyrr en öll önnur sund væru lokuð. Með fullkomnari tækjum, hagnýtari vinnubrögðum og síðast en ekki sízt með því að fullvinna vörurnar í stað þess að selja þær hálfunnar eða óunnar hafa stjórnarflokkarnir viljað freista að ná endunum saman, og það verður a. m. k. reynt, áður en gripið verður til ráða Framsfl., sem eru neyðarúrræði. — Það er einnig rétt, að þrisvar sinnum hefur Framsfl. haft örlagarík áhrif á gang þessara mála, og í öll skiptin til óþurftar. Í fyrsta sinn 1940, þegar fyrir atbeina þess flokks voru slitin tengslin milli kaupgjalds og verðlags, sem þá höfðu gilt um skeið, eins og minnzt var á hér í gærkvöld. Í annað sinn, þegar gerðardómsl. voru sett 1942 í ársbyrjun, sem komu af stað hinni mestu aukningu dýrtíðarinnar, sem átt hefur sér stað hér á landi. Og í þriðja sinn, þegar 6 manna n. sáttmálinn var gerður 1943, sem Alþfl. hefur oft bent á, að byggir á mjög hæpnum forsendum. Allar þessar aðgerðir, sem örlagaríkastar og afdrifaríkastar hafa orðið fyrir verðlagsmálin og mest hafa ýtt upp vísitölunni, hafa því verið gerðar fyrir atbeina og frumkvæði Framsfl., og það eru afleiðingar þessara aðgerða, sem stj. og þjóðin eiga nú við að glíma, sérstaklega vegna verðlags landbúnaðarafurðanna, sem nauðsynlegt hefur verið að greiða niður úr ríkissjóði, til þess að kaupgjald þyrfti ekki að vera enn miklu hærra. Vísitölunni er haldið niðri með opinberum aðgerðum, greiðslum úr ríkissj., um 30—40 stig, eins og kunnugt er. Til þessa hefur orðið að greiða árlega hin síðustu ár svo milljónatugum skiptir úr ríkissjóði eða 20—30 millj. árlega. Ef ríkissjóður hefði ekki þurft að greiða þessa stórkostlegu fjárfúlgu, hefði vitaskuld verið hægt að auka að miklum mun framlög til verklegra framkvæmda, greiða upp skuldir ríkissj. og auk þess safna sjóðum. Nú koma framsóknarmenn og segja, að minna hafi verið greitt til verklegra framkvæmda en efni standa til. En ég vil þó leyfa mér að spyrja: Er það undarlegt, að það segi einhvers staðar til sín, er slíkar fjárfúlgur eru teknar til þessara greiðslna? Ekki er a. m. k. hægt að nota féð aftur til annars, sem einu sinni er búið að nota í þessu skyni til þess að greiða niður verðlag á landbúnaðarafurðum.

En hvernig er það svo með framlög ríkisins til opinberra framkvæmda? Því var haldið fram við 1. umr. þessa máls hér í haust af hv. 2. þm. S.-M., Eysteini Jónssyni, að þessi framlög væru í fjárlfrv. ríkisstj. óhæfilega lág, og þetta var endurtekið í gærkvöld af hv. þm. Str., Hermanni Jónassyni. Ég hélt því fram í haust, er ég svaraði hv. 2. þm. S.-M., að frv. gerði þvert á móti ráð fyrir meiri greiðslum í þessu skyni en tiðkanlegt væri, og enn fremur benti ég þá á, að venjan væri sú, að í meðferð þingsins væru þessar upphæðir ávallt hækkaðar verulega, og væri því ekki rétt að slá neinu föstu um þetta, fyrr en fjárl. væru afgreidd, en vitanlega eru það stjórnarflokkarnir, sem ráða því, hversu fer um þá afgreiðslu. Ég vil gera lítils háttar samanburð á því, hvernig fjárl. fyrir 1946 líta út í dag, en þau voru í öllum meginatriðum afgr. við 2. umr. í gær, og svo því, hvernig síðustu fjárl. fyrir stríð og í stríðsbyrjun litu út hvað verklegar framkvæmdir snertir. Mun þá koma í ljós, hvort dregið sé nú úr þessum framkvæmdum, sem raunar ekki væri óeðlilegt, þegar tekið er tillit til hinna gífurlegu greiðslna vegna landbúnaðarafurðanna.

	1939	1940	1941	1946
Rekstrarútgjöld	18	18.5	18.5	124
(Hækkun '40)				6½ faldað

	1939	1940	1941	1946
Til nýrra þjóðvega	0.54	0.60	067	7.2
(Hækkun '40)			12	faldað
Til brúargerða	0.070	0.030	0.030	1.62
(Hækkun frá '40)			50	falt
Til hafnargerða	0.3	0.280	0.255	5.0
Hækkun frá '40			18	falt
(Auk þess 2 millj. lántökuheimild)				
Til einkasíma í sveitum	0.020	0.010	0.010	0.80
Hækkun frá '40			80	falt
Til nýrra vitabygginga	0.055	0.065	0.030	0.700
Hækkun frá '40			11	falt

Auk þess koma svo allar byggingar, sem fé er ætlað til í fjárlfrv. Eru þar t. d. ætlaðar 8 millj. kr. til skólabygginga af ýmsu tagi, sjómanna-, bænda-, mennta-, húsmæðra-, iðn-, barna- og gagnfræðaskóla o. fl., en til þeirra var hverfandi lítið veitt síðustu árin fyrir stríð. Til ýmiss konar annarra framkvæmda eru enn fremur ætlaðar: til verklegra framkvæmda landssímans 3.0 millj., til vitamála og flugvallagerðar rúm 1 millj., til byggingar þjóðminjasafns 1 millj. kr. og ýmislegt fleira áður ótalið a. m. k. 5—8 millj., svo að óhætt mun að fullyrða, að gert sé á fjárl. ráð fyrir rúmum 30 millj. kr. til verklegra framkvæmda, eða fjórðungi af fjárlagaupphæð þeirri, sem á rekstrarreikningi er talin. — Til viðbótar þessu kemur svo, að næsta ár mun verða unnið á vegum ríkisins að meiri framkvæmdum í raforkumálum en nokkru sinni áður. Verða lagðar háspennulínur út frá Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni til nágrannahéraðanna, bæði kauptúna og sveita. Er gert ráð fyrir, að þær framkvæmdir kosti svo mörgum milljónum skiptir. Beint framlag ríkisins til þeirra er framlagið til raforkusjóðs, sem gert er ráð fyrir, að verði 2 millj. kr., ef frá þeim málum verður gengið eins og ríkisstj. hefur lagt til í frv. því til raforkul., sem lagt hefur verið fyrir þingið og nú hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu í annarri þd. og verður væntanlega innan skamms afgr. í hinni. Lausn raforkumálsins, sem, eins og ég nú sagði, er vel á veg komin í þ., er áreiðanlega eitt af stærstu málum, sem þ. hefur til meðferðar, og þó að reynt sé að gera afgreiðslu þess tortryggilega af Framsfl., sem hefur verið að velta því fyrir sér og flækja í áróðursskyni svo að árum skiptir og aldrei gert neitt, þá veit ég, að þegar línurnar fara að teygja sig út um landsbyggðina, munu menn betur kunna að meta það en fánýtt orðaskak Framsfl.manna um það, að stjórnarflokkarnir séu málinu andvígir og vilji gera landsmönnum mishátt undir höfði. Ég tel, að það megi nú þegar slá því föstu, að þetta mál verði leyst á hinn skynsamlegasta hátt, og að unnið muni verða að rafveituframkvæmdum á næstu árum eins ört og frekast eru möguleikar til, til hagsbóta fyrir alla þjóðina.

Þó að það mál heyri ekki beinlínis verklegum framkvæmdum til í venjulegum skilningi, vil ég þó í framhaldi af þessu nefna eitt mál, sem mikla þýðingu hefur sérstaklega fyrir fólkið, sem býr úti um land, en það er bygging nýrra strandferðaskipa. Ríkisstj. hefur lagt til og Alþ. samþ., að byggð verði nú þegar 3 ný strandferðaskip. Eitt svipað að stærð og gerð og „Esjan," en þó nokkru stærra, og tvö minni til vöruflutninga og verði tekið 7 millj. kr. lán í þessu skyni. Er þá meiningin, að stóru skipin gangi kringum land á 10 daga fresti hvort á móti öðru og flytji farþega og póst á allar hafnir, en vörur aðeins til þeirra staða, þar sem skipin geta lagzt að bryggjum. Vöruflutninga til hinna staðanna annast svo smærri skipin og geta enda tekið nokkra farþega líka. — Samgöngurnar út um land — strandferðirnar — hafa um langan tíma verið fyrir neðan það, sem hægt hefur verið að una við, en með þessari úrbót, hraðferðum tíunda hvern dag, ætti þetta að lagast mikið. Samningum um byggingu skipanna er nú langt komið, og verða að minnsta kosti samningar um stóra skipið undirritaðir bráðlega. Smíði þeirra er áætlað, að taki ca. 18 mánuði, og ættu þau að geta orðið tilbúin á miðju ári 1947.

Af öllu því, sem ég nú hef nefnt, tel ég, að ef hlutlaust er á málin litið og af sanngirni, sé ljóst, að til verklegra framkvæmda hafi af hálfu hins opinbera, ríkisins, aldrei í sögunni meira fé, hvorki raunverulega né hlutfallslega, verið varið til verklegra framkvæmda en einmitt nú. Það þarf því meira en meðal brjóstheilindi til að halda því fram, að hér sé dregið úr hlutfallslega frá því, sem áður var, eins og hv. þm. Str. gerði í gær. Getur þar ekki verið nema tvennt til. Annaðhvort hefur hv. þm. ekki kynnt sér málið, ekki lesið þskj., eða mælir á móti betri vitund, nema hvort tveggja sé.

Hv. þm. sagði, að ríkisstj. hefði lofað að halda verðlaginu í skefjum, en auðvitað svikið það eins og allt annað. Við skulum nú athuga málið. Vísitalan var 271 stig þegar ríkisstj. tók við. Vísitalan er raunar nú 284 stig, og hefur því hækkað á þessu tímabili um rúm 10 stig. Það er að vísu hækkun, en eftir atvikum og með hliðsjón af því, að gert er ráð fyrir að verja minna fé úr ríkissjóði en áður til niðurgreiðslna, tel ég, að hér sé ekki um neinn voða að ræða. „Sjómenn geta ekki gert út vegna dýrtíðar," sagði hv. þm. Um þetta er nú það fyrst að segja, að á þessari stundu er ekkert vitað um verðlagið endanlega á hraðfrysta fiskinum. Í öðru lagi var hægt á síðastliðinni vertíð að hækka verðið til fiskimanna á þeim fiski, sem út var fluttur ísaður, um 15%. Og í þriðja lagi hefur togaraútgerðin enn getað skilað góðum hagnaði. Það er því enn of snemmt að hlakka yfir því, að allt sé komið í þrot. — Hitt er svo rétt, að smáútvegsmenn ýmsir eiga erfitt uppdráttar, en það hafa þeir átt fyrr og án þess að róttækar aðgerðir hafi verið hafðar uppi af hálfu Framsfl. til að bæta úr því. Ríkisstj. mun eins og áður leitast við að aðstoða þennan atvinnuveg eftir ýtrustu getu sinni, leitast við að útvega honum markaði og sölur með bezta fáanlega verði, afla honum fullkomnustu tækja, sem völ er á, bæði skipa og vinnsluvéla í landi. Með þessum aðgerðum leitast ríkisstj. fyrst við að bæta úr, áður en aðrar leiðir eru farnar.

„Verkföll hefur ríkisstj. ekki getað hindrað," sagði hv. þm. „og látið undan kaupkröfum til hækkunar hjá 50—60 félögum." Hið sanna er, að

eina verkfallið, sem nokkuð hefur staðið að ráði, er farmannaverkfallið, sem nú er lokið. Er ekki óeðlilegt, að þegar felld er niður áhættuþóknun sjómanna í millilandasiglingum, eins og gert hefur verið að mestu, en hún nam 80 kr. á dag hjá skipverjum þessum, þurfi nokkurn tíma til að koma á jafnvægi á ný. Í útvarpsumr. í fyrra vetur sýndi ég fram á, að þær kaupbreytingar, sem orðið höfðu þá í tíð núv. ríkisstj., voru yfirleitt allar til samræmingar móts við breytingar, sem áður höfðu verið gerðar hjá stærstu félögunum, og sízt hærri. Þeirri stefnu hefur yfirleitt verið haldið síðan, en út frá þessu var gengið, þegar ríkisstj. var mynduð, að þessar lagfæringar yrði að gera. Ég leyfi mér að efast um, að Framsfl. hefði getað varðveitt vinnufriðinn í landinu betur en gert hefur verið, sérstaklega ef hann hefði farið að framkvæma stefnu sína í dýrtíðarmálunum.

Þá minntist hv. þm. á tekjuöflun ríkisins og taldi fráleitt, að 2/5 teknanna væru teknir með tollum og ⅕ tekinn sem áfengisgróði. Út af þessu vil ég aðeins taka fram, að ef Alþfl. mætti einn ráða stjórnarstefnunni, mundi hann hafa þessi tekjuöflunarhlutföll öðruvísi, því að hann hefur aldrei farið dult með það, að hann vildi hafa beinu skattana hærri og þá óbeinu lægri og talið það réttlátara. Hann fékk því ekki ráðið, þegar hann hafði stjórnarsamvinnu við Framsfl., og hann hefur ekki heldur samið um það nú, þar sem hann lét önnur mál sitja í fyrirrúmi, og þegar þrír flokkar starfa saman, getur enginn einn flokkur fengið öll sín mál fram. Því aðeins getur verið um samstarf að ræða, að allir slaki eitthvað til. Einnig vil ég mótmæla því, að stríðsgróðaskattur sé ekki tekinn í þessu landi, því að þegar tekjurnar hafa náð vissu marki, er tekið af þeim til opinberra gjalda í ríkis- og sveitarsjóði 90%, nema um nýbyggingarsjóði útgerðarfélaga sé að ræða. — Þá sagði hv. þm. Str., að veltuskatturinn kæmi þyngst niður á fátækum almenningi, en þetta er mjög fjarri því að vera rétt, því að samkv. gildandi verðlagsl. er ákveðið, hvernig vörur skuli verðlagðar, og er þar hvergi heimilað að taka veltuskattinn með. Veltuskatturinn er því fyrst og fremst skattur á verzlunarstéttina, en ekki á almenning. En þessi skattur er sá eini skattur svo að nokkru verulegu nemi, sem núv. ríkisstj. hefur á lagt.

Ádeilum hv. þm. Str. á framkvæmdir ríkisstj. í nýsköpunarmálunum þarf ég ekki að svara. Það gerði hv. forsrh. í gærkvöld. Aðeins vil ég benda á, að nú hafa þær ádeilur tekið á sig annað form en þær höfðu í upphafi. Fyrst eftir stjórnarmyndunina var því nefnilega haldið fram af Framsfl., að úr þessum framkvæmdum, skipakaupum og öðru, mundi ekkert verða. Þetta væru aðeins innantóm orð á „plötunni," sem væru markleysa ein. Nú, þegar kaupin hafa verið gerð og allt gengur eins og lofað hafði verið, dugar sú mótbára ekki lengur. Þá er gripið til þess að gagnrýna aukaatriði. Tvær nefndir hafi verið sendar í stað einnar til kaupanna, skipin verði of dýr, enginn fáist til að kaupa þau og gera út, betra hefði verið að bíða o. s. frv. Þegar þessi gagnrýni reynist einnig haldlaus, eins og brátt mun sýna sig, sé ég ekki, að Framsfl. eigi eftir nema eitt vígi til að verjast úr, og það er að halda því fram, að allt þetta hafi verið sér að þakka. Framsfl. hafi fyrir löngu verið búinn að gera áætlanir um þessar framkvæmdir, og því sé það raunverulega stefnumál Framsfl., sem verið sé að framkvæma. Þetta hefur komið fyrir áður og getur hæglega endurtekið sig. Þegar Alþfl. gekk til núv. stjórnarsamstarfs, var honum ljóst, að hann mundi ekki fá framkvæmdan nema takmarkaðan hluta af sinni stefnuskrá. Hann gekk til stjórnarsamvinnunnar um lausn ákveðinna mála, sem hann út af fyrir sig taldi svo þýðingarmikil, að það væri ávinningur fyrir alþýðu manna í þessu landi að fá þau fram, þó að önnur yrðu að bíða. Aðalmálin, sem samið var um, voru:

1) Afgreiðsla launalaganna.
2) Varðveizla þess fjár, sem þjóðin hafði eignazt til kaupa á nýjum framleiðslutækjum.
3) Ný alþýðutryggingalög.
4) Setning nýrrar stjórnarskrár.

Þegar dæma á ríkisstj., verður hún að dæmast eftir því, hvernig hún hefur leyst þessi verk af hendi. Fyrsta málið er afgreitt, eins og samið var um. Annað málið er svo langt komið, að sjá má, að einnig verði við það staðið að fullu. Þriðja málið hefur nú verið afgr. til Alþ. og bíður nú afgreiðslu þess. Fjórða málið er í undirbúningi, og er ekki annað vitað en það leysist einnig eins og til var ætlazt.

Ég tel mig nú hafa svarað að nokkru gagnrýni hv. þm. Str., Hermanns Jónassonar, en get að vísu varla ætlazt til, að stjórnarandstaðan láti mig eða aðra í ríkisstj. njóta sannmælis, því að Framsfl. hefur haft það fyrir reglu að segja aldrei gott um neitt, sem andstæðingar hans gera, en bera hins vegar taumlaust oflof á allt, sem flokksmenn hans koma nálægt, eins og þeir vita bezt, sem Tímann lesa. Þessi aðferð endist þeim þó ekki að eilífu, og einhvern tíma kemur að því, að hinir óbreyttu liðsmenn Framsfl. komast að raun um það, að málflutningur forsvarsmanna flokksins er ekki alltaf sannleikanum samkvæmur. Þess vegna tek ég ekki gildan dóm framsóknarmanna. Þjóðin mun á sínum tíma dæma, og ég efast um, að hún verði samdóma áliti Framsóknar.

Eysteinn Jónsson: Þegar fimm mínútur voru eftir af ræðutíma hæstv. forsrh. í gærkvöld, sagði hann: „Nú ætla ég að snúa máli mínu í sókn." Fimmtíu og fimm mínútur fóru í vörnina og veitti ekki af. Sóknarlotan varð hvorki löng né hörð, og var rétt af ráðherra að taka það fram, hvenær sóknin hófst, annars hefði það víst farið fram hjá flestum. Ráðh. mun hafa tjaldað því, sem til var, í þessum tilburðum til gagnsóknar, og mun ég því minnast á það örstutt, áður en ég kem að aðalefninu.

Ráðh. sagði: „Stjórnarandstaðan er á móti öllu, og þess vegna er gagnrýni hennar marklaus." Hvað er nú hæft í þessu? Stjórnarandstaðan hefur fylgt þeim fáu góðu málum, sem stjórnin hefur beitt sér fyrir. Stjórnarandstaðan samþykkti lög um kaup á nýjum strandferðaskipum. Stjórnarandstaðan hefur fylgt til-

lögum um framlög til verklegra framkvæmda. Stjórnarandstaðan mun styðja bætt lánskjör útgerðarinnar, svo að dæmi séu nefnd. En jafnframt því, sem stjórnarandstaðan hefur veitt þessum málum fylgi, hefur hún barizt og mun berjast hart gegn meginstefnu stjórnarinnar og einstökum ofbeldisráðstöfunum, svo sem skipun búnaðarráðs, og mun gagnrýna hiklaust það, sem hún telur miður fara um afgreiðslu einstakra mála í höndum stjórnarinnar. Framsfl. er þannig t. d. ekki á móti báta- eða togarakaupum, síður en svo. Hann vill, að stjórnin greiði fyrir útvegun slíkra tækja. En hann hefur í því sambandi gert kröfur um tvennt: Í fyrsta lagi, að menn gerðu sér grein fyrir því í samráði við þá, sem tækin eiga að nota og vit hafa á þessum málum, hvernig bátarnir og skipin ættu að vera, áður en kaupin væru gerð, og í öðru lagi, að þau tæki ein væru keypt, sem kaupendur væru að í landinu, enda væri fyrir fram ákveðið, hverja aðstoð ríkisvaldið og bankarnir ættu að veita mönnum við kaup tækjanna. Framsóknarmenn hafa gagnrýnt og munu gagnrýna framkvæmdir ríkisstj. í þessum efnum, sem kosta munu landið milljónatugi. Þessi mistök hafa stuðningsmenn stjórnarinnar viðurkennt opinberlega í þinginu, og hefði því forsrh. verið sæmst að gera slíkt hið sama og beiðast afsökunar, en í þess stað notar ráðh. þá aðferð að kalla réttláta gagnrýni óhróður og aðfinnslur út af meðferð málsins andstöðu við framfarir.

Sannleikurinn er sá, að það er stjórnarliðið á þingi, sem hefur tamið sér þau þokkalegu vinnubrögð að vera á móti öllu því, sem stjórnarandstaðan leggur til, án tillits til málavaxta. Þannig felldu stjórnarsinnar í fyrra till. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa strandferðaskip, sem stjórnarandstaðan flutti. En nokkrum mánuðum síðar sendu þeir út mann af sinni hendi til þess að kaupa strandferðaskip. Svo mætti lengi telja.

Forsrh. talaði um neikvæða stjórnarandstöðu, sem ekki gerði till. um úrlausn mála. Þetta gefur mér kærkomið tilefni til þess að telja upp nokkur mál, sem Framsfl. hefur lagt fyrir þingið og sýna stefnu hans. Í Ed. liggur fyrir till. um niðurfærslu verðbólgunnar og um undirbúning þess, að fram fari í landinu allsherjar eignaframtal í því sambandi. Fyrir þinginu liggur frv. til nýrra jarðræktarlaga, frv. að nýjum l. um fiskimálasjóð, frv. um byggingarlán og styrki í kauptúnum og kaupstöðum og annað frv. um byggingarlán og styrki í sveitum, þáltill. um innflutning tilbúinna húsa til þess að bæta úr sárustu húsnæðisþörfinni, þáltill. um rannsókn á hag útvegsmanna og hlutarsjómanna, till. um allsherjar lausn raforkumálanna, og þannig mætti halda áfram að telja. Ég hélt nú satt að segja, að flest af þessum málum væru forsrh. of kunn til þess, að hann vildi gefa tilefni til, að þau væru talin upp og þá um leið skýrt frá því, að lið hans hér á þingi er önnum kafið við að þvælast fyrir þessum málum og tefja þau, þannig að þau fá ekki eðlilega þingafgreiðslu, og síðan að fella þau þeirra, sem komast svo langt, að ekki verður komizt hjá að taka endanlega afstöðu til þeirra.

Þá kom forsrh. að því, sem átti að vera aðalhöggið á andstæðingana. Hann tók sér fyrir hendur að sanna, að Framsfl. ætti aðalsökina á dýrtíðinni. Hann hefði ráðið því, að haustið 1940 var hætt við að reikna verðlag landbúnaðarafurða eftir vísitölu framfærslukostnaðar eða kaupgjaldsvísitölunni, eins og hún er kölluð. Þetta hafi verið upphaf og undirrót að allri verðbólgunni, Framsfl. hafi átt sök á þessu og þar með verðbólgunni. Á þessu sama hafa alþýðuflokksmenn klifað. En hvað er rétt í þessu? Till., sem ráðh. vísar til, var flutt á þingi 1940 eftir ósk þáv. ríkisstj., sem hann átti sjálfur sæti í. Hún var samþ. í Nd. þingsins með 23 shlj. atkv. Sjálfur greiddi þessi ráðh. atkvæði með till. Nú vill ráðh. hlaupa frá öllu saman og velur sér nú það hlutskipti að telja það glapræði, að þessi breyt. var gerð. Ekki er ráðh. öfundsverður af þessu. Fyrir utan lítilmennskuna, að renna frá því, sem hann hefur sjálfur gert, þá gerir hann sig nú beran að þeirri fávizku að halda því fram, að eðlilegast hefði verið, að verðlag landbúnaðarafurða breyttist á stríðsárunum eftir vísitölu framfærslukostnaðar, en ekki eftir því, hvernig framleiðslukostnaður landbúnaðarafurða breyttist. Það hefur verið reiknað út og birt í verkalýðsblaðinu Skutli á Ísafirði, að ef þessi regla væri við höfð, þá fengju bændur nú ekki grænan eyri fyrir sláturfjárafurðir sínar, allt andvirðið færi í kostnað við slátrunina, sölu, geymslu, frystingu o. s. frv. Kaupgjald í sveitunum hefur á stríðsárunum 10—12-faldazt frá því, sem það var áður. Forsrh. er fyrsti maðurinn, sem ég hef heyrt leyfa sér að halda því fram, að verðlag landbúnaðarafurða hefði á stríðsárunum átt að vera bundið við vísitölu framfærslukostnaðar, án tillits til þess, hvað það kostar að framleiða vöruna. En það er fleira, sem þarf að benda á í þessu sambandi. Upp á síðkastið hefur stjórnarliðið og alveg sérstaklega forsrh. og málpípur hans deilt á Framsfl. fyrir það, að hann hafi á undanförnum árum viljað halda föstu afurðaverði og kaupgjaldi í landinu og bakað með því bændum landsins og launamönnum stórtjón. Sá sami forsrh., sem ætlaði sér í gærkvöld að sanna það, að Framsfl. ætti höfuðsökina á dýrtíðinni með því að standa fyrir hækkun afurðaverðs, lét blað sitt þann 31. júlí nú í sumar viðhafa eftirfarandi ummæli: „Flestir bændur eru orðnir skuldlausir af því, að framsóknarmönnum tókst ekki að halda óbreyttu kaupgjaldi og afurðaverði. Framsóknarvaldið hefur verið brotið á bak aftur á Alþingi.“ Hér er beinlínis hælzt um yfir því, að stefna Framsfl., ekki um sérstaka hækkun afurðaverðs, heldur um bindingu afurðaverðs og kaupgjalds, hafi verið brotin á bak aftur af flokki forsrh. og hjálparmönnum þeirra. Það mun vera fátítt, að í forsætisráðherrastóli finnist maður, sem hefur nógu mikið til að bera í senn af grunnhyggni og ófyrirleitni til þess að vekja að fyrra bragði máls á öðru eins og því, sem nú hefur verið lýst.

Forsrh. fimbulfambaði nokkuð í ræðu sinni um valdagræðgi okkar hv. þm. Str., og bar þá fyrir sig Ófeig. Síðan skýrði hann frá því, að við hefðum verið hlunnfærðir, þegar stjórnin

var sett á fót, og að við hefðum verið sammála stjórnarstefnunni, áður en stjórnin var mynduð. Þar næst upplýsti hann, að þegar til kom, hefðu hinir valdagráðugu ekki viljað taka þátt í stjórn, skorizt úr leik, eins og hann orðaði það, og að lokum fullyrti ráðh., að ekkert væri að marka það, sem við segðum um þjóðmál, og sérstaklega um stjórnarframkvæmdir, af því að við værum svo sárir yfir því að vera ekki í stjórn. Samræmið í þessu er nú sér á parti, það er nú ekki verra en vant er. En þetta er götudrengjatal og jafnast á við, að sagt væri: Ég höndlaði hnossið, þið öfundið mig, og þið ættuð að þegja. — Hvers vegna geta menn ekki rætt þessi mál eins og manneskjur og byggt umr. á því, sem allir vita, að er kjarni málsins? Framsfl. hefur ekki tekið þátt í stjórn síðan 1942 vegna þess, að hann hefur verið mótfallinn þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í dýrtíðarmálum og fjármálum. Um það ætti síðan að ræða, hvor stefnan væri réttari í þessu máli, sú, sem Framsfl. hefur haldið fram, eða hin, sem stjórnarliðið fylgir. Nei, þannig fást ekki málin rædd. Allt verður að dragast niður á lægsta planið, þar sem forsrh. hefur tekið sér stöðu með hjálparmönnum sínum.

Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um ræðu hæstv. atvmrh. Hún var undarlegt *sambland af kveinstöfum og hótunum* í garð meðráðherra hans, ef þeir ekki sæju að sér og byggju að Landsbankanum eins og kommúnistar segðu fyrir um. Það er nú broslegt að heyra þetta tal ráðh. um baráttu við landsbankavaldið. Hann situr í ráðherrasæti við hægri hlið æðsta yfirmanns Landsbankans, sem hefur verið bankastjóri bankans þangað til fyrir nokkrum dögum. Í bankaráði bankans eiga sæti forsrh., Magnús Jónsson og einn fulltrúi frá Alþfl., Jónas Guðmundsson. Nú hefur ráðh. allt í einu uppgötvað, að stjórnin geti engu komið fram vegna Landsbankans. Manni finnst, að hann hefði átt að uppgötva þetta fyrr. Eða fór hann í ríkisstj. án þess að geta þar nokkru ráðið vegna Landsbankans? Ég geri ráð fyrir því, að fjmrh. muni svara árásum ráðh. á bankann, sem í raun og veru eru árásir á hann og forsrh., og fer ekki út í það, en margir munu spyrja: Hvað átti þetta tal atvmrh. að þýða? Kannske sér hann nú fram á, að eitthvað muni verða öðruvísi um efndir á nýsköpuninni en lofað hafði verið, og er þess vegna farinn að segja gömlu, þekktu söguna um rýtinginn í bakið, sem öll lítilmenni hafa á reiðum höndum, ef þau hafa sagt meira en þau geta staðið við? Ráðh. er svo smekkvís að fara mörgum niðrunarorðum um Jón Árnason í tilefni af ráðningu hans í Landsbankann. Það er nú ekki tóm til þess að fara langt út í það mál, en hitt vil ég bara segja, að Jón Árnason er einn af þekktustu framkvæmdamönnum landsins og þolir vel samanburð við oddamanninn í Falkurútgerðinni, þ. e. hæstv. ráðh. Ráðh. var að *reyna að rógbera Framsfl. og Alþfl. fyrir* stjórn þeirra 1934—'38. Ég geri nú ráð fyrir, að Alþfl. taki upp hanzkann fyrir sig, enda hafa þeir til þess nógan tíma, en ég vil aðeins segja það einu sinni enn, að á þessu tímabili voru meiri framfarir í landinu en á nokkru öðru tímabili fram að þeim tíma þrátt fyrir alveg óvenjulega erfiðleika. Á þessu tímabili var lagður grundvöllur að þeirri velmegun, sem þjóðin hefur búið við á stríðsárunum.

Forsrh. beindi nokkrum orðum til bænda í gærkvöld. Aðalefni þeirra var á þessa lund: Ef bændur fylgja Framsfl., þá er seint eða aldrei viðreisnar von. Ég aðvara því bændur. Ég heiti þeim fyrir hönd stjórnarinnar öllu góðu, ef þeir starfa með ríkisstj. Þetta er boðskapur nýja tímans, sagði ráðh. Þetta er mesti misskilningur hjá ráðh. Þetta er ekki boðskapur hins nýja tíma, þetta er gamall boðskapur, sem er allt of vel þekktur. Þetta er boðskapur ofbeldis og kúgunar. Þetta er hugsunarháttur, sem allur bezti hluti mannkynsins hefur barizt við að útrýma á undanförnum árum. Þetta er kölluð skoðanakúgun á réttu máli. Þetta er boðskapurinn um, að þeir, sem fylgja valdhöfunum, eigi allan rétt, en hinir, sem hafa aðrar skoðanir en valdhafarnir, séu réttlausir í þjóðfélaginu. Þetta er sami boðskapur og atvmrh. flutti bæn um á síðasta þingi. Forsrh. misskilur hugsunarhátt Íslendinga, ef hann hyggur, að menn falli frá skoðunum sínum vegna hótana hans. Hvorki hótanir né fagurgali mun megna að fá bændur landsins til þess að leggja á hilluna baráttuna fyrir rétti sínum.

Þegar ríkisstj. var mynduð, þóttist hún ætla að gera mikið fyrir sjávarútveginn. Fylgismenn stjórnarinnar fóru út og suður og lýstu yfir því hátíðlega, að sjávarútvegurinn, útgerðarmenn og fiskimenn hefðu ævinlega gleymzt af stjórnarvöldunum, en nú ætti þetta að breytast, svo um munaði. Nú skyldi muna eftir þessum mönnum og þessari atvinnugrein, og æ síðan hefur hvorki linnt smjaðri stjórnarliðsins fyrir sjávarútveginum né „skrum"auglýsingum stjórnarinnar um framkvæmdir í þeim málum. En lítum nánar á, hvað gerzt hefur. Ríkisstj. hefur reynt að telja sér það til gildis, að nokkur hækkun varð á fiskverði á síðustu vetrarvertíð. Er þá spurningin þessi: Er þessi hækkun, sem endanlega fékkst, ekki meiri en hún þó varð, ríkisstj. að þakka? Í þessu sambandi er þá fyrst að minnast þess, að ríkisstj. vildi s.l. vetur framlengja fisksölusamninginn við Bretland frá árinu 1944, en það þýddi, að Bretar hefðu tekið fiskinn frá stærstu verstöðvunum í flutningaskip eins og áður og borgað hann sama verði og áður. Þessu fékk stjórnin ekki framgengt. Bretar vildu ekki kaupa fiskinn þannig, þeir vildu fá hann fluttan til Englands. Jafnframt lækkuðu þeir nokkuð verð á frystum fiski. Sannleikurinn er því sá, að vegna þess að stjórnin kom því ekki fram, sem hún vildi, kom tækifæri til þess að hækka fiskinn. Hvernig notaði svo stjórnin þetta tækifæri? Hún auglýsti 15% verðhækkun á fiski og innheimti sem því svaraði hjá miklum þorra útgerðarmanna sem verðjöfnunargjald. Í framkvæmd hefur hækkunin *hins vegar ekki numið 15%, heldur* tæplega helmingi þess. Það er ríkjandi skoðun, að með ráðstöfunum ríkisstj. í þessum málum hafi ekki náðst til handa útgerðinni nándar nærri öll verðhækkun, sem unnt hefði verið að ná. Ríkisstj. dró von úr viti að semja um heppileg flutn-

ingaskip og þurfti að lokum að sæta þungum kostum í samningum við Færeyinga um óhentug skip til flutninganna. Samningarnir við Færeyinga voru hafnir svo seint, að fiskveiðar voru byrjaðar. Fiskurinn lá á bryggjunum, og gátu því Færeyingar sett kostina. — Framan af vertíð síðasta vetur ríkti slíkur glundroði um fisksölumálin, að til tjóns varð fyrir útgerðina, og allan tímann ríkti áberandi hringlandaháttur um framkvæmd flutninganna, sem varð að verulegu tjóni.

Það rétta um fiskverðið er því það, að það hækkaði dálítið vegna þess, að stjórnin fékk ekki fram það, sem hún vildi, og varð þó hækkunin minni en orðið hefði, ef með málið hefði verið skynsamlega farið og eingöngu frá því sjónarmiði, að útvegs- og fiskimenn fengju sem bezt verð fyrir fiskinn. Ekki þorði forsrh. að segja það berum orðum í gærkvöld, að íslenzka stjórnin réði fiskverði í Bretlandi og það væri henni að þakka, að ekki væri orðin verðlækkun á fiski. — En hann gaf það í skyn, að gott hefði það verið, að þeir, sem hefðu spáð hrakspám um fiskverðið, hefðu hvergi komið nærri, og dylgjaði í Leitis-Gróu-stíl um framsóknarmenn í því sambandi. 31. nóv. 1943 sagði maður nokkur um fiskverðið: „Um hið háa verðlag á höfuðútflutningsvöru okkar skal það eitt sagt, að það mun ekki standa deginum lengur, eftir að Bretar og aðrar þjóðir að nýju hefja fiskveiðar að ófriðarlokum. Og þá mun verðfallið fyrr en varir verða svo mikið, að óvíst er, hvort við fáum meira en ⅓ eða jafnvel 1/10 hluta þess verðs, er við nú berum úr býtum ....".

Sá maður var núverandi forsætisrh., Ólafur Thors. Af þessu sjá menn, hve gott það er, að Bretar hafa ekki tekið meira mark á forsrh. en við gerum.

Síðan ríkisstj. komst til valda, hefur framleiðslukostnaður sjávarafurða farið síhækkandi. Liggja fyrir vitnisburðir um það, hvernig komið er, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, fiskiþinginu og fundum útvegsmanna víðs vegar að af landinu. Er því af öllum þessum aðilum slegið föstu, að rekstrarhagur útgerðarinnar hafi farið síversnandi undanfarið og óhugsandi sé, að útgerðin geti haldið áfram að óbreyttum aðstæðum. Er fróðlegt að bera saman þessa vitnisburði við fullyrðingar hæstv. forsrh., er hann tók við stjórnartaumunum og endurtók í gærkvöld um það, að framleiðslan gæti mjög vel þolað framleiðslukostnaðinn og það væri augljós firra að ætla sér að fara að hefja lækkun afurðaverðs og kaupgjalds í landinu.

Forsrh. sagði í gærkvöld, að fram að þessu hefði þjóðin haft nær einhliða gróða af dýrtíðinni. Hún hefði orðið öllum þorra manna til hagnaðar. Síðan fór hann mörgum orðum um þá fjarstæðu, að það væri tímabært að gera kröfu um lækkun verðbólgunnar. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að lofa mönnum að heyra, hvað þessi sami ráðh. hefur áður sagt um þessi efni. Í marz 1942 sagði ráðh. í þingræðu:

„Í öllum siðmenningarlöndum er nú háð hörð barátta gegn dýrtíðinni. Og alls staðar er þeirri herferð hagað á sama hátt. Allir stefna öllum árásum á sömu tvo höfuðóvini, hækkun kaupgjalds og hækkun afurðaverðs. Hvers vegna? Það er vegna þess, að allir hafa fyrir löngu gert sér ljóst, að það er þetta tvennt, kaupgjaldið og afurðaverðið, sem skapar verðbólguna."

Enn fremur sagði ráðherrann:

„En sá, sem berst fyrir dýrtíðinni, er ekki aðeins fjandmaður sparifjáreigenda, gamalmenna, ekkna og munaðarleysingja og annara, er afkomuvonir hafa byggt á peningaeign eða peningakröfum. Nei, hann er einnig böðull framleiðenda og launamanna og raunar alþjóðar." Og nokkru síðar, eða 4. febrúar 1943, sagði þessi sami maður: „Um eitt virðist þó ríkja full eining innan Alþingis, en það er, að öll verðbólgan og dýrtíðin sé eitthvert hið ægilegasta þjóðarböl, er yfir Íslendinga hefur verið fært .... En hvað er þá þessi dýrtíð, þetta hræðilega böl, sem helzt er jafnað til svarta dauða eða stórubólu eða, svo mildara sé að kveðið, hallæris og hungurs?

Þegar svo er komið sem nú er í okkar þjóðfélagi, að ýmist er framleiðsla útflutningsvara þegar stöðvuð eða komið á fremsta hlunn með, að svo verði, beinlínis vegna þess, að verðlag afurðanna, sem ekki er sjáanlegt að verði hækkað, rís engan veginn undir kaupgjaldinu og öðrum tilkostnaði í landinu, þá er það alveg óumflýjanleg nauðsyn að stöðva dýrtíðina.

Af þessum ástæðum, þó einar væru, verður að hefta vöxt dýrtíðarinnar og hefja öfluga baráttu til að lækka hana, en margt annað mælir auk þess með, að slík barátta sé hafin."

Þessu er ekki til neins að mótmæla. Þetta eru hans eigin orð. Er hægt að hugsa sér dýpri niðurlægingu en að standa svo hér nú og halda því fram, að sú lækkun verðbólgunnar, sem þessi ráðh. fyrir nokkrum tíma síðan taldi óhjákvæmilega nauðsyn, sé nú augljós firra og fundin upp af fjandmönnum verkalýðsins og stefnt gegn honum? Og hver eru svo fyrirheitin, sem sjávarútvegurinn fékk hjá hæstv. ráðherra? Hann sagði, að menn gætu verið alveg vissir um það, að Sjálfstfl. mundi ekki „til langframa horfa aðgerðalaus á, að bátaútveginum blæði út," nei, ekki til langframa, en hvað lengi ætlar hann að horfa á, að bátaútveginum blæði út? Það er spurningin. Annars geta menn nú ímyndað sér, hvað ráðh. muni nú hafa í huga og hvers muni vera að vænta, með því að bera þessi ummæli saman við þær fullyrðingar um lækkun verðbólgunnar, sem ráðh. viðhafði, áður en hann fór í ríkisstj., og rifja síðan upp, hverjar efndirnar urðu á því heiti, og ímynda sér svo, hvers virði muni verða yfirlýsing þessa manns um, að ekki verði til langframa horft á, að bátaútveginum blæði út. Annars virðist hugsunarháttur ráðh. vera þessi: Leggið þið fram allt, sem þið getið við ykkur losað í ný atvinnutæki, nýjar framkvæmdir nú, meðan allt er á toppinum, og takið lán, mikil lán. Á meðan held ég uppi verðbólgunni. Síðar, þegar ég fæ leyfi til þess frá kommúnistum, þá lækka ég allt saman, og þá eigið þið að standa undir lánunum, sem þið fenguð, á meðan verðbólgan var sem mest. Þetta er boðskapur stjórnarinnar. Þetta er fjármálaspeki Ólafs Thors, það er að segja, þetta ætlar hann öðrum að gera. Sjálfur virðist hann

ætla sér annað hlutskipti, því að enn sem komið er er ekki vitað um, að hann hafi óskað eftir kaupum nema á einum, — ég segi einum togara af þeim 30 skipum, sem ríkisstj. hefur keypt.

Lítum svo á, hvernig viðhorfið er við sjávarsíðuna til stjórnarstefnunnar.

Það sanna er, að verðbólgustefnan liggur eins og mara á sjávarþorpunum. Sífellt verður erfiðara að fá menn á vélbátaflotann. Margir bátar lágu aðgerðarlausir allt s.l. sumar. Í flestum eða öllum sjávarþorpum landsins vantar báta og margs konar aðrar framkvæmdir í sambandi við sjávarútveg. Smálestin í vélbát, er smíðaður er hér innanlands, kostar tíu þúsund krónur, og kostnaður við byggingu nýrra iðnfyrirtækja við sjávarsíðuna er stórkostlegur. Flestar ráðstafanir ríkisstj. hafa bætt gráu ofan á svart í þessum efnum og gert mönnum erfiðara fyrir með „nýsköpun" og nýjar framfarir. Menn hika við að leggja fjármuni sína í sjálfa framleiðsluna, og farið er að grípa til þeirra úrræða að draga saman fé til framkvæmdanna með eins konar samskotum, en útvegsmenn, sem brjótast í því að gera samninga um nýja báta eða leggja í nýjar framkvæmdir, verða að fleygja öllu samanspöruðu fé sínu í verðbólguhítina til þess að taka kúfinn af stofnkostnaðinum, en taka samt lán ofan á lán. Öll ný fyrirtæki verða skuldum vafin í byrjun. Þannig vinnur stefna ríkisstj. gegn heilbrigðri nýsköpun atvinnuveganna.

Sannleikurinn í þessum málum er sá, að þær framfarir, sem nú verða í sjávarútveginum, að ég nú ekki tali um í landbúnaðinum, eiga sér stað þrátt fyrir stefnu og ráðstafanir núverandi ríkisstj., en ekki vegna þeirra. Allir sannir framfaramenn í landinu verða að heyja harða, þrotlausa orrustu við verðbólgustefnu ríkisstj., og það er vegna óbilandi kjarks og framfaravilja fólksins víðs vegar um land, að framfarir hafa ekki ennþá stöðvazt, en ekki vegna þess, að ríkisstj. eða hennar stefna hafi örvað menn eða hjálpað þeim. Það, sem ríkisstj. hefur lagt til þessara mála, er lítið annað en smjaður fyrir útgerðinni og stöðug herhvöt til manna um að taka nógu mikil lán til framkvæmdanna.

En þetta er ekki nóg. Ofan á þetta bætist, að þeim framfaramönnum, sem klífa þrítugan hamarinn til þess að ráðast í framkvæmdir og nýsköpun, er skapraunað með því að verða að hlusta á hið auvirðilega gort forsrh. og stjórnarliðsins um það, að þessar framkvæmdir, þær séu framkvæmdir stjórnarinnar. Ef bóndi kaupir vél, þá er það nýsköpun stjórnarinnar, ef útgerðarmaður eða fiskimenn kaupa báta, þá er það af náð stjórnarinnar.

Framsfl. vildi fara allt aðra leið en ríkisstj. Hann vildi lækka verðbólguna og létta þannig framfarabaráttu fólksins. Þá vildi Framsfl. efla nýjungar í sjávarútvegi með auknum framlögum ríkisins til fiskimálasjóðs. Höfum við hv. þm. N.-Þ. flutt frv. í þessu skyni á því þingi, sem nú stendur yfir. Það er gert ráð fyrir, að fjármagn fiskimálasjóðs verði margfaldað og stuðningur hans að sama skapi aukinn við margs konar framfaramál sjávarútvegsins, og þá ekki sízt til þess að koma upp nýjum iðnfyrirtækjum í þorpunum og auka bátastólinn. Stjórnarliðið hefur tekið afstöðu á móti þessu frv., og nær það sýnilega ekki fram að ganga á þessu þingi og þá sennilega meðal annars vegna þeirrar sjálfheldu, sem fjármál ríkisins eru komin í. Það eina, sem frá stjórnarliðinu hefur komið til fyrirgreiðslu í þessa átt, er frv. um fiskveiðasjóð, þar sem gert er ráð fyrir auknum lánum og lægri vöxtum en áður. Þetta frv. er nokkuð góður vitnisburður um það, hvert skulda- og verðlagsstefnan er komin með sjávarútveginn, og hefði lánsþörfin betur verið minni en nú er orðið. En sízt veitir af vaxtalækkunum eins og komið er, og mun ekki standa á stjórnarandstæðingum í því efni.

Ekki tekur betra við, ef litið er á einstök framfaramál sjávarútvegsins og borin saman orð og efndir stjórnarliðsins.

Nokkrum dögum fyrir stjórnarmyndunina gaf að líta í blöðum kommúnista harða gagnrýni á þáverandi stjórn fyrir það, að hún hefði ekki notað lagaheimild til þess að taka olíugeyma olíuhringanna eignarnámi til hagsbóta fyrir samtök útvegsmanna. Í sama blaði var krafa um, að öllum innkaupamálum útvegsmanna væri í skjótri svipan komið í það horf, að útvegsmenn fengju vörur sínar með réttu verði.

Nú hefur atvmrh. kommúnista setið að völdum í eitt ár, og hvað hefur hann gert í olíumálunum? Því er fljótsvarað. Hann hefur ekkert gert. Ekki hefur hann tekið olíugeyma hringanna leigu- eða eignarnámi. Þvert á móti er ástandið þannig, að samlög útvegsmanna geta ekki starfað og olíugeymar þeirra standa tómir, en hringarnir hafa einkarétt á olíuverzluninni.

Hvað hefur sami hæstv. ráðh. aðhafzt í innkaupsmálum útgerðarinnar? Auðvitað ekki neitt. Þar situr allt við það sama og áður var.

Fyrir stjórnarmyndunina klifuðu kommúnistar mikið á því ólagi, sem væri á beitumálunum, og töldu löggjafar þörf í því efni. Í því máli hefur ekkert verið gert. Sama er að segja um vélamál útvegsins. Verzlun með mótorvélar hefur verið í megnasta ólagi mörg undanfarin ár. Mþn. í sjávarútvegsmálum hefur þó undirbúið frv. um bæði þessi mál, en hæstv. ráðh. lagzt á þau.

Meðan kommúnistar voru í stjórnarandstöðu, töluðu þeir ósköpin öll um að bæta kjör hlutarsjómanna og vildu láta ríkissjóð greiða uppbætur á hlutina, þangað til tryggingar væru komnar í framkvæmd. Síðan kommúnistar komust í ríkisstj. hefur þetta ekki heyrzt nefnt fyrr en nú í haust, að atvmrh. skipaði nefnd í málið, enda er nú farið að nálgast kosningar.

Þannig er allt á eina bókina lært í þeim málaflokki, sem stjórnin þóttist þó ætla að sinna sérstaklega.

Í stuttu máli er saga ríkisstj. í sjávarútvegsmálum sú, að hún þóttist ætla að hlynna sérstaklega að sjávarútveginum, en hefur brugðizt því loforði svo rækilega, að það er orðið sérstakt vandamál, hvernig skuli koma í veg fyrir stöðvun útvegsins, en samdráttur þegar orðinn víðs vegar. Má segja, að ríkisstj. hafi tekizt það ótrúlega að búa til kreppu í mesta góðæri og við hagstæðustu viðskiptaskilyrði, sem landsmenn hafa þekkt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þjóðinni gafst í gærkvöld kostur á að hlýða á þá gagnrýni, sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa á núv. ríkisstj. Tveir hv. þm., sem báðir eru meðal forustumanna Framsfl., helltu úr skálum reiði sinnar yfir stj. Gerðu þeir það þó mjög hvor á sinn veg. Hv. þm. V.-Húnv. talaði hóflega og reyndi að finna orðum sínum stað. Hv. þm. Str. talaði hins vegar í eintómum upphrópunum og gerði litlar tilraunir til að leiða rök að nokkurri af staðhæfingum sínum. Sannast að segja ber það menningu vor Íslendinga ófagurt vitni, að nokkur stjórnmálamaður skuli telja það sér til pólitísks framdráttar að tala eins og hv. þm. Str. gerði í gær. — Þótt umr. í gær snerust að mjög litlu leyti um fjárlagaafgreiðsluna, þá þykir mér rétt, meðal annars af því, að þetta er þó fjárlagaumræða, að nota hinn mjög takmarkaða ræðutíma minn fyrst og fremst til þess að svara beinum ásökunum, er fram hafa komið á stjórn fjármálanna. Ég vil þó fyrst vekja athygli á því einkennilega fyrirbrigði, að nú nefnir enginn ógætilega fjárlagaafgreiðslu. Í fyrra var það aðalárásarefnið á hendur stj., að fjárl. væru ógætilega afgreidd. Sem betur fer reyndust þær hrakspár rangar. Það er nú séð, að fjárhagsafkoma þessa árs verður mjög góð. En nú, þegar fjárl. virðast munu verða afgr. óliku óvarlegar en á síðasta ári, þá nefnir stjórnarandstaðan ekki óvarlega afgreiðslu. Hvernig stendur á þessu?

Hv. þm. V.-Húnv. gat þess, að á síðasta þ. hefði verið samþ. þáltill. um starfskerfi ríkisins, þar sem lagt hefði verið fyrir stj. að spara sem mest í hinum opinbera rekstri. Kvað hann stj. hafa vanrækt þetta, og meðal annars hefði framkvæmd launalaga verið í hinum mesta ólestri. Í sannleika sagt eru þetta sjálfsagt einna bezt rökstuddu ásakanirnar, sem fram hafa komið á hendur stj. í þessum umr. Hitt er svo annað mál, hvort rétt er að kasta þungum steinum að stj., þótt lítið hafi áunnizt í þessum efnum. Hún hefur að ýmsu leyti átt við rammman reip að draga. Það er að verða kunnara og kunnara, að á valdatímum sínum notaði Framsfl. ýmsar ríkisstofnanir sem hreinar og beinar styrktarstofnanir fyrir flokkinn. Ef einhver framsóknarmaður þurfti á atvinnu að halda, var honum stungið inn í einhverja ríkisstofnunina, algerlega án tillits til þess, hvort nokkuð var þar fyrir hann að gera eða eigi. Það þarf því enginn að undrast, þótt það taki nokkurn tíma fyrir stj. að hreinsa þetta Augiasarfjós, nema þá með því móti að nota Herkulesar aðferðina og láta straumflóðið hreinsa allt í einni svipan. Ég veit að stj. liggur undir ámæli úr vissum áttum fyrir að hafa eigi notað þá aðferð. En hræddur er ég um, að munnsöfnuðurinn yrði eigi fagur hjá framsóknarkempunum, ef hún yrði notuð. Yfirleitt ættu þeir herrar að muna hið forna spakmæli, að það er ekki gott fyrir þá, sem búa í glerhúsi, að kasta grjóti. Hitt er svo rétt að upplýsa, að stj. hefur haft opin augu fyrir nauðsyn þess að gera ríkisrekstur inn einfaldari og kostnaðarminni. Nokkuð hefur þegar áunnizt í þessu, en mundi þó vera miklu meira, ef stj. byggi við þolanlegt húsnæði. En svo er því miður ekki. Nú er byrjað að reisa nýja skrifstofubyggingu, og þegar hún er fullgerð, skapast alveg ný skilyrði til þess að beita meiri hagsýni við rekstur ríkisstofnana. Hirði ég eigi að ræða það mál nánar nú, enda gerði ég því nokkuð frekari skil við fyrri hluta þessarar umræðu.

Þá deildi hv. þm. V.-Húnv. á stj. fyrir það, að framkvæmd launalaganna væri í ólestri. Það er rétt, að hún er ekki enn þá komin í það lag, sem hún þarf og á að komast í. En einnig í þessu efni sýpur stj. seyðið af gömlum Framsóknarsyndum. Framsókn hafði komið því lagi á að hlaða alls konar bitlingum á gæðinga sína, þannig að hin föstu laun þeirra urðu algerð aukageta. Eftir því sem þessum bitlingum fjölgaði, varð erfiðara að standa á móti og var seinast þannig komið, að allur þorri embættismanna hafði einhverja aukagetu. Þetta afsakaðist og með því, að fæstir embættismenn höfðu þau laun, að þeir gætu lifað af þeim einum saman. Afleiðing þess var og sú, að ýmsum embættismönnum var ákveðinn styttri vinnutími en eðlilegt má teljast, beinlínis til þess að gefa þeim kost á að afla sér aukatekna. Þegar þessa er gætt, má hver sem vill lá stj., þótt hún á 8 mánaða tíma hafi eigi skorið fyrir allar meinsemdir. Annars er rétt að geta þess, að launakjör viðskiptaráðs, sem hv. þm. V.-Húnv. var sérstaklega að vitna í, voru ákveðin af fyrrv. stj., en launakjör hins nýja viðskiptaráðs hafa ekki enn þá verið ákveðin.

Ásakanir þessa hv. þm. um það, að stj. vilji ekki styrkja framleiðslustarfsemina í landinu, eru í hæsta máta ranglátar. Það er óskiljanlegt, að maður, sem annars vill vera vandur að virðingu sinni, skuli bera slíkt á borð fyrir alþjóð. Hver maður, sem nokkuð hefur fylgzt með þjóðmálum hið síðasta ár, veit, að stj. hefur beitt allri orku sinni einmitt til þess að lyfta undir framleiðslustarfsemina bæði til lands og sjávar. Hún hefur gert allt, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að útvega sem fullkomnust atvinnutæki og ekkert til sparað. Hún hefur og gert það, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að útvega markaði fyrir framleiðslu landsmanna. Hitt má svo deila um, hve vel henni hefur tekizt þetta. En um viðleitnina verður eigi deilt af neinu viti.

Að svo stöddu ætla ég svo ekki að svara frekar ádeilum hv. þm. V.-Húnv., enda þótt þær væru, eins og áður er sagt, það, sem helzt er svaravert af ádeilum þeim, sem fram hafa komið.

Stj. hefur sætt nokkru aðkasti fyrir það, að hún hafi um of dregið úr fjárframlögum til opinberra framkvæmda. Kom það sérstaklega fram í ræðu, sem hv. 1. þm. Rang. hélt við fyrra hluta þessarar umr. fjárl., og svo aftur hjá hv. þm. Str. í gær. Hafa báðir þessir hv. þm. gefið í skyn, að það væri í raun réttri aðeins illvilji stj. í garð landslýðsins, sem ylli því, að ekki væri meira ætlað til opinberra framkvæmda en raun er á. Það á víst við um þetta, sem einu sinni var sagt: „Þetta væri ljótt, ef merkur maður segði". Nú orkar það eigi tvímælis, að einn veigamesti þátturinn í fjárlagaafgreiðsl-

unni er einmitt framlag ríkisins til opinberra framkvæmda. Kemur þá hvort tveggja til álita, að þeim framlögum sé réttilega í hóf stillt, og svo hitt, að þeim sé skynsamlega varið, þ. e., að þær framkvæmdir, sem fé er veitt til, hafi raunhæfa þýðingu fyrir atvinnulíf eða menningu þjóðarinnar. Þetta er málefni, sem miklu skiptir fyrir alþjóð, og þykir mér því rétt að ræða það nokkru nánar.

Það er út af fyrir sig eðlilegt, að fast sé fylgt á eftir kröfum um framlög af hálfu ríkissjóðs til opinberra framkvæmda. Það á enn við, sem kveðið var fyrir rúmlega hálfri öld, að „hér á landi þarf svo margt að brúa." Þótt margt hafi að vísu breytzt, síðan það var kveðið, þá er það óbreytt, að enn er auðvelt að benda á næstum ótæmandi verkefni, sem ekki aðeins væri æskilegt að hrinda í framkvæmd, heldur og oft og tíðum nauðsynlegt. Landið skortir vegi, brýr, skóla, sjúkrahús, hafnir, verksmiðjur og margt, margt fleira. Það er því út af fyrir sig mjög vandalítið að benda á, hvað gera þurfi. Hitt er vandasamara, að finna réttu leiðina til framkvæmda. Það er vitanlega ekki gott að vera of hægfara í framkvæmdum, en hitt er þó máske enn þá verra, að kollhlaupa sig. Nú er það ljóst, að til allra framkvæmda þarf tvennt: Fé og vinnu. Greiðslugeta ríkissjóðs hlýtur jafnan að vera takmörkuð, en hún verður því meiri því blómlegri sem atvinnurekstur landsmanna er. Allar framfarir byggjast á því, að atvinnulífið hvíli á traustum grundvelli. Það vona ég, að jafnvel Framsfl. sé nú farinn að skilja, þótt seint sé. En atvinnurekstrinn þarf líka á miklu vinnuafli að halda. Hann getur því aðeins þróazt eðlilega, að hann skorti eigi vinnuafl. Það er því alveg augljóst mál, að ef svo geyst er farið í hinar opinberu framkvæmdir, að vinnuafl dragist úr hófi frá framleiðslustörfunum, þá hlýtur það mjög fljótlega að hefna sín. Framleiðslan dregst þá saman, tekjur ríkissjóðs minnka, en af því leiðir minnkuð geta til nýrra framkvæmda. Það gagnar lítið að reisa síldarbræðsluverksmiðjur eða gera hafnir, ef ekki fást sjómenn á veiðiskipin. Og það gagnar lítið að leggja vegi um sveitirnar, ef enginn vill nytja býlin. Svo mætti lengi telja. Þetta er því engan veginn eins einfalt mál og margir vilja vera láta. Jafnvel þótt ríkissjóður réði yfir nægu fé, yrði að stilla framkvæmdum í hóf, ef vel á að fara og eðlileg þróun að geta haldizt. En hvað er það svo, sem ætlað er til opinberra framkvæmda í fjárlfrv.? Við fljótlega athugun telst mér til, að það, sem ætlað er til nýbygginga vega, brúa, hafna, síma, skóla, sjúkrahúsa o. fl. nemi um 30 millj. kr. Þá er ekki með talin skrifstofubyggingin á Arnarhóli, sem nú er nýbyrjað að reisa og kemur því að mestu á næsta ár. Hér er ekki heldur talið með það, sem veitt er til nýbýla, ekki byggingarstyrkir í kaupstöðum og sveitum, ekki síldarverksmiðjur, sem ríkið lætur reisa, ekki frystihús, ekki útvarpsbyggingin, sem ráðgerð hefur verið, ekki jarðræktarstyrkur og ýmislegt fleira, sem til verklegra framkvæmda mætti telja. Og þó er ekki öll sagan sögð. Framlag ríkisins til ýmissa framkvæmdanna er ekki nema hluti af kostnaðarverði þeirra. Svo er t. d. um flesta skólana, mörg sjúkrahúsin, hafnirnar o. fl. Og þegar þess svo er gætt, að bæði bæir og einstaklingar ráðgera stórkostlegar framkvæmdir á næsta sumri, þá fullyrði ég, að teflt sé á tæpasta vað, þegar fjvn. leggur til, að framlag ríkisins til verklegra framkvæmda sé aukið um ca. 9 millj. kr. Máske ekki fyrst og fremst vegna fjárhags ríkissjóðs, heldur blátt áfram af því, að hætta sé á, að of nærri framleiðslunni verði gengið í kapphlaupi um vinnuaflið. Við getum aldrei til lengdar haldið áfram svona geystum framkvæmdum, ef við með því drögum saman framleiðsluna. Að vísu veit ég vel, að ýmislegt af þeim framkvæmdum, sem fjvn. hefur mælt með fjárveitingu til, getur illa beðið. Á það sérstaklega við um hafnirnar, sem knýjandi nauðsyn er að auka vegna stækkunar flotans. En full ástæða hefði samt sem áður verið til að láta fara fram athugun á, hve mikils vinnuafls hinar ráðgerðu framkvæmdir krefjast, og haga sér að einhverju eftir þeirri athugun. — Ég vænti, að ég þurfi ekki að fara um þetta fleiri orðum til þess að hver skynbær maður láti sér skiljast, að opinberar framkvæmdir eru háðar fleiri takmörkunum en illvilja stjórnarinnar.

Í ræðu hv. þm. Str. í gær var fátt annað en þetta eina atriði, sem í raun og veru er svaravert. Ég nenni t. d. ekki að elta ólar við hann út af dýrtíðarstaglinu. Hann segir, að allt sigi hér á ógæfuhlið, af því að ekki hafi verið fylgt tillögum Framsfl. um lækkun dýrtíðarinnar. Það er erfitt að rökræða slíkt mál, meðan enginn veit, hverjar till. eru. Framsóknarmenn gaspra að vísu um það, að allt eigi að lækka. En þeir hafa bara aldrei bent á ráð til að hengja bjöllluna á köttinn.

Eysteinn Jónsson var að vísu að tala um það áðan, að fyrir hv. Ed. lægi till. frá Framsfl. um lausn dýrtíðarmálsins. Þykist ég vita, að hann eigi þar við till. frá hv. þm. Eyf. um að skipa 4 manna n. til að gera till. um lækkun dýrtíðarinnar. Þetta kallar hv. þm. till. um lausn dýrtíðarmálsins! Er þetta gott sýnishorn þess, hve raunhæfar eru till. Framsfl. um lausn dýrtíðarmálsins, sem þeir jafnan eru að státa af.

Ég held varla, að menn taki það mjög alvarlega, þegar maðurinn, sem bar ábyrgð á stjórn landsins á árunum 1934—1939, ber sér nú á brjóst og talar með grátstaf í kverkunum um hina „sárþjökuðu atvinnuvegi". Það er varla heldur tekið alvarlega, þegar sami maður er að krefjast skatta á þá ríku, en segir svo um leið, að veltuskatturinn sé skattur á fátæka ómagamenn, skattur, sem einmitt er tekinn af þeim stéttum, verzlun og iðnaði, sem flokkur þm. telur hafa hagnazt mest á ófriðnum. Eða þegar þm. sakar stj. fyrir að hafa ekki sent menn vestur um haf til þess að hefja rannsókn út af ólöglegri álagningu. Ég er ekki alveg viss um, að Bandaríkin hefðu tekið því vel, að við tækjum að okkur rannsóknarvald þar í landi. Slík krafa varð að minnsta kosti orsök heimsstyrjaldar árið 1914. Þá er það og hjákátlegt, þegar þm. vítir stj. fyrir, hve mikinn hagnað ríkið fái af áfengissölu. Verð á áfengi hefur ekkert breytzt síðan núv. stjórn tók við völdum. Eða

heldur kannske hv. þm., að drykkjuskapurinn minnkaði, ef verðið væri lækkað?

Ummælin, sem hv. þm. hafði um búnaðarráð, verðlagsnefndina og forseta Sþ., gætu hins vegar gefið tilefni til langrar ræðu. En ég held hins vegar, að það sé óþarft. Flestir þessir menn, sem hv. þm. var að reyna að stimpla sem svikara og gaf kvislingsheitið, sem Tímamönnum er nú svo tamt, eru sem betur fer þjóðkunnir menn. Ef til eru á Íslandi svo lítilsigldir menn, að þeir trúi því, að þessir menn hafi gerzt svikarar við stétt sína og þjóð til þess að þóknast bændaböðlinum, sem nú situr í sæti landbrh., þá mega þeir mín vegna lifa í þeirri trú. Ég að minnsta kosti hirði aldrei um álit slíkra manna. Hitt er svo í fullu samræmi við aðra röksemdafærslu þessa þm., þegar hann segir, að verðlagningarvaldið hafi verið tekið af bændum og að verðlagsnefndin hafi lækkað afurðaverðið á síðastliðnu hausti. Svona getur enginn maður talað, nema hann komist út úr andlegu jafnvægi. En sálarástand hans skýrðist dálitið fyrir mér, þegar hann fór að hrópa til landslýðsins að koma til sín. Mér fannst hann næstum geta tekið sér í munn orð skáldsins: „Hví leyfir þú þá landi og þjóð að lúta nokkrum öðrum? Hví drottna ei mín hvellu hljóð að heimsins yztu jöðrum?"

Síðustu mínúturnar, sem ég hef nú til umráða, verð ég að nota til að víkja lítils háttar að hinni mjög einkennilegu eldhúsdagsræðu, sem starfsbróðir minn, atvmrh., flutti hér í gær. Öll ræða hans gekk út á að reyna að sannfæra landslýðinn um það, að einhver ægileg stríðsgróðamannaklíka, sem stjórnaði Landsbankanum, hefði öll útispjót til að reyna að eyðileggja nýsköpunaráform ríkisstj. Talaði hann jafnframt um, að stjórn bankans væri mjög ólýðræðislega valin. Það er því rétt að athuga þá hlið málsins fyrst. Sþ. kýs með hlutfallskosningu 15 manna n., Landsbankanefndina, sem í orði kveðnu er æðsta stjórn bankans. Sú n. kýs svo aftur 4 menn í bankaráð, er form. þess er skipaður af viðskmrh. Bankaráðið velur svo bankastjóra. Ég get nú ekki komið auga á, hvað er ólýðræðislegt við þetta val, en máske er það vestrænt lýðræði. Atvmrh. verður svo sjálfur að finna út, hvernig stríðsgróðaklíkan tekur þarna taumana.

Þá er næst að athuga, hvernig bankinn hefur reynt að spilla fyrir nýsköpunartilraunum stj. Nokkur dráttur varð á að ganga frá nýbyggingarreikningnum, og stafaði það af því, að ágreiningur var innan stj. um það, hve mikið af nýbyggingarfénu ætti að vera í dollurum. Vitanlega skipti þessi dráttur engu máli, en sé við nokkurn að sakast út af drættinum, þá er það við mig, en ekki bankann, sem sýndi fullkomnasta velvilja og lipurð í allri afgreiðslu sinni. — Önnur afskipti, sem ég hef haft við bankann í sambandi við nýsköpun, eru þau, að hann hefur veitt samtals 15 millj. kr. vaxtabréfalán til þess að koma upp síldarverksmiðjum. Hann veitti þau með öllu tregðulaust og með kjörum, sem fram að þessu hafa verið talin mjög hagstæð. — Þá veitti bankinn og bráðabirgðalán til að festa kaup á togurum í Bretlandi, lán, sem verða mun vaxtalaust að minnsta kosti til næstu áramóta. Hann annaðist og tryggingu fyrir skipakaupunum í Englandi fyrir ákaflega sanngjarna þóknun og tók að sér yfirfærslur á andvirði þeirra fyrir þóknun, sem nemur ¼ af því, sem öðrum banka hefur verið greitt fyrir yfirfærslur á andvirði Svíþjóðarbátanna. Öll þessi viðskipti máttu heita afgerð í einu samtali, og geta menn af því séð, hvern fjandskap bankinn sýndi þessari nýsköpun. Þá þykir mér rétt að geta þess, þótt það komi ekki beinlínis nýsköpun við, að einn af bankastjórum Landsbankans samdi um fjárreiður ríkissjóðs í Danmörku og gerði mjög hagkvæma samninga fyrir ríkissjóðs hönd. Yfirleitt get ég með góðri samvizku gefið þá yfirlýsingu, að bankinn hefur á hvern hátt sýnt mér velvilja og greiðasemi, síðan ég kom í fjmrn., og þykir mér skylt að taka fram, að það á ekki síður við þann bankastjórann, sem er yfirlýstur andstæðingur minn í stjórnmálum, en hina.

Einu rökin, sem hæstv. atvmrh. færði fyrir þessu einkennilega ævintýri sínu um Landsbankann, var það, að hann hefði mótmælt því, að hann með lögum yrði skyldaður til að láta af hendi til annarrar lánsstofnunar allverulegan hluta af geymslufé sínu og gegn vöxtum, sem óþekktir eru hér á Íslandi. Þessi ráðstöfun er án nokkurs efa einsdæmi í heiminum, og þarf því engan að undra, þótt einhverjar aths. kæmu fram. Annars staðar en á Íslandi mundi það að minnsta kosti ekki verða talið til skemmdarverka, þótt stjórn þjóðbankans vildi leggja orð í belg, þegar um mikilvæg fjármál þjóðar er að ræða. Þetta þjóðsögukennda ævintýri atvmrh. um Landsbankaklíkuna er því ekki annað en heilafóstur, sem aldrei hefði átt að sjá dagsins ljós.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): [Innanþingsskrifarinn (Kr. Hós.), sem átti að skila handriti að ræðu þessari, mun hafa búizt við, að ráðh. læsi hana af blöðum, og hafðist því ekki að meðan á flutningi ræðunnar stóð. En svo var ekki, og hefur handrit að ræðunni því aldrei verið til. Hins vegar telur ræðumaður sér ekki fært að endursemja hana, þegar svo langt er um liðið.]

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. Finnur Jónsson er veikur, svo að ég hleyp hér í skarðið fyrir hann. Ég mun þó ekki ræða mikið um Falkurútgerð né ævintýrin í Landsbankanum, eins og síðustu ræðumönnum hefur orðið tíðrætt um, heldur ætla ég að nota þessar mínútur til þess að drepa á tryggingafrv. En áður en ég byrja á því, vil ég svara því, sem hæstv. atvmrh. var að dylgja með í sambandi við fisksölu í ráðherratíð minni. Það átti vist að verða hans afsökun, ef eitthvað var ábótavant hjá mér. En þessu er ekki til að dreifa, því að þegar ég var ráðh., var tilganginum algerlega náð og útvegsmenn fengu hið raunverulega verð, sem fyrir fiskinn fékkst. Færi betur, ef hæstv. ráðh. gæti sagt hið sama.

Í ræðu minni í gærkvöld gerði ég nokkra grein fyrir því, hverjum lágmarkstekjum tryggingun-

um væri ætlað að sjá þeim fyrir, sem af ósjálfráðum ástæðum, svo sem elli, örorku, slysförum eða veikindum, geta ekki aflað sér nægilegra tekna, svo og framlögum tryggingganna til ekkna og munaðarleysingja og foreldra, sem eiga stóran barnahóp, eða fleiri en þrjú. Af þessum tekjutryggingum er ellilífeyririnn langsamlega mestur eða 2—3 millj. Mér finnst rétt að geta þess, að gamla fólkið hefur orðið að þola mikið, og það hefur sparað mikið og á þess vegna rétt á að fá að lifa áhyggjulausri elli. Í sambandi við tekjutryggingarnar verður að hafa það í huga, að það er engan veginn nóg að sjá þeim, sem veikjast eða verða fyrir slysum, fyrir tryggingu lágmarkstekna. Þessi atvik hafa jafnan í för með sér tilfinnanleg útgjöld, læknishjálp, lyf og sjúkrahúsvist, um leið og atvinnutekjurnar bregðast. Þess vegna er til þess ætlazt, að heilsugæzlan sjái um þetta á líkan hátt og sjúkrasamlög nú. Því er nauðsynlegt að auka heilsuverndina sem allra mest. Margir sjúkdómar orsakast af lélegri heilsuvernd. Auður þjóðarinnar er fólginn í heilbrigði fólksins. Ekki er síður áríðandi að varðveita heilsuna en lækna sjúka. Það er betra að veikjast ekki en batna, þó að gott sé. Þjóðargróði afstýrir veikindum. Lega á sjúkrahúsum hefur kostað nú 400 þús. kr. á einu ári fyrir einstaklingana, og er það þó ekki nema lítill hluti af hinum raunverulega kostnaði. En von er um betri árangur, ef heilsuverndin verður aukin. Mér þykir rétt að lesa nokkrar tölur, er sýna lækkun sjúkdómstilfella samfara aukinni heilsuvernd. Árið 1893 voru 237 holdsveikir sjúklingar, en holdsveikraspítalinn var ekki settur á stofn fyrr en 1898. 40 árum síðar, eða 1938, er sjúklingatalan komin niður í 21, en ef sama hlutfall hefði átt að haldast, hefði tala sjúklinganna verið 385. Þetta er nú árangurinn af bættri heilsuvernd. Svipað er að segja um sullaveikina. 1911—15 dóu 89 menn úr sullaveiki og þar af 22 undir 20 ára aldri, en 1936—40 dóu 20 og af þeim 4 undir 20 ára aldri. 1931—40 var rannsakað, hvað sullar væru í mörgum af þeim, sem dóu, og það kom í ljós, að ekki fundust sullar í neinum, sem var yngri en 20 ára. Í mönnum 20—40 ára voru sullar í 0.6%, í 21—50 2.4% og yfir 70 ára 21% eða fimmti hver maður. En nú deyja menn varla lengur úr sullaveiki, því að hún er sjálf að deyja út. Þetta er einnig mikill árangur af bættri heilsuvernd. En e. t. v. er ljósasta dæmið um berklaveikina. Hún náði hámarki sínu 1931 og dóu þá 2.1% af allri þjóðinni úr berklaveiki eða 232, en 1939 dóu 94 eða 0.8%. Rannsakað hefur verið um berklatilfelli hjá börnum, og síðustu tölur gefa til kynna, að það séu 10% barnanna, sem hefur vott af berklum, en fyrir 15 árum var það ⅓ barnanna. Þetta sýnir nú, hvers má vænta af frv., hvað snertir heilsugæzlu og heilsuvernd.

Í gærkvöld gerði ég einnig grein fyrir því, hversu mikill heildarkostnaður tryggingganna yrði og hve miklu aukningin frá því, sem nú er lagt fram í sama skyni, mundi nema. Er þá eðlilegt, að spurt sé: Höfum við efni á þessu? Getur þjóðin risið undir þessum fjárframlögum? Ég mun nú leitast við að skýra þetta nánar, svo að hv. alþm. og aðrir geti skapað sér skoðun um þetta atriði. Er þá fyrst á það að líta, að hér er ekki um neinn aukinn kostnað að ræða fyrir þjóðina í heild umfram það, sem kjör þeirra, er tryggingganna njóta, verða betri en nú er. Kostnaðaraukningin ætti ekki einu sinni að verða svo mikil, því að með bættu skipulagi, sem leiðir af, þegar öll þessi mál eru komin í eitt heildarkerfi, má gera ráð fyrir, að töluvert sparist. Sá tími er löngu liðinn, er gamalmenni gengu fyrir ætternisstapa til þess að íþyngja ekki börnum sínum, og barnaútburður til að spara uppeldiskostnaðinn er löngu úr tízku. Sjúkir menn, aldraðir og lemstraðir fá nauðsynjar og einhverja aðhlynningu, börnum er séð fyrir fæði og flíkum. Það, sem á skortir nú, að tryggingar og opinber forsjá ríkis- og sveitarfélaga hrökkvi til þessa, leggi einstaklingurinn fram af tekjum sínum eða eignum með misjöfnum hætti. Ölmusugjafir og bónbjargir er ekki eftirsóknarvert, hvorki fyrir þá, sem njóta, né fyrir hina, sem láta af hendi. Mörgu gamalmenninu er þungt í skapi, ef það þarf að leita hjálpar hjá börnum sínum, sem oftast eiga nóg með sig. Með frv. þessu er leitazt við að jafna þessum gjöldum niður á réttlátan og skynsaman hátt og tryggja mönnum ákveðinn rétt í stað gustukaverka og misjafns mats á verðleikum og ástæðum, enda lögð á hvern og einn vinnufæran mann sú skylda að leggja fram iðgjöld til tryggingganna, þ. e. að tryggja sjálfan sig.

Við Íslendingar ættum að vera fremri í að setja fullkomna tryggingarlöggjöf, tryggja betur þjóðfélagslegt öryggi en flestar aðrar þjóðir. Ástæðurnar fyrir því eru þessar: Við höfum komizt hjá eyðileggingum og kostnaði styrjaldarinnar. Aðrar þjóðir hafa rúið sig inn að skinninu fjárhagslega í stríðinu, lönd þeirra, hús og mannvirki hafa verið eyðilögð. Þúsundir og jafnvel milljónir manna á bezta aldri hverfa heim sem aumingjar og örkumla menn. Fyrir þeim þarf þjóðin að sjá í viðbót við aðra þegna sína. Við höfum safnað fé, þær hafa safnað skuldum. Samt telja þessar þjóðir, eða e. t. v. þess vegna, það skyldu sína að byrja á því að koma tryggingarmálunum í gott lag. Í öðru lagi erum við minnsta fullvalda þjóð í heimi. Stundum er smæðin talin veikleikamerki. En í tryggingarmálunum er hún eða ætti að vera styrkur. Auðveldara er að hafa yfirsýn yfir þessi mál, bæði þörf og getu, í litlu þjóðfélagi, þar sem ekki er sama regindjúp milli auðs og örbirgðar og hjá stórþjóðunum, sem telja tugi eða hundruð milljóna. Í þriðja lagi höfum við fengið mikilvæga reynslu þau 10 ár, sem liðin eru síðan alþýðutryggingalögin voru sett, og safnað talsverðu fé, sem ætti að auðvelda framkvæmd laganna. Sjóðir tryggingganna nema væntanlega á næsta ári eitthvað á milli 30—40 millj. kr., og á þeirri reynslu, sem fengin er, verða framkvæmdirnar byggðar. Talið er, að þjóðartekjur okkar hafi numið í heild síðasta ár a. m. k. 750—800 millj. kr. eða 6000 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Áætlaður kostnaður tryggingganna alls er 72 millj. kr. eða um 9% af öllum þjóðartekjunum. Áætlað er, að framlög ríkissjóðs til þeirra mála, sem tryggingarnar taka til, þurfi að hækka um 11.4 millj. kr. Það er 9% hækkun á fjárl. frá því,

sem gjöldin eru áætluð í frv. því, sem nú liggur fyrir Alþ. Sveitarfélög og bæjarfélög leggja nú fram um 10 millj. kr. til þessara mála, aðallega til trygginga og til fátækraframfærslu, sem hefur verið mjög lítil hin síðari ár vegna tryggginganna og einnig vegna þess, að atvinna er nægileg. Áætlað er, að framlög þeirra þurfi að hækka um 5 millj. kr. samtals á öllu landinu. Það mun láta nærri, að það svari til 10% hækkunar á útsvarsupphæðunum í heild fyrir allt landið. Fátækraframfæri sveitanna ætti að langmestu leyti að hverfa vegna tryggginganna. Er það næsta mikilfenglegt fyrir sveitarfélögin, sérstaklega ef erfiðara verður í ári, því að þá er hætt við, að fátækraframfæri hækki aftur. Aðeins vandræðamenn, sem sjálfir eiga sök á því, að þeir verði styrkþurfa og fá eigi sitt til tryggingar, ættu að þurfa fátækrahjálparinnar við.

En hvað segir frv. þá um atvinnutryggingar? Um þau mál segir svo í grg. frv.:

„Í frv. eru engin ákvæði um atvinnuleysistryggingar eða framlög til öryrkja undir 75%. En n. hefur til athugunar fyrrnefndar tillögur Jóns Blöndals um Atvinnustofnun ríkisins. Samkv. þeim till. er þessari stofnun ætlað að sjá um vinnumiðlun almennt og til öryrkja undir 75% sérstaklega, svo og að annast um greiðslu atvinnuleysisbóta (dagpeninga) til öryrkja, ef ókleift reynist að útvega eða sjá þeim fyrir vinnu, og til annarra, sem atvinnuleysistryggingin nær til og eins er ástatt um. N. gerir ráð fyrir að geta innan skamms gert grein fyrir athugun sinni á nefndum tillögum.

N. er það ljóst, að eitt meginskilyrði þess, að tryggingar nái tilgangi sínum, er það, að starfsorka þjóðarinnar sé notuð til gagnlegra framkvæmda, en ekki sóað eða gerð verðlítil vegna atvinnuleysis, ófullkominna starfstækja eða skorts á skipulagi. Markmið almannatryggginganna er að útrýma skorti, en afkoma og lífskjör þjóðarinnar í heild eru undir því komin, að starfsorka hennar komi að sem fyllstum notum. Skorti lífsnauðsynja má útrýma með tryggingum, ef atvinnuleysi er haldið í skefjum. Útrýming atvinnuleysisins er í rauninni þýðingarmesta forsendan fyrir því, að takast megi að skapa félagslegt öryggi. Tryggingarnar eru ekki einhlítar í því efni, ef þjóðartekjurnar bregðast, en þær hljóta að rýrna, ef vinnuaflið er ekki hagnýtt, og því meir sem kveður að atvinnuleysinu."

Og enn segir svo í greinargerðinni:

„Þegar litið er til þess, hversu mörg og stór verkefni bíða hér óleyst á fjölmörgum sviðum, hversu hagur okkar gagnvart útlöndum nú er góður, og jafnframt hafðar í huga þær stórfelldu ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar og verið er að gera til þess að afla landsmönnum nýrra, fullkomnari framleiðslutækja, ætti ekki að þurfa til slíks að koma, ef réttilega og skynsamlega er á málunum haldið."

Þetta segir í grg., en í yfirlýsingu hæstv. núv. ríkisstj. er komizt svo að orði, að meginstefna hennar sé að tryggja það, að allir landsmenn geti haft atvinnu, eða m. ö. o. að afstýra atvinnuleysi. Hafa nú þegar verið gerðar ráðstafanir til útvegunar nýrra og fullkomnari framleiðslutækja, sem nægja til að veita a. m. k. 3000 manns atvinnu beinlínis.

Ég hef í þessum umræðum einkum gert þrjú mál að umræðuefni, mál, sem Alþfl. hefur óslitið frá upphafi barizt fyrir, og tvö þeirra voru gerð að skilyrði fyrir þátttöku hans í ríkisstj. Mál þessi eru:

1) Ráðstöfun stríðsgróðans. Nota erlendar inneignir til að kaupa framleiðslutæki. Lækka framleiðslukostnaðinn með því að nota hinar fullkomnustu vélar, sem völ er á.

2) Útrýming atvinnuleysis, en ég gerði grein fyrir því í síðustu ræðu minni.

3) Alþýðutryggingar. Það var Alþfl., sem gerði alþýðutryggingalögin að skilyrði fyrir stjórnarsamvinnu við Framsfl. 1934. Þau voru sett 1935, en gengu í gildi 1936 og voru þau stórkostleg framför frá því, sem áður var. Sú tryggingarlöggjöf getur ekki haldizt óbreytt. Hún verður að breytast eftir því, sem tímarnir breytast. Það, sem var við hæfi, getu og aðstæður okkar 1935, á ekki lengur við 1945. Nú eru aðrir tímar. Það er meiri þörf og geta fyrir víðtækari löggjöf.

Það er verið að tala um, að þetta muni draga úr sjálfsbjargarviðleitni okkar, og það er verið að tala um síðasta naglann í líkkistu sjálfstæðis okkar í sambandi við það, sem hér hefur verið rætt. En ég fagna því, að samkomulag hefur náðst um lausn þessara mála nú þegar á þessu þingi. Íslendingar geta ekki skipað sess meðal þjóðanna sem frjáls og fullvalda þjóð eingöngu vegna fornrar sögufrægðar og ritsnilldar. Sá kvarði, sem við verðum mældir á um það, hvort við verðskuldum að vera frjáls þjóð, er annar. Og við getum verðskuldað það, ef við viljum það.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 3. landsk. þm., Haraldur Guðmundsson, lokið sínu máli, og tekur nú næst til máls hv. 2. þm. S.-M., Eysteinn Jónsson, og talar af hálfu síns flokks, Framsfl.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, sagði hér í ræðu við þessar umr., að Framsfl. væri á móti aukningu síldarverksmiðja og nýtízku vinnubrögðum frystihúsa, og að Tíminn hefði glaðzt yfir því, að nýtt skip fórst í logni, og fleira þessu líkt. Og hann sagði, að það hefði verið siður fyrir stríð, að einn framsóknarmaður hefði verið í hverju fyrirtæki, til þess að það gæti komizt í náð hjá gjaldeyrisnefnd. Allt er þetta vísvitandi uppspuni frá rótum, og sá, sem heldur slíku fram, er ekki svara verður. — Hæstv. atvmrh. sagði einnig, að framsóknarmenn hefðu nýlega fengið áhuga fyrir sjávarútvegsmálum. En hverjir börðust fyrir stofnun Síldarverksmiðja ríkisins? Það voru framsóknarmenn, gegn andstöðu hæstv. núv. forsrh., og það voru Framsfl. og Alþfl., sem komu á síldarsöltunarskipulaginu, sem hefur gert síldarsöltun að verulegri atvinnugrein. Framsfl. og Alþfl. efldu Fiskimálasjóð og stóðu fyrir margs konar brautryðjendastarfi í sambandi við hann fyrir sjávarútveginn. Framsfl. var eini landsmálaflokkurinn, sem stóð óskiptur að gengislækkuninni 1939, sem var gerð fyrir sjávarútveginn. Þingflokkur núv. hæstv.

forsrh. klofnaði svo nákvæmlega í tvo jafna hluta um það mál sem verið gat um flokk, þar sem tala flokksmanna stendur á stöku. Þannig hefur Framsfl. haft forustu um margvísleg málefni sjávarútvegsins.

Út af ræðu hæstv. atvmrh. er einnig ástæða til þess að benda á það, að þegar sendir voru menn til samninga við Breta um fisksölumálin, þorðu kommúnistar ekki að senda sinn fulltrúa út yfir pollinn, þorðu ekki að sýna hann í Bretlandi. En þá leitaði hæstv. atvmrh. til „Landsbankaklíkunnar" — en kommúnistar hafa oft nefnt ráðamenn Landsbankans svo — til þess að gera fisksölusamning við Breta. Svo leyfir hæstv. atvmrh. sér að segja það um stjórnendur Landsbankans, sem hann hefur gert hér í umr. og háttv. hlustendur hafa heyrt. Það eru tæpast nema litlir karlar, sem leyfa sér það, sem hæstv. atvmrh. hefur gert í þessu efni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri erfitt að spara ríkisfé, þar sem of margir menn væru við störf og tækju laun frá ríkinu, og væru það leifar frá stjórn framsóknarmanna. En venjulegum mönnum mundi nú, hygg ég, sýnast auðveldara að spara útgjöld ríkisins til starfsgreina, þar sem of margir menn væru fyrir í starfinu og ýmsu væri bruðlað í óhófi. Þennan málflutning um erfiðleika í sambandi við sparnað skilur víst enginn nema hæstv. fjmrh.

Þá var svo að skilja á hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefði greitt 38 þús. kr. fyrir aukastörf í nýbyggingarráði, vegna þess að Framsfl. hefði einhvern tíma greitt einhverjum manni eða mönnum einhver laun. Þetta eru nú svör hæstv. ríkisstj. við rökstuddri gagnrýni. Hæstv. fjmrh. láðist auðvitað að geta þess, að sjálfstæðismenn hafa farið með fjármálastjórn nú í 6 ár, þegar hann var að tala um „fjósið", sem þyrfti að moka og væri svo ákaflega erfitt. Ef eitthvert „fjós" þarf að moka, eitthvert fjármálastjórnarfjós, þá er það ekki fjós Framsfl., heldur fjósið, sem Sjálfstfl. hefur tekið að sér að hirða um síðastliðin 6 ár.

Ekki er laust við, að ríkisstj. sé ofurlítið státin af því, að ríkissjóður er ekki kominn í greiðsluþrot enn þá. Það hefur verið sagt, að stjórnarandstæðingar hafi spáð miklum tekjuhalla, en *reynzt falsspámenn. Hið rétta í þessu er það*, að hæstv. fjmrh. áætlaði tekjuhalla við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Stjórnarandstæðingar byggðu gagnrýni sína á fjárl. fyrir yfirstandandi ár á áætlunum hæstv. fjmrh. Nú segist stj. muni fá 160—170 millj. kr. tekjur, eða 40—50 millj. kr. umfram það, sem hún hafði áætlað, en gjöldin verða enn hærri en stjórnarandstæðingar gerðu ráð fyrir. Nú væri ekki til *mikils ætlazt, þótt menn gerðu þá kröfu*, að ríkisstj., sem fær 40—50 millj. kr. meira í tekjur á einu ári en hún hafði fyrir fram gert ráð fyrir, skilaði nokkrum tugum milljóna í afgang eftir árið. Það hefði einhvern tíma þótt ástæða til þess að búast við því. En því fer svo fjarri, að þess sé að vænta. Niðurstaðan mun verða sú, þegar öll kurl koma til grafar, að sjóðir ríkisins umfram skuldir munu ekki gildna á þessu ári svo, að til bjargar verði á næstunni, þótt stj. hafi sópað saman fjármagni sem samsvarar 60—70% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Þessara fjármuna hefur verið aflað með þeirri þyngstu skattapressu, sem þjóðin hefur nokkru sinni verið lögð undir, þ. á m. með álagningu veltuskattsins og með því að eyða allt að helmingi dollaraeignanna til vörukaupa á einu ári. Það er því ekki af miklu að státa fyrir hæstv. fjmrh. Liggur nær að athuga um horfur í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár en að reyna að stinga þjóðinni svefnþorn með því að telja það til afreka, að hægt hefur verið að forðast greiðsluþrot í 12 mánuði með aðferðum, sem eru svo illræmdar, að jafnvel ekki þessi ríkisstj. vogar að nota þær nema einu sinni.

Þegar ríkisstj. lagði fjárlagafrv. fyrir þingið, voru útgjöldin áætluð 130 millj. kr. Eftir 2. umr. verða þau komin upp í tæpar 140 millj. og eiga þá vafalaust eftir að hækka enn verulega, auk þess sem margvísleg útgjöld eru fyrirsjáanleg, sem ekki eru færð í fjárlagafrv. Fjvn. hefur ekki treyst sér að meta tekjuvonir á næsta ári hærra en svo, að fjárlfrv. er enn með þeim sama 13 millj. kr. greiðsluhalla, sem það var, er það fór til n. Og ríkisstj. hefur ekki imprað á neinum úrræðum til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., *enda er sannleikurinn sá*, að það er með öllu óhugsandi að afgreiða hallalaus fjárl. að óbreyttri stefnu í verðlagsmálum. Afleiðingar stjórnarstefnunnar á fjárl. koma þá einnig glöggt fram í því og enn gleggra nú en í fyrra, að ekkert rúm er í fjárlfrv. fyrir fjárveitingar til ýmissa þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru. Þannig leggur fjvn. til, að á næsta ári verði tekin lán til nýrra hafnarframkvæmda jafnframt því, sem haldið verði áfram að éta upp hafnarbótasjóðinn. Og þannig mætti lengi telja og sýna fram á, að stefna stj. hlýtur að leiða til stórkostlegs greiðsluhalla hjá ríkinu og enn fremur, að allar meiri háttar framfarir í landinu verða að byggjast á lántökum og aftur lántökum. Ríkisútgjöld næsta ár verða aldrei undir 160 millj. kr. samkv. því, sem stj. stefnir, og verða þó ekki þar með framlög til nýsköpunarinnar eða til stuðnings atvinnuvegunum. Þessi afgreiðsla er hrein fásinna og fullkomið ábyrgðarleysi, enda verða menn að hlusta á og horfa upp á það, að þeir, sem ábyrgðina bera, viðurkenna það, *en sitja samt sem fastast og koma í veg fyrir*, að nokkuð sé aðhafzt í rétta átt.

Nú mundi kannske einhver spyrja, hvers vegna Framsfl. hafi ekki flutt niðurskurðartill. við fjárl., þar sem hann telji þau of há. Framsóknarmenn eru ekki niðurskurðarmenn verklegra framkvæmda né mótstöðumenn framlaga til þjóðnytjamála. Þess vegna flytja þeir ekki niðurskurðartill. Það er verðbólgan, sem gerir fjárl. *óviðráðanleg. Hana vilja framsóknarmenn* lækka strax, lækka þannig fjárl. um milljónatugi án þess að draga úr framlögum til þjóðnytjamála. Till. Framsfl. um lækkun verðbólgunnar eru því till. þeirra um lækkun fjárl.

Þá er rétt að víkja nokkrum orðum að ástandinu í verzlunarmálunum. Í þeim málum ríkir fullkomið öngþveiti. Samkeppni má teljast alveg útilokuð. Af þessu leiðir það, að verðlagseftirlitið verður *ill-* eða óframkvæmanlegt. Er í því sambandi skemmst að minnast stórra hneykslis-

mála. Það hefur löngum verið úrræði alþýðu manna á Íslandi að berjast gegn óeðlilegum verzlunarháttum með því að gera samtök um verzlunina. Héldu þessi samtök áfram að vaxa, þangað til stjórnarvöldin gripu í taumana og hnekktu vexti þeirra með nýrri framkvæmd verzlunarmálanna nú fyrir nokkru. Geta menn nú ekki lengur notfært sér þetta úrræði. Sannleikurinn er sá, að núv. ríkisstj. hefur beinlínis stefnt markvisst að því að nota innflutningseftirlitið og útflutningskvótana í öðrum löndum til þess að koma í veg fyrir eðlilega þróun verzlunarsamtaka almennings. Þannig hefur innflutningshlutfall kaupfélaganna í mörgum þýðingarmiklum vörutegundum verið lækkað þrátt fyrir aukna tilhneigingu landsmanna til þess að verzla við kaupfélög. Þannig hafa samvinnufélögin í landinu verið neydd til þess að auka viðskipti sín við milliliðina og kaupa hjá þeim. Svo langt hefur verið í þessu gengið, að á sama tíma sem samvinnumenn landsins hafa verið neyddir til þess annaðhvort að verzla við heildsala í stórum stíl eða láta verzlunarbúðir sínar standa tómar, þá geta kaupmenn í Reykjavík selt til annarra landa margs konar varning af þeim tegundum, sem hér hafa verið hömlur á, fyrir milljónir króna. — Menn skyldu halda, að sú stj., sem stendur fyrir slíkum framkvæmdum í verzlunarmálunum, væri skipuð fulltrúum heildsalanna einum, en svo á þó víst ekki að heita, því að fulltrúar Alþfl. og kommúnista í ríkisstj. hafa, að minnsta kosti fram að þessu, ekki viljað telja sig það. Verzlunarmálunum er ekki stjórnað frá því sjónarmiði, hvað bezt hentar alþýðu manna, heldur ræður allt annað sjónarmið. Það er beinlínis unnið að því að viðhalda einokun og spillingu.

Ekki tekur betra við, þegar litið er til skattamálanna. Það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., að þar er yfirleitt haldið verndarhendi yfir þeirri spillingu, sem hvert mannsbarn veit, að á sér stað, en í þess stað aflað tekna með framlengingu allra skatta og tolla, sem gripið var til á mestu kreppuárunum, og ofan á þetta er svo bætt stórfelldum nýjum sköttum og skattaviðaukum, sem þyngst koma niður á miðlungstekjur og smærri og miðlungsfyrirtæki. Í stað þessa hefði þurft að gera hér hreint borð í þeim málum, eins og aðrar þjóðir vinna að, en lækka aftur á móti gjöldin á þeim, sem undanfarið hafa borgað of mikið saman borið við aðra. — Það er engin tilviljun, að þannig er haldið á verzlunar- og skattamálunum. Við bentum á það þegar í upphafi stjórnarsamstarfsins, að svona mundi fara, blátt áfram vegna þess að samstarfið væri borið uppi af stórgróðamönnum í Sjálfstfl. annars vegar og kommúnistum hins vegar. Hlutur þeirra fyrrnefndu hefur þá verið rakinn. — En hver er þá hlutur kommúnista? Þeir hafa brugðizt verzlunarsamtökum alþýðunnar og svikið öll loforð sín og fyrirheit um afnám tolla, nýja róttæka skattapólitík, baráttu gegn auðvaldinu, að ég nú ekki tali um, hvernig það hljómar nú í eyrum manna, að sá flokkur þóttist einu sinni ætla að berjast gegn fjármálaspillingu í landinu. Það var nú svo sem auðséð áður en kommúnistar fóru í ríkisstj., hversu mikil alvara var að baki þessum fyrirheitum. Jafnvel á meðan þeir voru í tilhugalífinu við sjálfstæðismenn á árunum 1943 og '44 var þeim svo mikið í mun að sýna þjónustu sína, að þeir drápu stríðsgróðaskattstillögur sínar sjálfir, ef þess þurfti við til þess að stöðva þær. Hlutur kommúnista í stjórnarsamstarfinu er fyrst og fremst fólginn í þessu: Gegndarlausum fjáraustri af opinberu fé til gæðinga flokksins, ráðum yfir útvarpi og menntamálum og tryggingunni, sem þeir hafa fyrir því, að verðbólgunni verði haldið við, framleiðslunni haldið á heljarþröm og nýsköpunin byggð á skuldum. Það er engin tilviljun, að kommúnistar hafa ekki áhuga fyrir neinu öðru en því að veita í allar áttir hærri og lægri lán. Mestur er þó áhugi þeirra fyrir því að skuldskeyta þá, sem framleiðslu stunda, og sverfa að þeim um leið með tilstyrk verðbólgunnar. Þeir skilja mæta vel, að framleiðslan er undirstaða og það verður að vera hægt að ná tökum á henni í fyllingu tímans. Hugsunarhátturinn er þessi: Gefum bröskurum og stórgróðamönnum frjálsar hendur gegn því, að þeir styðji verðbólgu- og skuldastefnuna, þangað til hryggurinn er brotinn úr framleiðslustéttunum. Með því að gefa þessum öflum frjálsar hendur, var vakinn áhugi sumra þeirra, sem mestu réðu í Sjálfstfl. Hinir voru bókstaflega hræddir á því, að það væri ekki um neitt að velja annað en taka kommúnista, annars mundu þeir gera þjóðfélagið óstarfhæft með verkföllum. Hver er sá, sem ekki kannast við þennan áróður? Hæstv. forsrh. hefur jafnvel gengið svo langt að halda því fram, síðast í gærkvöld, að ef samstarfið við kommúnista mistækist, væri meira en vafi á því, að lýðræðisstj. yrði mynduð í landinu á ný. En jafnhliða eru svo landsmenn fræddir á því í blaði hæstv. forsrh., að foringjar kommúnista séu dulbúnir ofbeldismenn undir erlendri stjórn. Það má þá líka nærri geta, hvernig kommúnistarnir notfæra sér þann mann, sem þannig ofurselur sig þeim og sér engin önnur úrræði en að dansa eftir þeirra pípu.

Hver, sem hugsar um þessi efni af alvöru, veit, að það, sem ég nú hef sagt, er ekki út í bláinn mælt, enda eru víðs vegar til vitnisburðir, sem gefa glöggar bendingar um það, hvað á bak við býr, þótt nýsköpunarstaglið sé venjulega haft á oddinum.

En hvernig er svo reynt að halda fylgi verkamanna við pólitík þeirrar ríkisstj., sem byggð er á þessum grunni? Jú, það er ofur einfalt. Það er reynt með því að segja við verkamenn, að þetta sé allt nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir stórkostlegar launalækkanir. Það sé yfirvofandi stórfelld árás á lífskjör þeirra, ef kommúnistar sitji ekki í stjórn. Það verði að þola margt fyrir svo mikils vert málefni. En á þessu er bara sá ágalli, að fyrir dyrum stendur engin árás á lífskjör verkamanna. Aftur á móti hafa komið fram till. um minnkun verðbólgunnar með þátttöku allra þjóðfélagsþegna, sem væri þannig framkvæmd, að kaupgeta peninganna ykist um leið og krónutala lækkaði í viðskiptum. En kommúnistar þurftu á einhverju að halda sem skálkaskjóli fyrir sig í augum þeirra

manna, sem hafa ekki áhuga fyrir rússnesku lýðræði, en hafa samt, þótt undarlegt sé, veitt þeim brautargengi undanfarið.

Kemur þá að einum viðurstyggilegasta þættinum í þessum leik. Fyrir síðustu alþingiskosningar og lengi eftir það áttu þeir, sem nú eru forustumenn ríkisstj., ekki nógu sterk orð til þess að lýsa skaðsemi verðbólgunnar. Vitnisburð hæstv. forsrh. hafa menn heyrt fyrr í kvöld, en kommúnistar sögðu, að verðbólgan græfi undan afkomu bænda og verkamanna, gerði kjarabætur að engu og undirbyggi atvinnuleysi. Verðbólgan væri ekki til hagsbóta fyrir neina nema verðbólgubraskara. En hvað hefur svo skeð? Um leið og stjórnarmyndunin átti sér stað, gerbreyttist eðli verðbólgunnar. Hún var ekki lengur hið geigvænlega böl, sem kom harðast niður á alþýðu landsins. Það var nú öðru nær. Lækkun hennar, eða jafnvel stöðvun, heitir nú orðið launalækkun á máli þessara manna og er orðin árás á verkalýðinn í landinu, bændur og, að því er mönnum skildist, þjóðina alla. Er nú ekki nema tvennt til, að þetta, sem sagt hafði verið um verðbólguna, voru hinar mestu stórlygar, sem nokkru sinni höfðu verið bornar á borð fyrir þjóðina, eða það var fávitahjal þeirra manna, sem þóttust vera leiðtogar, en vissu engin skil á þýðingarmestu málefnum landsins. Þannig hlýtur þetta að líta út í augum manna nú. Mér finnst sanngjarnt, að þeir, sem hlut eiga að máli, ráði, í hvorn dilkinn þeir vilja draga sig, og mun ég engin afskipti hafa af því.

En hvers vegna gera menn sig að slíkum viðundrum? Jú, hér lá sem sé mikið við, eins og áður er sagt. Kommúnistar þurftu að finna afsökun fyrir því að mynda verðbólgustjórn með helztu stríðsgróðamönnunum, og forkólfar sjálfstæðismanna að finna afsakanir fyrir fjórða eða fimmta hringsnúningi sínum í dýrtíðarmálunum. Þann 11. marz 1942 fórust hæstv. forsrh., Ólafi Thors, þannig orð um þá afstöðu Alþfl. að neita að taka þátt í setningu gerðardómslaganna:

„Hann lagðist á sveif með kommúnistum í baráttunni gegn hagsmunum launastéttanna, gegn hagsmunum gamalla og munaðarlausra, í baráttunni fyrir öngþveiti í þjóðfélaginu.

Í örvinglan kastaði hann öllu fyrir borð, eigin fortíð í málinu, skoðun sinni, velferð umbjóðenda sinna og hagsmunum alþjóðar, allt í því sama skyni að reyna að rétta bardagann, reyna að afla sér kjörfylgis á kostnað alþjóðar. Silfurpeningarnir urðu að vísu nokkrir. Júdasarlaunin einhver. Alþfl. fékk skárri úrslit í kaupstöðum landsins en hann áður hafði gert sér vonir um.

En nú var aftur komið að skuldadögunum. Nú eru svikin komin í dagsins ljós. Nú veit Alþfl. hvað bíður hans. Nú mundi Alþfl. einskis fremur óska en þess að hafa átt dálítið meira hugrekki, þegar gerðardómslögin voru sett, því að nú brestur hann hugrekki til að horfast í augu við dóm þjóðarinnar yfir þeim svikum, sem hann þá framdi, ofan á allt annað."

Hæstv. forsrh. lagði út á þann hála ís að minnast á verðbólguna. Í móti hefur komið sú refsing, sem honum verður þungbærust, en það er upplestur valdra kafla eftir hann úr þeirri grein bókmenntanna frá undanförnum árum, sem fjallar um verðbólguna.

En hvernig hefur þá verðbólgan snert afkomu þeirra, sem taka kaup og laun í landinu? Það mun láta nærri, að verkamenn hafi 1200—1350 kr. tekjur á mánuði með því að hafa vinnu hvern einasta dag mánaðarins með 8 klst. vinnu daglega. En hver er svo kaupgeta þessara launa nú orðið? — Fitl hæstv. ríkisstj. við vísitöluna sýnir mönnum, hvað í vændum er, ef ekki verða neinar raunhæfar ráðstafanir gerðar gegn dýrtíðinni. En þó eru þetta smámunir enn þá hjá því ástandi, sem er að skapast hjá verkamönnum og öðrum launamönnum í bæjunum vegna þeirra áhrifa, sem verðbólgan hefur haft á byggingarkostnað og húsaleigu. Hvað halda menn, að hlutur þeirra launamanna sé mikill af stríðsgróðanum, sem búa við nýsköpunarhúsaleigu í Reykjavík og annars staðar á landinu? Og það er öllum augljóst, að ef verðbólgan stendur áfram, þá verða það sífellt fleiri, sem verða að sæta nýsköpunarhúsaleigu, og að lokum fer svo, að það verður nýsköpunarhúsaleigan, sem verður ráðandi um verðlag á húsnæði í landinu. Þetta er bara eitt lítið sýnishorn af því, hver verður blessun launamanna í landinu af völdum verðbólgunnar, þegar til lengdar lætur. Enn þá er nóg atvinna í landinu, og getur vel orðið um skeið, en það stafar af því, að menn eru byrjaðir að eyða þeim fjármunum, sem þeir hafa aflað á undanförnum árum. En þess mun ekki langt að bíða, að áhrif verðbólgunnar komi einnig fram á þessu sviði, og mun það vera sönnu nær, sem forkólfar kommúnista og sjálfstæðismanna sögðu um eðli og afleiðingar verðbólgunnar fyrir kosningar, en það, sem þeir halda nú fram. Það mætti þá líka fyrr vera, ef sköpun verðbólgu væri sérstakt heillaráð til þess að jafna stríðsgróðanum, að engin þjóð í heiminum skyldi notfæra sér það nema Íslendingar. Mun Ólafur Thors hollari verkamönnum en Per Albin Hansson, Bevin eða aðrir slíkir menn?

Það verður nú að ætlast til þess, að þjóðinni fari að verða ljóst, á hvílíkum óheilindum núverandi stjórnarsamstarf er byggt. Sannleikurinn er sá, að brölt stjórnarinnar og óskipulegt fálm, gort hennar og hótanir er einhver mesti sorgarleikur, sem leikinn hefur verið í þessu landi. Það verður aldrei með tölum talið það tjón, sem af þessu leiðir. Það ætti að vera komin nóg reynsla, til þess að menn sjái, hvert stefnir. Ef kommúnistar hefðu ætlað sér eitthvað annað með samstarfinu en ég hef gert ráð fyrir og ætlað sér að leysa vandann, þá hefðu þeir tekið þátt í raunhæfum ráðstöfunum ekki síðar en á þessu hausti. Það er gersamlega óverjandi að láta stríðsgróðamenn og verðbólgubraskara á öðru leitinu og kommúnista á hinu leitinu halda hér öllu í sjálfheldu, viðhalda spilltu fjármálalífi og koma í veg fyrir það, að óvenjulegt tækifæri sé notað til þess að framkvæma heilbrigða framfarastefnu. Meðal þeirra, sem tilheyra stjórnarflokkunum, er fjöldi manna, sem sér þetta og vill annað. Þeir hafa talið sig vilja bíða

og sjá, hvað gerist. Nú er ekki verjandi að bíða lengur.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 2. þm. S.-M. lokið máli sínu. — Nú tekur næst til máls hv. 7. þm. Reykv., Sigurður Kristjánsson, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það er vitað, að ekki er hægt að svara öllum þeim fjarstæðum, sem hér hafa verið sagðar af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, á svo stuttum tíma sem ég hef til umráða. Og því síður er hægt að lægja þann ódæma belging, sem er í talsmönnum þessa vesæla flokks hér. Ég ætla þess vegna ekki að fara vítt eða breitt yfir þetta, sem hv. 2. þm. S.-M. þuldi hér upp nú síðast. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á þann þátt í máli hans, sem snýr að sjávarútveginum. Ég hef oft undrazt dirfsku þessa manns. Og það er rétt, að hann er einhver mesti kjarkmaður, sem ég hef kynnzt á ævinni, a. m. k. á ræðusviði. Ég hef ekki reynt hann í mannraunum, en vona, að hann reyndist sæmilegur maður þar. En ég undrast dirfsku hans á ræðusviði, því að aðalþátttaka þessa manns í pólitík í mörg ár var að berjast fyrst og fremst gegn sjávarútveginum. Nú vitnar hann í frv., sem hann flutti til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Hann segist flytja frv. um fiskimálasjóð. Þetta er rétt. Hann hefur komið með mjög margt af frv. og till. til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, þegar svo er komið, að hann ræður engu í landinu og á Alþ. En meðan hann gat komið fram vilja sínum, barðist hann gegn sjávarútveginum með hnúum og hnefum og því miður með miklum árangri, því að enginn maður hefur níðzt eins herfilega á sjávarútveginum eins og þessi hv. þm. Í þessu frv., sem hann nú var að tala um, um fiskimálasjóð, er m. a. lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum 25 millj. kr. á næstu 10 árum. Ég flutti hér á hæstv. Alþ. ásamt fleiri hv. þm. sjö sinnum frv. um eflingu fiskimálasjóðs, og þessi hv. 2. þm. S.-M. og hans fylgifiskar og bandalagsmenn stóðu að því í öll skiptin að drepa þetta frv. Fiskimálasjóður var þá sjóður, sem stóð einn undir öllum sjávarútvegsmálum. Honum var haldið í þeirri kreppu, að hann átti lengst af ekki yfir 2 millj. kr., og ríkissjóður var skyldugur til þess að greiða honum eina millj. kr. á ári. Um það sveikst hv. þm. S.-M. alla sína ráðherratíð, og sjóðurinn fékk ekki þessa einu millj. kr., fyrr en völd þessa hv. þm. voru þorrin á hæstv. Alþ. Nú kemur þessi hv. þm., þegar sjóðurinn er kominn úr hans greipum og á nú skuldlausar 25 millj. kr. og hefur í árstekjur ekki langt frá 4 millj. kr., og þegar nú er áformað að leggja sjóðnum 100 millj. kr. í starfsfé með mjög ódýrum lánakjörum, þá kemur þessi hv. þm. og segir: Nei, nú ætla ég að efla annan sjóð fyrir fiskveiðarnar, og það á að leggja honum 25 millj. kr. á næstu 10 árum. Ég veit, að þessi maður er ákaflega brjóstheill, en ég held, að flestir hefðu kastað upp af sínum eigin till. nema hann í slíkum kringumstæðum. — Þessi hv. þm. er alltaf að barma sér yfir því, eins og komið sé við hjartað í honum, að fiskibátaflotinn sé að stöðvast. Hann segir, að fjöldi báta sé mannlaus, og það er auðheyrt, að hann er að bresta í grát yfir þessu. En ég bendi honum á, að á þessu ári verður flutt út úr landinu verðmæti fyrir 300 millj. kr., mest sjávarafurðir, og það er 30 millj. kr. meira en flutt var út á síðasta ári þrátt fyrir síldarleysið í sumar. Ég held, að hv. 2. þm. S.-M. sé óhætt að stöðva grátinn þess vegna, að útflutningur sjávarafurða fari ekki rýrnandi á næstu mánuðum.

Það er næstum því að segja maklegt að segja frá nokkrum atvikum úr stjórnmálasögu þessa manns í garð sjávarútvegsins. Einu sinni bundust framsóknarmenn samtökum við samstarfsflokk sinn um að gera togaraflotann gjaldþrota, leggja togaraútgerðina að velli. Þá var því stungið í eyra þessa manns, að þetta væri ekki á valdi þeirra, heldur bankastjóra Landsbankans, og framkvæmdastjóri Landsbankans mundi ekki gera slíkt. Þá bauðst þessi hv. þm. til þess að setja bankastjórann frá, til þess að geta komið fram þessu bolabragði. En áður en hann legði í það stórræði, sagði einhver, sem var nokkru fróðari og skynsamari í Framsfl., að þetta væri alls ekki á valdi bankastjóranna fremur en ráðh. Og þá kom það leiðinlega í ljós, að þó að framsóknarmenn hefðu haft meiri hl. þm., þá voru nú tveir þeirra Bændaflokksmenn. Og frá þessu öllu var horfið. En það var ekki frá þessu horfið fyrr en þessi hv. þm. fjargviðraðist yfir þeim ógurlega ásetningi, sem Alþfl. hefði haft um það að stöðva togaraflotann.

Það er ýmislegt viðvíkjandi sjávarútveginum, sem rétt hefði verið að rifja upp fyrir þessum hv. þm. Það er t. d. um sjávarútveginn að segja, að einu sinni ætlaði Framsókn að leggja undir sig öll frystihús landsins og fá þau síðan Sambandinu. Og þegar fiskimálanefnd og fiskimálasjóður var stofnaður, var byrjað að lána til frystihúsa. En meðan áhrifa Framsfl. gætti, mátti ekki lána til frystihúsa nema samvinnufélögum og alls ekki til sjálfstæðismanna. Var allt pólitískt í þá daga. Það þýðir því ekki fyrir hann að berja sér á brjóst og tala um umhyggju fyrir sjávarútveginum. Hann veit, hvað honum býr í brjósti til sjávarútvegsins.

Það er, eins og ég sagði í upphafi, þýðingarlaust að ætla sér að elta ólarnar við allar þær missagnir, sem fram komu frá andstæðingum hæstv. stj. Til þess er tími minn allt of stuttur. En ég held, að maður verði í þessu efni eins og venjulega að treysta dómgreind fólksins, að það kunni að greina rök frá rakaleysum, greina kjarnann frá hisminu. En ég get ekki annað en minnzt á það, að þetta mál, athafnir og fyrirætlanir hæstv. stj. og svo vilji Framsóknar, það er ákaflega einfalt mál. Orsökin til þess, að þjóðin er þar orðin skipt í tvo hluta, mjög misjafna þó, þar sem annars vegar er það fólk, sem styður áform hæstv. stj., og hins vegar eftirlegukindur, sem teljast til Framsfl., er sú, að þjóðin hefur átt í langri sjálfstæðisbaráttu um margra alda skeið. Meðan hún var að slíta af sér hin útlendu bönd, var þetta gert í áföngum. Og hvenær sem Íslendingum miðaði eitthvað áfram í sjálfstæðisbaráttunni, þá hófst hér framfaraöld. Þá andaði vorhug yfir landið og

bjartsýni greip fólkið og það vildi nota mátt sinn og þrótt. En í öll skipti dagaði einhverja uppi, sem voru trúlausir, sem ekki trúðu á mátt sinn og þjóðarinnar. Þeir urðu að nátttröllum. Nú hefur verið stigið síðasta skrefið á þessari braut. Við höfum heimt að fullu sjálfstæði okkar og frelsi, og þá eins og alltaf reis bylgja bjartsýnis og stórra áforma í brjóstum landsmanna. Nú stóð svo vel á, að máttur þeirra var miklu meiri en áður. Ég skal ekkert fara út í hér, hvað mikið átak það hefur kostað að láta alla þá ósamstæðu flokka verða samferða í þessum stóru áformum að gerast sjálfstæð þjóð. Ég skal ekki koma að því, hvert erfiði það hefur kostað að drasla Framsfl. þar með. En það fór svo eins og jafnan, að þegar þetta mikla skref var stigið, greip um sig mikill vorhugur. Þá skiptist þjóðin í tvo misjafna parta. Annar vildi taka stór skref til baráttu við örðugleikana og efla möguleikana í þjóðfélaginu til þess, að hún gæti lifað menningarlífi, til þess að efnahagur hennar gæti blómgazt og eins frelsi hennar og sjálfstæði. En það gátu ekki allir orðið samferða. Einar Jónsson hefur gert mynd af sólaruppkomunni. Þar sést nátttröll, sem hefur ræmt konu úr byggð, en er að daga uppi. Handleggur tröllsins er að réttast upp og maðurinn að verða frjáls. Þetta gæti verið mynd af Framsfl., þessari óvætt, sem hefur ræmt mörgu góðu fólki í byggðum þessa lands, en er nú að daga uppi í sólaruppkomu frelsisins, og armleggur hennar er að réttast upp, og fólkið, sem hún hefur ræmt á þeli þeirrar nætur, sem hún sjálf hefur magnað, er að endurheimta frelsi sitt.

Einar Olgeirsson: Hv. 2. þm. S.-M. var að vegsama stjórn sína árin fyrir stríðið fyrir, að þá hefði verið lagður grundvöllurinn að velmegun stríðsáranna. Við skulum athuga, hvernig sá grundvöllur var. Framsókn skapaði atvinnuleysi, þá voru þúsundir atvinnuleysingja. Hvað sagði Framsókn við þá? Farið þið upp í sveit og ráðið ykkur þar matvinnunga. Á þeim tíma héldu bændur áfram að flosna upp og flytja til Rvíkur. Einhverjir reyndu að bæta ástandið með því að flytja skip inn. Framsókn bannaði það og sektaði þá fyrir að flytja skip inn. Og þegar við sósíalistar bárum fram till. um, að ríkið styrkti útgerðarmenn til að kaupa stóra báta, hvað gerði Framsókn þá? Þeir kolfelldu till. Þannig var snúizt við málum útgerðarinnar, höfuðatvinnuvegar landsmanna.

En atvinnuleysið var ekki það eina. Þá var líka lagður grundvöllur að húsnæðisleysi, í fyrsta lagi með því að hindra innflutning á byggingarefni og í öðru lagi með því að loka veðdeild Landsbankans. Hv. þm. V.-Húnv. skrifaði þá í Tímann og krafðist þess, að bændur hindruðu vöxt Rvíkur, m. a. með því að hindra innflutning á byggingarefni og að menn fengju fé til að byggja. Byggingarverkamenn gengu atvinnulausir, og enginn fékk fé eða efni til að byggja yfir sig. Þetta gerði blessuð Framsókn, sem hv. 2. þm. S.-M. var að hæla. Þannig var sá grundvöllur, sem Framsókn lagði að velmeguninni.

Svo kemur annað atriði. Hann var að hæla sér af þátttökunni í ríkisstj. 1942—1944. Einn maður úr miðstjórn flokksins var þá landbrh., utanrrh. o. fl. Framsókn fylgdi þá dyggilega hverju kaupmannafrv. og þvingunarl., sem sú stj. bar fram. Framsókn hafði þá alveg sama úrræðaleysið og það, sem einkenndi þá stj. En svo þegar stj. er búin að sitja í eitt ár, þá reyndi hann að hlaupa frá ábyrgð á þeirri stj. Og svo þegar hann fer að ræða það, sem hefur verið gert, þá segir hann, að framfarirnar hafi átt sér stað þrátt fyrir stj. Hann segir, að togararnir hafi verið keyptir af því, að Vilhjálmur Þór hafi rekið menn til að drífa í þessu, og sama hafi verið að segja um vélbátana, og síldarverksmiðjurnar byggðu sig víst líka sjálfar fyrir norðan. Mér finnst það vera hlægilegt, sem stjórnarandstaðan finnur sér til, þegar hún leggst svo lágt að koma með annað eins og þetta.

Og svo fer hann að tala um öngþveitið, þetta hræðilega öngþveiti, sem nú blasi við, og nú sé stöðvun yfirvofandi. Það er nú ekki nýtt, að stöðvun sé yfirvofandi. Það var talað um það í fyrra, að verðlækkun væri yfirvofandi, það var jafnvel verið að tala um það meðan samninganefndin var úti í Bretlandi. En það er ekki hægt að hugga þessa menn með, að hin margþráða verðlækkun sé komin eða sé að koma, því að það síldarlýsi verður borgað 12% hærra nú en í fyrra og full ástæða til að ætla, að það fáist hærra verð en þetta. Ég býst því ekki við, að þessar vonir Framsóknar rætist frekar en hrakspárnar í fyrra.

Þá talaði hann um hinar ægilegu skuldaaukningar útgerðarmanna, þeir væru bundnir á skuldaklafa. Hvað er það, sem hér er verið að gera? Það er verið að kaupa þau stórvirkustu atvinnutæki, sem hingað hafa verið keypt, og til þess á að verja 150—200 millj. kr. á tveimur árum. Hv. þm. ætlast kannske til þess, að nokkur bæjarfélög og útgerðarmenn snari út öllum þessum peningum? Hverjir eru það, sem eiga eiga þessi tæki samkvæmt þessum hugsunarhætti? Eru það bara nokkrir auðugustu mennirnir, sem eiga að sitja uppi með þau? Auðvitað eru það þeir, sem helzt geta keypt án þess að hleypa sér í skuldir. Er þá ekki nær að fara þá leið að gera mönnum kleift að fá þannig löguð lán með lágum vöxtum, að þeir geti lagt í svona hluti? Hver yrði afleiðingin af pólitík hv. 2. þm. S.-M., ef ekki á að gera öðrum kleift að eignast togara en þeim, sem geta snarað út andvirði þeirra? Eiga allir landsmenn að bjargast við trillur eða árabáta? Hvers konar fjármálapólitík er þetta? Og þetta er maður, sem hefur verið fjármála- og viðskiptamálaráðherra í 8 ár, og samt sér hann ekki, að þetta er ekki heilbrigður hugsunarháttur fyrir þjóðina.

Hv. þm. hefur víst fundizt hv. þm. Str. ganga of langt í gær, því að hann sagði, að ekki væri fyrir dyrum nein árás á laun verkamanna. Nei, komið þið til mín, ég er ekki að ráðast á ykkur. En það sýndi sig samt í gær, að í Framsókn er gerðardómur eina úrræðið. Nei, það þýðir ekkert fyrir hv. þm. S.-M. að reyna að bæta nú í kvöld fyrir skyssur, sem hv. þm. Str. gerði í gærkvöld.

Hann segir, að stjórn Landsbankans sé kosin lýðræðislega. Þar er ég honum ekki alveg sammála, því að eins og kosningafyrirkomulagið er, tekur það sex ár að breyta landsbankanefndinni allri og 4 ár að breyta bankaráðinu eftir á. Lýðræðisleg breyting kemur því ekki á ráðið fyrr en eftir 10 ár, og það kalla ég ekki lýðræði, hvorki austrænt né vestrænt, sérstaklega ekki íslenzkt. Framsókn hefur tvisvar sinnum breytt l. bankans til þess að tryggja sér völdin þar, tryggja sér hann sem vígi. Framsfl. hefur aldrei horft í að breyta l. bankans til að koma sínu fram. Hann hefur ekki skirrzt við að breyta l. til þess að koma fjmrh. út úr bankastj., og síðan hann breytti l. síðast, hefur þessum l. ekki verið breytt. Þess vegna hefur bankinn verið sjálfstæð stofnun, svo að vald hans er eins mikið og stj. Ríkisstj. getur sett bankastjórana frá, en ekki bankaráðið. Það er spegilmynd af lýðræðinu, þegar Jónas Guðmundsson, sem er kosinn fyrir 4 eða 6 árum, kýs nú bankastjóra þvert á móti vilja flokksins. Ég álít, að þessu eigi að breyta, til þess að það geti verið í samræmi við lýðræðið, svo að það geti ekki verið tvær stj. samtímis, ein ábyrg stj., sem fólkið fylkir sér um, og svo bankastj. með sjálfskipað umboðsvald. Það geta ekki tvær stj. ráðið í einu, önnur djarfhuga, en hin bölsýn og afturhaldssöm. Þjóðin vill hafa sína sterku stj., sem hefur bjargað henni frá glötun, þá stefnu, sem fólkið fylkir sér um. Framsókn hefur verið sérréttindastétt í landinu og hefur reynt að tryggja sér þau sérréttindi m. a. með því að hafa völdin í Landsbankanum. En nú hefur þjóðin sameinazt um stórt átak, sameinazt um að byggja upp atvinnuvegina að nýju á fáum árum. Það átak er svo stórt, að það þolir samanburð við hvaða átak sem er hjá öðrum þjóðum, og það er mikil gæfa fyrir þjóðina að eiga þá menn, sem hafa tekið að sér að mynda ríkisstj. og stjórna þessum miklu framförum. Þjóðin fær ekki fullþakkað þeim mönnum, sem skipa ríkisstj. og stjórna nýsköpuninni, sem á að tryggja afkomu þjóðarinnar, atvinnusjálfstæði hennar í framtíðinni. Og það eru sjómenn og verkamenn, sem fyrst og fremst hafa staðið á bak við ríkisstj. og unnið að nýsköpuninni öðrum fremur. Það er því eðlilegt, að þessar stéttir fái að ráða í Landsbankanum til jafns við aðra. Framsókn verður að skilja það, að hún er ekki sjálfkjörin til að ráða þar einu og öllu og halda áfram sérréttindum sínum.

Þjóðin hefur nú heyrt til Framsóknar í eldhúsinu og árásir hennar á þá athafnasömu stj., sem nú fer með völdin. En þjóðin lætur ekki blekkjast. Hún veit, hvers virði allt þetta mikla starf er, og hún mun einhuga standa saman um hæstv. ríkisstj., sem mun bera mál hennar fram til sigurs.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég vil leiðrétta eina tölu, sem ég sagði skakkt frá, en það var framlag til nýbyggingar þjóðvega. Það er ekki 3.8 millj., heldur 7,2 millj., svo að hækkunin á þessum lið frá því fyrir stríð er ekki tæplega sex- til sjöföld, heldur hér um bil tólfföld á við það, sem áður var. Framlag til hafnargerða er einnig ákaflega margfalt á við það, sem var fyrir stríð.

Þá hefur hæstv. dómsmrh., sem er lasinn og getur ekki tekið þátt í þessum umr., beðið mig að skila því út af ummælum hv. þm. Str. í gær um heildsalamálin svo kölluðu, að þau væru látin ganga sinn eðlilega gang, þau væru að vísu ekki rekin sem nein ofsókn á stéttina, en allir, sem sekir reyndust, mundu fá sinn dóm. Tvær réttarsættir hefðu að vísu verið gerðar, önnur samkv. till. sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem jafnframt á sæti í miðstjórn Framsfl., svo að varla mun hv. þm. Str. geta ímyndað sér, að hann hafi verið að reka erindi stj. þar. Í hinu tilfellinu dó ákærði og málið látið niður falla þess vegna, enda erfitt að reka mál út yfir gröf og dauða.

Út af umr. hér á Alþ. og sérstaklega ræðu hv. 2. þm. S.-M. vil ég benda á það, að framsóknarmenn beita því mikið í öllum sínum áróðri, sem kalla má að segja hálfan sannleikann. Þessi aðferð er mikið notuð í Tímanum. Hún er framkvæmd á þá leið, að aðeins er gefinn nokkur hluti af þeim upplýsingum, sem þarf til að skýra mál til fulls, og á þann hátt, að með þessum upplýsingum verður meiningin allt önnur en verða mundi, ef málið væri upplýst til fulls. Hv. 2. þm. S.-M. beitti þessari aðferð tvisvar í kvöld. Hann lét liggja orð að því og beinlínis fullyrti, að það hefði verið með fullu samkomulagi Sjálfstfl. og Alþfl. við Framsfl., að samræmið milli verðlags og kaupgjalds hefði verið rofið 1940. Hann notaði það m. ö. o. sem rök, að það hefði ekki verið ágreiningur um afgreiðslu málsins. Sama hélt hv. þm. V.-Húnv. fram í Tímanum fyrir alllöngu síðan, og hefur víst ekki verið hirt um að leiðrétta þetta, og því hefur hv. 2. þm. S.-M. talið sér fært að endurtaka sama hálfa sannleikann. Hið sanna í málinu er það, að um þetta fóru fram langvarandi samningar, og var því aðeins gengið að kröfu Framsfl., því að frá þeim kom krafan, að mjög hart var eftir gengið, að þeir lofuðu, að ef lögbindingin væri tekin burt, skyldi hlutfallinu ekki breytt launamönnum í óhag. Fyrir því mætti færa frekari rök, sem ég tek ekki fram hér. Þessu verður ekki mótmælt. Framsfl. ber ábyrgð á því, að þessu hlutfalli var raskað.

Þá vil ég minnast á það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um kaup á strandferðaskipum. Hann sagði, að stj. hefði fellt till. framsóknarmanna um kaup á nýjum strandferðaskipum á síðasta þ., því að auðvitað ættu þeir hugmyndina, bara vegna þess að till. var flutt af Framsfl. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að þegar ríkisstj. tók við völdum, sat að störfum stjórnskipuð n. til þess að athuga um framtíðarskipulag strandferðarmálanna. Þessi n. hafði ekki lokið störfum fyrr en seint í sumar, er leið. En á útmánuðunum kvisaðist það til Framsfl., að líklega mundi þessi n. leggja til, að keypt yrði eitt strandferðaskip og tvö vöruflutningaskip til áð annast þessar ferðir. Framsfl. bíður þá ekki boðanna, heldur setur út till. um þetta efni, áður en álit mþn. er komið. Málið er notað eins og Framsfl. notar öll mál, fyrst og fremst til áróðurs. Það eðlilega og rétta í málinu hefði

verið það, að Framsfl. hefði beðið eftir áliti n. og tekið síðan ákvarðanir, eftir að það álit lá fyrir. En hann gat ekki beðið, heldur flutti hann um þetta þáltill. og segir svo, að stjórnarliðið hafi ráðið niðurlögum hennar, af því að hún var borin fram af Framsfl. En það er rétt, að till. hans var felld af þeirri einföldu ástæðu, að það var beðið eftir till. n. Þegar till. n. kom, var brugðið við fljótt, og frv. fékk svo hraða meðferð og afgreiðslu. Það fer því svo fjarri, að þó að Framsfl. hafi getað á einhvern hátt komizt eftir þessari till. mþn. áður en hún lauk störfum, þá fer því svo fjarri, að hann eigi hugmyndina, heldur var hafður á þessu sá háttur, að beðið var eftir till. mþn. í málinu.

Ég skal svo ekki fara um þetta mörgum fleiri orðum. Hv. þm. Str. minntist á það hér í gær, sem hann kallaði heilbrigða jafnaðarmannaflokka, og skírskotaði til þeirra manna í Alþfl. Íslands, sem væru svipaðs sinnis og vildu snúa frá villu síns vegar og taka upp samstarf við Framsfl. á ný. Ég held, án þess að ég hafi nokkurt umboð, að mér sé óhætt að segja fyrir hönd okkar, að svo urðu viðskipti milli Alþfl. og Framsfl. síðast, að fáa Alþýðuflokksmenn mun fýsa að hefja þá samvinnu á ný, eins og stendur a. m. k. Annars hefur Alþfl. fylgt þeirri stefnu, að láta málefni ráða. Ef honum tekst að koma í framkvæmd áhugamálum sínum, mun hann ganga til samstarfs, meðan samverkamenn vinna að lausn þeirra mála með honum. Hann mun hins vegar slíta því jafnskjótt og frá því verður brugðið. Þess vegna skildi hann á sínum tíma við Framsfl. Að því er snertir samstarfið í núv. ríkisstj., hefur Alþfl. ekki undan því að kvarta enn sem komið er, og fullkomlega hefur verið staðið við það, sem um var samið við samstarfsflokkana. Mér dettur þó vitanlega ekki til hugar, að ekkert megi finna að núv. ríkisstj., og ég hygg, að sú stj. sé vandfundin, sem sé gallalaus. En ef dæma á með sanngirni, þá verður að meta hlutlaust það, sem gert hefur verið, og það gerir þjóðin, þegar plöggin hafa verið lögð á borðið, því að hlutlaust getur Framsfl. ekki dæmt. — Góða nótt.

Hermann Jónasson: Góðir tilheyrendur. Hæstv. samgmrh. sagði, að flokkur hans hefði ekki undan neinu að kvarta enn þá í samstarfinu í ríkisstj. Hann sagðist raunar ekki hafa leyfi til þess að lýsa þessu yfir, og ég hygg, að hann hafi sagt það alveg satt, og víst er um það, að enginn vafi leikur á um skoðanir kjósenda flokksins í þessum efnum. Hæstv. atvmrh. sagði, að ég hefði farið með staðleysu stafi, það, sem menntmrh. hefði sagt hér um stefnu kommúnistaflokksins, og sagðist vísa því heim til föðurhúsanna. Menntmrh. bað mig að segja sér, hvar þessi ummæli stæðu, og það gerði ég og kom í veg fyrir, að hann kæmi með þessa firru. Þessi ummæli eru í Verkalýðsblaðinu, 25 tölubl. 21. júní 1932, í grein með fyrirsögninni: „Hvað er kommúnismi?“ — Þá sagði hann, að það væri tilefnislaust, sem ég hefði sagt um bátana. Ég ætla nú ekki að minna á það frekar. Það er vitað, að fyrir liggja tilboð í næstu kaupstöðum um sams konar báta frá Danmörku, sem eru 300 þús. kr. ódýrari, svo að tapið nemur 6—8 millj. kr., enda hefur enginn reynt að svara þessu nema með svona útúrsnúningum, eins og hæstv. atvmrh. reyndi. Það er vitað mál, að þessar bátasmíðar innanlands þykja hið mesta óhappaverk.

Þá er það hv. 7. þm. Reykv. Hann talaði mikið um tímabilið frá 1934—1939 og talaði um, hvað við hefðum verið fjandsamlegir sjávarútveginum. Hagskýrslur sýna, að aldrei hefur verið flutt eins mikið inn til nýbygginga og Framsfl. gerði á þeim árum, og ekki sízt til sjávarútvegsins. Og þá dró stj. saman af fátækt sinni til að borga 25% af bátaverðinu, eins og kunnugt er. — Annars er nú ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þessa ræðu. Allir vita, að hv. 7. þm. Reykv. hefur eins konar einkarétt á því að tala í þeim dúr, sem hann talaði hér. Hann er dálítið skemmtilegur og menn brosa að því. Hann líkti Framsfl. við nátttröll. En það er fleira til í okkar þjóðsögum en nátttröll. Það eru líka til sögur um álfa, og eitt af okkar beztu skáldum hefur lýst því, hvernig þeir dansa yfir feigðarhylnum og ginna menn í vökina. Ég held, að hið sama sé einmitt að gerast í þjóðlífi okkar nú. Ég held, að það séu álfar, sem séu að ginna jafnaðarmenn og Sjálfstfl. í vökina.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um húsnæðisleysið fyrir stríð. Liggja fyrir upplýsingar frá borgarstjóranum í Reykjavík um það, að hér var nægilegt húsnæði fyrir stríð. — Þá talaði þessi hv. þm. um það, að ég vildi lækka kaupið. Við höfum aldrei talað um annað en að lækka dýrtíðina. Aðfarirnar, sem hér eru hafðar í frammi við verkamenn, eru svipaðar því og minna mig á það, að það var maður nokkur á Norðurlandi, sem aldrei gerði mikið og aldrei vildi borða minna en minnst 2—3 potta af graut. Það var haft þannig við þennan mann, að bætt var vatni í grautinn, þar til magnið var alls orðið jafnmikið og hann var vanur að borða, og var hann þá ánægður. Hér er farið alveg eins að. Það er sífellt verið að bæta vatni í grautinn, því að gildi krónunnar hefur stöðugt farið þverrandi. Við höfum alltaf haldið því fram, að það beri að lækka þetta allt, ekki sízt með því að nota stríðsgróðann til þess að koma í veg fyrir, að þetta komi niður sem byrði á verkamenn og bændur, en með þessu er fjármálunum sköpuð þau skilyrði, að blómlegt atvinnulíf geti þrifizt.

Ég vil segja það við hæstv. fjmrh., að raunverulega er hann allra manna sízt öfundsverður af því hlutskipti, sem hann leikur í ríkisstj. Hann flytur hér við öll tækifæri þá ræðu, að það sé stefnt út í stöðvun. En hann heldur áfram að framkvæma þessa stöðvun. Hæstv. fjmrh. stiklaði yfir, eins og þegar varfærinn bóndi skríður yfir á á ís eða eins og þegar málafærslumaður forðast að koma nærri því, sem hann getur ekki hrakið. Ég endurtek aðeins örfáar staðreyndir, sem ég sagði. Í fyrsta lagi talaði ég um vinnufrið, sýndi fram á það með staðreyndum, að það hefur aldrei verið meiri ófriður og verkföll en síðan ríkisstj. tók við völdum. Einu stærsta verkfallinu, verkfallinu í siglingaflotanum, er tæplega aflétt enn þá. Ég sýndi fram á, að í stað skipulegra fram-

kvæmda hefur aldrei ríkt annar eins glundroði og nú. Þetta hefur þær afleiðingar, sem allir sjá í okkar þjóðfélagi, ofþenslu, svo að stj. fær ekki við neitt ráðið. Í húsbyggingarmálunum er ekkert gert, og er það broslegt, þegar stjórnarsinnar tala um húsnæðismálin, eftir að þeir hafa ekkert gert í þessum málum. Framsfl. flutti frv. um byggingarsjóði. Því var ekki sinnt. En eftir nokkra daga kom fram frv. frá dómsmrh. Þegar svo farið var að lesa þetta saman, sást, að frv. var svo að segja grein fyrir grein eins og það frv., sem ég hef lagt fram, og prentvillur og skekkjur með. — Ég talaði um dýrtíðina. Er það ekki staðreynd, að því var lofað, að hún skyldi stöðvuð? Er það ekki staðreynd, að ástandið í landinu líkist ástandinu í Þýzkalandi þegar markið var að falla? Það er ein afleiðing þessarar verðbólgu, að fjöldi fólks eyðir nú kaupi sínu fyrirhyggjulaust, vegna ótta við verðfall. Sparifjáreigendur lifa í stöðugum ótta, sökum hræðslu við gengisfall. Og nú er svo komið, að áður en ég kom hér að hljóðnemanum, fékk ég upplýsingar um það, að peningaflóðið er farið að velta úr verzlununum til útlanda. Einn góður borgari hefur látið flytja til dóttur sinnar, sem er gift fyrir vestan haf, 400 þús. kr., skv. fyrirskipun frá utanrrn., og munu ekki finnast dæmi slíks nema í löndum, sem eru auðugri en Ísland. — Ég sýndi fram á, hvernig stj. hefur staðið við loforð sitt um verklegar framkvæmdir, loforðið um, að eftirlit með skattaframtölum skyldi skerpt o. s. frv. Allt þetta sýndi ég fram á í fyrstu ræðu minni með rökum, sem ekki verða hrakin, sýndi fram á, að nú þegar hefur stj. raunverulega gengið frá öllum þeim loforðum, sem hún gaf þjóðinni.

Þegar búið er að víkja þessari kliku til hliðar, sem vitanlega verður gert áður en langt um líður, er hægt að mynda stj. umbótamanna. En ef þetta dregst, þá er víst, að það getur farið svo, að þessi stj., áður en hún hrökklast frá völdum, frysti fé landsmanna þannig, að ný stj. hafi því nær af engu að taka, þegar allt er stöðvað og komið í kaldakol. Ef núv. stj. situr svo lengi, að hún skapi þetta ástand, er hætt við ægilegum deilum milli atvinnulausra öreiga annars vegar og auðmanna hins vegar, þar sem báðir berjast til fullra yfirráða. Hver dagurinn, sem líður og stj. situr, færir þjóðina nær þessu ástandi. Þess vegna er aðkallandi og eina lausnin að mynda samfylkingu umbótamanna, nægilega sterka til að taka völdin og stjórna í samræmi við það, sem þjóðin raunverulega þráir og vill.

Góðir framsóknarmenn. Við ykkur vil ég segja þetta: Í þessu stjórnarsamstarfi gátum við auðvitað ekki tekið þátt, við höfum gert grein fyrir því. En það er skylda okkar, hvar í stétt sem við stöndum, að efla og treysta starf okkar og samstarf við sanna framfaramenn annarra flokka, því að það eitt er víst, að þess verður ekki langt að bíða, að stj. hrökklist frá völdum, og þá þarf samstillt fylking umbótamanna að vera þess albúin að hefja samstarf um ríkisstj., trausta til viðreisnar í þessu landi, því að það er áreiðanlegt, að þessi stj. verður búin að koma því þannig fyrir, að það verður full þörf samstilltra átaka til þess að vinna að þeirri viðreisn.

Vil ég svo bjóða öllum tilheyrendum mínum góða nótt og þakka þeim, sem hafa hlustað á mál mitt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í ræðu, sem ég flutti í gær, lýsti ég stjórnarandstöðunni nokkuð. Neyddist ég til að taka ómjúkum höndum á henni, en það er þó í sannleika sagt, að ræða, sem hv. þm. Str., Hermann Jónasson, flutti þá, lýsti miklu betur sálarástandi stjórnarandstæðinganna. Sú ræða mun lengi í minnum höfð, enda einstök í sinni röð. Aldrei fyrr hefur það hent, að íslenzkur stjórnmálamaður væri kallaður kvislingur. Aldrei hefur slík ósvinna heyrzt fyrr í sölum Alþ., og gegnir það furðu, að þessi hv. þm. skuli ekki skirrast við að viðhafa slíkt orðbragð um þm. hér í sölum Alþ.

Í stað þess að tala skynsamlega um framkvæmdir ríkisstj. sagði hv. þm., að þær væru óhugsað kák, sem nú þegar væru farnar að valda glundroða í fjármálalífi þjóðarinnar og hvergi ættu sér friðhelgi frá hans bæjardyrum séð. Að hans áliti hefðu þær sjálfsagt átt að bíða hentugri tíma, en á meðan hefði tækifærið gengið úr greipum stj. Hv. þm. sagði, að húsbyggingafrv. eins og það, sem ríkisstj. hefur flutt, væri prentað upp og meira að segja með prentvillum eftir frv., sem hann hefði áður flutt. Þetta gæti ég vel trúað, að væri satt, ef það á annað borð er rétt, að það sé prentað upp eftir hans frv. — Þá staðhæfði hv. þm. enn fremur, að fjárframlög til verklegra framkvæmda í landinu séu stórum minni en á undanförnum árum. Hæstv. fjmrh., Pétur Magnússon, og einnig hæstv. samgmrh., Emil Jónsson, hafa sannað hið gagnstæða. Þeir hafa sannað, að fjárframlög til verklegra framkvæmda eru nú 7—8 sinnum hærri en árin 1939, 1940 og 1941, að mig minnir. Þetta vita allir hv. alþm., og háttvirtir hlustendur vita það líka, og hefði hv. þm. því ekki átt að voga sér að bera annað eins fram.

Þá sagði hv. þm., að búið væri að eyða 60 millj. af erlendum gjaldeyri (£). Ég veit ekki betur en búið sé að festa 76 millj. eða milli 150—200 millj. íslenzkra króna í nýsköpuninni. Af þessu er ljóst, að þessi hv. þm. skilur ekki enn, að nýsköpunin er raunveruleg.

Hv. þm. fjargviðraðist yfir vanþekkingu minni og hæstv. samgmrh. á lífskjörum bænda. Ef allt er vitlaust, sem við höfum staðhæft hér, hvernig stóð þá á því, að um þetta fyrirkomulag, við ákvörðun á verðlagi landbúnaðarafurða, samdi páv. ráðh., illu heilli fyrir hann, 1939, ef það er svo argvítugt í garð bænda?

Ég staðhæfði, að ef stj. brysti eða kiknaði undir byrðinni, þá gæti enginn myndað stj. á Íslandi. En segjum nú, að þetta sé mesti misskilningur, þetta gæti áreiðanlega einhver annar. En hver skyldi það nú vera? Varla hann (HermJ)? Hann hefur biðlað til Alþfl. tvisvar sinnum, en fengið daufar undirtektir, og mikið má vera, ef botninn verður ekki úr buxunum, þegar umbótamenn fela honum að mynda stj. á Íslandi.

Ræðumenn samstarfsflokka Sjálfstfl. í ríkis-

stj., sérstaklega Alþfl., virtust veitast með stórum meiri hörku að Sjálfstfl. í gær en stjórnarandstaðan. Hv. 3. landsk., Haraldi Guðmundssyni, rann blóðið til skyldunnar. Hann hvikaði ekki frá að ræða um stjórnarstefnuna. Meðgekk hann svo rækilega, að hann og flokkur hans væri bæði faðir og móðir stefnu stjórnarinnar og ættu hvert bein í henni. Hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, virtist hins vegar ekkert koma þessi árás við, eins og hann hefði ekkert saman við nýsköpunina að sælda, heldur barðist hann við drauginn í Landsbankanum. Hann barðist við drauginn allan sinn ræðutíma og gaf það í skyn, að því er virtist, að Sjálfstfl. væri að rífa niður fyrirætlanir stj. með því að láta Jón Árnason koma að bankanum, þegar Vilhjálmur Þór lét af starfi sem bankastjóri. Hæstv. ráðh. gat ekki rökstutt þessar getsakir sínar, en gaf í skyn, að verið gæti, að hæstv. fjmrh. sæti á svikráðum við höfuðstefnumál stj. Þetta er ekki sennilegt hjá hæstv. ráðh. Trúlegra er, að þetta tal gefi það til kynna, að kosningaskjálfti sé hlaupinn í hann. Þetta hefur engin áhrif á okkur. Við sjálfstæðismenn munum halda ferðinni áfram innan stjórnarliðsins eftirleiðis sem hingað til, og það og það eitt er trygging fyrir því, að það er vilji Sjálfstfl., stefna hans og starf.

Hv. 2. þm. S.-M., Eysteinn Jónsson, hneykslaðist mikið á því, að þessi stóri og góði bróðir í stj. skuli hafa verið með getsakir í garð stj. Á meðan ég var í samstarfi við hann í ríkisstj., var sífellt verið að svívirða mig. Samt sem áður var það ég og flokkur minn, sem varð til að hlaupa undir bagga með honum, þegar allt riðaði á barmi gjaldþrots í höndum hans. — Þessi hv. 2. þm. S.-M. byrjaði hér í dag að glíma við fortíðina, en hæstv. atvmrh. glímdi í gær við Landsbankadrauginn. Hæstv. samgmrh. hefur ágætlega lýst rökfærslu þessa hv. þm. og hrakti ofan í hann með skriflegum gögnum atriði, sem hann staðhæfði, og hélt hann því fram, að þessi hv. þm. segði ekki nema hálfan sannleikann þegar hann þorir ekki að segja allt ósatt. Þessi hv. þm. mundi ekki fara í stj. með hagsmuni almennings fyrir augum. Að hleypa honum í stj. yrði beinlínis til þess að vinna að því að viðhalda höftum og bönnum. Þessi hv. þm. er kunnastur fyrir það úr sínu stjórnmálastarfi að hafa setið eins og búrkona yfir innflutningnum og hefur með höftum og bönnum skaðað ríkið og þjóðina um tugi milljóna króna. Það er þetta, sem hann er þekktastur fyrir. Sjálfur lifir hann svo á að hjálpa bitlingahjörðinni um fríðindi. — Þessi hv. þm. las upp úr gamalli ræðu ummæli eftir mig um dýrtíðarmálin og sleit vitanlega allt úr samhengi. Það er sú aðferðin, sem hæstv. samgmrh. var að lýsa. Þetta skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli. Mér nægir að svara dýrtíðarrausi þm. því einu, að á meðan hann ætlaði að vera í stj., ef honum tækist að verða fyrri til stjórnarmyndunar, þá var það hann, sem taldi það beztan rökstuðning, að kaupgjald úti um allt land yrði hækkað til samræmis við verðlag landbúnaðarvara. Hann benti á, að úti um land byggju verkamenn við lægra kaup en bændur. Nú lætur hann eins og dýrtíðin og allt það, sem miður fer, stafi af kauphækkunum, sem hann sjálfur hefur mælt með, og kennir mér svo um allt saman, sem aflaga fer. Þetta er ekkert óskemmtilegt heilsufar. Ég hef kallað þetta ráðherrapest. Hv. þm. hefur skilizt, að harðvítug barátta gegn hagsmunamálum útvegsins geti orðið hættuleg manni, sem leitar fylgis í sjávarþorpum. Hann segist því ekki vera mótfallinn því, að samið sé um skipabyggingar, ef aðeins tvö skilyrði eru uppfyllt. Það á sem sagt að vera búið að ákveða nákvæmlega, hvernig hvert einasta skip ætti að vera útbúið, og að gert hefði verið út um það, hverjir ættu að eignast þessi skip, áður en gengið væri frá samningum um skipasmíðina. Þetta er bagalegt fyrir hann, því að hv. þm. veit, og það vita allir, að ef þessari kröfu hans hefði verið framfylgt, hefði hún nægt til að tryggja það, sem hann vill, að Íslendingar eignist engin skip með nokkrum þeim hætti, sem núv. stj. og einstaklingsframtakið í landinu hafa samið um. Ef um nokkra stefnu getur verið að ræða í þessum málum hjá Framsfl., þá er hún sú, að meðan Íslendingar geta fest kaup á skipum, eiga þeir ekki að gera það, en síðar, þegar engin skip eða tæki eru fáanleg, þá á að kaupa mikið. Sem sagt, á meðan Íslendingar eiga gnægð fjár, eiga þeir ekki að kaupa skip, en síðar, þegar stefna Framsfl. hefur leitt til illvígra kaupdeilna í landinu, þá á Íslendingum að vera bráð nauðsyn á því að kaupa mikið af tækjum og skipum. Ég get ekki ímyndað mér, að menn trúi því, að hugsandi maður eins og hv. 2. þm. S.-M. skuli vera svona kjarklaus, en þó er það satt. Kjarkurinn er allur í munninum. Þessum manni var á barnsaldri sýnt hættulega mikið oftraust. Fjármálastjórnin var tekin úr hans höndum, eftir að honum hafði tekizt að éta upp lánstraust þjóðarinnar erlendis og algert hrun virtist fram undan, en sjálfur hafði hann þá erlenda bankauppskrift í vasabók yfir eignir þrotabúsins. Ég hygg, að kjarkur þessa manns hafi brostið, þegar hann neyddist til að beiðast hjálpar af Sjálfstfl. til að rétta við fjárhag ríkisins.

Í ræðu minni í gær sýndi ég fram á, að stj. hefur efnt öll sín heit og nýsköpunin er komin lengra áleiðis en þeir allra bjartsýnustu þorðu að búast við. Ég sagði einnig, að ráðherrapestin hefði hertekið stjórnarandstöðuna og leikið hana svo grátt, að aumari stjórnarandstaða hefði aldrei verið á Íslandi. Hennar sérstaka einkenni er að afflytja og vera á móti öllu, sem stj. gerir, án þess að leggja nokkuð jákvætt til málanna sjálf. Það er hvergi laust við erfiðleika hjá forustuliði Framsfl. að blekkja bændur, vegna þess að það væri mikil og örlagarík fjarstæða fyrir þá að einangra sig nú, þegar þjóðin í fyrsta skipti ræður yfir miklum fjármunum til að búa vel að atvinnulífinu í landinu. Til þessa býður ríkisstj. bændunum samstarf, hvar í flokki sem þeir standa. Það er þetta, sem hv. 2. þm. S.-M. og Framsfl. kallar okkur kúgara fyrir, að bjóða fram hendur bændum til aðstoðar, hvar í flokki sem þeir standa, einvörðungu, ef bændur fást til frjálsrar samvinnu við ríkisstj. En án forustu sjálfra bændanna í vinsamlegu sam-

starfi við valdhafana verður þessum málum ekki til farsældar stýrt. Ég vissi vel, að hér var komið við kaunin í Framsfl., en stóryrði og fúkyrði 2. þm. S.-M. skipta ekki máli, breyta ekki staðreyndum. Með því að vera utan við stjórnarmyndunina hafa framsóknarmenn unnið sér til óhelgi. Þeim er það ljóst og þeir vita það af því, að þeir hafa beðið hnekki og misst traust bænda sem annarra. Nú reyna þeir að rétta sinn hlut með því að æsa bændur gegn stj. Eiga þeir þó öðrum stéttum fremur meira í húfi, að vinsamlegt samstarf takist við valdhafana. Þeir hafa nú um langt skeið verið verr settir en verkamenn og atvinnurekendur við sjávarsíðuna, vegna þess að málefnum þeirra hefur að undanförnu verið illa stýrt.

Framsfl. er og verður um langt skeið gagnslaus, en af því leiðir, að það hallar á bændur. Framsfl. setur því allt traust sitt á bændurna, að þeir taki vel hinu síðasta ákalli, sem gert er til að forða flokknum frá hruni um stundarsakir. Þetta vita forustumenn Framsfl., og því hafa þeir flutt hér mál sitt af slíkum ofsa sem raun ber vitni.

Þessum umr. er nú að verða lokið. Ég hef gert þjóðinni grein fyrir störfum og stórkostlegum fyrirrætlunum stj. Við sjálfstæðismenn treystum á dómgreind almennings, en höfum meiri mætur á að leysa hlutina en að miklast af afrekunum. Að þessu sinni lýsi ég óvenjulega skýrum stórhug og framsækni í framkvæmdum ríkisstj., en hins vegar eru til menn, sem ekkert vilja í þessum efnum. Ef þeir fengju að ráða, er líklegt, að þingræðið hefði lifað sitt fegursta. Fámenn þjóð í sumpart erfiðu landi á í illvígum vinnudeilum, framundan blasir við atvinnuleysi. Það er auðnulaus þjóð, sem ekki skildi sinn vitjunartíma. En þingið og þjóðin skildi sinn vitjunartíma, svo að í staðinn fyrir illvígar vinnudeilur var skapaður vinnufriður í landinu, þingræðinu borgið og hafin alhliða og öflug viðreisnarbarátta. Það er enginn vandi að velja á milli þessara tveggja stefna. Þjóðin hefur valið. Hún er orðin langþreytt á illdeilum og þráir frið og athafnir. Þess vegna hafa bændur keypt landbúnaðarvélar, sjómenn og útgerðarmenn samið um kaup á stórum og fullkomnum nýtízku skipum, sem nemur samtals um 200 millj. kr. Það talar sínu máli, einnig til stjórnarandstöðunnar.

Ég þakka þjóðinni eindreginn stuðning, sem veitti ómetanlegan styrk í störfum stj., og vænti ég þess að mega fá að njóta hans áfram, og umfram allt óska ég þess, að farsæld fylgi þessu framtaki, svo að komandi kynslóðir á Íslandi megi af því blessunar njóta um langan aldur.

Forseti (JPálm): Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hefur lokið máli sínu, og er þar með þessari útvarpsumræðu lokið.

Umr. (atkvgr. um frv. til 3. umr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 336, 352, 362).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 362. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Síðan frv. til fjárl. á þskj. 336 var afgr. frá 2. umr., hefur fjvn. haft með sér nokkuð marga fundi til að ræða sumpart þær till., sem hún tók til baka til 3. umr., og sumpart till., sem ýmsir hv. þm. einnig tóku til baka til 3. umr. og ekki voru teknar til athugunar við 2. umr.

N. hefur komið sér saman um að taka upp aftur ýmist óbreyttar eða með breyt. allar þær till., sem prentaðar eru á þskj. 352 og útbýtt var í þ. í gær. Ég skal nú fara nokkrum orðum um einstakar till.

1. brtt. við 10. gr. er tekin upp aftur óbreytt, eins og hún var á þskj. 308. Var nokkuð gerð grein fyrir henni við síðustu umr. N. hefur rætt þetta mjög ýtarlega og leggur til, að þessi málsgr. verði samþ. þannig við 10. gr., til þess að tryggja það, að þeir starfsmenn, sem vinna við hin ýmsu sendiráð, fái staðaruppbót hlutfallslega við laun sín. Það hefur komið fram í gögnum frá rn., að menn í mismunandi stöðum hafa fengið mismunandi launauppbætur hlutfallslega, og svo lengi sem þessum mönnum eru ætluð laun samkv. launal., lítur n. svo á, að ekki sé hægt að halda þeirri reglu áfram, og þess vegna beri að samþ. brtt.

Brtt. 2 var tekin aftur vegna þess, að það lágu þá ekki fyrir upplýsingar frá rn. um skrifstofukostnað við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Nú eru þessi skjöl komin til n. Að vísu er skrifstofukostnaðurinn eftir þeim gögnum, b. 1—2, nokkru lægri, 16 þús. kr. lægri, en n. sá ekki ástæðu til að gera um þetta breyt., en lét sér nægja, að 3. liður væri lækkaður úr 220000 í 200000 kr. Var rætt um þetta við skrifstofustjórann í dómsmrn.

Þá er liður 3, sem er skipaskoðun ríkisins. Þar hefur n. ekki getað fallizt á till. skipaskoðunarstjóra um að taka þessa till. að fullu til baka, um að tekjur komi á móti útgjöldum, og ekki heldur þau rök, sem hæstv. samgmrh. hefur fært fram í þessu máli. Það kom fram bréf frá skipaskoðunarstjóra, þar sem hann heldur fram, að hækka þurfi gjöldin stórkostlega til þess að ná þessum tekjum inn, en á það getur n. ekki heldur fallizt. Það kemur fram í bréfi þessu, að gjaldið er um 1 kr. á hverja rúmlest. Er það sett fyrir stríð, svo að ekki væri óeðlilegt að innheimta það með verðlagsvísitölu, og ef það væri gert, mundu þessar tekjur nægja. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að við síðustu áramót eru rúmlega 50 þús. smálestir af skipastól í landinu, svo að ef reiknað væri með 3 kr. á smálest, þá fengjust 150 þús. kr. á móti 118 þús. kr., sem yrðu teknar til útgjalda í frv. Auk þess hefur n. við samanburð á þessum skjölum séð, að hér er einhver misskilningur á ferðinni hjá skipaskoðunarstjóra, því að í þessu bréfi er m. a. haldið fram, að skoðunargjald fyrir togara sé kr. 110,25, en ég hef reikninga fyrir 3 skip, sem sýna, að gjaldið er á annað þús. kr. Ef það er þannig, að þetta gjald fari

eitthvað annað en í ríkissjóð, ber að gera ráðstafanir til, að það fari þangað, en ekki til einhverra annarra manna. N. leggur því mjög ákveðið til, að þetta verði samþ., þannig að tekjur komi á móti gjöldum, 118 þús. kr. Í sambandi við það vil ég einnig leyfa mér að benda á, að eftirlit með vélum og verksmiðjum er ætlazt til, að beri sig, enda hefur það sýnt sig, að það hefur gert það, því að reikningarnir frá 1944 sýna, að þar koma inn 78 þús. kr. tekjur og 17 þús. kr. meiri tekjur en gjöld, en það er vitanlegt, að til þess þarf miklu þyngri gjöld hlutfallslega á hverja verksmiðju en þarf fyrir hvert skip, svo að það er eitthvert fyrirkomulag, sem þarf að laga, ef þetta á að geta borið sig. Þetta á ekki að verða til þess, að skoðunin eða eftirlitið minnki, því að n. er á þeirri skoðun, að hægt sé að auka skoðunina stórkostlega, þó að ekki sé tekinn annar kostnaður inn á frv. en sá, sem skipaskoðunin getur sjálf staðið undir.

Fjórða till. er um, að fjárveitingin til vörumerkjaskrásetningar verði felld niður. N. hefur rætt þessa till., og meiri hl. n. er með því, að till. verði tekin upp.

Fimmta till., um nýbyggingarráð, var tekin aftur eftir ósk rn. Þar hefur ekkert nýtt komið fram, sem raskað gæti skoðun n. í þessu máli, og leggur n. því til, að þessi liður verði tekinn upp í frv.

Þá er sjötta till., flóabátaferðir. Það var búið að skrifa þessa till. áður en brtt. á þskj. 308 var lögð fram, en féll niður. Þessi liður er samkv. till. samvn. samgöngumála, og var henni lýst við 2. umr.

Þá er sjöunda till. N. hefur rætt þetta mál, og m. a. vegna þess, að komið hafa sterkar kröfur frá öðrum prestaköllum, m. a. Akureyri, að þau fengju sams konar hlunnindi til skýrslugerðar, þá sér n., að þetta mundi verða til þess, að haldið yrði áfram með þetta í enn fleiri prestaköllum, og leggur því til, að þessi liður verði felldur niður.

Þá er áttunda till., um 6000 kr. til að gefa út minningarrit vegna 100 ára afmælis prestaskólans. N. mælir einróma með því, að þessi fjárveiting verði tekin upp í fjárl.

Níunda till. er ekki nema leiðrétting. Þetta átti að vera í fyrri till. við Hvanneyrarskóla, en ekki Hóla, og leiðréttist það hér með.

Tíunda till. er aðeins um 300 kr. grunnlaunahækkun vegna gamals barnakennara. Leggur n. einróma til, að það verði tekið inn í frv.

Ellefta till. er vegna launahækkunar samkv. launal. til húsmæðraskóla. N. var ljóst, að þessi hækkun þurfti að koma inn, en af því að hún gat ekki fengið frá viðkomandi rn. nægar upplýsingar um, hve mikil hækkunin þurfti að vera, þá gat hún ekki gengið frá þessari till. fyrr en nú. Till. er gerð sumpart samkv. till. rn., en sumpart í samráði við þá, sem kunnugastir voru þessum málum og töldu, að þessi upphæð mundi nægja til að greiða þann kostnað, sem þessir skólar hafa af breyttum launal. Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að taka fram, að ætlazt er til, að húsmæðraskólinn á Löngumýri fái hlutfallslega sama styrk, bæði frá þessari launahækkun og eins frá sjálfum styrknum eins og hann er í frv., enda hefur það áður verið regla, þó að það hafi ekki verið sérstaklega tekið fram í frv. Hefur þetta verið rætt við fræðslumálastjóra, og telur hann ekki ástæðu til að tryggja þetta á annan hátt en að taka það fram í framsögu.

Tólfta till. er nýr liður, 10000 kr., til húsmæðraskólans á Staðarfelli til kaupa á ljósamótor. Till. er flutt að beiðni hv. þm. Dal. N. var sammála um að taka þessa till. upp vegna útgjalda, sem skólinn getur ekki sjálfur staðið undir. Er þetta vegna þess, að ljósamótor sá, sem þar var áður, er nú ónýtur, og verður að fá annan í hans stað.

Þá er hér ný till. um styrk til Sigurðar Greipssonar, vegna íþróttaskóla hans í Haukadal. Þetta erindi hefur legið fyrir n. nokkuð lengi með miklu hærri upphæð, en það varð samkomulag um þessa upphæð, sem er alls 13750 kr.

Fjórtánda till. er um náttúrufræðifélagið. Þessi till. var tekin til baka fyrir ósk frá þeim mönnum, sem stjórna þessum félagsskap, vegna þess að þeir töldu, að nægar upplýsingar hefðu þá ekki verið fyrir hendi. Óskað var eftir, að 55 þús. kr. upphæð, sem stóð í frv., stæði óhögguð. N. hefur rannsakað þetta mál og getur ekki fallizt á, að sú upphæð standi, en leggur til, að hún verið færð niður í 42100 kr. og þar af 5000 kr. til að líma upp plöntusafn ríkisins, en í brtt. stendur „plöntusafn skólans", sem er prentvilla, og óska ég, að hæstv. forseti láti leiðrétta þetta, þegar frv. verður prentað upp aftur. Þar á að standa „plöntusafn ríkisins". Ein meginástæðan fyrir því, að n. vill ekki hækka þetta, er sú, að allir starfsmennirnir við þetta safn eru á fullum launum hjá ríkinu, flestir hjá atvinnudeild háskólans. N. taldi ekki ástæðu til, að laun þeirra væru hækkuð svo stórkostlega sem hér er farið fram á í þeirra erindi og leggur því til, að fyrir 55 þús. komi 42100 kr.

Það næsta er til útgáfu ævisagna lærðra manna eftir Hannes Þorsteinsson. Það hafa verið gerðir samningar við eina prentsmiðju hér um að gefa þetta út, ef ríkið styrkti þetta með 60 þús. kr. Í stað þess á ríkið að fá 100 eintök til gjafa og eigin nota, en ætlazt er til, að hvert eintak verði selt á 1000 kr. Það var álit n., að ódýrast yrði fyrir ríkið að hafa þennan hátt á útgáfunni, og er því lagt til, að þessar 20 þús. kr. verði teknar inn í frv.

16. till. er vegna útgáfu á bók Guðbrands Vigfússonar, borin fram af hv. 7. landsk. þm., og hefur n. fallizt á að mæla með, að þetta verði samþ.

17. brtt. er líka nýr liður. Frá Leikfélagi Reykjavíkur hefur borizt erindi um 10 þús. kr. hækkun á styrk til leikfélagsins, sem n. er sammála um að taka upp.

Till. um tónlistarskólann á Akureyri var tekin aftur til 3. umr. Hefur borizt erindi frá söngfélaginu Geysi á Akureyri, að því verði einnig veitt nokkur upphæð. N. sá sér ekki fært að sameina þetta, tónlistarskólann og söngfélagið, og ekki heldur að leggja fé til söngfélagsins

Geysis sérstaklega og tekur þetta því upp óbreytt.

19. till. var tekin aftur. Það er nýr liður til Guðjóns Samúelssonar í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun. N. er ekki sammála um þessa till. Hún er samþ. með litlum meiri hl. í n. Menn hafa óbundnar hendur að greiða henni atkv., með eða móti. Ég persónulega legg á móti þessum útgjöldum.

20. till. er um jarðboranir og kaup á jarðborum. Þessi till. kom ekki til n. fyrr en með bréfi dags. 22. nóv., og eftir að n. hefur rannsakað þetta atriði, sér hún sér ekki fært annað en að leggja til, að 420 þús. kr. séu teknar inn í fjárl. í þessu skyni, því að um það eru til lagaákvæði, sem ekki er hægt að komast fram hjá.

Þá er það 21. liður, krafa frá byggingar- og landnámssjóði um, að greidd sé vangoldin verðlagsuppbót á framlag ríkisins, alls kr. 532500. Þetta er að sjálfsögðu samkv. lögum. Fjmrh. hefur að vísu talið vafasamt, hvort fullur réttur væri til þess að krefjast þessara greiðslna. En á þessu stigi sá n. sér ekki fært annað en að taka þetta upp í fjárlfrv., þó ekki til þess að undirstrika það, að skoðun fjmrh. sé rétt eða röng, heldur er það atriði út af fyrir sig, sem kemur þá til dómstólanna, ef ástæða þykir til. En n. þótti rétt að taka þetta upp í frv., eins og sakir standa nú.

Í 22. till. er gerð 50 þús. kr. hækkun vegna væntanlegs mjólkurbús á Blönduósi. Að vísu hafði verið beðið um miklu stærri upphæð, en vegna þess að verkið er skammt á veg komið, þótti n. ekki ástæða til að taka hærra framlag í þessu skyni, og verður það því aðeins notað, að byggingin verði reist á næsta ári.

23. till. er um laun til Páls Pálssonar dýralæknis samkv. samningi, 6 þúsund kr. N. hafði fyrst hugsað sér að setja þetta inn á þann lið, sem veittur er til stúdenta, sem eru við erlenda háskóla, en eftir ábendingu fjmrh. þótti rétt að taka þetta sem sérstakan lið.

Þá er það 24. till., nýr liður, til Kristins Kristjánssonar, Nýhöfn, í viðurkenningarskyni fyrir að finna upp línulagningaráhöld fyrir fiskiflotann, kr. 20000. Þessi krafa byggist á sömu rökum og krafan til Guðjóns Samúelssonar, og ég verð að segja, að ég efa mjög, að krafa um þetta hefði komið inn í fjárl., ef ekki hefði verið búið að samþ. þetta á undan, þetta sé m. ö. o. afleiðing af því, sem búið er að gera við Guðjón Samúelsson. Ég álít því, að þess megi vænta, að margir komi á eftir, þegar séð er, að Alþ. hefur farið inn á þessa braut. Mér þykir rétt að minna á þetta til athyglis fyrir þm., þegar þeir greiða atkv.

25. gr. er aðeins leiðréttíng, kr. 2405 til prófessors Ágústs H. Bjarnasonar, sem hafði fallið niður, og sama máli gegnir um 26. gr., Solveigu Eggerz, sem einnig hafði fallið niður.

Þá er það 27. gr. N. taldi rétt að taka þessa till. til nýrrar athugunar, því að raddir heyrðust um það, að hér væri um óréttlát breytingu að ræða, en svo er ekki. Þessi upphæð, samfara þeirri upphæð, sem Guðmundur Sveinbjörnsson hefur í sín föstu eftirlaun, og því, sem rennur í lífeyrissjóð, verða þau sömu laun, sem hann hafði sem skrifstofustjóri, áður en hann lét af störfum, og honum hefur verið greitt til þessa dags. N. taldi ekki rétt að fara hærra, og taldi þó, að samningnum við Guðmund Sveinbjörnsson væri fullnægt nægilega. N. vildi ekki taka tillit til þess, að hann hefur haft slæma vinnu í stjórnarráðinu, því að það er ekki vitað, hve lengi hann hefur heilsu til þess að gegna þessu starfi. Hér er því aðeins um leiðréttingu að ræða frá frv., eins og það var fyrst lagt fyrir.

28. till. var tekin aftur til athugunar og tillagið lækkað úr 2 þús. kr. í þús. kr.

29. till. er um að hækka framlag til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna úr 1 millj. kr. upp í 2 millj. króna. Er þetta gert samkv. ósk dómsmrh. Hann hefur lagt fram gögn, þar sem segir, að raunverulega þurfi miklu meira fé en 2 millj. kr. til þess að ljúka við þær byggingar, sem nú eru í smíðum fyrir ríkisspítalana, enda verði þeim ekki lokið fyrir þá fjárhæð. En hann taldi samt, að ef hann fengi samþ. alls 1800000 kr. fyrir þessar byggingar, þá mundi það verða viðunandi á næsta ári. 200 þús. kr. af þessu eiga að fara til að byggja við Kristneshælið.

Þá er það 30. till. Þar hefur fjvn. sett upp sína fyrri till. um Menntaskólann í Reykjavík, að hann verði lækkaður um 500 þús. kr., en í stað þess verði tekið upp 500 þús. kr. tillag til Menntaskólans á Akureyri. Um þetta mál er fjvn. klofin og menn óbundnir, hvernig þeir greiða atkvæði. Að vísu var ætlað í upphafi, að fullt samkomulag yrði um þetta mál, en á síðustu stundu náðist þó ekki að fullu samkomulag um það.

31. till. er ekki annað en leiðréttíng, til byggingar á prestssetrum um 650 þús. kr., þar af 150 þús. kr. til byggingar prestssetrshúss í Hestþingum. Kirkjumrh. óskaði eftir, að það kæmi sérstaklega fram, að af þessu ætti að fá 150 þús. kr. til þess að byggja upp prestssetrshús á Hvanneyri.

Þá er það 32. till. Þar eru tveir nýir liðir. Rn. er heimilað að láta falla niður styrki þá, sem fara til ýmissa nauðstaddra Íslendinga erlendis, og þykir rétt að veita rn. heimild til þess að gefa þetta eftir, þar sem það er álitið nauðsynlegt. Hins vegar verði aðrar kröfur greiddar, sem viðkomandi hafa ástæður til að greiða og þurfa ekki á neinum styrk að halda. — Þá er það b-liðurinn. Þar er um að ræða greiðslu til Ingibjargar Jóhannsdóttur, fyrrverandi kennara, 10 þús. kr. Meiri hl. n. leggur til, að þetta sé heimilað ríkisstj., og liggja fyrir öll gögn í því efni.

33. liður er aðeins leiðréttíng og óbreytt að öðru leyti, nema hvað orðalag er gert skýrara en það var áður.

Í 34. gr. er tekin upp ný heimild að greiða 5000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

35. gr. er tveir liðir. Að verja skuli allt að 50 þús. kr. til fyrirhleðslu við Klifanda í Mýrdal. Þetta hefur undanfarið verið í fjárl., var í fyrra 30 þús. kr. Var leitað umsagnar vegamálastjóra um þetta atriði, og hann heldur því fram, að það verði ekki byrjað á þessu verki fyrr en Alþ. hefur ákveðið að veita a. m. k. 140 þús. kr. til þessarar fyrirhleðslu. Það lá ekki fyrir n. á þessu stigi að verja þessari upphæð til þess arna,

en þó þótti rétt að taka upp heimild til 50 þús. kr. Í b-lið er ríkisstj. heimilað að greiða 18 þús. kr. til fyrirhleðslu í Grjótá og Staðará gegn ⅓ kostnaðar annars staðar að. Um þetta eru einnig erindi. Staðará er eign ríkisins, og má því segja, að ríkinu beri að hirða um sína eigin eign. En um Grjótá kom mjög ýtarlegt erindi frá Búnaðarfélagi Íslands á þann veg, að ekki einasta liggi jörðin undir stórskemmdum, heldur einnig rafstöð jarðarinnar, og þótti þá rétt, að fé yrði samþ. til þess að bjarga því frá þeim skemmdum.

Ef fallizt verður á till. n., koma fjárl. til með að líta þannig út: Rekstraryfirlit með tekjur kr. 122419711, gjöld kr. 124155994, og rekstrarhallinn verður þá kr. 1736283. Sjóðsyfirlitið lítur þannig út, að út eru greiddar kr. 138548941, en inn eru greiddar kr. 125053711 og greiðslujöfnuður því kr. 13495230. En auk þess eru ýmis útgjöld heimiluð á 22. gr. Var nokkuð um það rætt í fjvn., hvort ekki bæri að yfirfara aftur tekjuáætlunina og auka þá nokkuð e. t. v. tekjuliðina, og voru í n. menn, sem álitu, að vel mætti auka tekjurnar um allt að 5 millj. kr., svo að skila mætti fjárl. tekjuhallalausum. Var rætt um þetta við fjmrh., sem óskaði ekki eftir, að þessi hækkun yrði gerð á tekjuliðum, taldi sig frekar vilja taka við fjárl. eins og þau litu út en að hækka tekjuliði, sem væri bara á pappírnum, því að ef útkoma ársins yrði betri, kæmi það í sama stað niður, og var farið að hans till. um afgreiðslu fjárl. á þennan hátt.

Þá hefur n. borizt erindi frá dómsmrh. (FJ) um 50 þús. kr. til aukningar á eftirliti með slysum í landi. Í bréfi þessu kemur fram, að tilætlunin er, að Slysavarnafélagið hafi með þessi mál að gera. N. gat ekki fallizt á, að þörf væri á að láta þau yfir til annars aðila, meðal annars vegna þess, að ef þessi leið verður farin, er eftirlitsstarfið afhent mönnum, sem að vísu hafa tækifæri til að hafa eftirlitið með höndum, en hafa ekkert lögregluvald til að grípa inn í í einstökum atriðum, sem eftirlitslögreglan þarf að úrskurða um. Því telur n. ekki rétt að veita því yfir á þennan vettvang og telur ekki heldur, að það hafi verið skorið svo við nögl sér til ríkislögreglunnar, að þessum útgjöldum sé ekki enn bætandi inn á þann lið. Að vísu hefur fjárveiting til hennar verið skorin niður um 25% eftir till. ráðh., en á það skal einnig bent, að ætlazt var til, að þessi ríkislögregla væri raunverulega mikið til afnumin, og hann upplýsti hér, að koma ætti á hana nýrri skipan, og væntir n., að hann í gegnum þá nýskipan geti náð sama árangri og ætlazt er til í þessu erindi.

Þá hefur komið erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um að veita 100 þús. kr. til að geta komið á fót framhaldsskóla fyrir búfræðinga. N. hefur rætt þetta við landbrh. (PM), sem hefur upplýst, að þetta mundi ekki koma til framkvæmda hvort sem væri á þessum vetri, en kvað það hins vegar vera vilja sinn, að hægt yrði að undirbúa þetta mál þannig, að það gæti komizt á fyrir næsta haust, og það þótt ekki sé sérstaklega tekin upp fjárveiting til þess í þessum fjárl. Frá hæstv. atvmrh. (ÁkJ) kom beiðni um 200 þús. kr. styrk til þess að byrja á að byggja við atvinnudeild háskólans, þar sem fram ætti að fara rannsókn í þágu atvinnuveganna, einkum hvað snertir sjávarútveginn. Þetta hefur verið rætt við hæstv. atvmrh. og einnig við fiskimálastjóra og við dr. Þórð Þorbjarnarson, sem hefur nú, ásamt Árna Friðrikssyni fiskifræðingi, sent langt erindi um þetta mál. N. sá sér ekki fært að leggja til að hækka upphæðina eftir að hafa fengið allar upplýsingar um málið, meðal annars þær, sem ég nú skal greina frá. Í síðustu fjárl. voru veittar 100 þús. kr. til að koma upp rannsóknarstöð við Fiskifélag Íslands. Þessu fé átti að verja að mestu leyti til að kaupa vélar í rannsóknarstöðina, en auk þess var gert ráð fyrir, að fiskimálanefnd gæti látið 150 þús. kr. upphæð til að koma upp byggingu yfir vélarnar. Fiskimálanefnd vildi ekki verða við þessum tilmælum, því að hún áleit rétt að sameina allar þessar rannsóknir undir háskólann, eins og ætlað er með hinu nýja frv. Það hefur ekkert verið samið við Fiskifélagið um þetta mál, hvort það, sem afgangs er af því fé, sem veitt hefur verið, skyldi renna til að byggja rannsóknarstofu við háskólann eða hvort Fiskifélagið ætti að hætta við að koma upp sinni rannsóknarstofu. Og þar sem allt er í þeirri óvissu, sem raun ber vitni, þótti n. ekki fært að leggja til, að fé yrði veitt til þess. Það er upplýst, að til þessarar byggingar mundi þurfa allt að 1500 þús. kr., og þarf ekki að hugsa til að ná því fé frá fiskimálanefnd. Munar þá minnstu, hvort féð er tekið nú að nokkru eða öllu leyti, eða hvort þessar 200 þús. kr. komi eða ekki. Á meðan ekkert er samið um þetta atriði og vitanlegt er, að samkomulag verður að fá um það, þá telur n. ekki rétt að taka till. upp.

Það kom einnig til n. till. um að taka upp í fjárl. 300 þús. kr. til að byggja nýtízku fiskirannsóknaskip. Það voru veittar 50 þús. kr. í síðustu fjárl. til að undirbúa byggingu fiskirannsóknaskips. Þessi undirbúningur hefur farið fram. Hins vegar hefur ekki verið tekin ákvörðun um það á Alþ., hvort bygging skuli hafin eða ekki. N. þótti rétt, að um það væri gerð sérstök heimild með l. til að taka lán til byggingarinnar og taka þá upp í fjárl. á næsta ári. Þess vegna er ekki lagt til, að þetta sé tekið upp í fjárl. Hins vegar er það ljóst, að þetta er mál, sem er nokkuð mikið aðkallandi. Ef vel og hyggilega væri um þetta búið, mætti reka þessar fiskirannsóknir með litlum aukakostnaði með því að láta fara saman fiskirannsóknir, landhelgisgæzlu og slysavarnir. Hefði verið nokkru nær, að þeirri millj. kr., sem varið var til að kaupa mislukkaða strandgæzlubáta, hefði verið varið til að kaupa jafnágæt skip og virðist nú liggja fyrir, að Íslendingar geti fengið skv. upplýsingum, sem lágu fyrir n. Þá vill n. einnig benda á í sambandi við þessi mál öll, að hún hefur að vísu ekki gert till. um niðurfærslu á kostnaði við atvinnudeild háskólans, en þykir full þörf á því, að rannsakað verði til hlítar, hvort ekki sé hægt að gera stórkostlegar breytingar til batnaðar. Landbúnaðardeildin kostar um 500 þús. kr. Það er vitanlegt af launalistum, sem komu til n., að langflestir af þessum mönnum, sem starfa við deildina, taka annaðhvort

full laun frá öðrum ríkisstofnunum eða fullar tekjur frá ríkinu á einn eða annan hátt. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það, hvaða árangur er af starfi fyrir þessar 500 þús. kr. frá þessari deild, og er full ástæða til að rannsaka þetta algerlega niður í kjölinn, og að gerðar verði mjög róttækar endurbætur á þessari stofnun.

Þá hefur borizt til n. bréf frá stjórn ríkisspítalanna, þar sem, að því er séð verður, hæstv. dómsmrh. hefur fyrirskipað að greiða aukalega 3 þús. kr. styrk til utanfarar prófessora á Landspítalanum ásamt uppbót á styrkinn. N. sá ekki ástæðu til að taka þetta upp í fjárlfrv. Hún hefur ekki getað fundið lagastaf fyrir því, hvers vegna þetta er ákveðið, og telur, að ekki beri að greiða þessar 3 þús. kr. með verðlagsuppbót nema það sé ákveðið í hvert skipti, að styrkurinn sé notaður.

Á bls. 54 á þskj. 336 er prentvilla, er ég vildi gjarnan biðja forseta að athuga. Það er undir B-lið nr. 6. Þar er komin inn Áslaug Thorlacius með 2000 kr. ekkjulaun. Er þetta komið inn fyrir misskilning. Við þetta kom fram brtt. við 2. umr., en var tekin til baka af hv. 7. landsk. (KA), svo að n. finnst ástæða til að athuga þetta mál. Nú er þetta komið inn í bækur og borið upp með till. n. Mun hér um mistök að ræða, sem óskað er eftir, að forseti sjái til að verði felld úr frv. Að öðrum kosti þyrfti að koma með brtt. Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að upplýsa, að viðkomandi frú hefur í laun skv. því, sem aðstandendur hennar upplýsa, 21 þús. og 700 kr. á ári, en eftir því, sem fjvn. hefur fengið upplýst frá öðrum aðilum, tæpar 20 þús. kr. Hvort þetta sem reyndist rétt, þá er það sjáanlegt, að yrði þetta einnig samþ., mundi viðkomandi ekkja hafa með hæstu embættislaunum, um 28 þús. kr., og gæti ég trúað, að ef farið væri inn á að samþ. þetta, að þá yrði ekki hægt að standa á móti því, að fjöldamargar embættismannaekkjur verði hækkaðar stórkostlega. Bið ég menn að athuga það, þegar gengið verður til atkvæða um þetta atriði.

Þá er að síðustu brtt. á þskj. 362 frá fjvn., um það, að liðurinn við 3. gr. A. eignabreytingar 2, orðist þannig: Til ráðstöfunar Alþ. síðar meir 1 millj. og 80 þús. kr. — Þetta er nú ákveðið í frv., að byggja útvarpshús. Meiri hl. fjvn. telur, að þetta eigi ekki að standa í frv. sjálfu. Hún telur, að ríkisstj. beri að leita heimildar á sérstakan hátt til að mega byggja útvarpshús, en ekki að setja þetta inn í fjárl., og að sjálfsögðu yrði þá tekin til sú upphæð, sem ætlazt er til, að útvarpshúsið kosti, og kemur þá til atkvæða, hvort menn fylgja henni eða ekki. Það þarf ekki að fara saman við þessa brtt. í n. og fylgi við hitt, hvort útvarpshús verður byggt eða ekki, heldur hitt, að rétt þykir, að sá háttur sé hafður á.

Aðrar brtt., sem n. hefur haft frá ýmsum þm., varð ekki samkomulag um að taka upp í frv. Að sjálfsögðu munu þeir, sem þær hafa borið fram, mæla fyrir þeim, og skal ég láta máli mínu lokið um þetta atriði.

Forseti (JPálm): Ég skal taka það fram út af því, sem hv. frsm. sagði um villu í frv. á bls. 54, að hún er ekki inn komin vegna þess, að till. hafi verið borin upp, því að þetta var greinilega tekið fram, þegar afgreiðsla fór fram og undirskrift, heldur hefur villan skolazt með í sambandi við bókun, og hef ég gert ráðstafanir til þess, að þetta verði leiðrétt.

Gísli Sveinsson: Hv. fjvn. hefur nú tekið upp það, sem af vangá féll niður í fyrri till. n., með till., sem samvn. samgm. stóð að og fjvn. tók áður til meðferðar í heild og nú bæri að samþ. inn í fjárl. Þetta, um flóabátaferðir, er undir 6. lið á þskj. 352. Eins og hv. frsm. (GJ) gat um, er þar 853.150 kr. upphæð í staðinn fyrir, að í fjárlfrv. stendur 500 þús. kr., og vil ég láta þess getið, að sú upphæð, 500 þús. kr., var þannig tilkomin, að ég hygg, að í stjórnarráðinu hafi þótt hagkvæmt að setja upphæð þessa, eins og aðrar, niður um skör fram, því að það er alveg gefið, að öllum, sem þekktu til málsins, hefði aldrei getað dottið í hug, að hún yrði minni en fyrir ári, en þá var upphæðin um 800 þús. kr., m. ö. o., 500 þús. kr. eru settar fram út í bláinn af ókunnugleika vægast sagt. Þetta er sérstaklega lítil hækkun, eins og þeir þm. vita, sem kunna skil á þessu, en varð þó að vera nokkur, sem stafar af þeim uppbótum, sem verður að greiða á árinu í styrki til vélakaupa í farkostina. Þetta er því komið á réttan rekspöl. — Að öðru leyti ætla ég ekki að gera að umtalsefni brtt. fjvn. Ég mun, eins og sjálfsagt flestir hv. þm., láta nægja að lýsa velþóknun minni eða vanþóknun á brtt. fjvn., enda býst ég við, að í fjvn. hafi eins og fyrri daginn verið mjög skiptar skoðanir um þessar till., enda hlýtur það alltaf að vera svo, að margt orki mjög tvímælis, því að nm. eru jafnan ekki svo samstæðir, þó að það kæmi ekki fram, og það þarf ekki að koma fram fyrr en við atkvgr. Þó að nafn mitt sé að vísu aðeins tengt við tvær till., mun ég ekki gera að umtalsefni brtt. á þskj. 362 XI. Aðrir munu mæla fyrir þeim liðum, en þeir eru um brúargerðir. En það er brtt. á sama þskj., X, sem ég vildi minnast á. Það er brtt., sem ég hef borið fram um, að tekin sé upp í brúarlög brú á Skaftá undan Heiði á Síðu, og að til hennar verði nú veittar 60 þús. kr. í fjárl. Eins og hv. þm. e. t. v. rekur minni til, þá flutti ég í fyrra hér í Sþ. till. til þál. um brúargerð á þessum stað. Þessi till. er á þskj. 90, og eru þar færð svo fullkomin rök fyrir nauðsyn þessa máls, að ég hygg, að enginn bæti þar um, hvorki ég né aðrir. Þessari till. var vísað til fjvn., en n. hefur ekki haft tíma til að taka till. til meðferðar og þar af leiðandi er ekki hægt að ætlast til að koma fram neinni samþykkt í málinu í því formi, en hvað sem forminu líður, er gefið að koma upphæðinni inn í fjárl., svo að úr rakni nokkuð, og er engin fyrirstaða hjá vegamálastjóra fyrir því, að upp verði tekin 60 þús. kr. fjárveiting í fjárl. undir brúarákvæðunum. Þessi brúargerð er áreiðanlega með þeim nauðsynlegustu, sem finnast í þessu frv., enda þótt það vatnsfall sé ekki farartálmi á þjóðvegi, og má segja það um margar ár að sjálfsögðu, en hún fullnægir í öllu þeim skilyrðum, sem 2. kafli brúarlaganna greinir, að tilskilin séu, enda mun

hún koma þar inn, hvort sem fjárveiting verður tekin upp nú eða ekki, og er það formsatriði. Ég vil nú, án þess að ég vilji tefja tímann, vísa til grg., sem fylgir till. á þskj. 90, og vona, að hv. þm. fylgi þessari brúargerð, sem er tiltölulega lítil, miðað við aðrar brýr, en hefur fulla nauðsyn til að bera engu síður en þær. Ég þóttist ekki í vafa um, að ef till. hefði komið fram, hefði hún hlotið samþykki Alþ., eftir öllum málavöxtum að dæma, og má þá eðlilega það sama gilda um þessa fjárveitingu. — Að svo mæltu mun ég ekki segja frekar um þessa till. að sinni.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég stend að fjórum brtt. á þskj. 362 og skal stuttlega gera grein fyrir þremur þeirra. — Það er í fyrsta lagi till. nr. 21 á þessu þskj. varðandi þjóðminjasafnið. Eins og hv. þm. vita allir, hefur fjvn. lækkað nokkuð þann lið, sem ætlaður er til launagreiðslu, frá því, sem upphaflega var ætlazt til í fjárlfrv. Hún hefur fært þetta niður úr 23670 kr. í 18300 kr. Ég hygg, að þessi till. fjvn. hafi byggzt á því, — en er ekki kunnugt um það, — að maður, sem við það safn hefur starfað, Jón Auðuns, muni láta af starfi um áramót. Það, sem hann hefur fengizt við, er skráning og röðun ljósmynda. Því starfi er ekki lokið, og er þörf á að hafa mann til að halda þessu verki áfram. Þetta er á misskilningi byggt. Eftir því, sem ég hef fengið upplýst hjá hæstv. menntmrh. (BrB) og þjóðminjaverði, er það fjarri því, að það starf, sem séra Jón Auðuns hefur unnið, sé óþarft, þegar hann hverfur frá því, heldur líta þeir svo á, að þarna þyrfti að vinna og móta meira starf en hann gat gert. Þeir líta svo á, að þörf sé á, að safnið fái mann til viðbótar, sem taki við starfinu af Jóni, og að hann vinni það ekki sem ígripastarf, heldur verði hér um fullkomið starf að ræða og byggist það á því, að safninu verði komið fyrir í nýjum húsakynnum. Er mikið verk óunnið á þessu sviði enn. — Skal ég láta þessi orð nægja fyrir þessari brtt., en vænti þess, að hv. þm. muni vera mér sammála um það, að ekki sé rétt að draga svo úr starfskröftum þjóðminjasafnsins sem að er stefnt með þeirri niðurfærslu launa, sem hér á að samþ.

Um 25. till. á sama þskj., sem ég einnig stend að, skal ég ekki ræða. Það mun hv. fyrri flm. (BBen) gera. En 31. till. á sama þskj., varðandi laun Ágústs H. Bjarnasonar, prófessors, mun ég ræða nokkuð. Eftir þeim upplýsingum, sem lágu fyrir fjvn., á Ágúst H. Bjarnason, sem nú hverfur frá starfi 70 ára að aldri, að fá 2405 kr. og er sú upphæð komin inn í till. fjvn. Úr lífeyrissjóði á hann að njóta að ég hygg kr. 1770,80 eða samtals kr. 4175,80. Nú virðist mér, að maður með starfsferil Ágústs H. Bjarnasonar að baki sér eigi skilið að hverfa frá störfum með fullum launum. Það er óþarfi að rekja sögu þessa mæta manns. Hún er alkunn. En þess má þó minnast, að hann hefur starfað í þjónustu íslenzka ríkisins frá 1905, fyrst við menntaskólann 1905—1911, en síðan við háskólann, frá því að hann var stofnaður 1911 til þessa árs. Sýnist mér næsta augljóst eftir því, sem gert hefur verið við ýmsa aðra menn, sem látið hafa af störfum við háskólann, að óverjandi sé, að gert sé verr við þennan aldraða heiðursmann, þegar hann er að láta af störfum vegna aldurs. Við flm. þessarar till. leggjum til, að honum verði veittar í staðinn fyrir þær 2500 kr., sem n. leggur til, kr. 6924,20 og er þá miðað við, að hann fái prófessorslaun, sem eru, eins og kunnugt er, 11100 kr. En færi svo, mót von minni, að hv. þm. geti ekki á það fallizt, þá höfum við til vara lagt til, að þessi upphæð yrði 5 þús. kr., og er það þó að vísu mikil framför frá því, sem fjvn. leggur til. Ég mun svo ekki fjölyrða meira um þetta.

Þá stend ég í þriðja lagi að till. 35 á þessu sama þskj. Stendur líkt á um þá till. og þessa, sem ég var að tala um áður. Sú till. fjallar um það, að Þorkeli Þorkelssyni verði veitt full embættislaun, er hann lætur af starfi veðurstofustjóra. Þorkell verður sjötugur á næsta ári og hefur starfað í þjónustu ríkisins síðan 1908, fyrst sem kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri til 1918, síðan sem forstjóri löggildingarstofunnar til 1920 og síðan sem forstjóri Veðurstofunnar. Ég þarf ekki að lýsa fyrir hv. þm., með hve mikilli samvizkusemi hann hefur rækt þessi störf. Og ég þarf ekki að lýsa því, að maður, sem helgar sig allan embættisstörfum og hefur ekki haft með höndum önnur launuð störf um dagana, að það er ekki hægt að safna gildum sjóði. Ég vona, að hv. þm. leysi hann frá störfum með fullum launum og það því fremur, sem fjvn. hefur lagt til, að annar maður fái full laun, er hann hættir starfi sínu, og ekki hef ég á móti þessari till. n. Maðurinn, sem í hlut á, dr. Matthías Einarsson, er þess vissulega verður að hljóta nokkra viðurkenningu frá íslenzka ríkinu, og þótt ekki hafi hann unnið beint í þjónustu þess, þá hefur hann unnið þjóðnýtt starf, en vissulega á einnig að breyta svo við annan mann, sem líka hefur sýnt mikinn dugnað og mikla vísindahæfni í sínu starfi og hefur alla tíð starfað í þjónustu ríkisins.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Í sambandi við ræðu hv. frsm. fjvn. vildi ég gera það að umtalsefni, að n. hefur ekki treyst sér til að taka upp sem sína till. framlag til umferðarslysavarna 50 þús. kr., sem dómsmrn. hefur skrifað n. um. Hv. frsm. lét þess getið, að það væri ætlunin að breyta nokkuð til um ríkislögreglu, og sú breyt. er í því fólgin að fækka ríkislögreglunni, sem nú starfar, um ¼. Starfssvið ríkislögreglunnar er allt annað en það, sem ætlazt er til, að verði tekið upp í þeim till., sem ég sendi fjvn. — Eins og menn vita, hafa orðið hér á s. l. ári 17 dauðaslys vegna umferðar á landi fyrir utan öll önnur meiðsli, sem ekki hafa leitt til dauða. Þessi slys eru orðin svo ógurlega mikil, að það virðist ekki vera hægt að komast hjá því að reyna að taka hér í taumana, og þá helzt með því að auka umferðarmenningu landsmanna, bæði gangandi fólks og eins þeirra, sem hafa lögreglustjórn á hendi. Aukin umferðarmenning er allt annað en lögreglueftirlit, og mig furðar á því, að fjvn. skuli hafa talið sér fært að ganga framhjá þessari till., að vísa henni algerlega á bug með því að segja, að það mundi vera hægt að láta ríkislögregluna annast

um að framkvæma þetta. Ég tel, að þetta séu óskyld mál. Eins og fram er tekið í bréfi frá ráðuneytinu, er ætlunin að auka umferðarmenningu landsmanna fyrst og fremst á þann hátt að kenna umferðarreglur í skólum, og til þess að koma því í framkvæmd, þarf að hafa einhverjar kennslubækur til þess, en slík útgjöld verða ekki færð undir ríkislögreglu. Þá var og ætlunin, að komið yrði á umferðarvikum, og vitanlega getur lögreglan að nokkru leyti tekið nokkurn þátt í því, en ekki veitt sama skilning sem uppeldisstarfsemi í skólum mundi veita í þessum efnum. Það er ætlunin að hefja auglýsingastarfsemi, aðvara fótgangandi fólk og bifreiðarstjóra í blöðum og útvarpi, og ætlunin var að ná í umferðarkvikmyndir og annað slíkt og reyna að fá Slysavarnafélagið til þess að taka að sér forgöngu í að varna slysum á landi, eins og það hefur nú tekið að sér að reyna að varna slysum á sjó. Þessi starfsemi er nokkuð skyld þeirri starfsemi, sem Slysavarnafélagið rekur nú, sem sé „hjálp í viðlögum." En Slysavarnafélagið hefur ekki það fjármagn, að það geti ráðið sér nýjan mann til þessa starfa og kostað auglýsingar í blöðum og útvarpi, búið til stórar auglýsingar og fest þær upp, útvegað umferðarkvikmyndir og umferðarkennslubækur svo sem gera þarf. Það var talið fyrir stríð, að eitt mannslíf væri metið á 50—60 þús. kr. Nú hafa farizt á einu ári 17 manns af umferðarslysum, fyrir utan alla þá, sem orðið hafa fyrir margs konar meiðslum. Það er því sannarlega kominn tími til þess, að það opinbera gripi þarna eitthvað inn í. En til þess að hér verði ekki eingöngu um ríkisrekstur að ræða, hefur mér þótt rétt að fá Slysavarnafélagið, sem hefur, eins og menn vita, deildir úti um landið, til þess að taka upp öfluga starfsemi í þessu efni. Ég hef því leyft mér að leggja til við fjvn. að taka upp till. um 50 þús. kr. fjárveitingu til umferðarslysavarnanna. Ég mun við framhald þessarar umr. leggja fram till. hér á hæstv. Alþ. í þessu efni. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að Alþ. telji sér fært að láta undir höfuð leggjast að gera eitthvað til þess að varna þeim hörmulegu umferðarslysum, sem nú eiga sér stað hér á landi. Umferðarslysin eru að verða engu síður áhyggjuefni en sjóslysin, ekki sízt af því, að það má segja, að oft sé ómögulegt að varna sjóslysum, en umferðarslysum á landi sé frekar hægt að varna með upplýsingastarfsemi fyrir fótgangandi menn og ökumenn.

Þá hafa legið fyrir n. tilmæli frá SÍBS um, að ríkið ábyrgist rekstrarlán fyrir sambandið allt að 300 þús. kr. Samband íslenzkra berklasjúklinga er, eins og menn vita, einkafyrirtæki og hefur ekki notið til þessa verulegs styrks frá því opinbera að öðru leyti en því, að gjafir til sambandsins voru á þeim tíma gerðar skattfrjálsar. Hins vegar hefur sambandið rekið ákaflega þýðingarmikla starfsemi og reist nú þegar byggingar fyrir 40 vistmenn að Reykjalundi, og þar dvelja ýmsir sjúklingar, sem áður hafa verið á sjúkrahúsum. En verksvið sambandsins er að koma sínum málum þannig fyrir á þessu hæli, að þetta fólk, sem áður hefur verið algerlega vinnulaust, annaðhvort á hælum eða sem heimamenn, fái þarna vinnu við sitt hæfi. Þarna er verið að nýta vinnuafl þjóðarinnar og um leið verið að koma þeim, sem í rauninni voru komnir út úr lífinu, inn í lífið aftur með því að útvega þeim nokkra vinnu við þeirra hæfi. Ég er hv. fjvn. þakklátur fyrir það, að hún hefur tekið upp í sínar till. byggingarstyrk til SÍBS, þar sem ætlunin er að reisa á næsta ári aðalbygginguna, sem hælið vantar. Hins vegar þarf hælið að fá ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni, því að þarna liggja á ýmsum tímum talsverðar vörubirgðir hjá hælinu, og eins hefur það þurft að kaupa mikið af vélum og áhöldum til þess að nota við vinnu sinna vistmanna, og í því skyni tel ég, að ekki væri nema sanngjarnt, að ríkið gengi í 300 þús. kr. ábyrgð fyrir rekstrarláni handa SÍBS, og mun ég í samráði við fjmrh. leggja hér fram till. um þetta síðar við þessa umr.

Þá hefur einn af héraðslæknum landsins, sem nú hefur stundað lækningar í rúm 20 ár, orðið fyrir heilsutjóni. Það er Guðmundur Guðmundsson, áður læknir í Reykhólahéraði. Ríkið hefur litið á þarfir manna, sem orðið hafa fyrir slíku áfalli, á ýmsan hátt, og ég hafði ætlað mér að senda fjvn. tilmæli um, að slíkt hið sama yrði gert fyrir Guðmund Guðmundsson. Ég mun síðar við umr. leggja fram till. við 22. gr. fjárl. um það, að ríkisstj. heimilist að greiða úr ríkissjóði til Guðmundar Guðmundssonar, fyrrverandi héraðslæknis, vissa fjárupphæð, þannig, að samanlögð eftirlaun, greiðsla úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi ⅔ héraðslæknislauna í sams konar héraði og hann starfaði í lengstan hluta starfsævi sinnar.

Ég þarf að biðja nokkurrar afsökunar á því, að ég hef gert og geri till. að umtalsefni, sem ekki hafa enn legið hér fyrir, en þetta er af þeim ástæðum, að ég geri ekki ráð fyrir að geta orðið viðstaddur alla umr. hér í kvöld, eins og ég hefði óskað eftir.

Á þskj. 362 hef ég flutt tvær brtt. ásamt tveim öðrum hv. þm. Sú fyrri er um byggingarstyrk til bókasafnsins á Ísafirði. Í Ísafjarðarkaupstað er nú reyndar mjög myndarlegt bókasafn. Alþ. leit með velvilja til þessarar byggingar með því að veita nokkurn styrk til hennar í s.l. fjárl. eða 20 þús. kr. Nú verður þessi bygging í senn bæði stór lestrarsalur og mjög veglegt bókasafn og kostar mikið fé. Við höfum þess vegna leyft okkur að leggja til, að Alþ. veiti til þessarar byggingar 20 þús. kr., en til vara 15 þús. kr., og væntum, að sú till. nái samþykki hæstv. Alþ. og sérstaklega með tilliti til þess, að samþ. var till. fyrir bókasafnsbyggingu í Stykkishólmi, samtals 10 þús. kr., við 2. umr. Ætlazt er til, að bókasafnið á Ísafirði verði, ef tekst að koma því í það horf, sem bæjarstj. á Ísafirði ætlast til, — gert að eins konar sögufræðilegu bókasafni fyrir Vesturland, og hefur jafnvel komið til orða að nefna það bókasafn Jóns Sigurðssonar.

Aðra till. flytjum við sömu þm. á þskj. 362, XLIII. Sú till. er fram komin og flutt eftir beiðni bæjarstj. á Ísafirði. Bæjarstj. á Ísafirði hefur ætlað sér að leggja í allstórt atvinnufyrirtæki, og er þar sérstaklega fyrirhugað að reisa fyrirmyndar iðnaðarfyrirtæki til vinnslu sjávarafurða, og ætlazt er til, að þetta fyrirtæki verði

allt í senn, hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðja, lýsisbræðsla og fiskúrgangsverksmiðja. Þetta fyrirtæki hefur verið undirbúið af dr. Þórði Þorbjarnarsyni og fleiri áhugamönnum og nýbyggingarráð hefur mælt með því, að þetta fyrirtæki verði reist í því formi, sem Þórður Þorbjarnarson hefur lagt til. Ætlazt er til, að þetta fyrirtæki verði hlutafélag, og hefur verið leitað til manna á Ísafirði um hlutafjárframlög, en auðséð er, að jafnvel þó að fram gangi þær till. um breyt. á fiskveiðasjóði, sem hér liggja fyrir, verður fyrirtækinu varla komið á fót, nema ábyrgð fáist fyrir einhverjum hluta framlagsins. Það er svo um Ísafjörð, eins og aðra staði úti á landi, að smáútgerðin þar hefur svona rétt lifað af stríðsárin, en ekki safnað neinum stríðsgróða svo að teljandi sé. Verzlun hefur ekki heldur verið þar til að safna stríðsgróða, vegna þess að á stríðsárunum hefur öll heildsöluverzlun dregizt hingað til Reykjavíkur. Það er þess vegna auðséð, að ef á að framkvæma þann lið í málefnasamningi núv. stj. að staðsetja ýmis fiskiðnaðarfyrirtæki á þeim stöðum, þar sem helzt er verkefni fyrir þau og þörf fyrir þau, til þess að fólkið flytji ekki allt til Reykjavíkur, verður ríkið að gera eitthvað meira en að afgr. þær breyt. á lánveitingum úr fiskveiðasjóði, sem fyrir liggur. — Þá hefur Ísafjarðarbær einnig haft í huga að fá tvo af þeim togurum, sem stj. er nú að láta byggja, og gildir það sama um framlagið þar, að þó að fullur vilji sé fyrir hendi hjá bæjarbúum og bæjarfélaginu, mun það fé, sem nú er handbært í bænum, hrökkva skammt til þess framlags, sem þarf, til þess að ná inn fyrirhuguðum togurum í bæinn. — Enn hefur Ísafjarðarbær lagt út í að byggja á þessu ári þrjár menningarstofnanir. Er það fyrst og fremst íþróttahöll og sundlaug, sem er byggð að talsvert miklu leyti vegna framlaga og samskota frá einstökum mönnum svo og með styrk frá ríkissjóði, gegnum íþróttasjóð, og styrk frá bæjarsjóði. Þá hefur Gagnfræðaskóli Ísafjarðar sprengt utan af sér húsnæði, sem byggt var í byrjun stríðsins. Enn fremur hefur Ísafjörður reist húsmæðraskóla, en húsmæðraskóli hefur verið starfandi á Ísafirði nú um 25 ára skeið og er í algerlega ofsetnu húsnæði. Þessi húsmæðraskóli hefur notið almennrar viðurkenningar, og í hann hafa sótt nemendur mjög víðs vegar að af landinu. Nú er það svo, að Ísafjarðarbær borgaði upp sínar skuldir á s. l. ári og þar á meðal ýmsar skuldir hjá veðdeild Landsbankans, þannig að við s. l. áramót var bæjarfélagið skuldlaust að öðru leyti en því, að bæjarfélagið hafði byggt rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, en það fyrirtæki stendur undir skuldum og er rekið alveg óháð bæjarfélaginu, þó að bærinn beri að vísu ábyrgð á því verki. En þegar svo átti til að taka að fá lán hjá bönkunum aftur til þeirra stórfelldu fyrirtækja, sem Ísafjörður nú hefur með höndum, þá bregður svo við, að annað bankaútibúið á Ísafirði lánar honum 500 þús. kr. sem bráðabirgðalán upp á væntanlegan ríkisstyrk til þeirra skóla, sem verið er að byggja. Hitt útibúið hefur svo gefið kost á að lána eitthvað svipað, þó með þeim afarkjörum, að það fái fyrst og fremst þær greiðslur, sem koma úr ríkissjóði, en hitt útibúið verði látið sitja á hakanum. En til þeirra framkvæmda, sem bærinn ætlar sjálfur að kosta, er ekki viðlit að fá lán í bönkunum. Það virðist þess vegna hafa orðið árangurinn af því, að Ísafjarðarbær borgaði upp sínar skuldir, að bæjarfélagið hafi misst allt lánstraust hjá bönkunum. Ég sé ekki ástæðu til að gera það frekar að umtalsefni á þessu stigi, en okkur flm. þessarar till. þótti rétt að láta hana koma fram nú við þessa umr. fjárl. vegna þess, að það er alveg sýnt, að ríkið verður að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir, fyrst og fremst til þess að nýbyggingarframkvæmdir komi að gagni fyrir bæjarfélög úti á landi, og í öðru lagi þarf að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir gagnvart bönkunum, til þess að þeir sinni lánsbeiðnum bæjar- og sveitarfélaga, sem hingað til hafa verið einhverjir þeirra beztu viðskiptavinir og engin dæmi eru til, að bankarnir hafi tapað einum einasta eyri á.

Ég læt svo útrætt um þessar till. Ég vænti þess, að þær verði teknar til velviljaðrar athugunar af hæstv. Alþ.

Jónas Jónsson: Ég á eina brtt. við þessa umr., og hún viðkemur Snorra Sturlusyni. Það er lagt til, að stj. verði gefin heimild til að verja allt að 60 þús. kr. til þess, í samráði við þjóðvinafélagið og menntamálaráð, að gefa út almenna útgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar, þannig að hún komi á næsta ári inn á 13000 heimili í landinu, þar, sem þessi bók er ekki til. Rökstuðningurinn fyrir þessu er sá, að aðalbækur Snorra hafa aldrei verið gefnar út á Íslandi fyrr en í fyrra. Þá var þessi bók svo dýr, 200—300 kr., að fólkið gat ekki keypt hana. En það getur ekki verið samræmi í því, að þjóðin miklist af því að eiga Snorra Sturluson, en þessi fræga bók hans sé ekki til á heimilum fólksins í landinu. Nú mundi það vera þýðingarlaust, þó að þessi bók væri gefin út, ef hún kostaði t. d. 100 kr., hún yrði ekki keypt samt af almenningi. Þar sem nú Norðmenn frændur okkar ætla að sýna Snorra þann sóma að reisa honum veglegt minnismerki í Reykholti á næsta sumri, væri leiðinlegt, ef það vitnaðist um leið, að Snorra eigin þjóð hefði ekki hirt meira um hans verk en svo, að þau væru ekki til nema hjá fáum útvöldum mönnum í landinu. Að vísu er ekki alveg rétt að bera þetta fram sem hreina fjárveitingu, vegna þess að þetta yrði að vera samningamál milli ríkisstj. og þess útgáfufyrirtækis, sem sæi um útgáfu verksins, því að sannleikurinn er sá, að ég geri ráð fyrir, að menntamálaráð gæti gefið út bókina með því að kosta ¼ af henni. Nú er verið að gefa út Egilssögu, og kostnaðurinn er 40 þús. kr. Heimskringla er það miklu stærri, að gera má ráð fyrir, að hún kosti 100 þús. kr. Þess vegna fannst mér það liggja opið fyrir að sjá, hvort þingið vildi ekki líta á þetta svipuðum augum og ég hef gert. Ef þingið eða stj. hefði ekki áhuga á þessu, þá félli þetta niður. En það er ein ástæða til þess að veita þessu eftirtekt nú, og hún er sú, að Norðmenn hafa, eins og menn vita, verið frekir í því að innlima allt, sem hægt var, viðvíkjandi fornum fræðum til sín. Þeir hafa lagt mikla stund á að

ná Leifi Eiríkssyni í sína eigu, og um það urðu miklar deilur á sínum tíma. En því máli lauk þannig, að landar okkar vestan hafs sigruðu Norðmenn í þessari deilu 1930, þegar þeir fengu Bandaríkjastjórn til að gefa Leifsstyttuna hingað. Þá var því slegið föstu, að Leifur hefði verið Íslendingur, en ekki Norðmaður. Svo hafa fræðimenn átt í harðri deilu við Norðmenn út af Snorra Sturlusyni, og sú deila var lengi tvísýn, og Norðmenn reyndu að halda fram, að hann hefði verið norskur rithöfundur. Nú hefur þetta breytzt þannig, að með þessari gjöf hingað viðurkenna Norðmenn, að við eigum Snorra. En það væri fráleitt, ef það vitnaðist, að við, sem höfum miklazt af að eiga Snorra og höfum sigrað í þessu kapphlaupi, ættum ekki til, að vissu leyti, þessa merku bók Snorra. Ég hef spurt ýmsa þekkta fræðimenn við háskólann og helztu ritstjóra í bænum, hvenær þeir hafi fyrst lesið Heimskringlu. Kom þá í ljós, að flestir höfðu ekki lesið Heimskringlu fyrr en þeir voru fullorðnir menn og þá helzt norsku útgáfuna. En nú er þetta ekki aðeins metnaðarmál, heldur hitt, að Heimskringla er óefað sú bók, sem æskilegast er, að hefði áhrif á meðferð málsins bæði í ræðu og í stíl. Það er vitað um einn af þeim mönnum núlifandi, sem skrifar einna bezt íslenzkt mál, dr. Helga Pétursson, að hann skrifaði ekki betri íslenzku en hver annar, þegar hann var orðinn kandidat, en svo lagði hann stund á það með því að kynna sér rit Snorra og fleiri merkra rithöfunda og bætti sinn stíl og mál þannig, að það er ekki um deilt, að hann fari þannig með íslenzkt mál nú, að mjög beri af. Ég nefni þetta sem dæmi.

Þetta eru nokkur útgjöld, en þau eru nú mikil hvort sem er. En ég fullyrði, að nú, þegar svo mikið er talað um menntun, þá eigi ekki annað mál meiri rétt á sér en þetta. Það er stórkostlegur þáttur í uppeldi, að unglingarnir eigi aðgang að úrvalsrithöfundum þjóðarinnar, enda mun það svo, að þeir, sem bezt skrifa íslenzku, læra það sem börn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég talaði fyrir sumum brtt. mínum við 2. umr., en þá voru fáir viðstaddir. Núna eru nokkru fleiri.

Fyrsta brtt. mín á þskj. 362 er í tveimur liðum. Undanfarin ár hefur verið lögð áherzla á að koma Norður- og Austurlandi í samband hvoru við annað, og til Brekknaheiðarvegar hafa oftast verið lagðar 100 þús. kr. og í fyrra var unnið fram yfir ca. 40 þús. og því þá unnið fyrir ca. 140 þús. Núna er veitingin 100 þús., en dregið frá það, sem unnið var fram yfir í fyrra, svo að hún verður ekki nema 60 þús. Ef þessi veiting væri nú ákveðin 100 þús. kr., væri von til að klára þennan veg á næstu þrem árum. Yfir þessa heiði sækja allir Bakkfirðingar lækni og nokkur hluti íbúa Skeggjastaðahrepps alla sína verzlun. Það er því mjög nauðsynlegt, að þessi vegagerð gangi sem fljótast og verði framkvæmd á sem stytztum tíma. Ég legg áherzlu á, að þessi veiting verði hækkuð. Ef hins vegar væri lofað stærri veitingu næsta ár, t. d. 300 þús. kr., þá gæti ég fremur sætt mig við þetta, enda væri þess þá að vænta, að stærri verkfæri yrðu notuð, svo að meira fengist fyrir féð en þegar allt er gert með skóflum og mannafli.

Þá fer ég fram á, að veitt verði til Jökulsárhlíðarvegar kr. 5000. Þessi veiting á að nægja til þess, að koma veginum niður á árbakka undan Fögruhlíð, en úr því má aka bíl eftir árbökkum ca. 30 km., eða á sveitarenda, og er þá öll sveitin komin í vegasamband. Það er hart, ef Alþ. sér sér ekki fært að leggja þetta fram og gera með því bílfært um alla sveitina.

Ég er meðflm. að brtt. XI á sama þskj. Þegar vegamálastjóri gerði till. um brýr, sem byggja þyrfti á næsta ári, bætti hann við þremur brúm, sem taka skyldi í viðbót, ef fjvn. sæi sér fært. Nú eru vitanlega margar fleiri ár óbrúaðar í Norður-Múlasýslu en Jökulsá í Fljótsdal, en flestir munu sammála um, að mest þörf sé þessarar brúar af öllum. Það má benda á margar ár á landinu og færa gild rök fyrir, að þörf sé að brúa þær, en ég hygg, að ekki verði unnt að benda á neina á, sem hægt er að færa gildari rök fyrir, að þörf sé að brúa, en Jökulsá í Fljótsdal. Hún klýfur heila sveit og er venjulegast ekki reið nema að sundleggja hestum, og yfir hana þarf að ferja fé haust og vor, en einatt verður ekki farið yfir hana, og þarf þá að fara í kringum Löginn. Auk þess mundi þessi brú hafa mikla þýðingu fyrir ferðamenn, sem vilja skoða hinar fögru sveitir kringum Löginn. Það virðist ekki fráleitt, eins og fjárlögin eru nú úr garði gerð, að bæta mætti við þessari ½ milljón. En verði þessi till. felld, þá flyt ég undir lið XL brtt. við 22. gr., en hún fjallar um að heimila ríkisstj. að láta byggja brú yfir Jökulsá í Fljótsdal, ef efni og vinna fæst til brúarbyggingarinnar annars staðar frá í bili en úr ríkissjóði. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort ráðizt verður í þessa byggingu. Það fer allt eftir, hversu ríflegur verður innflutningur á sementi og timbri og svo hvernig gengur að fá slíkt lán, sem um ræðir, en þó vænti ég að það takist, ef ekki strandar á öðru. Það má vera, að þessi varatill. flýti ekkert framgangi þessa máls, en ég vænti þó, að hún verði í öllu falli samþ. Vil ég í því sambandi vitna til orða hæstv. samgmrh., þar sem hann sagði áðan, að hann hefði ekki á móti því, að unnið væri upp í væntanlegar fjárveitingar síðar, ef einstaklingarnir, sem hlut ættu að máli, vildu leggja féð fram í bili.

Þá vil ég geta þess í sambandi við ummæli hæstv. dómsmrh., en hann er nú víst farinn út, — þegar hann sagði, að Ísafjarðarkaupstað vantaði lánstraust hjá bönkunum og færi þess vegna fram á ábyrgð ríkissjóðs fyrir 3 millj. kr. láni. En hve mörg bæjar- og sveitarfélög eru það ekki, sem vantar lánstraust. Ég get ekki áttað mig á því, hvernig það má ske, að Alþ. eigi að vera ábekingur fyrir Ísafjarðarkaupstað, en ekki önnur bæjar- eða sveitarfélög, sem líkt stendur á með.

Viðvíkjandi styrknum til húsameistara ríkisins vil ég segja það, að mér finnst undarlegt, að þegar nýbúið er að dæma það, að honum beri ekki réttur til einkaleyfis á múrhúðun, þá skuli Alþ. koma og vilja veita honum styrk. Ég vil

láta það koma fram, að ég er á móti slíkum aðförum.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vildi leiðrétta það, sem hv. þm. N.-M. hafði eftir mér, að ég legði ekki á móti því, að lagt væri fram fé til vegagerða, ef vinna og fé fengist, þangað til Alþ. samþ. veitingu. Hv. þm. virðist vilja draga almenna ályktun af því, sem ég sagði um einstakt tilfelli, og fær það vitanlega ekki staðizt. Það er allt annað, hvað gert er til að ljúka við verk, eða hvort hefja á ný verk með þeim hætti. — Þá minntist sami hv. þm. á veitingu til Guðjóns Samúelssonar. Ég vil lýsa því mér á hendur, enda er ég sannfærður um, að hann á þessa viðurkenningu skilið. Það var einungis formgalli, sem orsakaði, að hann fékk ekki einkaleyfi, og á þeim forsendum byggðist dómur Hæstaréttar. En hitt er kunnugt, að húsameistari ríkisins notaði fyrstur þessa aðferð í praxis.

Annars kvaddi ég mér ekki hljóðs til að svara hv. 2. þm. N.-M., heldur var það viðvíkjandi brtt. fjvn. um að þurrka út fjárveitingu til skipaskoðunar. Vil ég í því sambandi vitna til bréfs frá skipaskoðunarstjóra, sem ég hef meðtekið, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ákvörðunar meiri hl. fjvn. Alþ. um það, að skoðunargjöld af skipum eigi að bera uppi allan kostnað við skipaeftirlitið, skal ég gera nokkra grein fyrir, hverjar líkur eru til þess. Ef öll skip á landinu væru skoðuð á sama ári, sem aldrei kemur fyrir, þá mundu skoðunargjöldin nema um kr. 24350 í grunngjald. Af þessari upphæð eru líklega um kr. 6000, sem áætla má, að kæmu í ríkissjóð fyrir skoðun, sem framkvæmd væri af launuðum skipaskoðunarmönnum. Annað rennur til ólaunaðra skipaskoðunarmanna.

Þá er það hleðslumerkjaeftirlitið. Það er kr. 15 á skip í grunnlaun, við það bætist verðlagsuppbót, en þetta starf er þannig, að það fer venjulega fram á kvöldin eða á nóttunni og hverfur í þeim tilfellum til þeirra, sem framkvæma það.

Skoðunargjald af	12	rúmlesta	bát	er	kr.	15
——	— 30	—	—	—	—	30
——	— 50	—	—	—	—	45
——	— 100	—	—	—	—	85
——	— 200	—	—	—	—	160
——	— 300	—	—	—	—	210
——	— 400	—	—	—	—	280
——	— 500	—	—	—	—	350

Sé skipið klassað, er gjaldið helmingi lægra. Gjald fyrir skoðun á togara, sem er 315 rúmlestir, er kr. 110,25. Hleðslueftirlit miðað við 8 utanlandsferðir á kr. 15 er samtals kr. 120. Ef bætt er við verðlagsuppbót og miðað við vísitölu 284 á kr. 110.25 og kr. 120, verður þetta samtals á ári kr. 651.91.

Sé hleðslueftirlitið framkvæmt að kvöldi eða nóttu til, verður það hærra, en þá verður að greiða yfir- eða næturvinnu, ef ekki er um fastan vörð allan sólarhringinn að ræða, t. d. eins og hjá tollurunum, og væri hugsanlegt, að hægt væri að fela þeim hleðslueftirlitið, því að þeir afgreiða skipin til brottferða, og ætti þá allt gjaldið að geta óskert runnið í ríkissj., en um leið og það væri gert, verður að afnema eftirlit með öryggisútbúnaðinum í hverri ferð, og ætti það nú að vera óhætt, þar sem ýmsum öryggisráðstöfunum vegna stríðsins mun verða aflétt. Heildarútkoman mundi því verða með þeim skoðunargjöldum, sem nú eru greidd, þessi:

Fyrir innkomin skoðunargjöld um kr. 6000
Fyrir 200 hleðsluskoðanir á 15 kr. kr. 3000

Samtals kr. 9000

Hér við bætist svo verðlagsuppbótin, sem nú er 284, og reiknað með því yrðu tekjurnar alls 25560 kr. Það er því bersýnilegt, að ef hækka á skipaskoðunargjöldin svo, að tekjur til ríkissjóðs yrðu 118000 kr., þyrfti að hækka þau allt að því fimmfalt. Þess utan mun ég gera kröfu til aukinnar aðstoðar við skipaeftirlitið. Það er, að fá fullkominn skipasmíðameistara, og yrði þá að hækka gjöldin enn þá um þá upphæð, sem laun hans mundu verða. Allt þetta yrði svo gífurleg hækkun, að hvergi í heimi mundu finnast neitt svipuð skipaskoðunargjöld. Ég vona, að hér finnist einhver millivegur, til dæmis sá, að hækka öll skoðunargjöld það mikið, að þau stæðu undir öllum kostnaði við skipaeftirlitið, öðrum en launum þeirra manna, sem fastlaunaðir eru við skipaeftirlitið."

Það er kunnugt, að uppi eru kröfur um, að auka þurfi skipaeftirlitið, og hafa komið fram ákveðnar kvartanir þar um. Ég teldi rétt, að samið yrði við tollaeftirlitið um þetta mál, að tollverðir geti sinnt þessu, þegar ekki er um annað að ræða. En ég tel fjarstæðu að draga nokkuð úr þeirri fjárveitingu, sem nú er í fjárl. til þessa.

Ég get svo látið máli mínu lokið að mestu, en þar sem óvíst er, að ég geti mætt á fundi í kvöld, vil ég minnast hér á fáein atriði. — Það er þá fyrst till. um að veita fráfarandi dómprófasti eftirlaun. Það hefur láðst að gera ráðstafanir til þessa, og hef ég leyft mér að taka upp sérstaka till. þess efnis. — Sömuleiðis er hér önnur brtt., sem hv. fjvn. tók ekki upp. Það er till. um landmælingar, sem er flutt eftir till. vegamálastjóra, og er nauðsyn að gera leiðréttingu í þessu, áður en ný kort verða gefin út. Það var óskað eftir, að fjárveitingin yrði hækkuð upp í 150 þús. kr. og þá gert ráð fyrir, að tveir vinnuflokkar yrðu hafðir úti, en nú er þetta lækkað ofan í 75 þús. kr. og þá gert ráð fyrir aðeins einum vinnuflokki. Vænti ég, að hv. alþm. geti fallizt á þessa till. — Þá er og hér lagt til, að 4. og 7. brtt. verði felldar niður. Um fyrri brtt. er það að segja, að mér er kunnugt um, að þetta starf er unnið utan venjulegs vinnutíma, og þyrfti því að fá annan mann til að gegna því. En sá, sem nú hefur þetta starf, hefur gegnt því vel, og finnst mér ekki miklu skipta um þessar 2000 kr. Um skýrslugerð dómkirkjuprests vil ég segja það, að þetta er mikil skýrslugerð og því ekki sanngjarnt, að þessi liður verði felldur niður.

Að síðustu vil ég, viðvíkjandi ummælum mínum við 2. umr. um lán til hafnargerða og skiptingu hafnarbótasjóðs, segja það, að ef ekki fæst önnur lausn á þessu en sú, er kemur fram

í till. fjvn., þá tel ég mig eigi bundinn við ummæli mín við 2. umr.

Sigurður Bjarnason: Enda þótt nú sé fámennt, vil ég freista að gera grein fyrir einni till., sem ég er meðflm. að. Till. er á þskj. 362 og er 37. töluliður og þess efnis, að ríkissjóður greiði Jörundi Geststsyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, allt að 5 þús. kr. styrk til þess að koma upp hjá sér verkstæði, sem annazt geti viðgerðir og smíði smærri báta. Jörundur hefur um langt skeið stundað smíðar og viðgerðir í byggðarlagi sínu. Hann er kunnur hagleiksmaður og jafnvígur bæði á tré og járn. Nú hefur Jörundur farið fram á, að nýbyggingarráð styddi sig við að koma upp verkstæði eins og hér um ræðir, en það hefur talið eðlilegt, að slíkur stuðningur kæmi beint frá hinu opinbera. Mín skoðun er sú, að það sé bæði eðlilegt og sjálfsagt að greiða fyrir þessum hagleiksmanni að koma upp slíku verkstæði. Það er ekki einungis í þágu hans, heldur er líka þörf fyrir slíkt verkstæði. Mönnum hefur áður verið veittur styrkur til slíkra framkvæmda, og vænti ég, að þm. taki þessari till. vel. Læt ég því útrætt um þetta mál.

Ég sé ekki ástæðu til að mæla með öðrum brtt., sem ég er meðflm. að, þar sem ég mælti svo rækilega með þeim við 2. umr., og tel ekki þörf að endurtaka það. Aðeins vil ég geta þess, að till. um björgunarskútu fyrir Vestfirði er flutt í samráði við dómsmrh., og ég vonast fastlega eftir, að hún verði samþ. Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Jörundur Brynjólfsson: Ég á tvær brtt. á þskj. 362 ásamt hv. þm. V.-Sk., og er önnur þeirra varatill. við þá fyrri, ef hún verður ekki samþ. Þessi till. er undir tölulið VIII á þskj. 362. Hún fer fram á, að veittar verði á fjárl. 1946 3700000 kr. til vegagerðar á Suðurlandsbraut, og er gert ráð fyrir, að þetta verði fyrsta greiðsla af sex. Mundi verða byrjað á þeim vegi nálægt Lækjarbotnum eða eftir till. mþn., sem haft hefur þessi mál til athugunar og lagt til, að gerður verði nýr vegur frá Lækjarbotnum austur í Ölfus. Ég ætla ekki að fara út í það mál, hversu gagnlegt það er að breyta veginum austur. Það er vafalaust rétt, að hann verður snjóléttari þessa leið en austur yfir Hellisheiði. Hæðarmunur er mikill og snjóalög þar af leiðandi minni. Hitt er annað mál, að ef snjóalög eru mikil, má búast við, að þessi leið sé hvergi nærri örugg. Og vegna þess er líka nauðsynlegt að flýta Krýsuvíkurveginum, svo að unnt verði að fara þann veg, þegar aðrar leiðir lokast. Það eru sjálfsagt deildar meiningar um það, hversu heppilegt er að leggja veg stytztu leið austur, og um engjar í Ölfusi. Mér er kunnugt um, að þar er nokkuð mjúkt undir fótum, og víst, að nauðsynlegt er að gera veginn þar allháan, og má búast við, að erfitt verði að gera hann þannig, að ekki verði torvelt að ferðast um hann, þegar flug er í vötnum og Ölfusá teppist af jakaburði. Ég treysti mér ekki að dæma um slíkt, það verða færari menn að gera. En hvað sem því líður, er aðalatriðið að fá bættan veg austur yfir fjall. Þessi fyrirhugaða leið mun vera sú stytzta. Hún verður farin, þegar mögulegt er, og munar það miklu með vegalengdina, þegar athugað er, hvaða óhemju magn það er, sem flytja þarf eftir þessari leið. — Ég geri ráð fyrir, að það þyki mikið í ráðizt að hefjast handa nú eftir því útliti, sem er á fjárl. Þetta er alveg rétt, en nauðsyn þessa máls er mikil og þetta er hagsmunamál nærri helmings allrar þjóðarinnar. Það liggur nú fyrir Ed. frv., sem ræðir þetta mál, en aðalefni þessarar till. er heimild fyrir lántöku til vegarins. Má vera, að mönnum þyki það ekki mikið í ráðizt að taka 20 millj. kr. lán. En ég tel ekki rétt að taka svo mikið lán vegna framtíðarinnar. Menn geta ekki búizt við, að þeir veltutímar, sem nú eru, verði endalaust. Ef ekki er ráðlegt að verja fé af tekjum til þessa mannvirkis, þá verður meira en lítill vafi, hvort stofna skal til slíkrar lántöku.

Ég drap á, að við flm. hefðum borið fram varatill. á þessu sama þskj. undir lið XXXVIII. Þar er um að ræða, að heimilt sé að verja þessari upphæð, ef reksturinn reynist verða svo hagkvæmur. Ég vil mælast til, ef menn skortir áræði til þess að samþ. aðaltill., að þá samþ. þeir varatill. Þá verður ríkisstj. látin ráða, hvað gert verður.

Ég fjölyrði svo ekki meir um þetta, og vil ekki gera fjárl. frekar að umræðuefni eða einstakar brtt. Ég á eina till., sem er ekki komin úr prentun, og vona, að forseti taki það ekki illa upp, þó að ég drepi á hana örlítið. Þessi till. fer fram á, að ríkisstj. sé heimilað að veita fé úr ríkissjóði til þess að steypa í málm mynd af Hirti Snorrasyni. Það var veitt fé til að gera þessa mynd, en vantar að koma henni fyrir á Hvanneyri, þar sem henni er ætlaður staður. Ég vænti, að þm. samþykki þessa till., svo að Alþ. skilji við þetta mál með fullri sæmd.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. Ég vil þakka fjvn. fyrir að hafa tekið í fjárl. 12 þús. kr. til útgáfu á orðabók Guðbrands Vigfússonar. Hitt þykir mér miður, að n. hefur ekki séð sér fært að taka í fjárl. styrk til ekkju Sigurðar heitins Thorlaciusar.

Ég flyt ásamt hv. 1. þm. N.-M. (PHerm) og hv. 1. þm. Reykv. (MJ) till. um að verja 50 þús. kr. til kaupa á listaverki eftir Sigurjón Ólafsson. Enda þótt ég viti, að þm. er Sigurjón Ólafsson kunnur, vil ég segja ofurlítið frá honum. Sigurjón Ólafsson hefur dvalið erlendis síðan 1928, en þá fór hann út, 19 ára að aldri. Námsárin kom hann heim til að vinna, dvaldi eitt ár í Róm, annars í Danmörku og gat sér góðan orðstír. Kennarar hans sáu hæfileikana, sem hann bjó yfir, og strax eftir 3 ára nám fékk hann heiðurspening úr gulli og 1000 kr. styrk. Hann hefur oft fengið verðlaun síðan og meðal annars fyrir minnisvarða um H. C. Andersen. Hann hefur unnið með Frank að skreytingu Kaupmannahafnar. Auk þess hefur hann hlotið ágæta dóma hjá dönskum listdómurum og meðal annars verið sagt, að Íslendingar gætu verið hreyknir af að eiga slíkan listamann, engu síður en Bertel Thorvaldsen. Nú er þessi listamaður kominn heim, og verður að búa um sig í bragga inni í Kleppsholti. Það, sem hér er farið fram á,

er, að keypt sé af Sigurjóni Ólafssyni listaverk, sem hann nefnir fiskstöflun, og hefur það verk fengið sérstaklega góða dóma. Honum er sérstakt áhugamál, að þetta verk komist til Íslands. Verkið er stórt og kostnaðarsamt að flytja það og koma því vel fyrir. Þetta er lágmynd um 12 fermetrar og ætluð til að steypast í byggingu. Þetta verk var 8 mánaða vinna fyrir listamanninn og efni í myndina kostaði um 2 þús. kr. Þegar þessi mynd var sýnd 1935, fékk hún svo góða dóma, að Sveinn Björnsson, þá sendiherra í Kaupmannahöfn, skrifaði blöðum hér heima og bað þau að tilfæra blaðaummælin og segir síðan: „Þannig rita beztu listdómarar um íslenzka verkamannssoninn.“ Eftir þessa sýningu var gerð tilraun til að fá myndina heim, en þó að listamaðurinn byðist til þess að gefa verkið, var kostnaðurinn það mikill, að það mál strandaði. Þetta verk liggur úti í Kaupmannahöfn og er geymt í mörgum hlutum uppi á lofti hjá kunningja Sigurjóns. Ég hef heyrt á Sigurjóni síðan hann kom heim, að honum er mikið áhugamál, að mynd þessi verði flutt heim og steypt í varanlegt efni. Þess vegna kom ég fram með þessa till. Ég veit, að þessi till. bætir lítið úr skilyrðum þessa listamanns til að geta unnið hér heima. En eins og kunnugt er, eru myndhöggvurum allar bjargir bannaðar hér, ef hið opinbera sér þeim ekki fyrir verkefnum eða greiðir götu þeirra á annan hátt, því að einstaklingar kaupa ekki verk þeirra. Einar Jónsson hefði ekki skapað sín verk, ef ríkið hefði ekki veitt honum fjárstuðning. Aftur á móti er það hróplegt dæmi, hvernig búið hefur verið að Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara. Hann hefur á síðustu árum engin vinnuskilyrði haft og orðið sjálfur að byggja yfir sig og átt við mikla fátækt að búa. Það væri leitt til þess að hugsa, ef eins ætti að búa að Sigurjóni Ólafssyni. Þessi till. tryggir að vísu lítið fjárhag þessa listamanns, en hún er honum þó örvun, eftir að hann er fluttur hingað heim og tekinn til starfa hér. Vænti ég svo, að hæstv. Alþ. taki þessari till. vel og samþ. hana.

Ég er meðflm. að fleiri brtt., en sé ekki ástæðu til að ræða þær, þar sem fyrstu flm. munu mæla fyrir þeim.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 363, sem ég flutti við 2. umr., og skal ég ekki mikið fjölyrða um þær, því að ég talaði fyrir þeim þá. En tvær þessar brtt. eru nýjar. Önnur er um stofnun mjólkurbús á Blönduósi, og ræddi ég hana nokkuð við 2. umr. Eins og ég gat um þá, sendi ég fjvn. beiðni um að taka upp í fjárlfrv. tilskilda upphæð til þeirrar stofnunar. Jafnframt sendi ég hv. n. bréf frá form. búnaðarráðs og nýbyggingarráði, þar sem þessir aðilar styðja þetta mál eindregið. N. hefur daufheyrzt við þessu, en hefur tekið upp 50 þús. kr. fjárveitingu til þessa, sem mun vera 1/12 hluti stofnkostnaðar, svo að það er gersamlega ófullnægjandi. Ég uni ekki þeirri till., þótt n. hafi þótzt gera vel með því að taka þetta upp. Ég vil leyfa mér að leggja til, að ríkisstj. sé gefin heimild til að borga til þessarar stofnunar ¼ kostnaðar og ábyrgjast að helmingi lántöku Sláturfélags A.-Húnv. Ábyrgð þessa láns mun vera áhættulaus, vegna þess að þarna er um félag að ræða, sem nær yfir allt héraðið, og væntanlega ekki um áhættu að ræða. Ég flyt þessa beiðni vegna þess, að auðvelda þarf lánsútvegun og einnig fengjust væntanlega lægri vextir en ella. Hv. frsm. sagði í 2. framsöguræðu sinni, að ¼ kostnaðar væri lögbundinn. Það er rétt, það er lögbundið á svipaðan hátt og ríkissjóði er gert að skyldu að kosta þjóðvegi og brýr og hafnir að ⅖ og ½ leyti og þar fram eftir götunum. En við vitum, hvernig það gengur að fá það mikið eða ríflegra á fjárl. til þeirra hluta. Þar ræður eðlilega fyrst og fremst fjárhagsgetan á hverjum tíma.

Önnur till. er undir XII. lið á þskj. 363. Það eru lántökuheimildir, sem ræddar eru í þessum lið. Lagt er til, að aftan við 22. gr. XVII. bætist: þar af til Skagastrandarhafnar 200 þús. kr. og til Vestmannaeyjahafnar 100 þús. kr. samkv. till. meðflm. míns, hv. þm. Vestm. Það hefur verið upplýst við 2. umr., að fjvn. hefði gert till. í þá átt, að tekin skyldu lán til þess að greiða fyrir hafnarbótum, og hún flytji jafnframt till. í nál. um, hvernig þessu fé skuli skipt. Þetta eru till., sem ég fyrir mitt leyti get ekki sætt mig við og finnst því eðlilegt, að komi undir atkvæði hér á Alþ., hvernig skuli með þetta fé farið. Það eru alveg ný vinnubrögð, að n. hér í þ. taki að sér að skipta fé því, sem verja skal til hafnarbóta, án þess að það sé borið undir samþykki Alþ. Og ég tel, að ríkisstj. sé ekki bundin slíkum till., sem ekki hafa náð samþ. Alþ. Hæstv. samgmrh. lýsti hér yfir í dag, að ef ákveðnar till. yrðu samþ. varðandi skiptingu fjárins, þá teldi hann sig ekki bundinn af till. þeim, sem fram komu í nál. fjvn.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en vil geta þess í sambandi við þetta mál, að samkv. skýrslum frá vitamálaskrifstofunni, sem ég hef fengið, vantar 450 þús. kr., til þess að fullnægt sé ákvæðum um ríkisstyrk til Skagastrandarhafnar, miðað við það, sem búið er að gera og áformað er að vinna á næsta ári. Samkv. fjárlfrv., eins og það er, er ákveðið 200 þús. kr. framlag. Og þar sem ég fer nú fram á 200 þús. til viðbótar, er það vissulega ekki frekt í farið, a. m. k. ekki þegar miðað er við ýmislegt af till., sem fram hafa komið hjá fjvn. og ætlazt er til, að teknar séu til greina án þess að samþykki Alþ. komi til.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég vil byrja að þakka fjvn. fyrir, að hún hefur tekið upp í sínar till. till., sem ég bar fram við 2. umr. um fjárl. um heimild fyrir ríkisstj. að verja fé til fyrirhleðslu vegna landbrots af völdum Hafursár í Mýrdal. Þótt þessi upphæð hafi verið lækkuð nokkuð, úr 60 þús. í 50 þús., sem ég tel ekki líkt því fullnægjandi, þá vil ég hlíta þeim niðurskurði, þar sem n. leggur til, að 50 þús. skuli greiðast í þessu skyni, en það má heita endurnýjun á heimild, sem staðið hefur í fjárl. s. l. ár, en í þeim hefur staðið 45 þús. kr. heimild. Hér er því aðeins um 5000 kr. nýja heimild að ræða samkv. till. n. — Hins vegar harma ég það, að hv. fjvn. skuli ekki hafa talið

sér fært að taka upp fleiri till., sem ég flutti við 2. umr. um fjárl., einkanlega þó þær till., sem snerta vegagerð í Vestur-Skaftafellssýslu, en þá flutti ég brtt. við fjárl. um tvo nýja vegi, Landbrotsveg, og skyldi framlag til hans hækka um 20 þús., eða upp í 50 þús., og Mýrdalssandsveg, og skyldi framlag til hans hækka einnig um 20 þús., eða upp í 40 þús. kr. Ég hygg, að fjvn. hefði vel getað staðið sig við að taka upp þessa lítilfjörlegu hækkun, sem ég hef farið fram á, og ég fullyrði, að þótt hún hefði gert það, þá hefði Vestur-Skaftafellssýsla samt orðið mjög útundan, samanborið við mörg héruð landsins, um fé til vegagerða í þessum fjárl. Ég hygg, að það sé hægt að segja, þegar maður lítur á það, að jafnvel enginn þm. hefur farið jafnvægt í sakirnar með að fá leiðréttingu í þessu efni. Ég skýrði frá því við 2. umr. fjárl., hversu ástatt væri með þessa hækkun, og hirði ég ekki um að endurtaka það. Ég vil þó aðeins benda á hækkunina á fyrra lið brtt. á þskj. 362,VI, sem er 30 þús. kr. til vegagerða fyrir tvö hreppsfélög, þar sem svo að segja engir vegir eru fyrir hendi. Það eru tvær sveitir, sem eingöngu eru upp á landflutninga komnar, sem þar eru einna erfiðastir á landinu. Þegar á þetta er litið og jafnframt, hvernig upphæðir eru veittar í mörgum tilfellum til vegagerða í öðrum héruðum landsins, sem hafa þó mun betri aðstöðu bæði á sjó og landi til flutninga, þá held ég, að megi fullyrða, að engin hlutdrægni sé í þeim dómi, þó að sagt sé, að það sé nokkur skammsýni og ekki full réttsýni af hv. fjvn. að geta ekki gengið inn á svo lítilfjörlega hækkun til tveggja sveita, sem enga fjárveitingu hafa fengið til vega tvö undanfarin ár, til sveita, þar sem ekki er til upphleyptur vegarspotti og þar sem ekki er hægt að nota bílasamgöngur nema þegar bezt og þurrast er að sumrinu til og þá aðeins með bílum, sem færir eru á versta vegi. Ég get ekki skilið það á annan veg hjá þeim mönnum, sem leggja gegn því, að lítilfjörleg hækkun verði veitt til samgöngubóta, þar sem farið er fram á 30 þús. kr. hækkun til byrjunarframkvæmda, en þeir álíti, að þessar sveitir eigi að leggja í eyði, og styðst ég þá við það, sem hv. þm. Barð. (GJ), frsm. fjvn., sagði við 2. umr. fjárl., þar sem hann taldi réttilega, að þær sveitir, sem fengju á engan hátt sinnt samgöngubótakröfum sínum, væri sama og að dæma þær til að leggjast í auðn. Og ég þori að fullyrða, að það munu vera fáar sveitir á landinu, þegar litið er til þess, að þar ræðir ekki um aðrar samgöngur en á landi og að það eru mjög miklar vegalengdir, jafnvel þær lengstu hér á landi, — sem búa við eins léleg skilyrði og jafnlítið er gert til að bæta úr af því opinbera. Þessar tvær sveitir, Landbrot fyrst og fremst og jafnframt Meðalland, sem liggur suður af Landbroti, mundu við framlengingu þessa vegar og byggingu hans komast nær því að komast í vegakerfi landsins, sem þær eru nú útilokaðar frá. Við það að leggja þessa upphæð til Landbrotsvegarins er þess að gæta, eins og ég hef áður skýrt frá, að hver spotti, sem lagður er af þessum vegi, tengir fleiri eða færri bæi við vegarkerfið. Ég vildi mega fastlega vænta þess, að hv. þm. yrðu svo réttsýnir í þessu efni, að þeir mundu hér rétta hlut þeira manna, sem ég þori að fullyrða, að eru einna verst settir af öllum í þessu landi um samgöngur.

Þá hef ég enn fremur flutt með hv. þm. Árn. (JörB) brtt. á þskj. 362,VIII, um greiðslu til Suðurlandsvegar. Mun hv. þm. Árn. þegar hafa gert nokkra grein fyrir henni, og tel ég því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hana. Það er vitað, að Alþ. hefur skipað n. fyrir nokkru, sem átti að vera og var skipuð að miklu leyti mönnum með sérþekkingu og skyldi rannsaka og gera till. um, á hvern hátt skyldi bætt úr samgönguerfiðleikunum milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. N. hefur nú skilað áliti sínu, þar sem hún leggur til, að vegur verði byggður um Þrengslin frá Lækjarbotnum. Er áætlað, að vegurinn kosti um 20 millj. kr., og leggur n. til, að unnið verði að lagningu hans á 6 árum með 3,7 millj. kr. framlagi í fjárl. á ári. Það er í sambandi við þessar till., sem Alþ. hefur óskað eftir að fá fram og nú liggja fyrir, að við berum fram þessa till. Þar er flutt það, sem Alþ. óskaði eftir að fá álitsskjal um eftir ýtarlega rannsókn um það, hvað heppilegast væri í þessu efni. Hvort okkur sem leikmönnum finnst hér rétt ráðið eða ekki, þá er ekkert um það að efa, að það verður að leggja til grundvallar í þessu efni það, sem sérfróðir menn hafa rannsakað og lagt til, að gert yrði. Þess vegna berum við það fram í fullu samræmi við þessar till., að tekin verði í fjárlfrv. fyrsta ársgreiðsla af sex til framkvæmda á þessum vegi. Það er komið fram frv., sem heimilar stj. að taka 20 millj. kr. lán til að leggja veginn á næstu 6 árum. Mér finnst fara betur á því, að þetta sé tekið upp í fjárlfrv. núna, þó að greiðsluhalli sé á frv., því að hæstv. fjmrh. (PM) hefur lýst yfir því, að ef tekjurnar hrökkvi ekki til samkv. útgjöldum frv. til verklegra framkvæmda og annarra hluta, muni ríkisstj. telja sig nauðbeygða til að fá heimild hjá þinginu til lántöku, og virðist mér þá miklu réttara, ef svo færi, að lán þyrfti að taka, að þá væri þessi upphæð með í þeim efnum, heldur en heimila lántöku á 20 millj. kr. fyrir utan fjárl. í þessu skyni, sem vitað er, að ekki þarf að nota á næsta ári. Mér finnst rétt, ef þörf er á að taka lán, að þá sé þetta með í þeirri heimild. Ef þess þarf ekki með, af því að tekjur ríkissjóðs yrðu meiri en áætlað er, þannig að fjárl. gætu staðizt að mun betur á þessu ári, þar sem vitað er að mikil peningavelta er í umferð, þá ætti að vera hægt að taka fé til þessara framkvæmda, ef svo reyndist um afkomu ríkissjóðs eins og á síðasta ári, að hún fari fram úr áætlun, sem vitanlega er ekki óhugsandi, þótt áætlunin sé þannig úr garði gerð nú eins og við vitum, enda höfum við við þessa brtt., eins og hv. 1. þm. Árn. (JörB) tók fram, flutt aðra til vara um að setja þetta inn á heimildargr., og hefur ríkisstj. þá í hendi sér, hvort hún notar þessa heimild og tekur sér vald til að ráðast í framkvæmdir á þessu ári, en vitanlega er það undir því komið, að ríkisstj. sjái sér einhverja möguleika til þess.

Aðrar brtt. á ég ekki við fjárl. nema ásamt öðrum. Það er brtt. 362,XI, um framlag til nokkurra nýrra brúargerða, sem ég flyt ásamt hv.

þm. Str., hv. 10. landsk., hv. 2. þm. N.-M. og hv. 1. þm. N.-M., en þess vegna höfum við tekið þessar brýr sérstaklega, að vegamálastjóri lagði til í sínum till. til fjvn., að þessar brýr yrðu teknar á þessu ári, og það er vitað, að margar þeirra eru búnar að bíða í mjög mörg ár á biðlista hjá vegamálastjóra, þó að vitað sé, að þörfin sé mjög rík, að úr framkvæmdum verði, og er mér þar sérstaklega kunnugt um þá brú, sem ég hef farið fram á, að gerð verði í mínu kjördæmi, sem sé á Djúpá í Fljótshverfi. Ég lýsti því nokkuð við 2. umr., hversu þar er ástatt, enda mun það vera komið fyrir fjvn. frá vegamálastjóra, hver þörf er, að þessi brú verði gerð það fyrsta. Þetta vatnsfall er á aðalþjóðleiðinni um Skaftafellssýslu og stöðvar bíla á austurleið, því að þetta vatnsfall er allstórt og oft mjög illt yfirferðar, auk þess sem það hindrar, að hægt sé að nota aðalþjóðleiðina fyrir bíla austar en þangað að. Þá skilur þetta stóra vatnsfall sundur austursveitir Vestur-Skaftafellssýslu, og bæirnir, sem fyrir austan eru, eru svo að segja alveg einangraðir. Það er því tvennt, sem vinnst með að gera þessa brú, því að hún bætir ekki aðeins úr samgönguþörf innanhéraðs og tengir saman þessar sveitir, heldur verður þetta mikil samgöngubót fyrir sveitirnar austan Skeiðarársands eða Austur-Skaftafellssýslu, þar sem það lengir að mun þann veg, sem þá yrði fær bifreiðum eða alla leið að Skeiðarársandi, og mér virðist, að þótt víða sé mikil nauðsyn brúargerða, þá verði þó að ganga fyrir þær brýr, sem tengja saman stórar sveitir og eru á aðalvegi, þar sem þær eru ekki aðeins úrlausn fyrir eina sveit, heldur landsbúa í heild til að greiða fyrir samgöngum kringum landið. Þetta er í þriðja skiptið, sem ég flyt till. um brú á Djúpá. Það er sagt, að ekki sé fullreynt fyrr en í þriðja sinn, og vona ég, að Alþ. og hv. alþm. reynist nú vel í þriðja sinn við þessa till., svo að ekki þurfi oftar að leita á náðir þ., þar sem aðalráðunautur ríkisstj. og Alþ. um vegamál og brúargerðir hefur lagt til, að á þessu ári verði brúaðar þessar ár, og mér er næstum óskiljanlegt, að fjvn. skuli hafa tekið fram fyrir hendurnar á honum um þetta, þó að hún hafi annars að mestu leyti fylgt till. hans, eins og rétt er að gera.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess, að hv. alþm. sýni fullan skilning í þessu efni, sem ég hef borið upp við Alþ. að fá leiðréttingu á með þessari tiltölulega mjög litlu hækkun til míns kjördæmis, sem ég þori að fullyrða, að er mjög hófleg samanborið við það, sem aðrir gera í þessu efni, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, hvaða fjárveitingar eru þangað samanborið við fjölda annarra kjördæma, og þá sé talið sjálfsagt að leiðrétta það, og ég tel, að hóflega sé í það farið af minni hendi, þar sem ég hef ekki farið fram á meira en hér er gert.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað að draga að taka til máls, þangað til búið væri að útbýta till., sem ég flyt ásamt fleiri þm., en þar sem fundi verður fram haldið í kvöld, get ég fengið tækifæri til að tala fyrir þeirri till. þá, en tel þó rétt að ljúka því að tala fyrir þeim till., sem þegar hefur verið útbýtt og ég er ýmist flm. að einn eða með öðrum hv. þm.

Ég er hér með brtt. á þskj. 362,VII, um það að hækka tillag til Syðri-Landeyjavegar um 20 þús. kr., að fyrir 40 þús. komi 60 þús. Það hefur ekki tekizt í fjvn. að fá tillag til þessa vegar hækkað, en því er þannig varið með þennan veg, að það er langdrægt búið að leggja undirlagið, en vantar að bera ofan í hann. Vegurinn er þannig ófær, þangað til hefur verið borið ofan í hann, en sem sagt hann liggur undir skemmdum, þangað til því hefur verið lokið. Þeir, sem þekkja til austan fjalls, vita, að sú sveit er mjög illa sett um samgöngur, þangað til þessi vegur hefur verið gerður fær. Það hefur verið gerð áætlun um, að til þess að ljúka þessum vegi þurfi a. m. k. 100—120 þús. kr., og með því að hækka till. um 20 þús. kr., þannig að í næstu fjárl. yrðu veittar 60 þús. kr., mætti ætla, að það tæki tvö ár að ljúka veginum. Svo lengi hafa Syðri-Landeyingar beðið eftir því, að þessi vegur yrði fullgerður, að það er tími til þess kominn að gera nú fullnaðarráðstöfun til þess, að veginum verði lokið 1947 í síðasta lagi. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að þótt fjvn. eða réttara sagt hv. form. fjvn. hafi ekki viljað bera þessa till. fram, þá verði hv. þm. það sanngjarnir að samþ. þessa litlu brtt.

Það hefði verið ástæða fyrir mig eða okkur þm. Rang. að koma með fleiri brtt. við fjárl. til vega, en það er ekki gert að þessu sinni. Það er t. d. rétt að minna á, að framlag til Rangárvallavegar hefur verið alveg fellt niður að þessu sinni, en það hefur þó verið veitt til þessa vegar áður. Þeir, sem fara um Rangárvelli, vita, að þar er sjálfgerður vegur af náttúrunnar hendi, sem er góður yfir sumarið, en mjög vondur á vetrum. Þetta er þó þjóðvegur og sá kafli yfir Rangárvelli verður fyrst ófær af öllum vegarköflum á Suðurlandi. Það er þess vegna viðurkennt af vegamálastjóra og þeim, sem þarna eru kunnugir, að á mörgum stöðum á Rangárvallavegi þarf að gera upphleyptan veg, til þess að hann verði fær á vetrum og ekki ófær svo að segja í fyrstu snjóum. Ég nefni þetta hér til þess að sýna fram á, að við Rangæingar höfum við afgreiðslu þessara fjárl. ekki orðið sérstaklega vel úti með fjárveitingar til vega. Ég hef ekki komið með brtt. um framlag til þessa vegar, því að mér hefur virzt andinn vera þannig í fjvn., að það væri þýðingarlaust að koma með brtt., sem valda miklum hækkunum. Verður það að sjálfsögðu að bíða síns tíma að fá fjárveitingar til Rangárvallavegar, þó að það mál sé mjög aðkallandi, og við, sem erum þm. Rangæinga, munum væntanlega ekki fá þakkir fyrir það að hafa ekki fengið fé í Rangárvallaveg.

Þá er ég hér með brtt. á sama þskj. XII. Það er styrkur til gistihússbyggingar í Múlakoti í Fljótshlíð, 30 þús. kr. Ég býst við, að flestir hv. þm. hafi komið að Múlakoti í Fljótshlíð. Múlakot í Fljótshlíð er viðurkennt fyrir fegurð, og þeir, sem þangað koma, sjá, að þar vantar gistihús. Þar er aðeins íbúðarhús, sem er opið öllum, sem að garði ber, en þar má ekki lengur við svo búið standa. Ólafur Túbals, sem hv. þm. þekkja

af afspurn, ætlar sér að ráðast í að byggja gistiskála í Múlakoti, svo að þar verði hægara að taka á móti gestum og veita þeim aðhlynningu en hingað til. Í Múlakoti er aðeins um að ræða sumargistihús. Það þekkja allir, að sumargistihús eiga erfitt með að bera sig fjárhagslega, því að sum þeirra eru ekki opin nema 2—3 mánuði ársins. Ólafur Túbals hefur aldrei fengið neinn styrk til að taka á móti gestum í Múlakoti. Hann hefur gert það af eigin rammleik með því að hafa heimilið opið fyrir þeirri örtröð, sem þar er á sumrum. Ég held því, að það sé ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að þessi styrkur verði nú veittur. Ég fer fram á, að styrkurinn verði 30 þús. kr. af byggingarkostnaðinum, en það má vænta þess, að hann verði aldrei undir 150 þús. kr., og væri þetta þá aðeins ⅕ hluti af byggingarkostnaðinum. En sjái Alþ. sér ekki fært að veita 30 þús. kr., þá er hér varatill. upp á 20 þús. kr., og vænti ég, að sú till. verði þá samþ., ef ekki þykir fært að veita 30 þúsundin.

Þá er ég hér með eina brtt. á sama þskj. XIV, það er byggingarstyrkur til Ásólfsskálakirkju. Þetta er þriðja þingið, sem ég flyt till. um styrk til þessarar kirkjubyggingar. Árið 1943 flutti ég fyrst till. um það, að byggingarstyrkur væri veittur til þessarar kirkju. Þá var veittur byggingarstyrkur til fimm kirkna, en þessi styrkur til Ásólfsskálakirkju og kirkju, sem hv. þm. Snæf. hafði líka borið fram till. um, að byggingarstyrkur yrði veittur til, voru báðir felldir. Við höfum síðan báðir flutt till. um byggingarstyrk fyrir þessar kirkjur, og það var með sama óréttlætinu og 1943 að láta þessar kirkjur ekki koma í fjárl. 1944 eins og þær fimm kirkjur, sem þá voru teknar. Nú vill svo til, að það er ekki komin till. um nýbyggingarstyrki að þessu sinni til nema þessara tveggja kirkna, Ásólfsstaðakirkju og þeirrar kirkju, sem hv. þm. Snæf. flytur till. um. Það má segja, að það sé kannske vafasamt, að Alþ. eigi að skipta sér af kirkjubyggingum. Hitt er ljóst, að þar, sem þannig stendur á, að það þarf að byggja kirkju á þessum tímum, þegar byggingarefni og vinna er svo dýrt sem raun ber vitni, þá geta ekki fátækir söfnuðir og fámennir staðið undir byggingarkostnaðinum að öllu leyti. Þó að þessar kirkjur séu ekki stórar, kosta þær fleiri tugi þúsunda. Fámennum og fátækum söfnuðum veitir því ekki af að fá styrk til þessara bygginga. Það getur vel verið, að ýmsir hv. þm. líti þannig á, að það sé óþarfi að byggja þær kirkjur, sem ekki geta kostað bygginguna sjálfar að fullu og öllu, og það er sjónarmið út af fyrir sig. Ég ætla þó, að þeir þm. séu í minni hluta hér á þ., og ef svo er, að þeir séu í minni hluta, þá ættu þeir, sem líta öðruvísi á málið, að líta með sanngirni á aðstöðu hinna fátæku og fámennu safnaða og stuðla að því, að þær kirkjur, sem endilega þarf að endurreisa, séu styrktar að einhverju leyti.

Þá flyt ég hér brtt. á sama þskj. undir XIX. lið ásamt fleiri hv. þm., hv. 7. landsk., hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Ísf. Það er brtt. um að hækka grunnstyrk til handíðaskólans úr 25 þús. kr. í 31 þús. kr. Þetta er nánast að segja leiðrétting, vegna þess að handíðaskólinn fékk á síðasta ári til kennaralauna 25 þús. kr., en þessi styrkur átti vitanlega að hækka sem svaraði launahækkun samkv. launal., en sú hækkun nemur til þriggja fastra kennara, sem starfa við skólann, 9600 kr. Er engin ástæða til að láta kennara þessa skóla verða útundan og fá ekki launauppbót, fyrst aðrir kennarar hafa fengið það samkv. launal. Þetta verður þess vegna að skoðast sem leiðrétting. Ég held, að þeir, sem hafa kynnt sér starfsemi handíðaskólans, viðurkenni, að þessi skóli er mjög myndarlegur og sú starfsemi, sem þar fer fram, er með ágætum. Skólastjórinn, Lúðvík Guðmundsson, er þekktur að dugnaði og samvizkusemi, og ég ætla, að hafi aðrir kennarar við aðra skóla unnið til þess að fá launahækkun samkv. launal., þá sé sízt ástæða til að láta kennaralið handíðaskólans verða útundan. Ég er að vísu ekki í neinum vafa um, að kennaralaun yfirleitt samkv. launal. eru of há og það verður ofrausn að ætla sér að láta þá hafa svo mikið sem þeir hafa samkv. launal., en þar sem launal. eru komin í gildi, á ekki að vera misrétti á þessu sviði. Það verður vitanlega að ganga jafnt yfir alla, eins og hér er farið fram á. Hér er líka varatill., ef hv. þm. treysta sér ekki til að hækka styrkinn, eins og réttmætt er, upp í 31 þús. kr., og þá mundu kennarar handíðaskólans jafnvel sætta sig við 29 þús. kr., þ. e. 4. þús. kr. hækkun á grunnstyrknum.

Ég er hér meðflm. ásamt hv. 8. þm. Reykv. að till. á sama þskj. XXI. Hv. 8. þm. Reykv. hefur mælt fyrir þessari till., og tel ég ekki ástæðu til að bæta neinu þar við.

Þá flyt ég ásamt hv. samþm. mínum, hv. 1. þm. Rang., brtt. á sama þskj. XXVIII. Það er að veittar verði til varnar á Þverárbökkum neðan Þverárbrúar að Fróðholti 30 þús. kr. Í fjárl. yfirstandandi árs voru veittar í þessu skyni 25 þús. kr. Fyrir það fé var byggður varnargarður á árbakkanum, til þess að áin flæddi ekki yfir, eins og hún áður gerði. Nú hefur komið í ljós, að það, sem gert var á síðasta ári, er ekki nægilegt til þess að varna því, að áin flæði yfir bakkana og teppi þannig algerlega samgöngur fyrir milli 20 og 30 bændum, sem selja daglega mjólk hingað í bæinn. Það er þess vegna ekki ófyrirsynju, þótt við förum fram á að fá viðbótarfjárframlag í þessu skyni til þess að hindra það, að áin flæði yfir bakkana, og leitast við að tryggja það, að þessir bændur, sem búa þarna neðan Þverár, geti haldið áfram að selja mjólk sína og hafa samgöngur við þjóðveginn. Ég ætla, að þeir, sem eru kunnugir þessum staðháttum, efist ekki um, að þessa till. á að samþ. Hæstv. fjmrh. mælti með því í fyrra, að veitt væri fé til þessara framkvæmda, og það gerði hann vegna þess, að hann var kunnugur staðháttum þarna og honum var ljóst, að þetta var nauðsynlegt. Aðaltill. er 30 þús., en varatill. er 20 þús., og þætti okkur flm. viðunandi, ef hún væri samþ., þótt ekki mundi veita af að fá það, sem aðaltill fer fram á.

Þá er hér önnur till. undir XXVIII líka, sem við flytjum. Er hún um fjárveitingu til fyrirhleðslu í Laugará í Austur-Eyjafjallahreppi. Það er líka 30 þús. kr. aðaltill., en varatill. 20 þús.

kr. Þannig er ástatt um þessa á, að hún flæðir yfir engjar og tún þriggja jarða og allt í kringum bæina, þannig að bæirnir, þegar vatnsflóð eru, eru eins og eyjar í hafi, og það er ekki hægt að komast að þeim eða frá nema á traustum hestum eða þá helzt bátum. Eftir því sem kunnugir menn segja, mætti hlaða fyrir þessa á með 20—30 þús. kr. framlagi. Það mundi ekki eingöngu verja þessar þrjár jarðir frá því að verða oft og tíðum eins og eyjar í hafi, heldur mundi það einnig varna landbroti og sandburði á tún og engjar. Framlag til þessa fyrirtækis er þess vegna mjög nauðsynlegt, og ég vona, að þar sem tillagið er ekki hærra en þetta, þá verði hv. þm. við óskum okkar þm. Rang. og samþ. a. m. k. varatill.

Ég hef þá ekki fleiri brtt., sem hefur verið útbýtt, en eins og ég tók fram áðan, er ein brtt. á leiðinni, en henni hefur ekki verið útbýtt enn, og læt ég þess vegna bíða að mæla fyrir henni þangað til seinna í kvöld, enda verður umr. haldið áfram, að mér hefur skilizt á hæstv. forseta, og get ég því látið staðar numið að þessu sinni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 363 flyt ég brtt., sem ég vil skýra með örfáum orðum. Ég skal taka fram, að nokkrum öðrum brtt., sem ég er við riðinn, hefur ekki verið útbýtt enn, og mun ég fresta þar til síðar að skýra þær.

Eins og rætt var við 2. umr., þá er svo ástatt um fjárveitingar í 13. gr. til vega í Snæfellnessýslu, að þar er sérstakur liður, 210 þús. kr., sem er til endurgreiðslu á því, sem unnið var fram yfir fjárveitinguna á þessu ári. Þetta hefur verið reiknað með heildarframlaginu til sýslunnar með þeirri niðurstöðu, að framkvæmdir yrðu örlitlar í vegamálum sýslunnar á næsta ári, ef þessu er ekki einhvern veginn breytt. Nú flyt ég nokkrar till. um tilfærslu á þessum lið. Ég fer ekki fram á hækkun á framlagi til vega, heldur aðeins tilfærslu. Það er í því falið, að endurgreiðslan á þessari umframgreiðslu fari fram á tveimur árum, þ. e. a. s. 1946 og 1947, m. ö. o. lækka þessar greiðslur um 105 þús. kr., en verja þeim sömu upphæðum til vegaframkvæmda á næsta ári. Brtt. á þessu þskj. undir rómv. I og VI heyra saman, og vil ég undirstrika það, að þar er ekki um hækkun að ræða, heldur tilfærslu, að því er snertir einstaka vegi. Fyrst undir lið nr. I er Hnappadalsvegur og lagt til, að til hans verði veittar 20 þús. kr. Það er vegur, sem tekinn var fyrir nokkrum árum á fjárl., en féll niður nú. 2. liður, Útnesvegur, er um að veita til þess vegar 90 þús. kr., og miðar sú till. um vegagerð að því að koma Arnarstapa og Hellnum í vegasamband á næstu árum. Þá er undir þessum lið till. um, að til Hellissandsvegar, sem hefur verið afskiptur á undanförnum árum, en þar á þó í hlut fjölmennt kauptún, verði samþ. 35 þús. kr. fjárveiting. Loks er undir þessum lið till. um Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarveg, um að fjárveiting til hans hækki um 20 þús. kr. Þetta er samtals 105 þús. kr., sem lagt er til sem hækkun undir I. lið og svo samsvarandi, sem ég legg til að lækka fjárveitingar undir VI. lið.

Þá flyt ég brtt. um fjárveitingu til brúargerðar á Langadalsá á Skógarströnd, 45 þús. kr., sem er fyrri greiðsla, og er sú till. 3. tölul. undir VI. á þessu þskj., nr. 363. Þetta er brú, sem fyrir alllöngu er komin inn á brúalög. Eftir því sem vegurinn færist þarna lengra inn á Skógarströndina, verður meir knýjandi nauðsyn fyrir að brúa þetta vatnsfall.

Undir XI eru brtt. frá mér á þessu þskj. um hafnargerðir og lendingarbætur. Sú fyrsta er um 50 þús. kr. hækkun á framlagi til Grafarness. Þar standa fyrir dyrum miklar framkvæmdir og samkv. áætlun vitamálastjóra er ætlazt til, að þar sé unnið á næsta ári fyrir 465 þús. kr., til þess að ljúka þeim mannvirkjum, sem þar hafa staðið yfir í nokkur ár, og að framlag ríkissjóðs sé 186 þús. kr. Og bersýnilega nær ekki nokkurri átt að veita einar 75 þús. kr. í þessu skyni. Ég legg til, að framlagið verði 125 þús. kr. í þessu skyni.

Í Stykkishólmi er bryggjan gersamlega ónýt. Þar er þó töluverð útgerð og tvö hraðfrystihús, sem notuð eru fyrir Breiðafjörð. Verður ekki komizt hjá því á næsta sumri að byggja þarna bryggju. Er áætlað, að hún kosti 300 þús. kr. 50 þús. kr. framlag í þessu skyni er varla hægt að taka alvarlega. Ég flyt brtt. um, að 100 þús. kr. verði veittar í þessu skyni. En það verður óhjákvæmilegt að byggja þetta mannvirki í einu lagi. Og býst ég við, að hreppurinn mundi reyna að kljúfa það að taka lán, til þess að hlutfallslegt framlag ríkisins komi á móti framlagi hreppsins til þessa mannvirkis.

Þriðji liður þessara brtt. er um framlag til lendingarbóta á Hellnum, 10 þús. kr. Þarna er útgerð nokkur, að vísu ekki í stórum stíl, en þó nokkrir bátar, og þarf smávegis aðgerðir þar, sem gerðar hafa verið áætlanir um af vitamálastjóra, til þess að bæta þarna lendingarskilyrði.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessar brtt., en mun væntanlega síðar í kvöld taka til máls til þess að skýra þær brtt., sem ég flyt, en ekki er búið að útbýta.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég á hér ekki skylt við nema fáar brtt., þ. e. ekki nema eina einustu, síðan fjárl. voru lögð fram, og hún er ekki um hærri upphæð en 2500 kr. Við síðustu umr. dró ég þessa brtt. til baka. Þessi brtt. er á þskj. nr. 322,XVII, um, að til Einars Sturlusonar verði veitt þessi upphæð til söngnáms erlendis. Þessi maður er við söngnám í Stokkhólmi, og hann hefur fengið meðmæli frá fróðustu mönnum í hans námsgrein, þeim dr. Jósep Hislop í Stokkhólmi og Páli Ísólfssyni. Og þar sem þetta eru bein meðmæli um það, að þessi maður sé verðugur þess, að honum sé liðsinnt til þess að afla sér þessarar þekkingar, þá vona ég, að því verði tekið vel af hv. þm., þegar kemur til atkvgr.

En úr því að ég stóð upp, vildi ég aðeins minnast á eina brtt., sem nú liggur hér fyrir, sem ég samkv. því, sem ég sagði áðan, er ekki flm. að, og ég er því alveg óbundinn um hana. Það er brtt. um að verja á næsta ári allt að 3700000 kr.

úr ríkissjóði til lagningar Suðurlandsvegar. Það er nú hægara að ræða um þetta en að finna þau rök, frá hvaða sjónarmiði sem er, sem enginn geti hallað á. Ég segi fyrir mitt leyti, að þótt ég eigi óskylt við þessa brtt., — þá er það vegna afstöðu minnar til þeirra stöðva, sem þarna á að leggja brú á milli með framlögunum — þó að ég eigi ekki skylt við þessa brtt., þá er mér ómögulegt annað en að greiða atkv. með henni. En hins vil ég geta, að ég álít þá aðferð, sem valin er til þess að bera fram brtt. um, að þetta verði fellt inn í fjárl. nú, vafasama. Og sérstaklega þau rök, sem flutt voru fyrir þessari brtt. af hv. fyrri flm. hennar, álít ég vafasöm og dálítið brosleg. Þau rök voru fyrst og fremst, að það væri nauðsynlegt að bæta þessar samgöngur, og það vil ég vitanlega undirstrika með honum. En svo kom hv. fyrri flm. inn á það, að lántaka væri ekki hentug og ætti tæpast við, og hins vegar, að óvíst væri um getu ríkissjóðs á komandi árum. Það segir hv. þm. að vísu rétt, því að hvað vitum við, hvernig efnahagur ríkissjóðs stendur og geta hans til stórframlaga á næstu árum? En ef það er einu sinni lögð áherzla á það, að þessi framkvæmd, sem mun samkv. áætlun kosta allmikið fé, sé höfuðnauðsyn, þá verðum við líka að leiða rökin áfram í samræmi við það, að til þess að tryggja, að þetta verði framkvæmt, þá sýnist ekki úr vegi, ef svo færi á þessu áætlaða tímabili, 6 árum, sem milliþn. í þessu máli gerir ráð fyrir, að þessi framkvæmd verði gerð á, að þröngt yrði í búi hjá ríkissjóði um slík framlög, sem þarna koma til greina, að heimila ríkissjóði að taka lán í þessu skyni. Það skiptir ekki litlu máli, til hverra hluta lántökur eru heimilaðar, hvort það er til framkvæmda hinna mestu nauðsynjamála eða til þess, sem teljast má mjög vafasamt eða kannske óþarft. — Það er sagt sitt af hverjum ýmissa hv. þm. um það, hve hátt þetta framlag sé, sem hér er lagt til, að heimilað verði. En því meiri sem nauðsyn er þessa máls, því meiri áherzlu verður að leggja á fjárframlög til þess og því síður má koma fyrir, að framkvæmdin strandi á féleysi. Nú er því þannig háttað um þessar framkvæmdir, að kostnaðurinn er að mestu leyti miðaður við að borga fyrir framkvæmdir, sem unnar eru með okkar heimaorku. Þetta er vegagerð með íslenzku starfsafli, þó að vísu eitthvað þurfi að kaupa af stórvirkum verkfærum til þessara framkvæmda. Frv. það, sem er í hv. Ed., vil ég ekki ræða hér í sambandi við fjárlagaumr., því að það kemur ekki fjárl. við, nema í sambandi við aðferð, sem stungið er upp á í þessu máli. En ég vil endurtaka það, að þar sem brtt. þessi lýtur að beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, án tillits til lögfestingar á frv., sem fyrir liggur í hv. Ed., þá get ég ekki annað en greitt till. atkv., í hvaða formi sem er, um framlag til þessara framkvæmda, þó að mér þyki formið að einhverju leyti beyglað, sem till. kemur fram í. En frá því sjónarmiði, að allt vill sem bezt lag hafa, vil ég benda á, að bindingur í þessu máli þarf að vera sem traustastur og öruggastur. Og ég álít hann öruggastan með því að lögfesta heildarfyrirkomulag framkvæmda þessara, sem í á að ráðast, því að ég hygg, að það mætti betur fara en að karpa um þetta mál ár eftir ár á hverju fjárlagaþingi, meðan þessi framkvæmd stendur yfir. Og frá sjónarmiði velunnara málsins er það mjög æskilegt að geta verið laus við slíkt karp með því að reka saman ramma að framkvæmdum málsins í einu lagi og heimila fjáröflun til þess, sem stendur ekki að öllu leyti og fellur eftir því, hvernig efnahagur ríkissjóðs er á hverju ári á komandi árum.

Ég vildi taka þetta fram um afstöðu mína strax, af því að mér þykir það réttara en að gera það aðeins, þegar ég væntanlega mun segja álit mitt um till. við atkvgr.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það eru ekki nema örfá orð. Við erum tiltölulega fáir í þessum sal nú, og því yfir fáum að tala og fáa að sannfæra, þótt takast kynni að mega með ræðuhöldum hér.

Ég á hér tvær brtt. Aðra þeirra flyt ég einn, en hina með nokkrum öðrum hv. þm. Fyrri brtt., sem er á þskj. nr. 362,II, er um að hækka framlag til Bitruvegar úr 200 þús. kr. í 500 þús. kr., og til vara upp í 300 þús. Þessi brtt. kann ýmsum að þykja fara fram á nokkuð mikla hækkun. En ég vil segja þessu máli til skýringar, sem ég reyndar hef gert við hv. fjvn., að hér er um veg að ræða, sem er aðkallandi nauðsyn að fá lagðan nú þegar eða sem allra fyrst, fyrir heilt byggðarlag. Það hafa orðið þau mistök, sem þýðir ekki um að sakast, að vegurinn inn í Strandasýslu hefur verið lagður yfir Steinadalsheiði, og reynslan hefur sýnt, að snjóþyngsli eru þar svo mikil, að vegurinn er ekki fær bifreiðum nema tvo eða þrjá — oft ekki fulla þrjá — mánuði ársins. En vegurinn yfir Bitruháls mundi vera snjóléttur og greiðfær fyrir bifreiðar mikinn hluta ársins. Og sama máli gegnir um þennan veg eftir endilangri sýslunni, hann mundi allur vera greiðfær fyrir bifreiðar, vegna þess, hve snjólétt þar er á ströndinni. En snjóþyngslin eru mest á Steinadalsheiði, þar sem vegurinn er nú. Þegar þess er gætt, að sáralítið fé hefur verið lagt til Strandasýslu og öll áherzlan hefur verið lögð á að gera heildarátak um að leggja þennan eina veg, og þegar litið er einnig til þess, að á öllum þingmálafundum hefur verið þannig frá þessu máli gengið svo að segja í hverjum einasta hreppi í sýslunni, að íbúar sýslunnar vildu láta fjárveitingar bíða til annarra nauðsynlegra framkvæmda sýslunnar, til þess að geta fengið heildarátak um veginn yfir Bitruháls til þess að fá sæmilegar samgöngur við aðra landshluta, þegar þessa er gætt, er hér ekki farið fram á mikið um fjárveitingu til sýslunnar. Og ég hef ekki farið fram á fjárveitingar til annarra hluta í samræmi við þessar samþykktir, sem gerðar hafa verið þar í sýslunni, þótt ekki hafi fengizt meðmæli hv. fjvn. fyrir meiru í þessu skyni en 200 þús. kr., og eru tæpast umtalsverðar aðrar fjárveitingar til Strandasýslu. Ég er þess vegna ekki í vafa um það, þó að ég reyndar viti, að hv. fjvn. hefur í mörg horn að líta, að ef litið er með fullri sanngirni á þörfina á þessum stað fyrir þennan veg, þá sjá menn, að það ber að veita meira framlag til hans en hv. fjvn. leggur til. Vegarstæði þarna

hefur verið rannsakað tvívegis af bezta manni, sem vegamálastjóri hefur yfir að ráða, Jóhanni Hjörleifssyni, sem hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að bezt muni að leggja veginn yfir Bitruháls, og það væri því ekki með því verið að kasta peningum á glæ. Þegar þess er gætt, hve mikla þörf þarna er um að ræða og ekkert teljandi er lagt úr ríkissjóði til annarra framkvæmda í sýslunni, þá er það ekki nema sanngirnismál, þó að samþykkt fengist fyrir þessum 500 þús. kr., hvað þá heldur, ef varatill. væri samþ., 300 þús. kr. Það vonast ég til, að hv. þm. geti sannfært sig um með því að bera saman fjárveitingar til Strandasýslu og fjárveitingar, sem veittar eru til annarra héraða.

Viðkomandi hinni brtt., sem er á sama þskj. undir XI, vil ég segja það, að hún styðst einnig við fyllstu sanngirni. Rökin fyrir því að flytja og samþ. þessa brtt. byggjast beinlínis á áliti vegamálastjóra. Það er tillaga vegamálastjóra, að ef byggðar verði fleiri brýr á næsta ári en þær, sem nú eru komnar inn í fjárlfrv., eins og það liggur fyrir, þá álíti hann alla sanngirni mæla með því, að þessar brýr, sem við gerum hér till. um í þessari brtt., að byggðar verði, verði teknar næst. Þessum framlögum var ekki hægt að koma fram í hv. fjvn. og ekki heldur ákveðinni yfirlýsingu um að lofa því, að þessar brýr yrðu gerðar á árinu 1947 og teknar upp í fjárl. fyrir það ár. Ég skal ekki fara út í að ræða um, hvort meiri þörf sé á að byggja þær brýr, sem gert er ráð fyrir í þessari brtt., á Staðará í Steingrímsfirði, Djúpá í Fljótshverfi og Jökulsá í Fljótsdal, heldur en ýmsar brýr, sem teknar eru upp í fjárlagafrv. Á það ætla ég ekki að leggja dóm. En hitt liggur fyrir, að vegamálastjóri gerir till. um, að þessar brýr komi næst á eftir þeim, sem teknar hafa verið upp á fjárlagafrv. Og ég er alveg viss um, að þau rök, sem vegamálastjóri færir fram fyrir þessu áliti sínu, eru í fyllsta gildi. Því að ég hygg, að þessar brýr, sem um ræðir í þessari brtt., eigi engu síður rétt á sér en ýmsar þær brýr, sem teknar hafa verið í fjárlagafrv. Ég geri ráð fyrir, að hv. meðflm. mínir segi eitthvað um þessa brtt. að því er snertir Djúpá og Jökulsá. En ég vil bæta því við, að ég hef tekið það fram við hv. fjvn., að bæði Staðará og Selá, sem nauðsynlegt er að brúa báðar og sem fyrst, eru farartálmi fyrir mikinn hluta Strandasýslu um að komast til Hólmavíkur, og að þessar ár eru óbrúaðar, veldur því, að flytja verður fé á bátum yfir Steingrímsfjörð til þess að koma því til slátrunar. Og þráfaldlega verður að fara kaupstaðarferðir með því móti að fá sig ferjaðan yfir Steingrímsfjörð í staðinn fyrir að fara veginn yfir Kaldrananeshrepp. Þessi vatnsföll, Selá og Staðará, eru ákaflega hættuleg vatnsföll, svo sem oft hefur reynzt og skal ekki rakið hér í þessu máli. En það gegnir áreiðanlega sama máli um þessar tvær brýr aðrar, sem í þessari brtt. er farið fram á, að veitt verði fé til að brúa á næsta ári, eins og um Staðará, bæði Djúpá í Fljótshverfi og Jökulsá í Fljótsdal. Og það liggur náttúrlega ljóst fyrir, að nauðsynlegt er að brúa Jökulsá í Fljótsdal, vegna þess að hún er eitt af hættulegustu vatnsföllum landsins. Það hefur svo oft verið rætt um þetta á hæstv. Alþ., að það hlýtur að liggja ljóst fyrir hv. þm., hve aðkallandi nauðsyn er á að brúa þá á. Og í raun og veru getur enginn þm. um Austurland farið og litið þetta vatnsfall öðruvísi en að hálfblygðast sín fyrir það, að það skuli ekki vera búið að brúa þetta vatnsfall, þó að þörfin sé víða aðkallandi.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég er tæplega tilbúinn að tala nú, því að ég átti von á því, að búið væri að útbýta brtt., sem ég hef afhent og ætlaði að minnast á um leið. En hér á þskj. 362 er brtt. frá okkur þm. Eyf., sem ég get minnzt á, og kann þá að vera, að þskj. verði útbýtt á meðan. Við þm. Eyf. fórum að dæmi annarra hv. þm. við 2. umr. og tókum allar brtt. okkar aftur. Nú berum við sumar fram við þessa umr., en þó ekki allar. Í fyrsta lagi berum við fram till. um lítils háttar hækkun til vega í Eyjafjarðarsýslu. Er það sama till. og við bárum fram við 2. umr. Ég gerði þá grein fyrir þessari till. og sé því ekki ástæðu til að endurtaka það nú. En ég varð þess var við þá umr., að það gætir nokkurs misskilnings bæði hjá frsm. n. og fleiri hv. þm., sem minntust á, hve mikið væri lagt til vega í Eyjafjarðarsýslu. Ég man eftir því, að einn hv. þm. nefndi millj. kr. í þessu sambandi. En það er ekki rétt, að svo há upphæð sé lögð beinlínis til vega í Eyjafjarðarsýslu. Ég fæ ekki séð, að það sé annað eftir fjárlagafrv., eins og það er eftir 2. umr., heldur en 90 þús. kr. Hrísavegur 10 þús. kr., Árskógssandsvegur 50 þús. kr., Hörgárdalsvegur 10 þús. kr. og Laugalandsvegur 20 þús. kr. Þetta er veitt til Eyjafjarðarsýslu eða samtals 90 þús. kr. Það er að vísu satt, að á fjárlagafrv. eins og það er nú og samkv. því, sem fjvn. lagði til við 2. umr., er veitt allhá upphæð til Öxnadalsheiðarvegar og Ólafsfjarðarvegar. En svo stendur á um báða þessa vegi, að þetta fé verður ekki notað í Eyjafjarðarsýslu nema að mjög litlu leyti. Eins og fjölmargir vita, sem farið hafa veginn til Akureyrar, er vegurinn þarna að langmestu leyti lagður vestur að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna. Ég játa það, að Eyfirðingar hafa gagn af veginum yfir Öxnadalsheiði, eins og fjölmargir landsmenn aðrir, sem veginn þurfa að nota. En ég get ekki séð, að það sé sérmál Eyfirðinga að fá þennan veg lagðan. Það stendur allt öðru vísi á um þennan veg en veginn yfir Hellisheiði, sem menn á Suðurlandsundirlendinu þurfa að nota til þess að koma afurðum sínum til Rvíkur. Eyfirðingar þurfa ekki að koma neinum afurðum svo teljandi sé yfir Öxnadalsheiði. Þessi vegur er byggður vegna þjóðarheildarinnar, en ekki vegna Eyfirðinga sérstaklega. Það er alveg eins nauðsynlegt fyrir Skagfirðinga að komast til Akureyrar eins og Eyfirðinga að komast vestur fyrir heiði. Svipað má segja um Ólafsfjarðarveginn. Þótt hann heiti Ólafsfjarðarvegur, mun hann vera um það bil á takmörkum þess lands, sem nú tilheyrir Ólafsfjarðarkaupstað og Skagafjarðarsýslu. Og féð verður notað, að því er ég bezt veit, aðallega í Skagafjarðarsýslu. Þessi vegur kemur sjálfsagt Ólafsfirðingum að miklum notum, en það gegnir

ekki síður um Fljótamenn, sem þurfa að koma afurðum sínum til Ólafsfjarðar. Og þeirra viðskipti munu beinast þangað, þegar vegurinn er kominn. Verzla þeir þar þó þegar nokkuð. Ég sá ástæðu til að leiðrétta þetta, þar sem bæði frsm. fjvn. og fleiri hv. þm. hafa talað um það, hvað mikið væri lagt í vegagerð í Eyjafjarðarsýslu.

Þá höfum við þm. Eyf. endurtekið þær brtt. okkar við 22. gr., sem við fluttum við 2. umr. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að reisa fiskimjöls- og niðursuðuverksmiðju. Ég gerði grein fyrir þessu máli við 2. umr. og ætla ég ekki að endurtaka það, sem ég sagði um það þá. Aftur á móti höfum við fellt niður till. um brú, sem við fluttum við 2. umr., af því að við álítum, að vonlítið muni vera að fá slíka till. samþ. Sé ég þó, að margir hv. þm. bera fram till. um brúarbyggingar við þessa umr. Þá höfum við einnig fellt niður till. um að greiða Ólafsfjarðarkaupstað sama styrk til skólabyggingar eins og ef Ólafsfjarðarkaupstaður hefði verið hreppur áfram. Ég heyrði ávæning af því, sem frsm. fjvn. sagði við 2. umr. um þetta mál, en þó ekki svo greinilega, að ég geti nú svarað því, þar sem ég lét það vera við þá umr., og þá sérstaklega vegna þess, að till. er ekki fram borin nú. En ekki fæ ég skilið, að það hafi verið eins mikið ódæði að bera þessa till. fram eins og frsm. fjvn. vildi vera láta, og gerðum við þm. Eyf. ekkert annað í því efni en ganga þá leið, sem hæstv. ríkisstj. virðist vera að ganga í þessu efni, því að það lítur út fyrir, að hennar ætlan sé, að kaupstaðir fái styrk til barnaskólabygginga á sama hátt og sveitirnar hafa fengið hann.

Þá flyt ég hér á þskj. 366 brtt. ásamt tveimur öðrum hv. þm. undir III. lið. Það er verið að útbýta þessu þskj., en ekki búið að fá afbrigði fyrir því. Vona ég, að hæstv. forseti leyfi mér samt að tala fyrir þessari till. Við flytjum þarna till. um að hækka styrk til fyrrverandi barnakennara um 1000 kr. frá því, sem nú er í frv., eins og það liggur fyrir, auk tilsvarandi hækkunar á verðlagsuppbót. Fjvn. hefur gert till. um að hækka þetta um 300 kr. miðað við sams konar hækkun á verðlagsuppbót. Er þá sú hækkun, sem við leggjum til, frá því, sem fjvn. gerir, 700 kr. Ég býst við því, að það séu nákvæmlega sömu ástæðurnar til þess, að við berum þetta fram eins og fjvn. ber fram sínar brtt. Ég hlustaði á frsm. fjvn. í dag, og hann gat þess, að till. n. væri borin fram til þess að sérstakur kennari, að mér skildist, gæti komizt að um styrk. Þessi till. er einnig borin fram af sömu ástæðum, til þess að kennari, Ingimar Eydal á Akureyri, sem að vísu hefur of lítil ellilaun úr lífeyrissjóði, geti komizt að um viðbótarstyrk þarna. En svo er um ýmsa merka kennara, sem voru búnir að gegna lengi starfi áður en lögin um lífeyrissjóð voru sett, að lífeyrir þeirra eða eftirlaun eru miklu lægri en ætlazt var til, að þau verði fyrir þá kennara, sem starfa fullan starfstíma undir l. og fá eftirlaun sín úr lífeyrissjóði kennara. Þetta er lítil upphæð, og ég vona, að það verði ekki ágreiningur um þetta, þótt það sé ákaflega smávægilegt samanborið við fjárl., sem eru nú töluvert yfir 100 millj. kr. En eins og menn vita, er ekki víst, að það sé svo smávægilegt í augum þeirra, sem eiga að njóta þessa. Ég tel víst, að fjvn. hafi haft samráð um þetta við fræðslumálastjóra, en það er einmitt út af viðtali við hann, sem ég ber mína till. fram. Þessi till. er flutt vegna manns, sem hann taldi þess maklegan að fá þarna einhverja litla glaðningu. Vona ég, að meiri hl. fjvn. hvað þá aðrir hv. þm. verði ekki á móti þessari meinlausu till.

Forseti (JPálm): Ég vildi reyna, hvort ekki tekst að fá samþ. afbrigði fyrir brtt. á þskj. 363, 366, 369, 370, 371, en till. þessum hefur nú verið útbýtt á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Nú hefur verið útbýtt nokkrum till. til viðbótar. Sú fyrsta þeirra, sem ég mun minnast á, er á þskj. 366 undir II. lið, byggingarstyrkur til Hellnakirkju 14 þús. kr., sem ég ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um, þar sem ég hef áður talað um till. á þessu þingi. Ég vil geta þess, að þetta er fámennur söfnuður, ekki nema 66 gjaldendur, en hefur ráðizt í það þrekvirki að koma upp kirkju fyrir 60 þús. kr., og er söfnuðinum gersamlega ofvaxið að standa undir því. — Á sama þskj., V. lið, flyt ég till. ásamt 3 öðrum þm. Það er út af því, hvernig úthlutað skuli styrkjum til skálda og listamanna. Samkv. till. frá fjvn. var því breytt þannig við 2. umr., að Alþ. skyldi aftur taka úthlutunina í sínar hendur, og skyldi kjósa til þess 4 menn. Þetta hefur þótt óheppilegt fyrirkomulag og þingið hefur reynt að koma þessu starfi af sér, fyrst yfir á menntamálaráð og nú upp á síðkastið hefur það falið Bandalagi íslenzkra listamanna úthlutunina. Fjvn. bar fram fyrir síðustu umr. till. um breyt. á þessu, án þess þó að ræða það einu orði við þá aðila, sem þetta snertir mest, Bandalag íslenzkra listamanna og deildir þess. Stjórn Bandalagsins hefur lýst yfir óánægju sinni og hefur ritað bréf til Alþ., sem ég vil leyfa mér að lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem stjórn Bandalags íslenzkra listamanna hefur orðið þess áskynja, að fram séu komnar till. á Alþingi um gagngerðar breytingar á fyrirkomulagi við úthlutun listamannastyrkja, verður stjórn Bandalagsins að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að ekkert skuli hafa verið við hana rætt um þetta mál. En ef hið háa Alþingi óskar eftir breytingum frá núverandi skipulagi, leyfum við okkur að gera eftirfarandi tillögur: Skipuð verði 5 manna nefnd, er hafi á hendi úthlutun styrkja til listamanna. Sé einn valinn af hverju þessara félaga: Félagi íslenzkra leikara, Félagi íslenzkra tónlistarmanna, Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Rithöfundafélagi Íslands og hinn fimmti af menntamálaráði. Vonum við fastlega, að hið háa Alþingi virði þessar tillögur Bandalagsins."

(SkG: Hvers vegna á að skilja annað rithöfundafélagið eftir?). Þessi uppástunga er byggð á því, að þau félög, sem eru í Bandalagi ís-

lenzkra listamanna, tilnefni mann. En allir rithöfundar koma til greina við úthlutun styrksins. Það þarf ekki að tala meira um þetta mál, það hefur oft verið rætt hér í þinginu. En það er eins og sumir hv. þm. komist út úr jafnvægi þegar þessi mál eru rædd, og höfum við þegar heyrt vott þess á því framígripi, sem gert hefur verið. En ég tel það skipulag að fela Alþ. að úthluta þessu á ný ekki heppilegt. Það hefur að vísu áður verið fellt, að nokkrir listamenn væru teknir inn á 18. gr. og yrðu þar þá ævilangt. Hér er ekki um það að ræða, heldur úthlutun þess styrks, sem veittur er á 15. gr.

Næsta till., sem ég flyt ásamt 1. þm. Reykv., er á sama þskj., VI. liður. Hún er um að hækka nokkuð styrk til tónlistarskólans í Reykjavík. Við leggjum til, að styrkurinn hækki í 15 þús. kr. úr 10 þús. og verðlagsuppbót í samræmi við það. Skólinn hefur vaxið svo, að nú eru í skólanum 250 nemendur og 14 kennarar, svo að það er bersýnilegt, að þegar skólinn er orðinn svona stór, þá þarf hann mikið starfsfé. Er því ekki ósanngjarnlega í sakirnar farið með þessari till.

Á sama þskj. (þskj. 366) undir VIII. lið flyt ég smátill., sem ég vil skýra nánar frá. Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 15 þús. kr. fjárveitingu til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félmrn. Áður fyrr var þetta sundurliðað í fjárl., en nú hefur verið fallið frá því og er ætlazt til þess, að félmrn. úthluti fé þessu. En nú hefur farið þannig um einn slíkan sjúkrasjóð, þ. e. hjúkrunarfélags Ólafsvíkurhrepps, að styrkur, sem veittur var til hans á fjárl. 1942 og 1943, hefur ekki fengizt greiddur enn þá. Er ástæðan sú, að um þetta leyti var héraðslæknirinn í Ólafsvík veikur og féll frá, og var því ekki unnt að skila þeim skýrslum til rn., sem ætlazt er til, að gert sé, áður en styrkur er greiddur. Ég hef þess vegna fengið rn. í hendur skýrslur um starfsemina á þessum árum, en þar kemur fram, að félagið hefur starfrækt þarna sjúkrastofu og einnig veitt nokkurn styrk til sjúklinga. En þegar skýrslum var skilað eftir lát héraðslæknisins, taldi ráðuneytið sér ekki fært að greiða þennan styrk, af því að þetta væri orðið svo gamalt. Hér er því aðeins um það að ræða að endurgreiða 300 kr. fyrir hvort árið, eða 600 kr. samtals.

Á sama þskj. undir XII á ég till., þar sem farið er fram á lífeyri til kennaraekkju. Fyrir nokkru féll frá Bergsveinn Haraldsson, kennari í Ólafsvíkur- og Fróðárhreppi. Lét hann eftir sig konu og sex börn. Hann hafði verið kennari síðan árið 1922, fyrst í Fróðárhreppi og síðan settur kennari í Ólafsvík, en fáeinum árum áður en hann féll frá, var staðan veitt öðrum umsækjanda af ástæðum, sem ég fer hér ekki út í. Af þessum ástæðum hefur svo til tekizt, að ekkja hans hefur ekki rétt samkv. l. til greiðslna úr lífeyrissjóði barnakennara og hefur fengið úrskurð um það. Hins vegar hefur oft verið farin sú leið í slíkum tilfellum sem þessu að taka þetta upp í fjárl., eins og sjá má af 18. gr. fjárl. Till. mín er á þá leið, að ekkjan fái sama styrk og ef maður hennar hefði haft réttindi til lífeyrissjóðsins, þegar hann dó, eða kr. 200 fyrir hana og samkv. upplýsingum frá lífeyrissjóði kr. 850, sem greiddar eru með hverju barni innan 16 ára aldurs. Ég vænti þess, að þessi till. nái samþykki hv. þm., en ef talið er, að þetta sé of langt farið, flyt ég varatill. miðaða við, hvað ekkjan hefði fengið samkv. l., ef maður hennar hefði verið hættur störfum áður en hann dó. Ég hef í dag fengið bréf frá fræðslumálastjóra, þar sem hann mælir með því, að hæstv. Alþ. verði við þessari beiðni, m. ö. o., að ekkjan fái styrk frá Alþ. samsvarandi og ef hún hefði haft rétt til greiðslu úr lífeyrissjóði barnakennara, ef hann hefði verið starfandi kennari, þegar hann dó, en hann var hættur skömmu áður, m. a. vegna veikinda og sökum misréttis, sem hann taldi sig hafa verið beittan.

Loks flyt ég á sama þskj. brtt. XIV, sem undarlegt er, að skuli þurfa að flytja. Flyt ég hana ásamt hv. þm. Dal. (ÞÞ), og er hún um lífeyri handa Magnúsi Friðrikssyni hreppstjóra og konu hans. Ég þurfti einnig í fyrra að verja þessi hjón fyrir ágengni hv. fjvn., og nú aftur hefur lífeyrir þeirra verið lækkaður. Það hefur verið samningsbundið við þessi hjón, að þau fengju 3000 kr. í lífeyri. Hins vegar hafa að jafnaði verið greiddar uppbætur á þennan lífeyri eins og annað, síðan byrjað var á að greiða þær, og alveg í samræmi við þetta er fjárlfrv., en þar er grunnstyrkur áætlaður 3874 kr., að viðbættri verðlagsuppbót, en samkv. bréfi frá fjmrh. hefur sú venja verið viðhöfð við þessi hjón. Nú fékk hv. fjvn. það hins vegar samþ. við 2. umr. þessa máls að fá þennan lið skorinn niður, þannig að hjónin fá nú ekki verðlagsuppbót greidda á styrkinn. Flytjum við því till. um að færa þetta í sama horf og áður var í frv. og væntum þess, að hv. þm. fari ekki svo langt að lækka stórkostlega þennan lífeyri, sem hjónin hafa notið undanfarin ár. Að vísu skal ég viðurkenna, að það var ekki samningsbundið að greiða verðlagsuppbót, þegar gerðir voru samningar við þessi hjón, en þá var ekki heldur um slíkar uppbætur að ræða. En þessari reglu hefur verið haldið öll styrjaldarárin og er ætlazt til, að svo verði gert áfram eða meðan slíkar uppbætur eru greiddar.

Þá á ég tvær brtt. á þskj. 369. Aðra flyt ég ásamt 3 öðrum hv. þm. og er hún vegna Stefáns Einarssonar prófessors í Baltimore fyrir samningu kennslubókar í íslenzku á enska tungu. Er þetta mjög góð og þýðingarmikil bók og hefur hann, að því er mér hefur verið tjáð, ekki fengið nein laun fyrir þetta mikla verk sitt. Hefur hann nú skrifað hingað og farið fram á 1500 $ viðurkenningu fyrir þetta, og flytjum við því till. um, að hann fái 10000 kr. í þessu skyni, og til vara 7000 kr.

Loks flyt ég III. brtt. á sama þskj. um 1000 kr. fjárveitingu til skrúðgarðs kvenfélagsins í Stykkishólmi. Hefur mér borizt bréf um þetta efni frá kvenfélaginu Hringnum þar, en það hefur unnið nokkur ár að því að koma upp þessum skrúðgarði, sem er hin mesta bæjarprýði, og er nú ætlunin að stækka hann að allverulegu leyti. Er hér um að ræða smávægilegan styrk og er þetta samsvarandi till. og hér hefur verið veitt til skrúðgarðs í Borgarnesi.

Ég vænti þess, að brtt. mínar fái góðar undirtektir hv. þm., og þeir sjái, að hér er um full-

komnar sanngirniskröfur að ræða, sérstaklega hvað snertir lífeyri kennaraekkjunnar og þeirra Staðarfellshjóna, Magnúsar Friðrikssonar og konu hans.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi minnast hér nokkrum orðum á þær brtt., sem ég er 1. flm. að, og nokkrar aðrar.

Á þskj. 362 á ég brtt. ásamt hv. 1. þm. Árn. (JörB) undir XVI, sem er að vísu ekki sams konar, en svipuð till., sem ég flutti við fyrri umr. þessa máls. Er hún varðandi söngnám Önnu Þórhallsdóttur frá Hornafirði, sem nú dvelur vestanhafs við slíkt nám. Ég hef hér hin ágætustu meðmæli með þessari umsókn frá dr. Páli Ísólfssyni, og að öðru leyti ætla ég, að flestir kannist við söng þessarar stúlku, því að hún hefur sungið allmikið í útvarpið hér, áður en hún fór vestur. Þessi brtt. er að vísu í tvennu lagi, aðaltill. um 8500 kr. og varatill. 6500 kr., og sýnist vera stillt svo í hóf, að ef á að styrkja hana þarna til náms, megi varla vera um minna að ræða en það, sem hér er lagt til. Hins vegar er það ekkert nýmæli, að bæði karlar og konur séu styrkt til slíks náms, og ætla ég því, að með tilliti til verðleika ungfrúarinnar verði litið á þetta með sanngirni, og þar eð hún hefur nú í bili fórnað atvinnu sinni til þess að fara út á þessa braut, og til þess hvött af mörgum velunnurum sínum, sem unna góðri sönglist. Mun hún vera mjög efnileg í þeirri grein eftir meðmælum Páls Ísólfssonar.

Á sama þskj., XX. lið, leyfi ég mér að flytja till. um sjóvinnuskóla í Vestmannaeyjum, sem flutt var við fyrri umr. málsins, en þá tekin aftur. Þess háttar menntastofnun fyrir þá, sem aðallega draga björg í bú, hefur verið starfrækt nú um nokkur ár. Var byrjað í smáum stíl, en hefur sífellt færzt í aukana, enda nytsamt fyrirtæki að kenna mönnum rétt vinnubrögð á sjó. Hér er farið fram á 50000 kr. fjárveitingu í þessu skyni gegn jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað. Veit ég, að bæjarsjóðurinn hefur þegar veitt þessa fjárhæð og hefur staðið undir rekstri skólans án þess að fara fram á utanaðkomandi styrk í þessu skyni. Hins vegar mælir öll sanngirni með því, þegar skólahaldið er orðið umfangsmeira og kostnaðarsamara, að ríkið standi að nokkru leyti undir því að kosta þetta mjög svo nytsama nám sjómanna.

Eins og kunnugt er, reis allmikil óánægja út af því, þegar þetta mál var afgr. við 2. umr., að ýmsir þeir, sem hafa hafnarmálum að sinna í sínu kjördæmi, þóttust ekki of vel haldnir af meðferð hv. fjvn. á fjárveitingum til hafna. Þá minntist ég á það sérstaklega, að mér fyndist Skagastrandarhöfn og Vestmannaeyjahöfn vera illa settar. Fjárveiting til Vestmannaeyjahafnar var eftir till. hv. fjvn. lækkuð úr kr. 300000 kr., sem hún hafði á síðustu fjárl., niður í 200000 kr. Ég sá ekki, að nein skynsamleg rök lægju fyrir þessari lækkun, og hef síðan aflað mér upplýsinga um, að svo er ekki, heldur þvert á móti, því að það er fjarri því, að nokkuð eigi að draga úr vinnu til byggingar þessarar hafnar, og stendur til að efla mjög þær framkvæmdir. Ég hef að vísu orðið þess var, að við hina aukalegu niðurskiptingu hv. fjvn. varðandi hafnir, leggur hún til, að heimilt sé að taka lán auk framlags úr hafnarbótasjóði, og skiptir hún því á nál. niður á vissar hafnir. Hef ég heyrt sagt, að eitthvað hafi nú verið bókað frekara í fundargerðum hv. fjvn. viðvíkjandi skiptingu þessa fjár, en fyrir þá, sem lenda svo að segja í veikasta „tillögupartíinu" hjá hv. n., er það lítt viðunandi. Í raun réttri hefur hv. fjvn. skipt höfnunum í 3 flokka eftir því, sem áhugi hennar fyrir hafnarframkvæmdum hefur virzt vera á hverjum stað. Í fyrsta flokki eru teknar upp myndarlegar beinar fjárveitingar. Þar næst eru hafnir, sem auk þess eru teknar upp í hinar aukalegu fjárveitingar hv. n., sem hún á nál. lagði til, en lagði ekki í einstökum atriðum undir atkv. þingheims. Loks er þriðji flokkurinn, sem að því er mér skilst á vonarpeninga í einhverjum bókunum hv. fjvn., sem hún hefur þó ekki látið á þrykk út ganga. Ég fyrir mitt leyti kann því illa, að höfn eins og Vestmannaeyjahöfn, sem hefur nú stóran hundraðshluta í útfluttum vörum og mikla útgerð, að með hana sé ekki farið á svipaðan hátt eins og þær hafnir, t. d. Faxaflóahafnir, sem hv. n. virðist hafa lagt sig mjög í líma við að „hífa" upp, ef svo mætti að orði kveða. Hef ég nýlega talað við þau yfirvöld, sem í þessu máli koma til greina í Vestmannaeyjum, og spurt þau að því, hvort þau hafi gefið tilefni til þess, að minnkað væri framlag til hafnarinnar, og var svarið þvert á móti eins og vænta mátti. Er því full ástæða til að mælast til þess, að hæstv. Alþ. setji þessa höfn ekki neðar nú frekar en endranær, heldur láti haldast til hennar sams konar fjárveitingu eins og er í núgildandi fjárl., og þegar þess er gætt, að hv. n. hefur ætlað sumum höfnum þrefaldar fjárveitingar á móts við það, sem ég fer fram á með brtt. minni í þessu skyni.

Hins vegar má segja, þó með öðrum forsendum, um Skagaströnd, að það hefur ekki getað dulizt hv. fjvn., hvaða fyrirætlanir þar er um að ræða, því að það hefur vakið almenna eftirtekt, enda nýmæli mikið hér í þessu þjóðfélagi, að gerðar séu svo öflugar ráðstafanir til þess að gera fiskihöfn á komandi tímum eins og stendur til á Skagaströnd. Ég verð því að segja það, að mig rak í rogastanz á því tillitsleysi til stefnu núv. hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, er kom fram í till. hv. n. varðandi Skagaströnd við 2. umr. þessa máls. Nú megum við allir vera þess fullvissir, að því aðeins komi að haldi þau hin miklu mannvirki, sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa lagt út í á þessum stað, að ekki standi á aðbúnaði fyrir bátaflotann, hvað höfn snertir. Miklu fremur mundi það geta heitið rétt aðferð, að einna mest áherzla væri lögð á hafnarmannvirki, jafnvel áður en verksmiðjubyggingar rísa af grunni, og þess vegna tel ég, að hér hafi ekki verið stigið spor í rétta átt af hv. fjvn. Ber því hinu háa Alþ. að kippa í liðinn hvað snertir stefnu n. viðvíkjandi Skagaströnd og gera hlut hennar a. m. k. svo sem lagt er til með brtt. okkar hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) á þskj. 363,XII, en þar er lagt til, að til Skagastrandarhafnar verði veittar 200 þús. kr. og til Vestmannaeyjahafnar 100 þús. kr.

Á þskj. 366,XVI hef ég leyft mér ásamt 4 öðrum hv. þm. að gera till. um það, að heimild verði fyrir hendi fyrir ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 8 millj. kr. lán til sveitar- og bæjarfélaga vegna kaupa á atvinnutækjum. Áður en þessi till. var lögð fram, var komin hér og prentuð till. frá hæstv. dómsmrh. o. fl. um það að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir einn kaupstað á landinu allt að 3 millj. kr. til kaupa á atvinnutækjum, og raunar gæti sú ábyrgð, eftir því sem till. er orðuð, náð til fleira en sjálfra atvinnutækjanna. Ég skal játa það, að till. sú, sem við flytjum hér, hefur fyrir aðalmarkmið að stuðla að því, að bæjar- eða sveitarfélög utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar geti notið einhvers stuðnings af hálfu þess opinbera á þann hátt, sem greinir í till., sérstaklega til þess að eignast togara. Það er kunnugt, að ríkið hefur fest kaup á 30 togurum, og að þessir togarar hafa verið boðnir út þeim, sem þá vilja kaupa með vissum skilyrðum. Það er enn fremur kunnugt, að Reykjavíkurbær leggur mikla áherzlu á, að 20 af þessum togurum verði staðsettir í Reykjavík og að einstaklingar og félög í Hafnarfirði hafa sótt um 5 af þessum skipum, en víðs vegar utan af landi, utan þessara tveggja áðurnefndu staða, hafa borizt umsóknir um a. m. k. 14 skip. Nú er það víst, að efnaleg aðstaða þeirra, sem eiga heima utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, til þess að eignast þessi skip er yfirleitt allt önnur en togaraeigenda í Reykjavík og Hafnarfirði, þar eð hinn svokallaði stríðsgróði hefur að því er togaraútgerðina snertir að langmestu leyti fallið í skaut félaga og einstaklinga, sem búsettir eru á þessum tveim stöðum. Hlýtur maður um leið að viðurkenna það, að það er eðlileg ósk fólksins utan þessara tveggja staða, þar sem hafnarskilyrði og önnur skilyrði eru góð til þess að reka togaraútgerð, að eitthvað af þessum skipum sé staðsett þar. Það virðist samhljóða ætlun manna, að veita verði fleiri en einum stað á landinu aðstoð til þess að þar geti búið fólk. Sú aðstoð verður að vera í ríkum mæli á einn eða annan veg. Koma þar til greina bæði einstaklingar og aðrir, sem sótt hafa um skip eða aðra aðstoð. Við, sem stöndum að þessari till., búumst við, að hjálpa verði ýmsum stöðum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, eða þar sem sjóðir hafa myndazt á stríðsárunum. Þeir sjóðir ættu nú að geta staðið undir skipakaupum eða öðrum framkvæmdum í framtíðinni. Þetta er ástæðan til þess, að við komum fram með þessa brtt. Sumir hafa æskt þess mjög, að nokkuð af hinum nýju skipum, sem út á land fara, yrðu sumpart eign félaga eða bæjar- og sveitarfélaganna sjálfra. Það hefur með réttu oft verið á það bent, hver hætta stafaði af því, ef allur landslýður settist saman hér í Reykjavík eða nærliggjandi plássum. En meðulin gegn því, að firðirnir og landsbyggðin eyðist, er það, að minni hyggju, að skapa fólkinu þar eins góð vinnu- og framfaraskilyrði og tök eru á, og að þau lífsskilyrði séu ekki síðri en það fólk á við að búa, sem hingað hefur leitað.

Á þskj. 371 hef ég eftir ósk frá Leikfélagi Vestmannaeyja farið fram á, að styrkur til þess félags verði hækkaður upp í 3000 kr. Þetta félag er nú 35 ára, og hefur það ráðizt í stærri verkefni en ætla mætti, að félag í ekki stærra bæjarfélagi réðist í. Vildi ég mega vænta þess, að því verði veitt þessi viðurkenning.

Önnur brtt. á sama þskj. (371), sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Reykv., er um það, að til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð verði veittar 40000 kr. og til vara 30000 kr. Þessi kona, sem ég ætla, að vera muni einhver sú þekktasta af þeim, sem áhuga hafa á ullariðnaði og vefnaði, sneri sér til nýbyggingarráðs í sumar með málaleitun um, að nýbyggingarráð legði gott inn fyrir því, að hún fengi einhvern styrk til tóvinnuskóla, sem hún hygðist stofna að Svalbarðseyri við Eyjafjörð. Sendi hún ágæta greinargerð. Verkefni það, sem skólanum er ætlað, er hvers konar ullariðnaður. Þá kveður hún svo að orði, að nú byðist góður staður norðanlands, sem er Svalbarðseyri. Þar eru húsakynni allmikil síðan á dögum Björns heitins Líndals. Núverandi ábúandi notar húsnæðið ekki nema að nokkru leyti, og getur hún fengið húsnæðið við mjög vægu verði eða kr. 200.00 á mánuði. Raforku frá Laxárfossum verður veitt til Svalbarðseyrar á næsta hausti, og verður hún notuð bæði til ljósa og suðu. Undirbúningur að þeirri leiðslu er þegar hafinn. Vatnsveita og frárennsli er hvort tveggja í góðu lagi, og yfirleitt er myndarbragur á öllu. Þá sendir hún kostnaðar- og rekstraráætlun yfir eins árs rekstur. Virðist kostnaður vera um 50 þús. Stofnkostnaður er talsverður: innanstokksmunir, borðbúnaður og önnur áhöld. Þá minnist fröken Halldóra á, að þegar hún átti sjötugsafmæli, hafi sér verið gefnar 12 þús. kr. Þessa gjöf kveður hún sig fúsa til að leggja fram til skólans.

Ég hef nú rakið þetta mál allrækilega, og er það af nokkuð sérstöku tilefni. Mér hefur verið tjáð, að máli þessu hafi verið tekið á nokkuð sérstakan hátt í fjvn. Það hafi vakið hlátur mikinn og kátínu meðal nm., og af því að hlátur er hollur, þá er vel farið, að n. sé svo glaðsinna sem mér er tjáð, og er þá og þess að vænta, að hún verði þm. ekki til annars en gleði og þeir taki máli þessu vel. Annars get ég ekki séð, að annað en gott sé um það að segja, þar sem það er þessi kona, sem sótt hefur um styrk til kennslu í tóvinnu og slíku. Ég hef verið nokkuð lengi hér og oft heyrt minnzt á Halldóru Bjarnadóttur og aldrei nema með mikilli virðingu. Þegar hún sneri sér til nýbyggingarráðs, hefðum við kannske getað sagt, að þetta málefni heyrði ekki undir ráðið, en ef aðeins ætti að anza því, sem beinlínis heyrir undir það, væri mörgu ósvarað. En okkur virtist einsætt að taka undir málaleitun þessa, þar sem Halldóra Bjarnadóttir vill halda áfram þessum störfum, þótt farin sé nokkuð að eldast. Hins vegar er svo nafn hennar, en það tryggir nytsemi þessarar nýjungar, sem hún berst fyrir. Það vita allir, hvað liggur eftir þessa konu. Hún segir sjálf í bréfi sínu:

„Ég hef haft sýningar til og frá um öll Norðurlönd, í Englandi (London) og á 50 stöðum hjá löndum vestanhafs og í þarlendum skólum. Alls staðar hefur verið lokið lofsorði á íslenzku listvinnuna úr ullinni. Ég hef fengið hvatningu frá

mörgum mönnum hér á landi, körlum jafnt sem konum, um að ráðast í þessa skólastofnun og leita aðstoðar stjórnarvalda að koma henni í framkvæmd.

Ég er þess fullviss, að stofnun þessi kemst upp, áður langt um líður, þó að ekki yrði af framkvæmdum að þessu sinni, því að þeir, sem þessum málum unna, hljóta að sjá, að svo búið má ekki standa, ef hinn ágæti íslenzki listtóskapur á ekki að týnast. En það er nokkur hætta að draga þetta mál á langinn, með því að fleiri og fleiri heltast úr lestinni, sem kunna hin ýmsu handbrögð, sem eru sérstök fyrir okkur Íslendinga. Þá er það og sérstakt nauðsynjamál að kynna mönnum og kenna að nota þau áhöld og verkfæri, sem létta og flýta fyrir ullarvinnu heimilanna.

Persónulega langar mig til að mega taka þátt í að hrinda þessum skóla af stað. Ég hef unnið að heimilisiðnaðarmálum nú í 20—30 ár og gefið út ársritið „Hlín" í 28 ár á eigin kostnað, en það fjallar mikið um heimaiðnað og er mjög útbreitt.

Ég geri ráð fyrir, að krafizt verði við stofnun þessa skóla eins og annarra, sem ríkið styrkir, að fé sé lagt fram á móti ríkisstyrknum. Það er réttmætt og eðlilegt. Enn sem komið er, er ekki neitt fé framlagt í þessu skyni, því að hugmyndin er tiltölulega ný. En ég geri ráð fyrir, að hægt verði að afla henni fylgis, ef áherzla verður á það lögð og áhugi virðist vera fyrir málinu á æðri stöðum. Ég vil leggja fram sem minn skerf til þessa skólahalds það fé, sem mér barst sem gjöf frá hinum ýmsu félögum og félagasamböndum kvenna í landinu á sjötugsafmæli minu fyrir ári síðan, 12 þús. kr., og ekki þætti mér ólíklegt, að mér tækist að safna öðru eins þessu máli til framgangs um land allt. Að minu áliti mundi þessi skóli nægja fyrir landið í heild að svo stöddu."

Okkur í nýbyggingarráði skildist, að kennslu mundi verða hagað á þann veg, að stúlkur, sem þarna lærðu, kenndu aftur öðrum. Áður en við gerðum nokkuð í þessu máli snerum við okkur til Kvenfélagasambands Íslands og báðum um álit þess, og barst þaðan svohljóðandi svar 19. sept.:

„Þér hafið með bréfi dags. 6. þ. m. sent oss erindi frú Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri um stofnun tóskaparskóla og jafnframt óskað, að K. Í. léti í ljós álit sitt á málinu. Er þá fyrst á að minnast, að á landsþingi K.Í. 1943 bar frú Halldóra Bjarnadóttir mál þetta fram án þess að binda það við ákveðinn stað, og var þá eftirfarandi samþykkt gerð:

„Landsþing K.Í. 1943 telur mjög æskilegt, að komið verði á fót sem fyrst tóskaparskóla fyrir land allt, til þess að fyrirbyggja, að hinn gamli, íslenzki ullariðnaður, er náð hefur meiri fullkomnun en nokkurs staðar annars staðar á Norðurlöndum, falli í gleymsku." "

Þetta virðist mér nægilegt til að sýna, að ef fjvn. hefur litið svo á, að nýbyggingarráð hafi rasað þarna fyrir ráð fram, þá höfum við kallað til ráða þann félagsskap, sem telja má vel hæfan til að dæma í þessum efnum. Ég kann ekki að benda á neinn hæfari dómara hér á landi, jafnvel ekki hv. form. fjvn. Við höfum því farið til réttra aðila. — Síðan sendi nýbyggingarráð erindi ásamt bréfi Halldóru Bjarnadóttur til ráðherra. Var málið útskýrt eins og það lá fyrir. Nýbyggingarráð ætlaði ekki að fara fram á neina ákveðna upphæð, heldur fara þess á leit, að skóli þessi væri styrktur með hæfilegri upphæð.

Ég hef viljað segja nokkuð ýtarlega sögu þessa máls vegna ummæla, sem sögð hafa verið í mín eyru um þessa virðulegu íslenzku konu, ummæla, sem mér þættu nokkuð undarleg, ef bak við þau stæðu allir meðlimir fjvn. Mér hefur virzt fjvn. líta á þetta sem hégómamál, og get ég ekki skilið þá afstöðu, þar sem um er að ræða, að önnur eins kona og Halldóra Bjarnadóttir fer út í að stofna skóla í þessum lofsverða tilgangi. Hún vill nota tækifærið, þegar hún fær hentugt húsnæði nálægt öðrum stærsta bæ landsins. Ég hef heyrt um mál þetta talað sem hégómamál, og vil ég nú gefa fjvn., sem svo vel hefur skemmt sér yfir þessu máli innan sinna eigin veggja, tækifæri til að skemmta sér hér í þingsölunum. N. hefur ekki séð ástæðu til að taka umsókn Halldóru Bjarnadóttur til greina, og getur verið, að n. hafi einhverjar fyrirætlanir í þessu efni á prjónunum.

Það munu allir sammála Halldóru Bjarnadóttur um, að þeim fer alltaf fækkandi, sem kunna til listvefnaðarins. Þeim konum fer fækkandi, sem geta kennt þessa listgrein, og Ísland á ekki margar Halldórur Bjarnadætur í þessu efni. Ef n. telur ekki allt þess konar óþarfa og skaðræði, þá vona ég, að hún taki þær staðreyndir, sem ég hef bent á, til greina. Nú fyrir nokkrum dögum var auglýst eftir nokkrum nemendum í skóla, og virðist sem áhugi Halldóru Bjarnadóttur sé ungur og vakandi. Ég vil benda þingheimi á, að það er vel þess vert að athuga, hvort ekki eigi að hjálpa þessum vísi hennar að skóla við Eyjafjörð, þessum skóla, sem hún er að stofna. Þess er að vænta, að þ. sjái sér fært að greiða atkvæði með erindi Halldóru Bjarnadóttur, sem talin hefur verið standa öllum öðrum framar í þessari iðngrein, tóskapnum og listvefnaðinum, hér á landi.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það eru fyrst smávægilegar brtt. þrjár, sem ég er aðalflm. að, og tvær, þar sem ég er meðflm. Sú fyrsta er á þskj. 362,XXIII, sem ég flyt ásamt þremur öðrum og er við 15. gr. A.VIII, á þá leið, að aftan við fyrri málsgr. aths. bætist: og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5000 kr. heiðurslaun, að viðbættri verðlagsuppbót. — Það vill segja, að þessi maður fái 5000 kr. á sama hátt og Gunnar Gunnarsson 6000 kr. Steingrímur Matthíasson er nú að verða sjötugur. Hann hefur látið af embætti fyrir nokkrum árum. Fjárhagur hans leyfði honum ekki að dvelja hér á landi embættislaus. Hvarf hann til Danmerkur, þar sem hann hefur dvalið síðan. Í haust kom hann snögga ferð til Íslands, en hvarf þegar aftur utan og mun ekki sjá sér fært að koma hingað heim til að setjast hér að. Ég hef orð landlæknis fyrir því, að enginn íslenzkur maður hafi skrifað um heilbrigðismál til eins

mikils gagns fyrir almenning og Steingrímur að J. Jónassen landlækni undanskildum. Munu rit hans hafa haft talsverða þýðingu. Auk þess ritaði hann allmikið um annað efni, og veit ég, að almenningur mun ekki telja hann síður launa verðan en marga aðra, sem fengið hafa ritlaun á undanförnum árum. Það er ekki ætlazt til, að upphæð þessi valdi hækkun á útgjöldunum.

Þá hef ég flutt brtt. á þskj. 352 við 15. gr. A.XII., þar sem lagt er til, að Guðjón Samúelsson húsameistari fái 50000 kr. heiðurslaun fyrir uppfinningu á múrhúðunaraðferð. Það hefur verið nokkuð um þetta rætt, og eru skiptar skoðanir á málinu. Ég tel engan efa á, að sanngjarnt er, að hann fái þessa þóknun fyrir uppgötvun sína. Hún var til þess hæf, að hann fengi einkaleyfi á henni, en hann fór ekki dult með hana og missti rétt til hennar hér, af því að hann hafði látið öðrum í té upplýsingar um aðferðina, áður en leyfið var fengið, og hann hugsaði meira um að láta uppfinningu sína koma að gagni þegar en að afla sér einkaleyfis á henni. Ég held, að allir séu sammála um, að þessi uppgötvun sé mjög mikilsverð fyrir íslenzka húsagerð, og virðist því rétt, að Guðjón Samúelsson sé heiðraður með því að veita honum þessa upphæð. Hins vegar er engin ástæða til að láta hana koma á eitt ár, heldur skipta henni á 5 ár, og komi þá 10 þús. næsta ár og jafnframt skal tekið fram, að það sé fyrsta greiðsla.

Um brtt. mína á þskj. 362, XXXIII, við 22. gr. V., þarf ekki að hafa mörg orð. Eins og kunnugt er, hefur þetta félag unnið að því að koma fornritum okkar út og selt þau ódýrara en aðrar bækur, sem út koma. Af því að Laxdæla var uppseld, réð félagið af að láta ljósprenta hana í Vesturheimi, en það hafði mikinn kostnað í för með sér. Félagið er hið mesta þjóðþrifafyrirtæki, og er því sanngjarnt, að því sé rétt hjálparhönd við starf sitt.

Ég er meðflm. að XVII. brtt. á sama þskj. Vænti ég, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um till. þessa, svo nauðsynleg er hún, og er þess að vænta, að hv. þm. sjái sér fært að styðja að framgangi hennar.

Auk þeirra till., sem fyrir liggja frá fjvn., liggur mikið fyrir frá einstökum þm. Ég lagði allar upphæðirnar lauslega saman fyrir fáum kvöldum og reyndust þær samanlagt um 700000 kr. Hvað síðan hefur bætzt við, veit ég ekki. Þeir flm. hafa talað fyrir brtt. sínum. Flestar hinar stærri fjárhæðir eru vegna brúargerða. Flestir hafa sjálfsagt mælt ágætlega fyrir till. sínum. En ekki er hægt að byggja á einu ári allar þær brýr, sem byggja þarf á Íslandi. Vegamálastjóri hefur gert till. um þær brýr, sem taka ætti á næsta ári. Ég veit, að þessar framkvæmdatill. eru allar jafnnauðsynlegar, en reynslan hefur verið sú, að sumar af þeim till., sem fluttar eru við 3. umr., ná fram að ganga. Ég vildi því mega mælast til þess, að menn stilli till. sínum sem mest í hóf.

Ég vildi mæla með því, að brtt. XXI á þskj. 366 verði samþ. Vinnustöðinni á Reykjum er svo myndarlega stjórnað og hefur létt svo miklum gjöldum af ríkissjóði. Ég held, að allir, sem séð hafa, séu á einu máli um, að hér sé prýðilega af stað farið, og er heppilegt, að stofnunin fái eðlilega og heilbrigða þróun.

Þá get ég ekki annað en minnzt á VIII. brtt. á þskj. 362, um 3700000 kr. greiðslu til Suðurlandsvegar, og skal það vera fyrsta greiðsla af sex. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er búið að verja milljónum króna til vegagerðar um Krýsuvík. Ég hef aldrei haft mikla trú á, að vegaspursmálið yrði leyst með því móti að koma þeim vegi á. Ég var upphaflega á móti þeirri vegagerð og bar fram till. um veg um Þrengslin, en hún fékk ekki byr. Nú er, eftir því sem ég bezt veit, eftir að ljúka 30—40 km. kafla af Krýsuvíkurvegi og kostar mikið að ljúka því verki. En ég býst við, að úr því sem komið er, detti engum annað í hug en að ljúka þeim vegi. Það væri hringlandaskapur að hætta við hann í miðjum klíðum. Ef þær vonir, sem menn gerðu sér um þann veg, að hann yrði fær mestan hluta vetrarins, reynast réttar, þá er mikið með honum unnið og mæla öll skipulagsleg rök með því, að honum sé lokið áður en vegurinn um Þrengslin er lagður. Það er ljóst, að sú vegagerð kemur ekki að notum, fyrr en komið er niður í Ölfus. Hins vegar er það ljóst, að ef farið er að leggja fé í þennan veg, dregur það úr framlagi til Krýsuvíkurvegar. Ég efast ekki um, að það er stefna í rétta átt að fá veg um Þrengslin, en það er heldur engum til góðs að fara að basla við báða vegina samtímis. Ég held, að það eigi að leggja Krýsuvíkurveginn fyrst. Ef hann reynist eins vel og þeir bjartsýnustu álitu, þá er kannske ekki ástæða til að fara eins geyst af stað með Hellisheiðarveginn. Ég treysti mér ekki til annars en að greiða atkvæði á móti þessari till., þar sem fjárl. eru komin fram úr því, sem skynsamlegt má heita. Mér er engan veginn ljúft að taka þá afstöðu, en úr því að sagt hefur verið a, verður líka að segja b. Úr því að framkvæmdavaldið byrjaði á þessum vegi, verður að ljúka honum. Það býst ég við, að öllum sé ljóst. Hins vegar verður að taka tillit til greiðslugetu ríkissjóðs.

Ef till. fjvn. verða allar samþ., verður greiðsluhallinn 3½ millj. kr. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað af till. þm. verði samþ., og má þá búast við, að rekstrarhalli verði nálægt 20 millj. kr. Ég býst við, að ekki séu skiptar skoðanir um það, að þetta verði óvarfærin afgreiðsla fjárl., og ekki sízt, þar sem nú síðustu dagana hafa borizt alvarlegar fréttir, en þar á ég við sölutregðu á fiski. En auðvitað er ekki unnt að miða fjárl. við það. Ef við gerum það, erum við þegar búnir að byggja stórhýsi á sandi. Við verðum að gera okkur vonir um, að salan verði með eðlilegum hætti á næsta ári. Sé ég enga ástæðu til að örvænta. Hins vegar liggur það fyrir, að þegar samþykktar fjárveitingar, sem ekki eru lögboðnar, nema 30 millj. kr., auk þess lögboðnar framkvæmdir. Það er einnig kunnugt, að ríkið og einstaklingar hafa stórkostlegar framkvæmdir í huga á næsta ári. Þegar þess er gætt, hvað boginn er spenntur hátt, sé ég ekki, að það sé með nokkru móti verjandi að hlaupa í kapp við framleiðsluna til að vinna að framkvæmdum, ef það kemur í ljós, að nægilegt vinnuafl fæst

ekki til að vinna að hinum fyrirhuguðu verklegu framkvæmdum. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að stjórnin fái heimild til að draga úr verklegum framkvæmdum, ef henni sýnist svo. Hins vegar væru fjárlög með þessum greiðsluhalla óverjandi, ef ekki stæðu vonir til, að þetta færði tekju- og greiðsluafgang. Það er það eina, sem getur varið það, að stj. tekur á móti svona fjárl. Ef ég væri ekki bjartsýnn, mundi ég ekki sjá mér fært að halda áfram sem fjmrh. En nú er hvort tveggja, að ekki er séð fyrir endann á útgjöldum yfirstandandi árs og enn þá er eftir að greiða allmikið. Ekki er heldur séð, hvað tekjurnar verða miklar á næsta ári. Sumir tekjustofnar geta rýrnað og ekki þarf mikið til að þetta breytist. Þess vegna er nauðsynlegt, að ríkisstj. fái heimild til að taka lán, ef tekjurnar hrökkva ekki til. Ef til vill er hæpið, hvort stjórnarskráin heimili, að ríkisstj. geti tekið lán. En þessi leið hefur verið farin áður, og ætla ég, að það sé skynsamlegasta ráðstöfunin. Þess vegna leyfi ég mér að flytja brtt., sem komi sem síðasti liður við 22. gr. og er svohljóðandi: „Við 22. gr. XIX. Nýr liður: Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum l. en fjárl., um allt að 30%, eftir jöfnum hlutföllum, að því er við verður komið, svo framarlega sem ríkisstj. telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum. Telji stj. hins vegar, að ekki sé ástæða til að draga úr framkvæmdum, skal henni heimilt að taka lán innanlands, allt að 15 millj. kr., ef tekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir gjöldum.“ Mér er það ljóst, að það hefur oft valdið ágreiningi, hvort sú leið sé rétt að heimila ríkisstj. að draga úr verklegum framkvæmdum, en ég held, að stj. sé sammála um það, og ég vona, að hv. alþm. skilji, að réttmætt er að veita stj. heimild þessa.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég er meðflm. að þrem brtt., sem hafa verið prentaðar, og auk þess að einni skriflegri brtt., sem forseti hefur þegar lýst. Ég mun ekki ræða verulega nema eina þessara till., sem ég er 1. flm. að. Þó vil ég minnast á brtt. XI á þskj. 362, sem ég er meðflm. að. Þar er farið fram á fjárframlög til þriggja brúa. Ég held, að ég hafi svo oft lýst þörfinni á brú á Jökulsá í Fljótsdal, að það þýði ekkert að rifja það upp hér einu sinni enn. Ég veit, að það stafar ekki af ókunnugleik, að fé hefur ekki verið veitt til brúargerðarinnar, heldur stafar það af því, að hv. alþm. hefur ekki fundizt, að röðin væri komin að þessari brú. En mér virðist röðin vera sannarlega komin, þó að um það megi deila, því að þörfin er viða. Jafnvel þótt ég geri varla ráð fyrir, að fjárveiting þessi verði samþ., þótti mér rétt að taka þátt í flutningi þessarar till. til að halda enn málinu vakandi. Finnst mér eðlilegt, að slík framlög til mannvirkja eigi erfitt uppdráttar nema að hafa fyrst verið samþ. í fjvn.

Ég er enn fremur meðflm. að brtt. XXXIV. á þskj. 362, en 1. flm. hefur nú þegar mælt fyrir henni betur en ég gæti gert. Vona ég, að sú till. nái samþykki. Mér hefur skilizt svo, að Sigurjón Ólafsson myndhöggvari mundi eiga skilið, að hæstv. Alþ. sýndi honum sóma.

En það, sem veldur því sérstaklega, að ég kvaddi mér hljóðs, er brtt. XXII á þskj. 366, er hljóðar svo: „að greiða úr ríkissjóði halla þann, er verða kann á rekstri húsmæðraskólanna árið 1945.“ Ég býst ekki við, að þetta verði ákaflega stór útgjaldaliður, en vil samt gera grein fyrir því, hvers vegna till. þessi er fram komin.

Húsmæðraskólarnir styðjast við l. frá 1938, en í þeim er lagður sæmilega traustur grundvöllur að starfsemi þeirra, eftir því sem þá átti við. Ég ætla, að eftir þeim fjárframlögum, sem skólarnir nutu þá, hafi vel verið séð fyrir fjárhag þeirra skóla, sem skuldlausir voru. Að vísu hafa þeir þurft eitthvert framlag að heiman, en ekki mikið. Nú er svo tekið fram í l. skólanna, að þeim er bannað að leggja gjöld á skólanemendur sína. Fjárframlög, sem l. þessi ætla húsmæðraskólunum, eru sem hér greinir: Á sérhvern nemanda í skóla, sem telur 15 nemendur eða færri, ber ríkissjóði að greiða 450 kr., en á hvern nemanda, sem er umfram 15, 400 kr. Þetta gerir í stofngjald til 30 nemenda skóla kr. 12750,00. Síðan verðbólgan kom, hefur verið greidd vísitöluviðbót, og mér reiknast svo til, að samkv. meðalvísitölu í ár sé framlag til 30 kvenna skóla um 36000 kr. Enn fremur ber ríkinu að greiða sérstök gjöld vegna námskeiða. Eins og ég hef þegar tekið fram, var með l. 1938 allvel séð fyrir rekstrarfé handa skólum þessum. Nú er hið lögboðna gjald algerlega ófullnægjandi, og þrátt fyrir það að ríkissj. taki á sig hækkun, sem stafar af setningu launalaganna. Orsök þess, að gjaldið er nú ófullnægjandi, er sú, að verðhækkunin nemur yfirleitt meiru en vísitöluhækkunin. Með vísitöluhækkuninni fást nú kr. 2.85 í staðinn fyrir kr. 1.00 1938, en munurinn verður miklu meiri, er út í sjálft lífið kemur og farið er að kaupa fyrir peningana.

Ég er sérstaklega vel kunnugur einum húsmæðraskóla, sem sé á Hallormsstað. Ég skal játa, að rekstrarhalli þar hefur ekki verið ógurlegur, en hann eykst samfara hækkun dýrtíðarinnar. Allt, sem snertir viðhald og umbætur skólans, hefur hækkað mjög verulega. T. d. var rekstrarhalli á Hallormsstað árið 1944 4000 kr., en árið 1945 verður rekstrarhallinn miklu meiri. Þetta er líka auðskilið, því að ríkið leggur fram 36000 kr., en á því ári var varið til viðhalds hátt á 14. þús. kr. og var þó ekki nóg. Það sama ár voru lagðar 10000 kr. til upphitunar og ljósa. Hreinar tekjur frá ríkinu voru það ár 40000 kr., og er þar meðtalið fé, sem lagt var til námskeiða. Aðrar tekjur úr héraði námu þá á seytjánda þús. kr. Ég verð að telja, að hér sé ekki nema um tvær leiðir að velja. Önnur leiðin er sú, að skólarnir haldi áfram að starfa og stórauka skuldir, en hin leiðin er sú að fara bónarveg til ríkisstj. Við flm. höfum tekið þá leiðina að leita til hæstv. Alþ.

Ég geri ráð fyrir, að húsmæðraskólarnir séu nú á vegamótum. Nú liggja fyrir Alþ. frv. um ýmiss konar skólahald, þar á meðal húsmæðraskóla. Ég veit ekki, hversu frv. þessum miðar, en ef þau verða að l., er lagður á ný grundvöllur að starfsemi húsmæðraskólanna, enda er grundvöllurinn frá 1938 orðinn algerlega úreltur. Eins

er hitt, að búið er að gera till. um það að bera blak af þessum skólum að því er snertir launahækkunina vegna launalaganna. En hins vegar á það eftir að sýna sig, hvernig þær ráðstafanir koma út, þegar að því kemur að gera þetta upp. Ég verð því að telja, og við flm., að það, sem bráðast liggi á nú, sé að gera skólum þessum kleift að gera reikninga sína upp fyrir yfirstandandi ár, en síðar muni af þinginu á annan hátt séð fyrir framtíðinni þeim viðkomandi, en ef það verði ekki, þá verði leitað til hæstv. Alþ. á ný. Ég er ekki í vafa um það, að nægilegur vilji er fyrir því á hæstv. Alþ., að húsmæðraskólarnir starfi áfram. Það er nægilega viðurkennt af hv. þm. flestum eða kannske öllum, að e. t. v. fátt af skólastarfsemi í landinu muni vera gagnlegra en einmitt sú skólastarfsemi, sem undirbýr væntanlegar húsmæður undir sitt húsmóður- og móðurstarf. Þess vegna tel ég víst, að þegar vakin er eftirtekt hæstv. Alþ. á því, að þessir skólar þurfa á aðstoð að halda, þá muni hún verða látin í té. Ég get ekki gizkað á, hve þetta mundi þurfa að vera í stórum stíl. Ég veit fyrst og fremst um hag og ástæður eins skólans, en ég veit fyrir víst, að það hlýtur að vera líkt ástatt fyrir þeim öllum. Þessir skólar eru 6 eða 7 í sveitum. Og þótt ég viti ekki nákvæmlega, hvað framlag þetta þyrfti að vera mikið til skólanna, þá veit ég samt, að það er rétt að samþ. þessa heimild, þó ekki væri til annars en að fyrirbyggja, að ríkisstj. þyrfti að hjálpa skólum þessum í heimildarleysi. Því að ég veit, að þegar að því kemur, að skólar þessir geti ekki starfað án aðstoðar, verður þeim hjálpað, til þess að þeir geti starfað áfram. Það lætur engin ríkisstj. loka húsmæðraskólunum. Mér þætti trúlegt, að útgjöld eftir þessari heimild gætu numið 50 þús. kr. eða kannske nálægt 100 þús. kr. En mér skilst, þó að heimild um þetta verði samþ., þá verði ekki látið samkv. henni annað en það, sem endilega þarf, til þess að skólarnir geti starfað áfram. Og þá virðist ekki vera neitt óvarlega stefnt með því að samþ. þessa heimild. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessa brtt. Ég vildi gera þess grein á hæstv. Alþ., hvernig á henni stendur, og ég vildi gera tilraun til þess að gera hæstv. Alþ. grein fyrir því, hvers vegna það er svo, að skólar þessir þurfa á meira fé að halda en þeir eiga rétt á samkv. gildandi l., og stafar það af því, að fjárframlög til þeirra eru lögbundin, en útgjöld þeirra aukast miklu hraðar en vísitöluhækkunin bætir við hinar lögbundnu tekjur skólanna.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegar brtt. (sjá þskj. 372 og 373) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. nr. 362 till., sem er XXVII. brtt. þar og ég á sínum tíma var búinn að leggja fyrir hv. fjvn., en hefur ekki hlotið náð fyrir augum hennar, um að „til byggingar rannsóknarstofnunar fyrir fiskiðnfræði og fiskifræði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans“ verði varið á fjárl. 200 þús. kr., og til vara 100 þús. kr. Þessi stofnun, sem þarna er um að ræða, má segja, að sé ein hin allra nauðsynlegasta, sem fyrir okkur liggur nú að koma upp, ef meiningin er að ráðast út í stórar atvinnulegar framkvæmdir. Með þessari stofnun er ætlazt til þess, að komið verði upp vísindalegum rannsóknum, sem sjávarútvegsiðnaður okkar geti hvílt á, með það fyrir augum, að hægt sé að tileinka íslenzkum atvinnuvegum allar þær nýjungar, sem beztar eru og þekktar eru erlendis. Það er vissulega útilokað, að við getum komið upp fullkomnum niðursuðuútbúnaði, fullkomnum hraðfrystiiðnaði og öðrum iðnaði sjávarútgerðarinnar, ef við höfum ekki rannsóknarstofnanir, sem veitt geti fiskiðnaðarfyrirtækjum þekkingu um niðurstöður, sem þær komast að í þessum efnum. Fiskifélag Íslands hefur á þessu sviði eins og öðrum sviðum hafið brautryðjandastarf. Það hefur rekið rannsóknarstofu undir stjórn Þórðar Þorbjarnarsonar, sem mun einn bezti fræðimaður okkar á þessu sviði. En bæði er, að sú stofnun hefur of litlu fé úr að spila til þessa, og eins er húsnæði það, sem þessi rannsóknarstofa á við að búa, gersamlega ófullnægjandi, þannig að sýnt er, að einnig þess vegna getur þessi stofnun ekki komið að því haldi, sem hún þarf, þegar lögð verður stund á það, sem við gerum okkur vonir um að verði sem fyrst, að komið verði upp fiskiðnaðarverksmiðjum hér á landi. Það er líka atriði, sem ekki er vert að horfa fram hjá, að það hafa komið upp vissar óánægjuraddir yfir því, að þessi félagsskapur skuli annast þessar rannsóknir, sem það gerir nú, og þessar raddir hafa komið frá ýmsum hlutum þeirra stétta, sem atvinnu sína og afkomu eiga undir því, að sjávarútveginum vegni sem bezt. Og þessar raddir hafa farið fram á það, að þessum rannsóknum verði sem mest komið á hendur ríkisins og þannig um þær búið, að sem minnstar deilur geti um þær orðið.

Nú liggur fyrir hæstv. Alþ. frv. til l. um atvinnudeild háskólans, sem samið er af mþn., sem hæstv. menntmrh. skipaði með það fyrir augum að koma á skipun, þar sem endanlega væri ákveðið fyrirkomulag atvinnudeildar háskólans, nefnilega að gera hana raunverulega að deild í Háskóla Íslands og jafnframt að stofna við þá deild fiskiðnaðardeild. Þrjár deildir eru nú starfandi í atvinnudeild háskólans, fiskideild, iðnaðardeild og landbúnaðardeild, en þar vantar fiskiðnaðardeild, sem er það allra nauðsynlegasta, eins og nú er, að undanteknum fiskirannsóknum, sem ekki verður gerður munur á, hvort nauðsynlegra er, fiskifræði eða fiskiðnfræði. Það eru nauðsynlegar greinar við háskólann, sem þörf er á að reka með miklum myndarbrag. Með þessu frv., sem ég gat um, er ætlazt til þess, að allar þessar vísindalegu rannsóknir í þágu atvinnuveganna verði reknar af Háskóla Íslands og undir stjórn hans. Vitanlega er hverri ríkisstj. í lófa lagið að sjá svo um, að þessar rannsóknir verði reknar með tilliti til þess, sem atvinnuvegirnir þarfnast á hverjum tíma, þannig að menn, sem þarna starfa, snúi sér að þeim verkefnum, sem brýnust þörf er á fyrir atvinnuvegina á hverjum tíma. En með því að setja þessar rannsóknir undir stjórn háskólans, þar með fiskiðnfræði, tel ég, að búið væri

að ganga þannig frá þessum stofnunum, að ekki ættu að þurfa að vera neinar deilur um starfsemi þeirra. Þá eru þær einnig komnar út úr því að þurfa að koma með beiðnir til fjárveitingavaldsins á hverjum tíma, þar sem þær þá væru orðnar hluti af stofnun, sem hefur sjálfsforræði, sem ég býst við, að fáir kvarti undan viðkomandi háskólanum. Þegar frv. um fiskveiðasjóð var lagt fram, var samkomulag um það í ríkisstj. að setja í það bráðabirgðaákvæði með tilliti til stofnkostnaðar byggingar sem fyrirsjáanlegt er, að koma þarf upp fyrir þessa rannsóknarstarfsemi. Er það á þskj. 315. Þar er gert ráð fyrir, að frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skuli gjald það, sem um ræðir í l. nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans. Árið 1943 var allt útflutningsgjaldið lagt til fiskveiðasjóðs, það er 1½% af verði útfluttra afurða skv. l. frá 1935, og mun vera tæpar 2 millj. kr., sem rennur nú á hverju ári til fiskveiðasjóðs. Þar með er fiskveiðasjóðsgjaldið, sem ákveðið var með l. frá 1930, orðið mjög veigalítið sem gjald til fiskveiðasjóðs, þar sem þar er ekki um að ræða nema ⅛% af verði útfluttra fiskafurða, og þess vegna taldi ríkisstj. rétt, að þetta síðastnefnda gjald félli til þessarar fiskiðnaðardeildar í fjögur ár, til þess að koma henni upp, en síðan yrði gjaldið fellt niður. Þetta ⅛% gjald af útfluttum fiskafurðum gefur nú í tekjur kringum ¼ millj. kr., þannig að ef svipaður útflutningur yrði í næstu 4 ár og verið hefur nú undanfarið, ætti það að gefa af sér á þeim tíma röska eina millj. kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að fullkomið rannsóknahús verði reist á lóð háskólans, sem fellur vel inn í allar fyrirætlanir um skipulag á háskólalóðinni. Einnig er gert ráð fyrir, að reist verði tilraunaverksmiðja, sem ekki yrði reist á háskólalóðinni, vegna óþrifnaðar og ódauns, sem mundi fylgja slíkri verksmiðju, en hún mundi verða höfð sem næst háskólanum, að fært væri. Gert er ráð fyrir, að þessi bygging kosti 1½ millj. kr., þannig að með þessu fiskveiðasjóðsgjaldi, sem gert er ráð fyrir í frv., að renni til þessarar byggingar, og með því gjaldi, sem gert er ráð fyrir með brtt. við fjárl., þá erum við komnir langleiðina með að greiða stofnkostnað þessarar rannsóknarstofnunar. Og ég tel þetta vera svo brýnt nauðsynjamál, að það megi ómögulega svo fara, að þessi fjárl. verði afgr., án þess að þingið lýsi yfir samþykki sínu með þessu máli. Meðal allra fagmanna á þessu sviði, allra vísindamanna, sem starfað hafa að þessum rannsóknum hingað til hér á landi, og þeirra nýju manna á þessu sviði, sem eru að koma heim, er einróma álit um það, að þetta sé æskilegasta niðurstaðan, að koma upp einni fullkominni stofnun, sem ríkisvaldið annist og sé undir stjórn háskólans og rekin í sambandi við háskólann, sem annist þessar rannsóknir. Og þetta er sérstaklega lagt til með samkomulagi við Þórð Þorbjarnarson, sem hefur veitt forstöðu þessum rannsóknum á vegum Fiskifélags Íslands. Og ég geri ráð fyrir, að hann verði ráðinn forstjóri þessara rannsókna, þegar þeim verður komið á á vegum háskólans. Hann hefur samþykkt að taka að sér þá forstöðu, og öllum, sem vit hafa á þessum málum, ber saman um, að hann muni vera færastur allra Íslendinga til þess að stjórna slíkum rannsóknum. Þegar þetta mál var til athugunar hjá hv. fjvn., bað ég Árna Friðriksson fiskifræðing og Þórð Þorbjarnarson fiskiðnfræðing að semja grg. um þetta mál og leggja fram fyrir hv. fjvn., og það gerðu þeir með bréfi dags. 26. nóv. s. l. Í þessari grg. telur Þórður Þorbjarnarson upp verkefni þessarar rannsóknarstofnunar fyrir fiskiðnfræði, og ég tel rétt að lesa upp þessi verkefni, með leyfi hæstv. forseta, til þess að gera hv. þm. dálítið gleggri grein fyrir því, hvaða verkefni þarna á að leysa. Verkefnin eru þessi:

1. Tilraunir og rannsóknir í sambandi við niðursuðu, niðurlagningu og frystingu fiskafurða og geymslu þeirra.
2. Vitamínrannsóknir á þorskalýsi og öðrum afurðum, sem líklegt er, að í framtíðinni verði seldar á vítamíngrundvelli.
3. Rannsóknir á efnatöpum í lifrarbræðslum og síldarverksmiðjum. Í sambandi við þennan lið er fyrirhugað almennt eftirlit með lifrarbræðslum í landinu.
4. Rannsóknir á fúavörn veiðarfæra og tilraunir með mismunandi fúavarnarefni.
5. Tilraunir með hreinsun og herzlu síldarolíu og lýsistegunda og framleiðslu þorskolíu og vitamínkonsentrata úr þeim.
6. Tilraunir með framleiðslu verðmæta úr fiskslógi og öðrum úrgangi.
7. Aðstoð við mat á sjávarafurðum í samráði við stjórnarvöldin og á þann hátt, sem síðar kann að verða ákveðið.
8. Upplýsingastarfsemi og fræðileg aðstoð við byggingu og rekstur fiskiðnfyrirtækja.

Einn stærsti þáttur í starfi þessarar stofnunar verður að líkindum að rannsaka möguleika til þess að vinna ýmis verðmæt efni úr úrgangi úr framleiðslu sjávarútvegsins. Það er nú eitt mesta áhyggjuefni allra, sem um sjávarútvegsmál hugsa, hve miklu við verðum hér á landi að kasta af úrgangi sjávaraflans. Þetta gengur svo langt, að oft er þannig í verstöðvum, að óhjákvæmilegt er að kasta meiru en helmingi af því fiskmagni, sem borið er á land, af því að ekki er hægt að gera neitt verðmæti úr því. Það sér hver maður í hendi sinni, að þetta getur ekki gengið svo áfram. Þarna er kastað mjög verðmætum efnum, sem gætu, ef hagnýtt væru, gerbreytt afkomu fjölda fiskimanna, sem afla fisksins, og eins þeirra fyrirtækja, sem fyrir fiskveiðunum standa í hverju tilfelli. Það er svo nú, að ég býst við, að í sumum verstöðvum hvíli afkomumöguleikar margra manna á því og verði beinlínis undir því komnir, hvort betur tekst í framtíðinni en hingað til hefur verið að vinna úr þessu úrkasti fiskaflans.

Það kann að hafa blandazt inn í þetta mál hjá sumum, að með því að taka þessar rannsóknir úr höndum Fiskifélags Íslands og setja þær undir stjórn háskólans, eins og hér er ætlazt til, þá sé verið að vanþakka Fiskifélaginu, og þetta sé illa gert gagnvart því. Ég held, að þetta

sé ákaflega mikill misskilningur, sem kemur fram í þessari skoðun. Fiskifélagið á fullar þakkir skilið fyrir það forustustarf, sem það hefur rekið á þessu sviði. En nú eru bara verkefnin orðin svo mikil og þjóðin á svo mikið undir þessum rannsóknum, hver einasti eigandi fiskiðnaðarfyrirtækja, hver einasti sjómaður, hver einasti útgerðarmaður og þjóðin í heild sinni líka, af því að þessar rannsóknir verða að vera undirstaða undir ýmsum þáttum eins aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, sjávarútvegsins, að það er ekki hægt að láta sér nægja þá krafta og þá aðstöðu, sem Fiskifélagið getur haft til þessara rannsókna. Og við verðum að taka þessi mál fastari tökum en hægt er að gera með því að hafa þessi mál í höndum Fiskifélagsins. Og jafnframt því, að þetta verkefni væri tekið úr höndum þess félags, væri því þakkað það brautryðjandastarf, sem það hefur af hendi leyst í þessum efnum. Og af því starfi hefur leitt það, að við eigum nú sérfræðinga í þessum efnum, sem við vonum, að við fáum að njóta, þegar við getum búið þeim starfsskilyrði í háskólanum. Fiskifræðirannsóknirnar byrjuðu á vegum Fiskifélagsins, en þegar skilningur jókst á nauðsyn fiskirannsóknanna, kom það á daginn, að það var ofætlun Fiskifélaginu að annast þær rannsóknir, heldur þyrfti ríkið að taka þær að sér. Og það var gert með stofnun fiskideildar í atvinnudeild háskólans. Hefur hún mátt sín mikils síðan og mikið getað aukið fiskirannsóknarstarfsemi, þó að það sé alls ekki þannig, að við getum gert okkur ánægða með það. Árni Friðriksson fiskifræðingur er sannfærður um það, að einmitt sú breyting, sem varð á fyrirkomulagi fiskirannsóknanna, hafi orðið til þess að stórbæta alla aðstöðu til þessara rannsókna og auka möguleika þessara rannsókna til þess að koma þjóðinni og atvinnuvegum hennar að fullu gagni. Og bæði dr. Þórður Þorbjarnarson og Árni Friðriksson eru sammála um, að sama máli sé að gegna nú í sambandi við þær till., sem nú liggja fyrir um breyt. á fyrirkomulagi fiskiðnrannsóknanna, um að breyta því úr því að vera á vegum Fiskifélagsins í það að vera á vegum ríkisvaldsins og undir stjórn háskólans, sem tryggir það, að vísindamenn geti starfað rólegir að sínum viðfangsefnum, án allrar íhlutunar frá því framkvæmdarvaldi, sem oft vill verða nokkuð reikult í ráði vegna örra skipta á starfsmönnum þar. Það er sem sagt í stuttu máli almennt álit allra fagmanna okkar á þessu sviði, að þetta sé heppilegasta tilhögunin á fiskiðnrannsóknunum, og það er í einu og öllu orðið að ráði þeirra. Ég veit líka, að menntamenn okkar á öðrum sviðum, þar á meðal prófessorar háskólans, ég held allir, eru sammála um, að þetta muni vera æskilegasta lausnin á þessu mjög svo þýðingarmikla máli. Og ég held líka, að það sé mjög almennur skilningur hjá þessum menntamönnum okkar, sem ráða í Háskóla Íslands, um þá mjög svo miklu þýðingu, sem fiskiðnrannsóknir hafa fyrir sjávarútveginn, þann atvinnuveg, sem við ætlum nú að snúa okkur að með fullum krafti að byggja upp.

Ég vil þess vegna mega treysta því, að hv. þm. leggi þessu mjög svo þýðingarmikla máli lið sitt með því að samþ. þessa brtt. mína á þskj. 362, XXVII, um að leggja til byggingar rannsóknarstofnunar fyrir fiskiðnfræði og fiskifræði á vegum Háskóla Íslands 200 þús. kr. Og ef hv. þm. sumir telja þetta of mikla upphæð að veita nú, hef ég flutt varatill. um, að upphæðin verði 100 þús. kr.

Ég vil að lokum í þessu sambandi taka fram, að það er gert ráð fyrir að sameina í einu húsi rannsóknarstarfsemi og fiskifræði, og þegar hafa verið gerðar teikningar að þessu, að vísu ekki endanlegar teikningar, en byrjunarteikningar. Og að gert er ráð fyrir, að fiskideildin verði þarna líka, er af því, að húsrúm hennar í atvinnudeild háskólans er of lítið, sem er sérstaklega aftur af hinu, að sú önnur starfsemi, sem fer fram í atvinnudeildinni, vegna landbúnaðar og iðnaðar, svo og gerlarannsóknir og þess háttar og rannsóknir á byggingarefni, þetta allt býr við svo þröngt húsrúm, að nauðsyn er á því húsrúmi, sem atvinnudeildin hefur nú yfir að ráða, sem nú er notað fyrir fiskideildina, til annarrar rannsóknarstarfsemi, sem atvinnudeildin hefur með höndum og ég greindi. Og þótt ekki yrði ráðizt í að byggja þetta hús fyrir fiskiðnfræði, sem ég geri að till. minni, að verði einnig notað fyrir fiskideildina, þá verður óhjákvæmileg nauðsyn að byggja hús samt sem áður, ef við viljum ekki láta fræðimenn okkar, sem við rannsóknir eiga að starfa í atvinnudeildinni, tefja hvern fyrir öðrum. Nú starfa þar oft 2—3 menn í sama herbergi, en við það verður ekki unað, heldur verður að skapa þeim þau starfsskilyrði, sem forsvaranlegt er að láta þá starfa við í þágu ríkisins. Ríkið verður að sjá þeim mönnum fyrir starfsskilyrðum, sem það ræður í þjónustu sína, ef nokkurt vit á að vera í því að ráða þá. Og þá verðum við að vera samtaka um að skapa þeim starfsskilyrði með því að byggja hús yfir þá starfsemi, sem þeim er falið að leysa af hendi, eftir því sem þörf krefur.

Þá hef ég flutt brtt. á þskj. 366,I, um framlag til hafnarmannvirkja fyrir Siglufjarðarkaupstað, þar sem ég legg til, að fyrir 100 þús. kr. komi 200 þús. kr. Þessi brtt. er flutt samkv. ósk bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar, og sendi ég hana á sínum tíma til hv. fjvn. En hv. fjvn. sá sér ekki fært að mæla með meiri upphæð en 100 þús. kr. í þessu skyni. Ég vil taka fram, að þau verkefni, sem fyrir liggja í hafnarmálum Siglufjarðarkaupstaðar, eru aðallega dýpkun á innri höfninni og bygging geysimikils nýs lands innan við Siglufjarðareyri. Krikinn innan við Siglufjarðareyri er miðstöð síldarsöltunarinnar á Íslandi og hefur verið það, ég býst við óhætt að fullyrða, um 40 ár. Á þessu svæði hefur langsamlega mestur hluti íslenzku saltsíldarinnar verið saltaður. En þannig er ástatt, að á hverju ári grynnkar höfnin meira og meira vegna framburðar, sem berst með straumi inn í höfnina. Þannig er nú komið, að syðstu söltunarstöðvar innan við Eyrina eru nú lítt nothæfar vegna grynninga. Bryggjurnar verða vegna grynninganna óhæfilega langar og þrátt fyrir það komast ekki nema smábátar að þeim. Þetta hefur orðið og verður til þess að draga úr síldarsöltun þarna. En það er ekki vafi á því, að Siglufjörður

liggur betur við síldarsöltun en nokkur annar staður á landinu. Siglufjarðarbær á tilveru sína því að þakka, að fjörðurinn er á miðju síldveiðisvæðinu. Það er ekki vegna þess, að síldveiðitækjum hefur verið komið upp á Siglufirði, að hann er miðstöð síldveiðanna, heldur af því, að hann er á miðju síldveiðisvæðinu, og það er það, sem skapað hefur byggð á Siglufirði. Þetta er ákaflega snjóþungur staður og miklir kuldar þar, en þrátt fyrir þetta hefur þetta orðið nokkuð stór bær, vegna þess hve hagstæðir þessir atvinnuhættir eru. (*Forseti:* Má ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni). Já, ég á mikið eftir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég ætlaði að skýra frá því, að þarna á Siglufirði er verið að byggja stóran hafnargarð, sem myndar stórt undirlendi, sem er mjög gott í eins þröngum firði og Siglufirði, og skapar það möguleika til að koma upp stórum söltunarstöðvum, betri en þeim, sem nú eru. Þær gömlu eru mjög slæmar. Þeim er hrófað upp og er mjög lítið um þær hirt. Nú er meiningin að ráðast í að byggja stóra nýtízku söltunarstöð, sem gæti gefið okkur möguleika til að salta síldina með miklu betri gæðum en við höfum gert hingað til. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því, að síldarsöltun verður einn þýðingarmesti þátturinn í sjávarútvegi okkar. Við höfum mikinn markað fyrir saltsíld, og það er svo, að alls staðar þar, sem íslenzk síld hefur komið á markað, hefur hún verið mjög eftirsótt, hún er viðurkennd gæðavara, sem allir vilja kaupa. Við höfum saltað þetta frá 2—3 þús. tunnur, en við eigum að geta aukið söltun okkar, ef við fáum þann útbúnað og þau tæki, sem við þurfum, upp í 7 þús. tunnur. Og það er gífurleg atvinna, sem þetta skapar, og aukinn þjóðarauður, sem af þessu mundi hljótast, ég tala ekki um, ef við gætum líka gengið frá þessari söltuðu síld okkar í dósir, útbúið hana á borðið til neytenda og þar með notað til þess íslenzkan vinnukraft. Þetta byggist mikið á því, að bæjarstjórn Siglufjarðar geti komið fram þessu áformi með nokkuð miklum hraða, og ég held, að það sé varlega í farið að biðja um 200 þús. kr. til þessarar hafnar og ekki sé annað hægt en að leggja það fram nú.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að hinu svo kallaða Rauðkumáli. Ég flyt till. á þskj. 362 ásamt 3. þm. öðrum, hv. 4. þm. Reykv. (StJSt), hv. 7. þm. Reykv. (SK) og hv. 1. þm. Eyf. (BSt). Hún hljóðar svo: „Að ábyrgjast vegna síldarverksmiðju Siglufjarðar, Rauðku, 2 millj. kr. lán til þess að greiða áfallinn byggingarkostnað og vegna stækkunar verksmiðjunnar upp í 10 þús. mála afköst fyrir næstu síldarvertíð, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.“ Þetta mál var mikið rætt hér haustið 1944, og er ekki nein sérstök ástæða til að rekja það neitt nú. Siglufjörður lagði út í að stækka verksmiðjuna vorið eða veturinn 1944, og var það meining þeirra í upphafi að stækka verksmiðjuna upp í 5 þús. mála afköst, eins og búið var að undirbúa 1939. Árið 1939 var Siglufjarðarkaupstaður búinn að útvega sér 1 millj. norskra kr. og auk þess ½ millj. kr. innlent lán til að koma þessari verksmiðju upp. En af einhverjum ástæðum varð ekkert úr framkvæmdum, til stórtjóns fyrir Siglufjörð og síldveiðarnar yfirleitt. Það er ekki nokkrum vafa bundið, að ef verksmiðjan hefði verið byggð þá, ætti Siglufjörður þessa verksmiðju skuldlausa og hún búin að færa bæjarbúum stórkostlega fjármuni til þess að hrinda í verk ýmsum bæjarframkvæmdum, auk þess sem hún hefði gert síldarútvegi okkar mikið gagn, því að síðan 1939 hafa komið fyrir löndunarstöðvanir vegna of lítilla afkasta, og stundum hefur orðið að moka síldinni í sjóinn, svo að hundruðum mála skiptir. Það er því ekki nokkur minnsti vafi á því, að það var hinn mesti skaði fyrir Siglufjörð og sjávarútveginn yfirleitt, að ekki skyldi vera byggð þessi verksmiðja 1939.

Bæjarstjórnin fer fram á, að ríkisstj. ábyrgist 2 millj. kr. viðbótarlán til þess að auka verksmiðjuna. Sér hver maður, að það er minni áhætta fyrir ríkissjóð að veita 2 millj. kr. ábyrgð fyrir viðbótarláni upp á það, að afköstin aukist upp í 10 þús. mál, en sú ábyrgð, sem ríkið er að leggja þeirri verksmiðju, sem afkastar 5 þús. málum. Það er svo miklu meira en það, sem svarar þessari áhættu, að það er beinlínis hagkvæmt út frá sjónarmiði ríkissjóðs að veita þessa viðbótarábyrgð. Nú eru rökin, sem liggja til þess að byggja þessa verksmiðju, mjög mörg og sterk, og vil ég þá fyrst taka fram, að ef öll þau skip, sem nú eru í smíðum, þar með talin sænsku skipin, verða komin á veiðar fyrir næstu vertíð, — og ég býst við að svo verði, — þá erum við, þegar tillit er tekið til þeirrar aukningar, sem þegar er orðin, verr staddir eða a. m. k. ekki betur staddir með afköst verksmiðja okkar en við vorum á fyrri árum stríðsins. Það er verið að byggja 10 þús. mála verksmiðju á Siglufirði og 7 þús. mála verksmiðju á Skagaströnd. En ég er ekki alveg viss um, að verksmiðjan á Skagaströnd geti orðið til fyrir vertíðina, og byggist það á því, að staðið hefur á hafnarmannvirkjum þar, sökum óhagstæðs tíðarfars í sumar, og það mun gera miklu örðugra um uppskipun á vélum og efni til verksmiðjunnar. Ef svo fer, að ekki verður hægt að koma upp þessari verksmiðju á Skagaströnd fyrir næstu vertíð, þá erum við greinilega verr staddir en við vorum á fyrri árum stríðsins, þegar Íslendingar urðu að fyrirskipa veiðibann og skipin máttu sig ekki hreyfa úr höfn. Frá því almenna sjónarmiði er því Rauðka mjög kærkomin aukning á vélaafköstum verksmiðja okkar.

Ef maður tekur kostnaðarliðina, þá vil ég taka fram, að þetta er alveg óvanalega ódýr verksmiðja, og verður hún í öllu falli nokkrum millj. kr. ódýrari en sú síldarverksmiðja, 10 þús. mála, sem verið er að byggja á Siglufirði nú. Og þess vegna hlýtur það að vera lítil áhætta fyrir ríkið, frá því sjónarmiði séð, því að hún kemur fyllilega til með að standa fyrir sínu. Allt, sem Siglufjarðarkaupstaður átti í verksmiðjunni, er komið inn í þetta, mjög mikið af efni, nokkuð af vélum, lóð og hús að hálfu leyti, af því að húsið er byggt upp þannig, að gamall grunnur var tekinn og steyptur og svo sett þak yfir. Annars er húsið það sama. Það, sem Siglufjarðarkaupstaður hefur þannig lagt inn í þetta, eru geysileg verðmæti. Við skulum hugsa okkur,

að það fari eins illa og það getur frekast farið, — komi nýtt síldarleysisár og stórtap verði á þessari verksmiðju. Þá hefur ríkið þann kostinn að velja að yfirtaka verksmiðjuna. Þessi verksmiðja kostar, þegar maður leggur við rekstrartapið í sumar, ekki meira en í kringum 7½ millj. kr., en ég geri mér ekki vonir um, eftir því sem fyrir liggur, að síldarverksmiðja ríkisins, sem verið er að byggja á Siglufirði, verði undir 10 millj. kr., og byggist það á því, að þar hefur orðið að reisa hús frá grunni, þar var ekkert á að byggja. Ef illa fer fyrir Siglufjarðarbæ, stendur ríkið frammi fyrir því að yfirtaka þessa verksmiðju, sem er fyllilega sambærileg við þær verksmiðjur, sem ríkið á nú, og það er svo hagkvæmt, af því að þessi verksmiðja er í höfuðstað síldariðnaðarins og því ákaflega gott að reka hana í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins. Þannig standa málin. Ef bæjarfélagið gefst upp á þessu fyrir einhverra hluta sakir, eru hæg heimatökin fyrir ríkið að yfirtaka verksmiðjuna. Og enginn efast um það, að þarna í verksmiðjunni er allt fyrsta flokks, enda hef ég ekki heyrt nokkurn mann bera brigður á það. Það hefur allt verið vandað til hins ýtrasta í þessari verksmiðju. Fjárskortur og önnur vandræði hafa ekki verið látin hafa áhrif á það. Nafn Snorra Stefánssonar er trygging fyrir gæðum verksmiðjunnar, og ber enginn brigður á, sem þekkir hann persónulega. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að Siglufjarðarkaupstaður gefst ekki upp. Ég er sannfærður um, að þessi verksmiðja verður honum til blessunar og kemur til með að borga sig niður. Hitt vildi ég aðeins benda á, að ef það fer eins illa og við getum hugsað okkur það verst, þá tekur ríkið þessa verksmiðju yfir, — og að hún er fyllilega sambærileg við ríkisverksmiðjurnar. Þetta er það atriði, sem ég vildi sérstaklega undirstrika.

Þetta mál var lagt fyrir fjvn. og er flutt hérna af mönnum úr öllum flokkum. Í bæjarstjórn Siglufjarðar var það samþ. með atkv. allra bæjarfulltrúanna. Á Siglufirði er þetta mál ofan við alla flokka og flutt þannig hérna í þinginu til þess að undirstrika, að þetta sé ekki flokksmál, heldur mál, sem allir Siglfirðingar standa að, og vænta þeir góðra undirtekta Alþ. Það kom einnig maður vegna undirbúnings þessa máls, Aage Schiöth lyfsali, sem er form. verksmiðjustjórnar Rauðku. Hefur hann lagt fram gögn og áætlun í þessu máli, er mun hafa verið lagt fyrir fjvn., til þess að hún gæti kynnt sér þetta mál. Því miður varð niðurstaðan hjá fjvn. sú, að hún taldi sér ekki fært að flytja málið, og af þeim sökum hef ég, ásamt meðflm. mínum, flutt þetta mál. Hæstv. fjmrh. (PM) bar fram ósk um, að ábyrgðarbeiðnir, sem oft hefur verið rætt um, að muni koma hér fram í sambandi við ýmis bæjarfélög, 8 millj. kr. ábyrgð á einum staðnum, 3 millj. kr. á öðrum staðnum, — verði teknar aftur, þar með talin þessi ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað. Þó viðurkennir hæstv. ráðh., að það standi sérstaklega á með Síldarverksmiðjur ríkisins. Og það er rétt, eins og ég tók fram, að þessi aukna ábyrgð fyrir Rauðku er beinlínis til að minnka áhættu ríkisins, sem þegar er komið í stórar ábyrgðir fyrir þetta fyrirtæki. Þarna gegnir allt öðru máli, eins og hann réttilega benti á. Ég vil út af ósk hv. fjmrh., sem ég vil tæpast telja, að beint sé til mín og flm. þessarar till., vegna þess fyrirvara, sem hæstv. ráðh. gerði, — taka fram, að til þess að þessi verksmiðja geti staðið í 10 þús. mála afköstum fyrir næstu vertíð, má engan tíma missa til þess, sem þarf að smíða, að ég hygg. Það er ekki strax búið að því. Það þarf að kaupa skilvindur. Þær eru ekki til á lager og þarf að smíða þær sérstaklega. Þannig þolir málið enga bið, ef gengið er inn á þá braut að gefa Siglufjarðarkaupstað aðstöðu til að stækka verksmiðjuna. Þess vegna er það óhjákvæmileg nauðsyn að fá úr þessu skorið nú. Þegar fram í febrúar er komið, er það orðið of seint. Að fresta þessu máli er sama og að fella það. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, og með tilliti til þess fyrirvara, sem hæstv. fjmrh. gerði í ræðu sinni, vænti ég þess, að hann fallist á þá skoðun mína, að mér sé ekki fært að draga þessa till. aftur.

Siglufjarðarkaupstaður stendur í miklum skuldbindingum við ríkissjóð og ekkert bæjarfélag á landinu í hlutfalli við íbúafjölda stendur í eins miklum óbættum sökum við ríkissjóð, og það er ekki minnsti vafi á því, að hann hefur fulla löngun til að standa við þær skuldbindingar og höggva í þær stóru skuldir, sem ríkissjóður er í fyrir þennan kaupstað. Og það er ekki vegna þess, að kaupstaðurinn vilji ganga freklega fram til að heimta ábyrgðir handa sér, með þessu tiltölulega óverulega fjárframlagi til að stækka þessa verksmiðju, því að þá eru kaupstaðnum skapaðir miklu meiri möguleikar en áður til að geta losað ríkissjóð algerlega við þessar ábyrgðir. Það er þess vegna, sem kaupstaðurinn gerir þessa kröfu, sem hver einasti bæjarbúi er sammála um að fara fram á í trausti þess, að Alþ. skilji, hvað fyrir Siglufirði og bæjarstjórn Siglufjarðar vakir. Það er ljóst, að ef Siglufjarðarkaupstaður hefði ekki orðið fyrir því óhappi á fyrsta rekstrarári verksmiðjunnar, að hin mikla síldarleysisvertíð skall yfir, svo að síldveiðin brást gersamlega, þá hefði hann getað framkvæmt þessa stækkun af eigin rammleik, en þessi skellur skaðar bæinn og verksmiðjuna um meira en það, sem nemur tapinu, því að hann hefur gert lánsstofnanirnar svo hræddar, að þær vilja helzt ekkert fyrir síldarútveginn gera. Og meðal annars mun sá bankinn, sem helzt á að sinna þessum málum, Útvegsbankinn, eiga svo mikið bundið fé í síldarútgerðarfyrirtækjum frá síðustu vertíð, sem hann hefur ekki getað fengið borgað vegna þess, hvernig vertíðin fór. Og það er þess vegna óeðlilegt að gefa Siglufjarðarkaupstað ekki tækifæri til að koma upp fullkominni verksmiðju, þegar þörfin fyrir verksmiðju er svo mikil fyrir þjóðina í heild eins og raun er á, þrátt fyrir það að þetta óhapp hefur orðið, sem alltaf má gera ráð fyrir í sjávarútveginum. Með tilliti til þess, sem ég hef sagt um þessa Rauðkuábyrgð, leyfi ég mér að vænta þess, að hv. þm. sýni Siglufjarðarkaupstað fulla sanngirni í þessu máli og veiti þá ábyrgð, sem farið er fram á.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 374) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Það hefði kannske verið ástæða til að minnast almennt á málið, en það ætlaði ég ekki að gera og vísa því til þess, sem ég hef áður sagt þar um. Ég hafði ekki ætlað mér að gera till. annarra þm. að umtalsefni, en vil þó segja nokkur orð út frá þeirri ræðu, sem hæstv. atvmrh. (ÁkJ) flutti hér áðan. Í þessu stórmáli, sem áður hefur verið hér til meðferðar, er ýmislegt, sem þyrfti frekari upplýsinga við, t. d. þetta, hve mikið af lánum hafi verið boðið út á Siglufirði, heima fyrir, til viðbótar þeirri ábyrgð, sem hér var veitt í fyrra, og vil ég skjóta því hér fram, að ég hefði talið skynsamlegra af hæstv. ráðh. að flytja varatill. við þetta mál. Gera má ráð fyrir, að þeim, sem vilja styðja að því, að afköst Rauðku væru aukin upp í 10 þús. mál, hafi ekki þótt þessi ábyrgð vera um of til að koma þessu í framkvæmd, og að síðar mætti athuga, hverjar bætur yrðu að því og hvort bærinn gæti haldið verksmiðjunni.

Við þm. S.-M. eigum hér till. saman, varðandi vegi og brýr. Það er fyrst og fremst til að brúa Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal. Þessar ár skipta þessum sveitum í tvennt og eru örðugar viðfangs. Það hefur lengi verið sótt um að fá þær brúaðar, en ekki tekizt, og flytjum við nú einu sinni enn till. um, að það verði gert. — Hofsá í Álftafirði klýfur sveitina í sundur. Sjaldan er þar bílfært, en leiðin er afar fjölfarin frá Hornafirði og austur um land. Þeir eru margir, sem fella sig ekki við að koma til Hornafjarðar og geta ekki haldið ferðinni áfram á landi. En til þess að það sé mögulegt eru vegir og brýr stórt og veigamikið atriði, sem verður að bæta úr. Það telst svo til, að til þessarar brúar hafi verið farið fram á flestar fjárveitingar til þessa, en án árangurs.

Vegatill. eru þrjár. Fyrst er Skógavegur. Það er vegur, sem liggur af aðalveginum til Hallormsstaðar. Honum er ábótavant og er ekki eins góður og hann þyrfti að vera á jafnfjölfarinni leið. Fjvn. ætlar til hans 10 þús. kr. Það er lítið hægt að gera fyrir þær, og hefur verið farið fram á 30 þús. kr. — Annar vegurinn er Fagradalsbraut, þ. e. vegurinn til Reyðarfjarðar. Það er eins og allir vita gamall akvegur, sem hefur verið vel við haldið, en er mjög lágur og er því ófær mikinn hluta vetrarins oft og tíðum, en ef hann væri hækkaður, mundi verða að því veruleg bót og Héraðið verða í sambandi við aðalhöfnina. Það er farið fram á 100 þús. kr. í þessu skyni í samráði við vegamálastjóra. — Sá þriðji er Berufjarðarvegurinn. Lagt er til, að framlag til hans hækki úr 15 þús. kr. í 25 þús. kr.

Loks er það till., sem ég er fyrsti flm. að, en aðrir Austfjarðaþm. flytja með mér. Hún er um það að heimila ríkisstj. að verja allt að 500 þús. kr. til að byggja varðskip, er annist landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Austfjörðum. Keyptir hafa verið bátar fyrir landhelgisgæzlu og björgunarstörf. Ég er hræddur um, að þeir verði aldrei til björgunarstarfa, svo að ekki sé meira sagt. Við þessir flm. hefðum að sjálfsögðu getað fallizt á að láta þetta mál vera í höndum ríkisstj., en þegar við sáum, að hér er haldið fram við 3. umr. till. um smíði á bát fyrir Vestfirði, þá er ekki lengur hægt að krefjast þess af okkur, að við höfumst ekkert að, og því höfum við flutt þessa till. Við þykjumst geta fært glögg rök fyrir því, að það sé ekki síður brýn nauðsyn á því að hafa hentugan varðbát og björgunarbát á Austfjörðum en á Vestfjörðum. Þess vegna er till. komin fram. Það er tilraun af okkar hendi til að gæta þess, að okkar hlutur verði ekki eftir í sambandi við þetta mál.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um till., og get ég látið niður falla að ræða um önnur atriði í sambandi við þessi mál.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú að verða endir á þessum umr. um fjárl., sem búnar eru að standa alllangan tíma. Þegar litið er á allar þær ádeilur, sem fram hafa komið frá ýmsum háttv. þm. á fjvn., þó undanskilin skot úr baunabyssu hv. þm. Vestm. (JJós), þá held ég, að fjvn. megi vel una þeim móttökum og þeim dómi, sem verk hennar hafa fengið hér á Alþ.

Það verður engan veginn sagt, ef nokkuð má marka þskj., sem fram hafa komið, að fjvn. hafi verið bruðlsöm. Það eru hvorki meira né minna en brtt. fyrir um rúmar 10 millj. kr., sem liggja fyrir fram yfir það, sem fjvn. leggur til, svo að það verður ekki annað sagt en hún hafi ekki verið bruðlsöm, þó að hæstv. fjmrh. þyki nóg um hallann á fjárl., sem ég er honum alveg sammála um. Þó verður varla heldur sagt, að hún hafi verið ákaflega sparsöm, ef miðað er við afgreiðslu fjárl. undanfarinna ára, og hefur henni þá tekizt að þræða hinn gullna meðalveg, sem fjvn. hefur ekki tekizt áður að gera, ef marka má nokkuð þau plögg, sem fyrir liggja.

Þá vil ég leyfa mér að víkja nokkuð að ræðu hæstv. fjmrh. (PM) og þá fyrst og fremst till., sem hann hefur borið fram á þskj. 372. Fjvn. hefur ekki haft tækifæri til að ræða hana og athuga, því að hún kom fyrst fram í kvöld, eins og kunnugt er, og þykir mér að sjálfsögðu nokkuð miður að hafa ekki haft tækifæri til að ræða um þetta atriði við n. Get ég því ekki talað um till. í nafni n., heldur mun ég tala um hana frá mínu eigin sjónarmiði og ætlast ekki til, að það verði tekið til ábyrgðar af n. hálfu. Hæstv. fjmrh. fer hér fram á að fá heimild til að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda allt að 30%, ef þess gerist þörf, og fyrir mín tilmæli hefur þetta verið orðað þannig, að þetta skuli gert eftir jöfnum hlutföllum, eftir því sem við verður komið. En ég vil í sambandi við þetta leggja aðaláherzluna á, að ég tel, að fjvn. mundi ekki fella sig við, að þetta væri látið ganga út yfir þær brýnu vega- og brúaframkvæmdir, sem tilheyra hinum strjálu byggðum. En það er vitanlegt, að hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir því, að hann teldi ranga stefnu að eyða miklu fé til vega úti um landið, og það er einnig vitað, að hæstv. samgmrh. (EmJ) hefur haldið þessu sama fram. Þegar fjárlfrv. var fyrst lagt fram, bar það svip þess, að skera ætti niður þorrann af smærri vegaframkvæmdum í landinu. Út af

þessari till. vil ég taka það fram, að ég lít ekki svo á, þó að ég mundi ljá henni samþykki, að hún sé til þess, að framkvæmdir verði algerlega skornar niður, því að ég hef óskað eftir því, að þetta yrði gert hlutfallslega. Það á að gera margar aðrar framkvæmdir, eins og margar stórbyggingar, sem vafasamt er að byggja á næsta ári, ekki einasta af því að þær eru stórar, heldur vegna þess, að þær eiga ekki hvað minnstan þáttinn í að auka dýrtíðina í landinu, vegna þess, að því meiri sem eftirspurnin er eftir fólki og efni til þessara nota, því dýrari verða þessar byggingar og því erfiðara verður að halda dýrtíðinni niðri við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Um heimild til lántöku er það að segja, að ég tel það sjálfsagt og rétt, enda ekki annars úrkosta nú eftir að búið er að ganga frá fjárl. eins og þau líta út í dag, hvað þá eftir að búið er að ljúka afgreiðslu þeirra við 3. umr.

Hæstv. fjmrh. ræddi hér um till. út af Steingrími Matthíassyni lækni. Ég minnist þess, að þegar þetta var rætt í n., tóku allir því mjög vel, en sökum þess að það var þá ekki komið í það form, sem það er nú komið í, og ekki var vitað, í hvaða formi ráðh. óskaði að hafa það, þá var ekki gengið frá því í n. Hins vegar hefur n. fjallað um till. viðvíkjandi Guðjóni Samúelssyni. N. varð ekki sammála um hana, og munu sumir nm. greiða atkv. á móti, að ég held til að lækka hina aðaltill., og hef ég gert grein fyrir því í framsöguræðu minni. Þriðja till., sem hæstv. ráðh. minntist á, var aldrei borin undir n. Hún var um ljósprentaða útgáfu á fornritum. Hins vegar var till. um námsstjórn, frá hæstv. menntmrh. og fjmrh., borin undir n., en hún gat ekki fallizt á að samþ. hana eins og hún lá fyrir.

Ég vil þá snúa mér að þeim atriðum, sem hæstv. atvmrh. (ÁkJ) minntist á út af Rauðkuábyrgðinni. Ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir þeim starfsaðferðum, sem hæstv. ráðh. hefur valið sér í þessu máli. Það fyrsta, sem skeður í þessu máli, er það, að bæjarstjórnin á Siglufirði samþ. 21/11, eða fyrir rúmum 3 vikum, að senda til þm. kjördæmisins beiðni um að bera fram þáltill. um ábyrgð til handa síldarverksmiðjunni, eins og nú er borið fram í ábyrgðarheimild hér í þinginu. Hvers vegna hefur hæstv. atvmrh., hv. þm. Siglf. (ÁkJ), daufheyrzt við þessu máli, þegar hann telur það nú lífsskilyrði fyrir síldarverksmiðjur bæjarins, að þetta nái fram að ganga hér á fjárl.? Það næsta er, að bréf er sent til fjvn. með beiðni um, að hún flytji þessa till., og getur fjvn. ekki skilið það öðruvísi en svo, að hv. þm. kjördæmisins hafi viljað víkja þessu verki frá sér. Honum bar þó fyrst og fremst skylda til að flytja till. Nú tók fjvn. mjög vel á þessu máli og hæstv. atvmrh. var mjög vel kunnugt um það. Hún vildi aðeins ekki hafa málið í þessu formi, að setja þetta inn á fjárl., og telur, að slíkt stórmál eigi ekki að koma fram í þ. á síðustu stundu, og sannleikurinn er sá, að hér hefur hæstv. atvmrh. gert róttæka tilraun til að tefja þessa umr. og afgreiðslu fjárl., því að hann veit, að þetta mál hlýtur að vekja stórkostlegar deilur, og það er engin önnur ástæða fyrir því, að málið er lagt fram í þ. á elleftu stundu. Hann veit, að hæstv. forseti mun ekki hafa þolinmæði til að halda fundinum áfram svo lengi sem menn vildu ræða um þetta mál. Sannleikurinn er sá, að það vantar allar upplýsingar um þetta mál, til þess að hægt sé fyrir þm. að greiða um það atkv. Fyrir það fyrsta er það ekki rétt meðfarið eins og það er sett inn í till., að það sé eingöngu verið að fá ábyrgð til að stækka verksmiðjuna, heldur til að standa við þær greiðslur af skuldum, sem hún hefur ekki getað innt af hendi. Og þannig er þetta tilkomið, að verksmiðjan á ekki einu sinni sjálf þessi áhöld. Það eru aðrir aðilar, sem eiga þetta í verksmiðjunni, og geta þeir tekið það, hvar sem er í verksmiðjunni, sem nemur 2 millj. kr. Og þó að hér sé verið að sækja um ábyrgð fyrir 600 þús. kr. og 540 þús kr. til stækkunar, þá vildi ég benda hæstv. atvmrh. á, að það liggur engin grg. fyrir því hér, að verksmiðjan sé 10 þús. mála verksmiðja, þegar búið er að setja þessa hluti í hana, sem ekki kosta nema 540 þús. kr. Þetta eru þær upplýsingar, sem n. vildi fá, og það má hver lá henni sem vill, að hún hefur ekki viljað leggja nafn sitt við það að mæla með þessari ábyrgð, þegar ekki var hægt að fá þessar upplýsingar. Hæstv. ráðh. var bent á það, að eðlilegasta leiðin væri, að hann sjálfur, sem þm. kjördæmisins, flytti þáltill. um þetta mál, og honum var jafnframt skýrt frá því, að fjvn. mundi taka mjög vel í það mál og gera allt til þess að hjálpa því máli áfram og krefjast upplýsinga um það, á hvaða stigi málið stæði. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þessi skýrsla, sem hér hefur verið lögð fyrir fjvn., er ekki nákvæmari en það, að þar er sagt, að verksmiðjan sé annaðhvort 5000 eða 7000 mála verksmiðja. Það er ekki kunnugt um það enn, hvort hún er 5000 eða 7000 mála verksmiðja, og höfum við þá heldur ekki fengið að vita, hvort hún verður 8000 eða 10000 mála verksmiðja, þegar búið er að lána í hana 540 þús. kr. í viðbót, eins og farið er fram á. Ég segi þetta ekki til þess að vera á móti málinu, en vil aðeins benda á þær veilur, sem voru á þessu máli frá hendi hæstv. atvmrh. og ekki var hægt að laga, svo að n. geti tekið pósitíva ákvörðun í málinu. Það er hægt að setja fram þessa ákvörðun um 5000—10000 mála verksmiðju, en hitt er annað atriði, að þessar tölur hafa ekki sannfært mig enn þá, til þess þarf betri upplýsingar en þessar, en séu þær réttar, að þessi verksmiðja sé talin vera 5000—7000 mála verksmiðja, getur hún ekki haft meiri ágóða en 200000 kr., en 10000 mála verksmiðja á að hafa komizt upp í næstum 1 millj. kr. ágóða með öllum sömu skilyrðum.

Þá vildi ég spyrja hæstv. atvmrh.: hvers vegna hefur hann þá undir sinni stjórn ætlazt til, að byggð yrði verksmiðja á Skagaströnd, sem væri aðeins 500 málum stærri en sú verksmiðja sem hér á að byggja við á Siglufirði, því að hann upplýsir, að verksmiðjan á Skagaströnd eigi ekki að vera nema 7500 mál? Hvers vegna hefur hann ekki verið svo framsýnn að bæta við 2500 málum, svo að sú verksmiðja gæti veitt 1 millj. kr. hagnað eins og Rauðka? Með þessum upplýsingum hefur hæstv. ráðh. ásakað sig miklu meira en hann hefur vitað um. Sannleikurinn

er sá, að það þarf meiri upplýsingar um þetta mál en þær, sem n. bárust. Ég vænti þess jafnt, að þessi till. verði felld, eins og hins, að hv. alþm. taki með fullum skilningi á málinu, og eins, að málið verði borið fram í réttu formi, eins og ég vænti, að verði eftir að niður er felld þessi till.

Í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um liðinn á þskj. 366, 21. liðinn, það er 300 þús. kr. ábyrgð fyrir vinnuhæli SÍBS, vil ég upplýsa það, að við ræddum um þetta mál við lækni hælisins á sínum tíma, og að n. vildi ekki mæla með þessu var fyrir það, að henni þótti varhugavert að fara inn á þessa braut að taka ábyrgð á rekstrarútgjöldum yfirleitt, en ekki af því, að hún hefði ekki fulla samúð með þessari stofnun. Hins vegar féllu orð læknisins þannig hjá n., að ef gengið væri inn á það af n. að hjálpa um byggingarstyrk eins og gert er í till. n., þá mundi þetta ekki verða til vandræða fyrir þessa stofnun. Ég vil upplýsa það í sambandi við ummæli hæstv. ráðh. um nýja veginn, að þó að ég sé honum sammála, skil ég ekki, hvers vegna verið er að koma með svona mál, svona stórt mál, inn í fjárl. á síðustu stundu. Það er vitanlegt, að í Ed. liggur fyrir frv. um þetta mál, þar sem ætlazt er til, að það sé leyst á ákveðinn hátt. Það getur því ekki verið hægt að skilja þetta öðruvísi en að það sé borið fram sem hrein og bein kosningabeita, og það er allt of illa farið með jafnstórt mál og nauðsynlegt eins og þetta, að það skuli aðeins vera haft til þess að setja á sig eitthvert merki fyrir kosningar, án þess að ætlazt sé til þess að fá með þessu samkomulag til þess að frv. nái fram að ganga. Auk þess vil ég í sambandi við þetta benda á það, að ég tel, að fyrir Árnesinga hafi gersamlega verið brugðizt því loforði, sem búið var að gefa í fjvn. um þessi vegamál almennt, og þykir mér það miður. Ég hygg, að það sé ekki neitt óvenjulegt eða óþinglegt, að þm. komi sér saman um að bindast samtökum um ákveðið mál, og það hefur verið gert í fjvn. nú eins og svo oft áður, að allir þeir, sem komið hafa sér saman um að bera engar nýjar till. fram eða fylgja öðrum till. í hafnarmálum eða brúamálum, greiði atkv. á móti annarra till., eins og ávallt hefur verið venja hér á hæstv. Alþ. Nú víkur einn af þessum mönnum, hv. þm. N.-Þ., úr n. og af þingi og sendir í stað sinn hv. 1. þm. Árn., og tel ég hann bundinn af öllu því samkomulagi, sem fyrirrennari hans hafði gert í n. Hv. 1. þm. Árn. var bent á þetta í n., og ég gat ekki annað skilið en hann teldi þetta fullkomlega skyldu sína alveg á sama hátt eins og hv. 7. landsk. (ÁS) skildi sína afstöðu, þegar hann tók sæti síns flokksmanns í n.

Ég ætla svo ekki að lengja umr. um þennan veg. Ég er á sama máli og hæstv. fjmrh. um það, að það sé fyrsta skilyrðið í þessu máli að koma sér niður á það, hvar vegurinn eigi að liggja, því að það hefur verið sótt ákaflega fast á af sumum hv. þm. að fleygja tugum og hundruðum þúsunda í Krýsuvíkurveginn til þess að ljúka honum, sem nú á allt í einu að víkja frá. Meðal annars hafði hv. 1. þm. Rang. fallizt á það í n. að lækka þá till., sem vegamálastjóri lagði til, vegna þess að kom fram, að hann hafði verið á rangri leið. Svo er því haldið fram hér, og það með mjög miklu kappi, að þessi vegur eigi á engan hátt að íþyngja öðrum vegaframkvæmdum í landinu, þegar ætlazt er til, að teknar séu 4 millj. kr. til vegaframkvæmda við þennan eina veg á árinu. Ég tek því undir það með hæstv. fjmrh., að það sé engan veginn heppilegt, að þannig sé að farið í þessu máli. — Í sambandi við það, sem hann taldi, að mundi kosta að ljúka Selvogsveginum að fullu, að vegamálastjóri hefði tilkynnt, að það mundi kosta 2 millj. kr., kemur til mála, hvort ekki ætti að gera það fyrst, áður en farið er inn á nokkrar nýjar leiðir.

Þá vil ég ræða um tvær till., sem hafa komið hér fram sem ábyrgðarheimildir frá einstökum þm. Önnur er frá hæstv. dómsmrh. um ábyrgð handa Ísafirði. Hin er frá nokkrum þm., meðal annars hv. þm. Vestm., um 8 millj. kr. ábyrgð fyrir ýmis sveitarfélög. Þar sem till. um sveitarfélögin var hreyft í fjvn., vil ég skýra það hér, að þegar hún kom fyrir, var hún ekki nema 5 millj. Fjvn. ræddi þetta mál mjög, og henni fannst engan veginn rétt að mæla með því, að slík heimild væri gefin á 22. gr., og þó hefur þessum hv. þm., sem er meðal annars helmingurinn af nýbyggingarráði, þótt sjálfsagt að setja þessa till. hér inn. En ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að hann er nú í samlífinu við vini sína í nýbyggingarráði orðinn svo gerspilltur, að hann kann ekki lengur fótum sínum forráð í fjármálum. Ég veit ekki betur en að hann hafi í fyrsta lagi lagt til, að það væri lánað 75% af kostnaðarverði út á þessa staði. En auk þess á svo ríkið að taka á sig stórkostlega ábyrgð fyrir þá aðila, sem kaupa þessi tæki, eftir að þeir hafa fengið 75% lánað, með ábyrgð ríkisins raunverulega. Ég veit ekki, hvert stefnir með fjármálaspeki þessa ágæta fjármálamanns, ef hann telur þetta fjármálaspeki. Svo er ekki betur greitt fyrir þessu en það, að engir af þeim, sem ætlað er að tryggja, eiga að vera fyrir utan Reykjavík og Hafnarfjörð. Ég gæti því trúað því, að ef till. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, þá gæti Reykjavík fengið helming af þessu, ef hún bæði um það. Kapphlaupið er svo mikið, að það er ekki einu sinni hér kunnað fótum sínum forráð. Ég held, að þegar það er orðin staðreynd, eins og hefur verið undanfarið, að það séu látnar milljónir í áhættulán til þess að hjálpa til að kaupa þessi atvinnutæki, þá sé bikarinn að verða fullur. Ef það getur ekki dugað, að menn fái 75% af kostnaðarverði atvinnutækjanna til láns, með þeim kjörum, sem gert er ráð fyrir, þá fer að verða spursmál, hvort ekki á að tala um þetta á öðrum grundvelli, að láta ríkið eiga allt draslið, því að ég sé þá engan mun á því. Till. frá hæstv. dómsmrh. er svo fjarri öllu lagi sem frekast getur verið, því að þar er, eins og hæstv. fjmrh. sagði, verið að biðja um ábyrgð fyrir því að setja upp gagnfræðaskóla, sem ríkið borgar, fyrir þann íþróttaskóla og sundhöll, sem ríkið leggur einnig stórkostlega fjárfúlgu í, og húsmæðraskóla, sem ríkið leggur mikið fé í. Ofan á þetta á svo ríkið að ábyrgjast allt það fé, sem á vantar, ábyrgjast allt þetta fyrir bæinn, eftir að hæstv.

fjrmh. hefur lýst yfir því, að enginn banki vilji koma nálægt þessu, vegna þess að þeir vantreysti því. Það er ekki að furða, þó að fjvn. vilji ekki gleypa við því, þegar komið er með svona beitu. En ég hefði gaman af því að spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig stendur á því, að þeir Ísfirðingar flæmdu burtu frá sér stórútgerð á þeim tíma, sem hún gat gefið þeim efni? Ætli það geti ekki skeð, að fjárhagur þeirra væri betri nú, ef þeir hefðu ekki notað það bragð að flæma frá sér eina atvinnutækið, sem gat gefið þeim peninga á þessu ári, og ekki verður það til þess að lyfta höndum margra þm. hér um það að tryggja þessa ábyrgð, að þeir gátu ekki farið sæmilega með þau mál á sínum tíma.

Viðvíkjandi till. hæstv. atvmrh. varðandi atvinnudeildina vildi ég mega benda honum á, að hann á sjálfur stærstu sökina á því, að ekki varð samkomulag um þetta í fjvn. Fjvn. tók mjög vel í þetta mál, en eftir að hafa haft fund með fiskimálastjóra annars vegar og dr. Þórði Þorbjarnarsyni hins vegar, komst hún að raun um það, að Fiskifélagið, sem hafði verið brautryðjandi í þessu máli, eins og hæstv. ráðh. minntist á hér áðan, hafði gersamlega verið hindrað í þessu máli, — vildi fjvn. ekki verða til þess að leggja til, að greiddar væru 200 þús. kr. í þessa byggingu. Ég benti nokkuð á það í framsöguræðu minni í dag, — og ef hæstv. ráðh. hefði verið við, hefði hann getað kynnt sér þetta mál, — að sannleikurinn er sá, að það þarf að byrja að byggja og koma fullu samkomulagi á milli þessara aðila, áður en farið er að láta nokkra krónu frá Alþ. í þessa byggingu. Hitt er annað atriði, sem ég er ekki viss um, að þm. verði sammála um. Það er að taka 1 millj. kr. úr fiskveiðasjóði til þess að gera þetta. Að vísu er fram komið frv. í þ., en fjvn. vildi sjá, hvernig þessu frv. reiddi af, áður en hún legði til, að lagt yrði fé í þessa byggingu. Ég veit ekki hvaðan hæstv. atvmrh. kemur sú heimild að lýsa því yfir hér á hæstv. Alþ., að töluverð óánægja sé með það, að þessi mál séu í höndum Fiskifélagsins. Ég leyfi mér hér að mótmæla þessu. Ég held, að það hafi hvergi heyrzt um það óánægja, að þetta mál sé í höndum Fiskifélagsins. Það hefur einmitt verið talið mikilsvert, að Fiskifélagið starfi á þessu sviði. Hitt er svo annað atriði, hvort Fiskifélagið er réttur aðili til þess að halda því starfi áfram, en þrátt fyrir það er hægt að ganga svo frá þessu máli, að engin vansæmd sé að, án þess að það sé gert á þann hátt, sem hér er lagt til. Svo ber einnig að athuga það í þessu máli, að ef það frv. verður að l., sem hér liggur fyrir, kemur til athugunar, hvort háskólinn getur ekki sjálfur staðið undir þessari byggingu og sé atvinnudeildin þannig lögð undir háskólann, og er þá aðallega að athuga, hvað mikið fé frá happdrættinu rennur til háskólans. Nú hefur happdrættið verið aukið úr 10 í 12 flokka á ári, og er þá athugandi, hvort það getur ekki staðið undir þessari byggingu, án þess að veita til þess fé úr fiskimálasjóði eða greiða fé úr öðrum sjóðum. Það má segja, að þarfirnar séu miklar, en þó verður ekki um það deilt, að betur sé fénu varið til þess að koma slíkri vísindastofnun upp en til þess að koma upp því íþróttahúsi og girðingu, sem hugsað er að láta féð renna í fyrst um sinn. Ég trúi því ekki, að háskólaráð vilji ekki endurskoða sína fyrri afstöðu um, að atvinnudeildin fari öll undir þeirra yfirráð. Þetta eru rökin fyrir því, að fjvn. vildi ekki leggja til, að tekið væri upp í frv. 200 þús. kr. framlag til þessarar byggingar.

Ég skal ekki ræða mikið við hæstv. ráðh. um hafnarframkvæmdir á Siglufirði, en aðeins leyfa mér að benda á það, að mér er alveg óskiljanlegt, hvernig samstarfið milli hans og hæstv. samgmrh. er, því að þessi till. er gerð í fullu samræmi og með vilja hæstv. samgmrh., að leggja ekki nema 100 þús. kr. í Siglufjörð. Vitamálastjóri lagði til, að þetta yrði 75 þús. kr., en það var hækkað um 25 þús. kr. í samráði við samgmrh., sem taldi, að Siglufjörður þyrfti ekki meira framlag fyrst um sinn, og hæstv. atvmrh. færði þá fyrir n. engin þau rök, sem hann hefur nú rætt hér í dag og ég geri frekar ráð fyrir, að hann flytji sem kosningaauglýsingu en hann ætlist til, að þau séu tekin gild. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að ég hygg, að Siglufjörður sé ein af þeim fáu höfnum á landinu, sem ekki hafa notað sér aðstöðu til að afla sér tekna eins og hefði mátt samkv. reglugerð. Það væri mjög vel athugandi fyrir hæstv. ráðh., sem einnig er þm. kjördæmisins, hvort hann vildi ekki beita sér fyrir því, að hafnarstjórinn á Siglufirði notaði að fullu réttinn til tekjuöflunar, sem hann á, til þess að gefa hafnarsjóði tekjur. Þyrfti þá kannske síður að ganga bónarveg til Alþ. um nauðsynlegar framkvæmdir.

Hv. þm. Vestm. óskaði eftir því, að áður en þessi nótt liði, yrði brugðið upp „Bíói“ af heimilishögum hans og frk. Halldóru Bjarnadóttur. Hann hélt hér mjög langa ræðu út af þessu ástalífi þeirra. En ég hefði haft gaman af, að hann hefði lesið meira en sjálft erindið. Ég hefði haft gaman af, að það hefði einnig verið látið fylgja dálítið af blómunum úr umsögn nýbyggingarráðs um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að ef ég hefði haft afrit af bréfinu, hefði ég getað séð, hver upphæðin var, sem nýbyggingarráð lagði til, að lögð yrði í þennan skóla, ekki hin sama og er hér á þskj., heldur miklu hærri. Var þá lagt til, að „frúnni“, eins og hann kallaði það, væru veittar 100 þús. kr. til þess að koma á stofn þessum skóla. En ég vil leyfa mér að benda á, að hér stendur: „Hefur nýbyggingarráð rætt þetta mál ýtarlega. Bréfi frú Halldóru fylgir kostnaðaráætlun, sem nær yfir eins árs rekstraráætlun á stofnkostnaði, og kemst hún að þeirri niðurstöðu, að kostnaður alls nemi 100 þús. kr.“ Nú var fjvn. ekki alveg ljóst, hvernig leggja ætti til að leggja fram 100 þús. kr. upp í rekstraráætlun á stofnkostnaði. Hins vegar fannst fjvn. það sorglegt atriði, þegar nýbyggingarráð var að tryggja sér konu til framkvæmda, sem komin var á áttræðisaldur. Fjvn. var það ljóst, að þegar einhver embættismaður er settur á laun hjá ríkinu, verður hann að fara, þegar hann er sjötugur, en nú ætlar nýbyggingarráð að byrja að veita launin við sjötugsaldurinn. Nú vil ég biðja hv. þm. Vestm. að blanda

þessu ekki saman við Halldóru Bjarnadóttur, sem aldrei hefur komizt í tæri við nýbyggingarráð. — Hvað er það svo, sem á að kenna? Hvaða nýjar listir? Það á að kenna helzta ullariðnað, svo sem verkun ullar, þvott ullar og spuna ullar, vefnað og hannyrðir. Ég hélt sannast að segja, að íslenzka þjóðin hefði kunnað þetta áður en nýbyggingarráð varð til, og ég efast um, að nýbyggingarráð hefði nokkurn tíma fengið ástæðu til að skrifa svona ummæli, ef íslenzka þjóðin hefði ekki kunnað þetta áður. Svo endar þetta mjög svo skemmtilega rit á því, að nýbyggingarráði þætti vel til fallið, ef stj. vildi taka upp í næstu fjárl. hálfa upphæð til þess að koma skóla frú Halldóru á fót, enda yrði þá gert ráð fyrir framlagi til skólans annars staðar frá. Fyrst á ríkisstj. að fá nægilegt fé til skólans, svo er gert ráð fyrir nægu fé annars staðar frá.

Ég vil taka það fram, að ég hef ekki látið þessi orð falla hér vegna andúðar á Halldóru Bjarnadóttur, og mér leiðist meira að segja, að nafn þessarar ágætiskonu skuli hafa verið dregið hér inn í umr., en það hefði líka aldrei orðið, ef hv. þm. Vestm. hefði þekkt sinn vitjunartíma.

Nýbyggingarráð hefur einnig farið fram á, að fjvn. mælti með að styrkja mann nokkurn til að læra teppagerð. N. sá sér ekki fært að verða við því að styrkja þennan fertuga mann, þar sem hún veit ekki einu sinni, hvort viðkomandi maður hefur nokkurn tíma séð teppi, hvað þá heldur stigið á það. Nýbyggingarráð gerir ekki neitt gagn með slíkum aðferðum sem þessum, en mér skilst helzt, að það vilji fá einkarétt á því að vera ekki gagnrýnt.

Hv. þm. Vestm. ásakar n. einnig þunglega fyrir, að hún skuli ekki hafa viljað leggja meira fé til hafnarmannvirkja í Vestmannaeyjum. En sannleikurinn er sá, að fjvn. lagði aldrei til neina sérstaka upphæð til Vestmannaeyja, heldur til hafnarmannvirkja í heild. En frá vitamálastjóra kom till. um 200 þús. til Vestmannaeyja, en það hefur aldrei komið fram nein till. um hækkun á þessu framlagi frá hv. þm. Vestm. Ég ræddi við hæstv. samgmrh., og lýsti hann því yfir, að engin ástæða væri til að veita nema 200000, m. a. vegna þess, að nú væri fundinn sérstakur staður í höfninni, þar sem hægt væri að geyma bátana á öruggari stað en áður. Ég fæ ekki skilið, að þótt veittar hafi verið 300000 kr. til Vestmannaeyja áður, að það sé neitt eilífðarframlag. Ekki gat ég vitað, hvað þessi hv. þm. ætlaðist til, að fjvn. gerði — ekki gat ég rannsakað hug hans, hjarta eða nýru. Ég held helzt, að hv. þm. sé ekki að halda því fram, að 200000 kr. sé of lítið, því að ég álít, að þetta sé einungis kapphlaup við hv. þm. Borgf., enda hefur það fyllilega komið fram hjá þessum hv. þm., að þetta sé ekki of lítið fyrir Vestmannaeyjar, heldur, að öðrum sé gert betur. Hv. þm. sagði enn fremur, að einkennilegt væri, hvað fjvn. gæti dulizt, hvað væri að gerast á Skagaströnd. Ég verð að játa, að ég var ekki með í þeirri veizlu, sem ræddi þær framkvæmdir, en ég veit, að fjvn. aflaði sér upplýsinga m. a. hjá vitamálastjóra og samgmrh., þar sem látið er í ljós, að það fé, sem veitt er, sé nægilegt til þess að framkvæma það, sem hugsað er á næsta ári. Nú getur vel verið, að hv. þm. A.-Húnv. og V.-Húnv. hugsi sér, að gert sé meira, og þá þarf vitanlega meira fé, en þó kom skýrt fram í ræðu hjá hv. þm. A.-Húnv., að þetta fé sé nægilegt til þeirra framkvæmda, sem ætlað er. Þegar þessir menn eru svo að deila á fjvn. fyrir fjárveitinguna til Akraness, taka þeir alls ekki með í reikninginn, hvað ríkið skuldar höfninni á Akranesi. Það skuldar nú 500000 kr. Er ekki það sama upp á teningnum og þegar rætt er um Skagaströnd og Vestmannaeyjar, að það þurfi að fá fé til framkvæmda, af því að það er lagt á móti úr héraði. Allar dylgjur hv. þm. A.-Húnv. og Vestm. eru því ástæðulausar og fram bornar af öfund við þessa umræddu staði. Fjvn. álítur einmitt, að það þurfi að hlúa að höfn, sem er við Faxaflóa. Þar fyrir er ráðh. engan veginn bundinn við bókun fjvn. Hann hefur umráð yfir hafnarbótasjóði, sem er sjálfsagt nú um 2 millj. kr. Ráðh. er aðeins bundinn við þær upphæðir, sem settar eru í frv.

Það er alger misskilningur, sem haldið hefur verið fram af sumum hv. þm., að það hafi verið tekin upp önnur aðferð við skiptingu nokkurra hundraða þúsunda til ákveðinna framkvæmda en áður hefur tíðkazt. Ég hygg, að þetta stafi af því, að hún sjálf vildi halda þeim sið að gera till. um allt það fé, sem ætlað er til verklegra framkvæmda. (*JJós:* Nú vantar ekki rannsókn hjartna og nýrna). Það er auðvelt, því að þetta liggur beint fyrir.

Þá kem ég að hv. þm. V.-Sk., sem hélt því fram, að framlag til fyrirhleðslu á Klifanda hefði ekki hækkað nema um 5000 kr. Ég veit nú ekki betur en í fyrra hafi verið veitt til þessarar fyrirhleðslu 30000. Ég held, að klerkurinn sé eitthvað farinn að ruglast í hebreskunni sinni, úr því að hann heldur, að munurinn á 30 og 50 sé 5. Mér finnst, að hv. þm. eigi ákaflega erfitt með að binda sig við sannleikann, en raunar þarf ég ekki að kippa mér upp við það. Hann ræðst á fjvn. fyrir það, að hún skyldi ekki taka upp þær till., sem hann flytur. Ég vil bara leyfa mér að spyrja: Hvernig á að samræma það að skera niður framlög til strjálbýlisins, en leggja á sama tíma 4—5 millj. í nýjan veg og höggva svo annan upp? Mér sýnist því þessir hv. þm. vilja nota báðar aðferðir. Þeir mæla með því að leggja nýjan veg og leggja samtímis mikið fé í eldri veginn, svo að allt þetta nemur meira fé en áður hefur verið lagt til vegamála almennt. Það er alltaf verið að halda því fram, hvað vegamálastjóri hafi sagt um svona mál. Það er hamrað á þessu látlaust, ef það fellur saman við hagsmunamál þessara þm., en ef orð vegamálastjóra eru þeim ekki í vil, þá er ekki á það minnzt. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að vegamálastjóri legði til, að byggðar væru 3 brýr þarna austurfrá á þessu ári. En vegamálastjóri sagði aldrei annað en það, að þær yrðu byggðar, ef fjvn. sæi sér fært. Till. voru teknar upp um að fullgera tvær brýr á næsta ári, og var ekki öðru breytt en því, að Holtakíll var tekinn fram yfir Laxá. En hv. þm. verður víst ekki mikið flökurt að venda svo við sannleikanum. Hv. 2. þm. Rang. bar það fram, að ég hefði neitað að bera upp

vegatill., sem fjvn. hafði borizt frá hans hendi. Ég lýsi yfir því, að þetta eru alger ósannindi. Ég veit ekki til, að nokkur till. hafi komið frá honum, sem ég hef neitað að bera upp eða stungið undir stól. Hvernig þetta hefur farið með rafmagnsstraumi í gegnum sál og heila hv. þm., veit ég ekki. Um till. hv. þm. til að styrkja gistihúsbyggingu í Múlakoti hygg ég, að honum sé óhætt að taka hana aftur, því að það er til sjóður í vörzlu póstmálastjóra, sem er ætlað að standa undir þeim byggingum, sem þannig eru reistar. Held ég, að bezt væri fyrir hv. þm. að ræða við póstmálastjóra og vita, hvort hann vildi ekki sinna þessu máli.

Þá hef ég svarað flestu af því, sem til n. hefur verið beint. Mun ég ekki tefja tímann nema sérstakt tilefni gefist til. Ég finn nú, að ég get verið hreykinn af þeim góðu undirtektum, sem till. fjvn. hafa fengið yfirleitt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þegar ég lauk við að tala fyrir brtt. á þskj. 362, gat ég þess, að von væri á annarri brtt., sem nú er komin fram á þskj. 366, sem ég flyt ásamt fleiri þm. og er 20. liður við 22. gr., þess efnis að heimila ríkisstj. að verja 1.8 millj. kr. til háspennulínu og héraðsveitu frá Selfossi til Þykkvabæjar og Hellu á Rangárvöllum. Þetta mál hefur verið til athugunar hjá ríkisstj. undanfarið og hefur hún orðið sammála um það. Hæstv. samgmrh., sem einnig er verkfræðingur og hefur beitt sér fyrir því, að hið nýja raforkufrv. hefur verið lagt hér fram á Alþ. og hér er farið fram á heimild til að framkvæma einn þátt þessarar löggjafar, sem má víst kalla svo, — hæstv. samgmrh. bað hv. 4. þm. Reykv. að vera flm. þessarar till., og ráðh. sósíalista hafa einnig veitt aðstoð og einnig eru flm. þessa máls hv. 11. landsk. og hv. 6. landsk. Hv. þm. Vestm. er 2. flm. þessarar till., en hann er einnig, eins og kunnugt er, formaður nýbyggingarráðs, en það hefur í hyggju ýmsar áætlanir á Suðurlandsundirlendinu í næstu framtíð, og er því ekki undarlegt, þótt hv. þm. Vestm. sé flm. þessarar till. En nú er vitað mál, að ef einhverjar verklegar framkvæmdir eiga að vera framkvæmanlegar á Suðurlandsundirlendinu, þá verður fyrst að leggja þangað rafmagn. Og ég hef orð hæstv. samgmrh. fyrir því, að hann telur nauðsynlegt að hefjast handa sem allra fyrst, því að ótalin eru þau verkefni, sem bíða, og sé rafmagni veitt þangað, skapar það ótal möguleika. — Ég tel óþarfa að fara mörgum orðum um þetta frv., því að þær stoðir, sem að því standa, eru sérstaklega traustar, og veit ég, að meiri hl. þm. er máli þessu fylgjandi. Læt ég svo útrætt um það.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að svara því, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan í sambandi við gistihússbygginguí Múlakoti. En ég vil þó alltaf þakka hv. þm. fyrir góða ábendingu, en raunar þurfti ég þess ekki með, því að ég vissi vel um sjóð þennan. En hér sem oftar vill það bera við, að sjóður þessi er lítill og margar umsóknir berast, og ekki er hægt að veita nema fáum, og oftast er það einnig lítið. Ég held, að sjóðurinn hafi nóg á sinni könnu, þó að hann yrði losaður við að veita örfá þúsund til Múlakots.

Hv. þm. Barð. vildi einnig neita því, að það væri rétt, sem ég sagði hér í dag, að hann hefði neitað að bera upp till. frá mér í fjvn., og munu fleiri hv. þm. einnig hafa sömu sögu að segja. Held ég fast við það, sem ég sagði í dag, að þessi hv. þm. neitaði að bera upp þessa umræddu till., og verð ég að segja það, að þetta eru stórf, sem ég þekki ekki — a. m. k. var þetta ekki viðhaft, þegar ég starfaði í fjvn. Finnst mér algerlega ástæðulaust af hv. þm. að vera að neita þessu, þar sem hann hefur viðurkennt það fyrir utan umræðurnar.

Þá sagði hv. þm. Barð., að það ætti að lækka fjárframlagið til Krýsuvíkurvegar og færa það annað, en hann gleymdi að segja hvert. Hann gleymdi að segja, hvert það fé hefði verið flutt, sem vegamálastjóri sagði, að ætti að fara í Suðurlandsbrautina. Ég skal ekki halda uppi málþófi. En á þskj. 372 er till., þar sem lagt er til, að ríkisstj. sé gefin heimild til að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárl, um allt að 30%, svo framarlega sem ríkisstj. telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum. Það er vitanlegt, að það er háskalegt að ráðast í framkvæmdir sem þessar, á meðan ekki er hægt að fá nægilegt vinnuafl til að reka framleiðslu landsmanna.

Þá er einnig í þessari till. lagt til, að ef tekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir gjöldum, skuli ríkisstj. heimilt að taka innanlandslán, allt að 15 millj. kr., ef hún telur, að ekki sé ástæða til að draga úr framkvæmdum. Það er neyðarbrauð að taka lán til að standast lögboðin útgjöld, en hér virðist ekki um annað að ræða. Ég býst við, að ýmsum finnist afgreiðsla fjárl. ógætileg, þar sem rekstrarhalli er 15 millj. kr. En eini ljósi punkturinn í þessu er því sá, að greiðsluafgangur verði ríflegur og nægi fyrir tekjuhallanum. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, allar mínar till. eru lágar nema þessi síðasta.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hérna 2 brtt. á þskj. 362, sem ég flyt ásamt 1. þm. Skagf., en það eru nú gamlir kunningjar, og hefur 1. þm. þegar fært rök fyrir þeim, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það. Svo flyt ég brtt. á þskj. 369, þar sem farið er fram á, að veittar verði 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1946. Þar sem þetta er nýmæli, vil ég fara nokkrum orðum um það. Fyrir vakir, að hér verði á næsta ári haldin allsherjar landbúnaðarsýning, sem verði sniðin eftir landbúnaðarsýningum í nágrannalöndum vorum. Þessar sýningar hafa sýnt sig í því að hafa mikla þýðingu. Þær hafa opnað augu fólksins fyrir því, sem gert hefur verið og verið er að gera, og skal ég í fáum dráttum gera grein fyrir því, sem sérstaklega mundi koma þarna fram. Það er þá í fyrsta lagi vélar og verkfæri í þágu landbúnaðarins og eldri tæki, sem þegar eru fallin úr gildi. Í öðru lagi framræsla og áhrif áburðar. Auk þess yrði sýnt úrvals búfé. Þá er og ætlazt til, að fram komi þættir úr félagsstarfsemi bænda og bróun landbúnaðarins, hvernig hann hefur stækkað, hvað hann var stór um árið 1900

og hvað hann er stór nú, hvað framleiðslan hefur verið mikil á hvern mann um 1900, 1920 og svo aftur nú, svo að það komi í ljós og sýnt verði fram á, að því er ekki þannig varið, sem margir hafa fullyrt, að landbúnaðurinn hafi staðið í stað. Þá verður hér enn um garðrækt, grænmeti og hagnýtingu þess og ýmislegt fleira, sem snertir húsmæðurnar. Svo má benda á sýnishorn af byggingum í sveitum, innréttingu þeirra o. fl. Enn fremur kæmi þarna ýmislegt um verksmiðjuiðnað, ullar- og skinnvöruiðnaður og mjólkuriðnaður. Það er einnig vel hugsanlegt, að þarna kæmu sýnishorn um sandgræðslu og skógrækt. Þetta verður að sníða eftir stærri sýningum erlendis. Hvað fjáröflun til þessa snertir, þá er hægt að leita til ýmissa fyrirtækja landbúnaðarins um að ábyrgjast upphæð til að grípa til, ef halli yrði, og ýmsar fjáröflunarleiðir, svo sem happdrætti, aðgöngumiðar o. fl. En jafnframt er það alsiða erlendis, að ríkið taki þátt í að ábyrgjast einhverja greiðslu, og því er ekki nema eðlilegt, ef halli yrði á þessu, að ríkið tæki þátt í að greiða þá upphæð að meira eða minna leyti. Það var lítil reynslusýning haldin árið 1921, og eru því nú 25 ár síðan, og því full ástæða til að fara nú af stað. Af þessum ástæðum höfum við leyft okkur að bera þessa till. fram og vonum, að Alþ. heimili stj. að greiða þetta.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Viðvíkjandi ræðu hv. frsm. fjvn., þá vil ég segja nokkur orð til leiðréttingar. Það er þá fyrst varðandi till. um framlag til byggingar til fiskiðnaðarrannsókna. Hv. frsm. sagði, að það væri vegna þess, hve illa væri gengið að Fiskifélaginu, að fjvn. vildi ekki taka þetta. Ég hef aldrei farið fram á, að Fiskifélagið léti af þessu starfi, og við njótum góðs af starfi þess, en Fiskifélagið á ekki þessa starfsemi. Og hér má ekki koma til greina einhver ást á Fiskifélaginu, heldur það sjónarmið, hvað okkur er fyrir bestu. Fjvn. getur ekki fengið neina fagmenn í þessu til að neita, að þetta er hyggilegast, og mér finnst meiri hl. fjvn. sýna þröngsýni með því að finnast oddur gegn Fiskifélaginu, þótt þessari rannsóknastöð sé komið upp. Fiskifélagið hefur nægileg verkefni fyrir þessu og er búið að vinna sitt brautryðjandastarf, og hefur sannað, hversu þessi rannsóknastarfsemi er þýðingarmikil. Nú er í ráði að setja upp sjúkdómarannsóknastöð fyrir sauðfé. Og það deilir enginn um nauðsyn sjávarútvegsins miðað við kvikfjárræktina, því að við stöndum og föllum með sjávarútveginum, og því verður ekki hjá þessu komizt. Smærri sjónarmið sem þessi eru ekki forsvaranleg sem ástæða til að bregða fæti fyrir þetta. . . . . Ég valdi þessa leið vegna þess, að ég áleit það skemmstu leiðina, til þess að hægt væri að koma verksmiðjunni í 10 þús. mála afköst fyrir næstu síldarvertíð.

Hv. þm. Barð. (GJ) segir, að ég sé að tefja umr., en það er síður en svo, því að þessi till. er flutt af mikilli nauðsyn. Annars finnst þessum hv. þm., að við séum allir ábyrgðarlausir og gerum okkur aðeins leik að því að tefja málin, en á sér einum hvíli ábyrgðarfargið. — Hann talar um, að hér vanti ýmsar upplýsingar í þessu máli. Sem dæmi nefnir hann, að afköst verksmiðjunnar nú séu frá 5—7 þús. mál. Þetta stafar af ókunnugleika hjá hv. þm. Afköst verksmiðjanna breytast mjög eftir því, hvort síldin er mögur eða feit. Breytingin getur verið allt að 50%, þannig að verksmiðja, sem afkastar 5000 málum, getur undir beztu kringumstæðum komizt upp í 7500 mál. Slíkt er ekki hægt að ganga úr skugga um nema með reynslu, en í sumar var ekki hægt að fá þá reynslu vegna þess, hvað lítið var brætt. Hv. þm. vill draga í efa sannindi þess, að rekstrarmunur á 5000 og 10000 mála verksmiðju sé sá, sem hér hefur verið bent á.

Þær rekstraráætlanir, sem hér liggja fyrir, eru samdar af Snorra Stefánssyni. Snorri Stefánsson byrjaði að starfa í síldarverksmiðju ungur drengur og er viðurkenndur fyrir dugnað og nákvæmni í starfi sínu, auk þess sem ég þekki Snorra Stefánsson það vel, að ég veit, að hann bindur ekki nafn sitt við rangar áætlanir.

Þá spyr hv. þm. Barð., hvernig standi á því, að ég sem atvmrh. láti byggja 7500 mála verksmiðju, en ekki 10000 mála verksmiðju eftir þessari rekstraráætlun. En ég vil benda á, að í l. var gert ráð fyrir aðeins 5000 mála verksmiðju. Þessa áætlun lét ég hækka upp í 7500 mála afköst, vegna þess hvað reksturinn yrði tiltölulega miklu hagstæðari, auk þess sem afköst þessara verksmiðja geta í bezta tilfelli orðið allt að 10000 mál. Síldarverksmiðjan á Skagaströnd og Rauðka munu nota vélar, sem byggðar eru eftir teikningu Snorra Stefánssonar. Rauðka hefur því haft forustuna tæknilega séð, og er það vel þess virði, að það væri munað bæði við Siglufjarðarkaupstað og Snorra Stefánsson.

Það er ekki rétt hjá hv. þm., að ríkið hafi eingöngu reist verksmiðjuna, því að Siglufjörður hefur lagt í hana 500 þús. kr., sem ekki eru veðsettar. Vegna þessarar óveðsettu upphæðar hlýtur Siglufjarðarkaupstaður að hafa áhuga á rekstri verksmiðjunnar, því að ef Siglufjörður missir verksmiðjuna, þá eru líka þessar 500 þús. kr. tapaðar. Ef hv. þm. sjá sér ekki fært að samþ. þessa till., sem ég vona, að komi ekki til, hef ég lagt fram varatill. — Eftir upplýsingum frá verksmiðjustjóranum, þá mun ef til vill mögulegt að koma í framkvæmd þessari stækkun fyrir 1.5 millj., ef bæjarstjórnin getur samið við kröfuhafa. Siglfirðingar geta ekki hugsað sér að reka sína verksmiðju með 5000 mála afköst, þegar svo lítið þarf til þess að auka afköstin upp í 10000 mál.

Að lokum vonast ég eindregið til, að Siglfirðingum verði veittar 2 millj., þar sem hér er um þjóðarhagsmuni að ræða, en hef flutt þessa varatill. til að undirstrika nauðsyn málsins.

Gunnar Benediktsson: Ég er meðflm. að 2. till., en sé ekki ástæðu til að ræða um þær hér, að svo stöddu. Hins vegar vil ég ræða nokkuð till. á þskj. 362 frá 1. þm. Árn. og þm. V.-Sk. um Austurveg. Ég mun vera eini maðurinn hér úr mþn., sem hafði þetta mál til athugunar. Í umræðunum hefur komið fram nokkur misskilningur á till., sem ég nú vildi nota tækifæri til að

leiðrétta á þessu stigi málsins, þótt ég þykist vita, að sá misskilningur leiðréttist þegar þm. hafa kynnt sér málið betur.

Ég hef að undanförnu lagt eyrun við, hvort ekki kæmu fram till. um fjárveitingu til þessa vegar, en sú fjárveiting kom aldrei. Ég fann sökina að nokkru leyti hjá nefndinni í vegamálunum, vegna þess hvað málið var seint tilbúið frá hennar hendi. Þegar svo frv. um Austurveg kom í Ed., þar sem gert er ráð fyrir, að framlags til vegarlagningarinnar sé aflað með lántökuheimild, þá lét ég mér það vel líka, því að þegar um svona stórkostleg fyrirtæki er að ræða, verður eðlilegt, að kostnaður við þau komi niður á lengri tíma en 6 ár. Hins vegar varð ég mjög undrandi, er ég sá till. á þskj. 362. Og ég leyfi mér að efa, að flm. hafi gengið nokkuð gott til með þessari till., og tel mikinn vafa, að þeir hefðu flutt till., ef þeir hefðu búizt við, að hún næði fram að ganga. 1. þm. Árn. vék að því, að þetta væri rétta leiðin, og jafnframt, að þetta væri ekki í fyrsta skiptið, sem hún væri valin. Þegar rætt var um járnbraut eftir 1920, var þessi leið álitin bezt, og eftir 1930 var þessi leið líka talin sú bezta. Þetta er rétt. Hitt þótti mér tortryggilegt, þegar þm. var að tala um Ölfusforirnar sem vafasama leið. Hv. þm. er það ljóst, að vegaverkfræðingar, sem hafa rannsakað vegarstæði þar, hafa aldrei efazt um, að þar er vel nothæft vegarstæði, því að þótt þær séu alldjúpar, þá er þar alls staðar hraun undir. Ég hefði því ekki séð ástæðu til að ræða um þetta, ef ekki hefði verið rædda hæstv. fjmrh. (PM). Hann er stoltur af því að hafa verið á móti Krýsuvíkurvegi. Margar villur hafa verið gerðar varðandi samgöngurnar yfir fjallið, en þó sennilega sú stærsta, þegar horfið var frá að leggja Þrengslaveginn 1933, en Krýsuvíkurvegur valinn í staðinn. Öllum er ljóst, að þegar sú leið var valin, var ekki hugsað um að fá framtíðarveg austur, heldur að fá veg í Krýsuvík frá Hafnarfirði og austur í Þorlákshöfn. Augljóst er, að þar sem flutningar eru orðnir svo miklir á þessari leið, kemur ekki til mála að nota Krýsuvíkurveginn sem aðalleið, þar sem hún er nálega ⅓ lengri en Þrengslaleið. Hæstv. ráðh. leggur til, að haldið verði áfram með Krýsuvíkurleiðina og henni lokið áður en byrjað verður á hinni. Þetta kom mér óvænt. Ég átti von á því, að hæstv. ráðh. vísaði til frv., sem komið er fram í Ed., og rétt væri að bíða eftir afdrifum þess. Það er engin ástæða til þess að reyna Krýsuvíkurleiðina áður en hafizt er handa með Þrengslaveginn, þar sem leiðin um Krýsuvík er ⅓ lengri og verður því aldrei aðalleið. Hins vegar er langt frá því, að ég taki undir það hjá hæstv. ráðh., að ef ekki sé strax lokið við Krýsuvíkurveginn, þá sé það, sem þar hefur verið gert, ónýtt verk. Því fer fjarri, sá vegur er í sínu fulla gildi þegar hann kemur. Í fyrsta lagi sem varaleið austur, í öðru lagi sem vegur milli ákveðinna staða, eða frá Rvík og Hafnarfirði til Krýsuvíkur, og svo frá Selvogi til Selfoss. Og þegar Krýsuvíkurvegurinn er tilbúinn, er auðvelt að gera veg frá Krýsuvík til Grindavíkur, en þá er kominn öruggasti vegurinn til Reykjavíkur.

Þá vil ég minnast á kostnaðinn. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að það kostar litlu meira að leggja malarveg af þjóðveginum neðst í Svínahrauni yfir á Suðurlandsbraut hjá Þurá en að fullgera Krýsuvíkurleiðina. Menn hafa áhyggjur af því, að ekki fáist nægilegt vinnuafl, en ég held þó, að það þurfi einmitt minna vinnuafl til að vinna að Þrengslavegi en til að ljúka Krýsuvíkurvegi, vegna þess að hægt verður að nota meira vélar og það stórvirkari vélar en við Krýsuvíkurveg. Nú vil ég líka benda á það, að þegar mest kapp var lagt á Krýsuvíkurleiðina, þá gengust margir upp við það, að nauðsyn væri að fá leið sem allra skjótast, sem væri miklu öruggari en Hellisheiðarleiðin er. Sú leið er þegar fengin gegnum Þingvöll, þannig að hún hefur mjög bætt úr. Hún hefur verið þrautalendingin undanfarna vetur, og svo mikil þrautalending, að það má segja, að samgöngurnar austur hafi tiltölulega lítið stöðvazt. Nú geri ég hins vegar ráð fyrir því einnig, að ef gerður er vegur úr þjóðveginum í Svínahrauni og á Selvogsveginn, muni með því fást allörugg leið. Þessi vegur mundi vera 100 metrum lægri en Hellisheiðarvegurinn. Auk þess er vegarstæði þar svo gott, að undir mörgum kringumstæðum tel ég hann öllu öruggari en Krýsuvíkurveginn, vegna sérstaks hafts, sem hætt er við að komi á Krýsuvíkurleiðinni þegar fennir. Í fyrravetur stoppaðist leiðin frá Krýsuvík til Hafnarfjarðar fyrr en Hellisheiðin. Auðvitað komu snjóalög í fyrra undir nokkuð óvenjulegum kringumstæðum, því að mjög oft snjóaði þá af útsuðri, og það er óheppilegasta átt fyrir þennan veg.

Þá vil ég benda á það að síðustu, að hér er um mjög stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða að fá sem fyrst þennan steinsteypta veg yfir Þrengslin sem skemmstu leið. Samkv. þeim gögnum, sem þessi nefnd gat útvegað um flutninga 1943, þ. e. síðasta árið, sem n. gat náð í þær upplýsingar frá, er það hvorki meira né minna en að fargjöld og flutningsgjöld nema yfir árið 40 þús. kr. á hvern km. á Hellisheiðarleiðinni. Við sjáum því, hve mikla þýðingu þetta hefur, ef steinsteyptur vegur kæmi austur, svo að hægt væri að lækka flutningsgjöldin um 10% eða jafnvel upp í 20%, hve mikla peninga hér er um að ræða. Það mundi mikið rekstrarfé sparast á hverju ári, ef vegi þessum væri flýtt.

Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að benda hv. þm. á þetta, til þess að koma í veg fyrir það, að umr. hér um þessi mál gætu orðið til þess, að einhverjir hv. þm. bitu sig í eitthvað, sem væri ekki rétt og gæti orðið þessu máli til trafala síðar meir. Því að sannleikurinn er sá, að svo miklir skandalar hafa orðið í sambandi við þetta vegarmál, sem snertir nú orðið fullan helming þjóðarinnar, að það væri rétt að gera allt, sem hægt er, til þess að hindra, að það endurtæki sig. Og ég þykist nokkurn veginn sannfærður um það, að brtt. á þskj. 362,VIII muni ekki ná fram að ganga, þar sem við 3. umr. fjárl. kemur fram svona há brtt., sem nemur upp undir 4 millj. kr. En mér þætti ekki illa til fallið, að samþ. væri aftur á móti varatill., sem er XXXVIII. liður á þessu sama þskj., þar sem ríkisstj. væri heimilað þetta fjárframlag, því að

ég álít það vera styrk við framkvæmd málsins á seinni stigum þess.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það er þegar orðið nokkuð áliðið nætur og farið að fækka í þingsalnum, þannig að það er ekki vert að fara mörgum orðum um það, sem hér hefur mjög dregizt inn í umr., sem sé Suðurlandsbrautina og framlag til hennar. En ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á það efni nokkrum orðum, og þá fyrst á það, sem hæstv. fjmrh. fór nokkrum orðum um það mál. Hæstv. ráðh. sagði, að það yrði að ljúka Krýsuvíkurveginum, þar sem sú tilraun hefði verið gerð áður en byrjað var á Þrengslaveginum, eftir væru aðeins 35 km. af Krýsuvíkurveginum ólagðir, og það yrði að sjá, hvernig sú tilraun gæfist, áður en hafizt væri handa um að leggja veg um Þrengslin, sem mþn. hefur lagt til, að lagður yrði. Nú veit hæstv. fjmrh. það, — og um leið get ég svarað hv. síðasta ræðumanni — að það hefur aldrei verið til þess ætlazt, að Krýsuvíkurleiðin yrði aðalleið á milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Frá því fyrst að ákveðið var, að þessi vegur yrði lagður, hefur því jafnan verið haldið fram af öllum, sem hlut hafa átt að máli, að þetta yrði aðeins varaleið, sem mundi vera öruggust í snjóalögum að vetrinum, og nauðsynlegt væri að hafa hana til þess að tryggja samgöngur betur í snjóalögum en þær væru með Hellisheiðarleiðinni einni. Og það hefur þá líka komið í ljós, að hin varaleiðin, sem lögð hefur verið, sem er þó ekki fullger enn að öllu leyti, vegurinn um Þingvöll og Mosfellsheiði, hefur verið til mjög mikilla bóta þau ár, sem liðin eru síðan hann var tekinn í notkun. Þó er þessi leið mjög miklu hærri en Krýsuvíkurleiðin, enda er líka raunin sú, þrátt fyrir það, sem hv. 6 landsk. (GBen) sagði, að þessi leið hefur líka verið teppt undanfarna vetur og það verulega, þrátt fyrir það þó að engir snjóavetur hafi komið svo teljandi hafi verið síðan sú leið kom. Það er því jafnmikil þörf fyrir það, þótt Krýsuvíkurleiðin væri fullgerð, að leggja yfir Þrengslin fullkominn veg, sem verði aðalleið, eins og Hellisheiðarvegurinn er nú, sem er vitanlega stytzta leiðin og bezta í öllu sæmilegu færi. Það er vitanlega mikil nauðsyn á, að þessum vegi sé flýtt, einmitt til þess að draga úr flutningskostnaðinum á þessari leið, þar sem flutningskostnaðurinn er svo gífurlegur eins og raun ber vitni. Og mér er ekki kunnugt um, að þeir, sem staðið hafa að því, að vegur um Krýsuvíkurleiðina yrði lagður, hafi nokkurn tíma lagt til, að felld væru niður lög þau, sem samþ. voru 1932 um veginn um Þrengslin, en það frv. var þá flutt af þáverandi hæstv. ríkisstj. og samþ. á þ. 1932 og er þar af leiðandi enn í l., þó að ekki hafi verið lagt fram fé til hans á undanförnum árum, og það meðfram vegna þess, að ég hygg, að mér er ekki kunnugt um, að vegamálastjóri hafi komið með till. til fjvn. um það að leggja fé í þennan veg. Ég hef aldrei orðið var við það. En það er vitanlega þrátt fyrir það alveg jafnmikil nauðsyn á því að hraða framkvæmdum í þessum efnum, að leggja veg um Þrengslin, eftir að rannsókn hefur farið fram um þá leið af fagmönnum í þessum efnum, a. m. k. að meiri hluta til, þó að þeir hafi ekki allir verið fagmenn, sem við þá rannsókn hafa fengizt, eins og t. d. hv. síðasti ræðumaður (GBen), sem hér talaði, enda virðist það svo, sem hann sé allreikull í fræðum sínum, sem hann hefur tileinkað sér í þessari mþn., þar sem hann gerist til þess í sinni fyrstu ræðu hér á þingi að undrast yfir því að sjá till. borna fram við fjárl., sem er í fullu samræmi við það, sem mþn. sú lagði til. Því að það er þó vitanlegt, að hv. 6. landsk., sem síðast talaði, getur ekki á móti því mælt, að þar er lagt til, að þessi vegur skuli lagður á næstu sex árum með jöfnum framlögum úr ríkissjóði ár hvert, og eru því þessar till. í fullu samræmi við það, sem mþn. um þessi mál lagði til, eftir að vera búin að rannsaka það mál um alllangt skeið. Og má því segja um þessa framkomu hv. 6. landsk. þm. eins og sagt hefur verið áður stundum, að „ill var þín fyrsta ganga" að byrja með því hér á hæstv. Alþ. að leggja á móti brtt. um það, sem hann ásamt öðrum er búinn að pæla við á kostnað ríkisins og ábyrgð Alþ. að gera till. um til Alþ., að gert yrði.

Hv. form. fjvn. var ekki lengi að finna þær hvatir, sem að baki lægju því að bera fram þessa brtt., eftir að búið er að gera rannsókn um þetta efni, að vilja allra þingflokkanna, hversu þetta mál skuli leyst, og telur, að þegar við flytjum brtt. við fjárl., sem er till. um að fylgja þeirri áætlun, sem gerð hefur verið sem niðurstaða af þessari rannsókn, og segir hv. form. fjvn., að við hv. 1. þm. Árn. séum hér með þessu aðeins með kosningabeitu. Ég vil þá segja það, að ég held, að það geti aldrei verið kosningabeita fyrir nokkurn mann að fylgja öðru heldur en réttustu máli og beztu fyrir þá umbjóðendur, sem þeir eru fyrir, og þjóðina í heild. Og ef hv. form. fjvn. og frsm. n. finnst sem hér sé um mjög mikla kosningabeitu að ræða, kannske eins og nýjan smokk, svo að notað sé hans orðalag, þá er það vitnisburður hans um það, að þetta, sem við leggjum til í brtt., sé það bezta, sem hægt er að gera í þessu máli, eins og komið er. Og hygg ég, að ég þurfi ekki frekari viðurkenningu um það frá hans hendi en einmitt þessa yfirlýsingu.

Hv. 6. landsk. þm. sagði það, að Krýsuvíkurleiðin hefði teppzt fyrr í fyrra en Hellisheiðarleiðin. Ég vildi mjög gjarnan biðja þennan hv. þm. að gefa mér upplýsingar um það, hvenær það var. Því að ég hef fylgzt allrækilega með því, síðan vegurinn komst alla leið að Kleifarvatni, hvernig snjóalögin hafa verið, þegar vegurinn hefur verið tepptur á Krýsuvíkurleiðinni. Og m. a. fór ég s.l. vetur með núv. hæstv. samgmrh., þegar tepptur var vegurinn alla leið frá Árbæ Hellisheiðarleiðina og austur á Kambabrún. Fórum við þá í litlum bíl alla leiðina að Kleifarvatni, án þess að snjókorn væri á þeirri leið. Og það hefur jafnan verið haft eftirlit með þeirri leið, þegar ófært hefur verið austur yfir fjall, og mér er ekki kunnugt um annað en að alltaf hafi verið fær Krýsuvíkurleiðin, þegar þær teppur hafa verið. Sú fullyrðing hv. 6. landsk. þm., að vegurinn úr Svínahrauni yfir í Ölfus muni einhver tryggasta vetrarleiðin, sem hægt

sé að hugsa sér, er vitanlega svo fjarri öllum sanni fyrir þá, sem til þekkja, þar sem vitanlegt er, að mjög oft teppist leiðin fljótlega frá Lögbergi og ég vil segja upp í Svínahraun. Og ég vildi segja það í sambandi við það, sem hv. 6. landsk. þm. var að segja, að miklir skandalar hefðu verið gerðir undanfarið í sambandi við þessi vegamál, samgönguleiðina milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, að þá væri það a. m. k. að bæta einum skandala þar við, ef einn af mönnum í mþn., sem hefur lagt til, að það yrðu tekin upp jöfn framlög á sex árum til þess að leggja þennan nýja veg um Þrengslaleiðina og jafnhliða að ljúka vegarlagningu á Krýsuvíkurleiðinni, — ef einn þessara manna verður síðan til þess að leggjast á móti sinni eigin till. strax og hann kemst inn fyrir dyr þingsalanna. Og ef — eftir að búið er að rannsaka þetta mál, hversu það verði heppilegast leyst, af fulltrúum frá öllum þingflokkum, og fullkomið samkomulag er komið á um það, hversu það skuli leyst, og samtímis situr ríkisstj., sem telur sig framar öllu öðru hafa áhuga á nýsköpun í landinu, — ef þá skeður það, að felld yrði till. sú, sem hér er fram borin til þess að leysa þetta mál, sem vitanlega hefur undanfarandi verið eitt hið örðugasta og mest knýjandi nauðsyn á að leysa á sem beztan hátt, bæði fyrir þá, sem búa vestan heiðar, sem er um þriðjungur landsmanna, hér í og kringum Reykjavík, og líka þá, sem búa á Suðurlandsundirlendinu, sem eru beztu landbúnaðarsvæði landsins, — ef það ætti að koma fyrir, þá væri það hinn langstærsti skandali, sem átt hefði sér stað í sambandi við þetta mál. Það er ömurlegt að hlusta á það, að þeir menn, sem berja sér á brjóst og segjast vilja nýsköpun á öllum sviðum og segja, að þeir einir vilji bæta fyrir fólkinu, ef þeir, þegar komið er með tiltölulega litla till. á móts við annað, sem nú er lagt til í sambandi við þessi fjárl., ég get bent á margt í því sambandi, — til þess að bæta úr erfiðleikum, sem við er að stríða fyrir upp undir helming landsmanna, ef þeir menn, sem mest hafa barið sér á brjóst og sagzt vilja nýsköpun í landinu, leggjast á móti þessari brtt. og vilja drepa hana, þrátt fyrir fullt samkomulag í mþn. um þessa lausn á samgöngumálunum austur yfir fjall, — hvar er þá nýsköpunaráhuginn? Er hann aðeins í orði, en hjaðnar eins og bóla, ef á hann er andað?

Þá var hv. frsm. fjvn. með nokkrar fullyrðingar í minn garð og um minn málflutning og taldi, að ég væri ekki mjög sterkur í meðferð sannleikans, og vildi nefna nokkur dæmi. En það held ég, að óhætt sé að fullyrða, að ég sé sterkari á þeim leiðum en hv. þm. Barð. er á leiðum hógværðarinnar og lítillætisins. Ég verð að segja það, að það er næstum því að maður kveinki sér fyrir hönd annarra hv. fjvnmanna, að hlusta á þá framsögu, sem n. hefur valið sér hér í meðferð fjárl., framsögu, sem er svo full hroka og yfirlætis, eins og sá hv. þm. viti alla hluti betur, hvar sem er í landinu, í hvaða kjördæmi sem er, heldur en þm. héraðanna, og jafnvel fullyrðir hv. frsm., — eins og hann þekkti hjörtun og nýrun, — hvaða hvatir og leyndustu hugsanir hreyfa sér hjá hverjum þm. Mér kæmi ekki á óvart, þótt sumir hv. fjvnmenn undir þessari furðulega yfirlætislegu framsögu, sem hér hefur farið fram, væru ekki sérlega hrifnir eða ánægðir. A. m. k. vildi ég ekki, að fyrir mína hönd væri höfð slík meðferð mála, ef ég sæti í fjvn.

Ég skal þá aðeins víkja að þeirri fullyrðingu hv. frsm. fjvn. í minn garð, þar sem hann sagði, að ég hefði farið með ósannindi um tvö atriði í ræðu þeirri, sem ég flutti í dag um brtt., sem ég flyt við fjárl. Hann sagði, að ég færi með ósannindi um það, að það væri ekki nema 5 þús. kr. í raun og veru viðbótin, sem ég legði til um heimild til að veita fé til fyrirhleðslu á stað, sem ég gat um í dag, frá því, sem verið hefði á undanförnum árum á fjárl., og hann sagði, að í fjárl. í fyrra hefðu verið veittar 30 þús. kr. til þessa, en nú legði ég til, að 50 þús. kr. yrðu veittar til þessa. Sagði hv. frsm. fjvn., að meiri munur væri á 30 þús. kr. og 50 þús. kr. en 5 þús. kr., og rétt er það. En ef sá hv. þm. hefði hugað rétt að ræðu minni dag, þá hefði hann vitað, að ég sagði þá, að í undanförnum fjárl. í tvö ár, 1944 og 1945, hefði verið heimild til að veita 15 þús. kr. á fjárl. 1944 og 30 þús. kr. á fjárl. 1945, og eru það 45 þús. kr. (*GJ:* Það er Framsóknarreikningur). Er Sjálfstæðisreikningur eitthvað öðruvísi? Ef svo er, þá furðar mig ekki á því, þótt útkoman verði dálítið einkennileg hjá hv. form. fjvn. Þetta voru þau orð, sem ég sagði í dag. En vegamálastjóri taldi 15 þús. kr. of litla fjárhæð til þess að byrja með þessar framkvæmdir. En ef lagt er til nú, að 50 þús. kr. verði veittar til þessara framkvæmda á næsta ári, virðist mér ekki vera annað en endurveiting á þeirri upphæð, nema 5 þús. kr. Ef hv. frsm. skilur ekki þennan sannleika, held ég, að erfitt muni reynast að kenna honum sannleikann, ekki síður en hógværðina.

Þá hélt hv. frsm. fjvn. því enn fremur fram, að ég hefði farið með rangt mál, — ósannindi, eins og hann orðaði það, — þegar ég sagði, að vegamálastjóri hefði lagt til, að þessar þrjár brýr, sem ég flyt ásamt öðrum hv. þm. brtt. um, yrðu teknar til framkvæmda og veitt fé til þess, en hann sagði þá jafnframt, hv. frsm., að vegamálastjóri hefði lagt það til, að þessar brýr yrðu teknar fyrst, ef nokkrum brúm yrði bætt við. Er þetta ekki að leggja til, að brýrnar verði teknar upp? Ef hv. þm. Barð. skilur ekki mælt mál betur en þetta, þá treysti ég mér ekki heldur til að kenna honum meðferð á sannleikanum. Ég verð að segja það, að þar sem hann í öðru orðinu viðurkennir, að þessi till. hafi komið fram frá vegamálastjóra, eins og ómótmælanlegt er, og nú er hins vegar vitað, að það eru frammi till. um nokkrar brýr aðrar en þessar þrjár, þá er sjálfsagt, að mér skilst, að ef bætt verður við nýjum brúm, eins og allir kannast við, að full þörf sé á að bæta við brúm, þá er það till. vegamálastjóra, að þessar brýr verði teknar. Og að eiga svo að hlusta á það frá form. hinnar virðulegustu n. í þinginu, að hann sé að bera á aðra samþm. sína, að þeir fari með ósannindi, er þeir tala það, sem liggur skjallega fyrir, að er alveg nákvæmlega rétt (*GJ:* Fullkomin vísvitandi ósannindi). Já, það er nú svo, að út í hvaða fen

og foræði sem hv. frsm. fjvn. anar, bæði í ósannsögli, yfirlæti og mikilmennsku, þá hef ég enga von um að geta bjargað honum.

Þá var hann að tala um það, hv. form. fjvn., að það væri lítið samræmi í því að leggja til, að milljónir væru lagðar til vissra mannvirkja frá minni hendi, og átti hann þar sennilega við framlagið til Suðurlandsbrautar, og leggja svo til að brjóta upp mannvirkin aftur. Ég skil ekki þennan málflutning. Hvar er lagt til í okkar till., að brotin verði upp mannvirki? Ég vil fá skýringu á þessu hjá hv. frsm. Hitt get ég ekki skilið, að á þeim mestu fjárveltiárum, sem yfir þessa þjóð hafa komið, sé búið að stofna fjármálum þjóðarinnar í þann vanda, að þrátt fyrir allt nýsköpunaryfirlætið sé ekki nokkur vegur að sinna neinum nýjum umbótum frá því, sem við höfum, til að bæta um samgöngumál landsins án þess að þurfa að taka til þess lán á lán ofan. Ég skil það ekki. Það er a. m. k. kominn tími til fyrir Alþ. eða þann meiri hl., sem ber ábyrgð á störfum Alþ., að endurskoða fjármálastefnu sína í þessu efni, því að það getur ekki farið saman að telja sig nýsköpunarmenn framar öllum öðrum, en jafnframt rísa upp á afturfótunum gegn hverri umbótatill., sem fram er borin til endurbóta í landinu, og telja, að það sé ekki hægt vegna fjárskorts. Og ef svo er fyrir þjóðinni farið, að enginn eyrir er til að verja til slíkra framkvæmda eins og hér er lagt til, þá er vissulega tími til kominn að endurskoða afstöðu fjvn. og hæstv. ríkisstj. í þessu efni, og ég hygg, að það sé rétt eins og hæstv. fjmrh. lét orð falla við afgreiðslu fjárl., að nýsköpunin byggðist á, að hægt væri að breyta til frá þeirri stefnu í fjárl., sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, en það sést bara ekkert á því bóla.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég vildi óska vini mínum, hv. þm. Barð., þess hlutskiptis að vera nokkru hógværari og rökfastari næst þegar hann tekur til máls um till. þm. en hann leyfði sér að vera í kvöld. Ég held líka, að það væri öllu hollara fyrir fjvn., ef hún ætlar sér að reyna að móta eitthvað afgreiðslu fjárl., svo að ég gefi hv. frsm. holl ráð frá mínu sjónarmiði séð, enda tel ég margt, sem hann heldur fram í minn garð og annarra, með öllu órétt, óhugsað og órökstutt.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta þessar umr. lengi. Það hafa komið hér nokkrar hnútur til fjvn., og er það kannske eðlilegt að vissu leyti, en flestar hafa þær verið heldur veigalitlar og rök lítil eða engin.

Ég vil leyfa mér að mótmæla því, sem kom fram frá hv. 2. þm. Rang., þar sem hann ber það á form. n., að hann hafi neitað að bera upp ýmsar till., sem fyrir n. lágu. Þetta er ekki rétt. Form. hefur ekki neitað að bera upp neina till., sem vitað var, að hafði nokkurt fylgi. Þær hafa því hlotið það þinglega afgreiðslu. Um till., sem vitað var, að lítinn byr höfðu hjá nm., kannske aðeins einn nm., sem fylgdi henni, þá var það ekki sótt svo fast að fá þær bornar upp, ef vitað var, að þær féllu í n. Um till. þá, sem hann sérstaklega átti við, er það að segja, að ég vissi, að hún yrði ekki samþ. í n., og þess vegna lagði ég ekki á það ríka áherzlu, að hún yrði borin upp, en hefði ég farið þess á leit við hv. form., þá veit ég, að hann hefði gert það. Ég tel mér skylt að leiðrétta þetta sem einn nm.

Að hv. frsm. hafi sýnt í framsögunni yfirlæti og óbilgirni, því hirði ég ekki að svara, því að hann mun svara því sjálfur, ef honum finnst ástæða til, og skal ég ekki svara að öðru leyti fyrir hann, ég tel þess ekki þörf.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. frsm., en það er ekki mjög mikið, sem ég þarf að minnast á. Hann gaf í skyn, að ég væri nú farinn að hafa minni áhuga fyrir Krýsuvíkurvegi. Við höfum oft talað um þennan veg, hv. þm. Barð. og ég. Ég skal viðurkenna, að eftir langan og harðan bardaga varð ég að láta undan í fjvn., eins og í sumu öðru, og fékk ekki mínar fyllstu till. uppfylltar og gaf eftir, að vegurinn yrði lækkaður um 150 þús. kr., en samt sem áður er hann langhæstur allra vega í fjárl., eins og vera ber, en að það hafi verið af því, að ég hafi verið orðinn áhugaminni fyrir þeim vegi en áður, það er mesti misskilningur. Mig langar til að spyrja hv. form. fjvn.: Var það af því, þegar hann féll frá því að brúa fjórar ár í Barðastrandarsýslu, að hann teldi þess ekki þurfa? Hafði hann minni áhuga fyrir því en áður? Ég býst við, að svo hafi ekki verið. Ég býst við, að hann hafi unnið það til að ná einhverju samkomulagi í n., að hann féll frá því, en ekki öðru. Sama máli gegnir með mig um þessa lækkun til Krýsuvíkurvegar, ég gerði það til að ná samkomulagi, en ekki af því, að ég væri áhugaminni fyrir veginum en áður var. Hv. samþm. minn heimtaði, að það væri gefin skýrsla um, til hvers þetta fé hefði farið, sem eftir var gefið. Mér þótti þetta svo broslegt af manni, sem hefur verið í fjvn. Þótt maður gefi eftir á einhverjum lið, þá er ekki verið að gefa hann til sérstaks ákveðins staðar, það er til hinna sameiginlegu þarfa ríkissjóðs, sem kemur fram annars staðar í hækkun, þótt ekki sé í sambandi við þá lækkun. Ég get ekki gefið honum aðra skýringu, og ég hef ekki rétt til að gefa sérstökum manni eða kjördæmi þetta fé.

Þá hefur verið talað hér talsvert um hinn nýja Austurveg, sem ég skil ekki, að þurfi að breyta um nafn. Suðurlandsbraut hefur hann heitið, en hitt er nýyrði frá hv. 1. flm., nýsköpunarmanninum hv. 2. þm. Árn., en ég tel vel til fallið að halda gamla nafninu, hann hefur heitið Suðurlandsbraut, en það er aukaatriði, hvaða nafn vegurinn fær. Mér þykir dálítið einkennilegt, hvernig hefur verið látið út af þeirri till., sem hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. V.-Sk. hafa flutt um þennan veg. Þeir hafa þar flutt till. þeirrar mþn., sem um málið hefur fjallað, um að leggja á hverju ári 3,7 millj. í þennan veg. Þetta gengur svo langt, að meira að segja einn nm., sem á nú sæti hér á þingi, er undrandi yfir þessari málsmeðferð. Þetta er það, sem hann leggur sjálfur til í n., sem hann segir, að hafi starfað mjög vel og dyggilega og samvizkusamlega, en svo, þegar að Alþ. kemur að fylgja þeim till., sem n. leggur til og bendir á, þá er það kallað fjarstæða og gert af illum hug við málið að

koma fram með það á þingi. Það er vitað, að í Ed. er frv., þar sem farið er fram á að taka 20 millj. kr. lán til að fullgera þennan veg, en ég sé ekki betur en hér hafi komið fram frá hæstv. fjmrh. till. um heimild til stórfelldrar lántöku til útgjalda ríkissjóðs á næsta ári, og ég get ómögulega séð þennan eðlismun, sem á þessu er, þó að því láni, sem tekið er á næsta ári, sé að einhverju leyti varið til þessa vegar, þó að lánsheimildin sé miklu stærri. Mér þykir miklu eðlilegra, að í þessu sem öðru sé fylgt vilja n.

Ég skal engan dóm leggja á, hvernig þetta vegarstæði er, ég þori ekki að segja um það, en ég mun í því tilfelli algerlega aðhyllast þá till., sem þessi n., sem í voru ýmsir sérfræðingar, leggur til. Ég tel, að við séum þess ekki umkomnir að koma með till. í aðra átt, hvað þetta snertir.

Þá þykir mér það ákaflega einkennilegt, sem kemur fram hjá fjölda hv. þm., þegar þeir tala um þessa samgöngubót austur yfir Hellisheiði, þá halda þeir fram, að Krýsuvíkurleiðin sé talin aðalleið, sem alltaf eigi að fara, þegar sá vegur er fullgerður. Þetta er mesti misskilningur. Þessu hefur aldrei verið haldið fram af neinum manni, sem er fylgjandi Krýsuvíkurleiðinni. Hæstv. fjmrh., hv. þm. Barð. og hv. 6. landsk. hafa allir rætt um, að Krýsuvíkurleiðin væri svo löng að hafa hana sem aðalleið. Hún hefur alltaf verið hugsuð sem þrautavaraleið, sem ekki væri farin nema þegar svo ber undir, að hinar leiðirnar væru ófærar, það er vitað mál. En þeir, sem hafa ferðazt hér iðulega á vetrum austur yfir Hellisheiði og vita, að það tekur stundum á annan sólarhring að komast til Reykjavíkur á bíl austan yfir fjall, þeim vex ekki í augum, þó að Krýsuvíkurleiðin sé 30 km. lengri, ef hún er greiðfær. Ég býst ekki við, að neinn sá maður, sem hefur lent í því svo að segja vikulega, eins og ég hef gert, að vera heilan sólarhring og stundum meira að brjótast austur yfir Hellisheiði, hvort sem farinn er Þingvöllur eða Hellisheiði, geti ekki sætt sig við 30 km. krók, ef sú leið er greiðfærari og snjóléttari. Ég býst við, að mþn. byggi till. sínar um Þrengslin á því, að vegur þar verði snjóléttari, af því að hann liggur um 100 km. lægra en Hellisheiðarvegurinn. Það er rétt, en við vitum þó, að Krýsuvíkurleiðin er miklum mun lægri en Þrengslin og liggur þar að auki á sjávarströndinni, og við vitum, að þar er snjóléttara en þegar lengra kemur inn í landið. Það er svo einkennilegt með snjóalög austan fjalls, að jafnvel þótt það gæti komið fyrir, að á Krýsuvíkurleiðinni yrði snjór, sem er þó afar sjaldan, það er þá helzt, þegar snjóar af suðri eða landsuðri, sem það getur komið fyrir, að Þingvallaleiðin sé snjóléttari, það getur farið svo í einstökum tilfellum á margra ára millibili. En þegar leiðirnar eru orðnar þrjár, þá segja allir menn, sem þessar leiðir hafa athugað, að mjög miklar líkur séu fyrir því, að einhver leiðin verði ávallt fær, því að snjóalög eru svo misjöfn eftir því, á hvaða átt vindurinn blæs, og það er vitað um Krýsuvíkurleiðina, að þar liggur vegurinn á sjávarströndinni, sem oftast verður þrautalendingin, þegar miklir snjóar eru.

Ég þarf svo ekki meira að fara út í þessi vegamál, því að hv. þm. V.-Sk. sýndi fram á, að það er mótsögn, sem hefur komið fram hjá hv. 6. landsk., og tel ég ekki ástæðu til að fara nánar út í það atriði.

Þá vil ég minnast með örfáum orðum á brtt. frá hæstv. fjmrh. á þskj. 372, þar sem hann fer fram á að fá heimild í 22. gr. til að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda um 30%. Ég skal lýsa yfir fyrir mitt leyti og ég býst við fyrir hönd samflokksmanna minna í fjvn., að okkur finnst þessi till. að ýmsu leyti eðlileg og réttmætt, að hún komi fram að því undanteknu, eins og hv. form. tók fram að nokkru leyti, að við leggjum mikla áherzlu á, að þær verklegu framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru í dreifbýlinu og flestar með mjög lágar upphæðir, verði látnar sitja fyrir með framkvæmdir á næsta ári og frekar dregið úr ýmsum þeim stórbyggingum, sem framkvæma á aðallega í Reykjavík og kaupstöðunum, sem ég tel, að séu, eins og nú standa sakir, ekki hyggilegar, þó að kunni að vera hyggilegt að ráðast í þær, því að þær taka mikið af þeim gjaldeyri, sem mikil þörf er að nota til íbúðarhúsa og annars slíks, auk þess sem þær eru mjög mannfrekar og taka til sín ákaflega mikið af fólki, en eins og nú hagar til með vegagerð, er á það að líta, að það er tiltölulega miklu minna vinnuafli hægt að koma við, eins og hagar til víða með verkfæri til slíkra hluta, og þá munar ekki svo mikið um það, þó að það verði unnið í þeim dreifðu byggðum, sem aðkallandi er og þar sem ekki er veitt mikið fé til annarra verklegra framkvæmda. Og þar sem ég veit, að hæstv. fjmrh. muni líta á það mál með fullum skilningi, þá lýsi ég yfir, að ég mun greiða þessari till. atkv.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni till., sem ég ásamt öðrum hef flutt hér á þskj. 366, að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 8 millj. kr. lán til sveitar- og bæjarfélaga vegna kaupa á atvinnutækjum, og mæltist til þess, að þessi till. yrði tekin aftur. Ég verð að segja, að það er fleiri en ein ástæða fyrir því, að ég sé mér ekki fært að verða við þessum tilmælum hæstv. ráðh. Ég viðurkenni að vísu röksemdirnar fyrir því, að þetta mál mætti taka upp aftur síðar á þ. í þessu formi, þó að þessi till. væri tekin aftur, en það eru aðrar till., eins og hæstv. ráðh. veit, sem fara í svipaða átt og jafnvel alveg í sömu átt og eru bundnar við vissa staði á landinu, sem ég veit ekki til að verði teknar aftur nú, og þá hefði það a. m. k. orðið að vera þannig, að allar þessar till. yrðu teknar aftur. Annars er hér ekki um annað en heimild að ræða, og ég þykist mega treysta svo réttdæmi hæstv. ráðh., að það verði að öllu leyti óhætt að leggja slíka heimild í hans hendur.

En ekki frá hálfu hæstv. ráðh., heldur af hálfu hv. frsm. n., hafa fallið nokkuð svæsin orð út af flutningi þessarar till. Ég hirði ekki um að svara þeim orði til orðs, en ég vil benda þingheimi á, að það er vissulega svo, að það mun sýna sig, að við verðum að ganga feti lengra en við höfum undir öðrum kringumstæðum viljað

gera, ef á að verða í þessu efni við þeim óskum utan af landi frá ýmsum stöðum, sem fram hafa komið um það, að einhver af þessum stórvirku atvinnutækjum, t. d. togarar, yrðu staðsett þar, m. ö. o. ef ekki á að vinna að því beinlínis, að þessi togarafloti verði bundinn við Reykjavík og Hafnarfjörð. Ég held, að það sjónarmið að vinna á móti því, að skipin verði ekki öll hér, heldur einnig á góðum höfnum úti á landi, þar sem aðstaða er til að notfæra sér slík skip, verði útilokað sökum skorts á fjármagni til að eignast slík skip, en það sjónarmið hefur vissulega meira til síns máls en hv. frsm. vill vera láta, og get ég þess vegna látið mér hans umbrot í þessu máli í léttu rúmi liggja eins og sakir standa.

Ég vil svo að því er snertir þá till. hæstv. fjmrh., sem síðast kom fram um heimild fyrir ríkisstj. til að takmarka útgjöld, sem hér eru samþ., að vissum hundraðshluta, ef ástæður verða þannig, að það virðist óhjákvæmilegt o. s. frv., þá vil ég segja það, að ég tel þá till. vera réttmæta, enda ekki eins dæmi, að slík till. sé samþ. á Alþ., því að það hefur oft verið gert áður, og mun ég því fyrir mitt leyti fella mig við, að stj. fái slíka heimild og ekki síður fyrir það, að formáli fylgir þar eða eftirmáli reyndar, sem gæti orðið nokkuð til fyrirgreiðslu nauðsynlegum framkvæmdum. Þó að þessi heimild yrði notuð, þá er það talsvert á annan veg en áður hefur átt sér stað, því að vissulega hefur þessi heimild verið til fyrir ríkisstj., án þess að bent væri á leið til úrbóta á annan veg.

Hv. frsm. fór mjög geyst í svörum sínum, ekki einasta að mér, heldur mörgum öðrum. Hann er náttúrlega sjálfráður um sinn málflutning, og það er ekki fyrir mig að kenna slíkum manni, hvernig hann á að haga orðum sínum gagnvart þingheimi, en hitt vitum við báðir, að það er engin nýlunda hér á þingi, að þm. beri sig upp, skulum við segja, undan ýmsum hliðum, sem að þeim snúa frá fjvn. Við höfum hér hlýtt á framsögu fjvn. á ýmsum tímum, en ég veit varla dæmi til, að nokkur frsm. hafi brotizt svo hart um í sinni framsögu og, ég vil segja, ausið yfir menn ásökunum, eins og hér hefur átt sér stað. Það er yfir höfuð ákaflega leiðinlegt ástand, þegar það hendir okkur að ganga út frá því, að við einir vitum allt og hinir viti ekkert, en það er eins og eitthvað svipað hafi vakað og vaki fyrir þessum hv. þm., þegar hann er að tyfta þá þm., sem hafa leyft sér að fara fram á breyt. eða leiðréttingu á því, sem n. hefur gert undir hans stjórn. Hann segir í einu orðinu eitt og öðru orðinu annað, þegar ég ber mig upp undan því, að framlag til Vestmannaeyjahafnar hafi verið minnkað frá því, sem áður hefur verið. Hann segist ekki geta séð inn í mitt hugskot, af því að ég hafi ekki borið mig upp við n., og í hinu orðinu segir hann, að kvörtun mín byggist á öfund á öðrum, og síðan rekur á sviptibyl af fúkyrðum, sem hv. þm. skemmti sér við að slá um sig með, en engin rök.

Þá var það eitt bréf, sem hv. þm. hélt svo mjög á lofti hér, sem nýbyggingarráð forbraut sig á að skrifa hæstv. ráðh., sem síðan komst í hendur fjvn., það varð þessum hv. frsm. yrkisefni ekki alllítið, og eiginlega er þungamiðja málsins hjá hv. frsm. ein misritun í þessu bréfi. Hann lagði út af því og velti mjög vöngum yfir því, að í þessu bréfi er komizt þannig að orði, sem ég skal játa, að er misritun, sem oft getur komið fyrir, að þar er talað um eins árs rekstraráætlun á stofnkostnaði, en á vitaskuld að lesast og mundi hver fermingardrengur geta lesið í málið, ef hann vildi, að þetta á að vera eins árs rekstraráætlun ásamt stofnkostnaði. En hv. þm. hefur vitaskuld ekki viljað lesa það rétt, heldur nota tækifærið til að snúa út úr. Hans afsökun er engin í þessu máli, vegna þess að þessi áætlun fylgir bréfinu, og hún er ekki frá nýbyggingarráði, heldur frú Halldóru sjálfri, og er þetta stofnkostnaður og rekstraráætlun. Það liggur því augljóst fyrir, að hv. form. fjvn. er ber að því að reyna að nota misritun til þess að gera nýbyggingarráð hlægilegt í þessu máli, í augum hv. þm. Og til hvers? Hv. form. fjvn. sagði, að Halldóra Bjarnadóttir hefði verið svo óheppin að lenda með erindi sitt hjá nýbyggingarráði. Og það er hennar eina sekt. Nýbyggingarráð pantaði ekki þetta bréf frá frú Halldóru. En því þótti hlýða, þar sem um var að ræða kennslu í ekki ómerkari efnum en tóskap og þess háttar, að leggja þessu máli liðsyrði. En það lítur út fyrir, að af einhverri andúð á nýbyggingarráði hafi hv. form. fjvn., og kannske einhverjir aðrir hv. nm. með honum, snúizt öndverðir gegn þessari ágætu konu fyrir það, að hana henti þetta, að beina orðum sínum til nýbyggingarráðs. Og þó veit ég ekki, hvað hér er á ferð, því að í öðru orðinu hrósar hv. form. n. þessari konu, en í hinu orðinu vill hann gera nýbyggingarráð hlægilegt fyrir það að vilja leggja þessari konu, sem er rösklega sjötug, liðsinni. Ég held, að svona málfærsla sé langt fyrir neðan það, sem frambærilegt getur talizt, að jafnvel núverandi hv. form. fjvn. vaxi ekki af henni. Það er gersamlega óframbærileg málafærsla að nota misritun í bréfi til þess að gera veður út af og slá um sig með því.

Sama er að segja um þann mann, sem er á fertugs aldri — Guð minn góður! — og nýbyggingarráð lagði til, að væri styrktur til að læra teppagerð(!) — maður, sem aldrei hefur stigið fæti á teppi, eftir því sem hv. form. fjvn. segir(!) Hvílík rök! Hvað lízt hv. þm. um þau? Því að þessi ummæli hv. form. áttu að miða að því, að eitthvert óráð væri að styrkja þennan mann. Þá var ekki minna veður í hv. form. fjvn., þegar hann fór að telja upp verkefni þessa fyrirhugaða skóla frú Halldóru Bjarnadóttur. Ég vil segja það hér, að form. nýbyggingarráðs hefur ekki samið þessa upptalningu. Hún er samin af Halldóru sjálfri. Og ég geri ráð fyrir því, eftir því sem þjóðin þekkir verk hennar, að það mundi engin löngun vera til þess að gera í fjármálaframsögu jafnmæta konu hlægilega fyrir að telja upp þessi verkefni, nema hjá sinnislagi eins og hv. þm. Barð., núverandi form. fjvn., hefur. Og að því er snertir það, að hún sé svo gömul þessi kona, að ekki megi líta við henni í þessum efnum, þá verð ég að halda því fram, að þegar maður lítur á þá löngu reynslu, sem hún hefur í sinni iðn, og hverju hún hefur afrekað á því

sviði, þá sé miklu meira af henni að vænta en yngri konu, þó að hún væri kannske orðhvatari og pilsvargur, einhver Gíslína í þeim efnum, og þótt hún væri yngri að árum, ef hún væri af þessari tegundinni, að hún áliti sig vita allt, en aðra ekkert. — Sérstaklega fannst hv. form. fjvn., að það væri hlægilegt, að frú Halldóra talaði um kennslu í þvotti ullar, og hann gekk yfir sjálfan sig í kátínu og gleðskap yfir slíkri heimsku, að því er skilja mátti á honum. Það hafa einhvern veginn farið öfugt í höfuðið á hv. form. fjvn. þessi ummæli frá nýbyggingarráði. En við höfum ekki farið fram á annað en að þessu erindi frú Halldóru verði hæfilegur gaumur gefinn og hún verði styrkt hæfilega til þess að geta komið kennslustofnun sinni á fót. Við höfum ákveðið þannig að hjálpa henni um stofnkostnað til þess, en með því, að líka komi styrkur annars staðar frá. Það er svo mikill klaufabragur á hártogunum hv. form. fjvn. á erindi þessarar konu og skiptum nýbyggingarráðs af fyrirætlunum hennar, að í augum hv. þm. er sá klaufabragur svo mikill, að mér virðist, að jafnvel þótt það kynni að reynast svo, að enginn í þessu landi hefði þörf fyrir kennslu frú Halldóru í ullarþvotti, þá sé það þannig, úr því að hv. form. vill þvo hendur sínar af frú Halldóru í þessu efni, þá séu sumir, sem þurft gætu að fá einhverja undirvísun í kattarþvotti. Því að þessi kattarþvottur hjá hv. form. fjvn. í því skyni að hrinda þessu erindi af höndum sér byggist ekki á öðru en útúrsnúningum í sambandi við þá afstöðu hjá okkur í nýbyggingarráði, sem vorum að mæla með erindi frú Halldóru. Þessi framkoma í garð þessarar ágætu konu verður ekki til þess að hvetja hv. þm. til þess að vera á móti þessum styrk, sem við förum fram á, að þessum skóla verði veittur, heldur þvert á móti ætti hún að geta orðið til þess að hvetja hv. þm. til þess einmitt að styrkja þennan litla skóla þessarar ágætu konu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal vera fáorður. Bæði er klukkan að ganga fimm að nóttu og svo er hitt, að hv. 6. landsk. (GBen), sem ég ætlaði að svara nokkru, er kominn í háttinn og aðrir búnir að svara honum að nokkru leyti, svo að ég get alveg leitt hann hjá mér, enda þótt enn þá sé nokkuð, sem hann sagði, sem þyrfti að mótmæla.

Það, sem alveg sérstaklega gerir það að verkum, að ég stend upp, er brtt. fjmrh. á þskj. 372, og þá fyrri málsl. hennar sérstaklega. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. fái heimild til þess að lækka um 30% eftir jöfnum hlutföllum þær greiðslur, sem á fjárl. eru samþ. til verklegra framkvæmda, sem ekki séu bundnar í öðrum lögum en fjárl. Ég get nú vel skilið það, að ríkisstj. vilji fá slíka heimild. Mér finnst það ekki nema eðlilegt. En mér finnst á hinn bóginn, að það sé svo himinhrópandi mismunur á þeim framlögum, sem hér er ætlazt til, að gert sé jafnt undir höfði, að það sé gersamlega óhugsandi að samþ. þessa brtt. eins og hún liggur fyrir, nema fyrir liggi a. m. k. yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. um það, að hann muni ekki framkvæma hana að öllu leyti eins og orðalag brtt. gefur tilefni til að ætla, að gert yrði. Það er svo mikill eðlismunur á þörfinni fyrir að klára t. d. einhvern vegarspotta, sem í fjárl. eru ætlaðar 5 þús. kr. til, og hinu, að koma upp byggingum, sem stendur á sama, hvort byggðar eru 1946, 1947, 1948 eða jafnvel 1950, eins og segja má um ýmsar þær byggingar, sem fyrirhugað er, að ríkið reisi á næstu árum, og mundi kosta milljónir að reisa, og allir játa í hjarta sínu, að því efni og vinnu, sem ætlað er til að reisa þær, væri miklu betur varið til þess að reisa með því íbúðarhús, — það er svo mikill eðlismunur á þessum tvennum framkvæmdum, að ég get ekki fellt mig við þessa brtt. hæstv. fjmrh., nema hann a. m. k. gefi þá yfirlýsingu, að ekki verði skorin niður framlög, sem kannske litlu muna fjárhag ríkisins, en framkvæmdirnar, sem gerðar væru fyrir fé, geta orðið tiltölulega mörgum til verulegs gagns, svo sem þar sem gert er ráð fyrir í fjárl. að leggja fram litlar fjárhæðir til að klára vegarspotta, gera hafnir og brýr o. fl. úti um hinar dreifðu byggðir. Og ef hæstv. fjmrh. vildi lýsa þessu yfir, þá treysti ég honum það vel, þó að ég treysti ekki vel ríkisstj. í heild, að ég met orð hans það mikils, að ég tel líklegt, að þá mundi ég sætta mig við að samþ. þessa brtt. hæstv. fjmrh. En ef á að skera jafnt niður fjárframlög til mannvirkja, sem fé er veitt til í fjárl. og eru ekki bundin með öðrum l., hvort sem um er að ræða 5 þús. eða 10 þús. kr. í stað, og hins vegar framlög, sem skipta hundruðum þús. kr. og kannske milljónum og eiga að ganga til mannvirkja, sem er ekki nauðsynlegt að byggja alveg strax, þá get ég ekki þolað það.

Þá er annað, sem undrar mig. Við höfum nú sex ráðh. og hv. þm., sem styðja þá, hafa reynt að binda þá saman, til þess að gera þá sem sterkasta. En þó er það svo, að hæstv. fjmrh. stendur upp við umr. um fjárl. og óskar, að aftur séu teknar tvær brtt., sem meðráðh. hans flytja. Og hann stendur einnig upp til þess að óska, að brtt. hans um heimild til niðurskurðar á framlögum á fjárl., sem ég gat um, verði samþ. Og þó er það svo, að meðráðh. hans flytja brtt., sem eru 600—700 þús. kr. hækkunartill. Og einn hv. þm., sem farinn er hér af fundi nú, hv. 2. þm. Rang., lýsir yfir, að öll ríkisstj. standi á bak við 1,8 millj. aukin framlög úr ríkissjóði, sem brtt. er um. — Mér finnst, að þessir 32 hv. þm., sem saman hnýttu þá 6 hæstv. ráðh. okkar, sem nú eru hnýttir saman í ríkisstj., muni þurfa að reyra böndin fastar, svo að ekki komi fram svona mikið ósamræmi í þeirra gerðum, heldur séu þeir svo fast saman bundnir, að þeir geti komið fram í þessum efnum eins og ein persóna, svo að tveir ráðh. flytji ekki brtt., sem svo þriðji ráðh. óskar, að teknar verði aftur. Og ég vildi mega vænta þess, að þegar til afgreiðslu fjárl. kemur, standi hæstv. ráðh. að einhverju leyti saman um þetta, svo að eitthvað fengist fram af því viti, sem hæstv. fjmrh. vill láta koma í fjárl., en hann virðist ekki ráða við að framkvæma, af því að böndin, sem saman hnýttu þessa 6 ráðh., virðast ekki nógu sterk.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég hef nú ekki

lagt mikið til þessara umr. og skal heldur ekki gera það. Ég lét alveg niður falla við 2. umr. að gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem ég hafði, þegar ég skrifaði undir nál. fjvn. Mér þykir rétt nú, áður en þessari 3. umr. fjárl. lýkur, að gera þetta aðeins með örfáum orðum. Fyrirvari minn var miðaður við það, að mér leizt svo sem sumar hækkunartill. n. á sumum tekjuliðum fjárl. væru ekki alls kostar gætilegar, þegar tekið er tillit til þess — eins og mér virðist vera —, að grundvöllur undir atvinnulífi þjóðarinnar virðist vera harla ótraustur sökum sívaxandi dýrtíðar og verðbólgu í landinu, samfara óvissu um verðlag á afurðum okkar á erlendum markaði. Þetta er þó alls ekki miðað við það nýja viðhorf, sem nú hefur skapazt í fisksölumálunum, enda var það ekki vitað, þegar ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Ég veit, að menn líta allmisjöfnum augum á það, hvernig atvinnulífi okkar er háttað nú. Sumir líta á það með mjög mikilli bjartsýni og hjá þeim ýmsum verður ekki vart við neinn ótta við, að þar verði breyting á, og kemur þetta oft og iðulega fram. En ég vildi sem sagt láta koma fram þessa afstöðu mína og þá þetta sem skýringu á mínum fyrirvara.

Það er aðeins eitt atriði hjá hv. frsm. fjvn., sem ég vildi gera dálitla aths. við. Það var það, þegar hann sagði, að samgmrh. væri alveg óbundinn um ráðstöfun á því fé, sem gert er ráð fyrir að taka að láni og verja til hafnargerða og lendingarbóta. Eins og hv. frsm. fjvn. hefur flutt hér af hálfu fjvn., þá hefur hún gert till. um skiptingu á þessu fé. Og sömuleiðis hefur hv. frsm. fjvn. borið hér fram fyrir hönd n. till. um skiptingu á fé, sem veitt er til byggingar gagnfræðaskóla, húsmæðraskóla o. s. frv. Ég vildi láta koma fram þá skoðun, sem ávallt hefur verið ríkjandi hér á hæstv. Alþ., að ríkisstj. eða sá ráðh., sem með slík mál fer, væri bundinn af þessum yfirlýsingum, sem gerðar eru á Alþ. í viðurvist hv. alþm. án þess að nokkrum mótmælum hafi verið hreyft. En ef sá skilningur væri í það lagður, sem hv. frsm. fjvn. hefur hreyft hér, þá er það alveg andstætt þeirri venju, sem ríkt hefur í þessum efnum hér á hæstv. Alþ. að undanförnu, og ég vil sem sagt ganga út frá því, að út af þeirri venju verði ekki brugðið, enda er þessi skipting, sem n. gerði till. um viðkomandi framlagi til hafnanna, gerð í samráði við þann ráðh., sem þessi mál heyra undir. Og það er vitanlega enn frekar til áherzlu á því, að fullkomið tillit verði tekið til þessarar skiptingar, þegar til framkvæmdanna kemur.

Það hefur mörgum hv. þm. orðið tilrætt um þá brtt., sem hæstv. fjmrh. hefur borið fram við fjárl. á þskj. 372, um að draga úr fjárframlögum til verklegra framkvæmda, ef fé er ekki fyrir hendi, eða, eins og það er orðað í till., að með þeim hætti að framkvæma verklegar framkvæmdir, sem um er að ræða, dragist um of vinnuafl frá framleiðslustörfum í landinu. Ég hef áður hér á hæstv. Alþ. staðið að flutningi sams konar eða mjög svipaðrar till. og þessarar. Ég ætla, að það hafi verið í a. m. k. tvö eða þrjú skipti, sem fjvn. hefur beitt sér fyrir, í samráði við þáverandi ríkisstj., að slík ákvæði væru tekin inn í heimildargr. fjárl., 22. gr. Og eins og nú horfir við um fjárlagaafgreiðsluna, þá virðist mér fullkomin ástæða vera til þess að slá slíkan varnagla. A. m. k. hygg ég, að í þau skipti, sem þetta hefur verið gert áður, hafi ekki verið nándar nærri eins brýn ástæða til að slá slíkan varnagla eins og nú er. En þetta kann að vera af því, að ég er ekki eins bjartsýnn í þessum efnum eins og aðrir hv. alþm. virðast vera. En hins vildi ég mega vænta, að hæstv. fjmrh. gæti framkvæmt þessa brtt. þannig, ef þörf gerðist að framkvæma hana, að í þessu efni yrði ekki í framkvæmd alveg fylgt því, sem hér segir, þannig, að niðurfærslan á útgjöldum ríkissjóðs til þessara verklegu framkvæmda, sem brtt. tekur til, verði hlutfallslega jöfn, hvaða verklegar framkvæmdir, sem um er að ræða innan þessa ramma. Því að, eins og hér hefur verið tekið fram, þá er náttúrlega mjög mikill munur á því, hvort um er að ræða framkvæmdir, sem eru beinn þáttur í framleiðslustarfsemi landsmanna, sem með þessari brtt. á að styðja og styrkja, þ. e. a. s. með þeim hætti að draga ekki allt of mikið vinnuafl frá þeim starfsgreinum, — það er ákaflega mikill munur á því, hvort um slíkar framkvæmdir er að ræða eða aðrar, sem standa þar utan við, til dæmis að taka þær starfstegundir, sem standa ekki í neinum beinum tengslum við framleiðslustarfsemi á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir, að þær fari fram á. Ég vil t. d. í þessu sambandi benda á, að á 20. gr. fjárl. er gert ráð fyrir að verja 6½ millj. kr. til byggingar nokkurra stórbygginga, sem er þó ekki nema lítill hluti af því, sem þær byggingar endanlega kosta. En gera má ráð fyrir, og er sennilega út frá því gengið, þegar þessar upphæðir eru teknar inn í fjárl., að á grundvelli þessara fjárveitinga verði byrjað á þessum byggingum. Vil ég í þessu sambandi t. d. benda á, að í fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að rúmlega ein millj. kr. verði veitt til þess að byggja fyrir útvarpshús í Reykjavík, en sú bygging á, samkv. þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að kosta 9 millj. kr. Sömuleiðis er hér um að ræða byggingu yfir þjóðminjasafnið, sem veitt er til á fjárlfrv. 1 millj. kr., en sú bygging, sem þar liggur fyrir að reisa, á samkv. áætlun að kosta 3 millj. kr., en mun þó sennilega fara nokkuð mikið fram úr þeirri áætlun, miðað við þá teikningu, sem ráð er fyrir gert af því húsi. — Ég vildi aðeins benda á þetta, hvort hæstv. fjmrh. mundi ekki, þegar til þess kemur e. t. v. að framkvæma þessa brtt., telja sig hafa nægilegt svigrúm til þess að haga nú þessum niðurskurði nokkuð misjafnlega, en ekki hlutfallslega jafnt á öllum viðkomandi greiðsluliðum, heldur eftir því sem þessar greiðslur grípa inn í atvinnulíf í landinu og atvinnuástand landsmanna. Mér skilst t. d., að orðalagið „að því er við verður komið" í brtt. ætti að geta veitt hæstv. fjmrh. nokkurt svigrúm í þessu efni.

Mér þykir svo ekki ástæða til að lengja þessar umr. frekar, en ég vildi aðeins, til viðbótar því, sem hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) sagði hér að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Rang., því leiðinlega fleipri, sem fram kom hjá þeim hv. þm., er hann sagði, að við í fjvn. hefðum verið beittir ofríki þar af

okkar form., þá vildi ég taka undir það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um það efni, að fyrir þessu er ekki hinn minnsti flugufótur. Í fjvn. hefur nú sem endranær — og kann ég þar vel um að dæma — verið gott samkomulag og hv. form. n. hefur ekki sýnt neina viðleitni í þá átt, sem hv. 2. þm. Rang. var hér að fleipra um í umr. í kvöld.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal vera fáorður. Hv. þm. Borgf. lagði annan skilning í það stóra atriði en ég, hvernig skipta bæri því fé, sem hann gat um og ég hafði gert að umtalsefni í ræðu minni í dag. En í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda honum á, að það hafa komið fram mótmæli á þessu stigi gegn fyrirkomulagi skiptingarinnar. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég hefði þurft að haga orðum mínum um þetta efni eins og ég gerði, ef það hefði ekki verið til staðar, og sést það m. a. á þeim till., sem komið hafa fram í sambandi við skiptingu þessa fjár. Nú er alveg ljóst, að hæstv. samgmrh. hefur í raun og veru ótakmarkað vald til þess að nota hafnarbótaféð eins og honum sýnist samkv. l. um hafnarbótasjóði. Og ég hygg, að það væri ekki að brjóta þau lög, þó að hann viki eitthvað frá þeirri skiptingu, sem fjvn. var sammála um að leggja til, að gilda skyldi. Það kann líka að vera nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðh. að víkja eitthvað frá þeirri skiptingu, ef ekki er unnið á þeim stöðum, sem gert er ráð fyrir, að unnið verði á, samkv. þeirri skiptingu, sem hér ræðir um. Ég skal ekki ræða meira um það atriði.

Varðandi fyrirspurn hv. 2. þm. Rang. um, hvað hafi verið gert við féð, sem flutt var frá Selvogsveginum, þá er því til að svara, að því var dreift hingað og þangað um landið, eins og hv. 1. þm. Rang. tók fram. Í fjárlfrv. var gert ráð fyrir 5 millj. og 100 þús. kr. til vegaframkvæmda. Síðan koma till. frá vegamálastjóra um 6 millj. og 300 þús. og að lokum leggur fjvn. til, að veittar verði rúmlega 7 millj. til vega. Má þá geta nærri, að þessar 150 þúsund kr., sem lækkuðu framlagið til Krýsuvíkurvegarins, geta ekki uppfyllt allar viðbætur til annarra staða og því ekki auðvelt að greina, hvert þær hafa farið. En þar sem viðkomandi hv. þm. er ekki viðstaddur hér nú, vona ég, að hv. meðþm. hans beri honum þau skilaboð frá mér, ef honum skyldi var fróun í því, að hver einasti eyrir hafi farið vestur í Barðastrandarsýslu. Hins vegar mun hv. þm. hafa séð till. vegamálastjóra og veit því, hvað mikið átti að fara til Hagabrautar.

Ég sé ekki ástæðu til að svara ræðu hv. þm. Vestm. En ég sé þó, að á þessari stundu hafa þeir orðið vinir þeir hv. þm. Vestm. og 1. þm. Rang., eins og Heródes og Pílatus, og hefur mér þótt það heldur styrkur en hitt. Ég veit ekki, hvernig venja hefur verið að taka form. fjvn. á Alþ. á öðrum tímum en þeim, sem ég hef setið hér, en ég minnist ekki að hafa heyrt falla jafnþung orð í hans garð og þau, sem til mín hafa verið sögð í þessum umr., þar sem m. a. því er haldið fram í fullri alvöru, að ég hafi ekki til annars setið í n. en til að hlúa að mér og kjördæmi mínu. Það þykir kannske eðlilegt, að ég taki á móti slíkum skotum án þess að svara. Ef hv. þm. hafa skotið þessum skotum og búizt við því, þá hafa þeir sett allt annan mann í n. en þeir áttu að gera. Ég tel, að slík skot, bæði frá hv. þm. Vestm. og öðrum hv. þm., séu aðeins þakklætisvottur fyrir það starf, sem ég hef lagt í þetta verk. En ég er viss um það, að ef sjónarmið þeirra hefði ráðið, þá væri ekki víst, að hæstv. fjmrh. hefði viljað taka við því verki.

Rök hv. þm. V.-Sk., sem heldur því fram, að mismununrinn á 35 og 50 sé 5, ætla ég ekki að ræða. Hitt vil ég taka fram í sambandi við þetta mál, að fjvn. hefur ekki lagt þann skilning í heimildina, að henni ætti að bæta við upphæðirnar, sem heimilaðar voru 1944 og 1945, svo að nú væri heimilað að greiða 95 þús. kr. til Klifanda, en sá skilningur kom skýrt fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. Að gefnu tilefni vil ég líka taka það fram, að ráðh. lagði ekki heldur þann skilning í þessa heimild. Ég hef því farið með rétt mál og rök hv. þm. hafa verið fyrir neðan allt velsæmi hér á hæstv. Alþ. Á slíkum rökum byggði hv. þm. álit sitt á verkum mínum í fjvn.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það hefur ekki mikið af rökum komið fram gegn því, sem ég sagði hér í kvöld, enda mun ég ekki eyða tíma til að svara þeim fáu andmælum, sem komið hafa. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, er hann hélt því fram, að sá skilningur hefði komið fram hjá mér, að Krýsuvíkurleiðin ætti að vera aðalleið. Það hefur mér aldrei komið til hugar. Mér hefur alltaf verið ljóst, að hún er hugsuð sem varaleið. Og mér er líka ljós þörfin á því, að fullkominn vegur komi hið fyrsta milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. En það breytir engu um það, að ég álít óskynsamlegt að vinna að þessum tveimur vegum samtímis. Ég tel réttara að leggja kapp á að ljúka öðrum veginum fyrst og láta hinn bíða á meðan. Það verður aldrei hægt að leggja fram nema takmarkað fé til þessara vega, og ef unnið er að báðum vegunum samtímis, tefur það fyrir, að önnur leiðin komist á. Og þar sem Alþ. tók þá stefnu fyrir meira en tug ára að leggja aðaláherzluna á Krýsuvíkurleiðina, þá álít ég það ekki sæmandi af Alþ. að viðhafa slíkan hringlandahátt að hætta nú við þá vegagerð og snúa sér að annarri. Ég endurtek það, að ég skil vel og þykist lengi hafa skilið nauðsyn þess að fá fullkomið vegasamband milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Annars kvaddi ég mér hljóðs eingöngu til þess að svara nokkrum aths., sem beint hefur verið til mín út af brtt. á þskj. 372. Ég er sjálfur þakklátur hv. alþm. fyrir þær góðu undirtektir, sem þessi till. hefur fengið. Tveir hv. þm. hafa þó í ræðum sínum komið inn á það, að niðurskurðinn mætti ekki framkvæma of bókstaflega, ekki mætti binda sig of fast við það að skera hlutfallslega jafnt öll útgjöld, heldur yrði að haga því eftir kringumstæðum. Ég vil taka það fram, að þótt brtt. sé svo orðuð, að niðurfærslan skuli framkvæmd eftir jöfnum hlutföllum eftir því, sem við verði komið, þá legg ég ekki þann skilning í þetta, að stj. skuli lækka framlag til allra verklegra framkvæmda jafnt. Það liggur í

augum uppi, að slíkt er óframkvæmanlegt. Það er ekkert vit í því, t. d. við vegagerð, eins og bent var á af hv. 2. þm. N.-M., þar sem veittar eru 5—10 þús. kr. Það getur tæplega komið til greina að skera slíkar fjárveitingar niður. Ég hef áður bent á, hve lítil bót er í að senda vinnuflokka til þess að vinna svo stuttan vegarspotta. Og því minni er ráðdeildin sem minna er unnið.

Á sama hátt er það augljóst mál, að ef skornar verða niður fjárveitingar til bygginga, verða þær ekki allar skornar hlutfallslega jafnt. Sumar byggingar, sem veitt er til nú í fjárl., eru komnar áleiðis, eins og t. d. viðbyggingin við Klepp og fæðingardeildin (*PO:* Og Sjómannaskólinn). Það væri ekki út af fyrir sig ómögulegt að skera niður við hann, því að hann er kominn svo langt á leið. En það verður að halda áfram að byggja hinar byggingarnar. Niðurskurður til bygginga mundi leiða til þess, að ekki yrði hafizt handa um að reisa einhverjar byggingar, sem fé hefur verið veitt til. Hins vegar veit ég, að hv. þm. geta ekki ætlazt til þess, að ég á þessu stigi málsins gefi yfirlýsingu um, hvaða byggingar yrðu látnar mæta afgangi. Það atriði hef ég ekki hugsað um og yrði að hafa samráð um við samstarfsmenn mína í stj. Hins vegar verð ég að segja það, að ef farið verður að skera niður til meiri háttar vegagerða, t. d. Krýsuvíkurvegarins o. s. frv., þá geri ég það nokkurn veginn hlutfallslega jafnt. Sem sagt ég álít þetta ákvæði brtt. vera ábendingu til ríkisstj. um, að þ. hafi látið í ljós vilja sinn og telji, að skorið skuli niður eftir jöfnum hlutföllum eftir því sem við verði komið, eftir því sem skynsamlegt er.

Ég hef svo ekki meira um málið að segja að þessu sinni. Ég geri ráð fyrir, að þessari umr. sé lokið, og skal ekki halda vöku fyrir hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 362,I felld með 27:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, JS, JJ, JörB, PZ, PÞ, PO, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BSt.

nei: BrB, EOl, GÞ, GSv, GTh, HB, IngJ, JJós, KA, LJóh, GB, MJ, ÓTh, PHerm, PM, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StgrA, ÞÞ, ÁS, ÁkJ, BG, BÁ, JPálm.

EE, BBen greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

Brtt. 352,1 felld með 27:20 atkv.

— 352,2 samþ. með 39 shlj. atkv.

— 352,3 felld með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÁ, ÁkJ, BSt, BBen, EOl, EE, GÞ, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, JörB, GB, MJ, PÞ, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, StgrA.

nei: SvbH, ÁÁ, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÍG, GTh, HB, HG, JJós, JJ, KA, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, JPálm.

BrB, PM greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

Brtt. 352,4 felld með 27:20 atkv.

— 352,5 samþ. með 27:13 atkv.

— 363,I.1 samþ. með 26:17 atkv.

— 363,I.2 samþ. með 26:16 atkv.

— 363,I.3 samþ. með 26:17 atkv.

— 363,II samþ. með 27:9 atkv.

— 363,III.1 samþ. með 26:13 atkv.

— 363,III.2 samþ. með 28:13 atkv.

— 363,IV samþ. með 27:12 atkv.

— 362,II aðaltill. felld með 29:7 atkv.

— 362,II varatill. felld með 30:14 atkv.

— 363,V.1 samþ. með 28:11 atkv.

— 363,V.2 samþ. með 27:10 atkv.

— 362,III.1 felld með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÁkJ, BG, BSt, BÁ, EystJ, GÞ, GSv, HB, HermJ, IngP, JJ, JörB, KA, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SEH, SÞ.

nei: ÞÞ, ÁS, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, JS, GB, MJ, ÓTh, PM, PO, SB, SG, SK, STh, SkG, StgrA, JPálm.

EE, IngJ, JJós, StJSt greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Þrátt fyrir það, þótt hv. 9. landsk. þm. hafi svikið það samkomulag, sem gert var í fjvn., um að standa á móti öllum hækkunartill. við fjárl. frá einstökum þm., brýt ég ekki mitt loforð og segi nei.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Ég vil aðeins mótmæla þeim áburði, sem á mig hefur verið borinn nú, að ég hafi gert samning í fjvn. um afgreiðslu. vegatill. Ég hef engan þátt tekið í slíkri samningagerð og tel mig því hafa óbundnar hendur við atkvgr. Ég segi nei.

Brtt. 362,III.2 felld með 27:19 atkv.

— 362,III.3 samþ. með 31:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁkJ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJ, JörB, KA, LJóh, MJ, PHerm, PZ, PÞ, PM, JPálm.

nei: PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, StgrA, ÞÞ, ÁS, ÁÁ, EOl, EmJ, GJ, GÍG, JJós, JS, GB.

EE, HG, ÓTh greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

Brtt. 362,IV.1 felld með 30:8 atkv.

— 362,IV.2 samþ. með 34:4 atkv.

— 369,I.1.a felld með 26:14 atkv.

— 369,I.1.b felld með 27:13 atkv.

— 369,I.2 felld með 26:18 atkv.

— 362,V.1 felld með 24:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EystJ, GÞ, GSv, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JJ, JörB, KA, GB, PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SkG, SvbH, ÁS, BSt, BÁ.

nei: EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HB, HG, HelgJ, JS, MJ, ÓTh, PM, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, JPálm.

EE, LJóh, SÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.
Brtt. 362,V.2 samþ. með 36:6 atkv.
— 362,VI.1 felld með 26:16 atkv.
— 362,VI.2 felld með 27:18 atkv.
— 362,VII felld með 26:12 atkv.
— 362,VIII felld með 35:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GSv, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JörB PÞ, SkG, SvbH, BÁ, EE, EystJ.
nei: GÍG, GTh, HB, HG, JJós, JS, JÞ GB, MJ, ÓTh, PM, PO, Sigf SK, STh, StJSt, StgrA BG, BBen, BrB, E JPálm.
PHerm, SÞ, BSt
1 þm. (BK) f
11 þm. g

9. landsk. gerði
Rafnseyrarhe
í 110 þús.,
vegati
Þe

H

Brtt. 362,XIV varatill. felld með 25:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÁS, ÁÁ, BÁ, EE, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GÍG, GTh, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JJ, JörB, MJ, PHerm, PÞ, SB, SEH, SÞ, SkG.

nei: StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, BG, BSt, BBen, BrB, EOl, EmJ, GJ, IngP, JS, KA, LJóh, GB, ÓTh, PZ, PM, PO, SigfS, SG, SK, STh, JPálm.

2 þm. (BK, HG) fjarstaddir.

Brtt. 366,II felld með 31:16 atkv.

— 362,XV.1—2 samþ. með 39:3 atkv.
— 362,XVI aðaltill. felld með 26:16 atkv.
— 362,XVI varatill. samþ. með 30:8 atkv.
— 352,9 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 366,III samþ. með 35:3 atkv.
— 352,10 tekin aftur.
— 362,XVII samþ. með 27:9 atkv.
— 362,XVIII samþ. með 34:4 atkv.
— 362,XIX aðaltill. samþ. með 26:8 atkv.
— 362,XIX varatill. kom því ekki til atkv.
— 352,11 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 352,12 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 366,IV samþ. með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, STh, SkG, StJSt, ÁkJ, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EystJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, HermJ, JörB, KA, LJóh, MJ, PHerm, PZ, PÞ.

nei: PM, PO, SB, SEH, SK, SvbH, ÁÁ, BG, EmJ, GÞ, GJ, GÍG, IngJ, JJós, JS, JJ, GB, ÓTh, JPálm.

SÞ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BSt, FJ, IngP greiddu ekki atkv.

2 þm. (BK, HG) fjarstaddir.

Brtt. 352,13 samþ. með 36 shlj. atkv.

— 362,XX samþ. með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EE, FJ, GTh, HB, JJós, JJ, KA, PHerm, PÞ, SigfS, SG, SÞ, StJSt, StgrA, SvbH, ÁS, ÁkJ.

nei: BBen, EmJ, GÞ, GJ, HelgJ, JS, GB, MJ, ÓTh, PZ, PM, SEH, SK, STh, ÞÞ, ÁÁ.

BSt, BÁ, BrB, EystJ, GSv, GÍG, HermJ, IngJ, IngP, JörB, PO, SkG, JPálm greiddu ekki atkv.

5 þm. (BK, HG, LJóh, SB, BG) fjarstaddir.

Brtt. 362,XXI.1—2 aðaltill. samþ. með 23:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JörB, KA, LJóh, GB, MJ, SigfS, SG, SEH, STh, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÁS, ÁkJ, BG, BrB, EOl, GSv.

nei: HG, IngP, JS, JJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SK, SÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, BBen, EmJ, GÞ, GJ, GÍG, JPálm.

PM, BSt, BÁ, EE, EystJ, FJ, GTh greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

Brtt. 362,XXI, 1—2 varatill. kom því ekki til atkv.

— 352,14 felld með 32:14 atkv.
— 362,XXII aðaltill. felld með 29:9 atkv.
— 362,XXII varatill. samþ. með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FJ, GÍG, GTh, HB, HG, JJós, JJ, JörB, KA, GB, PHerm, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EE.

nei: GÞ, GJ, MJ, PO, SK, SkG, BBen, EystJ, GÍG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, SEH, SÞ, SvbH, ÞÞ, ÁS, BSt, BÁ, JPálm greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

Brtt. 352,15 samþ. með 31:1 atkv.

— 369,II aðaltill. samþ. með 33:6 atkv.
— 369,II varatill. kom því ekki til atkv.
— 362,XXIII samþ. með 34 shlj. atkv.
— 366,V felld með 35:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, ÁKJ, BrB, EOl, GTh, KA, GB, SigfS, SB, SG, STh.

nei: SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, HB, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÞ, JPálm.

BG, EE, MJ, PM greiddu ekki atkv.

1 þm. (BK) fjarstaddur.

Brtt. 352,16 samþ. með 35:2 atkv.

— 352,17 samþ. með 28:3 atkv.
— 371,I felld með 28:19 atkv.
— 366,VI samþ. með 27:18 atkv.
— 362,XXIV.a samþ. með 26:5 atkv.
— 362,XXIV.b samþ. með 27:11 atkv.
— 352,18 samþ. með 26:10 atkv.
— 362,XXV felld með 26:18 atkv.
— 362,XXVI samþ. með 26:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv, GÍG, GTh, HB, HelgJ, HermJ, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, PHerm, PM, SB, SEH, SK, SÞ, StJSt, SvbH, JPálm.

nei: BSt, BÁ, BrB, EOl, EystJ, GJ, IngJ, IngP, KA, GB, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, StgrA, ÞÞ, ÁS, ÁkJ.

ÓTh, STh, ÁÁ greiddu ekki atkv.

3 þm. (BK, HG, BG) fjarstaddir.

Brtt. 352,19, svo breytt, samþ. með 27:13 atkv.

— 362,XXVII aðaltill. felld með 27:15 atkv.
— 362,XXVII varatill. samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁS, ÁkJ, BG, BrB, EOl, EE, EystJ, FJ, GSv, GTh, JJós, JörB, KA, LJóh, GB, MJ, SigfS, SB, SG, STh.

nei: StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BBen, GÞ, GJ, GÍG, HB, IngJ, IngP, JS, JJ, PZ, PM, PO, SK, SÞ, SkG, SvbH, BSt, BÁ, EmJ, HelgJ, HermJ, ÓTh, PHerm, PÞ, SEH, JPálm greiddu ekki atkv.

2 þm. (BK, HG) fjarstaddir.

Brtt. 366,VII samþ. með 34:3 atkv.

— 352,20 samþ. með 32:1 atkv.
— 352,21 samþ. með 30:4 atkv.
— 362,XXVIII.1 aðaltill. felld með 28:10 atkv.
— 362,XXVIII.1 varatill. felld með 26:18 atkv.
— 362,XXVIII.2 aðaltill. felld með 26:14 atkv.
— 362,XXVIII.2 varatill. samþ. með 26:9 atkv.
— 362,XXIX samþ. með 29:2 atkv.
— 369,III samþ. með 27:7 atkv.
— 352,22 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 352,23 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 352,24 samþ. með 33:4 atkv.
— 371,II aðaltill. felld með 27:19 atkv.
— 371,II varatill. samþ. með 28:7 atkv.
— 366,VIII samþ. með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, MJ, PM, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EE, FJ, GSv, GTh, HB, JS, KA, LJóh, JPálm.
nei: PZ, PÞ, PO, SK, SÞ, ÞÞ, GJ, GÍG, IngP. ÓTh, PHerm, SkG, StgrA, SvbH, ÁS, BG, BSt, BBen, EmJ, EystJ, HG, HelgJ, IngJ, JJós, JJ, JörB greiddu ekki atkv.
4 þm. (BK, BrB, GÞ, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 366,IX samþ. með 30:5 atkv.
— 362,XXX samþ. með 30:8 atkv.
— 352,25—26 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 362,XXXI aðaltill. felld með 27:18 atkv.
— 362,XXXI varatill. samþ. með 29:5 atkv.
— 352,27 felld með 26:18 atkv.
— 369,IV samþ. með 36:3 atkv.
— 366,X samþ. með 29:5 atkv.
— 366,XI aðaltill. felld með 27:14 atkv.
— 366,XI varatill. samþ. með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, KA, GB, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh, SÞ, StgrA, ÁS, ÁkJ, BG, BrB, EOl, EE, GSv.
nei: HB, HG, JJós, JS, MJ, PZ, PO, SB, SkG, ÞÞ, ÁÁ, BBen, EmJ, GÞ, GJ, GÍG, JPálm. HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JörB, LJóh, PHerm, PÞ, StJSt, SvbH, BSt, BÁ, EystJ, GTh greiddu ekki atkv.
3 þm. (PM, BK, FJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Þar sem, ef þessi regla verður tekin upp, yrði til þess, að lífeyrissjóðsl. yrðu gerð þýðingarlaus, segi ég nei.

Bjarni Benediktsson: Ég tel að vísu, að þessi ágæta kona sé alls góðs makleg, en þar sem hún nýtur talsvert hærri eftirlauna en margir, sem eru á föstum launum hjá ríkissjóði, þá segi ég nei.

Frsm. (Gísli Jónsson): Það lágu þær upplýsingar fyrir fjvn., að þessi kona hefði samtals nærri 24 þús. kr. laun, og ég tel, að ef þessi till. væri samþ., þá mundi hún hafa í för með sér, að endurskoða yrði eftirlaun allra kennara og ekkna þeirra. Ég segi því nei.

Brtt. 366,XII aðaltill. felld með 29:8 atkv.
— 366,XII varatill. samþ. með 29:6 atkv.
— 366,XIII aðaltill. felld með 26:17 atkv.
— 366,XIII varatill. samþ. með 28:7 atkv.
— 362,XXXII samþ. með 27:8 atkv.
— 352,28, svo breytt, samþ. með 26:3 atkv.
— 366,XIV samþ. með 26:12 atkv.
— 352,29 samþ. með 26:2 atkv.
— 352,30.a samþ. með 31:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HB, HG, IngJ, JJós, JS, JJ, JPálm.
nei: JörB, KA, GB, PHerm, PZ, SigfS, SG, STh, StgrA, SvbH, ÁS, ÁkJ, BSt, BrB, EOl, GSv, HelgJ, HermJ, IngP.
2 þm. (BK, GÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gunnar Thoroddsen: Ég hefði viljað, að liðurinn stæði óbreyttur og veitt væri ein millj. kr. til byggingar menntaskóla í Reykjavík. En þar sem nú er búið að breyta þessu, tel ég ekki fært að samþ. einnar millj. kr. hækkun og segi því já.

Brtt. 352,30.b samþ. með 29:9 atkv.
— 352,31 samþ. með 26:6 atkv.
— 352,32.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 352,32.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 352,33 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 362,XXXIII samþ. með 34 shlj. atkv.
— 362,XXXIV samþ. með 26:9 atkv.
— 362,XXXV samþ. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, GÞ, GSv, HB, HermJ, JörB, KA, GB, SigfS, SG, SEH, STh, SÞ, StgrA, ÁS, ÁkJ, BG, BSt, BrB, EOl, EE.
nei: EystJ, GJ, GÍG, JS, JJ, LJóh, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SK, SkG, ÞÞ, BBen, JPálm. FJ, GTh, HG, HelgJ, IngJ, IngP, JJós, MJ, ÓTh, PHerm, StJSt, SvbH, ÁÁ, BÁ greiddu ekki atkv.
1 þm. (BK) fjarstaddur.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jóhann Jósefsson: Mig stórfurðar á, að svona brtt. skuli fram koma frá öðrum en viðkomandi ráðh., því að hér er um opinberan starfsmann að ræða. Og þó að ég viðurkenni gott og mikið starf þessa manns, sem hér eru greidd atkv. um, og unni honum alls góðs, get ég alls ekki fellt mig við að greiða atkvæði um málið, þegar það er svona fram borið.

Lárus Jóhannesson: Ég álít þennan mann alls góðs maklegan, en ég álít svo langt gengið í þessu og að einhvers staðar verði að stoppa og segi nei.

Sigurður Thoroddsen: Með því að þetta er brtt. gerð við heimild um að greiða Matthíasi Einarssyni lækni prófessorslaun, þegar hann lætur af yfirlæknisstarfi við Landakotsspítala, og þó að hann hafi ekki starfað hjá ríkinu, fær hann prófessorslaun, þá sé ég ekki, að þessi maður, sem nú eru greidd atkv. um, eigi ekki að njóta sömu kjara, og segi ég því já.

Þorsteinn Þorsteinsson: Af því að þessi maður, sem hér eru greidd atkv. um, lætur ekki af störfum fyrr en á næsta ári, þá getur hæstv. ríkisstj. ákveðið honum eftirlaun fyrir það ár, ef hann þá lætur af störfum, og svo næsta fjárlagaþing ákveðið hans endanlegu eftirlaun og þess vegna segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Ég sé ekki annað en að þessi brtt. sé alveg í samræmi við ýmislegt annað, sem samþ. hefur verið hér, og þess vegna segi ég já.

Bjarni Benediktsson: Með tilvísun til þess, sem hv. þm. Dal. sagði áðan, og með tilvísun til þess, að samþykkt þessarar brtt. væri í ósamræmi við það, sem gert var gagnvart einum elzta starfs-

hæstv.
.il baka.

.4:15 atkv., að við-
sögðu
gJ, HermJ, IngJ, IngP,
, PÞ, SkG, SvbH, BSt, BÁ, EE.
.P, GJ, GÍG, GTh, HG, HG, JJós,
, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS,
, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞÞ,
AS, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, JPálm.
PHerm, SÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (BK) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

.i. Ég vil
.v. um brtt. á
eftirlaun til Guð-
.rv. héraðslæknis. Ég
mjög margir hafa ekki
um að ræða Guðmund Guð-
. héraðslækni í Stykkishólmi eða
.il ég gera þá fyrirspurn til hæstv.
.vort hann geti ekki látið fara fram
.. aftur um þennan lið, ef hér hefur verið
.i að ræða Guðmund Guðmundsson frá Stykk-
ishólmi.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hv. þm. var skýrt frá því við 3. umr., hvaða maður það væri, sem ætti hér hlut að máli. Og það er engin ástæða til að endurtaka þessa atkvgr., enda væri það þinginu síður en svo til sóma.

Brtt. 366,XVII felld með 21:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HermJ, IngP, JörB, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, SB, SG, STh, StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, BG, EystJ, FJ, GÞ, GÍG.
nei: HB, HelgJ, IngJ, JJós, JS, JJ, KA, GB, MJ, ÓTh, PM, PO, SEH, SK, SÞ, ÞÞ, BBen, EOl, GJ, GSv, JPálm.
SigfS, SkG, StgrA, SvbH, BSt, BÁ, BrB, EE, EmJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (BK) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Frsm. (Gísli Jónsson): Þar sem forstjóri skipaútgerðarinnar hefur keypt 3 skip til landsins fyrir ríkið og eitt kvað hafa verið skírt María og ætlað til að stunda björgunarstörf fyrir vestan, þá segi ég nei.

Brtt. 352,35,a samþ. með 27:1 atkv.
— 352,35.b samþ. með 30:2 atkv.
— 366,XVIII samþ. með 29:10 atkv.
— 366,XIX samþ. með 28 shlj. atkv.
— 363,XII tekin aftur.

Jóhann Jósefsson: Við umr. hér í gærkvöld mótmæltum við flm. till. því, að ráðh. væri bundinn við þá skiptingu hafnarbótafjár, er hv. fjvn. hefur gert í nál., en ekki verið samþ. af Alþ. Þar sem þessi mótmæli voru tekin gild af hv. frsm. fjvn. og hann gaf þá yfirlýsingu, að ráðh. væri ekki bundinn við þessa skiptingu, og

Bernharð Stefánsson: Það má telja víst, að Alþ. samþ. l., sem fyrirskipa þessi útgjöld. Ég sé ekki annað en sú pólitík að samþ. frv. en fella till. sé svipuð þeirri aðferð, sem strúturinn notar, er hann stingur höfðinu í sandinn. Segi ég því já.

Brtt. 362,XXXIX samþ. með 28:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, LJóh, MJ, PHerm, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÍG, HG, HelgJ, HermJ, IngP, JS, JJ, JPálm.
nei: KA, GB, ÓTh, SB, SG, SEH, SK, StgrA, SvbH, ÁS, ÁkJ, BrB, EOl, GÞ, GJ, GTh, HB, IngJ, JJós.
PM, SigfS, STh, ÞÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (BK) fjarstaddur.
Brtt. 362,XL felld með 25:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, SÞ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, KA, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SÞ, SkG, SvbH, ÁS, BSt, BÁ, BrB, EOl.
nei: EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HB, HG, IngJ, JJós, MJ, ÓTh, PM, PO, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BBen, JPálm.
GSv, JS, GB, BG greiddu ekki atkv.
2 þm. (BK, EE) fjarstaddir.
Brtt. 362,XLI felld með 27:15 atkv.
— 374 samþ. með 33:2 atkv.
— 362,XLII samþ. með 29:9 atkv.
— 362,XLIII tekin aftur.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þar sem fullvíst má telja, að aðstoð til handa sveitarfélögunum til þess að fá lán varðandi útvegun atvinnutækja hefjist á næsta ári, hafa flm. ákveðið að taka till. þessa aftur.

Brtt. 363,XIII samþ. með 29 shlj. atkv.
— 366,XX samþ. með 35:4 atkv.
— 366,XXI samþ. með 38:1 atkv.
— 366,XXII samþ. með 26:6 atkv.
— 369,V samþ. með 26:11 atkv.
— 373 felld með 26:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, SvbH, ÁS, BSt, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JörB, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, SB, SG.
nei: SÞ, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BBen, EOl, EE, EmJ, GJ, GÍG, GTh, HB, HG, IngJ, JJós, JS, JJ, KA,

MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SEH, SK, JPálm. STh, StJSt, StgrA, BG, BÁ, BrB, GÞ, GB, greiddu ekki atkv.
1 þm. (BK) fjarstaddur.
Brtt. 372 samþ. með 33 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 381).

5. Skemmtanaskattur.

Á 52. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1946 (stjfrv., A. 337).

Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 19 des., var frv. tekið til 2. umr.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur eindregið til, að það verði samþ., enda er það ekki annað en framlenging á viðauka, sem áður hefur verið í gildi.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 386).

6. Verðlagning landbúnaðarafurða o. fl. (heildarlög).

Á 2. fundi í Nd., 4. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. (stjfrv., A. 5.)

Á 4. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 10 okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er staðfesting brbl., sem sett voru 20. ágúst s. l. Eins og öllum hv. dm. er kunnugt um, voru sett þau ákvæði í dýrtíðarl. frá 14. apríl 1943, að skipa skyldi 6 manna nefnd, er gera skyldi tilraun til að finna grundvöll fyrir vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða. Ef nefndin yrði sammála, skyldi ákveða verð á landbúnaðarafurðum í samræmi við það. Þessi tilhögun skyldi þó aðeins haldast „meðan núverandi ófriðarástand helzt." — Þessi 6 manna nefnd var svo skipuð vorið 1943, starfaði hún fram eftir sumrinu, og eins og kunnugt er, varð samkomulag innan n. um framleiðslukostnað landbúnaðarafurða. Þetta var hið svonefnda 6 manna nefndar álit, sem mjög hefur verið rætt um síðan og mjög hafa verið skiptar skoðanir um, og hefur gætt nokkurra öfga á báðar hliðar; sumir hafa viljað álíta þetta 6 manna n. álit nokkurs konar „evangelium", og aðrir hafa talið það á engum rökum reist. Ég held, að sannleikurinn liggi þarna einhvers staðar á milli og efast ekki um það, að n. hefur reynt að vinna samvizkusamlega úr þeim gögnum, sem fyrir henni lágu, en um hitt má svo deila, hvort þessi gögn hafi öll verið á réttum grundvelli reist.
Haustið 1943 fór svo verðlagning landbúnaðar-

afurða fram samkv. 6 manna n. álitinu, og breyttist þá í raun og veru viðhorf þeirrar verðlagsnefndar, sem fram að þessu hafði fjallað um verðlagningu landbúnaðarafurða. Hennar störf hættu þá í raun réttri að vera mat, heldur varð það ekkert annað en útreikningur, sem byggðist á 6 manna n. álitinu. — Þegar svo komið var að verðlagningu haustið 1944, var, eins og kunnugt er, horfið frá þessu ráði. Hækkun hafði þá orðið á vísitölu landbúnaðarframleiðslunnar, sem nam 9,4%, en eftir að búnaðarþing hafði fjallað um málið og mælt með því, að verðlagning þessara afurða héldist óbreytt, varð það úr, að samþ. var með 1. á hv. Alþ., að verðlagningin skyldi haldast sú sama og 1943, en aftur á móti tók ríkissjóður þá ábyrgð á sama verði fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir og þær, sem seldar yrðu á innlendum markaði, — og með sama verði og reiknað var með í 6 manna n. álitinu. Eins og kunnugt er, hafa risið miklar deilur um þær ráðstafanir, sem voru gerðar haustið 1944, en um það gildir hið sama og um 6 manna n. álitið, að ég tel þær ekki hér til umr. og vil því ekki að fyrra bragði draga þær inn í umræðuefnið. — Nú í vor var hins vegar sú breyting á orðin, að Evrópuófriðnum var lokið, áður en til þess kæmi að ákvarða verð á kjötframleiðslunni, og ákvæði dýrtíðarl. frá 1943 þar með niður fallið. Það var því eigi um það að ræða, að verðlagið á þessu hausti gæti farið fram samkv. þeim lögum eða að verðlagið formlega yrði byggt á hinu svo nefnda 6 manna n. áliti. Nú varð hins vegar ekki hjá því komizt, að sett yrði verð á þessar vörur, þegar þær komu á markaðinn, og má því segja, að ríkisstj. hafi þá átt um þrjár leiðir að velja. Í fyrsta lagi gat hún að sjálfsögðu kallað saman þing, sem naumast gat orðið fyrr en 1. sept., og látið það ráða fram úr þessum vanda, sem sannast að segja var þá undir hælinn lagt, hvort úrlausn hefði náðst á þ. nægilega snemma, og sem auk þess hefði haft mikinn kostnað í för með sér, þar sem þ. að öðru leyti gat ekki orðið nægilega undirbúið á svo skömmum tíma. Önnur leiðin var sú að hverfa aftur að hinu gamla fyrirkomulagi og láta verðlagsnefndirnar, sem þó ekkert samband höfðu sín á milli, ákveða verðið. Þriðja leiðin var sú, sem valin var, að ríkisstj. kæmi sér saman um bráðabirgðal., er verðlagning skyldi reist á. — Það gefur að skilja, að það tók alllangan tíma að ná samkomulagi um þessa löggjöf, því að þar var að sjálfsögðu um margvísleg sjónarmið að ræða, og þarf ekki að undra það, þótt fulltrúar verklýðsfélaganna í ríkisstj. hugsuðu sig tvisvar um, áður en þeir féllust á að gefa framleiðendum svo mikið vald yfir verðlagsmálunum, sem raun varð á.

Þessi brbl. voru sett 20. ágúst s.l., og er hv. dm. kunnugt efni þeirra, svo að ég skal ekki rekja efni þeirra nákvæmlega, en aðeins minnast á höfuðatriðin. Samkv. 1. gr. l. skal landbrh. skipa til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „búnaðarráð". Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. — Var sú heimild notuð, og liggur í augum uppi, að þetta ákvæði er sett í því skyni að gera búnaðarráð óháð ríkisstj., þ. e. a. s., að það er ekki undir geðþótta ríkisstj. komið, hvaða maður kemur í stað aðalmanns, ef aðalmaður gæti ekki sótt fund. — Þetta 25 manna ráð, sem landbrh. skipar formann fyrir, á að kalla saman til fundar í síðasta lagi 5. sept. ár hvert.

Í 3. gr. frv. segir, að á 1. eða 2. fundi sínum skuli búnaðarráð kjósa 4 menn í n., er nefnist „verðlagsnefnd landbúnaðarafurða." Í sömu gr. segir enn fremur, að nefndarmenn skuli að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt sé þó að víkja frá því, ef heppilegra sé talið. Þetta er einnig gert í því skyni að gefa búnaðarráði sem víðtækast valdssvið og til þess að gera það sem óháðast ríkisstj., þannig að það sé ekki bundið vilja manna í n. — úr þeirra hópi, sem landbrh. hefur tilnefnt í búnaðarráð. — Verðlagsnefnd skal kosin meirihlutakosningu, og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkv. meiri hluta búnaðarráðsmanna.

Samkv. 4. gr. á búnaðarráð enn fremur að gegna ýmsum störfum, svo sem að gera till. um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða, ákveða verðjöfnunarsvæði og verðlagssvæði, ákveða verðjöfnunargjald á ýmsum landbúnaðarafurðum og stuðla að hagnýtri verkun og meðferð landbúnaðarafurða og nýtingu markaða fyrir þær, jafnt innan lands sem utan. — Hafa störf þessi legið undir öðrum stjórnskipuðum nefndum. Sum af þessum verkefnum eru að mínu áliti allmikilvæg og hefur ef til vill ekki fram að þessu verið gefinn sá gaumur, eftir því sem mér hefur skilizt, sem að minnsta kosti æskilegt hefði verið fyrir bændastéttina. Á ég þar ekki sízt við 1. lið 4. gr., sem ræðir um setning reglna um gæðaflokkun og verðflokkun landbúnaðarafurða. Annars er skiptingin í höfuðatriðunum milli búnaðarráðs og verðlagsn. sú, að búnaðarráð markar línuna, — það ákveður í stórum dráttum, en verðlagsn. verður aftur á móti eins og framkvæmdarráð búnaðarráðs, sem á að annast einstök atriði þeirra samþykkta, sem búnaðarráð gerir. Má þar benda á 4. lið 4. gr., sem ræðir um meðferð landbúnaðarafurða. — Verðlagsn. er skipuð 5 mönnum; einum tilnefndum af landbrh., sem er form. búnaðarráðs, og 4, sem búnaðarráð kýs. Störf hennar eru m. a. að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði og svo að annast aðrar framkvæmdir, sem hingað til hafa verið í höndum mjólkursölun., mjólkurverðlagsn., kjötverðlagsn. og verðlagsn. garðávaxta. Verðlagsn. ræður sér svo framkvæmdastjóra.

Þeir kostir, sem ríkisstj. þóttist sjá við þessa nýju tilhögun fram yfir þá gömlu, voru aðallega tveir. Í fyrsta lagi með því að fela einni n. verðlagningu allra landbúnaðarvara á að mega treysta betra samræmi í verðlagningunni heldur en þegar margar nefndir, sem ekkert samband hafa sín á milli, eiga að annast þessi sömu störf, hver út af fyrir sig. Þessi sameining valdsins hjá einni n. á að geta komið í veg fyrir þá tortryggni, sem stundum hefur verið meðal neytenda, sem hafa talið, að kapphlaup væri milli verðlagsnefndanna. Slík tortryggni er jafnóheppileg bæði fyrir framleiðendur og neytend-

ur, og hún er raunar jafnóheppileg, hvort sem hún er á rökum reist eða ekki, a. m. k. er hún alltaf óheppileg. Þetta er fyrri ástæðan, en hin síðari er sú, að með þessari nýju tilhögun er verðlagsvaldið óskipt lagt í hendur framleiðandans. Hann einn getur nú ákveðið, hverju verði varan skuli seld. Má segja, að þetta sé líkt og var fram til ársins 1943, að öðru leyti heldur en því, að nú er það sama stofnunin, sem ákveður verðlag landbúnaðarafurða fyrir allt landið, en áður voru það ýmsar stofnanir framleiðenda, sem ákváðu verðið hver á sínu sviði, og má því treysta því betur nú, að betra samræmi fáist hvað verðlagninguna snertir.

Það er ljóst, að hér er framleiðendum fengið mikið vald í hendur, en því valdi fylgir líka mikil ábyrgð. Það er og ljóst, að ef þessu valdi er misbeitt, hlýtur það fyrst og fremst að koma niður á framleiðendum sjálfum, og ég hygg fyrir mitt leyti og vona, að reynslan sýni það, að þetta aðhald sé nægilegt og að þessi tilhögun gefi vonir um skynsamlegri og heppilegri niðurstöðu bæði fyrir framleiðendur og neytendur en það reiptog, sem átt hefur sér stað undanfarið milli þessara aðila, og hafa úrslit þess í raun og veru oltið á áliti eins stjórnskipaðs manns, því að eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. kosið oddamann í þessar n., sem annazt hafa þessi störf, og hefur hann þannig haft úrslitavaldið. — Nú er það að sjálfsögðu ljóst, að reynslan ein mun skera úr um það, hvernig þessi tilhögun gefst, og er ekki vert að vera með miklar getgátur um það fyrirfram.

Strax eftir að l. voru sett, var búnaðarráð skipað bændum úr öllum sveitakjördæmum landsins, auk nokkurra manna, er vinna mikilvæg störf í þágu landbúnaðarins. Formaður búnaðarráðs var skipaður einn af fremstu forvígismönnum bænda, maður, sem að ýmsu leyti hefur látið sér meira annt um velferð landbúnaðarins og náð þar meiri árangri heldur en ef til vill nokkur annar og eftir liggur meira og betra starf í þágu landbúnaðarins en flesta, ef ekki alla aðra.

Ég vil því vona, að reynslan sýni, að þessi nýja skipan og það traust, sem bændastéttinni hefur verið með þessu sýnt, með því að fela henni einvörðungu verðlagninguna, gefist vel, og ég hygg, að sú fyrsta reynsla, sem á þessu hefur fengizt, sé á þann veg, að báðir aðilar, framleiðendur og neytendur, uni sæmilega vel við, þótt náttúrlega hafi verið gerðar tilraunir frá báðum hliðum til þess að gera störf verðlagningarn. tortryggileg.

Að endingu vil ég svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. landbn. þessarar hv. d.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Þótt þetta mál fari sennilega til þeirrar n., sem ég á sæti í, þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum við 1. umr.

Hæstv. landbrh. lét í ljós, að þetta frv. skyldi koma í stað þeirra ákvæða, sem gilt hafa um verðlagningu landbúnaðarafurða. Nú er það samt skoðun margra, að vafasamt sé, hvort hin fyrri verðlagsákvæði séu úr gildi fallin. En um þau er komizt svo að orði, að þau skuli gilda meðan núverandi styrjaldarástand helzt. Og hvaða ástand var það, sem orsakaði þetta? Markaðir voru lokaðir, nema enski markaðurinn, og innanlands var ástandið þannig, að erfitt var að keppa við erlenda framleiðslu. Þetta voru ástæðurnar, sem urðu til þess, að þessi lög voru sett, og ég held, að breytingin á þessu ástandi sé næsta lítil. Þýzkaland og Norðurlönd eru lokuð enn þá og örðugt um sölu til Danmerkur. Aðeins er opinn enski markaðurinn, eins og áður, og ástandið innanlands algerlega óbreytt. M. ö. o.: Ég sé ekki betur en ástand það, sem skapaði þessi lög, sé algerlega óbreytt. Hæstv. ríkisstj. virðist líta öðruvísi á þetta mál og hefur nú numið úr gildi fyrri ákvæði um þessi mál.

Ég hefði talið einsætt, að þetta mál hefði verið látið falla í fyrri farveg, en ekki gerð sú gagnbreyting, sem nú er raun á orðin. Á síðari árum vaknaði óánægja hjá bændum út af því, hve veikan þátt bændur áttu í verðlagningu landbúnaðarafurða. Þeir undu þessu þó sökum þess, að vel var á þessum málum haldið, en hefðu þó kosið að fá meiri íhlutun. Óhætt mun að segja, að þessi óánægja hafi aukizt eftir að þing og stjórn urðu ráðþrota og urðu að kasta flækjunum til bænda. Þannig var það þegar 6 manna n. var stofnuð, en hún leysti verk sitt af hendi þannig, að allir voru ánægðir, eins og kunnugt er, og ekki síður bændur en aðrir, þótt þeirra hlutur væri ekki of stór. En þeir undu því vel, að sú lausn var fundin, sem bæði framleiðendur og neytendur höfðu gengizt undir. Eftir að Alþingi 1944 hafði gefizt upp og leitaði til bændastéttarinnar og hún tók því eins vel og menn mega muna á búnaðarþingi í fyrra haust, fór sú krafa vaxandi, að bændur fengju að ráða þessum málum sjálfir. Það var þess vegna ekki í sjálfu sér nein goðgá að breyta þessu frá því, sem var, en ég þori að fullyrða, að bændur urðu bæði hryggir og reiðir, þegar ljóst varð, hvernig hæstv. ríkisstjórn framkvæmdi þá breytingu.

Nú segir hæstv. landbrh., að hann hafi orðið við kröfum bænda, þar sem bændur ráði þessu nú sjálfir. Ég held, að ekki þurfi að ræða þetta mál lengi til að ljóst verði, að verðlagningarvaldið er í höndum þess manns, sem skipaði þá menn, sem nú teljast fara með þetta vald. Eða hvað mundu verkamenn segja um slíkt? Mundu þeir segja, að verklýðsstéttin hefði ráðin, ef þannig væri farið að við þá? Hvað mundu sjómenn segja um slíka lausn á þeirra deilum, sem nú standa yfir? Ég held, að þeir mundu ekki telja sig hafa ráðin, ef þannig væri að þeim búið.

Ég ætla ekki að segja neitt um þá menn, sem eiga að heita fulltrúar bænda í búnaðarráði, en ég held, að ekki þurfi að athuga þetta mikið til að sjá, að margir þeirra hefðu aldrei verið þangað kjörnir af bændum. Þetta er ekki hægt að sanna nema óbeint. En ef við lítum á þá menn, sem bændur yfirleitt velja, þá fáum við eina sönnun þess, að þessir menn eru ekki fulltrúar bænda. — 6 manna n. verðið vakti vonir um, að fundinn væri nokkur grundvöllur, sem byggja mætti á að minnsta kosti að því er varðaði innanlandsverðið. Nú hefur verið horfið frá því að leggja þetta verð til grundvallar og vitnað í, að búnaðarþing hafi samþ. hið sama í fyrra. En þess

ber að gæta, að þá var tilskilið, að bændum yrði tryggt sama verð fyrir útfluttar afurðir. Það var eins konar verzlun, sem bændur gátu haft hag af. Nú er þetta ekki svo. Það er sleppt 9,4% af því verði, sem bændur áttu kröfu til, og þetta þótt gengið hafi yfir eitt hið versta sumar hér sunnan og vestan lands, og kemur það vitanlega niður á aðalframleiðsluvöru bænda á þessum svæðum. Mætti líkja áhrifum þessa sumars á afkomu bænda við aflabrestinn á síldarvertíðinni. Samt er ákveðið að lækka afurðaverð þeirra þetta mikið frá því, sem það var samkv. 6 manna n. álitinu, þar sem miðað var við sömu kjör og verkamenn hafa. Þannig er kaup bænda lækkað á sama tíma og aðrar stéttir halda sínum tekjum eða fá þær hækkaðar.

Mér virðist þetta svo hatramleg meðferð, að furðu sæti. Taka fyrst af þeim verðlagningarvaldið og lækka síðan kaup þeirra. Og ég er þess fullviss, að bændur munu ekki þola slíka meðferð. Þetta er sérstaklega hart vegna þess, að bændur munu vera sú stétt, sem gædd er mestum félagsþroska. Þótt gengið væri fram hjá búnaðarþingi með þetta, þá setti það á stofn stéttarsamband bænda, sem tók til starfa í sumar og mun eflast í framtíðinni. Tel ég einsætt, að þetta stéttarsamband fái verðlagningarvaldið í sínar hendur. Ég mun láta þetta nægja um sinn, nema tilefni gefist.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þessi grg. hv. þm. Mýr. var svo hófleg, að ég sé ekki ástæðu til að svara miklu. Hann vildi hafa, að sá grundvöllur, sem 6 manna nefndar verðið var byggt á, væri enn þá fyrir hendi, þar sem sama viðskiptaástand ríkti enn þá. Hins vegar virtist mér hv. þm. fara villur vegar.

Ég veit ekki betur en við getum siglt óhindrað á hvaða lönd sem við viljum, nema hernumdu löndin. Viðskiptasamband hefur opnazt við Norðurlöndin og hefur haldizt við Bretland og Bandaríkin, sem koma aðallega til greina sem markaðslönd. Og það eru ekki líkur til, að við fáum annars staðar betri markað fyrir landbúnaðarafurðir en í þessum löndum. Það er alkunna, að heimurinn líður af matarskorti, og þau lönd, sem ekki hafa möguleika á að ná í afurðir okkar, munu því nota hvert tækifæri til þess. Mér virðist því, að nýir markaðir muni opnast, sem við reynum að nota. Og þótt hv. þm. Mýr. hreyfi þessari skoðun hér, mun hún ekki vera útbreidd.

Hann taldi eðlilegast, að gömlu verðlagsnefndirnar tækju til starfa. Og það hefði verið langhægast fyrir ríkisstj. að láta þetta þannig dankast, en ríkisstj. taldi sig hafa frekari skyldur. Og þótt þessi aðferð hefði verið notuð, hefði ánægjan ekki orðið meiri en nú, og lýsti hv. þm. því engan veginn glæsilega. Er hætt við, ef þrjár nefndir hefðu fjallað um þetta, að samræmið hefði orðið verra en nú, því að það hefðu mátt vera undarlega samstilltir menn, ef þá hefði náðst fullt samræmi. Og er hætt við, að annarra sjónarmiða hefði gætt, ef sú leið hefði verið farin. Hv. þm. Mýr. játaði, að ánægjan með tilhögunina á þessu fram til ársins 1943 væri ekki nema í meðallagi. Hann sagði og, að bændur væru bæði hryggir og reiðir yfir skipun verðlagsnefndar og vildu sjálfir fá verðlagsvaldið í hendur. En það hafa bændur fengið samkv. lögunum, því að þessir menn vinna að eða í þágu landbúnaðarins, en svo má auðvitað deila um, hvernig valið hefur tekizt. Og ég játa, að ef svo hefði staðið á, að stéttarsamtök bænda hefðu verið viðurkennd í júlí eða fyrst í ágúst í sumar, þá hefði ég fallizt á, að þau tilnefndu menn í verðlagsnefnd.

Hv. þm. Mýr. spurði, hvort verkamenn og sjómenn hefðu sætt sig við hliðstætt um 25 manna ráð. Hæstv. félmrh. ætti að svara þessu, en ekki ég. En ég er ekki viss um, að hv. þm. féllist á það, að 25 verkamenn ákvæðu kjör stéttar sinnar, en áliti, að réttur atvinnurekenda væri borinn fyrir borð. *(BÁ:* Það færi nú eftir því, hver væri félmrh.). Það er ekki ólíklegt, að hv. þm. hefði frekar sætt sig við þetta, ef landbrh. hefði heitið Páll, en ekki Pétur. *(BÁ:* Ekki Páll frá Þverá). En það eru nú fleiri Pálar til.

Og það voru engin stéttarsamtök viðurkennd, þegar ráða þurfti fram úr þessum málum, því að mér skilst, að ekki væri að fullu búið að ganga frá stofnun stéttarsamtakanna fyrr en atkvgr. hefði farið fram í búnaðarfélögunum. Ríkisstj. gat ekki beðið með að ákveða þetta. Og ef stofnun stéttarsamtakanna hefði nú farið út um þúfur? Og þá var fjarri því, að ráðrúm væri til þess að fela þeim mönnum verðlagninguna sökum of lítils tíma. Enn fremur þegar ríkisstj. stofnaði búnaðarráð, þá var fyrirsjáanlegt, að ekki yrði komizt hjá einhverjum niðurgreiðslum, en óvíst, hve miklar þær yrðu. Og hver sanngjarn maður hlýtur að viðurkenna, að ríkisstj. gat ekki farið þá leið, sem hv. þm. Mýr. benti á.

Hv. þm. vék að því, hvernig verðlagið hefði farið fram í haust, og leitaðist við að sanna, að verðlagsnefnd hefði sett verðið lægra en rétt var og þar með bakað bændastéttinni tjón. Þetta hljóðar einkennilega af vörum hv. þm., þar sem sumir flokksmenn hans segja, að verðið hafi verið of hátt. Það er sönnu nær að ætla, að verðlagsnefnd hafi teflt svo djarft sem unnt var. Hins vegar mun reynslan verða bezti dómarinn um það, hvernig tekizt hefur með verðið. En það liggur í augum uppi, að þegar verðlagsnefnd ákvað verðið, þá hafði hún hag bænda fyrir augum og setti verðið svo hátt sem unnt var, þar sem vafasamur hagnaður hefði orðið af því að fara yfir visst hámark. Og það er einkennilegt af hv. þm. að segja, að bændur eigi að hækka verðið á afurðum sínum miskunnarlaust, því að hækkað verð þýðir aukna dýrtíð, og við það mundi skapast vítahringur, þar sem afleiðing og orsök skiptast á. Því að landbúnaðarframleiðandinn er háður framboði og eftirspurn, eða svo er það a. m. k. í þjóðskipulagi okkar. En aðferð hv. þm. gæti ekki leitt til annars en gerbreytts skipulags. Það, sem gera þurfti í fyrstu, var að finna rétt hlutfall á milli kaupgjalds og verðlags og útiloka víxláhrif kaupgjalds og verðlags. Ég er sannfærður um, að ásakanir hv. þm. á verðlagsnefnd um að verðið sé of lágt, eru ekki á rökum reistar. Og ég lýsi

því yfir, að ríkisstj. hefur ekkert gert til þess að hafa áhrif á störf búnaðarráðs.

Bjarni Ásgeirsson: Ég ætla að segja nokkur orð út af ræðu hæstv. ráðh. Ég ætla ekki að deila um það, hvort ákvæði 6 manna n. séu í gildi enn eða ekki. Hæstv. ráðh. sagði, að það mætti bíða lengi eftir gerbreyttu ástandi, eins og var fyrir stríð, og er það að vísu rétt. En eftirspurnin er mikil erlendis, og má gera ráð fyrir, að við fáum bráðum aðgang að fleiri mörkuðum en nú. Það verður að teljast mjög svo varhugavert að vísa bændum algerlega út á klaka framboðs og eftirspurnar, á meðan grundvöllurinn undir framleiðslunni er eins óviss og nú.

Hæstv. ráðh. sagði, að stéttarsamtök bænda hefðu ekki verið stofnuð, þegar þurfti að taka endanlegar ákvarðanir um þetta, en það stóð til, að þau yrðu stofnuð, og ég álít, að hægt hefði verið að bíða með setningu bráðabirgðalaganna til 9. september. Og ég vona, að orð hans þýði það, að þetta vald fari til stéttarsamtakanna.

Mér virðist óþarfi að deila um það, að búnaðarráð sé ekki fulltrúi bændastéttarinnar. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi verið mér sammála, að ef valið hefði verið búnaðarráð af bændum landsins, hefði andstöðuflokkur stj. ráðið lögum og lofum. Ég hef ekki orðið var við nein stéttaskipti í þessu máli. Á fundum hafa bændur staðið sem einn maður, hvaða flokki sem þeir annars fylgja. Þannig var á stofnfundi stéttarsamtaka bænda og öllum öðrum fundum, sem ég hef verið á. — En kannske allir bændur séu þá stjórnarandstæðingar?

Ráðh. hefur viðurkennt, að búnaðarráð er ekki stéttarstofnun bænda, heldur pólitísk stofnun, skipuð af pólitískum ráðh. Ef þessi stofnun hefði verið fulltrúi bændanna, þá hefðu stjórnarandstæðingar lent í meiri hl. Ráðh. spurði, hvort það væri tillaga mín, að skipuð yrði nefnd manna til að skera úr deilumálum sjómanna og atvinnurekenda, sem nú stendur yfir. Ég álít hins vegar, að stétt eigi ávallt að hafa eins rík ítök í hagsmunamálum sínum og unnt er, en það komi ekki til mála, að ríkisvaldið ráði þar einungis. En hitt er annað mál, að það er ekki sama, hvaða ráðh. fer með þessi mál. (*Fjmrh.:* Vill þá ekki hv. þm. láta Alþýðusambandið ráða fyrir sína aðila?). Það getur vel verið, en það er alls ekki sama, hver fer með valdið. En þó að valdið sé í höndum velviljaðra manna, er það allt annað, ef það kemst í hendur óhlíðhollra manna, og því er fordæmið stórhættulegt; jafnvel þótt bændur væru ánægðir með þetta vald í höndum ráðh., er það eins forkastanlegt.

Þá var ráðh. að tala um, að mér fyndist ósamræmi samkv. 6 manna n. álitinu að láta setja hærra verð á landbúnaðarafurðir og hvernig flokksblöð hafa skrifað um málið. Ég hef lesið flokksblað Framsóknar og ekki rekizt á neitt slíkt. En í Degi hef ég séð það gagnrýnt, að vanrækt hafi verið að greiða niður verð landbúnaðarafurða og neytendur hafi borið þar skarðan hlut frá borði. Þó að bændur hafi ekki verið skaðaðir, hafa neytendur verið vanræktir.

Þá minntist ráðh. á, að ef verðið hefði verið hækkað á innlendum markaði, hefði dýrtíðin aukizt og þar með verðlag í landinu og svo koll af kolli. Þetta er rétt, en ég viðurkenni ekki hitt, að það megi koma niður á einni stétt.

Bændur hafa fyrr boðið það að lækka verð á afurðum sínum, og þeim mundi hafa líkað vel þessi niðurfærsla, ef kaup hefði einnig verið fært niður. Og ég þori að fullyrða, að bændur eru alltaf reiðubúnir að færa fórnir, ef aðrar stéttir gera slíkt hið sama. En hins vegar sætta bændur sig ekki við, ef þunginn hvílir eingöngu á þeim. Og af þessu stafar óánægjan.

Sveinbjörn Högnason: Mér finnst, að það sé tæplega hægt að láta það afskiptalaust í þessari ræðu hæstv. ráðh., að hann hafi talið það bjargræði fyrir bændur, að stofnað var búnaðarráð, og með þessum bráðabirgðalögum hafi þeir endurheimt fullt vald yfir málum sínum. Ég held, að það sé komið fram, hversu þetta er rétt ályktað. En ef þetta er það, að bændur ákveði sitt verðlag sjálfir .....

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Því hefur nú verið lýst af hv. þm. Mýr., hvernig skipun búnaðarráðs er langt frá því að vera gerð af bændum. Það eru öfugmæli hjá ráðh., að það séu fulltrúar bænda, sem fari með verðlag landbúnaðarafurða, heldur eru það vikapiltar ráðh., skipaðir af honum sjálfum. Það er augljóst af því, hvernig vikapiltarnir töluðu áður, að annaðhvort hafa þeir breytt um stefnu og skoðun eða þeir gera sem aðrir bjóða þeim að gera gegn betri vitund. Dæmi mætti nefna um 3 menn, sem eru í búnaðarráði og verðlagsnefnd og áður höfðu aðra skoðun um verðlagið. Ég held, að þeir hafi ekki breytt um skoðun, heldur hafi þeir unnið eins og þægir verkamenn gera, þegar þeim er skipað. Ráðh. telur, að ekki hafi verið hægt að bíða eftir stéttarþingi bænda. Ef stéttarsamband bænda hefði verið til í byrjun ágúst, telur ráðherra, að hann hefði falið því þessi störf, en ráðh. fannst ófært að bíða til 7. sept.

En hvenær kom svo búnaðarráðið saman? Tveimur dögum áður en stéttarsambandið var stofnað. En þó að það hefði beðið í tvo daga, hefði það ekki sakað, því að það gerði lítið þá dagana.

Ráðh. telur, að afurðaverðinu hafi verið stillt í hóf og báðir megi vel við una, neytendur og framleiðendur. Hvað mjólkina snertir, held ég, að hún hafi verið sett smánarlega lág. Þegar mjólkin í Reykjavík kostaði 45 aura, voru árslaun verkamanna tæp 3000 kr. eða meðalárskaup verkamanna rúmlega 2800 kr. En nú sýna opinberar skýrslur, að meðalárstekjur verkamanna eru tæpl. 21 þús. kr., og svo segir ráðh., að mjólkurverðinu sé stillt í hóf, þegar mjólkin er seld á kr. 1.82 pr. lítra. Ég held, að kaupgeta sé svo mikil, að það hefði verið upplagt að setja mjólkurverðið samkv. 6 manna n. álitinu.

Fyrir stofnun búnaðarráðs heyrði ég þrjá af þeim, sem síðar komust í búnaðarráð, segja, að fylgja bæri 6 manna n. álitinu. En þeir hafa síðar fallið frá því, og ekki fyrir bændur, heldur fyrir ráðh. Það er líklegt, að 6 manna n. verðið

á kjöti án niðurgreiðslu hefði dregið úr sölu þess, en þó að mjólkin hefði ekki verið greidd niður, hefði hún samt selzt. En þó að kjötið hefði verið selt með 6 manna n. verðinu og það dregið eitthvað úr sölu þess, þá hefur silaskapur og vanræksla ráðh. dregið margfalt meira úr sölunni, — fyrst og fremst með því, að lögin hafa verið svo óljós, enginn hefur vitað, hvernig niðurgreiðslum yrði hagað. Sláturtíð er að enda og reglugerð ekki komin. Menn biðu og biðu með að gera kjötkaup til vetrarins, til að vita, hvað yrði. Afleiðing er, að lítið hefur verið keypt af kjöti. Ég veit um dæmi í einu þorpi, að til skamms tíma hafa aðeins 2 skrokkar verið seldir. Ég held, að þetta sé ekki því að kenna, hvað verðið hefur verið hátt, heldur miklu frekar hinu, — óvissunni um, hvernig þessu öllu yrði hagað. En framkvæmdum hefur verið hagað þannig til þess, að hægt væri að segja: það dró úr sölunni, og kjötverðið var of hátt. — En það dró bara svona úr sölunni af því, að ekki var tilkynnt, hvaða leiðir yrðu farnar, fyrir sofandahátt ráðh., þó að hann nú hins vegar greiði kjötið niður, þrátt fyrir að hafa lýst því yfir í fyrra, að kjötið yrði ekki greitt niður. En minnkandi sölu á mjólk er þó ekki til að dreifa vegna hins of háa verðs, því að jafnvel þá dagana, sem hún var ekki greidd niður, seldist hún öll.

En þegar nú á þingi mun koma fram frv. um að fela stéttarfélagi bænda verðlagsmál landbúnaðarafurða, þá vona ég, að ráðh. ljái því máli lið, — þar sem hann hefur lýst svo vel hugarfari sínu, ef stéttarfélagið hefði verið til í ágúst. Þó að vikapiltarnir að dómi ráðh. hafi verið of stutt í búnaðarráði, þá hafa þeir ekki unnið svo vel, að eftirsjón sé í því að gefa þeim þegar frí.

Ráðh. vildi halda því fram í fyrstu ræðu sinni, að eftir að verð 6 manna n. kom fram, hafi starf verðlagsnefndarinnar orðið erfiðara og útsöluverð takmarkað við framleiðslukostnað til bænda. Mér skilst á tveim mönnum í verðlagsnefnd, að sleppt hafi verið að taka til greina hækkun á framleiðslukostnaði, sem varð 1943, og þetta eigi að vera gert af því, að búnaðarþing í fyrra gerði samþykkt sína um eftirgjöf á hækkun þá. En búnaðarþing setti það skilyrði, að útfluttar afurðir yrðu bættar upp, svo að 6 manna n. verð 1943 fengist fyrir alla framleiðsluna 1944. Ef þessi trygging fengist núna, þá yrði verðjöfnunargjaldið — kr. 1.50 á hvert kíló — fellt niður, og þá horfði málið allt öðruvísi við, en það var stefnan, sem *Búnaðarfélagið ætlaði* að fara. Stefnan, sem átti að taka í haust, var þessi: Bændur áttu að fá fyrir vöru sína eins og hún var verðlögð eftir 6 manna n. álitinu, kr. 8.62 fyrir kjötkg. og 1.92—1.94 fyrir mjólk, og væri það þá sambærilegt við tekjur verkamanna síðustu 12 mánuði fyrir 16. sept. 1945. Og ríkisstjórnin átti vitanlega að kalla Alþingi saman 1. sept., svo að það gæti fjallað um málið og fundið leiðir til úrlausnar. Og þótt móti því væri staðið á síðasta þingi að kalla þing svo snemma saman, þá átti ríkisstjórnin að sjá sig um hönd, þegar hún sá, hvernig málið horfði við. Það var ekki meira að gera það en þegar ráðh. nú fer og greiðir niður verð landbúnaðarvara, eftir að hafa marglýst því yfir á síðasta þingi, að það verði aldrei gert, frá þeirri stefnu verði að hverfa. Hefði stjórnin gert það, þá hefði málið leystst sæmilega, en nú er það illa leyst, öllum til óhagræðis og engum til sóma, sem við þá lausn hafa fengizt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég fann heldur lítið nýtt í ræðu hv. 2. þm. N.-M., heldur endurtekning á því, sem áður hefur komið fram.

Hv. þm. var að leitast við að leiða rök að því, að ríkisstj. hefði haft nægan tíma til þess að skipa verðlagsmálum, þó að hún biði með það til 10. sept. Hann hélt fram, að það hefði verið búið að gera það 10. sept. Ég vil minna hv. þm. á, að búnaðarráð hafði nokkurn veginn lokið sínum störfum 10. sept., að vísu ekki slitið fundi fyrr en 11. sept., en það er ekki aðalatriði, hitt er aðalatriðið, að á þeim tíma, sem nauðsynlegt var fyrir ríkisstj. að taka ákvörðun um lausn málsins, var með öllu ókunnugt um það, og hv. 2. þm. N.-M. vissi það ekki heldur, hvort nokkuð yrði af þessari stofnun stéttarsamtaka bænda á Laugarvatni. Það vissu allir, að hver höndin var þar upp á móti annarri, og ég veit ekki enn í dag, hvort þessi samtök verða viðurkennd sem stéttarsamtök bænda, og hv. 2. þm. N.-M. veit það ekki heldur, svo að það er ástæðulaust að deila um þetta. Það hljóta allir sanngjarnir menn að sjá, að eftir þessu er ekki hægt að bíða fyrir ríkisstj., og satt að segja held ég, að flestir sanngjarnir menn úr andstöðufl. ríkisstj. játi þetta. Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar.

Það er næsta furðulegt, að jafnskýr maður og hv. 2. þm. N.-M. skuli ekki sjá, að þegar hann er að lýsa viðskiptum mínum við verðlagsn., þá eru það ekki þau viðskipti, sem hann er að lýsa, enda veit hann ekkert um þau. Það sjá allir, að það, sem hann er að lýsa, er það, hvernig verkið gekk til, þegar hann sjálfur var í sömu sporum og þessir menn nú, hvernig hann var þægur við ríkisstj. og gerði það, sem honum var sagt. En hann má ómögulega draga þá ályktun, að þannig gangi fyrir sig hjá öðrum; það eru ekki allir jafnsamvizkuliðugir og þægir við yfirboðara sína í þessu efni. Þetta verður hann svo að gera upp við sjálfan sig. Og þeir, sem trúa því, að þessir menn, sem þar eiga hlut að máli, sem ég held, að sé ekki ofmælt, að séu reyndir fyrirmyndar bændur og bændafulltrúar í landinu, láti nota sig eins og lítilþæga þjóna, mega trúa því fyrir mér. En það gæti verið, að það hefði verið rekið upp óp af hv. 2. þm. N.-M. eða einhverjum, sem honum standa nærri, ef aðrir hefðu lýst bændastétt landsins þannig.

Þá var hv. 2. þm. N.-M. að tala um það, hve ríkisstj. hefði gert bændum mikið tjón með seinlæti sínu hvað haustslátrun snerti og hversu seint hefði verið tilkynnt, að hún ætlaði að greiða niður nokkurn hluta af landbúnaðarvörunum, og hve mikill dráttur hefði verið á að setja reglugerð samkv. bráðabirgðal. eftir 9. sept. Það liggur ekki nú fyrir til umr., en vegna þess að hv. þm. gefur tilefni til, mun ég nokkuð ræða það mál.

Ég býst við, að hv. þm. hljóti að sjá, ef hann

hugsar sig um, að það er ekki lítið atriði fyrir stj. og skiptir ekki litlu máli, hvort hækkun á verði leiddi til þess, að kjötsala minnkaði stórum frá því, sem var á undanförnum árum, eða héldist óbreytt eins og hún hefur áður verið. Þetta varð ríkisstj. að fá að vita, áður en hún gæti tekið endanlega afstöðu til endurgreiðslu. Það er reynslan ein, sem getur skorið úr í þessu efni, nema ef vera kynni, að hv. 2. þm. N.-M. hefði getað sagt um það, en það er eftir að vita, hvort hans spádómar hefðu verið teknir jafngildir og reynslan. Reynslan sýndi það svo, að það dró svo mikið úr kjötsölunni, að stj. taldi ekki fært að láta þar við sitja. Og a. m. k. meðfram vegna þessarar reynslu var þessi ákvörðun tekin, að greiða niður til þess að örva kjötsöluna, en þó að það hafi dregizt í fulla viku að setja reglugerðina, þá er það aðeins fyrirsláttur, sem enginn maður meinar neitt með, að segja, að það hafi áhrif á kjötsöluna, enda aðeins haldið fram til þess að sverta með störf ríkisstj. Eftir að l. eru komin, vita menn þau í öllum aðalatriðum og hvernig niðurgreiðslum er háttað, og það skiptir mestu máli.

Þá skal ég taka það fram, að í niðurlagi ræðu hv. 2. þm. N.-M. held ég, að hafi verið mjög mikil skynsemi, en af því að ég skildi hana ekki til fulls, treysti ég mér ekki til þess að svara henni.

Páll Zóphóníasson: Ég sagði áðan í ræðu minni, að það, sem gæfi mér ástæðu til þess að segja, að verðlagsn. væri þæg við ráðh., væri það, að tveim vikum áður en hún var skipuð þá höfðu sumir nm. það álit, að það ætti að fást fullt 6 manna nefndar verð fyrir vörurnar. Svo fara þeir í n., og þá heldur enginn þeirra því fram, sem þeir höfðu áður talað um. Af þessu dreg ég þá ályktun, að þeir hafi skipt um skoðun. Hæstv. ráðh. má segja, að þeir hafi ekki haft neina skoðun, þó að þeir hafi haldið þessu fram, eða þá að þeir skipti um skoðun á nokkurra vikna fresti. Mér er sama, hvort heldur er. Hvorugu fylgir neinn manndómur. Og ef hæstv. ráðh. vill halda því fram, að það hafi verið hringlað í mér, þegar ég var í verðlagsnefndunum, þá væri gott, að hann vildi nefna dæmi því til sönnunar, og að ég hafi haldið fram, að verð á landbúnaðarafurðum ætti að vera allt annað en varð viku áður en ég tók þátt í að ákveða það. Ég skal fúslega viðurkenna, að stj. hafi hrært í mér, ef hann getur bent á, að ég hafi einu sinni haldið öðru verðlagi fram, áður en verð var ákveðið, en það síðar varð. Ég gæti hugsað mér, að það væri dálítið erfitt að finna dæmi um það.

Hæstv. ráðh. sagði, að þeir menn, sem hann hefði valið í landbúnaðarráð, séu í fremstu röð íslenzkra bænda. En þó er það nú svo, að helmingur af þeim eða allt að því eru menn, sem hafa verið að leita fyrir sér að fá að verða opinberir fulltrúar bænda í því héraði, sem þeir eiga heima í, en bændur hafa ekki viljað líta við þeim, og sumir hafa reynt það oft og sumir á fleiri en einu sviði. Svo félagslega þroskaðir eru þeir, að af ca. 10% af bændum landsins, sem ekki eru í kaupfélögum, er meira en helmingur af þeim mönnum, sem eru í búnaðarráð valdir. Þá er úr þeim fámenna hópi manna, sem ekki hafa viljað taka jarðræktarstyrk eftir samþykkt 17. gr. jarðræktarlaga, hægt að finna tvo til þess að verða í búnaðarráði, og þó eru ekki nema um 30 menn, sem ekki hafa tekið styrk eftir að 17. gr. varð til. Það eru svo sem félagslega þroskaðir menn, sem þarna eiga að vera formælendur fyrir bændur, og það þarf dirfsku til þess að halda því fram, að bændur hefðu valið þessa menn sjálfir, ef þeir hefðu verið að spurðir, þar sem það er vitað, að þeir hafa ekki hingað til þegið, að þeir ynnu neitt fyrir sig.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann hefði ekki á nokkurn hátt getað gert neitt til þess að ákveða, hvort hann greiddi niður kjötið eða ekki, fyrr en hann sæi, hvaða áhrif verðið hefði á söluna, og hann beið og sá, að salan var lítil, og þá ákvað hann að greiða niður. Það var af umhyggju fyrir sölunni, sem hann lét greiða niður. En hvers vegna var mjólkin greidd niður? Mjólkurverðið hafði engin áhrif á söluna. Í hálfan mánuð kostaði hún 1,82 lítr., en það hafði engin áhrif, nema kannske rétt fyrstu dagana, svo ekki meir. Hvers vegna þá að greiða niður mjólkina? Er það af umhyggju fyrir sölu hennar? Ætli það sé ekki af umhyggju fyrir einhverju öðru, fyrir vísitölunni og atvinnurekstri landsmanna yfir höfuð, það er fyrir því að verðlagsvísitalan færi hækkandi? Það mætti segja mér það, að af því að verðlagsvísitalan er reiknuð út annan virkan dag hvers mánaðar, þá hefur ekki verið hugsað um, þó að verðið væri hærra þennan part af sept., því að þá er búið að reikna út vísitöluna. Það mætti segja mér, að það væri hvorki af umhyggju fyrir framleiðendum né neytendum, heldur fyrir verði vísitölunnar í heild. Og það þarf enginn að segja mér það, að það sé annað en vísitalan, sem kemur þarna til greina. Neytendur mega borga, og það skiptir engu, hvort selst mikið eða lítið. En strax og mánaðamótin koma hefur verðið áhrif á vísitöluna, og áður þurfti að greiða niður.

Þá er það ákaflega margt, sem þarf að upplýsa í sambandi við þetta mál. Það er mjög óljóst, hvernig verðið verður greitt niður. Það eru margir hér í bæ og margir af stjórnarsinnum, sem segja, að það sé bara fyrirsláttur með þessar niðurgreiðslur, þær verði engar, l. verði breytt áður. Alltaf sé eilíft hringl í stjórninni, og henni megi í engu treysta. Nú er það eftir skattskránni, sem menn eiga að fá kjötniðurgreiðslu, en það eru margir, sem hafa flutzt hingað til landsins, sem komnir eru á þann aldur, að þeir þurfa kjöt, en þeir geta ekki fengið það, vegna þess að skattstofan má ekki ráðstafa þeim á skrána, því þeir eru ekki á skattskrá. Enn vita menn ekkert um, hverjir af skattskránni komast í „kjötskrána" og fá kjötniðurgreiðslu. Þess vegna er það nauðsynlegt, að reglugerðin komi strax.

Eysteinn Jónsson: Ég ætla ekki að verða langorður, en það eru aðeins nokkur atriði, sem munu hafa komið fram í umr. áðan og mig langar að endurtaka, áður en málið fer til n.

Það er efni þessa máls, eins og hér hefur verið bent á af hæstv. ráðh. og þeim, sem hafa

andmælt frv., að búnaðarráði er falið að kjósa verðlagsn. og henni falið að ákveða verðlag landbúnaðarafurða. En þetta búnaðarráð, sem á að hafa þetta mikla vald, er ekki skipað af bændastétt landsins, ekki kosið af bændum. Það er skipað af ráðh. Nú hefur hæstv. fjmrh. haldið því fram hér í þessum umr., og það hefur heyrzt áður, að með þessu hafi verðlagningarvaldið á landbúnaðarafurðum verið lagt í hendur bændanna sjálfra. Það er tæplega hægt að hugsa sér að ganga lengra í rökfalsi en með því að slá öðru eins og þessu fram. Á sama hátt mætti halda fram, að ef einhver stj. tæki upp á því að tilnefna þm. úr hópi landsmanna, þá væri samt sem áður valdið í höndum landsmanna. *(Forsrh.:* Í höndum landsmanna?). Já, í höndum landsmanna. Mundi hæstv. ráðh. vilja bera sér þessi rök í munn, ef hann treystir sér ekki til þess hér á Alþ. og annars staðar að halda slíku fram? Hvers vegna ber hann þá á móti því, sem allir vita, að með þessari ráðstöfun hans er verðlagsvaldið ekki lagt í hendur bændastétt landsins?

Ég vil segja, að með því, sem hér hefur verið gert, sé sparkað í bændastétt landsins, ekki sízt þegar þess er gætt, hvernig þessum málum er háttað í landinu, þegar aðrar stéttir eiga í hlut. Skyldi hæstv. ráðh. hafa boðið verkamannastéttinni að setja þau ákvæði með bráðabirgðal., að ákveðin tala manna, t. d. verkamenn, sem ráðh. sjálfur tilnefndi, ákveði kaupverð sjálfir í verkamannafélögum eða hafi einkarétt á að semja um kaupgjald í verkamannafélögunum? Enginn ráðh. mundi leyfa sér þetta. Hvernig stendur þá á því, að til er ráðh., sem leyfir sér að gera það, þegar bændastéttin á í hlut? Mundi það verða tekið sem góð og gild vara af hendi verkamanna, ef farið væri að á þennan hátt og því haldið fram, að með öðrum eins ráðstöfunum og þessum væri ákvörðun tekin um launagreiðslur og lögð í hendur verkamanna? Ég held ekki. Og það verður heldur ekki tekið sem góð og gild vara, þó að það sé bændastétt landsins, sem á í hlut. Það er ákaflega hættulegur leikur að leika sér þannig með hugtök eins og hæstv. ráðh. og stjórnarliðið gerir í sambandi við þetta mál, að halda því fram, að þetta málefni sé lagt í hendur ákveðinnar stéttar, þegar einstakur maður tekur völd og skipar menn til þess að fara með málið. Þetta er sama aðferðin og ofbeldismenn nota, þegar þeir kúga undir sig lönd og þjóðir. Hvernig var það t. d. í Noregi? Þar óðu þessir ofbeldismenn fram og tilnefndu menn úr hópi sinnar þjóðar til þess að fara með málin og sögðu: „Það eru Norðmenn, sem fara með sín mál". Vildu Norðmenn taka undir það, að það væri norska þjóðin, sem færi með þessi mál? Nei, þeir vildu það ekki. Það er að vísu mikill stigmunur á því, sem ég tek til dæmis, en eðlið er það sama, og það er ekki heldur hægt að segja, að það sé bændastétt landsins, sem fer með verðlagsmál sín, nema hún kjósi sjálf fulltrúa til þess.

Um þessi mál ættu allir að geta verið sammála, og ég verð að segja það, að það er leiðinlegt að sitja á Alþ. og hlusta á það, að ráðh. haldi því fram, að með þessum ráðstöfunum, sem hér hafa verið gerðar, séu þessi mál lögð í hendur bænda, — og með því að nota orðið bændur eiga þeir við bændastéttina, því að annars er það markleysa, sem þeir segja.

Að síðustu vil ég minnast á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki verið hægt að fela bændastéttinni sjálfri að fara með þessi málefni, að velja sér fulltrúa til þess að skipa verðlagsmálum, vegna þess, að mér skildist, — hann leiðréttir þá, ef það er ekki rétt, — að þá mundu hafa verið kosnir fulltrúar bænda til þess að ákveða verðlag landbúnaðarvara menn, sem væru á móti ríkisstj., og mundu þá um leið gera ráðstafanir, sem kæmu sér illa fyrir hana. Þessi hugsunarháttur er svo furðulegur, að ég er satt að segja undrandi yfir því, að hann skuli vera látinn koma fram, enda þótt hann væri til staðar. Þessi hugsunarháttur, að þeir, sem ákveða verð á landbúnaðarafurðum, verði að þjóna hug ríkisstj., þeir eigi ekki að starfa sem fulltrúar bændastéttarinnar, heldur fara alveg eftir því, *sem ríkisstj. segir á hverjum tíma.*

Ef þessi hugsunarháttur á rétt á sér, hvernig stendur þá á því, að ríkisstj. telur sér ekki nauðsynlegt að hafa sams konar vinnubrögð t. d. hvað snertir ákvörðun um kaupgjaldsmál í landinu, svo að einn þáttur sé tekinn? Ef ákvörðun í verðlagsmálum landbúnaðarins getur orðið svo örlagarík að verða ríkisstj. að fótakefli, þá á það líklega ekki síður við um ákvörðun kaupgjaldsmála. Ef ríkisstj. getur ekki starfað í landinu án þess að draga undir sig allt vald í því, taka af mönnum allt sjálfsákvörðunarvald í þessu efni, og hefur út frá þessum forsendum starfað í verðlagsmálum landbúnaðarins, hvernig getur hún þá komizt hjá því að gera það sama hvað aðrar stéttir snertir?

En það, sem hæstv. landbrh. upplýsti í þessu sambandi, var að því leyti þýðingarmikið, að með þessu er játað, hvernig stendur á því, að hæstv. stj. hefur viðhaft þessa aðferð, þegar bændastéttin á í hlut. Það stendur svo á því, að hæstv. ríkisstj. varð að kaupa sér áframhaldandi líf um stundarsakir með því að skipa fulltrúa til þess að ráðstafa verðlagsmálum landbúnaðarins, sem lækkuðu verðlagið, svo að hæstv. stj. gæti flotið af þeim ástæðum. Hæstv. stj. varð að setja menn, sem hún treysti til að skipa málunum ekki á þá lund, sem gerði bændastéttina jafnrétthæa og aðra í þjóðfélaginu, heldur menn, sem skipuðu málunum á þá lund, sem yrði ekki til óþæginda fyrir hæstv. stj.

Nú hefur hæstv. ráðh. tekið fram, að þetta *geti ekki staðizt, þó að hann annað veifið geri* grein fyrir, að þetta sé ástæðan, vegna þess að hann hafi aldrei gert neina tilraun til að hafa áhrif á þá menn, sem hafa verið skipaðir í búnaðarráð eða kosnir í verðlagsn. landbúnaðarins. En það rétta í þessu máli er það, og það vita allir, að þeir voru skipaðir í búnaðarráð og kosnir í verðlagsn. sem fulltrúar hæstv. ríkisstj., en ekki sem fulltrúar landbúnaðarins. Ég skal ekki segja, hvað þeim hefur verið sagt, en þeir vissu, að þeir voru skipaðir til þess, að hæstv. stj. hefði ekki of mikil óþægindi af því, að það yrði henni ekki að fótakefli. Hvort hæstv. ráðh. hefur talað um, hvað margar krónur kjötkílóið

mætti vera, skal ég ekki segja um, — það getur verið, að hann hafi ekki gert það, — en þessir menn vissu vel, til hvers þeir voru skipaðir, og valið á mönnum í búnaðarráðið og verðlagsn. sýnir þetta líka ákaflega glöggt. Þeir menn voru ekki valdir eftir því, hvort líklegt væri, að bændur mundu vilja fela þeim þessi málefni. Ég geri ráð fyrir, að telja megi þá menn í búnaðarráði á fingrum annarrar handar, sem valdir hefðu verið, ef bændur hefðu átt að gera það sjálfir. Nokkrir úrvals trúnaðarmenn bænda hafa verið valdir í ráðið, eins og Jón Árnason og Helgi Bergs, til þess að fyrirkomulagið geti haft á sér nægilega andstyggilegt yfirskin, en að mestu leyti eru skipaðir menn til að þjóna hinu sjónarmiðinu, sem ég lýsti áðan. Sést það bezt á því, að þótt ekki séu nema tiltölulega fáir bændur, sem fylgja hæstv. stj. pólitískt, þá hittist svo á, kannske af tilviljun, að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra er úr þessum fámenna hópi bændastéttarinnar, þar á meðal einstakir menn, sem ekki mundu eiga þess nokkurn kost að komast í hreppsn. í sínni sveit, en eru skipaðir af stjórn landsins til að fara með þessi þýðingarmestu mál bændastéttarinnar. En svo til að bíta höfuðið af skömminni er því bætt við, að þessir menn séu fulltrúar bænda og með þessu sé verið að leggja þessi mál í hendur bænda, í staðinn fyrir að játa þá staðreynd, að þessir menn séu fulltrúar ríkisstj.

Ég skal svo ekki hafa þetta mál lengra. Ég vildi aðeins undirstrika þessi örfáu atriði, áður en málið fer til n. Vafalaust verður sú till. gerð í n., að stéttarsambandi bænda, sem nú hefur verið stofnað, verði falið að fara með þessi málefni. Það sést við meðferð málsins í n. og við 2. umr. málsins, hvort hægt er að byggja á því, sem fram hefur komið af hendi hæstv. ráðh. við þessa umr., en ég get ekki skilið það öðruvísi en svo, að hann væri með því að leggja þessi málefni í hendur stéttarsamtaka bænda, því að hann sagði, að ef til hefðu verið í landinu stéttarsamtök bænda í júlí s.l., þá hefði hann ekki hikað við að fela þeim verðlagsmálin. (*Fjmrh.:* Sagði ég ekki svolítið meira?). Ekki rekur mig minni til þess, — hæstv. ráðh. leiðréttir það þá. En síðar var hæstv. ráðh. að tala um, að það væri leiðinleg óeining hjá bændum um, hvernig þeir ættu að koma fyrir samtökum sínum. Illgjarn maður hefði getað litið svo á, að með þessu hefði hæstv. ráðh. verið að taka eitthvað af þessu aftur. Mér dettur ekki í hug, að hæstv. ráðh. viðhafi þá lítilmennsku að nota sér þann ágreining um hreint form til að taka aftur þá yfirlýsingu, sem hann hefur komið með, að hann í prinsípinu væri samþykkur því, að stéttarsamtök landbúnaðarins hefðu þessi mál með höndum, ef þau væru til, því að ef hæstv. ráðh. hefur meint alvarlega það, sem síðar kom fram innan sviga, þá hefði hann betur alls ekki sagt það, sem hann sagði áður í ræðunni.

Hitt vil ég taka fram, að það sjá allir, að það getur engin stétt komið upp og haldið uppi stéttarsamtökum, án þess að lítils háttar ágreiningur sé um formsatriði og fyrirkomulag. Vil ég þar vísa til verkamannasamtakanna, sem eru sterk samtök og hafa verið mikils virt í áratugi, en hvað eftir annað hefur verið uppi ágreiningur um einstök fyrirkomulagsatriði. Stundum hafa þær ágreiningsöldur risið nokkuð hátt, en ég man aldrei eftir, að nokkur maður hafi leyft sér að segja, að það væri almennur dómur um, að þau ættí að hafa að engu og þau gætu ekki talizt réttur aðili fyrir verkamenn í landinu, enda eru slík rök með öllu gersamlega óframbærileg. Ég vonast satt að segja eftir því, að við eigum ekki eftir að fá það ofan á allt annað, að því verði skotið við í sambandi við þetta mál, að sá ágreiningur, sem varð í sambandi við stofnun stéttarsamtaka bændanna, — sem var jafnaður á þann hátt, sem gert er, þar sem fyllsta lýðræði ríkir, að meiri hlutinn réði og minni hlutinn tók samt sem áður þátt í samtökunum, — sé látinn vera þess valdandi, að slík samtök fái ekki að njóta réttar síns, því að þá hlýtur að liggja eitthvað annað þar á bak við en réttsýni og góðvilji í þessum málum.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., 11. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 5, er í rauninni staðfesting á brbl., sem búin eru að gilda í tæpa 2 mánuði. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því, að þessi brbl. verði samþ. hér á Alþingi, hvort sem um þau verður talað meira eða minna, og því ekki þýðingarmikið, að hér fari fram mjög miklar umr. um þau, þó að ekkert sé við því að segja. Ég hafði ekki ætlað mér við þessa umr. að tala neitt verulega um þetta mál, meðal annars vegna þess, að þeim manni, sem hér hafði talað af hálfu stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Mýr., hafði verið svarað af hálfu hæstv, landbrh. og virðist ekki vera mikil brú eftir af rökum hans. Varðandi það, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, ætlaði ég ekki heldur að taka til máls, til þess að veita honum andsvör, en þegar form. stjórnarandstöðunnar, hv. þm. S.-M., fer líka að tala um það mál af miklum hita, þótti mér rétt að segja um þetta nokkur orð.

Það, sem hér hefur skeð með þessum brbl., er, eins og menn munu hafa gert sér grein fyrir, að 4 n., sem um þessi mál hafa fjallað og skipaðar voru 20 mönnum, hafa verið afnumdar, og að í þessum n. var aðeins einn sveitabóndi. Nú sagði hv. þm. Mýr. í gær, að þessar n. hafi gefizt vel, en þó hafi verið sívaxandi óánægja með starf þeirra, og virðist niðurstaða hans vera sú, að hann sætti sig við, að þær væru afnumdar. Þetta rak sig á, því að vaxandi óánægja með störf n. gat tæplega verið, ef þær hafa gefizt vel, enda er það sannarlega satt, að þessar n. hafa ekki gefizt vel. En í stað þessara 20 manna hefur nú verið sett 5 manna nefnd, skipuð bændum einum, og þá kemur sú undarlega röksemd frá framsóknarmönnum, ef rök skyldi kalla, að það sé verið að taka valdið úr höndum bændanna. Nú er ekki svo að skilja, að þessi 5 manna verðlagsnefnd hafi verið skipuð af ríkisstj., heldur er sú aðferð viðhöfð, að landbrh. kveður 25 bændur og fulltrúa úr öllum sveitahéruðum landsins til að kjósa þessa verðlagsnefnd og undirbúa starf

hennar. Það má um þetta deila, og er þó þýðingarlaust, hvort ráðh. hafi valið í þessa 25 manna n. þá hæfustu menn, sem hægt var að fá. Það er atriði, sem þýðingarlaust er að þræta um, því að menn greinir alltaf á um það, hvort þessi maður er hæfari en hinn. En með þessum hætti er það tvímælalaust, að í stað þess, að valdið yfir þessum málum var í undanfarin 11 ár í höndum 20 manna, sem voru að nokkru leyti tilnefndir af stofnunum, sem ekkert umboð hafa frá bænda hálfu, og að nokkru leyti skipaðir af ríkisstj., eru þessi mál nú fengin í hendur 5 manna n., skipaðri bændum eingöngu. Valdið yfir þessum málum er þess vegna tvímælalaust í höndum framleiðenda einna, í stað þess, að það var að vissu leyti samningavald milli framleiðenda og neytenda og að nokkru leyti í höndum stjórnskipaðs formanns þessarar n. Nú, — þær ásakanir, sem hér hafa verið fluttar í garð verðlagsnefndarinnar, eru álíka ófyrirleitnar og margt annað, sem fram hefur komið af hálfu þeirra manna, sem nú eru í stjórnarandstöðu, og það versta er, að þær skuli vera frá hv. 2. þm. N.-M., einmitt þeim manni, sem alveg sérstaklega hafði stjórnað því, að rekstur landbúnaðarins hafði verið hallarekstur og miðaði að því, að fólkinu hafði verið að fækka í sveitum landsins á því tímabili. Hann ásakar þessa ágætu menn, sem eru í verðlagsnefndinni. Ásakar þá um það, að þeir hafi verið verkfæri í höndum ríkisstj. og starfi eftir hennar fyrirsögn, en það er tilhæfulaust, eins og hæstv. landbrh. hefur áður vikið að. Í öðru lagi eru hér fram komnar ásakanir af hálfu stjórnarandstöðunnar um það, að búnaðarráð hafi verið að meiri hluta til skipað stuðningsmönnum stjórnarinnar. En ég vil spyrja: Hvernig gátu þessir menn búizt við því, að landbrh. skipaði í þessa n. að meiri hluta til úr hópi sinna andstæðinga? Og ég verð að segja, að þessar ásakanir koma úr allra hörðustu átt, því að mörg rök og óhugnanleg sanna, að framsóknarmenn hafa oft og einatt á sínum valdatíma skipað n. eingöngu af sínum flokksmönnum. Þannig var það með nýbýlastjórn ríkisins. Hún var skipuð eingöngu úr hópi framsóknarmanna; og ekki aðeins stjórnin, heldur og framkvæmdastjóri hennar. Þannig var það með yfirfasteignamatsnefndina. Hún var skipuð 3 forkólfum framsóknarmanna, og þeir eru búnir að eyða á 2. millj. króna í starf, sem hægt hefði verið að vinna fyrir ¼ þeirrar upphæðar. Þegar þessir menn leyfa sér annað eins og það að koma með ásakanir á ríkisstj. fyrir það, að hún skuli hafa skipað jafnþýðingarmikla n. og búnaðarráð að meiri hluta úr þeim flokkum, sem hana styðja, þá kemur það úr allra hörðustu átt, — og það kemur úr allra hörðustu átt vegna þess, að það hefur aldrei skeð í sögunni fyrr, að 5 bændum, sem til þess hafa óskorað vald, skuli hafa verið falið að ákveða verðlag á öllum landbúnaðarafurðum. Þetta hefur aldrei skeð fyrr. Og fyrir okkur bændur er nú minni ástæða til óánægju en nokkru sinni áður.

Hér hefur verið um það rætt af hálfu þeirra, sem hafa talað, að úr því að valdið yfir þessum málum hefði verið tekið úr höndum verðlagsnefndanna, þá hefði átt að afhenda það til stéttarsambands bænda. Nú er það að athuga, eins og hæstv. landbrh. hefur tekið fram, að þetta stéttarsamband bænda var ekki til og er raunverulega ekkert stéttarsamband bænda viðurkennt að vera til enn. En það hefur verið undirbúin stofnun þess og með þeim hætti, að það er ekki eðlilegt, að það sé viðurkennt, vegna þess að það hafa verið haldnir fundir víðs vegar um landið af mönnum, sem alls ekki hafa verið til þess kosnir, og hafa þessir fundir verið kallaðir fulltrúafundir. Sjálfsagt er allt ljósast, sem manni er næst, og mér er ljóst, hvað gert hefur verið í þessu efni í minni sveit. Þar var enginn fundur boðaður og því síður haldinn. Þaðan kom maður á þennan fund, sem haldinn var í Húnavatnssýslum, og er hann kallaður fulltrúi fyrir mína sveit. Svona hefur það víðar verið. Og ef menn halda, að þetta sé til fyrirmyndar, svona starfsemi, þá má segja, að þeir eru undarlega gjarnir á að láta sér nægja fyrirkomulag, sem ekki samræmist venjum á þessu sviði.

Þm. Mýr. sagði þau undarlegu orð hér í gær, að enginn ágreiningur hafi verið um þetta á búnaðarþingi eða fundinum, sem haldinn var á Laugarvatni, að stofna stéttarsamband bænda. Mér þykja þetta undarleg orð vegna þess, að ég var staddur á búnaðarþinginu, þegar það var haldið, og vissi, að stórkostlega mikill ágreiningur var um þetta mál, hvort stofna ætti stéttarsambandið í sambandi við Búnaðarfélag Íslands. Enn fremur hefur það verið upplýst af form. þeirrar n., sem stofnaði til Laugarvatnsfundarins, í blaðagreinum og það er líka kunnugt annars staðar að, að á þeim fundi hafi verið deilt í 3 dægur um það, hvort stofna ætti samband eins og það var gert. Það er því ekki um að ræða neitt stéttarsamband bænda, sem viðurkennt er. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga, að frjálst bændasamband sé stofnað, en geri mér ekki bjartar vonir um starf þess. Eftir því sem leit út, þá var með öllu óhugsandi fyrir hæstv. ríkisstj., þótt hún hafi viljað, að kasta málinu í hendur sambands, sem ekki var til.

Nú skulum við athuga, og það er ástæða til, ekki sízt fyrir okkur bændurna og bændafulltrúana, hvernig þessi mál hefðu horft við, ef stéttarsamband bænda hefði verið til, þegar þessum málum var á þessu hausti ráðið til lykta. Var það eðlilegt, að ríkisstj. segði við þetta stéttarsamband bænda eins og á stóð: Þið skuluð ákveða verð landbúnaðarvaranna? — Þetta hefði verið mjög eðlilegt og eiginlega skynsamleg krafa af hálfu okkar bændanna, ef sala á þessum vörum væri alls staðar frjáls, en ekki bundin eins og hún hefur verið og er enn. En á meðan svo stendur, að salan er háð því lögmáli að vera bundin við allan atvinnurekstur í landinu, vísitölulög, eins og nú er, og gert var ráð fyrir því, að ríkissjóður greiddi meiri eða minni upphæðir til að halda niðri verðinu, eins og gert hefur verið, þá er það tæplega hægt að segja: Þið skuluð ákveða verðið eins og ykkur sýnist. — Og ég vil spyrja: Mundu aðrir vilja samþ., að sagt væri við Alþýðusamband Íslands, svo að það sé tekið til samanburðar: Ákveðið

þið allt kaupgjald í landinu. — Væri það eðlilegt? (*JS:* Það gerir það). Það segir einn hv. þm.: Það gerir það. — Það er ekki rétt, því að kaupgjaldið er ákveðið með samningum milli atvinnurekenda og verkamanna. Hitt er annað mál, að eins og sakir hafa staðið undanfarin ár, þegar vinna hefur aukizt í landinu, hefur vald og áhrif Alþýðusambandsins verið sterkara en atvinnurekendanna til að ákveða í þessum efnum, en hinu er ekki til að dreifa, að það sé til enn, að nein ríkisstj. og því síður Alþingi samþ. að segja við Alþýðusamband Íslands: Ákveðið þið kaupgjaldið.

Varðandi 6 manna nefndar verðið, sem mikið hefur verið um talað, þá er náttúrlega sagt, að við, sem stóðum að því að koma þeim lögum á, sem var fyrst og fremst fjhn. þessarar hv. deildar, skyldum að því vinna að komast að samkomulagi um þau lög. Við töldum þá mjög mikils virði, að okkar tillögur skyldu ná fram að ganga og verka þannig, að þær skyldu vera samkomulag um hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags í landinu. Hitt datt okkur ekki í hug, að það gæti haldizt lengur en á meðan stríðið stæði, að ríkissjóður gæti tekið ábyrgð á, að 6 manna nefndar verðið, með þeim breytingum, sem á því hlutu að verða, yrði greitt til okkar framleiðendanna. Þetta var líka miklum meiri hl. þingfulltrúa og bænda fyllilega ljóst á síðastl. hausti, því að hafi þeim ekki verið það ljóst, þá hefði þeim ekki komið til hugar að samþ. það, að verðið skyldi haldast óbreytt, þrátt fyrir 9,4% hækkun landbúnaðarvísitölunnar. En þetta gerði bæði ég og aðrir fulltrúar sveitahéraðanna. Við álitum, að fyrir hönd bænda væri ekki hægt að komast lengra. Það tekur sig því einkennilega út, að um leið og stríðið er búið og fjárhagsástandið þannig, að síldarvertíðin hefur brugðizt og tapið er talið í tugum millj. króna, að þá skuli koma fram krafa, eins og kom fram á síðasta búnaðarþingi, um það að hækka verðlag landbúnaðarafurða um 20% og heimta, að ríkissjóður ábyrgist það. Eins og nú standa sakir mundi þetta hafa kostað ríkissjóð 40 millj. kr. Það er þægilegt að gera svona kröfur, eins og gert var í blöðum stjórnarandstöðunnar, en því miður getum við bændur ekki búizt við því, að svona kröfur séu teknar til greina, og verð ég að segja það sem stuðningsmaður stj., að svona kröfur hafa gert illt fyrir okkur bændur, en ekki gott. Því að þær eru til þess eins fallnar að skapa andstöðu gegn því, að það sé tekið á þessum málum með rósemi og stillingu og á þann hátt, sem við getum við unað. Enda er sannleikurinn sá, að ef verðið hefði nú verið hækkað um 20%, býst ég við, að niðurstaðan hefði orðið sú, að allri niðurgreiðslu hefði verið hætt. Það er líka augljóst mál, að þegar svona kröfur koma fram, þá eru þær til þess gerðar að skapa ósamlyndi, en ekki í þeim tilgangi, að nokkrum manni detti í hug, að þeim sé fullnægt, og allra óeðlilegast er, þegar þessar kröfur koma fram frá mönnum, sem fyrir einu ári hafa samþ. að sætta sig við, að ekki yrði nein hækkun frá því, sem var árið 1943. Og því síður hefðu þessir menn átt að geta hugsað sér það, að slíkar kröfur yrðu teknar til greina, vegna þess að þær eru komnar frá mönnum, sem í einu og öllu hafa talið það hlutverk sitt að vinna í andstöðu við núv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar og gera hana sem tortryggilegasta í augum þeirra stétta, sem þeir þykjast vera að vinna fyrir.

Viðvíkjandi þeim rógi, sem haldið hefur verið uppi að nokkru leyti í blöðum og að nokkru leyti í umr. hér í gær af hv. 2. þm. N.-M., um verðlagsn., þá er það að segja, að eftir því, sem mér virðist málið liggja fyrir, þá hefur þessi verðlagsn. unnið störf sín svo vel sem hún hefur frekast haft aðstöðu til. Verðlagsn. hefur ekki neitt vald á því, hvernig hagað er vísitölumálum í þjóðfélagi okkar. Hún hefur ekkert vald á því, hvernig farið er með útborgun úr ríkissjóði, hún hefur fyrir augum það eitt, hvernig er hægt að bjarga hagsmunum bændastéttarinnar, sem er í slæmri aðstöðu eftir það, hvernig farið hefur verið með þessi mál á undanförnum árum, og hvernig hægt væri að bjarga hagsmunum hennar á þann hátt, að sem minnstir árekstrar verði að. Mér er sagt, að ýmsir þeir menn, sem ásaka verðlagsn. mest, segi, að verð á kjöti þurfi að vera 16 kr. kg. í útsölu. Hvaða þýðingu mundi það nú hafa haft fyrir okkur bændur, ef verðlagsn. hefði ákveðið 16 kr. útsöluverð á kjöti í haust? Það hefði haft þau áhrif, að ríkisstj. hefði að verulegu leyti neitað að greiða niður, ef miðað hefði verið við slíka verðlagningu. Í öðru lagi eru miklar líkur til þess, að slík verðlagning hefði stöðvað söluna innanlands að verulegu leyti, svo að það hefði orðið að flytja meira kjöt á erlendan markað, þar sem ekki fæst að líkindum fyrir það nema ⅓ þessa verðs. Þetta var þess vegna, að mínu áliti, hættulegasta sporið, sem hægt var að stíga, ef hagsmunir bændastéttarinnar einnar voru hafðir fyrir augum. Nú er það svo, að þessi verðlagsn. hefur verið alveg frjáls með sitt starf og ekki verið reynt að hafa nein áhrif, mér vitanlega, á það, hvaða verð hún ákveður. Hún hefur þess vegna ekki annað sjónarmið en það, hvernig er hægt að bjarga á heppilegasta hátt þeim hagsmunum bændastéttarinnar, sem nú eru í slæmri aðstöðu. Til marks um það, hvað langt er gengið í ásökunum í þessu efni, skal ég víkja að því, sem ég hef að nokkru leyti getið í blaðagrein áður. Í ársbyrjun 1942 skrifuðu þeir, sem þessar ásakanir hafa borið fram, grein um það, að ég og hv. þm. Dal. hefðum sýnt afskaplega ósvífni með því að fara fram á hækkað verð á kjöti, en það var þá kr. 3,20. Svo langt var gengið í þessari blaðagrein, að skorað var á íbúa höfuðstaðarins að hegna Sjálfstfl. fyrir þetta lýðskrum af hálfu þm. úr flokknum. Þegar þetta gerðist í janúar 1942, var heildsöluverð á dilkakjöti 3,20, en þá var verðlagsvísitalan 183 stig. Nú hefur verðlagsn. landbúnaðarafurða ákveðið heildsöluverð á sama kjöti 9,52, það hefur hér um bil þrefaldazt. Á þessu tímabili hefur vísitalan hækkað upp í 278 stig, eða um ½, sem þýðir, að dýrtíðin hefur vaxið hér um bil um helming, en heildsöluverð á kjöti hefur af hálfu verðlagsn. þrefaldazt síðan 1941, þegar við fengum þessa ásökun, ég og hv. þm. Dal. En nú er af hálfu sömu manna rokið upp og kastað skömminni á verðlagsn. landbúnaðarafurða fyrir það, að hún

hafi svikið sitt hlutverk og ákveðið smánarlega lágt verð á þessari vöru. Annars er það svo, að ummæli þeirra manna, sem harðastir eru í andstöðunni gegn starfsemi verðlagsn., stangast sitt á hvað, vegna þess að sumir þeirra tala eða skrifa þannig fyrir neytendur í bæjunum, að þeir eggja þá fast á að kaupa sem allra minnst af kjöti. Skal ég leyfa mér að lesa upp nokkrar setningar úr forustugrein framsóknarblaðsins Dags á Akureyri, sem út kom 7. sept. s.l. Þar segir á þessa leið. „Engum vafa er það undirorpið, að útsöluverð það, sem hin nýja, stjórnskipaða verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur nýskeð ákveðið á mjólk, kjöti og kartöflum, skapar alvarlegan vanda fyrir fjölda neytenda, enda við búið, að margir þeirra telji sig til neydda að draga úr kaupum sínum á nauðsynjavörum þessum *eftir fremstu getu.*“ — Það er varla hægt í blaðagrein að setja fram meiri eggjun til neytenda í bæjum en hér er gert, um það að draga úr kaupum sínum á þessum vörum, þar sem svo er að orði kveðið, að þeir skuli gera það eftir fremstu getu. Þetta hefur verkað svo á Akureyri, að þar hefur verið keypt sáralítið af dilkakjöti. Það hefur að vísu haft þá þýðingu, sem ég skal út af fyrir sig ekki lasta sem fulltrúi Húnvetninga, sem eiga mikið af hrossum, að Akureyrarbúar hafa keypt miklu ríflegar af hrossakjöti á þessu hausti en venja er til, og það kann að vera fyrir áeggjan þessara manna, sem þarna eru að verki. Að hinu leytinu eru sömu menn að hamast gegn verðlagsn. fyrir það, að hún hafi svikið hlutverk sitt og ákveðið smánarlega lágt verð á þessari vöru. Ég verð að segja það, að ég sem framleiðandi og bændafulltrúi mundi vera þakklátur fyrir það, ef það yrði áhættulaust, en ég hef ekki enn þá séð, að verðlagsn. hafi farið lengra en skynsamlegt var í því að ákveða verðupphæðina. Því að ég geri mér engar vonir um, að það verði haldið áfram að láta ríkissjóð kaupa allar vörur okkar og bera ábyrgð á því, að þær seljist, því að afleiðingin yrði sú, að aðrar stéttir mundu gera kröfur um það sama, t. d. iðnaðarmenn og verkamenn, og þá værum við komnir út á alveg fullkomna þjóðnýtingu í þessu landi.

Mér þykir ástæða til í þessu sambandi að minnast á eitt atriði, vegna þess að deilurnar um þessi mál hafa staðið fyrst og fremst í sambandi við vísitölulögin, sem eru þau l., sem hafa gert það að verkum, að sá víxlgangur á hæð kaupgjaldsins og afurðanna hefur átt sér stað, svo sem raun hefur á orðið undanfarin ár. En þegar svo lítil breyting er gerð á vísitölul. á s. l. sumri, að stjórnarfl. semja um, að það skuli leyfð sumarslátrun og það háa verð á kjöti af dilkum, sem ekki eru búnir að ná fullum vexti, og ófullvöxnum kartöflum skuli ekki hafa áhrif á vísitöluna, þá er svo langt gengið af þeim mönnum, sem þykjast vera fulltrúar bændastéttarinnar, að þeir fara að tala um það í blöðum, að þetta sé að falsa vísitöluna neytendum til óhags. Nú verð ég að segja það, að mér hefur virzt, að hæstv. landbrh. hafi reynt eftir fremstu getu að greiða úr þessu vandamáli, þannig að okkur bændum yrði sem allra minnst tjón að, því að aðstaðan er engan veginn álitleg eins og sakir standa. Honum er það eðlilega ógeðfellt, eins og hann lýsti yfir á Alþ. í fyrra, að halda þessum niðurgreiðslum áfram, en hann hafði þó, þegar út í vandann var komið, gengið inn á að gera það varðandi kjöt og mjólk, og það var svo hægt að hugsa sér, að það væri ríkissjóði fært, þannig að það örvaði sölu á þessum vörum eftir því, sem hægt var að ætlazt til, með því að taka til greina visst magn af þessum vörum, sem inn á vísitöluna gengi. En það mál er raunar ekki til umr. hér, þó að það sé mjög skylt þessu verðlagsmáli og drægist inn í umr. hér í gær. En þetta mál er þannig, að það hefur verið þyrlað upp miklu moldviðri um það síðan þessi bráðabirgðal. voru sett, og væri full ástæða til, að Alþ. léti sem fyrst fara fram útvarpsumr. um þetta mál.

Hv. 2. þm. S.-M., sem talaði hér í gær, sagði eitthvað á þá leið, að þessi l. væru spark í bændastéttina. Ég undraðist mjög, þegar ég heyrði þessi orð frá svo greindum manni sem hv. 2. þm. S.-M. er. Að segja, að það sé spark í bændastéttina að taka verðlagninguna úr höndum 20 manna, fjögurra pólitískra n., og setja þau í hendur n., sem skipuð er bændum einum, — það er því undarlegra að slík ummæli komi frá þessum manni, þar sem hann veit, að hann og flokkur hans hafa stjórnað þessum málum á þá leið, að það hefur verið alveg á valdi þeirrar stj., sem ríkti á tímabilinu frá 1934 til 1942, hvernig með þessi mál hefur verið farið. Og það gefur auga leið, eftir ræðu hv. 2. þm. N.-M. í gær, að hann hefur verið vanur því að láta skipa sér fyrir verkum um það, hvernig hann ákvæði verðið, enda hefur hann gert það þannig á öllu þessu tímabili, að stórkostlegur hallarekstur var á þeim tíma í sveitum landsins.

Þá sagði hv. 2. þm. S.-M. það í gær, að þetta með tilnefningu búnaðarráðs líktist því, að ríkisstj. færi að tilnefna þm. Hér er náttúrlega algerlega ólíku saman að jafna, því að búnaðarráð er ekkert annað en nefnd, sem ríkisstj. kveður sér til aðstoðar til þess að hafa þá aðferð að kjósa verðlagsn., sem hún vill ekki skipa sjálf. Að verðlagsn. sé alveg á valdi ríkisstj., eins og hv. 2. þm. S.-M. var að tala um, er alveg ósæmileg getsök og tilefnislaus á hendur þessum mönnum. Það er ekki hægt að færa nokkrar líkur fyrir því, að þeir hefðu getað unnið starf sitt þannig, að það hefði svarað betur hagsmunum þeirrar stéttar, sem þeir eru að vinna fyrir, enda er það eðlilegt og sjálfsagt; þetta eru allt saman greindir bændur, og þeir vinna meðal annars fyrir sína eigin hagsmuni. Þeim er alveg ljóst, hvernig málin liggja fyrir; þeir vinna fyrir sína eigin hagsmuni, þegar þeir ákveða, hvernig með þessi mál er farið. En þeir hafa ekki það yfirsjónarmið, sem virðist koma allt of mikið fram hjá stjórnarandstöðunni, að nota hagsmunamál bænda til þess að gera ríkisstj. hér á Alþ. óþægindi eða jafnvel gera henni ómögulegt að ráða við málið vegna þess að kröfurnar séu spenntar of hátt, meðal annars með 40 millj. kr. greiðslukröfu úr ríkissjóði. Þetta er yfirsjónarmið, sem snertir alls ekki hagsmuni bænda, vegna þess að það mundi verka öfugt við þá.

Nú skal ég að sinni láta þessi orð nægja

varðandi þetta mál, og ég býst ekki við, að ég sjái ástæðu til, þótt hér komi fleiri eða færri ræður á eftir af hálfu stjórnarandstöðunnar, að fara að endurtaka neitt af því, sem ég hef hér sagt, vegna þess að það er alveg víst, að þessi l. verða samþ. hér á Alþ., hvort sem verða haldnar um það fleiri eða færri ræður.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls, enda á ég sæti í þeirri n., sem fjallar væntanlega um þetta mál. En umr. í gær hnigu í þá átt, að mér fannst ég ekki geta látið hjá líða að segja nokkur orð sérstaklega um eitt atriði, sem þá kom fram mjög ákveðið og var gert að umtalsefni. Ég skal taka það fram, að ég er andvígur frv., sem hér liggur fyrir, og mun ég ef til vill fá tækifæri til að gera nánari grein fyrir því. En ég fæ ekki séð, að hvaða gagni það getur verið þessu máli að taka fyrir þá menn, sem ráðh. hefur skipað, og úthúða þeim eins og gert var í gær. Þeir af þessum mönnum, sem ég þekki og hef haft spurnir af, eru undantekningarlaust í hópi fremstu manna í sinni stétt. Það var helzt að skilja á tveim ræðumönnum, hv. 2. þm. N.-M. og hv. 2. þm. S.-M., að þessir menn væru nærri því úrhrak bændastéttarinnar, sem ekki einu sinni hefðu komizt svo langt, að þeir hefðu nokkurn tíma komizt í hreppsnefnd. Ég segi það, að ég get ekki séð, hvaða ávinningur þessu máli er að slíkum málflutningi, og ef þessi hv. þm. halda það, þá held ég, að þeir séu á villigötum. Annar ræðumaður sótti þessa ádeilu svo langt, að hann taldi það sýna þroskaleysi þessara manna, að þeir hefðu ekki tekið á móti jarðræktarstyrk. Í mínum augum eru þeir menn að meiri fyrir þetta; ég hef sjálfur aldrei tekið á móti jarðræktarstyrk síðan þær kvaðir voru á hann lagðar, sem gert var, og geri það ekki fyrr en þeim er af létt, og það er af þeim ástæðum, að ég tel mér það í sjálfsvald sett að segja til um það, hvort ég vil taka á móti peningum með ákveðinni kvöð eða ekki. Ef hv. 2. þm. N.-M. væri sett það skilyrði fyrir því, að hann tæki þingfararkaup sitt, að hann greiddi alltaf atkv. eins og forsrh., þá mundi hann auðvitað ekki taka peningana, og í mínum augum væri sá maður, sem það gerði, hinn mesti vesalingur, ef hann gerði slíkt, og það verður auðvitað að vera á valdi hvers manns, hvort hann vill taka á móti peningum, sem kvöð fylgir og hann er andvígur. Það er því síður en svo, að þetta sé nein óvirðing. En hvað hafa þá þessir menn til saka unnið, að þeir séu þannig teknir fyrir hér á Alþ.? Þeir hafa verið kvaddir hér til að vinna ákveðið starf, starf, sem er gert að borgaralegri skyldu að inna af hendi, starf, sem þessir menn áttu ekki annars úrkosta en að takast á hendur. Það, sem er kjarni þessa máls, er, að einum manni er fengið alræðisvald til þess að velja þessa menn, og það er það, sem ég er á móti. Slíkt vald getur verið gott og farið sæmilega úr hendi hjá góðum manni, en það er líka jafnvíst, að það er með öllu óþolandi í höndum misindismanna. Og þó að ég telji, að valið út af fyrir sig hafi ekki misheppnazt og það sé þarna margt nýtra og góðra manna, og sumir sómi sinnar stéttar, þá er það svo, að bændastéttin hlýtur að heimta þetta vald í sínar hendur og getur ekki sætt sig við það einræði, sem hér kemur fram.

Það var þetta, sem ég vildi sérstaklega víkja að, að ég kunni ekki við þær umr., sem fóru fram í gær. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara út í þær missagnir og öfgar, sem komu fram á báðar hliðar, bæði hjá þessum tveim hv. þm. og hv. þm. A.-Húnv., en ég undanskil hæstv. landbrh. og hv. þm. Mýr., sem töluðu um málefnið eins og ræða á málefni okkar bændanna. Þeim verður ekki bezt borgið með hóflausum öfgum, eins og komið hafa fram í þessum umr., heldur með rólegri og skynsamlegri yfirvegun og með því, að menn reyni að finna lausn þeirra vandamála, sem fyrir liggja, en ég tel, að sú lausn liggi ekki fyrir í þessu frv.

Páll Zóphóníasson: Það, sem ég vildi einkum segja, var það, að mig undrar, að hv. 2. þm. Skagf., sem er einn í stjórn stéttarsambandsins, skuli vera sammála hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) og hæstv. ráðh. Ég skal ekki víkja mörgum orðum að hv. þm. A.-Húnv., enda þarf þess ekki til að sýna, hversu hann er óhlutvandur og ósannsögull.

Mig furðar ekki á því, þótt hæstv. ráðh. haldi því fram, að bændur einir ráði nú verðlagningu landbúnaðarvara, en mig furðar á því, að hv. þm. A.-Húnv., sem telur sig fulltrúa bænda, skuli láta hafa sig til þeirra verka, sem raun ber nú vitni. Hann sagði, að 5 bændur sætu nú í verðlagsnefnd og þeir væru kosnir af bændum. Þetta er alrangt; 5. maðurinn er skipaður af ráðh. og er ekki bóndi, og hinir 4 kosnir af búnaðarráði, sem að vísu eru í margir bændur, en allir skipaðir af ráðh., en ekki kosnir af bændum. Fleira mætti taka fram til að sýna rangfærslur og ósannsögli þessa hv. þm., en þingmenn og alþjóð veit, að hann á erfitt með að gera mun á réttu og röngu eða ruglar því saman vísvitandi, svo að ekki þarf að nefna fleira.

Eysteinn Jónsson: Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Skagf. Hann fann sig knúðan til að benda sumum þm. á, að þeir ræddu þetta mál ekki eins og vera bæri. Hann sagði, að ég hefði úthúðað þeim mönnum, sem valdir hefðu verið í búnaðarráð. Þetta er ekki rétt. En hitt sagði ég, að val þessara manna væri pólitískt, þar ættu sæti þeir menn einir, sem hæstv. ríkisstj. treysti til að gera sinn vilja. Ég sagði líka, að sumir þessara manna hefðu aldrei komizt með öðru móti í búnaðarráð. Við þetta stend ég.

Ég mótmæli því ekki, að sumir þessara manna séu góðir menn og að flestu vel hæfir, en hitt verður fram að koma til að sýna, hve óhæfileg leið það er, að ráðh. skipi þessa nefnd.

Enda þótt hæstv. landbrh. virtist tala hér af mikilli hógværð, verð ég þó að segja það, að ég undrast, að hann skuli leyfa sér að halda því fram, að bændastéttin hafi með setningu búnaðarráðs fengið verðlagsmál landbúnaðarvara í sínar hendur. Málflutningur sem þessi virðist mér nánast ósæmilegur.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að umr. um þetta mál

hefðu enga þýðingu, þar sem þetta yrði samþ. Ég skildi það svo í gær, að komið gæti til mála, að hér mætti um breyta, en ég geri ráð fyrir, að þessi hv. þm. sé svo kunnugur í herbúðum stj., að hann viti, hvað hann fer með, og er þá gott að vita það nú þegar, þótt illt sé, ef ekki verður um bætt.

Þm. A.-Húnv. sagði, að ekki væri úr háum söðli að detta fyrir bændur að því er snerti vald þeirra um verðlagningu landbúnaðarvara, þar sem þetta vald hefði alls ekki verið í þeirra höndum. Þetta er að nokkru rétt, eða að því leyti, að tveir af fimm fulltrúum, sem höfðu þessi mál til meðferðar, voru frá neytendum, tveir frá samtökum bænda og 5. maðurinn stjórnskipaður. Venjulega fór það svo, að oddamaðurinn laðaðist til samkomulags við fulltrúa bænda, enda var því aldrei haldið fram þá, að verðlagningarvaldið væri í höndum bænda, eins og nú er gert.

Varðandi skipan þessara mála eins og þá var ástatt skal ég fátt eitt segja, en ég held, að hv. þm. A.-Húnv. hefði ekki átt að minnast á, að 2. þm. N.-M. hefði verðlagt kjötið of lágt, þar sem hann (þm. A.-Húnv.) og flokksbræður hans hafa eytt mörgum árum af ævi sinni til að níða þennan hv. þm. fyrir, að hann hafi verðlagt kjötið of hátt, og reyndu á sínum tíma að stofna til neyzluverkfalls til að sýna, að boginn væri of hátt spenntur, en það hefur nú sýnt sig, að þá var ekki troðið á rétti bænda.

Þá kom þessi hv. þm. að atriði, sem í raun-inni er aðalatriði varðandi gang þessa máls. Hann segir: „Hvernig gátu menn búizt við, að stjórnarandstæðingar fengju þessi mál í sínar hendur?“ Þessi ummæli sýna ljóslega, að þeir, sem skipa búnaðarráð, eru fulltrúar ríkisstj., en ekki bænda. Þýðir nokkuð að berja höfðinu við steininn og halda því fram, að bændum sé fengið verðlagningarvaldið í hendur, eftir að slík ummæli eru fram komin? Ég hygg, að öllum sé hollast að hætta slíkum málflutningi.

En hvað segja fulltrúar verkalýðsins um þetta? Mundu þeir kalla þá menn fulltrúa verkalýðsins, sem ríkisstjórnin skipaði til að ákveða kaup og kjör verkalýðsins? Hafa þeir gert sér grein fyrir, hvaða fordæmi þeir eru að skapa? Það getur komið sá tími, að þeir verði að gjalda þess og minnast rækilega, hvað þeir hafa gert nú.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að ekki væri von til, að ríkisstj. gæti valið þá menn, sem hefðu það markmið að gera ríkisstj. á allan hátt erfitt fyrir. Þetta munu eiga að vera dylgjur um þá stétt, sem hv. þm. er fulltrúi fyrir. Hann telur, að hún hefði metið meir að gera ríkisstj. erfitt fyrir en vinna að hag alþjóðar. Þetta er harður dómur, sem ég efast um, að þessi hv. þm. geti risið undir, um þá einu stétt, sem gefið hefur fordæmi með því að slá af kröfum sínum. Með þessu vill hann auðvitað sýna fram á, að ríkisstj. þurfi að hafa full tök á öllu, sem varðar fjárhagsafkomu atvinnuveganna. Nú stendur svo á, að háð er deila hér hjá sjómönnum, og þar er ekki deilt um, hvort tekjur þeirra manna skuli vera 14 þús. kr. eða minna, heldur milli 20 og 30 þús. krónur. Hvað skiptir ríkisstj. sér af þessari deilu, sem ekki er þýðingarminni en hin? Hún skiptir sér ekkert af henni, a. m. k. ekki að því er séð verður.

Ég kem þá loks að þeirri rökfærslu hæstv. ráðh. og þm. A.-Húnv., að það væri sök sér að fela stéttarsambandi bænda þessi mál, ef allt væri frjálst og engar niðurgreiðslur ættu sér stað. En þessi viðbára fær með engu móti staðizt, þar sem það eru, eins og öllum er kunnugt, fjölmargir fleiri liðir en verð landbúnaðarvara, sem áhrif hafa á dýrtíðina, liðir, sem ríkisstj. lætur sig engu skipta. Alþýðusambandið ræður í raun og veru öllu kaupgjaldi í landinu, þótt svo eigi að heita, að samið sé um það. Ef því þykir ekki sýnt um framgang síns máls, þá gera þeir þær ráðstafanir, sem duga til að þeir fái vilja sinn. Er þess skemmst að minnast, er það hefur nú nýverið lagt til, að verkfall yrði hafið. Það virðist þannig vera stefna hv. þm. A.-Húnv. og ríkisstj.: Það skal halda niðri öllu hjá bændum, en allir aðrir skulu fá það, sem þeir krefjast.

Þetta er aðalatriði málsins. Og það er eðlileg krafa bænda, að stéttarsamtökin fái verðlagningarvaldið. Það eru engin rök í málinu, að bændur mundu misnota það vald, og munu þeir fyllilega kunna að fara með það. Það eru heldur engin rök að ætla þeim annan rétt en öðrum. Hv. þm. A.-Húnv. segir, að það séu einkum þeir sömu menn, sem í fyrra buðust til þess að slaka til, sem nú fái verðlagningarvaldið. Ég mælti með því í fyrra, að bændur slökuðu til, í fyrsta lagi vegna þess, að ég vissi, að ekki yrði hægt að fá útflutningsuppbætur á viðbótina, og í öðru lagi, þar sem ég taldi, að ef bændur gengju á undan í því að slaka til, mundu aðrar stéttir sýna þann þegnskap að koma á eftir. En þá er þessi tilslökun notuð til þess að kaupa fylgi til stjórnarmyndunar og kommúnistum síðan lofað að hækka kaupið. Afleiðingar þessarar kaup-hækkunar eru þær, að landbúnaðarvísitalan hækkar nú um 16%. Þess vegna eiga bændur að hafa verðlagsvaldið hjá sér. Þegar jafnrétti er fundið, á að lækka verðbólguna, og til þess þarf sameiginleg úrræði. En málflutningur hv. þm. A.-Húnv. er byggður á minnimáttarkennd. Hann segir, að bændur megi ekki verðleggja afurðir sínar, miðað við aðra, vegna kostnaðar, því að þá verður verðið of hátt. Stjórnin átti um tvær leiðir að velja; önnur var sú, að bændur réðu málunum sjálfir, en hin var leið ofbeldisins, og hana valdi stjórnin. Það mun nú vanta á þriðju kr. pr. kjötkíló til þess, að bændur fái til jafns við aðrar stéttir. Enn fremur er mjólkurverð lægra en réttmætt er, til þess að bændur fái hliðstætt og aðrir. Það eru engir erfiðleikar á því að selja mjólk með því verði, sem bændur megi við una. Ef bændur hefðu ráðið, hefðu þeir breytt á skynsamlegasta hátt og komið til jafns við aðrar stéttir. Ofan á þetta bætist það, að engu er líkara en hæstv. ríkisstj. geri allt, sem hægt er að gera, til þess að draga úr kjötsölunni, því að hálfa sláturtíðina vissi enginn, hvort nokkuð yrði borgað niður eða ekki. Haustmarkaðurinn var því eyðilagður fyrir bændum. Og þessi óvissa hélzt út alla sláturtíðina. Líklega hefur það verið vegna ráðleysis stjórnarvaldanna. Ef vel hefði átt að vera, hefði þurft að

vera búið að gera stefnu ríkisstj. í máli þessu ljósa, áður en sláturtíð hófst.

Niðurstaða mín er sú, að í umr. þessum hafi það staðfestst, að þessi skipun málanna hafi verið gerð til þess, að stjórnarliðið gæti fengið pólitíska fulltrúa til að ráða málunum, svo að stjórnin gæti hangið áfram. Hins vegar hefðu bændur aldrei gert það.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. síðustu ræðumenn hafa talað lengi. Út af ræðum þeirra langar mig til þess að segja nokkur orð. Hv. 2. þm. N.-M. ásakaði mig um að fara með ósannindi. Form. verðlagsnefndar getur nú samt fyllilega talizt bóndi, þar sem hann stjórnaði á s.l. ári stærsta búi ríkisins. Sérstaklega var skipt um fulltrúa í mjólkurn. Ég mun ekki svara þessu meira.

Það var auðvitað algerlega sagt út í bláinn hjá hv. þm., að ég væri einhver eftirlitsmaður ríkisstjórnarinnar við skipun búnaðarráðs, og er ég enginn fulltrúi hennar í búnaðarráði eða verðlagsnefnd.

Hv. 2. þm. S.-M. gæti nú gefið manni tilefni til þess að ræða alla íslenzku pólitíkina, en ég mun aðeins víkja að eftirfarandi: Hann sagði, að það væri hrein óhæfa að skipa þessa menn í búnaðarráð. Hv. 2. þm. Skagf. svaraði tilefnislausum árásum hans á þessa menn. Hins vegar má benda á það, að alla valdatíð Framsfl. voru fulltrúar í verðlagsn. landbúnaðarins pólitískir fulltrúar hans. Hv. þm. breiddi sig út yfir það, að ég og hæstv. fjmrh. hefðum tekið verðlagsvaldið úr höndum bænda og ég hefði sagt það, en ég hef aldrei haft þau orð. Hins vegar hef ég sagt, að það væri í höndum bænda. Áður voru aðeins 2 menn réttilega fulltrúar bænda. En þessir 5 menn, sem nú eru í verðlagsn., fjalla allir um sína eigin hagsmuni. Hjá þeim ríkja engin önnur sjónarmið en bænda.

Hv. 2. þm. S.-M. þótti það furðulegt, að ég skyldi hafa deilt á hv. 2. þm. N.-M. fyrir of hátt afurðaverð. Þetta er fullkomið öfugmæli. Ég hef einmitt haldið því fram, að verðlagið hafi verið of lágt og að landbúnaðurinn hafi hlotið af því óbætanlegt tjón. Verðið hefur verið reiknað aftur í tímann til 1939, en það eru ósannindi, að það hafi verið reiknað af hagstofunni til 1934. (*PZ:* Það var ekki reiknað af hagstofunni.) Hv. 2. þm. S.-M. talaði um það, hvort fulltrúar verkamanna mundu sætta sig við það, ef einhver ráðh. skipaði 25 menn til þess að ákveða kaupgjald. Hæstv. fjmrh. talaði í gær um það, hvort verkamenn vildu, að félmrh. skipaði það. Neitandi svar kom. Hv. 2. þm. S.-M. vék að því, sem ég gat um áðan, að það hefði sýnt sig, að þeir menn, sem veittu l. harðasta mótspyrnu, væru með yfirsjónarmið, sem ekki miðuðu fyrst og fremst að því að vinna bændum gagn, heldur gera ríkisstj. óleik. En þetta hefur verið sjónarmið Framsfl. Hann sagði, að ég væri með getsakir í garð stéttar minnar. Það er oft tilviljun, hvaða menn veljast í trúnaðarstöður. Hann nefndi dæmi um val í mínu héraði. Enn fremur, að rétt fram að þessu hefði meiri hluti bænda hallazt að því, að stjórnarandstaðan væri málsvari bænda. Meiri hluti búnaðarþings heimtaði 20% hækkun á afurðum bænda og greiðslutryggingu. Þetta hefði kostað landsmenn 40 millj. kr.

Hv. 2. þm. S.-M. bar saman afstöðu bænda og skipaverkfallið á millilandaskipunum. Þær kröfur eru auðvitað ekkert sambærilegar, þar sem sjómenn gera miklu hærri kröfur. En ríkisstj. hefur ekki á sínu valdi að segja: Þú skalt vinna þarna fyrir þetta kaup. Hv. 2. þm. S.-M. vildi halda því fram, að við lægjum á hagsmunum bændastéttarinnar og tröðkuðum á rétti hennar. Þetta er reyndar svo mikil fjarstæða, að hún er naumast svara verð. Það er tæplega hugsanlegt annað en sjónarmið framleiðenda verði alltaf annað en viðhorf launþega. Eða vill nokkur halda því fram, að það sé skylda ríkissjóðs að styrkja framleiðendur, þó að illa ári, eða ætti hann að bæta hallann á síldveiðunum í sumar? Því miður getum við ekki gert kröfu til, að ríkissjóður ábyrgist verðið á afurðum, þó að hann hafi bætt þær upp nú að undanförnu. Afurðirnar hljóta alltaf að vera háðar þeim markaðsmöguleikum, sem fyrir hendi eru. Hér talar því hv. þm. út í bláinn, því að kröfur framleiðenda hljóta með þessu að vera ósambærilegar við verkamanninn, sem verður að taka þá vinnu, sem býðst. Hv. 2. þm. S.-M. sannaði því, á hvaða svellbungu hann er staddur, þegar hann er að lýsa eftirgjöfinni, sem ekki var eftirgjöf, heldur samningur. Í því efni vorum við alveg sammála, að með þeim samningi komumst við bændur lengra en hægt var að komast á annan hátt. Við getum ekki krafizt þess, að ríkissjóður kaupi vörur okkar og tryggi okkur framleiðslukostnað.

Þegar hv. þm. var að segja, að þessi samningur, sem gerður var síðastl. haust, hafi verið notaður til þess að hækka allt kaup, fór hann með tilhæfulaus ósannindi. Það, sem gerzt hefur, er einungis það, sem hv. þm. hafði sjálfur gengið inn á og er afleiðing af því, sem gert var í marz 1944, en þá varð hækkun grunnkaupsins 16% hjá Dagsbrún, því að annað var aðeins samræming, þar sem kaupið víða úti á landi hafði verið allmiklu lægra. Ef einhverja er að ásaka, þá eru það mennirnir, sem að því stóðu. Ein af mörgum villukenningum þeirra, sem eru í andstöðu við ríkisstj., er það, að búnaðarráð hafi ekki verið fulltrúi bændastéttarinnar, því að ekki er hægt að bera á móti því, að búnaðarráð hafi verið skipað bændum og störf þess hagkvæm og unnin af bændum. — Er hægt að líta á það sem réttmæta kröfu, að ríkið greiði 10—20 eða 30 milljónir umfram það, sem nú er ráðgert? Eða hvernig hefði átt að fá þá peninga?

Hv. 2. þm. S.-M. var að deila á ríkisstj. fyrir það, hversu reglugerðin hefði komið seint. Ég viðurkenni, að það hefði verið æskilegra, að hún hefði komið fyrr. En eftir að brbl. voru sett, mátti hver maður vita, að hann átti von á niðurgreiðslu, þó að blöð framsóknarmanna hafi alið á úlfúð og reynt að þyrla upp ryki í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Ég vil vekja athygli á því, að þegar ég benti hv. þm. A.-Húnv. á það, að hann hafði farið með ósannindi, svaraði hann því ekki, en reyndi að snúa sig út úr því. Ég hélt, að hv. þm. hefði vitað, að það var til

önnur mjólkurverðlagsnefnd á verðlagssvæði Akureyrar. Og í verðlagsnefnd búnaðarráðs eru nú aðeins fjórir bændur, en ekki fimm, eins og hann taldi. Ég segi 4, en ekki 5, því að einn nefndarmannanna, formaðurinn, er kennari og hefur aldrei búið. Auk þess vil ég benda hv. þm. á, að það hefur aðeins verið tvisvar á árabilinu frá 1934—1942 og 1942—1944, að verðið á landbúnaðarafurðum hafi ekki verið talið of lágt, í öll önnur skipti hafa blöð Sjálfstfl. talið verðið of hátt, og þegar mjólkin lækkaði úr 40 aurum niður í 38 aura, töldu þau lækkunina of litla. En hins vegar hafa þeir sömu menn, er að blöðunum standa, sent vikapilta sína út á landsbyggðina til þess að tjá bændum hið gagnstæða, og til slíkra vika hefur hv. þm. A.-Húnv. látið hafa sig. Hann er vikapiltur heildsalaklíku Morgunblaðsins.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki hafa mál mitt langt, því að þess gerist ekki þörf, og auk þess hef ég ekki mikið að kvitta fyrir. Ég vil þó leyfa mér að minnast á fjögur atriði. — Hv. þm. A.-Húnv. gat þess, að ég hafi fallizt á þær kauphækkanir, sem orðið hafa, en þetta eru hrein og bein ósannindi. Enn fremur segir þessi sami hv. þm., að ráðandi menn hafi það ekki á valdi sínu að skipa: Þú skalt hafa þetta kaup og ekki annað. — En nú segja bara ráðandi menn: Þetta færð þú fyrir mjólkina, — jafnvel þó að framleiðendur gætu fengið meira verð fyrir hana.

Þetta virðist mér nú mótsögn. Það hefur þó áunnizt talsvert við þessar umræður, þar sem hv. þm. viðurkennir, að verðlagsmál landbúnaðarafurða eru ekki í höndum bændastéttarinnar. Þetta vissu raunar allir áður, en bæði hann og ráðh. hafa reynt að dylgja með það, að það væru bændur, sem skipuðu málum sínum. Ég vil bara spyrja: Hvað mundu þessir sömu menn kalla það, ef Þjóðverjar hefðu skipað norska menn í stjórn í Noregi, hollenzka menn í Hollandi o. s. frv.? Mundu þeir kalla það, að þjóðin skipaði sínum eigin málum? Þetta er nákvæmlega hliðstæður málflutningur, og þetta þykir mönnum sæmilegt að segja, að valdið sé í höndum bænda, en ekki í höndum bændastéttarinnar. Ég þarf ekki að minnast frekar á þetta, en langar að minnast hér á eitt atriði, sem kórónar þetta allt saman.

Hv. þm. A.-Húnv. segir, að þeir, sem ráði verðlagningu landbúnaðarafurða, hafi viljað gera sitt bezta. En var ómögulegt að finna menn til þess nema landbrh. skipaði þá?

Og að lokum: Það vissu allir, að þannig var ástandið, að bændur vildu ekki slaka til aftur á verði afurða sinna, eins og þeir gerðu í fyrrahaust. Þetta vissi hæstv. ráðh., og þess vegna varð að fá einhverja aðra til þess.

Jón Pálmason: Ég þarf varla að svara hv. 2. þm. S.-M. miklu. Hann vill bera það saman, ef skipuð væri stjórn af útlendingum í einhverju ríki og þegar landbrh. skipar bændur til þess að fara með mál sín. Svona augljósa fjarstæðu þýðir ekki að bera á borð. Það er ekki mótsögn í því, þó að ég segi, að það sé ekki bændastéttin, sem ræður yfir málum þessum, en það eru engu að síður bændur. Svo má minna á það, að þeir, sem hafa farið með þessi mál, hafa haft sjónarmið, sem ekki hafa alltaf verið hagfelld fyrir bændur, og oft rekið þau þannig, að það hefur beinlínis verið á kostnað okkar bænda, og svo mundi einnig hafa farið, hefðu þeir hinir sömu skipað þessum málum áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SK, STh, ÞG, ÁkJ, KTh, EmJ, FJ, GTh, HB, JPálm, LJós, BG.

nei: PZ, PÞ, SÞ, SvbH, EystJ, HelgJ.

15 þm. (PO, SB, SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, BK, GÞ, GSv, IngJ, JJós, JS, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SK, STh, ÞG, ÁkJ, KTh, EmJ, FJ, GTh, HB, JPálm, LJós, PZ, BG.

SÞ, SvbH, EystJ, HelgJ, PÞ greiddu ekki atkv.

15 þm. (PO, SB, SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, BK, GÞ, GSv, IngJ, JJós, JS, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

Á 20. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 68 og 88, 47, 59, 89).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. var rætt ýtarlega við 1. umr., og skal ég því ekki fara mikið út í það. Ég legg til, að frv. verði samþ. með þeirri einu breytingu, sem n. hefur fallizt á um bráðabirgðalögin. Við leggjum þetta til, því að við álítum, að í því sé réttarbót og engin ástæða til annars en að samþ. það. Það er ein prentvilla í 3. gr. frv., 3 í staðinn fyrir 4, sem ég vona, að verði tekin til greina, þegar frv. verður endurprentað. Athugasemdir og mótmæli frá 2. minni hl. landbn. eru þannig, að ég sé ekki ástæðu til að ræða þau frekar, fyrr en frsm. þess hluta hefur skýrt afstöðu þeirra.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það er e. t. v. þýðingarlaust að ræða þetta frekar eftir 1. umr., því að þessu máli mun ætlaður framgangur. Ég vil þó undirstrika fáein atriði.

Í landbn. var meiri hl. á móti frv., en forseti deildarinnar kvaðst ekki geta greitt atkv. á móti því. Við álítum, að ákvæði 6 manna nefndar álitsins hefðu átt að koma fram síðastl. haust, því að við álítum enga breytingu hafa orðið. Það hefur verið deilt um 6 manna nefndar álitið, en ýmsir bændur líta svo á, að þar sé frekar of skammt gengið. Mótmæli hafa líka komið frá neytendum, en ég álít, að dómur 6 manna n. standi. Og það virðist eðlilegast að fela bændastéttinni þessi mál. Allar stéttir virðast hafa vald til að setja verð á vinnu og varning, án tillits til verðlags á þessu erlendis. Það er því ósanngjarnt, að bændur fái ekki sams konar vald.

Það var rætt um það við 1. umr., að með þessu

fyrirkomulagi hafi bændur fengið þetta vald í hendur, en þetta hefur skýrzt svo nú, að séð er, að verðlagsvaldið er ekki hjá bændum. Engin stétt mundi láta sér lynda, að vera þannig svipt valdi yfir að ráða verði vinnu sinnar. Við í 2. minni hl. höfum borið fram brtt. um, að í stað búnaðarráðs komi stéttarsamband bænda. Það hafa sumir haldið því fram, að stéttarsamband bænda væri ekki formlega stofnað, en það er ekki rétt. Þetta samband er byggt á svo lýðræðislegum grundvelli sem unnt er, og er því eðlilegast og rétt, að því verði falið verðlagið. Og ég trúi ekki öðru en Alþ. verði vel við þessu. Það má telja eðlilegustu skipan þessara mála, að bændur fái verðlagið í sínar hendur. Það er mikil óánægja meðal bænda, að ríkisstj. ráði ein skipan þessara mála. Þess vegna gerðu þeir ráð fyrir því, að verðið innanlands yrði byggt á þessum grundvelli, hvað sem liði sölu á erlendum markaði. — Á síðasta þingi varð samkomulag um það á milli búnaðarþings og Alþ., getur maður sagt, að sex manna nefndar verðið var ekki látið koma til framkvæmda á innlendum markaði, m. ö. o. sú hækkun, sem bændur áttu heimtingu á að fá lögum samkvæmt, á síðasta hausti, var ekki látin fram koma, en samið var um það, að gegn því skyldi hitt koma, að ríkið tæki ábyrgð á þeim hluta framleiðslunnar, sem selja þyrfti á erlendum markaði, að hann yrði greiddur sama verði og sama vara á innlendum markaði. Nú verða bændur að taka á sig verðfall á útlendum markaði. En um leið var eðlilegt, að þeir gerðu kröfu til þess, að verðið á framleiðsluvörum þeirra á innlendum markaði yrði eins og sex manna nefndar álitið segir til um. En þetta hefur verðlagsnefnd ekki samþ., og afleiðingarnar eru þær, að t. d. verð á kjöti til bænda er stórum lægra nú í haust en í fyrra, þrátt fyrir það, að framleiðslukostnaður bænda hefur hækkað stórkostlega síðan í fyrra. Þetta geta bændur vitanlega ekki sætt sig við. Það er að nokkru bætt upp verðið á kjötinu, sem selt er á útlenda markaðinum, en nokkur hluti þess fjár, sem átti að fara til þess að bæta upp verðið fyrir kjöt á erlenda markaðinum, hefur verið tekinn til þess að lækka verð á saltkjöti innanlands, og þannig hefur verið skertur að stórum hluta sá skerfur, sem átti að fara til þess að bæta upp útlenda verðið. Þeir, sem gerst vita um þetta mál, telja útilokað, að bændur fái til líka eins hátt verð fyrir kjötið nú í haust og á síðasta ári. — Það er bæði þessi stefna og það, að verðlagningin á kjötinu er í höndum stjórnskipaðarar nefndar, sem er ástæðan til þess, að það er almenn óánægja með þetta fyrirkomulag. Hv. frsm. 1. minni hl. landbn. taldi, að með þessu fyrirkomulagi væri fengin stórkostleg réttarbót fyrir bændur. Ég veit ekki, hvað hann á við með því. Ég hef haldið því fram, að þetta sé réttarskerðing gagnvart bændum, en ekki réttarbót, því að þeir hefðu ekki þessi mál í sínum höndum með frjálsu fulltrúavali, heldur væri allt vald af stéttinni tekið um þetta og fengið í hendur ríkisstjórninni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta mörgum fleiri orðum að sinni. 2. minni hl. landbn. hefur borið fram á þskj. 89 brtt. í þá átt, sem ég nú hef rætt. Verði þessar brtt. samþ., fylgjum við frv. Að öðrum kosti munum við greiða atkv. á móti því. — Um aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Mig langar til að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og því, að ég er fylgjandi því, að frv. verði samþ. óbreytt. Það er ekki beinlínis af því, að ég sé ánægður með frv. í heild, að ég fylgi því, né með þessa aðferð á málunum frá fyrstu tíð. En mér finnst, að þetta frv., ef samþ. verður, geti átt töluverðan þátt í því að koma í veg fyrir það, sem hefur átt töluverðan þátt í því ófremdarástandi í dýrtíðarmálunum hér á landi og í landbúnaðarmálunum á undanförnum árum. Menn eru alltaf að tala um sex manna nefndar álitið og um l. um það og að það hefði átt að gilda. En það eru ekki l. um sex manna nefndar álitið, sem þessir menn álíta, að eigi að gilda, heldur að ríkið ábyrgist bara verðið fyrir bændur á vöru þeirra, hvort sem hún selst eða selst ekki. — Menn vita, hvað þessi l. um verðuppbætur til bænda hafa kostað ríkissjóð undanfarandi. — Bændur hafa viljað vera frjálsir um að verðleggja sína vöru, og ég er með því. En með þessum l. undanfarandi hafa þeir fengið ábyrgð ríkissjóðs fyrir verðinu á vörunni.

Ég hefði álitið betra að ákveða verðið í vísitölunni á kjötinu 6 kr. á kg., eða reikna út vísitöluna með 6 kr. kjötverði, eins og það var, og segja við bændur: Þið megið selja vöruna hvað hátt sem þið viljið. — Og þá hefði komið í ljós, hvernig þeir hefðu staðið. En ég er viss um, að hvergi í víðri veröld hefði þýtt að bjóða kjötið með hærra verði en það stendur í vísitölunni. En það er hægt að selja það hærra, ef ríkið borgar svo og svo mikinn hluta af verðinu.

En það er brtt. hv. 2. minni hl. landbn., sem ég vildi tala um. Mig langar til að vikja því til hv. frsm. minni hl. n., sem alltaf er að tala um jafnrétti í þjóðfélaginu og að stéttarsamband bænda eigi að hafa sama rétt og önnur stéttarsamtök —: Ætlast þeir til, sem hafa sömu skoðun og hv. frsm. 2. minni hl. n., að ríkið kosti öll stéttarsamtök á landinu, eins og þeir álíta, að það eigi að kosta stéttarsamband bænda? Ætlast þeir til, að ríkið borgi öll þau gjöld t. d. eftir alþýðusambands-reikningi? Ég fyrir mitt leyti, sem einn meðlimur stéttarfélags, er á móti þessu. Það þýðir ekkert fyrir bændur að ætla að reka stéttarfélag á kostnað einhvers sterks aðila, því að þá tekur sá aðili öll ráðin og völdin. Og ef bændur geta ekki myndað stéttarfélag — eða þetta stéttarfélag, sem þeir þykjast nú hafa myndað — nema þannig, að ríkið haldi því uppi, þá verða þeir að sætta sig við, að þeir tapi völdum í því stéttarfélagi. Og ég vil fá úr því skorið, hvort þeir meina, að ríkið eigi að borga allan kostnað við sinn stéttarfélagsskap. (*PO:* Ríkið á ekki að borga einn eyri fyrir stéttarfélag bænda). Ætlast þeir til, að ríkið borgi kostnað við öll stéttarfélög í landinu? (*PO:* Það stendur skýrum stöfum um þetta í frv., sem liggur fyrir Alþ., en hv. 1. landsk. þm. hefur ekki lesið).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þessar umr. hafa farið nokkuð á dreif og hafa ekki eingöngu verið miðaðar við það, sem felst í þessu frv.

Nú skal ég ofurlítið fara í gegnum þau höfuðrök, sem fram komu til andmæla þessu frv. frá hv. frsm. 2. minni hl. landbn., þm. Mýr.

Í fyrsta lagi segir hann, að það hafi enga breyt. þurft og að dýrtíðarl. hafi verið og séu í gildi enn þá, vegna þess að ófriðarástandið sé óbreytt. Þeir segja hér í nál. sínu, þessir hv. þm. í 2. minni hl. landbn., að l. hafi verið miðuð við það, að þau væru í gildi meðan núverandi ófriðarástand héldist. Og það er rétt skýrt. En hverjir vilja svo staðhæfa, að þetta sé það „núverandi ófriðarástand", sem var 1943, þegar l. voru sett? Það mun engum einasta þm. hafa dottið í hug, að þessi l. yrðu í gildi lengur en meðan styrjöldin stæði yfir. Og að því er það snertir, að þáverandi ófriðarástand sé nú til staðar, þá er næsta þýðingarlítið að svara svo mikilli fjarstæðu, sem hvert mannsbarn í heiminum veit, að er gagnstæð sannleikanum. Því að um leið og styrjöldinni var lokið, er það ófriðarástand ekki lengur til staðar, sem var árið 1943. — Hér þurfti því tvímælalaust breyt. Og það, sem þessir menn í hv. 2. minni hl. n. færa fram sem rök fyrir því, að ófriðarástandið sé óbreytt, er aðallega það, að dýrtíðin og framleiðslukostnaður innanlands sé hvort tveggja óbreytt, og það út af fyrir sig er rétt, að þetta tvennt er óbreytt. En það er algerð breyt. orðin umhverfis okkur í heiminum, og þess vegna er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þessi l. verði áfram í gildi.

Það er rétt, að við bændur höfum ekki sérlega góða aðstöðu um að selja afurðir okkar á erlendum markaði. En því miður er útlitið þannig, að við getum miklu fremur búizt við því, að breyt., þegar hún verður meiri, verði í þá átt að gera aðstöðu okkar og verðlag verra en er, heldur en að það batni frá því, sem nú er. Það eru þess vegna ekki neinar ástæður fyrir hendi, sem geri það sennilegt, að þessi löggjöf eigi að framkvæmast áfram á sama grundvelli og var. — Hitt er svo vitanlega eðlileg skilgreining, að það sé út af fyrir sig rétt og sjálfsagt frá sjónarmiði okkar bænda, að við þurfum eðlilega að halda því sama hlutfalli milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs, sem ákveðið var með sex manna nefndar sáttmálanum, enda þótt lögin um það væru fallin úr gildi. En, eins og ég hef sagt á öðrum stað, er það sitt hvað, hvort við eigum kröfurétt á þessu eða hvort við þurfum að fá það, og það er nauðsynlegt fyrir okkar hag, að þetta samræmi haldist. Í því efni verðum við eðlilega að sæta því, eins og hverjir aðrir menn, að taka þann kostinn, sem beztur er. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að sá kostur, sem okkur mun hagstæðastur, eins og sakir standa, er sá, sem felst í þessu frv., sem hér er um að ræða. Nú er það líka alveg tvennt ólíkt, en hefur of mikið verið blandað saman hér í umr., annars vegar hvert verðlagið er, hvernig útkoman verður á því, og hins vegar hver aðferð er höfð við verðlagninguna á afurðum bænda. Það, sem hér liggur fyrir í frv., sem fyrir liggur, er auðvitað ekki annað en aðferðin um það, með hverjum hætti eigi að ákveða verðlag á afurðum okkar bænda. Og ég hika ekki við að endurtaka það, sem ég sagði áður, að í því efni felur frv. þetta í sér mikla réttarbót fyrir bændastéttina frá því fyrirkomulagi, sem hefur verið á undanförnum árum í þessum efnum. Því að það hafa verið fjórar nefndir a. m. k., sem hafa haft með höndum þau verkefni, sem búnaðarráði og verðlagsnefnd nú er ætlað, og þessar fjórar n. voru að nokkru leyti stjórnskipaðar og að nokkru leyti skipaðar mönnum, sem tilnefndir voru annars vegar af félögum framleiðenda og hins vegar félögum neytenda hér í höfuðstaðnum. Það eru þess vegna engin tvímæli á því, að frá sjónarmiði okkar bænda er hér um stórkostlega réttarbót að ræða frá því, sem verið hefur, vegna þess að það eru bændur einir, sem nú eiga að fjalla um þessi mál. Það er út af fyrir sig alveg orðaleikur að tala um það, hvort það sé bændastéttin eða einstakir bændur. Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. (2. minni hl. n.) segja, að það eru ekki félagssamtök bænda, sem hér er um að ræða, heldur einstakir menn úr bændastéttinni. Breyt. er sem sagt sú frá því, sem áður var, að ráðh. er skuldbundinn til þess að tilnefna eingöngu menn úr bændastétt til þess að fara með þessi mál, í stað þess, að áður voru engin fyrirmæli um það, enda var það yfirleitt ekki gert. Hitt er svo bara aðferðaratriði, að samkv. frv. er ráðh. gefin heimild til eða hann fær vald til að velja 25 menn úr bændastétt í nefnd, sem m. a. hefur það verkefni með höndum að kjósa menn í verðlagsráðið, sem skal hafa aðalstarfið með höndum. Og þegar það hefur skeð á undanförnum árum og einnig á síðasta ári, að það hafa verið valdar fjöldamargar n. til hinna og þessara starfa, og mikill meiri hl. þeirra n. hefur verið skipaður af ríkisstj., að ekkert hefur verið út á það sett af hálfu stjórnarandstæðinga, þá þykir mér ákaflega einkennilegt, að þegar lagafyrirmæli kemur um það, að ríkisstj. sé skuldbundin til að velja í eina n. eingöngu bændur, þá skuli þessir menn úr bændastétt rísa upp með offorsi og illum látum og segja, að nú sé verið að taka valdið af bændastéttinni í landinu. Hér er ekki nein önnur breyt. á gerð en sú frá venjulegri nefndaskipun, að hér er fjölmennari n. en tíðkazt hefur að hafa nefndir áður, og einnig hitt, að ráðh. er skuldbundinn til að taka alla nefndarmenn eingöngu úr hópi bænda og þeirra manna, sem vinna fyrir bændastéttina. — Ég er þess vegna undrandi yfir því, að þessir menn úr bændastétt, sem hafa látið sér hægt, þótt í þeirra stjórnartíð og í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið skipaður mikill urmull nefnda til hinna og þessara starfa, og hafa þá þagað, skuli nú rísa upp til andmæla, þegar eina skilyrðið fyrir skipun vissrar n. er nú, að þessi n. skuli skipuð eingöngu bændum og þeirra fulltrúum.

Nú er í öðru lagi á það að líta, að um 11 ára skeið er búið að vera það fyrirkomulag á þessum málum, sem ég áðan lýsti, að það hafa margar n. annazt það starf, sem búnaðarráð á að sjá um eftir þessu frv., og aðeins einn bóndi hefur verið í þessum nefndum til þessa, og þá hafa

þessir menn, andmælendur þessa frv., þagað og ekki beitt sér fyrir samtökum til þess að hrinda því fyrirkomulagi — bara blátt áfram vegna þess, að Framsfl. — þeirra flokkur — var þá sá flokkur, sem hafði völdin. En þegar það er Sjálfstfl. og samstarfsmenn hans í ríkisstj., sem hafa völdin og taka aðferð upp og form, sem er miklu heppilegra en það, sem verið hefur, þá rísa þessir menn upp og reyna að telja bændum almennt trú um, að nú sé verið að skerða þeirra rétt, taka valdið af þeim. Hér er um svo mikil öfugmæli að ræða, að það sætir undrun, að sæmilega greindir menn skuli halda fram slíkum fullyrðingum, sem eru algerlega út í loftið.

Þá er því haldið fram í nál. hv. 2. minni hl. landbn., sem kom einnig fram í ræðu hv. þm. Mýr., að aðrar stéttir í þessu landi hefðu einveldi, hver fyrir sig, til þess að skapa sér kaup og kjör. Þetta vita reyndar allir hv. þm., að er líka alveg rangt. Og við þurfum ekki lengra að fara en að líta á þá kaupdeilu stéttarfélags, sem nú stendur yfir. Hverjir mundu trúa því, að hér væri nokkur kaupdeila á siglingaflotanum, ef sú regla gilti hér á landi, sem þessir menn leyfa sér að setja í nál., að sé gildandi, að það sé almennt viðurkennt, að aðrar stéttir en bændur hafi einar óskorað vald til þess að ákveða sitt kaup og kjör? Hvað mundi verða um það sagt, ef Alþýðusambandi Íslands, sem er fjölmennasti félagsskapur launastétta í þessu landi, væri falið að ákveða það, án íhlutunar ríkisvaldsins eða annarra aðila, stétta eða manna, hvaða verkalaun skyldu vera greidd í þessu landi? Slíkt væri vitanlega mikið ranglæti. Og það er vitanlega svo mikið rangmæli, sem hv. 2. minni hl. n. leyfir sér að fara með í nál. og kom fram í ræðu hv. þm. Mýr., að aðrar stéttir í landinu en bændur hefðu einveldi í kaupgjaldsmálum hver fyrir sig, að það sætir furðu, að maður eins og hv. þm. Mýr. skuli leyfa sér að bera slíkt á borð fyrir hv. þm.

Nú er það vitað, að aðstaða okkar bænda hefur alltaf verið og mun verða gerólík því, sem er hjá þeim, sem taka laun hjá öðrum, hvort sem er hjá ríki eða stofnunum þess eða öðrum. Það er ekki svo sem við höfum nokkurn kröfurétt á því að heimta það, bændurnir, — og ekki heldur útgerðarmenn, iðnaðarmenn eða aðrir, sem framleiðslu stunda, — að okkur sé tryggð einhver ákveðin launafúlga af hálfu ríkisins, eins og gert er gagnvart fastlaunuðum mönnum samkv. launalögum. Slíkt gæti ekki orðið framkvæmt á annan hátt en þann, að stofnað væri til allsherjar ríkisrekstrar, eins og talið er, að sumir menn hér á hæstv. Alþ. og aðrir utan þings vilji gjarnan stofna til. Þess vegna geta menn engan veginn vænzt þess, að núv. ríkisstjórn, frekar en aðrar ríkisstjórnir, sem hér hafa verið á þessu landi áður, vilji kasta því í hendur einhverra ákveðinna manna, jafnvel þótt þeir væru kosnir af einhverjum fulltrúafundi, að ákveða verðlag á þessari eða hinni vörunni. Hins vegar álít ég, að vel færi á því í framtíðinni, ef á annað borð á að stofna stéttarfélag bænda, sem almennt er viðurkennt að vera slíkt, þá væri því falið að ákveða verðlag á framleiðsluvörum bændastéttarinnar. En þá hlýtur að fylgja því sá kvóti, að af því verði ekki greitt neitt úr ríkissjóði.

Þá skal ég víkja að því, sem hv. þm. Mýr. lagði áherzlu á, að stéttarsamband bænda væri til og hefði verið stofnað eftir lýðræðislegum reglum og væri almennt viðurkennt af bændum landsins. Þessu vil ég harðlega mótmæla. Ég mótmæli því, að hér á landi sé nokkurt stéttarsamband bænda til, sem almennt sé viðurkennt af bændunum sjálfum. Og það samband meðal bænda, sem stofnað hefur verið, hefur verið stofnað með þeim hætti, að það getur ekki orðið með það almenn ánægja. Ég lýsti því við 1. umr. þessa máls. Og hver er því kunnugastur, sem næst honum gerist. Í minni sveit, t. d., var aldrei boðaður neinn fundur til þess að undirbúa stofnun þessa stéttarsambands og eðlilega því síður haldinn. En það var tekinn þaðan maður á þessum svo kallaða fulltrúafundi og kallaður fulltrúi fyrir mína sveit, án þess hann væri nokkurn tíma kosinn. Og svo mun þetta hafa víðar verið. Svo kemur hv. þm. Mýr., sem tók að sér að ræna fundi, sem aðrir höfðu boðað til á eðlilegan hátt, og síðan segir hann, að þetta stéttarfélag hafi verið stofnað á lýðræðislegan hátt. Hið sanna er, að til þess hefur verið stofnað á flokksklíkulegan hátt, en ekki lýðræðislegan hátt. Og meðan svo er, mun ég ekki vinna að því að fela slíku sambandi þau störf, sem hér er farið fram á í frv. hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. og fleiri hv. þm., að gert verði. (*Forseti:* Gerir hv. þm. ráð fyrir að flytja langa ræðu?). Ég geri ráð fyrir hálftíma enn. (*Forseti:* Þá vil ég biðja hv. þm. að geyma afganginn af ræðu sinni þar til síðar.) Það er velkomið. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason) [Frh.]: Herra forseti. Það er liðin vika síðan ég flutti fyrri hluta þessarar ræðu og því ekki að undra, þó að ég sé farinn að gleyma nokkru af því, sem ástæða hefði verið til að taka fram í sambandi við nál. 2. minni hl. og ræðu hv. þm. Mýr., enda er það svo. En þetta kemur ekki að mikilli sök, vegna þess að það er eftir ein umr. Auk þess er það nokkurn veginn víst, að frv. gengur í gegn, hvort sem það er rætt lengur eða skemur.

Þó eru það nokkur atriði, sem ég vil víkja að, þó að langt sé um liðið, og skal ég því byrja á að ítreka það, sem ég benti á í fyrri hluta þessarar ræðu, að í nál. á þskj. 88, frá 2. minni hl. landbn., er meðal annars sagt, að styrjaldarástandið sé óbreytt að þeirra áliti, eins og það var þegar sex manna nefndar l. voru sett, og aðrar stéttir en við bændur ákveði sjálfar sín laun og sín kjör, og að stéttarsamband bænda, sem kallað er, hafi verið stofnað að fullu og öllu, eins og hv. þm. Mýr. segir, á lýðræðislegan hátt. Búnaðarráð er skipað eintómum bændum, og mér þætti gaman að vita, hvort þeir, sem

halda því fram, að troðið sé á rétti bænda, mundu fallast á, að 25 verkamenn, skipaðir af ráðh., ákvæðu allt kaupgjald í landinu. Ég hygg, að þessir menn mundu hika við að samþykkja slíka ráðstöfun.

Þá er farið fram á, að verðlagningarvaldið sé fengið í hendur stéttarsambandi bænda, en það er ekki enn þá viðurkennd stofnun, og þess vegna er slíkt ekki mögulegt. Við skulum segja, að þessi till. væri tekin til greina og þá haft í huga, að ríkisstj. hefur tekið að sér að greiða hluta af verði þessara vara. Sambærilegast við slíka ráðstöfun væri það, að Alþýðusambandið ákvæði kaup verkamanna eða B.S.R.B. réði launum embættismanna, og væri eðlilegt, að þeir, sem þessari till. fylgja, samþ. einnig slíkar ráðstafanir.

Hinu er ekki að leyna frá minni hálfu, að fari svo í framtíðinni, að ríkissjóður greiði ekkert vegna þessara vara og verðið getur farið eftir því, hve hátt verð markaðurinn þolir, og stéttarsambandið er orðinn réttur aðili þessara mála, þá tel ég rétt, að stjórn slíks bandalags hafi verðlagninguna með höndum, enda þá orðnar breyttar aðstæður frá því, sem nú er.

Því hefur verið blandað saman við þetta mál af hv. minni hl. landbn. og hv. þm. Mýr., hvernig verðlag landbúnaðarvara er ákveðið. En úr því að þessu hefur verið blandað saman, þykir mér rétt að drepa á það. Við 1. umr. þessa máls kom það fram hjá hv. þm. Mýr. og blöðum stjórnarandstöðunnar, að sú skylda hvíldi á ríkisvaldinu að skaffa okkur bændum ákveðið verð fyrir framleiðslu okkar. Þessir menn virðast ekki hafa áttað sig á þeirri breytingu, sem varð þegar 6 manna n. verðið var fellt úr gildi. Þess vegna ræða þeir málið á öðrum grundvelli en fyrir lá, þegar verðlagsnefnd landbúnaðarvara tók til starfa. En þá var um það að ræða, hvað hátt verð markaðurinn þyldi. En í fyrra var ákveðið að fella niður verðlagsuppbætur, sem miða átti við samkomulag 6 manna n., og á þessa leið féllust flestir þm. og þar á meðal ég, þar eð ég taldi, að það mundi borga sig að fá fullar uppbætur á útfluttar afurðir.

Nú var eina leiðin fyrir verðlagsnefnd að athuga, hve hátt verð innlendi markaðurinn þolir, og má segja, að starf þessarar n. sé ekki auðvelt. Annars vegar eru neytendur, sem segja, að verðið sé of hátt, og hins vegar segir hv. þm. Mýr. og hans fylgismenn, að verðið sé of lágt fyrir bændur. En þegar hann fullyrðir, að verðið í ár verði lægra en í fyrra, þá er það vitanlega ekkert annað en fullyrðing út í bláinn. Þetta fer allt eftir sölu kjötsins á innlenda markaðinum, en það þyrfti að seljast nálega allt og hefði gert það, ef stjórnarandstæðingar hefðu ekki á allan hátt reynt að spilla fyrir sölu þess. En e. t. v. geta þeir ekki komið í veg fyrir, að allt kjötið seljist.

Hv. 1. landsk. talaði hér við umr. fyrir hönd þeirra, sem álíta, að verðið sé of hátt. Hann vildi, að kjötverðið væri ákveðið 6 kr. í vísitölu og síðan væri látið afskiptalaust um sölu þess. Ég er ekki viss um, að þetta hefði verið heppileg leið. Við skulum gera ráð fyrir, að farið hefði verið að ráðum hv. þm. Mýr. og kjötverðið verið ákveðið 12—15 kr. á markaðinum. Ég hygg, að þetta hefði leitt til þess, að mynduð hefðu verið samtök meðal neytenda um að kaupa ekki kjöt. — Nei, ég hygg, að sú leið, sem valin hefur verið, sé hin bezta, sem völ var á. Og þótt aðstaða okkar bænda sé e. t. v. ekki ákjósanleg, þá er hún þó eftir atvikum góð.

Fyrir efri deild liggur nú frv., sem gefur meiri ástæðu til að ræða þessar gerðir verðlagsnefndar, og skal ég því ekki eyða meiri tíma til þess nú.

Ég vil svo vænta þess, að þetta frv. fái fljóta afgreiðslu og að till. okkar hv. 1. landsk. verði samþ.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í þessu máli fyrir 8 dögum, af því mér blöskraði svo mjög röksemdafærsla hv. þm. A.-Húnv. Nú er ég búinn að gleyma miklu af því, sem ég vildi sagt hafa.

Hv. þm. A.-Húnv. mun vera einn hinna sárfáu manna, sem telur þá leið, sem farin var í þessum málum, heppilega. Ég hef ekki talað við nokkurn mann, sem er ánægður með þessa skipan, einkum þegar þess er gætt, að til var stéttarsamband bænda. Hv. þm. A.-Húnv. vill halda því fram, að þetta samband hafi ekki verið viðurkenndur aðili. Sú von brást nefnilega að gera þetta samband að því tæki, sem upphaflega var áformað. Ef það hefði tekizt, væri allt í lagi með þetta samband að dómi hv. þm. A.-Húnv. En þetta samband er nú stofnað, og það mun krefjast síns réttar, hvað sem þessi hv. þm. segir.

Þá segir hv. þm. A.-Húnv., að 6 manna nefndar ákvæðin séu úr gildi fallin, en þau lög voru sett á meðan styrjaldarástand ríkti, og það ríkir enn þá óumdeilanlega, og ég fullyrði, að hv. þm. A.-Húnv. hélt því fram á þinginu 1943, að með þessum ákvæðum væri fundin lausn á togstreitunni um verðlag á milli bænda og verkamanna. Því hefur ekki verið haldið fram fyrr en nú, að 6 manna nefndar verðið hafi ekki verið rétt, þótt nú séu brigður á það bornar, einkum af fulltrúum verkamanna. Og hv. þm. A.-Húnv. fyllir þeirra hóp.

Ég held því fram, að þetta álit hafi á sínum tíma verið vel rökstutt, enda var því ekki mótmælt fyrr en það þótti hagkvæmt að níðast á einum aðila. Það hefur verið á það bent, að bændur slógu af sínum réttmætu kröfum, en stjórnarflokkarnir launuðu með því að slá á útrétta hönd þeirra og hækkuðu laun því nær allra stétta, og nú í haust er því sama haldið áfram.

Reglugerðin um kjötsöluna kom ekki fram fyrr en allt of seint, til þess að reyna að gera hlut bændastéttarinnar sem verstan með slóðaskapnum, og það var það, sem dró úr kjötsölu allan októbermánuð. Hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. landsk. þm. sögðu, að stéttarsamband bænda væri stofnað sem flokksklíka framsóknarmanna, og er það undarlegt, ef við eigum alla bændur, eins og hv. þm. A.-Húnv. sagði, en því miður er nú ekki svo enn þá, þó að vonandi sé, að svo verði sem allra fyrst. Í stjórn stéttarsambandsins eru nú hvorki meira né minna en 3 sjálfstæðismenn af 5. Það kemur engum á óvart,

þó að þeir hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. landsk. þm. séu sammála, því að þau merkilegu örlög hafa beðið hv. þm. A.-Húnv., að hann er í hverju málinu á fætur öðru í faðmlögum við kommúnista, þá menn, sem vilja síztan hlut stéttar hans. En raunar er nú ekki hægt lengur að telja hv. þm. A.-Húnv. fulltrúa bændastéttarinnar.

Ég ætla svo ekki að segja meira að sinni, en vonast til þess að fá tækifæri til þess að ræða þetta nánar síðar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég sagði mína skoðun á þessu máli við 1.umr. og geri ráð fyrir, að ég þurfi ekki að endurtaka mikið af því hér, en mun þó ræða einstaka atriði dálítið. — Ég vil mótmæla því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði hér áðan, að framsóknarmenn á Akureyri hefðu hvatt menn til þess að kaupa ekki kjöt, en auðvitað þarf í rauninni ekki að mótmæla því, sem þessi hv. þm. segir, þar sem hann er vanur að fara með staðlausa stafi. Hann leyfir sér að halda því fram, að fjórar n. hafi verið lagðar niður, þó að í nál. standi, að þær hafi verið 5, og sést bezt af því, hve vandur hann er að því, sem hann segir.

Ég vildi sérstaklega minnast á, að ég er með brtt., sem ég vildi fá hér samþ. í sambandi við 8. þingmál, sem n. gerir að till. sinni, að verði hnýtt inn í þetta frv. Ég hélt því fram, að það sé nauðsynlegt, að verðlag á mjólk sé ekki alls staðar það sama, eins og t. d. í Vestmannaeyjum og á Siglufirði, en ég sagði, að 8. þingmál fyrirbyggði, að n. gæti látið það vera misjafnt. Ég tel illa farið, ef svo verður, því að nú liggur t. d. fyrir beiðni frá Vestmannaeyjum, — ég veit ekki um Siglufjörð, — um að fá að hafa hærra verð á mjólk, sökum sérstakrar aðstöðu. Enn fremur fór bæjarstjórinn á Siglufirði fram á það í fyrravetur að fá að hafa þar hærra verð. Samt vildi verðlagsnefnd ekki hafa nema eitt verð.

Ég tel slæmt, ef l. verða samþ. í heild. En sennilega munu stjórnarflokkarnir hafa kraft til að koma þeim fram.

Ef þessi brtt. kemst ekki fram, munu mjólkurframleiðendur neyðast til þess að draga saman framleiðslu sína. Síðan ákveðið var, að verðið mætti ekki vera hærra á Siglufirði en annars staðar, hefur kúm fækkað þar. Fyrir 1942 var verðið í Vestmannaeyjum hærra en annars staðar, og nauðsynlegt er, að svo sé. Ég vil svo biðja n. að athuga þetta og skil þá ekki annað en hún geti samþ. brtt. þessa.

Ég ætla ekki að svara hv. 1. landsk. þm., því að hann fór með svo miklar staðleysur, að þær væru alls ekki svara verðar. Samt get ég ekki látið óleiðréttan þann misskilning hjá honum, að stéttarsamband bænda væri kostað af ríkinu, og vildi hann þá, að önnur stéttarsamtök fengju sömu aðstöðu. Stéttarsambandið fær þetta fé aðeins úr búnaðarmálasjóði og í hann greiða þeir einir.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 13. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég lét mér það nú nægja í fyrri ræðu minni um þetta mál að undirstrika nokkur aðalatriði, sem fólust í nál. 2. minni hl. n. Ég hafði nú hugsað mér að láta það nægja, en síðan hafa verið haldnar hér allmiklar ræður. Og hv. frsm. 1. minni hl. landbn. (JPálm) hefur síðan farið vítt og dreift í umr. um málið, svo að ég kemst ekki hjá að minnast á nokkur fleiri atriði en í fyrri ræðu minni.

Ég sný mér þá fyrst að hv. 1. landsk. þm. (SG), sem skýrði afstöðu sína til þessa frv. Mér skildist á þeim hv. þm., að hann væri ekki alls kostar ánægður með þetta fyrirkomulag eins og það lægi fyrir, og get ég ekki láð honum það — sérstaklega ef slík „réttarbót", sem hv. þm. A.-Húnv. talaði um, að ætti að fást með þessu frv., eða svipuð réttarbót yrði yfirfærð yfir á þann félagsskap, sem hv. 1. landsk. þm. stendur fyrir, ef einhver ríkisstjórn notaði sér það fordæmi, sem hér er, til þess að útnefna nokkra menn eftir eigin geðþótta til þess að ákveða verkamönnum kaup og kjör. En samt sættir hv. 1. landsk. þm. sig við að fylgja þessu frv. Og svona til þess að friða samvizkuna var hann með ýmis útbrot og ónot út í sex manna nefndar verðið á kjötinu, út í verð á kjöti almennt og út í fyrirkomulagið á hinu nýstofnaða stéttarfélagi bænda. Og langar mig til þess að minnast á öll þessi atriði, hvert fyrir sig.

Mér kom það dálítið á óvart, að hann skyldi vera með ónot út af sex manna nefndar verðinu, vegna þess að það voru fulltrúar frá hans stétt, sem stóðu að því upphaflega að leggja þann grundvöll, og var hann lagður með fullkomnu samkomulagi milli fulltrúa verkamanna og fulltrúa bænda og þeirra fræðimanna, sem kvaddir voru til athugunar á því máli, sem álitu, að sex manna nefndar grundvöllurinn væri eins nærri réttlæti eins og tök væru á að hafa hann, til þess að ákveða, hvaða tekjur bændur ættu að hafa, til þess að vera nokkurn veginn svipað settir og aðrar, ég vil segja verkamannastéttir þessa lands. Að vísu var í l. um sex manna nefndar verðið bændum ekki tryggð nein ákveðin tekjuupphæð, heldur lagður grundvöllur fyrir því, að meðalbóndi hefði möguleika til þess að fá meðaltekjur eftir útreikningi sex manna n. Hins vegar var ekki reynt að sjá neitt fyrir skakkaföllum, sem bændur verða fyrir vegna þess, að þeir eru líka atvinnurekendur og verða að þola öll óhöpp, sem atvinnurekendur í landinu verða fyrir, m. a. af óþurrkum og öðru slíku, — það er hlutur, sem þeir verða að taka á sig sjálfa. En það verðlag, sem ákveðið var með sex manna nefndar álitinu, átti að tryggja meðalbónda, að hann gæti fengið viss laun fyrir vinnu sína, sem voru um 15 eða 16 þús. kr. yfir árið í skaplegu árferði. Og ég held, að það verði ekki hv. 1. landsk. þm. neitt til upphefðar að fara að hvika frá þeim málstað, sem hann og hans flokksmenn hafa haft í þessu máli til þessa. Því að ég veit ekki betur en að þeir hafi viðurkennt sex manna nefndar verðið sem þann réttlátasta grundvöll, sem hægt væri að finna. Og ég vona, að þessi hv. þm. haldi uppteknum hætti, þó að

hann hafi ýmislegt annað að finna að fyrirkomulagi þessara mála.

Þá var hv. 1. landsk. þm. að tala um kjötverðið, og var á honum að heyra, að hann áliti það úr öllu hófi. Hann sagði, að hvergi í víðri veröld mundi vera hægt að finna hærra kjötverð en 6 kr. fyrir kg., og sagði, að hann hefði helzt kosið, að 6 kr. verð á kjötinu væri haft til að miða við útreikning vísitölunnar, og bændur svo látnir um það, hvort þeir gætu selt það. En í því er engin sanngirni. — Ég geri nú ráð fyrir, að við séum báðir jafnfróðir, hv. 1. landsk. þm. og ég, um verð á kjöti og öðrum matvælum kringum allan hnöttinn. En trúað gæti ég því, að ýmsir menn álitu sig sæla víðs vegar um heim, ef þeir ættu kost á að kaupa kjöt fyrir 6 kr. kg. — En það þýðir ekkert að taka verð á einni vöru út af fyrir sig, kjötinu, og minnast ekki á aðrar hliðar, sem að þessum málum snúa. Ég veit, að 6 kr. verð á kjötinu er hátt, borið saman við verð á kjöti fyrir 1914. En ef við berum saman, hvað daglaun verkamanna hafa hækkað frá þeim tíma og til þessa dags, þá kemur það í ljós, að ef kjötið hefði átt að hækka í sömu hlutföllum, þá ætti heildsöluverðið á því nú að vera milli 11 og 12 kr. kg. Það er sem sé komið svo, að það er fleira en kjötið, sem hefur hækkað í verði síðan. Það er t. d. komið svo, að einn þriðji hluti af sláturafurðum bænda fer í kostnað við slátrun, frystingu og sölu kjötsins og að koma því til neytenda. Bóndinn, sem kemur með 300 dilka, fær sem svarar verðinu fyrir 200 af þeim, en verð hinna 100 fer fyrir að koma þessum 300 dilkum í vöru og selja hana. Og þeir, sem leggja inn 30 dilka, verða á sama hátt að láta 10 dilka til þess að koma þessum 30 dilkum í það „óskaplega" verð, sem talað er um hér, að bændur fái fyrir kjötið. Ef þeirri reglu væri fylgt, sem mér skilst helzt, að hv. 1. landsk. þm. hallist að, að kjötið væri ekki selt nema á 6 kr. í útsölu, þá fengju bændur í sinn hlut kr. 2,50 fyrir kg., hitt færi í kostnað. Og yrði það þá meira en helmingur af sláturfénu, sem bóndinn þyrfti að láta til þess að koma hinu í verð. Ég er dálítið hissa á þessu hjá hv. þm., ef þetta er hans skoðun, vegna þess að ég hélt, að hann væri það kunnugur störfum bænda og afkomu, með því að hann er alinn upp í þeirri stétt og hefur fylgzt með henni til þessa, — ég er dálítið hissa á því og reyndar undrandi yfir því, að hann skuli kasta því fram, að 6 kr. verð sé hæfilegt fyrir kjötið hér á landi á þeim tíma, sem við nú lifum á. Því að það er vitanlegt, að með slíkt væru bændur ekki ánægðir, að ákveða verðið þannig á sama tíma sem viss stétt leyfir sér að fara fram á verkfall með þá kaupkröfu á oddinum, sem tryggir einstaklingum þeirrar stéttar um 40 þús. kr. á ári, — minna má ekki gagn gera, — og vitanlega leggst slíkur kostnaður á almennar neyzluvörur í landinu og kemur á sama hátt og kjötverðið til þess að hafa áhrif á dýrtíðina í landinu, — og þegar það er vitanlegt, að menn í ýmsum atvinnugreinum vaða svo í peningum, að mörgum þykir þar ekkert hóf á. Til dæmis má nefna menn, sem eru að byggja hús yfir húsnæðislaust fólk hér í bæ. Með töxtum sínum, sem þeir virðast að mestu ráða yfir, hafa þeir menn þær tekjur, að þeir þurfa ekki að vinna nema tvo til þrjá mánuði til þess að ná þeim tekjum, sem meðalbónda eru ætlaðar yfir árið með sex manna nefndar verðinu. Ég veit, að tveir menn, sem unnu við múrhúðun á sláturhúsi — og það er bezt að nefna það í sambandi við þetta mál, því að þar er slátrað fé, — þeir unnu frá miðjum laugardegi og til sunnudagskvölds, þurftu engu til að kosta, og tóku alls 4900 — fjögur þúsund og níu hundruð — kr. fyrir vinnuna, eða sem sagt 70 kr. á klst. frá því er þeir fóru að heiman og þar til þeir komu heim, seint um kvöldið. Og maður þekkir fleiri dæmi slík sem þetta. Ég veit til þess, að félagsskapur, sem er að koma upp íbúðum fyrir húsnæðislaust fólk og stendur fyrir því að koma upp 40 íbúðum, hann hefur mann til þess að standa fyrir þessu verki. Sá maður þarf ekki að leggja til neitt nema sjálfan sig, hrærivél og ritvél, en honum eru borgaðar 6 þús. kr. á íbúð, eða 240 þús. kr. fyrir að standa fyrir byggingu allra íbúðanna. Og ég held, að þeir, sem þurftu að láta byggja, hafi talið sig hafa komizt að góðum kjörum, og meira að segja held ég, að stéttarfélag hér á landi hafi ákveðið að lögsækja hann sem skrúfubrjót, fyrir að hafa farið niður fyrir taxta í stéttarfélagi sínu. — Og allir, sem við verzlun fást í landinu, raka svo saman of fjár, að ævintýralegt þykir, er upp kemst um einn og einn, hvað hann hefur grætt. — Og þegar þannig er vaðið í peningum í landinu, þegar borgaðir eru tugir millj. kr. fyrir tóbak og brennivín og alls konar skran, þá ætlar hv. 1. landsk. bændum að sætta sig við að fá borgað verð fyrir sína vinnu svipað og var fyrir stríð, þrátt fyrir allan þann óheyrilega kostnað, sem á framleiðsluna hefur fallið, sem gilti það, að þeir væru ekki matvinnungar. Ég er undrandi yfir að heyra þessar skoðanir hjá þessum hv. þm., af því að ég hélt, að hann hefði meiri skilning á þörfum stéttarbræðra sinna en ýmsir aðrir. Finnst mér þetta sönnun þess, hvernig misjafn félagsskapur og umgengni við misjafna menn getur farið með allra beztu menn, menn, sem ekki gera hundi mein, og verð ég í því falli að segja, að þegar svo fer um hið græna tré, hvers er þá að vænta af hinu visna?

Þá var þessi hv. þm. að minnast á, að honum þætti óeðlilegt af okkur að ætlast til þess, að ríkið greiddi allan kostnað við stéttarfélagsskap bænda, og sagði um leið, að meðan þess væri krafizt, væri ekki nema eðlilegt, að ríkisvaldið hefði íhlutun um, hvernig þessum málum væri stjórnað. Ég er honum sammála um það, að ef ríkið greiddi allan þennan kostnað, þá væri eðlilegt, að ríkisvaldið hefði þessa íhlutun. En ég hélt, að hv. 1. landsk. þm. vissi, að það er alls ekki til þess ætlazt, að ríkið standi undir greiðslum vegna stéttarfélags bænda, og ég hélt sérstaklega, að hann vissi það vegna þess, að hann sýndi frá upphafi hvað mestan skilning á nauðsyn bændastéttarinnar á því að fá lögleiddan búnaðarmálasjóð, m. a. til þess að bændastéttin gæti með honum staðið undir kostnaði við stéttarmál sín. Hv. 1. landsk. þm. stóð með okkur að því máli frá upphafi og sýndi fyllsta skilning á því máli. Og nú er búnaðarmálasjóður orðinn

að l., og þar með er ekki krafizt annars en þess, að ríkið hjálpi til þess að innheimta gjald eftir þessum l., og þá einnig þann hlutann, sem fer til þess að standa undir stéttarfélagsskap bænda, eins og hinn hlutann, sem fer til greiðslu á almennum uppbótum fyrir stéttina, á sama hátt og fiskimálasjóður er fyrir fiskimannastéttina, og er þessi aðstoð við þessar tvær stéttir hliðstæð. En það er til þess ætlazt, að lítill hluti tekna sjóðsins fari til þess að standa undir stéttarfélagsskap bænda. Og hv. þm. veit, að með því frv., sem hér liggur fyrir þinginu frá nokkrum alþm., er gert ráð fyrir, að kostnaður við framleiðsluráð greiðist úr búnaðarmálasjóði. En að við í brtt. okkar 2. minni hl. landbn. leggjum til, að kostnaður við þær framkvæmdir, sem þar er lagt til, að stjórn stéttarsambands bænda sé falið fyrst um sinn, greiðist úr ríkissjóði, stafar af því, að við ætlumst til, að það fyrirkomulag, sem í brtt. þeirri getur, verði bráðabirgðafyrirkomulag, sem standi ekki nema eitt ár. Og þar sem nú er framkvæmt að nokkru leyti það starf í þessu efni, sem á að framkvæma þetta ár, með þátttöku ríkissjóðs í kostnaði, þá töldum við ekki ástæðu til að breyta því fyrir þann stutta tíma, sem við ætlumst til, að þetta gildi eftirleiðis.

Ég held, að ég láti að sinni þetta nægja sem svör til hv. 1. landsk. þm.

Mun ég nú snúa mér að hv. 1. minni hl. landbn. Ræða hv. frsm. 1. minni hl. n. hefur staðið yfir tvær s.l. vikur. Hef ég ef til vill gleymt einhverju, sem ég hefði viljað minnast á. Það má segja um þennan hv. þm., að hverjum þykir sinn fugl fagur. Ég þykist hafa nokkurn veginn góðar heimildir fyrir því, að þessi félegi ungi, frv. það, sem hér liggur fyrir, sé kynjaður úr heilabúi þessa hv. þm., þó að honum sé klakið út hjá hæstv. ríkisstj., og þurfti maður þá kannske ekki að búast við, að þetta yrði nein dúfa.

Hv. þm. A.-Húnv., frsm. 1. minni hl. n., vildi halda fram, að þetta fyrirkomulag, sem stefnt er að með frv. því, sem fyrir liggur, væri stórkostleg réttarbót frá því, sem verið hefur, réttarbót gagnvart bændastéttinni. — Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. heldur þessu fram til þess að reyna að rugla hér aðalatriðum og aukaatriðum, eða hvort það er af því, að hann botnar ekkert í því sjálfur, hvað er réttarbót og ekki réttarbót í félagslegum og lýðræðislegum efnum. Skyldi það vera svo, að hv. þm. og öðrum þeim borgurum þessa þjóðfélags, sem standa fyrir ýmsum félögum, stéttarfélögum og öðrum félögum á þessu landi, þyki það vera stór réttarbót, ef einhvern tíma væri breytt þannig til af ríkisstj., að hún tæki það sjálfsákvörðunarvald, sem hver stétt hefur yfir sínum málum, af þeim stéttum og skipaði yfir þeirra mál sérstaka nefnd, sem hún, ríkisstjórnin, réði yfir sjálf? Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég býst við, að hv. þm. A.-Húnv. sé einn um þá skoðun. Ætli Íslendingum á sínum tíma hefði þótt það réttarbót, meðan konungkjörnir þm. voru aðeins 6, ef breyt. hefði verið gerð í þá átt að gera segjum alla efri deild, kannske allt þingið, að samkomu konungkjörinna þm., enda þótt þeir þm. væru allir íslenzkir ríkisborgarar? Ég geri ráð fyrir, að það hefði ekki þótt nein réttarbót. Skyldi Austur-Húnvetningum þykja það réttarbót, ef þeir væru losaðir við það að velja fyrir sig fulltrúa á þing, ef ríkisstjórn, forseti eða einhver góður maður skaffaði þeim einhvern mann til þess að sitja á þingi sem fulltrúi Austur-Húnvetninga? Ég veit ekki, hvað hv. þm. A.-Húnv. fyndist um þá réttarbót, en ég efast um, að Austur-Húnvetningum almennt fyndist það vera réttarbót.

Ég skal ekki deila um þá menn, sem skipaðir hafa verið í þetta ráð. Það geta verið ágætir menn. En jafnvel þó að allir væru sammála um, að það væru betri menn en bændum væri treystandi til að velja í þetta ráð, breytir það ekki eðli málsins, að þeir eru ekki frekar fulltrúar stéttarinnar fyrir það. Og jafnvel þótt ríkisstj. tækist að velja betri fulltrúa fyrir Austur-Húnvetninga til þess að skipa þingsæti, þá væri það ekki réttarbót, heldur réttarrán gagnvart Austur-Húnvetningum. Og nákvæmlega það sama á sér stað hér.

Þá var hv. þm. A.-Húnv. mikið að ræða um það, hve það væri einkennileg afstaða stjórnarandstæðinga, því að þegar ríkisstj. hefði verið að skipa hinar og aðrar nefndir hinum og öðrum mönnum, þá hefðu þeir ekkert við það haft að athuga, en þegar ríkisstj. skipaði stóra n., sem eingöngu væri skipuð bændum, þá ætluðu þeir af göflum að ganga af óánægju yfir því. — Hér ruglar hv. þm. A.-Húnv. líka saman aðalatriðum og aukaatriðum. Það er enginn ávítaður, hvorki ríkisstj. né aðrir, fyrir það, að hún skipar bændur í n., þessa eða aðrar n. Mér er yfirleitt nákvæmlega sama, hvaða menn hún skipar í þessa n., ef ríkisstj. skipar menn í hana á annað borð. Og ef hún skipar þessa menn í n., þá hefði mér þótt eðlilegra, að hún hefði skipað 4 menn, sem hún hefði treyst til þess að ákveða verðlag á landbúnaðarafurðum, en að vera að vefja málið þannig, sem hefur verið gert, til þess að koma auðtrúa sálum til að trúa því, að hér hefðu verið valdir fulltrúar frá sjálfum þeim. Ég læt mig engu skipta, hvaða fulltrúa hún skipar í þetta ráð, af því að ég álít og við, sem andmælum þessu frv., að ríkisstj. hefði alls ekki átt að skipa menn í þetta ráð, heldur fela bændum og félögum þeirra að velja sína fulltrúa til þess að fara með þessi mál, og það er aðalatriðið.

Þá var hv. þm. A.-Húnv. að fetta fingur út í það, sem stendur í nál. okkar í 2. minni hl. landbn., þar sem segir, að svo virðist sem aðrar stéttir ráði kjörum sínum, og er þannig orðað, með leyfi hæstv. forseta: „En þegar svo er ástatt sem nú, að allar starfsgreinar þjóðfélagsins virðast nær einráðar um það, hvaða verð þær setja á vinnu sína og varning . . . .“ Á þetta réðst hv. þm. A.-Húnv. og breiddi sig út yfir það, að við skyldum vera svo ósvífnir að segja, að ýmsar stéttir landsins ráði kaupum og kjörum fyrir stéttina. En við segjum, að „svo virðist“ sem þær séu nær einráðar um þetta. Og ég ætla að standa við það. Ég veit ekki betur en það hafi tíðkazt á undanförnum árum, að Hlíf og önnur verklýðsfélög hafi auglýst, að kauptaxti þeirra væri þetta og þetta. Og ég veit ekki annað en að þeir, sem helzt hefðu átt að malda í móinn,

hafi sætt sig við það. Og þegar af þessu hefur leitt vinnustöðvun, þá hefur innan lítillar stundar komið að því, að undan hefur verið látið þessum kröfum um auglýstan taxta, oftast 100%, en stundum með ofurlitlum afslætti, en það haggar ekki því, að á undanförnum árum hefur svo virzt sem allar starfsstéttir í þjóðfélaginu hafi verið næstum einráðar um að setja verð á vinnu sína. Og allar hafa þær ráðið því með samþykki kjörinna fulltrúa, hvort gengið hefur verið að einu eða öðru, sem þeim hefur verið boðið í þessum efnum. Og það er ekki beint hægt að hafa á móti því, að úr því að lýðræði ríkir í þessu landi, þá eigi stéttirnar að hafa vald til að segja já eða nei um það, fyrir hvað þær vilja vinna. En þá álít ég, að bændur eigi og að hafa rétt til að segja já eða nei um það, fyrir hvaða kaup þeir vilja vinna, — þ. e. a. s. fyrir hvaða verð þeir vilji selja afurðir sínar, — eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. — Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að hér væri ólíku saman að jafna, vegna þess að bændur ættu undir erlendan markað að sækja, og þeir yrðu að sveigja til eftir markaðsástæðum. Þetta er að vísu rétt á venjulegum tímum. En eins og nú standa sakir, er ekki hægt að gera kröfu til þess, að bændur beygi sig eingöngu undir erlent verð á vörum og hagi verðákvörðunum sínum eftir því. Þegar svo er ástatt, að bændur geta á engan hátt — og þannig hefur það verið undanfarið — notað sér þau þægindi um að fá ýmsa hluti, vörur og vinnu, til síns búrekstrar með verðlagi, sem gildir á erlendum markaði, þá sé ég ekki, að það sé sanngirni í því að þvinga þá til þess að sveigja verð sinnar vöru eftir verði á landbúnaðarvörum á erlendum markaði. Og meðan verið var að framleiða þær landbúnaðarvörur, sem nú eru á markaðinum, ríkti það ástand, sem stríðið skapaði og hélt við. En þegar svo er komið, að bændur fá að flytja inn hús, sem má fá tilbúin fyrir einn tíunda hluta þess verðs, sem hér kostar að byggja hús, — og þó að það kosti nokkuð að setja niður þau hús, sem nú má fá frá útlöndum smíðuð, þá mundu hús þaðan ekki kosta upp komin nema helming eða þriðjung verðs á við það, sem hér hefur tíðkazt verð á húsum, — og þegar bændur fá að flytja inn húsgögn og annað frá útlöndum, sem kostar einn tíunda hluta þess verðs, sem hér er á þeim hlutum, — þegar þeir fá að flytja inn fólk til vinnu, sem tekur aðeins einn þriðja eða einn fjórða part af kaupi, sem hér er greitt fyrir sams konar vinnu, — þegar þeir fá að búa þannig í haginn fyrir framleiðslu sína, að þeir fái að njóta hins lága verðs, sem er á erlendum markaði á því, sem þeir þurfa að kaupa, þá er eðlilegt, að þeir miði verð sitt á vörum á innlendum markaði nokkuð við það, sem er á erlendum markaði. En það er ekki hægt fyrr og ekki sanngjarnt, að bændur taki á sig meiri þunga af dýrtíðinni en aðrar stéttir landsins. M. ö. o., meðan bændur eru svo að segja innilokaðir í þessu fávitahæli, sem landið er í verðlagsmálum, þá er ekki hægt að ætlast til, að þeir hagi sér öðruvísi en aðrir vistmenn á þessu heimili, þ. e. a. s. aðrir þegnar þjóðfélagsins, heldur fái að setja nokkurn veginn það verð á vöru sína, sem gerist og gengur manna á milli, sérstaklega þegar fjármálaástandið er þannig, að menn kasta hundruðum og þúsundum kr. út í bláinn án þess að hugsa um verðmætin, sem þeir fá á milli handa fyrir, — og þar sem það enn fremur er matvara, sem bændur framleiða, sem er nauðsynjavara þjóðarinnar, — þá er ekki eðlilegt, að bændur sætti sig við að fá annars konar verðlag fyrir vöru sína en sambærilegt er verði á öðrum vörum hér á landi. — Og það er verið að segja, að það þurfi að fara varlega í þessum hlutum, til þess að markaðurinn bresti ekki, það megi ekki fara of hátt með kjötið og mjólkina, svo að menn gefist ekki upp á að kaupa þessar vörur. En það hefur verið reiknað út af fróðum mönnum, sem fást við þá hluti, að það mundi ekki þurfa að setja nema 12 aurum hærra verð á mjólkina og 90 aurum hærra verð á kjötið frá því, sem ákveðið hefur verið, til þess að bændur fengju upp í topp sex manna nefndar verðið á þessum markaði. Og með þeim peningaaustri og þeirri kaupgetu, sem nú er í landinu, skal enginn segja mér, að sú litla hækkun hefði getað orðið til þess að eyðileggja innlenda markaðinn fyrir þessar vörur. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að það eigi að láta ríkja í framtíðinni það fyrirkomulag, sem menn telja nú, að ríkinu beri siðferðisleg skylda til að hafa nú á þessu ári, að bændur fái greitt verð fyrir afurðir sínar á þann hátt. Ég get gert ráð fyrir tvennu um verðlagningu í landinu á landbúnaðarafurðum. Annaðhvort að það verði ákveðið af innlendum dómstólum eftir samkomulagi framleiðenda og neytenda á sama grundvelli og í sex manna n. álitinu var lagður — og í því tilfelli dettur mér ekki í hug annað en að sá grundvöllur yrði endurskoðaður öðru hverju og reynt að fá á honum samkomulag um landbúnaðarafurðaverð á hverjum tíma — eða þá, að hitt yrði látið gilda, að bændur beygðu sig undir lögmálið um framboð og eftirspurn, bæði á innlendum og erlendum markaði. Önnur hvor þessi regla hlýtur að verða viðtekin á næstunni. En hvor reglan, sem gildir, er ekkert vit í öðru en að bændastéttin sjálf fái að taka lokaákvörðun um það verð, sem hún setur á landbúnaðarafurðirnar. Hún verður að fá að vera sá aðili, ef um sex manna nefndar grundvöllinn er að ræða, sem samþ. þann grundvöll. Hún og hennar fulltrúar verða að vera sá aðili, sem ákveður verðið í einstökum greinum, ef samkomulagsleiðin verður farin og sett á vörurnar það verð, sem þeim, sem með þau mál færu, þykir á hverjum tíma hyggilegt að setja. M. ö. o., að hverju sem stefnt verður í þessu efni, verður það ekki þolað, að bændur fái ekki ráðstöfunarvald í þessum málum hliðstætt við ráðstöfunarvald annarra stétta í hliðstæðum hagsmunamálum þeirra.

Þá vil ég minnast ofurlítið á það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um stéttarfélag bænda. Hann sagði í öðru orðinu, að stéttarsamband bænda væri ekki til. Stundum sagði hann, að stéttarfélag bænda væri aðeins pólitísk klíkustofnun. Síðan sagði hann, að ekkert viðurkennt stéttarfélag bænda væri til. Og hann sagði, hv. þm., að það hefði tekizt svo til um stofnun stéttarsambands bænda, að upphaflega hefði verið boðað

til fundar á eðlilegan hátt af Búnaðarsambandi Suðurlands, en svo hefði ég og ýmsir vondir menn komið og rænt fundinum. — Það er rétt, að eftir að horfur voru á því, að Búnaðarfélag Íslands yrði ekki viðurkennt sem fulltrúi bænda um stéttarmál þeirra, svo sem verðlagsmál, sem því hafði þó verið þröngvað til af Alþ. og ríkisstjórn að taka að sér, þá fóru ýmsir meðal bænda að ráða ráðum sínum um það, hvort þeir skyldu stofna stéttarsamband bænda. Ýmsar till. komu, en allir töldu, að réttast væri, að bændur sem víðast af landinu skyldu standa að myndun þessa sambands og stjórn þess, og að það væri rétt að taka það úr tengslum við búnaðarþing, til þess að það skyldi ekki falla neinn skuggi á það, þannig að það stæði undir stjórn Búnaðarfél. Íslands eða búnaðarþings, en undir starfsemi búnaðarþings stendur ríkissjóður og það er að öllu leyti kostað af honum. Þá komu fram till. frá Búnaðarsambandi Suðurlands um það að stofna þetta stéttarsamband, þannig að öll búnaðarfélög á landinu sendu fulltrúa á sameiginlegan fund og að þessi fundur stofnaði stéttarsamband bænda einn út af fyrir sig. Um sama leyti, sem Sunnlendingar voru með þennan fund, þá var Búnaðarsamband Borgarfjarðar einnig með fund og umr. um málið, og þeir, sem á þeim fundi voru, lögðu til, að stéttarsamband bænda yrði stofnað á þeim grundvelli, að það lyti í aðaldráttum lögum og reglum frá búnaðarþingi. Þegar þetta mál kom til umr. á búnaðarþingi í sumar, þá lágu báðar þessar till. fyrir, og meiri hluti búnaðarþings féllst á það, að stéttarsambandið yrði stofnað í aðaldráttum eftir þeim línum, sem lagðar hefðu verið af Búnaðarsambandi Borgarfjarðar. — Nú vilja menn gera þann reginmun á því, hvor leiðin væri farin, þessi leið Sunnlendinga, sem nú er talin eðlileg og sjálfsögð af ýmsum, eða sú leið hins vegar, sem farin var. En hafa menn athugað, að á þessu tvennu er enginn grundvallar mismunur? Hvor tveggja stefnan leggur til, að stéttarsamband bænda sé stofnað á grundvelli hreppabúnaðarfélaganna í landinu. En hreppabúnaðarfélögin í landinu eru undirdeildir í Búnaðarfélagi Íslands. Og þegar till. voru komnar um það að mynda nýtt samband bænda á grundvelli undirdeilda heildarfélagsins, Búnaðarfélags Íslands, var það þá undarlegt, þótt Búnaðarfélag Íslands vildi ekki láta sér vera þetta óviðkomandi? Mundi Samband íslenzkra samvinnufélaga — en undirdeildir þess eru kaupfélögin í landinu — láta það afskiptalaust, ef stofna ætti nýtt samband innan undirdeildanna í S.Í.S., sem ætti að taka að sér eitthvert nýtt verkefni eða verkefni, sem S.Í.S. hefði haft með höndum fyrir? Ég geri ráð fyrir, að S.Í.S. mundi í slíku tilfelli vilja hafa hönd í bagga um það, hvernig sú starfsemi yrði. Mundi Alþýðusamband Íslands láta það afskiptalaust, ef till. kæmu fram innan verklýðsfélaganna í landinu um að stofna eins konar nýtt alþýðusamband á grundvelli verklýðsfélaganna, sem hefði með höndum einhvern þátt þess, sem Alþýðusamband Íslands hefði haft með höndum? Mundi þá Alþýðusambandið ekki vilja hafa hönd í bagga um það, hvaða stefnu slík starfsemi tæki innan vébanda félagsskaparins? — Og var þá óeðlilegt, þegar till. voru komnar um að stofna nýtt samband bænda á grundvelli undirdeilda Búnaðarfélags Íslands, þó að Búnaðarfélagið vildi hafa einhverja hönd í bagga um stofnun þess nýja stéttarfélags bænda? Og þau einustu afskipti, sem Búnaðarfélag Íslands hafði af þessu, eru þau að hafa áhrif á verkaskiptingu á milli þessa nýja félagsskapar og Búnaðarfélags Íslands, til þess að koma í veg fyrir, að ágreiningur gæti orðið innan búnaðarfélagsskaparins um það, með hvaða mál þetta nýja stéttarsamband færi. Á búnaðarþingi voru sett stjórnarskrárákvæði, sem ákveða, með hvaða mál þessi búnaðarfélagsskapur skuli fara. Og það var ákveðið, að stéttarsamband bænda skyldi fara með hrein stéttarfélagsmál, en Búnaðarfélagið haldi áfram að fara með fagleg mál landbúnaðarins. En nú vill Búnaðarfélag Íslands losna við verðlagsmál landbúnaðarins, sem það var þvingað til að fara með um skeið, og því vildi Búnaðarfélag Íslands gera glögga grein fyrir, hvert sé verksvið stéttarsambands bænda. Að öðru leyti greinir ekkert á milli.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það væri ekki annað en pólitískur klíkuskapur, sem hefði staðið að þessari nýju hreyfingu, stéttarfélagsskap bænda, — þvert á móti því, sem hefði verið stefnan, meðan hinir ágætu Sunnlendingar réðu sínum ráðum á fundi um þetta mál, hreinir og flekklausir. En nú er svo gott að vita, að örli nokkurs staðar á pólitískri stefnu í þessum málum, þá er það hjá þeim góðu Sunnlendingum, sem ætluðu að koma á stéttarsambandinu óháðu Búnaðarfélagi Íslands, því að í boðsbréfi, sem þeir sendu bændum, tóku þeir nokkur stefnuskráratriði fram, sem það nýja stéttarsamband skyldi vinna að. M. a. var talað þar um, að það skyldi vinna á móti allri þjóðnýtingu, taka afstöðu til tolla- og skattamála o. fl. slíkra mála, sem eru hreinpólitísk mál, þannig að fyrir þessum ágætu Sunnlendingum virðist hafa vakað pólitísk stofnun meðfram, þegar þeir sendu út boðsbréf sitt. En þetta samþ. við ekki, að ætti að vera á stefnuskrá stéttarfélags. Þess vegna drógum við þetta út úr og bundum þennan stéttarfélagsskap eingöngu við stéttarmál. Þess vegna eru það hrein og klár öfugmæli, þegar hv. þm. A.-Húnv. heldur því fram, að fyrir búnaðarþingi og þeim, sem þar tóku ákvarðanir um þetta stéttarsamband, hafi vakað pólitísk togstreita, en hinir, Sunnlendingarnir, hafi verið hreinir og saklausir af öllu slíku. Þetta er alveg öfugt.

Þegar svo var rætt um, hvora leiðina skyldi fara, varð það að samkomulagi, að rétt væri að láta fundinn á Laugarvatni ráða, hvor stefnan væri tekin í þessu efni. Og pólitísku átökin um það voru ekki meiri en svo, að tveir menn á búnaðarþingi hölluðust að leið Sunnlendinganna, og var annar þeirra framsóknarmaður, en hinn sjálfstæðismaður. Hinir allir hölluðust að að fara þá leið, sem valin var, bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn. Á fundinn á Laugarvatni komu fulltrúar frá öllum sýslufélögum landsins, og þeir voru kosnir heima fyrir af fulltrúum búnaðarfélaganna í hverri sýslu. Hv. þm. segir, að lítið hafi verið að marka kosningu

þessara fulltrúa, af því að hann hafi vitað til, að engir fulltrúar hafi verið kosnir, en þó hafi einn maður mætt þar í heimildarleysi. Það kann að vera, að þar, sem félagsþroskinn er allra minnstur eða félagsforustan lélegust, að þetta hafi getað átt sér stað, en yfirleitt voru fundirnir mjög vel sóttir og þátttaka mjög almenn. En hv. þm. skal athuga það, að þetta fundarboð fór fram eftir hinni hreinu og skæru línu Sunnlendinganna. Það var ekki Búnaðarfélag Íslands, sem boðaði til þessara funda, heldur Sunnlendingarnir, svo að hann getur ekki kennt búnaðarþingi um, þó að einhverjar glompur kunni að hafa verið á þessu fulltrúavali. Svo þegar kemur á þennan fund, er samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta að taka þá stefnu í þessu máli, sem búnaðarþingið hafði lagt. Það er því frá þessu gengið á svo lýðræðislegan og félagslegan hátt sem mögulegt er og ákvarðanirnar teknar af fulltrúum, sem kosnir eru samkv. fundarboði Sunnlendinganna, og svo kemur hv. þm. og segir, að við höfum rænt fundinum. Ég held, að alveg eins megi segja, að þessi hv. þm. hafi rænt þingmannsumboði sínu í Austur-Húnavatnssýslu, þegar hann lofaði að berjast fyrir velferðar- og *hugðarmálum kjósenda sinna.*

Nú er það að vísu rétt, að ákveðið var á þessum fundi, að fara skyldi fram úrslitaatkvgr. um það, hvor leiðin yrði farin, sem samþ. var á búnaðarþingi eða Sunnlendingarnir lögðu til. Ég skal ekki segja um, hvernig hún fer, en það skiptir engu um aðalatriðið, að stéttarsambandið er stofnað og tekið til starfa og mun lifa áfram og starfa, hvaða formsbreyt. sem kunna að verða gerðar á l. þess eða reglum. Það er því engin ástæða til að draga að fela þeim það vald, sem menn hugsa sér, að til mála geti komið, að þeim verði falið.

Hv. þm. A.-Húnv. var með samanburð á því, sem gerzt hefði í þessu máli í fyrra og nú. Mér skildist á því, að það ætti að vera ólíkt betra fyrir bændur, sem nú hefði verið gert. Þetta er eins og fleira hjá honum hrein og klár öfugmæli. Bændur gáfu eftir í fyrra sjálfviljuglega nokkurn hluta af því verði, sem var lögákveðið og þeir áttu heimtingu á. Gerðu þeir það af því, að þeir álitu það rétta stefnu í fjárhagsmálunum. Þeir trúðu því, að það yrði til þess, að aðrar stéttir og ríkið kæmu á eftir. Einn varnagli var settur, en hann var sá, að bændum væri tryggt það verð, sem ákveðið var innan lands, einnig fyrir útflutningsvörurnar. Nú er þetta ekki gert. Nú eru bændur sviptir þessum hluta verðsins, sem þeim var tryggður síðasta haust, en fá ekkert í staðinn. Nú fá þeir ekki útflutningsuppbætur eins og þá, og þeir fá ekki þá almennu lækkun á framleiðslukostnaði, sem þeir væntu, heldur verða þeir að taka á sig verðlagið á útlenda markaðinum ofan á þetta og þá dýrtíð, sem myndazt hefur síðan og heldur áfram að myndast fram yfir það, sem var í fyrra. Það er því hreint öfugmæli, þegar því er haldið fram, að það sé hagstæðara fyrir bændur, sem þeim er nú skammtað, en það, sem þeir sömdu sjálfir um á síðasta ári; það er þvert á móti.

Það var ýmislegt fleira, sem ég hafði skrifað niður hjá mér og ástæða væri til að ræða um af því, sem hv. þm. sagði, en ég held samt, að ég láti máli mínu lokið nú og mun geyma það til síðari tíma, sem ég tel ástæðu til að svara.

Sigurður Guðnason: Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en vil þó ekki láta hjá líða að svara hv. þm. Mýr. nokkrum orðum út af afskiptum mínum af búnaðarmálasjóði. Meginmunurinn á minni stefnu og hans er sá, að ég segi, að þeir hefðu átt að samþ. búnaðarmálasjóðinn sjálfir og nota hann síðan sem vald í stéttarfélaginu, sem þeir væru frjálsir að fara með. Síðasta ræða þessa hv. þm. var glöggt dæmi þess, hvernig þetta mál er og hvernig félagsmálum bænda er nú komið. Þessi ræða hefði verið prýðileg á stéttarþingi, en hún á ekki við á Alþingi. Ég get sagt honum, að eftir 40 ára starf hefur verkalýðurinn ekki náð forgöngurétti á nærri því öllum þeim stöðum, þar sem hann vinnur. Nú ætla þessir menn, sem eru nú að stofna sitt stéttarfélag, að byrja á að koma inn í þingið og fá sitt stéttarfélag löggilt þar. Þetta er stefna, sem ég er á móti. Ég er alveg með því, að bændur stofni stéttarfélag á frjálsum grundvelli, byggi það upp sem vald, en þeir *eiga* ekki að byrja á að byggja það upp á Alþingi, heldur verða þeir að byggja það upp sem sitt eigið mál. Þetta er meginmunurinn á þessum tveimur stefnum í félagsmálum.

Um verðlagsmálin mætti margt segja, en ég ætla að láta mér nægja að minnast á eitt atriði. Hann segir, að meira en helmingur af framleiðsluverði bænda fari í kostnað við verzlun o. þ. h. Nú er meginhlutinn af þessum verzlunum einmitt verzlunarfélög, sem þeir hafa sjálfir yfir að ráða, og það er því varla hægt að álíta, að kostnaðurinn hafi verið meiri en þörf er á, eða að þessar verzlanir hljóta þá að gefa mjög mikinn ágóða.

Svo er enn eitt, sem hann kom að, en það var innflutningur fólks. Bændur hafa flutt inn fólk, þeir hafa fengið Færeyinga. Það getur verið, að innflutt fólk sé ódýrara, en það yrði ekki ódýrara fyrir hina, sem þyrftu að kaupa vörur af bændum. Við höfum ekki farið fram á innflutning á kjöti enn, af því að við álítum heppilegra að kaupa innlenda kjötið, meðan það fæst í landinu.

Höfuðatriðið er þetta: Þeir eiga að byggja upp sjálfir sitt stéttarfélag. Þeir geta ekki búizt við, að það verði lögfest samstundis á Alþingi og að það fái þegar öll mál í sínar hendur, fyrst þeim er fyrst nú að detta í hug, að þeir þurfi á sínu stéttarfélagi að halda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 14. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 89,1 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ.

nei: SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁS, KTh, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JPálm, LJós, ÓTh.

IngJ, BG greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁkJ, ÁÁ, JJós) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Þar sem vitað er, hver úrslit þessa máls verða, sé ég ekki ástæðu til að taka þátt í þessari atkvgr.

1. gr. samþ. með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁS, ÁÁ,
nei: BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH.
BG greiddi ekki atkv.
3 þm. (JJós, ÁkJ, IngJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sveinbjörn Högnason: Þar sem ég tel, að frv. þetta, ef að lögum verður, skerði mjög mannréttindi bændastéttarinnar og verði auk þess háskalegt öðrum félagssamtökum í landinu, segi ég nei.

Brtt. 89,2—8 teknar aftur.
2.—5. gr. samþ. með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁS, ÁÁ.
nei: BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH.
IngJ, BG greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJós, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 59 tekin aftur til 3. umr.
— 47 samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18:5 atkv.
7.—11. gr. samþ. með 17:12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:13 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (útvarpsumr.) (A. 156, 158, 165).

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Stríðinu er lokið, samningur sá, sem kenndur hefur verið við sex manna nefndina, er úr gildi fallinn, verðlagsmál bænda eru aftur á dagskrá.

Þau bráðabirgðalög, sem hér liggja fyrir til samþykktar, fela a. m. k. í sér þá bót frá því, sem áður var, að í stað margra nefnda, samtals um 20 menn, sem áður fóru með þessi mál, kemur nú ein nefnd, sem að vísu hefur til aðstoðar 25 manna ráð, skipað mönnum úr hópi bænda, en það atriði út af fyrir sig tel ég ekki til bóta. Ég álít, að betur hefði farið á, að í þessari nefnd hefðu einnig átt sæti fulltrúar neytenda, en með þessari skipan tekur ráðh. á sig fulla og ótvíræða ábyrgð.

Hið eldra skipulag í þessum málum var á þá lund, að með þau mál fór nefnd, sem skipuð var tveim fulltrúum bænda, tveim fulltrúum neytenda og einum oddamanni, útnefndum af ráðh., en hlutverki þess manns mætti líkja við hlutverk sáttasemjara í deilum atvinnurekenda og verkamanna.

Sú brtt., sem hér liggur fyrir, er áþekk þeirri brtt., sem felld var við 2. umr. þessa máls. Einungis er sá munur á, að í þessari brtt. er lagt til, að stéttarsamband bænda taki ekki við verðlagningarvaldinu fyrr en að ári liðnu. Það, sem fyrir hv. þm. liggur, er að greiða atkv. um, hvort fela skuli landbrh. eða stéttarsambandi bænda úrslitaábyrgð í þessu máli. Ég skal taka það fram strax, að ég er á móti því að selja stéttarsambandinu sjálfdæmi í þessu máli. Hið eldra skipulag þessara mála var þannig, að afurðasölulög voru sett og verðjöfnun höfð á sölu afurðanna á innlendum og erlendum markaði. Bæði Framsfl. og Alþfl. gerðu sér ljóst, að bændur hlytu að afsala sér rétti til að ákveða afurðaverðið. Þá voru það þrír aðilar, sem þetta gerðu, þ. e. framleiðendur, neytendur og ríkisvaldið, og þá heyrðust ekki raddir um, að þetta væri ranglát skipan. Það er fyrst á 10. eða 11. ári, að slíkar raddir taka að heyrast. Starf oddamannsins, sem ríkisstj. skipaði, gafst vel, en hlutverki hans mætti jafna við hlutverk sáttasemjara í deilum atvinnurekenda og verkamanna.

Haustið 1943 komu dýrtíðarmálin öllu í öngþveiti hér á Alþingi, og skipuð var utanþingsstjórn. Ég var þá í fjhn. og gerði að lokum till., sem var samþ. En hún var á þá lund, að skipuð skyldi 6 manna nefnd, fulltrúar framleiðenda og neytenda, og skyldi hún vera nokkurs konar gerðardómur, og áttu hennar ákvarðanir að gilda. Hlutverk þessarar nefndar var að ákveða afurðaverðið innanlands, svo hátt sem hagsmunir neytenda þyldu, og jafna þannig hag bænda við hag annarra stétta. Í þessu fólst enginn fjandskapur til bænda. Útfluttar afurðir voru þessu ekkert viðkomandi, og var talað um það við fjhn., að ekki kæmi til mála, að ríkið tæki á sig slíka ábyrgð, að kaupa allar afurðir eða ábyrgjast visst verð fyrir þær.

Þýðingarlaust er að rekja hér starf þessarar nefndar, en við því hafði ekki verið búizt svo sem raun varð á. T. d. hefði mátt ætla, að hún legði til grundvallar tölur frá þeim árum, sem öllum stéttum vegnaði vel, t. d. frá 1909—1914. En nefndin hvarf að því að reikna út kostnaðarverð afurðanna. Það er vitanlega mjög erfitt verk, þar sem ýmsir liðir eru alltaf hreyfanlegir og eiga að vera hreyfanlegir. Nefndin varð sammála, og var verðið ákveðið samkvæmt því. Að sjálfsögðu hefði Alþingi átt að leysa úr því, hvert verð skyldi vera á útfluttum afurðum, en þá skeður það, að 28 þingmenn samþ. með undirskriftum, að uppbætur á útfluttar afurðir skuli borgaðar til samræmis við álit n. og síðan skuli verðið innanlands greitt niður til samræmis við vísitölu.

Sumir töldu hér mikinn sigur unninn fyrir bændastéttina, en ég tel, að það hafi verið Pyrrusarsigur. Með þessu fyrirkomulagi var kippt fótum undan þeim atriðum, sem eðlilegt er, að ákveði afurðaverðið, þ. e. framboð og eftirspurn, en þetta tvennt er að fullu slitið úr

samhengi með niðurgreiðsluaðferðinni, enn fremur verður að teljast hæpið, að kostnaðarverðið hafi verið rétt ákveðið hjá 6 manna n. Niðurstaðan varð því sú, að enginn þeirra faktora, sem eiga eðlilega að ráða afurðaverði, kom til greina, en hefðu allir getað komið til greina. Ríkið borgaði allt og gekk jafnvel svo langt í umhyggju sinni, að það greiddi neytendastyrk á útfluttar afurðir.

En hve lengi voru menn svo í þessari Paradís? Samkv. undirskrift þessara 28 þm. átti þetta að vera leitt í lög, en þegar á næsta ári er samið um 26% lækkun frá því verði og þar með horfið frá þeim grundvelli, sem þetta var byggt á. Þetta var gert með þeim forsendum, að ríkissjóði hefði aldrei borið skylda til að greiða uppbætur á útfluttar afurðir. Þetta var rétt, en það hefði átt að vera sýnt frá upphafi.

Nú er þetta komið á það stig, að í baráttunni um sveitaatkvæðin er því haldið fram, að um þessi mál þurfi ekki við neina að tala, einungis krefjast þess, að stéttarsamband bænda verði einrátt. Þetta held ég, að sé það hæsta, sem bændapólitíkin hefur komizt, og mun vera heimsmet. Til viðbótar við þá einokun, sem þessar vörur hafa á innlendum markaði, er þess krafizt, að þing og stjórn láti sig engu skipta, hvernig verðið er greitt niður. Talað er um jafnrétti fyrir bændur. Hvernig var séð fyrir þessu jafnrétti í stjórnartíð Framsfl. og Alþfl.? Þá var það nefnd, skipuð fulltrúum neytenda, framleiðenda og ríkisstjórnar, sem ákvað afurðaverðið og þótti vel takast. En nú eru allir þeir taldir óalandi og óferjandi, sem ekki vilja viðurkenna einvaldsrétt bænda í þessu máli, og er þá tilfært, að verkamenn eða samtök þeirra ráði einir sínu kaupi. En þetta er ekki rétt. Verkamenn þurfa að semja við atvinnurekendur um sitt kaup, og ríkisvaldið gerir sitt til, að samkomulag náist.

Og hvernig er það um sjómenn? Kjör þeirra eru háð verði aflans, og verða þeir þar að hlíta erlendri samkeppni. Það væri hollt fyrir bændafulltrúana, sem krefjast einræðis um afurðaverð, að hugleiða, hversu færi, ef sjómenn gerðu hliðstæðar kröfur án tillits til verðsins á erlenda markaðinum, en sjómönnum kemur slíkt ekki til hugar. Á þessum samanburði sést bezt, hve fráleitt það er að halda því fram, að verið sé að krefjast jafnréttis fyrir hönd bænda. Útgerðinni er auk þess gert að greiða háa skatta, en hvergi í heiminum mun útgerðin hafa byggt tiltölulega eins mikið upp og hér á landi. Og svo mega sjómenn hlusta á það, að uppbæturnar til landbúnaðarins séu greiddar til þess að halda útgerðinni gangandi. Íslenzkir sjómenn afla meir hlutfallslega en nokkrir aðrir sjómenn, og svo eiga þeir eftir áliti sumra hv. þm. að þiggja þessa ölmusu til að halda lífinu.

Þá kem ég að því, þegar sagt er, að málefnum bænda sé komið í gott horf að öðru leyti en þessu. Þetta er ekki rétt. 6 manna n. verðið ruglaði hinn rétta grundvöll í þessum málum og orsakaði misskilning, sem erfitt er að leiðrétta. — Ég vil, að bændum sé sýnd full samúð, því að þeir hafa átt við erfiðleika að etja á stríðsárunum. Ég býst við því, að þessi till. verði samþ., og það er vel. Það þarf margt að gera, og það verður ekki gert með einræðisvaldi.

Atvinnuvegur eins og landbúnaðurinn verður að gera sér það ljóst, að það þarf að breyta, það þarf að stækka dagsláttuna frá því fyrir einu ári síðan. Og engin ein stétt á að vera ríki í ríkinu, heldur samstarf allra stétta.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Sú bændakynslóð, sem nú byggir íslenzkar sveitir, minnist áranna 1931—1936 eða kreppuáranna svokölluðu. Á þeim þriðjungi, sem þá var liðinn af yfirstandandi öld, hafði aldrei horft verr með fjárhagsástæður bændanna, vonleysið og kvíðinn fyrir framtíðinni aldrei jafnmikill. Þegar kreppan skall á, hafði Framsfl. farið með völd í 4 ár. Hann hafði náð völdum með því að telja sveitafólkinu trú um, að hann einn allra stjórnmálaflokka bæri hag þess fyrir brjósti og hann einn vildi framfarir landbúnaðarins. Víða höfðu bændur lagt í allmiklar framkvæmdir fyrir lánsfé, og þegar kreppan skall á, hrukku tekjur margra skammt fyrir afborgunum og vöxtum auk annarra útgjalda. Og þegar svo var komið, að ekki var annað sjáanlegt en að fjöldi bænda mundi flosna upp frá búum sínum, var stofnaður hinn frægi kreppulánasjóður. Hann átti að bjarga bændastéttinni úr fjárhagsvandræðum, en hefur þó jafnframt orðið leiðasta minnismerki, sem landbúnaðinum hefur verið reist á síðustu áratugum. Á þeim tímum hefði mátt ætla, að flokkur sá, sem einn þóttist bera hagsmuni bændanna fyrir brjósti, hefði gert þá kröfu fyrir þeirra hönd, að þeir fengju vinnu sína það vel borgaða, að þeir gætu lifað mannsæmandi lífi á tekjum sínum. En það bar furðulítið á þeim kröfum, þótt flokkurinn réði lögum og lofum í landbúnaðarmálum og raunar mestu á Alþingi. Nei, blað flokksins flutti þá kenningu frá formanni hans, að nú ættu bændur að sætta sig við þær tekjur, sem aðeins nægðu til að halda við starfsorkunni og borga afborganir af skuldum. Og Tíminn flutti lofgrein eftir annan af þingmönnum flokksins um þá virðingarverðu sparsemi og nægjusemi, sem bændur í heilli sveit hefðu sýnt með því að færa meðalþarfir heimilis niður í 400 kr. (miðað við aðkeyptar vörur) á ári. Þið munuð fara nærri um það, hlustendur góðir, hve mikið hafi verið til lífsþæginda á heimilunum þeim, þegar búið var að kaupa það, sem nauðsynlega þurfti til að halda við starfsorkunni og borga skuldir. Þá var alls ekki verið að heimta hundruð millj. króna úr ríkissjóði til að leiða rafmagn inn á hvert einasta sveitaheimili landsins. Þá var ekki minnzt á kaup sambærilegt við aðrar stéttir, þær voru sumar ekki tekjuháar þá heldur. Nei, boðskapur framsóknarforingjanna til bændanna þá var *að spara,* aftur sparnaður og meiri sparnaður. En þá fór líka flokkurinn með völdin.

Þegar kreppuuppgerðinni var lokið, var þó viðurkennt af flestum, að einhver breyting væri nauðsynleg á fyrirkomulagi landbúnaðarins. Hann gat ekki framleitt arðvænlega fyrir erlenda markaði, og hann var ekki heldur í samræmi við innlenda neyzluþörf. Það virtist helzt vera um ólæknandi offramleiðslu að ræða.

Það, sem fyrst virtist eiga að gera, var þá tvennt: 1) Auka kaupgetu almennings í bæjum landsins, svo að neyzlan og þar með innanlandsmarkaður landbúnaðarafurða færi vaxandi. 2) Beina þróun framleiðslunnar inn á þá braut, að hver vörutegund yrði framleidd við þau skilyrði, sem heppilegust væru, og lækka þar með framleiðslukostnaðinn. — En Framsfl. réð málum, og hvorugt var gert. Í þess stað var byrjað á að skipuleggja afurðasöluna, eins og það var kallað. Til þess að leysa fyrra viðfangsefnið, að auka kaupgetuna, hefði þurft að efla atvinnuvegi bæjarbúa með öllum hugsanlegum ráðum, efla fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn og reyna að framleiða og vinna nýja markaði fyrir fullunnar iðnaðarvörur úr innlendum hráefnum. Það var lítið gert að þessu. En það voru lögleidd víðtæk innflutningshöft, og í skjóli þeirra reis upp fjöldi smárra iðnfyrirtækja, sem fluttu inn erlend hráefni til að vinna úr, oft ýmiss konar ónauðsynlegar vörur, seldar með einokunaraðstöðu og stórgróða. Hvað seinna atriðið snerti, þá hné skipulagning afurðasölunnar að því að verðjafna milli framleiðenda, m. ö. o. skattleggja þá, sem betri skilyrðin höfðu, til þess að bæta upp fyrir hina, sem þýddi það að hindra framleiðsluþróun hverrar vöru við heppilegustu skilyrði. Það hlaut aftur að þýða óeðlilega háan framleiðslukostnað, og af honum hlaut aftur að leiða verri fjárhagsafkomu, bæði framleiðenda og neytenda og verri möguleika til samkeppni á erlendum markaði. Það, sem gerðist, var í raun og veru þetta: Ríkisvaldið tók þessi mál algerlega í sínar hendur. Það var sett upp heilmikið verðlagningar- og sölukerfi. Það voru skipaðar margar nefndir til að ráða verðlagningu og sölu. Eitt atriði gekk þó eins og rauður þráður í gegnum alla þá nefndaskipun. Það var, að bændur voru í minni hluta í öllum þessum nefndum. Og Framsfl. hafði völdin.

Þannig stóðu málin fram að styrjöldinni. Þá verður allt í einu þessi alkunna breyting, sem gerbreytir öllu fjárhagskerfi þjóðarinnar í einum svip. Verðhækkun á fiskinum, setuliðsvinnan og þar með útþurrkun atvinnuleysisins. Í staðinn fyrir skuldir og gjaldeyrisvandræði byrja að safnast inneignir erlendis, sem fljótlega nema hundruðum millj. kr. Inn í landið veltur þessi alþekkti stríðsgróði, meira fjármagn en Íslendingar hafa nokkru sinni haft yfir að ráða. Auðvitað fylgdu þessu breytta heimsástandi verðhækkanir á öllum erlendum vörum, bæði vegna hækkandi markaðsverðs erlendis, vátryggingar- og farmgjalda, sem stórhækkuðu vegna stríðsins. Hækkun þjóðarteknanna nam þó miklu meira, sem kom fram í söfnun erlendu innstæðnanna. Þannig sköpuðust möguleikar til að bæta kjör alls almennings í landinu með því að leyfa þessum stríðsgróða að dreifast, a. m. k. að einhverju leyti, út meðal fólksins. Það hefði mátt ætla, að flokkur bændanna hefði gripið tækifærið til þess að tryggja þeim eitthvað af þessum gróða. En Framsfl. var ekki alveg á því. Á haustþinginu 1941 berst hann með hnúum og hnefum fyrir því, að bæði afurðaverði og kaupgjaldi verði haldið niðri eða bundið með lögum, þótt hver maður gæti séð, að engin leið væri að hindra margs konar verðhækkanir aðrar, sem stríðið skapaði. Síðan hafa blöð flokksins og fulltrúar hans á Alþingi og fundum úti um land sífellt harmað, að þessi festing skyldi ekki vera lögleidd. Eitt skemmtilegasta dæmið um það, hve langt er hægt að ganga í blekkingum á þessu sviði, er forustugrein í Tímanum 21. júlí 1944. Þar segir svo m. a. (með leyfi hæstv. forseta): „Ef festingin hefði gengið fram 1941, væri nú stórgróði á kjötútflutningi, því að útflutningsverðið væri þá hærra en innanlandsverðið, og bændur hefðu síður en svo þurft nokkrar verðuppbætur. Afkoma bænda væri líka mun betri, því að hækkun afurðaverðsins hefur meir en étizt upp af kauphækkunum. Þegar miðað er við raunverulegt verðgildi peninganna, voru árin 1940—41 beztu ár landbúnaðarins." — Svo mörg eru þau orð. Og auk þeirra margar bollaleggingar um það, að mikið hefði nú þjóðinni verið betur borgið, ef kjötverðið hefði verið í þrem kr. innanlands og kaupið niðri að sama skapi. Þá hefði svo sem ekki þurft að kvarta um, að kaupið væri að steindrepa landbúnaðinn.

Um gildi háa kaupgjaldsins er bezt að gera sér þetta ljóst: Útflutningsvörurnar, fiskafurðirnar, hafa vegið á móti innfluttum vörum og þannig staðið undir þeim lífskjörum, sem þjóðin hefur búið við, og þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið. Þær inneignir, sem safnazt hafa erlendis, eru fyrir vinnuafl það, sem starfaði í þágu setuliðsins. Það vinnuafl var raunverulega útflutningsvara, og krafan um lækkað kaupgjald var því krafa um, að viljandi væri boðizt til að lækka eina af útflutningsvörum landsmanna. Og þetta átti að réttlæta með því, að landbúnaðurinn gæti ekki greitt svona hátt kaup. Þannig hefði alveg eins mátt krefjast þess, að fiskverðið hefði verið viljandi lækkað, til þess að landbúnaðurinn gæti keppt um vinnuafli við togaraútgerðina, þótt slík ráðstöfun hefði hlotið að þýða lækkaðar þjóðartekjur og lækkuð lífskjör þjóðarheildarinnar eða lækkaðar innstæður erlendis. Við gætum sagt tvöfalt minni erlendar innstæður, tvöfalt minni möguleika til að endurnýja og auka framleiðslutæki þjóðarinnar, tvöfalt minni trygging fyrir atvinnu handa öllum.

Þetta er krafa Framsfl. En hvað snýr að bændunum? Það er hugsanlegt, að þeir örfáu bændur, sem reka virkilegan stórbúskap með aðkeyptu verkafólki, svo að kaupgjald er meiri hlutinn af útgjöldum búsins, hefðu ekki tapað á verðfestingunni, með því að sá sparnaður, sem þeir hefðu fengið í kaupgreiðslum, hefði numið meira en því, sem tekjur þeirra hefðu orðið minni vegna lægra afurðaverðs. Í þeim hópi eru ekki margir. Næst þar fyrir neðan kæmi dálítill hópur, þar sem þessir liðir mundu vega hvor móti öðrum. Þeir hefðu hvorki grætt né tapað. Þriðji flokkurinn er allur sá fjöldi bænda, sem kaupir minna vinnuafl en þessu nemur og allt ofan í ekki neitt, allir einyrkjabændur og allir þeir, sem reka bú sín með uppkomnum börnum sínum og öðru venzlafólki. Þetta fólk allt hefði fengið óviðráðanlegar hækkanir á gjöldum sínum og lögbundið bann við hækkun á tekjum sínum. Það er óhætt að fullyrða, að til síðast-

nefnda flokksins telst mikill meiri hluti bændastéttarinnar. Og það þarf meir en lítil brjóstheilindi til að prédika það sífellt fyrir þeim fjölda bænda, sem börðust við skuldirnar fyrir styrjöldina, að þeim hefði gengið betur að greiða þær, ef þeir hefðu fengið 3 kr. fyrir kg. af kjötinu en að fá 6—7 kr. fyrir það, enda er þeim áreiðanlega mjög að fjölga, sem ekki taka þann boðskap alvarlega.

Þó er eitt ótalið enn. Alla tíð fram að styrjöldinni var svo mikil sölutregða á innlenda markaðinum, að nokkuð varð að flytja út, alltaf fyrir lægra verð en selt var innanlands. Atvinnuaukningin og kaupgetan, sem styrjöldin skapaði, hefur gerbreytt þessu svo, að kjötið hefur allt selzt innanlands, og eftirspurn eftir mjólkurvörum er miklu meiri en framboðið, þrátt fyrir þá framleiðsluaukningu, sem orðið hefur.

Svo sjá leiðtogar Framsfl. enga leið vænlegri fyrir landbúnaðinn en að rýra afkomumöguleika þessa fólks, þótt staðreyndirnar liggi svo ljósar fyrir, að innanlandsmarkaðurinn skapar afkomumöguleika landbúnaðarins. Það gildir alla bændur jafnt, stærri og smærri. Kemur nokkrum til hugar að trúa því, að erlent vöruverð hefði staðið kyrrt, þótt afurðaverð og kaupgjald á Íslandi hefði verið bundið með lögum 1941? Kemur nokkrum til hugar, að vátryggingar- og farmgjöld hefðu ekki hækkað? Var ekki Framsókn með í því að hækka tollana og leggja þá ofan á farmgjöld og vátryggingar og auka þannig stórkostlega heimildir til meiri verzlunarálagningar? Kemur nokkrum til hugar að trúa því, að stríðsgróðinn hefði allur verið tekinn í ríkiskassann, meðan sú stjórn sat að völdum, sem óhætt mátti telja fulltrúa peninga- og gróðamanna í landinu?

Nei, verðfestingarfrumvarpið var harðneskjuleg tilraun til að halda niðri kjörum bæði verkamanna og bænda. Og það er athyglisvert, að hún er gerð á tímum, sem færa þjóðinni meira fjármagn en hana hafði dreymt um nokkru sinni fyrr. Hefði það tekizt, voru að engu gerðir möguleikar bændanna til að borga skuldir sínar, að engu gerðir möguleikar efnaminni launþega til að auka tekjur sínar. Stríðsgróðinn hefði engu að síður haldið áfram að velta inn í landið. Hvert hefðu svo krónurnar lent? Milljónaeigendurnir orðið fleiri og stærri. Þessari árás Framsóknar á afkomu alls almennings í landinu var hrundið, enda var nú flokkurinn að missa völdin í landinu.

Það, sem Framsókn notar aðallega til að sanna bændum, að núv. ríkisstjórn og flokkar hennar séu þeim fjandsamlegir, er það, að ekki var gerð 20% hækkun á landbúnaðarvörum síðastliðið haust í stað 9,7%. En hvað hafa þeir sjálfir gert til þess, að hægt væri að halda sex manna nefndar samkomulaginu áfram? Álitið var byggt á þeim 30—40 búreikningum, sem fyrir hendi voru, eða einn reikningur fyrir hverja 160—170 bændur. Auk þess voru þeir flestir úr vissum landshlutum, en mjög fáir úr sumum. Það var samkomulag nefndar B.Í. og Alþýðusambandsins að nota þennan grundvöll, þótt ótraustur væri, meðan annað var ekki fyrir hendi, og á því byggðust dýrtíðarlögin, sem áttu að gilda meðan á stríðinu stæði. Hins vegar lýstu fulltrúar Alþýðusambandsins því þegar yfir, að þeir teldu þörf að endurskoða grundvöllinn. Enn fremur má taka fram, að þótt rétt hlutfall væri fundið í eitt skipti, þá er það breytilegt eftir því, sem afköstin aukast og framleiðslukostnaður lækkar. Séu á einu ári fluttar inn 500 sláttuvélar og verksvið til fyrir þær, þá eykur það framleiðslumagn hverrar vinnueiningar. Að þessu leyti er grundvöllurinn breytilegur og mundi þurfa endurskoðun á fárra ára fresti, svo framarlega sem landbúnaðurinn stendur ekki í stað.

Til þess að hægt væri að tryggja áframhald þessa samnings, lagði Sósfl. til á næsta Alþingi, að n. yrði falið að starfa áfram, svo að hægt væri að tryggja samkomulag um málin að stríðinu loknu. Einnig að ríkið tæki í sínar hendur búreikningaskrifstofuna og réði form. hennar í sína þjónustu, til þess að starfa eingöngu að þessum málum. En þetta var fellt með atkv. þeirra manna, sem nú hrópa hæst um svik við bændur í sambandi við verðlagninguna á s. l. hausti. Eins og kunnugt er, voru það B. Í. og Alþýðusambandið, sem stóðu að þessari margumræddu nefnd. Og strax á árinu 1943 sneri Alþýðusambandið sér til B. Í. með tilmælum um að hefja umræður um samstarf bænda og verkamanna. Þeirri málaleitun var ekki svarað. Þá sneri Alþýðusambandið sér 1944 til hreppabúnaðarfélaganna og bændanna almennt með boðun bændaráðstefnunnar. En í opnu bréfi, sem stjórn B. Í. skrifaði til bænda, leggur hún á móti því, að þeir taki þátt í þessari ráðstefnu. Samt var hún haldin, þótt fámennari væri en æskilegt hefði verið. Ályktanir hennar voru gefnar út í bæklingi og sendar formönnum allra hreppabúnaðarfélaga í landinu ásamt ósk um, að þau athuguðu, hvort ekki væri rétt að halda aðra í haust. Hafi formenn búnaðarfélaganna ekki stungið þessu erindi undir stól, ættu meðlimir þeirra nú að hafa fengið að kynnast þessum ályktunum og séð, hvort þær eru nokkuð hættulegar fyrir bændastétt landsins. Einnig hafði Alþýðusambandið sent búnaðarþinginu s.l. vetur ályktanirnar, strax í byrjun þess, og mælzt til viðræðna á grundvelli þeirra um eitt atriði eða fleiri, en sérstaklega um verðlagningu búvaranna, þar sem að kallaði með lausn hennar þegar á þessu hausti. Vitanlega hefði þingið átt að fylgjast með þessum viðræðum, enda tilætlun Alþýðusambandsins. En B.Í. lét sér nægja að vísa málinu til allsherjarnefndar, sem aðeins átti tvö viðtöl við nefnd frá Alþýðusambandinu, og lagði svo í lok þingsins fram till. þess efnis, að stjórninni væri falið að ræða við Alþýðusambandið, ef það óskaði þess og stjórn B. Í. teldi ástæðu til. Þessi meðferð var tilraun til að hundsa tilmæli Alþýðusambandsins, en á svo kurteislegan hátt sem unnt var.

Þannig leið tíminn fram í miðjan maímánuð. Þá var farið að bóla á sérstakri hreyfingu á Suðurlandi, sem líkleg var til þess að láta þessi mál til sín taka og hefur e. t. v. ýtt við stjórn B. Í.

Hinn 16. maí skrifar hún Alþýðusambandinu alllangt bréf með áðurnefndri samþykkt bún-

aðarþings, býst til að hefja viðræður, en ávítar jafnframt Alþýðusambandið fyrir að hafa leyft sér þann ósóma að snúa sér til bændanna sjálfra. Þessu svaraði Alþýðusamb. strax 22. maí, þar sem það tjáir sig reiðubúið til viðræðna og óskar, að Búnaðarfélagið tilnefni stund og stað, er því henti. Þessu svarar Búnaðarfél. 8. júní og ákveður fund 4. júlí. Það þurfti meira en 5 vikur til að ákveða og undirbúa þennan eina fund, sem það sá ástæðu til að halda um málið milli búnaðarþinga.

Þegar hér var komið, gat ríkisstj. ekki látið málið lengur afskiptalaust. Þess vegna ritar landbrh. búnaðarþingi strax, þegar það kom saman, og óskaði, að viðræðum yrði hraðað og helzt lokið fyrir miðjan ágúst, því að lengur gæti stjórnin ekki dregið að taka ákvarðanir. Þess vegna komu nú nefndirnar saman og komust nú það langt, að samkomulag varð um tillögur, sem ég, tímans vegna, verð að láta mér nægja að segja efnið úr.

I. Þessi félagssamtök fari þess á leit við ríkisstj., að hún skipi nefnd til að endurskoða grundvöll búvísitölunnar samkv. tilnefningu tveggja aðila, en sjálfkjörnir séu hagstofustjóri og forstjóri búreikningaskrifstofunnar.

Niðurstöður séu ekki bindandi, nema fulltrúar viðkomandi félagssamtaka verði sammála, og verðlag miðað við, að framleiðendur búnaðarvara hafi laun sambærileg við hliðstæðar stéttir.

Um verðið í haust náðist ekki samkomulag. Vísitala landbúnaðarins lá ekki fyrir. Alþýðusamb. bauð þá hækkun, sem búnaðarþing gaf eftir í fyrra, en búnaðarþingsfulltrúar vildu heimta þá hækkun, sem kynni að hafa orðið síðan. Þá óþekktu stærð vildu fulltrúar Alþýðusamb. ekki fallast á, enda ókunnugt um þátttöku ríkissjóðs í niðurgreiðslum.

II. B. Í. og Alþýðusamb. leggja til, að ríkisstjórn skipi 4 menn, 2 frá hvoru, í nefnd til athugunar á eftirtöldum atriðum.

a. Löggjöf um framlög eða aðrar aðgerðir ríkisins til öflunar alls heyfengs á ræktuðu landi og framleiðslu landbúnaðarvara við lágmarksaðstöðu.
b. Uppbyggingu a. m. k. eins byggðahverfis nú þegar.
c. Áætlun um framtíðarbúskap, er miðist við að fullnægja neyzluþörf landsmanna fyrir búvörur, og leiðir til að ná henni.
d. Hindra brask með jarðeignir, lóðir og lendur.
e. Athuga leiðir til að fullnægja verkafólksþörf landsbúa og auknu samstarfi verkamanna og bænda.

Þessa ályktun samþykkti Alþýðusambandsstjórnin. En búnaðarþingið lét sér enn þá nægja að vísa málinu til stj. og fela henni að ganga frá þessum málum á þeim grundvelli, sem lagður er með viðræðum nefndarinnar.

Þannig stóðu málin, þegar búnaðarþingi lauk. Og síðan virðist áhugi Búnaðarfél. hafa meira beinzt að öðrum hlutum, sem nú skal nánar lýst.

Það er stofnun þessa fræga stéttarsambands bænda, sem framsóknarmönnum er svo tíðrætt um núna, og má óhætt fullyrða, að meðferð þess máls er eitthvert furðulegasta fyrirbrigðið í félagsmálastarfsemi, sem gerzt hefur hér á landi, og er gleggsta dæmi þess, hvernig pólitískir forustumenn bændastéttarinnar hafa málefni hennar að leiksoppi. Öllum er kunnugt um þann klofning, sem nú er í Framsfl., þar sem fyrrv. formaður flokksins, með allmikinn liðskost með sér, heldur uppi hatrammri baráttu gegn gömlum lærisveinum, sem hafa sparkað honum til hliðar. Þessi órólega deild stóð á sínum tíma að útgáfu blaðsins Bóndinn, sem talaði djarft um það, að bændur þyrftu að mynda sér nýjan flokk. Hún tók líka upp hatramma baráttu gegn þeirri samþykkt búnaðarþings í fyrrahaust að falla frá hækkun afurðaverðsins, og stjórnmálatímaritið Ófeigur, sem stundum flettir óþyrmilega ofan af samkomulagi framsóknarheimilisins, taldi þá eftirgjöf vera þátt í baráttu „ráðherrastríðsins", það er í staðinn hafi átt að koma sæti forsætisráðherra handa núverandi formanni flokksins.

Í framhaldi af þessu tók órólega deildin að vinna að stofnun stéttarsambands bænda, sem í sjálfu sér er ágæt hugmynd, ef hægt væri að halda því utan við flokkspólitískar erjur. En þá var líka valdadeild flokksins nóg boðið. Búnaðarþing var kallað saman mánuði fyrr en áður hafði verið ákveðið, til þess að taka afstöðu til þessa væntanlega sambands, því að hér var barizt um fylgi bændastéttarinnar. Og ráðin voru fundin. B. Í. tilkynnti hátíðlega, að það vildi gera stéttarsambandið að deild innan sinna vébanda. Það ákvað kosningafyrirkomulag sambandsins, og í tilbót ætluðu þeir að lána form. B. Í. til að stjórna fundum þess. Ekki vantaði greiðviknina. Gegn samþykki bændanna á þessu bauðst B. Í. til þess að löggilda þennan fyrsta fund sem stofnfund stéttarsamtakanna. Eins og stéttarsamband bænda þurfi á nokkurri slíkri löggildingu að halda frá B.Í. Hitt er annað mál, að ef slíkur stéttarfélagsskapur gerir kröfu til að ráða verðlagsmálum landbúnaðarins, þá þarf samþykki æðri stjórnarvalda til þess.

Þá er rétt að upplýsa, hvernig valdadeild Framsóknar hyggst að ná valdi yfir stéttarsambandinu með þessum ráðum. Fram að árinu 1936, að nýju jarðræktarlögin gengu í gildi, var kosið til búnaðarþings óbeinum kosningum á aðalfundum búnaðarsambandanna. En með lögunum er þessu breytt og ákveðið að kjósa hlutbundnum kosningum á aðalfundum hreppabúnaðarfélaganna í sveitunum. Þannig tókst Framsókn að tryggja sér meiri hluta á búnaðarþingi og gegnum það meiri pólitísk áhrif innan bændastéttarinnar. Nú þóttist valdadeild flokksins sjá, að ef bændur stofnuðu nýtt stéttarsamband á þeim grundvelli, sem lagður var, væru hennar pólitísku áhrif í hættu og þess vegna þyrfti að ná tökum á þessu sambandi. Til þess að ná því marki beitir hún B. Í. fyrir sig með því að láta það heimta pólitískar hlutfallskosningar til sambandsins og fundarstjóra á fundum þess, en býður svo í staðinn þessa merkilegu löggildingu.

Nú get ég upplýst það, að þess munu hvergi finnast dæmi, að flokkspólitískar hlutfallskosningar séu viðhafðar innan stéttarsamtaka. Þótt þess séu dæmi, að komið hafi fram kröfur um slíkar kosningar, t. d. innan verklýðssambanda,

þá hafa þær ætíð komið frá atvinnurekendum, í þeim tilgangi að vekja glundroða og drepa á dreif stéttartilfinningu verkalýðsins. Stéttin er ekki þjóðfélag, og stéttarþingið er því annars eðlis en löggjafarþingið. Það fjallar um málefni stéttarinnar innan þess ramma, sem stéttarlegu viðhorfin skapa. Þeir menn, sem heimta flokkspólitískar kosningar til stéttarsambands bænda, geta aðeins haft tvær ástæður til að gera slíkar kröfur. Önnur er sú, að þeir skilji ekki eðli stéttarsamtaka, kunna ekki að greina stétt frá flokki eða stéttarmál frá flokksmáli, kunna ekki skil á þeim mismun, sem er á eðli stéttarþings og þjóðþings. Ef þetta er ástæðan, má e. t. v. með nokkurri sanngirni biðja þeim fyrirgefningar, vegna þess að þeir vita ekki, hvað þeir gera. — Hin ástæðan er sú, að þeir vilji hindra stéttarlega einingu bændanna, vegna þess að þeir óttist um flokkspólitíska hagsmuni, ef bændurnir næðu til að byggja upp samtök sín á heilbrigðum grunni og þar með að eflast að stéttarlegum hugsunarhætti og stéttarlegum skilningi. Sé ástæðan þessi, er hún ófyrirgefanleg. Þessi afstaða er því furðulegri, þar sem einmitt hinir sömu menn, er heimta flokkspólitískar hlutfallskosningar til B. Í., sem er faglegur félagsskapur, og til stéttarsambandsins, sem er stéttarlegur félagsskapur, fjandskapast við hlutfallskosningar til Alþingis, þar sem þær samkvæmt eðli sínu eru réttmætar. Þetta er ljóst dæmi þess, hvernig afstaða þessara manna í þessum málum eins og öðrum mótast af því einu, hvort þeir telji sig hafa pólitískan hag af þeim eða ekki. Á stofnfundinum á Laugarvatni var deilt um þetta í fleiri daga og klofningur hindraður með því einu að láta þetta aðalskipulagsmál samtakanna vera óútkljáð.

Þannig er ómögulegt að viðurkenna sambandið stofnað enn þá, þar sem eftir er atkvgr. um skipulag þess. Þessi deila stendur ekki um lítils háttar formsbreytingu, heldur stórfellda eðlisbreytingu. En fullyrða má, að verði skipulagsform B. Í. samþ., þá er bændastéttin eina stétt landsins, sem lætur pólitíska flokksforingja bjóða sér slíkt gerræði.

Þannig eru stéttarsamtök bændanna þegar í fæðingu gerð að pólitísku bitbeini, ekki milli stjórnmálaflokka, heldur milli þeirra tveggja flokksbrota, sem berjast um völdin innan Framsóknar. Svo á þetta að heita ópólitískur félagsskapur. Slík er meðferð Framsóknar á málum bændanna. Þó er þeim ekki klígjugjarnt við að fullyrða, að allir aðrir en þeir séu fjandmenn landbúnaðarins.

Svo á s.l. hausti, þegar baráttan er hafin um stéttarsambandið, tilkynnir B. Í., að ef sambandið verði innan þess vébanda, þá verði kostnaðurinn greiddur úr búnaðarmálasjóði. Fyrir fé búnaðarmálasjóðs á að kaupa yfirráð stéttarsambandsins.

Þá eru annars vegar kröfurnar um, að þetta hálfstofnaða samband ráði algerlega verðlagningu landbúnaðarvara. Hv. þm. V.-Ísf. hefur gert því máli skil, og fer ég því ekki út í það. En ég vil leyfa mér að undirstrika það, að þessar kröfur fara í þveröfuga átt við þær staðreyndir, að þegar Framsfl. fór að skipa þessum málum að vild sinni, þá færði hann valdið úr höndum bændastéttarinnar til annarra aðila. Og þegar ríkissjóður leggur fram stórfé til að halda verði varanna í skefjum, þá getur ríkisvaldið ekki látið verðlagninguna í hendur pólitískra spekúlanta. Það hefur verið deilt um, hvað ætti að kalla þessi útgjöld ríkissjóðs, hvort þau eigi heldur að teljast styrkur til framleiðenda eða neytenda. Þessi deila er heimskuleg og gerir ekkert annað en rugla skilning fólks á því vandamáli, sem um er að ræða. Þetta fé er framlag ríkissjóðs til þess að halda niðri vísitölunni, af því að framleiðslukostnaður landbúnaðarvaranna er of mikill til þess að verð þeirra megi koma óbreytt inn í vísitöluna. Ég get samt gert Framsókn það til þægðar núna að kalla það neytendastyrk og launaviðbót. Þetta nam 22½ millj. kr. á síðasta ári. Ef ríkissjóður hefði ekki greitt þetta, en vörurnar verið í sama verði, þá er það sama sem stórkostleg kauplækkun. Hvaða áhrif skyldi sú ráðstöfun hafa haft á kjötsöluna innanlands? Hefði kjötið verið kr. 3.11 dýrara, er hætt við, að það hefði mátt flytja æðimikinn hluta af því út fyrir hraksmánarverð, sem hefði skapað bændum mun lægra heildarverð en þeir fengu. Og sífellt telur Framsókn, að kauplækkun sé það eina bjargráð, sem landbúnaðurinn þurfi.

Með skipun landbúnaðarráðsins í haust var af stjórnarflokkunum gerð tilraun til þess að leysa vandamál þau, sem brýnust lágu fyrir, og hindra það, að aðgerðarleysi búnaðarþingsins sigldi honum í strand, þegar stríðinu var lokið og dýrtíðarlögin fallin úr gildi. Þó á Framsókn ekkert til annað en skammir um þessar ráðstafanir, persónulegt níð um mennina, kröfur um, að landbúnaðarvörurnar séu hækkaðar um 20% frá í fyrra eða að nú sé fylgt að fullu sex manna nefndar álitinu, sem hún féll frá sjálf fyrir ári síðan. Og þá er rétt að athuga betur afstöðu Framsóknar 1944 til þessa samnings. En áður en farið er að kryfja þá afstöðu til mergjar, er rétt að minnast eins atriðis.

Utanþingsstjórnin var að víkja og það lá fyrir að mynda nýja stjórn. Þá tilkynnir sex manna nefndin, að vísitala landbúnaðar hafi hækkað um 9,4%. Búnaðarþing er kallað saman — ekki til þess að heimta þessa hækkun, heldur til þess að gefa hana eftir. Og þó hefur flokkurinn gerbreytt afstöðu til útflutningsuppbóta frá árinu áður. Formaður flokksins skrifar í Tímann grein og segir m. a. (með leyfi hæstv. forseta): „Dýrtíðarlögin, sem nú eru í gildi, eru frá 1943. Það hafa margir misskilið þessi lög. Þeir hafa álitið, að með þeim tæki ríkissjóður ábyrgð á því, að bændur fengju tiltekið verð fyrir afurðir sínar. Svo er ekki.“ Síðan heldur greinarhöf. áfram og reiknar, að til þess muni ríkið þurfa 30 millj. kr. Og það telur hann ómögulegt að greiða. Og formaður B. Í. sagði í útvarpinu, að bændur hefðu gert hagfelldan samning með því að falla frá hækkuninni. Hvers vegna? Af því að hann bjóst við, að hækkað verð mundi leiða af sér sölutregðu, og viðurkenndi, að ríkið gæti ekki keypt afganginn á fullu verði. Þá mundi hækkaða verðið verða bændum beinlínis til tjóns. Hins vegar var það ekkert um deilt, að dýrtíðarlögin voru í gildi, stríðinu var ekki lokið, og

enginn vissi það fyrir. Aðrir atvinnuvegir höfðu engan hnekki beðið. Samt áleit Framsókn hagfellt fyrir bændur að gefa eftir af því verði, sem skýlaus lagafyrirmæli heimiluðu þeim að setja á vörurnar innanlands. Hvers vikapiltar voru búnaðarþingsfulltrúarnir þá? En þá ætlaði Framsókn að fara í ríkisstjórn og ná völdum í landinu. Berum svo þetta saman við afstöðuna nú. Stríðið er búið, dýrtíðarlögin úr gildi fallin. Einn aðaltekjustofn þjóðarinnar, síldveiðin, hefur brugðizt gersamlega, sem rýrir stórkostlega tekjur ríkisins og fjölda einstaklinga. Samt er fylgt þeirri visitöluhækkun, sem orðið hefur síðan í fyrra. Þá getur Framsókn látið öll sín gjallarhorn æpa í einum kór um hækkunina, sem þeir höfðu sjálfir gefið eftir, og birtir alls konar útreikninga eftir forustusérfræðinga sína um það, hvað bændur séu féflettir. Verst er þó, að tölunum ber yfirleitt illa saman. Það var leitt, að þessir útreikningar skyldu gleymast í fyrra. Annars hefðu þeir getað skemmt sér við að leggja tölurnar saman og sýna bændum, hvað þeir hafa verið snuðaðir bæði árin.

En athugum, hvaða þýðingu þessar kröfur gætu haft fyrir bændastéttina sjálfa, ef eftir þeim væri farið. Kjötframleiðslan í haust mun vera um 5500 tonn. Ef þessi framleiðsla selst öll innanlands, á hún að gefa bændum um kr. 7.48 pr. kg. En hver 500 kg., sem út þarf að flytja fyrir kr. 4.00 pr. kg., (og mun ekki von um hærra), lækka verðið til bændanna um kr. 0.32 pr. kg.

500	tonn	flutt	út	lækka	verðið	niður	í	kr. 7.16
1000	—	—	—	—	—	—	—	6.85
1500	—	—	—	—	—	—	—	6.53
2000	—	—	—	—	—	—	—	6.21
2500	—	—	—	—	—	—	—	5.90
3000	—	—	—	—	—	—	—	5.58

Á þessu sést greinilega, hve hættulegt það er að skapa sölutregðu hér innanlands og hve glæfralegt það hefði verið af verðlagsnefndinni að fylgja kröfu Framsóknar um 20% hækkun. En hvaða tökum hefur nú stjórn þessa hálfstofnaða stéttarsambands tekið á verðlagsmálunum? Hún er kosin á Laugarvatni fyrir 9. sept. Á fundi, sem hún heldur 4.—9. okt., tekur hún málin fyrst til meðferðar og sendir frá þeim fundi opinbert plagg m. a. um áskoranir um verðbætur á útfluttar vörur. En eftirtektarverðasta atriðið í þessu plaggi er þó tilkynning um, að hún hafi ákveðið að ganga hið fyrsta frá frv. um sölustöðvun á framleiðsluvörum bænda, ef til þyrfti að taka, og ýmis ákvæði í sambandi við það. Þetta frv. kvað eiga að senda stjórnum búnaðarsambandanna til umsagnar. Ekki á að láta ræða það í hreppabúnaðarfélögunum. E. t. v. er líka tryggara að fara með það fyrir ofan garð og neðan hjá bændum sjálfum.

Um sölubann á kjöti má fullyrða, að þótt það stæði í heilt ár, þá drepur það engan mann. Og vegna þess að ég hef lítinn tíma, skal ég sleppa því að tala mikið um, hvaða áhrif algert sölubann á mjólk mundi hafa á heilsu og þroska smábarna og unglinga, aðeins bendi ég hlustendum á að *íhuga* það.

En svo vil ég leyfa mér að spyrja þá menn, sem að þessu standa, hvernig þeir ætli að koma í veg fyrir það, að leyfður verði ótakmarkaður innflutningur á hvers konar landbúnaðarvörum, sem fáanlegar eru; kjöt fyrir 3—4 kr. kg, smjör fyrir 4—6 kr. kg., mjólkurduft og niðursoðin mjólk fyrir miklu lægra verð en hér. Og hafa þessir menn gert sér ljóst, hvaða áhrif svona stríðsyfirlýsing hefur á sölumöguleika bændanna í framtíðinni, ef gersamlega væru rofnir allir möguleikar til vinsamlegs samkomulags milli framleiðenda og neytenda? Og hvað skyldi þurfa mörg ár til að gróa um heilt eftir slíka styrjöld? Þeir menn, sem ráða bændastéttinni til slíkra hluta, eru ekki að hugsa um fjárhagslega hagsmuni hennar, heldur um pólitíska hagsmuni sjálfra sín. Og þessi boðskapur er fluttur eftir að sterkustu samtök launþeganna hafa gengið eftir þeim með grasið í skónum til þess að fá þá til viðræðu um samkomulagsgrundvöll.

Hér er ekki hikað við að steypa bændastéttinni í vandræði, bara ef takast mætti að reka hana saman í harðan hnapp til andstöðu við núv. ríkisstjórn og áform hennar. En það væri bæði heiðarlegra og fyrirhafnarminna að sleppa svona margbrotinni krókaleið, en koma heldur beint til bændanna og segja við þá umbúðalaust: Tekjur ykkar hafa verið of háar núna stríðsárin, þið eigið að lækka þær. Og einfaldasta ráðið fyrir ykkur er að hella helmingnum af mjólkinni í lagargryfjuna og fleygja helmingnum af kjötinu í haughúsið. — Því fyrir fjárhagslega afkomu bændanna er nákvæmlega sama, hvor leiðin er farin. — Það má gera skemmtilegan útdrátt úr *þessum starfsferli Framsfl.* Þegar Framsókn fer með völd á krepputímum, er boðskapurinn til bændanna að spara allt nema halda í sér lífinu. Þegar Framsókn skipar verðlagsmálum bændanna, þá lætur hún starfandi bændur vera í örlitlum minni hluta í öllum *þeim nefndum, sem með verðlagsmálin fara.* Þegar styrjöldin skapar uppgangstíma fyrir þjóðarheildina, þá berst Framsókn með hnúum og hnefum móti því, að bændur fái nokkra hlutdeild í gróða þeim, sem þjóðinni fellur í skaut. Þegar Framsókn ætlar í stjórn, lætur hún B. Í. gefa eftir fyrir þeirra hönd verðhækkanir, sem lög heimiluðu. Þegar Framsókn er oltin út úr stjórnarsamvinnu, gengur hún berserksgang til þess að fá bændur til að gera kröfur, sem engin heimild er fyrir og mjög líklega mundu verða til tjóns fyrir þá sjálfa, og heimtar ríkisframlög, sem hún sjálf hafði dæmt ómögulega einu ári fyrr. Þegar allar aðrar stéttir hafa látið hörðustu ágreiningsmál niður falla og sameinazt um að byggja upp atvinnuvegi þjóðarinnar til hagsbóta fyrir framtíðina, gerir Framsókn örvita tilraun til að skipuleggja bændastéttina alla í einni fylkingu móti því uppbyggingarstarfi, þótt hver meðalgreindur maður hljóti að sjá, að ef slík einangrun verður að veruleika, getur hún ekki leitt til neins annars en hruns fyrir bændastéttina sjálfa.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það frumvarp, sem hér er til 3. umr., er staðfesting á brbl. hæstv. landbrh. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. Aðalatriði þess eru þau, að ráðh. skipi til 1 árs í senn nefnd 25 bænda og

bændafulltrúa til að hafa yfirumsjón þessara mála, en framkvæmdavaldið er í höndum 5 manna verðlagsnefndar, sem einnig er skipuð bændum og bændafulltrúum einum. Eru 4 þeirra kosnir af búnaðarráði, en formaður þess er sjálfkjörinn í verðlagsnefnd.

Tímamenn hafa gert óp mikið að ráðherranum fyrir setningu þessara laga og haft í frammi þau verstu brigzl í blöðum sínum og hér á Alþingi út af því hræðilega ranglæti, sem bændum ætti að vera sýnt með þessari löggjöf. Stjórnarflokkunum hefur því þótt rétt að ræða þetta mál nokkuð í áheyrn alþjóðar hér í útvarpinu.

Í sjálfu sér er eðlilegt, að Tímamenn séu beygðir nú og kveini mjög, því að þessi lög eru ein af þeim, sem svipta þá valdi og yfirráðum, sem þeir höfðu um nærri 20 ára skeið. En eftir að þeir höfu sitt pólitíska verkfall með því að neita samvinnu við aðra flokka fyrir rúmu ári síðan, þá gátu þeir ekki vænzt þess að halda áfram öllum völdum á öðrum sviðum þjóðlífsins. Og nú um skeið hafa þeir hrópað til okkar bænda og sagt, að verið væri að taka valdið af okkur, rétt eins og bændastéttin og Tímaklíkan séu eitt og hið sama. Í þessari kenningu felst fullkomið öfugmæli, því að nú hafa völdin yfir þessum málum verið fengin bændum einum í hendur. Að vísu aðallega bændum úr Sjálfstæðisfl., og sízt ætti liðsmönnum hans að líka það verr, þó að Tímaklíkan sé einu sinni utan við yfirráðin.

Síðustu 20 árin hafa ríkisstjórnir skipað tugi eða jafnvel hundruð af nefndum, og í flestar þeirra hafa verið valdir nær eingöngu Reykvíkingar og embættismenn. Tímamenn hafa staðið lengst fyrir þessu og yfirleitt látið sér vel líka. En þegar einu sinni er af ráðh. skipuð n. eftir þeim fyrirmælum, að eingöngu séu þar bændur og bændafulltrúar, þá gera Tímamenn hróp að. Þá heitir það á þeirra mála *að taka valdið af bændum,* enda sagði þm. Mýr. (BÁ) við 2. umr., að sér hefði verið alveg sama, þó að eingöngu annarra stétta menn hefðu verið í þessari nefnd. Aðalatriðið náttúrlega sem fyrr, að þeir væru Tímamenn. Það er þeirra höfuðkrafa.

Eins og kunnugt er, þá eru nú 4 bændur og einn bændaskólakennari í verðlagsnefnd. Þessir menn hafa verið bornir þeim tilhæfulausu sökum, að þeir færu eftir skipun ráðh., en ráði engu sjálfir.

Áður var það svo, að einn maður réð raunverulega, en nú er því breytt. Um hið fyrra skipulag segir sá maður, er bezt má um það vita, Jónas Jónsson, hv. þm. S.-Þ., á þessa leið í síðasta Ófeigi orðrétt: „Í oddamannssæti um verð á kjöti og mjólk var Páll Zóphóníasson árum saman og greiddi þar á hverjum tíma atkvæði um verðlagsmál eftir því, sem landbrh. hentaði bezt til að geta haldið jafnvægi í ríkisstjórninni.“ Það er því samkv. þessu ekki óeðlilegt, þó að Páll og aðrir Tímamenn haldi, að aðrir menn séu verkfæri ráðherrans. Mönnum hættir svo oft við að reikna með sömu veikleikum hjá öðrum sem þeir sjálfir hafa. Nú var það 25 manna nefnd, sem lagði línurnar fyrir verðlagningunni, og ég spyr ykkur nú alla, sem til mín heyrið, hvort þið haldið, að hentugra sé fyrir ráðh., sem vill ráða verði, að stjórna 25 bændum og bændafulltrúum úr öllum héruðum landsins eða fyrir þann ráðh., sem var að stjórna Páli Zóphóníassyni, þm. N.-M., einum. Það dæmi geta allir sæmilega greindir bændur reiknað án þess að fá Tímalega leiðbeiningu.

Ég hygg líka, að flestir, sem þekkja þá menn, sem nú skipa búnaðarráð, bæði þá, sem eru í verðlagsnefnd, og hina, geti hugsað sér, að þeir hefðu ekki tekið því neitt vel, ef ráðh., Pétur Magnússon, hefði ætlað að fara að gefa þeim fyrirskipun um verðið, enda reyndi hann það áreiðanlega ekki. — Þessir menn höfðu flestir eitt sjónarmið og aðeins eitt, sem sé það, hvað bændum væri hollast, en allmargir stjórnarandstæðingar virðast hafa það yfirsjónarmið að sundra ríkisstj. eða gera henni örðugleika, hvað sem hagsmunum bænda liði, og þess vegna máttu þeir ekki ráða neinu um þessi mál og mega ekki, á meðan eins stendur.

Það skipulag, sem áður var, reyndist svo, að meðal bænda voru viðs vegar um land samþ. kröfur um að leggja þar allar nefndirnar niður og skipa eina nefnd í staðinn, sem eingöngu væri skipuð bændum og bændafulltrúum. Það munu yfirleitt engin ákvæði hafa fylgt þessum kröfum um það, með hverjum hætti sú eina nefnd væri skipuð, og enginn gert ráð fyrir almennri kosningabaráttu um land allt, eins og Tímamenn látast vilja nú. Þessari almennu kröfu bænda hefur því verið fullnægt. Nú ræður ein nefnd, skipuð eingöngu framleiðendum, og það er í fyrsta sinni í sögunni, að slíkt hefur átt sér stað. Hér hefur því verið gerð réttarbót, sem engin ástæða er til annars en fagna af hálfu bænda, því að eins og þm. V.-Ísf., Ásg. Ásgeirsson, sýndi fram á, er engin von til, að stéttarsambandi væri falið þetta vald, þó að slíkt samband væri til, en nú er ekki því til að dreifa, að neitt samband, sem bændur almennt viðurkenna, sé til, heldur er um að ræða undirbúning að því. Þá fyrst kemur til greina, að stéttarsamband, ef á kemst, fái þessi mál í sínar hendur, þegar hætt verður við allar greiðslur úr ríkissjóði til þessara mála. Hins ber að geta, að bændum er almennt geðfelldara, að ríkisframlagið sé greitt sem neytendaframlag, eins og nú er, enda er það í samræmi við ítrekaðar kröfur áður og kemur í veg fyrir verðfellingu á þeim kjötteg undum, sem ekki heyra undir verðlagninguna.

Það er gild ástæða til fyrir alla þá bændur, sem ekki eru starblindir Tímamenn, að gera sér grein fyrir því, að hamagangur Tímamanna gegn þessum lögum er eingöngu sprottinn af þeim vonbrigðum, sem þessir menn hafa orðið fyrir vegna sinna margvíslegu pólitísku glappaskota og vegna þess, að það hefur skeð, sem þeir vonuðu, að ekki yrði, að stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um þessi mál. Þeir vonuðust eftir sundurlyndi og jafnvel stjórnarrofum. Það er því ekki umhyggja fyrir hag bænda, sem gerir þá vonda, heldur eigin vonbrigði. Þeirra pólitíska líf byggist á sundurlyndi, flokkaþrætum og baráttu milli sveita og kaupstaða. Friður er þeirra vona fall. Og um leið og vonirnar falla, kemur eðlilega illt skap og árásarorð og einkum í garð þess manns, sem friðinn á þessu

sviði hefur skapað, sem er okkar vitri og góðviljaði landbrh., Pétur Magnússon. En ófriðarseggjunum mun verða um megn að eyðileggja vinsældir hans og traust. Til þess dugir enginn rógburður.

Ég skal svo fara nokkrum orðum um verðlagið og kjötsöluna.

Verðlagningin af hálfu verðlagsnefndar er byggð á því, að grunnverð sex manna nefndarinnar haldist að viðbættum 9.7%, sem er vísitöluhækkun þessa verðlagsárs. Hins vegar er vísitöluhækkun frá í fyrra 9.4%, sem þá var sleppt eftir tillögum búnaðarþings, ekki tekin með í hækkun nú, enda þurfti enginn bóndi að gera ráð fyrir því, að vísitöluhækkun, sem fulltrúar bænda samþykkja að sleppa í hámarki styrjaldarinnar og að sex manna nefndar lögunum gildandi, gæti komið til hækkunar að þeim úr gildi gengnum og að stríði loknu. Það hefði líka verið heldur undarlegt stökk að hækka verðið nú um 20%, en sleppa í fyrra 9.4% vísitöluhækkun, þegar lögin voru í gildi og stríðið í fullum gangi. Það er því hin herfilegasta fjarstæða, sem sumir halda fram, að þeir, sem voru móti tilslökuninni í fyrra, eins og t. d. Sveinn á Egilsstöðum, hafi komizt í mótsögn við sjálfa sig með því að hækka ekki nú um 20%. Slíkar kenningar eru ekki til þess fallnar að vera teknar til greina af meðalgreindum mönnum.

Um sex manna nefndar verðið hafa líka orðið allmiklar deilur, og þótt því sé sleppt, hvort það hafi á sínum tíma verið rétt eða ekki rétt, og það liggur utan við ágreiningsmál, sem hér er um að ræða, þá eru það hinar furðulegustu hugmyndir, sem sumir menn hafa gert sér í því sambandi. Sumum þeirra hafa nú þegar verið gerð nokkur skil í þessum umræðum, og þeirri, sem einna helzt er haldið á lofti, að ríkissjóður eigi að ábyrgjast þetta verð, geta núverandi stjórnarandstæðingar einna sízt haldið fast á, því að þá gera þeir foringja sinn, þm. Str., Hermann Jónasson, að minna manni. Hann skrifaði langa grein um þetta í Tímann 26. sept í fyrra, þar sem hann dásamaði tillögur búnaðarþings, og síðasti ræðumaður tók réttilega fram, að hann lýsti yfir því, að ríkissjóður bæri enga ábyrgð á verðinu. — Þá var þessi maður og liðsmenn hans ekki í stjórnarandstöðu, og þótt sumir þeirra haldi öðru fram nú, þegar þeir eru á móti ráðandi stjórn, þá geta bændur ekki tekið slíkt alvarlega.

Þótt undarlegt sé, hafa nú þau tíðindi gerzt, er sýna bezt óheilindin á þessu sviði, að þeir, sem ákafastir voru í fyrra að halda óbreyttu verði þrátt fyrir 9,4% vísitöluhækkun, ganga nú mest fram fyrir skjöldu til að átelja verðlagsnefnd fyrir að hafa ekki hækkað nú um 20%, þegar lögin eru úr gildi og stríðið búið. Má þar meðal annars nefna þm. Mýr., Bjarna Ásgeirsson, sem hér mun tala næst á eftir. Þegar menn fara þannig í gegnum sjálfa sig, þá sýnir það bezt, hve misskilin valdabarátta getur leitt langt. Það er líka ljóst, að ekki er mikið að leggja upp úr sakaráburði slíkra manna, því að ef þeir hefðu ráðið nú, þá hefði verðinu áreiðanlega verið haldið óbreyttu eins og það var í hitteðfyrra og engum 9,7% bætt við, en útflutningsuppbætur auðvitað felldar niður.

Annars verðum við bændur nú sem fyrr að gera okkur fulla grein fyrir því, að okkur og okkar fulltrúum ber að fara þá leiðina í verðlagningu, sem bezt tryggir okkar hagsmuni. Hvar mörkin eru í verðlagningu, er eðlilegt, að menn geti greint á um. Þegar útflutningsverð er langt fyrir neðan framleiðslukostnaðarverð, eins og nú, þá veltur allt á, að innlenda salan gangi sem bezt og sá markaður sé ekki sprengdur. Í haust bárust þær fréttir víðs vegar af landinu, þegar kunnugt varð um ákvörðun verðlagsnefndar, að ýmsir gætnari bændur hefðu óttazt, að nú væri boginn spenntur of hátt. Svo hefði líka verið áreiðanlega, ef engin niðurgreiðsla hefði farið fram t. d. á kjöti. Á gaspri Tímamanna um þetta efni geta heiðarlegir bændur eða aðrir ekki tekið mikið mark, enda berjast þeir Tímaliðar hver gegn öðrum á þessum vettvangi.

Á Alþingi tala þeir um allt of lágt verð á kjöti og mjólk. Kjötið hefði átt að vera 12 kr. eða meira kg., segja þeir. Tíminn hefur oftast verið á sömu línunni. En framsóknarblaðið Dagur sagði í forustugrein, að verðið væri svo hátt, að neytendur mættu til með að spara kaup á landbúnaðarvörum — „eftir fremstu getu.“ Þar er gengið hreint til verks með þá starfsemi, sem almennt hefur verið rekin í laumi, að spilla fyrir kjötsölunni, í von um, að ríkisstj. og stuðningsliði hennar yrði til örðugleika. Það er og víst, eins og síðasti ræðumaður benti á, að þeir menn, sem árum saman hafa verið að harma það, að heildsöluverð á I. fl. dilkakjöti skuli nokkru sinni hafa hækkað úr kr. 3.20 pr. kg., þeir mundu aldrei hafa farið í kr. 9,52, ef þeir hefðu ráðið, hvað þá hærra. Allt þeirra tal um hærra verð er því Tímalegt kosningaþvaður, sem þeir einir taka mark á, sem allt slíkt taka fyrir góða og gilda vöru. Og þeir bændur, sem enn trúa Tímamönnum, virðast vera hættir að hugsa eins og sjálfstæðir menn, enda lesa sumir þeirra ekkert blað nema Tímann, og þá er eðlilega ekki á góðu von.

Það út af fyrir sig er rétt, að við bændur hefðum flestir þurft á því að halda að fá hærra verð, eins og okkar útgjöldum og fjárhag er varið, en markaðsaðstaðan er þannig, að þess er enginn kostur, og við megum þakka fyrir, að ekki fer verr en horfur eru á. Ekki sízt vegna þess, hve margir sveitafulltrúar hafa gerzt pólitískir verkfallsmenn og hugsa meira um að gera ráðandi ríkisstjórn ógagn en bændastéttinni í heild sinni og þjóðinni allri gagn. Það, sem bjargar málinu sæmilega að þessu sinni, er það, að stjórnarflokkarnir allir hafa getað samið um afgreiðslu þess á viðunandi hátt, og þeir hafa sín áhrif á meginhluta þeirra viðskiptavina, sem við eigum mest undir. Þess vegna er það frv., sem hér liggur fyrir, gott mál og nytsamlegt fyrir bændastéttina, og við bændur megum vera þakklátir þeim mönnum, sem eru í búnaðarráði og verðlagsnefnd, fyrir heiðarlega og viturlega starfsemi. Þó að Tíminn kalli þá undanvillinga, gervifulltrúa, konungkjörna þingmenn, kvislinga og öðrum skrípanöfnum, þá er það aðeins

til að lyfta þeim upp, af því hve alkunnugt það er orðið meðal þjóðarinnar, að uppnefnavaðall Tímans er byggður á öfugmælum og er hól, en ekki last í augum heiðarlegra Íslendinga.

Um kjötið er það að segja, að verðlagningin er byggð á því, að bændur fái fyrir I. og II. fl. kjöt 7.84 pr. kg. En þetta getur því aðeins orðið, að ekki þurfi að flytja kjöt á erlendan markað, því að í varúðarskyni hefur verið ákveðið að taka kr. 1.50 í verðjöfnunargjald af hverju kg. Ef ekkert þyrfti að flytja út af kjöti, þarf ekki þetta verðjöfnunargjald. Þá kemur það ekki til greina. Eftir því sem meira þyrfti að flytja út, eftir því þyrfti meira af verðjöfnunargjaldinu og eftir því verður kjötið lægra. Hvað það verður, er því ekkert hægt um að fullyrða eins og stendur, en horfurnar eru góðar þrátt fyrir áróður stjórnarandstæðinga gegn kjötsölunni.

Fyrst er þess að geta, að s.l. ár var nálega ekkert flutt út af kjöti nema nokkuð af saltkjöti, sem Norðmönnum var gefið. Nú eru nýlega komnar skýrslur um sauðfjárslátrunina til verðlagsnefndar, og hefur komið í ljós, að kjötmagnið er rúmlega 100 smálestum minna en í fyrra, enda þótt slátrað væri heldur fleira fé en þá.

Hvernig hefur svo salan gengið? Fyrst í stað gekk salan treglega, einkum þar, sem áhrifa Tímamanna gætti. Menn birgja sig ekki upp. Sumir keyptu mikið af hrossakjöti o. fl. og tregðuðust við að kaupa, þar sem verðhækkun var mikil og ekki að fullu ákveðið, hvernig niðurgreiðslu yrði hagað eða hver hún væri. En þetta hefur víðast lagazt, þegar kunnugt varð um niðurgreiðsluna, og sá halli, sem varð á sölunni fyrst, lagast síðar, eftir því sem næst verður komizt. Einkum hefur farið á þessa leið hér í Reykjavík, en hér er aðalmarkaðurinn. Samkv. skýrslu frá framkvæmdastjóra verðlagsnefndar um sölu nokkurra kjötbúða hér í bænum til 1. nóvember er salan á því tímabili frá 92—112, miðað við 100 á sama tíma í fyrra. Hæst er salan hjá kjötbúðinni Borg, 112, en lægst hjá Tómasi Jónssyni, 92 miðað við 100 í fyrra. Hjá Birni Guðmundssyni, Ísafirði, er hlutfallstalan 97,5, en hjá kaupfélaginu á Ísafirði munar miklu meira, enda auðséð, að tölurnar, sem þaðan koma, geta naumast verið sambærilegar tölur. — Á Akureyri og Dalvík seldust til 1. nóv. í fyrra 135451 kg., en á Akureyri í ár á sama tíma 75351 kg., en þá er ekki Dalvík með, enda mun í bæði skipti fremur lítil sala þar. — Þarna munar um 60 smálestum eða yfir 40%, sem salan er minni en í fyrra.

Samkvæmt upplýsingum héðan úr bænum er útlitið gott með söluna, því að aðgætandi er, að fólk gerði minna að því en vant er að birgja sig upp með saltkjöt í sláturtíðinni, af því að ekki lá fyrir í byrjun, hvernig niðurgreiðslunni yrði hagað. Þess vegna má gera ráð fyrir meiri sölu síðar, því að kjötþörfin er óbreytt og eigi ástæða til minni neyzlu almennt. Það er sérstaklega eftirtektarvert, að mest skuli muna á kjötsölunni á Akureyri, þar sem Tímamenn hafa mest fylgi, eftir því sem gerist í kaupstöðum, enda hefur blað þeirra unnið þar opinberlega gegn kjötsölunni. Á Ísafirði er ástandið að þessu leyti líka slæmt, enda hefur nokkuð mikil stjórnarandstaða komið þar fram eftir blaðinu Skutli að dæma. Hefur Tíminn líka endurprentað mikið af þeim fagnaðarboðskap.

Þrátt fyrir þetta, sem ber stjórnarandstöðunni ekki sérlega fagurt vitni, þá eru horfurnar með kjötsöluna það góðar, að við bændur getum gert okkur von um, að kjötið seljist mestallt eða allt innanlands, og þá þarf ekki á miklu verðjöfnunargjaldi að halda. Verðlagsnefnd hefur líka tekið þá ákvörðun að leyfa ekki útflutning á öðru en saltkjöti og þó takmarkað. Þetta hefði farið mjög á annan veg, ef Tímaliðinu hefði orðið að óskum sínum og ekki hefði náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um þetta vandamál.

Stjórnarandstæðingar hamra nú einna mest á því, að verðlagninguna í haust hefði átt að leggja undir stéttarsamband bænda. Það er nú ekkert til, eins og áður er sagt, og þótt nú hafi verið kosin bráðabirgðastjórn til undirbúnings þeirri starfsemi, þá er enn ekkert samband til, sem bændur almennt viðurkenna sem fulltrúa sinn. Margir þeirra treysta betur ríkisstjórninni eftir fengna reynslu, enda er vald og kröfur tvennt ólíkt. Það virðist og sem stjórn þessara samtaka hafi eitthvert annað sjónarmið en að fá einhverju framgengt.

Hún hélt fund hér í Reykjavík, þegar verðlagsnefndin var að starfi í október, og þessi góða stjórn talaði hvorki við landbrh. né verðlagsnefndina. Það hefði þó verið beinasta leiðin, ef þessir menn hefðu ætlað sér að hafa áhrif á verð og sölu afurðanna. Þeir fara fyrst af stað löngu eftir að verðlag hafði verið ákveðið og þá með aðfinningar, sem bersýnilega eru gerðar í áróðursskyni, en ekki í þeim tilgangi að fá breytingar fram, enda munu þeir ekki enn hafa rætt þetta mál við þann ráðh., sem það heyrir undir, hæstv. landbrh.

Varðandi þá kröfu að öðru leyti, að þessi mál séu fengin í hendur þessu tilvonandi eða byrjandi stéttarsambandi, er það að segja, að hún kemur úr hörðustu átt, þegar hún kemur frá Tímamönnum.

Frá því afurðasölulögin voru sett og þar til nú eru 11 ár. Allan þann tíma hafa bændur haft minni áhrif á stjórn þessara mála en þeir hafa nú fengið og það miklu minni, því að í 4 nefndum með 20 mönnum hefur oftast verið einn bóndi og ekki einn einasti maður kosinn af bændum. Ráðin í höndum ríkisstjórnar, eins og áður hefur verið sannað.

Allan þennan tíma hafa Tímamenn þagað, og flestir bændur hafa þagað. Örfáir sjálfstæðismenn í sveitunum hafa hreyft óánægju og þó helzt yfir því, að fulltrúar neytenda hafa verið í þessum nefndum. En þegar þessu er breytt, þegar bændur eru látnir fá þessi mál í sínar hendur, þegar engir neytendafulltrúar koma lengur til greina, þá er rokið upp með mótmælum út af því, að þeir menn skuli ekki vera kosnir, helzt almennum kosningum eða á fulltrúafundum, sem með þessi mál fara.

Þegar Tímamenn eru á þessu sviði búnir að tapa völdum, þá er ekki nóg með það, að allt sé ófært, sem var á meðan þeir stjórnuðu, heldur líka hitt, sem óskað var almennt af bændum að

fá, þ. e. ein nefnd skipuð bændum eða bændafulltrúum einum. Ég hef þegar gefið skýringu á því, af hverju þetta er, og endurtek hana ekki.

Annars er verðlagningin ekki nema ein hlið á þeim verkefnum, sem liggja fyrir verðlagsnefnd landbúnaðarafurða og búnaðarráði. Hitt er líka og máske ekki síður að athuga, að koma betra skipulagi á framleiðslu, verkun, flokkun og sölu afurðanna, svo að þær verði útgengilegri og betra að fá fyrir þær það, sem samsvarar tilkostnaði við framleiðsluna. Á því sviði er mikilla umbóta þörf, og gildir það ekki einasta mjólk, sem nú er talað einna mest um, heldur líka kjöt og garðávexti. Í þessu hefur verðlagsnefnd unnið nokkurt undirbúningsstarf, en annars litlar breytingar gert enn sem komið er, enda er stutt síðan hún tók til starfa. Að fá frá bændum og bændafulltrúum viturlegar tillögur á þessu sviði mundi verðlagsnefndinni kærkomið. Hvort þær koma frá bráðabirgðastjórn stéttarsambandsins, einstökum búnaðarfélögum, búnaðarsamböndum eða öðrum, er ekki aðalatriðið. Þeim mundi verða vel tekið. Þar er verkefni fyrir hina starfsfúsu menn miklu þýðingarmeira en fávísleg mótmæli og þýðingarlaus gegn skynsamlegum ákvörðunum hins ráðandi valds. Að vera á móti og berjast á móti öllu, sem gert er, verkar illa á þá, sem unnið hafa heiðarlega að starfi sínu, en gerir ekkert gagn fyrir málið sjálft. Þannig mun og fara með öll lætin, sem hafin hafa verið gegn þessu frumvarpi. Þau gera bændum ekkert gagn, og þó að aðaltilgangur þeirra sé sá að veiða atkvæði bænda og sveitafólks á frambjóðendur Tímamanna í næstu kosningum, þá mun það ekki heldur takast, enda væri það okkur bændunum sízt til fjárhagslegra eða menningarlegra happa. Það er reynslan búin að sanna. Hitt varðar okkur miklu, að meðferð og sölu afurða okkar verði hagað á heppilegan hátt. Á því sviði er mikið að læra og margt að vinna, og ég treysti forustu verðlagsnefndar fyllilega á því sviði og óska henni og öllum bændum til hamingju með það starf. Það varðar miklu okkar þjóð, að vel takist í því efni.

Forseti (GÞ): Hv. þm. A.-Húnv., Jón Pálmason, hefur nú lokið máli sínu og talaði 27 mínútur. Næstur tekur til máls hv. þm. Mýr., Bjarni Ásgeirsson, og talar af hálfu Framsfl.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Góðir hlustendur.

Mál þetta hefur nú farið í gegnum tvær umr. í neðri deild Alþingis, og hefur stjórnarliðið skipað sér um það næstum óskipt. Þó fór svo, að það varð í minni hl. í landbn. deildarinnar. Hv. 5. landsk., Barði Guðmundsson, neitaði að ljá því fylgi sitt, þótt hann vegna fylgis við ríkisstj. að öðru leyti léti undir höfuð leggjast að greiða atkv. gegn því. Það hefur heldur ekki þótt heppilegt að fela honum að taka þátt í þessum umræðum.

Annar þm. Skagf. (JS), sem er fulltrúi Sjálfstfl. í n., greiddi atkv. gegn málinu. Hann mun hafa gert kröfu til flokks síns um að fá að taka þátt í þessum útvarpsumræðum. Flokkur hans mun hafa þakkað honum gott boð, en ekki þótzt hafa þörf fyrir álit hans í þessu landbúnaðarmáli.

Það var þm. A.-Húnv. (JPálm) og kommúnistinn í nefndinni, sem stefnunni réðu fyrir stjórnarliðið og fluttu mál þeirra í deildinni. Verða sjálfsagt einhverjir til að óska Sjálfstfl. til hamingju með hina nýju forustu í landbúnaðarmálunum.

Ræðutími minn hér leyfir ekki að eltast við einstakar firrur og fullyrðingar, sem fram hafa komið hjá þeim stjórnarliðum, sem hér hafa talað.

Mun ég svara þeim með því að draga hér saman þau höfuðrök, sem fram hafa verið færð gegn þessu máli og enn þá hafa ekki verið hrakin, hvorki nú né áður.

Það fyrsta, sem við höfum fram að færa gegn frv. þessu og brbl., er það, að við teljum þau með öllu óþörf, vegna þess að ákvæði dýrtíðarlaganna um sex manna nefndar verðið hafi átt að gilda um verðlagningu afurða á þessu hausti. Í lögum þessum segir svo: Ef samkomulag verður um verðlagið í n., „skal þá verð á landbúnaðarafurðum ákveðið í samræmi við það á meðan núverandi ófriðarástand helzt."

Ég bið menn að veita því athygli, að hér er talað um ófriðarástandið, en ekki ófriðinn sjálfan. Og hver vill mótmæla því, að ófriðarástand það, sem lá til grundvallar fyrir lagasetningu þessari, sé enn viðvarandi?

Ástæðan til þess, að nauðsyn þótti til bera að setja upp sex manna nefndar dóminn á sínum tíma, var: Í fyrsta lagi það, að hinir erlendu markaðir landbúnaðarins voru að mestu lokaðir, þannig að útilokað var fyrir bændur að geta notið þess háa verðlags, sem þá hafði skapazt í ýmsum markaðslöndum Evrópu, — þar sem aftur á móti sjávarafurðir landsmanna áttu opinn og ótæmandi markað í Bretlandseyjum með margföldu verði, borið saman við það, sem var fyrir styrjöldina. Í öðru lagi var svo það, að verðlagsröskun sú, sem hér hafði skapazt á styrjaldarárunum, þar sem m. a. kaupgjald við landbúnaðarstörf hafði hækkað meir en nokkuð annað í landinu, orsakaði það, að útilokað var, að landbúnaðurinn gæti miðað verðlag framleiðslu sinnar á innlendum markaði, hvort heldur væri við hina almennu kauplagsvísitölu innan lands eða við markaðsverð, sem hinn enski markaður gaf, en þar hafði bæði framleiðslukostnaði og verðlagi verið haldið niðri með róttækum aðgerðum ríkisvaldsins. Það var þá, sem Alþingi greip til þess ráðs að lögleiða eins konar dóm í verðlagsmálum landbúnaðarins, sem byggðist á því, að bændur bæru úr býtum fyrir vinnu sína svipað öðrum vinnandi stéttum landsins. Þessi dómur var sex manna nefndar sáttmálinn.

Ég get nú ekki komið auga á, að nokkur breyting hafi á þessu ástandi orðið.

Þegar þetta er athugað svo og hitt, að mikið af þeirri landbúnaðarvöru, sem á þessu hausti kom á markaðinn til verðlagningar, þ. e. sauðfjársláturafurðirnar, kom á framleiðslukostnað ársins 1944, og það verðlag, sem setja átti á þær, miðaðist m. a. einnig við tekjur sveitamanna 1944,

það ár, sem lög þessi óvefengjanlega voru í gildi, virðist mér bæði eðlilegt og sjálfsagt, að ákvæði sex manna nefndar álitsins hefðu verið látin koma til fullra framkvæmda á þessu hausti. Og það leyfi ég mér að fullyrða, þó að ekki sé ég lögfræðingur, að hver sú ríkisstjórn, sem hefði viljað framkvæma þetta atriði með velvilja í garð landbúnaðarins, þannig að láta hann njóta þeirrar réttarverndar, er í lagaákvæði þessu fólst, gat hæglega forsvarað það að framkvæma lögin á þessu hausti — eða réttara sagt: hún gat ekki annað.

En ríkisstj. fór aðra leið, — hún nam þetta öryggisákvæði úr lögum — með bráðabirgðalögum skömmu áður en Alþingi kom saman til fundar. Og hún gerði meira. Hún nam einnig úr lögum þá skipan, sem gilt hafði um verðlagsákvörðun landbúnaðarvara, þar til sex manna nefndar ákvæðið gekk í gildi, — verðlagsnefndir mjólkur, kjöts og garðávaxta — og setti í þess stað hið nýja verðlagsvald.

Samkv. ákvæðum afurðasölulaganna áttu félagssamtök bænda 2 fulltrúa af 5 í verðlagsnefndunum, en neytendur 2. Oddamaðurinn var *skipaður af landbrh.* Þó að bændur muni aldrei hafa hugsað sér þetta fyrirkomulag nema til bráðabirgða, þá sættu þeir sig yfirleitt við það, vegna þeirrar hagsbótar, sem þeir töldu felast í afurðasölulögunum, og á meðan þeir höfðu þau áhrif á Alþingi, að öruggt þótti, að engin ríkisstjórn, hver sem hana skipaði, teldi sér fært að beita þá rangsleitni með því að velja nefndinni formann eða oddamann, sem beitti sér gegn réttmætum kröfum þeirra.

En eftir þá ummyndun, sem á Alþingi varð upp úr síðustu stjórnarskrár- og kjördæmabreytingu, varð þess fljótlega vart, að bændur töldu nauðsyn til bera, að sú breyting yrði gerð á verðlagslögunum, að þeir eða fulltrúar þeirra fengju óskorað meirihlutavald yfir verðákvörðuninni. Og það er nú komið á daginn, að þetta álit var ekki ófyrirsynju. En kröfur um þetta urðu enn ákveðnari, er frá leið, eftir því sem aðrar stéttir færðust í aukana í stétta- og hagsmunabaráttu sinni.

Nú er svo komið, að allar stéttir þjóðfélagsins hafa brynjað sig með harðsnúnum hagsmunasamtökum. Enda hefur virzt svo um skeið, að margar þessara stétta væru allsráðandi um kaup sitt og kjör. Iðulega hefur það skeð, að þær hafa auglýst kauptaxta sína án þess að nokkrir samningar hafi fram farið, — og undir það hafa menn orðið að beygja sig þegjandi og hljóðalaust. Og þó að nokkurt nöldur hafi stöku sinnum orðið út af kaup- og kjarabótakröfum stéttafélaganna, hafa menn jafnan orðið að sætta sig við þær í aðalatriðunum. Og það hefur nú um lagt skeið verið viðtekin regla, að enginn verk- eða vinnutaxti telst löglegur nema viðkomandi verklýðsfélag eða meiri hl. þeirra hafi goldið honum jákvæði sitt. Enda má telja það sjálfsagt í landi, þar sem lýðfrelsi og félagsfrelsi ríkir, — undantekningar eru þegar ríkisvaldið þarf að grípa til neyðarráðstafana í bili til að verja þjóðfélagið áföllum, eins og víða hefur skeð á styrjaldarárunum.

Það er því algerlega óviðunandi og óverjandi ráðstöfun af ríkisstj. gegn bændastéttinni að gera þá breyt. á lögunum, er svipta hana öllu valdi um, hvaða kaup og kjör henni eru ákveðin, með verðlagningu framleiðsluvöru hennar.

Það er alveg sama, hversu vel ríkisstj. og fulltrúum hennar hefur farið úr hendi ráðstöfun þessara mála Þetta tiltæki, að taka eina stétt þjóðfélagsins þannig fyrir og svipta hana gersamlega ráðstöfunarrétti, sem allar aðrar stéttir hafa yfir sínum málum, er jafnóverjandi fyrir því, og fordæmið gagnvart frjálsum félagssamtökum í landinu jafnhættulegt fyrir því.

Þetta tilræði hefur verið afsakað með því, að bændum einum væri falið hið nýja verðlagsvald, og þm. A.-Húnv. hefur þrástagazt á því, að þetta væri stór réttarbót fyrir bændur, frá því sem áður hefði verið. Vitanlega er þetta ekki annað en auðsæ blekking. Mundu aðrar stéttir telja sér réttarbót að svona lögum fyrir sig? Mundu sjómennirnir telja það réttarbót, ef einhver ríkisstjórn, sem þeir ef til vill bæru lítið traust til, fengi vald til að skipa nefnd eða ráð, sem ætti að ákveða þeim kaup og kjör, jafnvel þótt þar væri ákveðið, að einhverjir sjómenn ættu að skipa þann dóm? Mundi verkalýðsfélögunum þykja réttarbót að slíku ákvæði fyrir sig?

Og eitt dæmi enn. Mundi íslenzka þjóðin hafa talið það réttarbót á þeim árum, er konungur tók sér vald til að skipa helming af þingmönnum efri deildar Alþingis, að hann hefði útfært vald þetta þannig að skipa alla deildina eða allt þingið sjálfur? Mundi þjóðin hafa sætt sig við það, að henni hefði verið bent á, að þetta væru allt Íslendingar og sagt við hana: Þarna sjáið þið, málin eru í höndum Íslendinga?

Nei, hún hefði áreiðanlega séð í gegnum það. Hún hefði sagt: þessir menn eru ekki fulltrúar þjóðarinnar, heldur konungsins, enda voru þeir það. Hvenær sem þjóðina og konungsvaldið greindi á, hölluðust flestir þessara fulltrúa á sveif með konunginum, enda voru þeir valdir með það fyrir augum og báru ábyrgð gerða sinna gagnvart honum.

Á sama hátt eru búnaðarráðsmennirnir fulltrúar ríkisstj., en ekki bændastéttarinnar. Þeir eru valdir af stjórninni eftir pólitískum sjónarmiðum, til að vinna eftir pólitískum hagsmunalínum ríkisstjórnarinnar. Þetta vita þeir sjálfir, enda hefur það komið í ljós, að þegar ekki hafa farið saman þær kröfur, sem fulltrúar bændanna hafa fram borið, og hitt, sem ríkisstjórnin hefur talið sér hagkvæmt frá pólitísku sjónarmiði, þá hafa kröfur bændastéttarinnar orðið að víkja.

Þetta hefur greinilegast komið í ljós í viðhorfinu til sex manna nefndar verðsins. Fulltrúar bænda á síðasta búnaðarþingi gerðu nær einróma kröfu til ríkisstj., að sex manna nefndar grundvellinum yrði fylgt við verðákvörðun landbúnaðarvaranna á þessu hausti, og það er vitað, að bak við þá kröfu stendur meginhluti íslenzkra bænda.

Bændur líta sem sé almennt þannig á, að þó að hinn lagalegi réttur þeirra til sex manna nefndar verðsins sé af þeim tekinn, þá sé þó óskertur hinn siðferðilegi réttur, sem þeir hafa til að setja fullt sex manna nefndar verð á það,

sem selt er á innlendum markaði. Þeim er ljóst, að þeir verða að taka á sínar herðar þau skakkaföll, sem sjálfum atvinnurekstrinum fylgja, svo sem óþurrka og önnur óhöpp, sem aldrei verða umflúin. Þeir sjá einnig fram á það, að nú verða þeir bótalaust að taka á sig halla þann, sem verður á útflutningsvörunum — samanborið við framleiðsluverð þeirra.

En þeir sætta sig ekki við það, að sá hluti vörunnar, sem seldur er á innlendum markaði, sé einnig af þeim tekinn og seldur undir því verði, sem hlutlaus verðdómstóll hefur talið, að bændur þyrftu að fá fyrir alla framleiðslu sína, ef meðalbóndinn átti að hafa aðstöðu til að bera svipað úr býtum fyrir vinnu sína og aðrar vinnandi stéttir þjóðfélagsins.

En þessari lágmarkskröfu bændastéttarinnar hefur verðlagsnefndin neitað og sett verðið um 10% niður fyrir sex manna nefndar verðið, lækkað svo saltkjötið á aðra krónu kg. dilkakjöts frá því á kostnað bænda, og ofan á þetta kemur svo að sjálfsögðu verðfallið vegna útflutningsins, sem enginn veit enn, hve mikið verður.

Það má þó telja víst, samkv. áliti þeirra manna, er kunnugastir eru þessum málum, að verð á sauðfjárafurðum verði stórum lægra til bænda nú en s.l. ár, enda þótt framleiðslukostnaður hafi hækkað á sama tíma.

Það er svo sem auðséð, hvaðan andstaðan gegn sex manna nefndar verðinu er runnin. Flokksblöð ríkisstj. voru fljót að túlka þá kröfu sem hóflausa og ábyrgðarlausa kröfupólitík. Og stjórnarfulltrúarnir í verðlagsnefndinni voru ekki í miklum vafa um, á hverja sveifina þeir áttu að snúast.

Í umr. um mál þetta á Alþingi og í blöðum er þessi ráðstöfun varin af stuðningsmönnum stj. með því, að kaupgeta þjóðarinnar hafi ekki leyft hærra verðlag en þetta. Það hafa þó verið færð rök að því, að ekki hefði þurft að hækka mjólkurlítrann nema um 12 aura og kjötkílóið nema um 90 aura, til að fullt sex manna nefndar verð hefði náðst á innlendum markaði. Og svo segja menn, að þessi hækkun hefði orðið til þess að sprengja kaupgetuna. Það er nú svo.

Það er þó ýmislegt, sem bendir á annað. Það er á allra vitorði, að tekjur launamanna í landinu hafa aldrei verið jafnríkulegar og þetta ár. Eftirspurn eftir almennum verkamönnum hefur aldrei verið meiri — t. d. við húsbyggingar og aðrar framkvæmdir. Starfsmenn ríkis og bæja hafa fengið stórkostlegar launabætur á árinu og sömuleiðis mikill hluti verzlunarstéttarinnar.

Nú nýskeð er lokið vinnudeilu á siglingaflotanum. Ríkisstj. skarst að síðustu í málið og réð lausn þess. Eitt stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, segir svo um samningana: „Samningar þessir eru gerðir á þeim grundvelli, að kaup sjómanna sé í samræmi við kaup annarra alþýðustétta í landinu."

Annað stjórnarblað, Morgunblaðið, gefur þær upplýsingar, að samkv. samningum þessum verði árskaup háseta og kyndara um og yfir 30 þús. krónur á ári.

Þetta er þá samkv. upplýsingum stjórnarblaðanna kaupgjald alþýðustéttanna í landinu á því herrans ári 1945.

Samkv. útreikningi hagstofunnar átti meðalkaup bóndans á þessu ári að geta verið um 18 þús. krónur, ef hann hefði fengið fullt sex manna nefndar verð fyrir allar sínar afurðir, og þar í eru talin þau hlunnindi, sem honum eru reiknuð frá búinu samkv. sex manna nefndar álitinu. En vegna verðfalls frá sex manna nefndar verðinu á hinum útfluttu vörum lækkar kaup þetta stórum. Þrátt fyrir það telur verðlagsnefnd sér rétt og skylt að lækka kaup bóndans enn til viðbótar þessu með því að færa innlenda verðið um 10% niður fyrir sex manna nefndar verðið — til þess að ofbjóða ekki kaupgetu þeirra, sem samkv. framannefndum upplýsingum hafa allt að tvöföldu árskaupi bóndans.

Það er enn fremur vitað um kaupgetu þjóðarinnar, að hún telur sig hafa ráð á að borga um 40—50 milljónir á ári fyrir vín og tóbak og milljónir og aftur milljónir fyrir ýmsan varning, þarfan og óþarfan. En þegar á að fara að verðleggja íslenzk matvæli, unnin af íslenzkum höndum úr íslenzkri jörð, þá þykir ekki annars kostur en að fara með verðið niður fyrir viðurkennt framleiðsluverð, svo að kaupgeta þjóðarinnar springi ekki í loft upp.

Það er hægt að segja mönnum þetta. En þeir taka það bara ekki alvarlega. — Annars er allt tal um kaupgetu almennings í þessu sambandi ákaflega mikið út í bláinn. Það vita allir, að mestur hluti borgaranna hefur þannig ráðningarkjör, að kaup hans hækkar að sama skapi og verðið á þessum nauðsynjavörum.

Hitt er svo annað mál, að gjaldgeta ríkissjóðs og framleiðslustarfsemin í landinu yfirleitt þolir ekki þá verðbólgu, sem hér hefur verið sköpuð, hvað þá aukningu hennar. En sú verðbólga stafar ekki eingöngu af allt of háu verði á kjöti og mjólk, heldur einnig af of háum launagreiðslum og kaupgjaldi, of háum flutningsgjöldum á landi og sjó, of háum milliliðakostnaði á viðskiptum landsmanna, of háum byggingarkostnaði og þar af leiðandi dýrara húsnæði o. fl. o. fl. Þetta hefur bændastéttin séð og viðurkennt fyrir löngu. Fulltrúar hennar á búnaðarþingi buðust því til að fella af viðurkenndu verði á vörum bændastéttarinnar, ef aðrar stéttir og ríkisvaldið vildu koma á móti og hver leggja fram sinn skerf til lækkunar verðbólgunni. Á síðastliðnu hausti réttu fulltrúar bænda á búnaðarþingi öðrum stéttum og ríkisvaldinu höndina til samstarfs í þessum málum, þannig að þeir byrjuðu á að falla frá réttmætum kröfum bænda um verðlag landbúnaðarvara, í þeirri von, að þessir aðilar kæmu til móts við hana til sameiginlegra aðgerða í málinu. En það var slegið á þessa framréttu hönd bændastéttarinnar. Henni var svarað með nýjum launakröfum annarra, hækkuðu kaupgjaldi, hækkuðum launum og tilslökun hennar misnotuð af hinni nýju ríkisstjórn, til þess að halda enn um stund áfram á vegum aukinnar verðbólgu og dýrtíðar í landinu. Árangurinn hefur svo orðið sá, að þótt verð á landbúnaðarvörum stæði óbreytt um tveggja ára skeið, þá hefur framfærsluvísitala hækkað frá síðasta hausti og framleiðslukostnaður landbúnaðarvara um 10%.

Ríkisstj. vissi það, að bændastéttin mundi ófáanleg til að gera að nýju einhliða tilslökun af sinni hálfu eftir það, sem á undan var gengið. Þess vegna hugkvæmdist henni að koma á þessu heimatilbúna fulltrúavaldi, til að afhenda henni á altari dýrtíðarinnar þær fórnir af hálfu bændastéttarinnar, sem stjórnin vissi, að bændastéttin var ákveðin í að færa ekki aftur fyrr en sýnilegt væri, að aðrir aðilar vildu taka og tækju á sig sams konar byrðar.

Þetta hlutverk sitt virðist verðlagsnefndin hafa skilið mæta vel og tekizt framkvæmdin eftir því. Það eru þessar aðferðir allar, sem bændur mótmæla nú um land allt. Mótmæli þessi liggja nú fyrir svo að segja af öllu landinu. Nú síðast var fyrir nokkrum dögum haldinn fjölmennur bændafundur um málið á Austurlandi. Þar var mættur einn harðsnúnasti formælandi þessa ofbeldis, sem einnig á sæti í verðlagsnefndinni. Hann reyndi að bera í bætifláka fyrir þetta tiltæki ríkisstj. og stamaði að síðustu upp tillögu um, að bændur skyldu þola þetta sem bráðabirgðafyrirkomulag. En jafnvel sú væga tillaga var felld af 90% fundarmanna.

Ég hygg, að þetta sé nokkuð glögg mynd af viðhorfi bænda til þessa skipulags um allar sveitir.

Bændur krefjast þess, að þeir eða fulltrúar, sem þeir sjálfir fela umboð til þess, fái óskorað vald til að segja til um, hvaða verð skuli sett á framleiðsluvörur þeirra, eins og aðrar stéttir segja til um kaup og kjör, sem þeim eru ákveðin.

Það er hægt að hugsa sér í framtíðinni tvenns konar aðferðir við verðákvörðun landbúnaðarvara á innlendum markaði: Önnur er sú, að haldið verði áfram að verðleggja þær eftir innlendri vísitölu, eins og gert var með sex manna nefndar grundvellinum, og væri ekki óeðlilegt, að sá grundvöllur væri endurskoðaður öðru hverju við breyttar ástæður.

Ef hægt væri að halda við þannig löguðu samkomulagi um verðlagið á milli neytenda og framleiðenda, væri það á margan hátt æskilegast. Að öðrum kosti yrði að verðleggja vöruna eftir lögmáli framboðs og eftirspurnar, bæði á erlendum og innlendum markaði.

En hvor leiðin sem farin yrði, verður það ófrávíkjanleg krafa bændastéttarinnar, að hún eða fulltrúar, sem hún kýs og bera ábyrgð gagnvart henni, hafi vald til að samþ. verðlagið fyrir hönd bændastéttarinnar.

Nú liggur fyrir Alþ. og er komið fyrir landbn. Nd. frumvarp til l. um verðlagsráð landbúnaðarins. Frumv. þetta hefur verið samið af Búnaðarfélagi Íslands og í öllum aðalatriðum samþykkt af búnaðarsamböndunum.

Þar er svo fyrir mælt, að stéttarsamband bænda og fulltrúar frá sölustofnunum þeirra fari í sameiningu með verðlagsmál og afurðasölu landbúnaðarins. Var það ætlun okkar flutningsmanna, að frv. þetta kæmi í staðinn fyrir löggjöfina um búnaðarráð.

Frv. þetta hefur ekki enn fengizt afgreitt frá landbn. Þess vegna bárum við í minni hl. fram þá brtt. við búnaðarráðsfrumv., að stéttarsamband bænda tæki við störfum þess fyrst um sinn. Sú till. var felld í Nd.

Í öðru orðinu talaði þm. A.-Húnv. (JPálm) um, að hann gæti hugsað sér, að stéttarsamband bænda fari með mál þessi, ef slíkt samband væri stofnað á réttum grundvelli, svo að hægt væri að viðurkenna það. En það stéttarsamband, sem enn væri til, kæmi ekki til greina. Í því sambandi minntist þm. A.-Húnv. á till. Búnaðarsamb. Suðurl., sem verið hefði í alla staði eðlileg.

Það er auðséð, hvað þm. er hér að fara. Fyrir honum vakir það eitt að sundra bændastéttinni, því að sýnilegt er, að hann hatar og hræðist samtök hennar. Það er víst, að hefði orðið ofan á á Laugarvatni að stofna sambandið eftir tillögum Búnaðarsamb. Suðurl., þá hefði komið annað hljóð í þennan strokk. Þá hefði hann talað fagurlega um Bf. Ísl. og hve eðlilegt það væri, að sú gamla, merka stofnun bændanna tæki við forustu þessara mála, — því að fyrir honum vakir fyrst og fremst að ala á deilum og sundrungu. Hann og þeir aðrir, sem fyrir slíkum deilum standa, reyna að mikla fyrir sér og öðrum það djúp, sem staðfest sé á milli þess skipulags, er B.S.S. vilda koma á í stéttarsamb., og því, sem ofan á varð. En þetta er hin mesta fjarstæða, því að hvort tveggja skipulagið var í grundvallaratriðum það sama. Hvort tveggja byggði á hreppabúnaðarfélögunum sem undirstöðu. Hjá báðum var kosningafyrirkomulagið hið sama. Hjá báðum voru aðalverkefnin þau sömu. Höfuðmunurinn liggur í því, að samkv. skipulagi búnaðarþings var ramminn að stofnun stéttarsambandsins settur inn í lög Búnaðarfélags Íslands á sama hátt og rammi að hreppabúnaðarfélögunum og búnaðarsamböndunum. Og það var gert fyrst og fremst í þeim tilgangi að marka þessari stofnun sitt ákveðna verksvið, svo að útilokað væri, að árekstur gæti orðið milli hinna ýmsu greina þessa bændafélagsskapar um starfssvið og verkefni. Að öðru leyti er stéttarsambandið fullkomlega sjálfstæður aðili gagnvart Búnaðarfélagi Íslands um sín sérmál, en það eru hin stéttarlegu hagsmunamál bændanna.

En það, sem auk þessa þótti mæla með því að tengja stéttarsambandið á framangreindan veg formlega Búnaðarfélagi Íslands, var það, að Bf. Ísl. höfðu verið fengin nokkur fjárráð með stofnun búnaðarmálasjóðs, — eins konar eigið fé, sem eðlilegt þótti, að stéttarfélagsstofnun bændanna gæti að einhverju leyti notað til starfsemi sinnar. En sá ljóður hafði á orðið um þessa löggjöf, að þar hafði verið sett inn ákvæði í þinginu á síðustu stundu fyrir atbeina þm. A.-Húnv. og kommúnista, að fulltrúar bændanna voru gerðir ómyndugir um ráðstöfun þessa fjár, sem bændur sjálfir höfðu lagt fram til félagsstarfsemi sinnar. Ákvarðanir þeirra voru gerðar ómerkar, nema samþykki landbrh. kæmi til hverju sinni.

Bændur yfirleitt undu þessu hið versta, að vera þannig háðir geðþótta hvers þess manns, er Alþingi þóknaðist á hverjum tíma að setja í sæti landbrh., um meðferð þessa máls. Kröfðust þeir þess að fá óskorað vald yfir sjóðnum. Í samræmi við þær óskir bárum við hv. 2. þm. Skagf. (JS) fram frumv. á þessu þingi, þar sem

svo er fyrir mælt, að ákvæði um vald ráðh. yfir ráðstöfun sjóðsins félli niður. Og hvað halda menn, að svo gerist? Jú, þm. A.-Húnv. og kommúnisti í landbn. fóru enn á stúfana og vilja auðsjáanlega betrumbæta sínar fyrri tillögur; hafa víst ekki meira en svo treyst landbrh. til að viðhafa það ofríki um ráðstöfun sjóðsins, sem til var ætlazt af þeim. Og nú eru tekin af öll tvímæli, því að nú bera þeir fram till. í þá átt að taka búnaðarmálasjóð með öllu af Bf. Ísl. Og rökin fyrir þessari óhæfu eru þau, að búnaðarþingi hafi verið mislagðar hendur með úthlutun fjárins. Þó vita þessir menn, að bændur sjálfir kjósa fulltrúa á búnaðarþing og það nú á næsta vori, svo að þeim er innan handar að skipta um fulltrúa og stefnu í málum þessum, ef þeim líkar ekki það, sem gert hefur verið. En þeim er víst ekki trúað til þess, heldur á nú að fá sjóðinn í hendur búnaðarsamböndunum, en vel að merkja, ekki til frjálsra afnota, heldur með því skilyrði, að þau verji honum til jarðabóta og annarra svipaðra framkvæmda. Það vantar ekki, að bændum sé sagt til verka. Þeir mega framleiða matvæli, en það er bezt fyrir þá að vera ekkert að skipta sér af því, hvaða verð er sett á framleiðslu þeirra. Þeir mega rækta jörðina, en þeir þurfa ekkert að vera að hugsa um að koma upp húsnæði yfir sameiginlega félagsstarfsemi bændanna í landinu, né greiða fyrir því, að bændur geti átt athvarf, sem þeir geta leitað til, er þá ber að garði í höfuðstaðnum. Ekki stuðla að því, að bændur geti eignazt myndarlegt félagsrit, sem fullnægi þeim kröfum, sem aðrar stéttir gera í þeim efnum. Ekki stuðla að kynnisferðum sveitafólks eða nýjungum í búnaði og bústörfum, og síðast en ekki síst, ekki styðja stéttarsamtök bænda, og það er nú máske aðalatriðið. Og yfirleitt er þeim talið bezt að skipta sér sem minnst af félagsmálum sínum. Fyrir því sér hv. þm. A.-Húnv. og fylgifiskar hans á Alþingi.

Það hefur allmikið verið rætt um austrænt lýðræði að undanförnu bæði í blöðum og á mannfundum. — Austur-Húnvetningar mega þakka fyrir, ef ekki verður hér eftir talað um austur-húnvetnskt lýðræði í búnaðarmálum, ef þeir beita þessum einkennilega lýðræðisfrömuði lengi fyrir sig. Það er sýnilega engin hending, hvernig búnaðarráðsvalinu er fyrir komið. Hér virðist sem sé vera um skipulagða ofbeldisstarfsemi að ræða í garð frjálsra bændasamtaka í landinu. Og þessi rauðbrúna ofbeldisbaktería virðist vera sameiginlegt afsprengi lýðræðishugmynda þm. A.-Húnv. og sálufélaga hans annars vegar og kommúnistanna hins vegar. Og hún virðist hafa hlotið hin ákjósanlegustu lífsskilyrði í herbúðahverfi ríkisstj. Og svo skæð er þessi baktería, að maður eins og hv. 2. þm. Rang. (IngJ), sem margir höfðu þó vonað, að væri hér ekki í bráðri hættu, hefur nú einnig tekið pestina. Hann hefur sennilega haldið sig of mikið í herbúðunum. Lent í ástandinu þessu nýja. Líklega verið eitthvað veill fyrir og ekki þolað þetta. Hann hefur nú borið fram í þinginu frv. um að taka hið félagslega vald með lögum af bændum um það, hvernig þeir ráðstafa mjólkurflutningum sínum. Þar er svo fyrir mælt, að hvar sem 40 bændur vilja ekki beygja sig undir ákvæði meiri hluta um mjólkurflutninga, þó að meiri hlutinn skipti hundruðum félagsmanna, þá geti þeir skorizt úr leik og þannig sé hægt að sundra og eyðileggja það flutningakerfi, sem þorri bænda á flutningasvæðinu telur heildinni fyrir beztu. Það er sýnilegt, að hér er hafin nokkuð einkennileg nýsköpun í félagsmálum bænda. Hvenær sem einhver félagsskitur neitar að beygja sig undir löglega ákvörðun meiri hluta, þá er honum opnuð leið til þess að fara með ágreiningsmál sín inn á Alþingi og láta kúga meiri hlutann með lögum.

Hvaða félög koma svo næst? Verða það kaupfélögin? Máske koma bráðum lög, sem heimila minni hluta í kaupfélagi að losa sig við meiri hlutann á voðfelldan hátt eftir siglfirzkri fyrirmynd, er ofríkisfullur minni hluti í félaginu telur það henta sér. Eða verða það búfjárræktarfélögin? Ætli það komi ekki bráðum lög um það, að ef einhver ákveðinn minni hluti í nautgriparæktarfélagi vill fá rautt kynbótanaut, en meiri hlutinn kýs annað, þá skuli meiri hlutinn samt sem áður skyldugur að taka rauða tarfinn og nota hann einnig handa sínum kúm, að viðlögðum háum sektum eða fangelsi? Enginn veit, hvar þetta getur endað. Þessum mönnum virðist vera svo rík nautn að því að beita ofbeldi og láta kenna aflsmunar, að þeir horfa ekki í að gera sig að viðundri og athlægi um land allt, eins og t. d. þm. A.-Húnv. og félagar hans, með brtt. um búnaðarmálasjóð. Fyrst á að heimta ákveðið hundraðsgjald af söluvörum bænda fyrir milligöngu ríkisins. Síðan á að senda fé þetta aftur heim í búnaðarsamböndin eftir sömu hlutföllum og það er frá þeim komið. Er ekki rökrétt áframhald af þessu, að búnaðarsamböndin skipti því svo niður á hreppabúnaðarfélögin eftir þeim hlutföllum, sem það er frá þeim komið, og þau skipti því síðan á milli bændanna innan hreppabúnaðarfélaganna eftir þeim hlutföllum, sem það er frá þeim komið. Þá er hringferðin fullkomnuð, og þá ætti þessi forframaði peningur að vera orðinn fær um að rækta og prýða garðinn hjá húsbóndanum, eftir allt, sem hefur fyrir augun borið á þessari löngu orlofsreisu.

En þó að tillögur þessara manna séu bæði fáránlegar og hlægilegar, þá eru þær þó fyrst og fremst alvarlegar. Það er sannarlega alvarlegt, ef svo færi, að meiri hl. Alþingis 1945, menn og flokkar, sem allir skreyta sig með orðunum lýðræði og félagsfrelsi, fengist til að standa að löggjöf sem þeirri, er ég nú hef gert að umræðuefni, fengist til að hundelta eina stærstu og merkustu stétt landsins með slíkri kúgunarlöggjöf. En kostur er þó við þessa herferð alla saman, að nú þurfa bændur ekki lengur að vera í vafa um, hvaðan vindurinn blæs, og geta hagað sér eftir því.

Bændastéttin hefur til þessa verið, mér liggur við að segja, svo fávís, að halda, að félagssamtök hennar væru ekki talin þjóðfélagsfjandsamleg starfsemi, jafnvel ekki stéttarfélagsskapur hennar fremur en annarra stéttarfélaga. Nú er helzt svo að sjá, að þetta sé allt hinn mesti misskilningur. Og þá er að taka því eins og menn. Og það veit ég, að bændur gera. Ég veit, að þeir

svara þessu með því að þoka sér enn betur saman um félagsréttindi sín og hagsmuni. Ég veit, að þessi atlaga verður til að styrkja þá, en ekki veikja. Og ég þykist vita, að í þessari baráttu muni þeir ekki standa einir. Ég tel það víst, að félagssamtök annarra frjálshuga manna muni einnig standa með þeim í baráttunni gegn ofbeldinu. Ég tel það víst, að sjómenn, verkamenn og aðrir borgarar þjóðfélagsins, sem frjálsum félagssamtökum unna, sjái það, hvað sem fulltrúar þeirra á Alþingi telja sér fært í þessum efnum, að þeim muni ekki vera hollt að ala þennan snák lengi við brjóst sitt.

Ásgeir Ásgeirsson: Í fyrri ræðu minni hélt ég mér mest við þær till., sem fyrir liggja. Ég bar saman þær till., sem liggja hér fyrir frá hv. 2. minni hl. landbn., eða þeim hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf. Ég sýndi fram á, að með þeim till. væri krafizt einræðis f. h. stéttarfélags bænda yfir verðlagsmálum þeirra. Hv. síðasti ræðumaður, sem er jafnframt tillögumaður, vék lítið að þessum till., sem fyrir þinginu liggja, en það, sem við hv. þm. þurfum að taka afstöðu til, eru einmitt þessar till. Hv. síðasti ræðumaður hélt því fram, að hér væri alls ekki verið að gera þær kröfur, að stéttarfélag bænda hefði einræði yfir verðlagsmálunum. Út af fyrir sig er þetta þakkarvert og sýnir, að það hafa verið gerðar of stífar kröfur. En ég skal þó til áréttingar lesa upp þessa till., sem nú liggur fyrir við 3. umr. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi falla úr gildi frá og með 1. sept. 1946, og tekur þá stjórn stéttarsambands bænda ásamt fulltrúum frá sölufélögum landbúnaðarins samkv. reglugerð stéttarsambandsins við verkefnum þeim, sem búnaðarráð og verðlagsnefnd landbúnaðarafurða fer með samkv. lögunum, ef önnur lagafyrirmæli hafa þá ekki verið sett um framkvæmd þessara mála."

Hér er ekkert undan skilið. Það er óskorað vald, sem enginn annar getur skipt sér af, hvorki Alþingi né ríkisstj. Hér er höfuðgallinn á þessu máli. Hér er stýrt svo hátt, að ekki er hægt að standa við það einu sinni í umr., hvað þá ef hv. tillögumenn kæmust í meiri hl. hér á þingi. Það er hægt að gefa þessi loforð, en það er ekki hægt að efna þau. Hv. þm. segir, að bændum sé að vísu leyft að rækta landið, en þeim sé alveg meinað að skipta sér af verðlaginu. En það er eitthvað annað en að skipta sér af verðlaginu, sem hér er heimtað. Hér er heimtað að ráða öllu óskorað án allra afskipta nokkurs annars. Það er í þessu, sem er gengið svo langt, að það er því líkast sem ríkisvaldið klofni, ef þetta vald ætti að vera í höndum stéttarfélags, um leið og það er einkasala á innlendum markaði, og ef þetta vald ætti að vera í höndum einhvers stéttarfélags, þá ræður ríkisstj. ekki lengur fjármálum ríkisins, því að hún hefur ekkert um það að segja, hvað mikinn styrk þurfi að borga til að halda atvinnuvegunum gangandi eða til að gera neytendurna skaðlausa eða til að halda vísitölunni niðri. Hún hefur ekkert um það að segja, sem mesta þýðingu hefur fyrir fjármálastjórn landsins.

Hér stendur nú svo sérstaklega á, að það er birt, hvaða kröfur eru gerðar f. h. bænda. Það kom fram í síðustu ræðu og hefur komið fram áður í þessum umræðum, að ef stéttarfélag bænda hefði í haust átt að ráða, hefði verðið verið hækkað um 20% frá því, sem áður var, 9,4% frá því í fyrra og svo 9,6% ofan á það nú, ég hef ekki tölurnar alveg nákvæmlega, en það er í kringum 20% samanlagt, og það er almennt vitað, að þetta þýðir það, að ef hefði átt að halda verðlagi óbreyttu frá því, sem nú er, þá hefði ríkissjóður þurft að greiða í þessu efni um 40 millj. króna. Það þarf því ekki að ganga í grafgötur um, hvert hefur verið stefnt í haust með þessum valdakröfum og hvert var ætlað að komast. Ef við gerum ráð fyrir, að neytendur séu kringum 80 þús., þá kemur þar á hvern neytanda 500 krónur, eða á hvert 5 manna heimili 2500 krónur, sem ríkisvaldið hefði átt að greiða til að halda niðri vísitölunni. Eitthvað er skakkt í öllu þessu, ef til vill í grundvallarútreikningnum, ef þetta er virkilega svona, að kaupgetan sjálf geti ekki klárað þetta verðlag, sem bændur þurfa að fá, á annan hátt en þann, að ríkisvaldið þurfi að kosta til 2500 krónur á hvert 5 manna heimili í landinu eða að kaupið hækki meira en nokkru sinni hefur þekkzt áður hjá þeim stj., sem við völd hafa setið. Og þó að vísitölunni yrði haldið niðri, þá væri þetta raunverulega sú hæsta vísitala og mesta kauphækkun, sem þekkzt hefði. Og þeir, sem eru með þessar kröfur hér, eru þó um leið aðalpostularnir, sem prédika um að færa niður dýrtíðina. Ef þessir menn fengju þessum kröfum sínum framgengt, þá væri þar með stigið það stærsta spor, sem nokkru sinni hefði verið stigið til að hækka dýrtíðina.

Hv. síðasti ræðumaður rökstyður það, að nú ætti að fela einni stétt einræðisvald í verðlagsmálunum, með því, að nú sé ekki lengur hægt að treysta landbrh. Áður hafa þeir þá treyst honum til að draga taum einnar stéttar, en nú væri það ekki lengur hægt og þess vegna þyrfti að gera þessa breyt., og breyt. er að kljúfa ríkisvaldið í tvennt, ef á að fá stéttarfélagi bænda, sem framsóknarmenn telja sig sjálfsagt vissa með að fá meiri hl. í, mikinn hluta ríkisvaldsins, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, en lofa stj., sem þingið setur, að hafa einhvern afgang, sem væri þó heldur máttlaus í öllum höfuðmálum. Ef það er svona, að það þurfi að kljúfa ríkið á sama hátt og varð, þegar Salómon dó og ríki Gyðinga klofnaði, hvenær sem Framsókn fær hvíld frá stjórnarstörfum, þá er lítið orðið eftir af okkar einingu. Menn verða að hafa það hugfast, að hagsmunir framleiðendanna og neytendanna fara saman, og það er ekki til frambúðar hægt að tryggja bændur með öðru en öruggri kaupgetu í kaupstöðunum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri, tími minn er að enda, en mér hefur þótt koma fram nokkuð skýrt við þessar umr. eins og áður, að þær kröfur, sem hér hafa verið gerðar, eru settar svo langt yfir markið, að þær verða ekki samþ. af neinum meiri hl., þó að þingmeirihl. breyttist eitthvað.

Þá er einnig á það að minnast, að þeir, sem halda fram þessum till., heimta ekki eingöngu,

að stéttarfélag bænda eigi hér eitt öllu að ráða, heldur vilja þeir ákveða, að ríkissjóður greiði allan kostnað við stéttarfélag bænda. Hv. síðasti ræðumaður minntist þannig á það, að hann talaði um, að hv. þm. A.-Húnv. hefði verið hér með eitthvert austrænt eða austurhúnvetnskt lýðræði, þar sem hann taldi ekki sjálfsagt, að ríkissjóður innheimti stéttarfélagsgjöld bænda. Það hefur hingað til verið íslenzkt lýðræði að láta ríkissjóð ekki innheimta stéttarfélagsgjöld. Og þó að þessir hv. flm. telji þetta ekki hættulegt, þá gæti það samt orðið hættulegt fordæmi, því að ef það yrði látið viðgangast, þá ætti ríkisvaldið alveg eins að taka að sér að innheimta slík gjöld fyrir Alþýðusambandið og kalla það skatt, og svo yrði því fé varið til stéttarhagsmuna og mótstarfs gegn stj. og allra þeirra hluta, sem þeir gætu skipt sér af. Ég hygg, að affarasælast sé fyrir stéttarfélag bænda, þegar það verður stofnað, eins og önnur félög, að leggja áherzlu á að vera sem óháðast, en álíta ekki, að þingið eigi að vera nokkurs konar útibú frá þeirri stofnun.

Aðrar till. en þessar liggja ekki fyrir nú, en það eru til fleiri möguleikar að koma þessu fyrir. Eitt verður samt að gera sér ljóst, að stj. verður aldrei sleppt úr þessu, meðan svo miklar fjárkröfur eru gerðar til ríkissjóðs sem nú er gert.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Hv. þm. Mýr. sagði, að sex manna samkomulagið væri enn í gildi, vegna þess að enn sé ófriðarástand. Hvenær skyldi þá koma normalt ástand? Þess getur orðið nokkuð langt að bíða. Svo mikið er víst, að það verður aldrei normalt ástand í íslenzkum landbúnaði, svo lengi sem Framsókn fær að ráða.

Þá sagði hv. þm., að eitt stjórnarblaðið hefði sagt, að laun sjómanna væru í samræmi við tekjur annarra verkamanna, en annað stjórnarblað, að laun þeirra væru um 30 þús. á ári. Af þessu dró hann þá ályktun, að meðaltekjur íslenzkra verkamanna væru 30 þúsund. Þetta getur maður nú kallað framsóknarrök og vísindalega nákvæmni við hæfi flokksins. Og það var svo sem ekki verið að draga í efa, að bæði Alþýðublaðið og Morgunblaðið séu óyggjandi heimildir.

Út af því, sem hv. þm. sagði um búnaðarmálasjóð og till. tveggja þm. um, að héraðsbúnaðarsamböndin fái búnaðarmálasjóðinn til umráða, er bezt, að þið bændur heyrið nokkrar staðreyndir og dæmið sjálfir.

Síðasta búnaðarþing ákvað að verja fé búnaðarmálasjóðs að miklu leyti til þess að byggja fyrir stórt og vandað gistihús í Reykjavík með 100 herbergjum og veitingasölum í samræmi við það. Slík bygging kostar áreiðanlega milljónir króna og bindur fjármagn sjóðsins að miklu leyti í mörg ár. Þetta var nú eitt helzta sameiginlega hagsmunamál bændastéttarinnar, sem hv. þm. Mýr. kom auga á. Er þetta gert fyrir bændur almennt eða einhverja fáa útvalda? Eða átti kannske að vera þarna framsóknarheimili líka?

Finnst ykkur það nú svo háskalegt, að héraðssamböndin, sem eru í slíkri fjárþröng, að þau geta ekki ráðið sér búnaðarráðunauta, fái þetta fé til umráða? Haldið þið, að féð væri verr komið í höndum þeirra? Það fer auðvitað eftir því, hvort menn vilja verja sjóðnum til hótelbygginga eða ekki.

Þetta frv., sem hér er til umr., og bráðabirgðalöggjöf ríkisstj. um afurðasölumálin er vitaskuld engin lausn á vandamálum landbúnaðarins. Það er bráðabirgðaúrræði, sem þrír flokkar með sundurleitar skoðanir á málum landbúnaðarins hafa komið sér saman um til að firra vandræðum, því að þrátt fyrir allt, sem á milli ber, eru þessir þrír flokkar sammála um það, að eftir áratugastjórn Framsfl. sé íslenzkur landbúnaður í slíku öngþveiti, að þjóðarbúskap Íslendinga stafi hætta af. Þetta veit raunar öll þjóðin, og enginn veit þetta betur en Framsfl. Svo mikið vandamál töldu þeir afurðasölumál landbúnaðarins vera, að þeir þóttust alveg vissir um, að það mundi verða til þess að sprengja stj., og við það hafa þeir miðað allar sínar till. og allar sínar bardagaaðferðir. Það er eina skýringin á hinum fáránlega málflutningi þeirra og furðulegu framkomu, sem annars væri með öllu óskiljanleg.

Það er fjarri því, að sú leið hafi verið farin í þessu máli, sem Sósfl. hefði helzt kosið. Ef sósíalistar hefðu einir ráðið, hefðu þeir farið aðrar leiðir til þess að leysa vandann tl bráðabirgða. Sósfl. mundi hafa gripið til róttækra ráðstafana til þess að lækka verð á nauðsynjavörum og þar með vísitöluna, meðan verið væri að gera gagngerðar ráðstafanir til þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarins með gerbreytingu á framleiðsluháttum hans. Þetta mundi flokkurinn hafa gert í fyrsta lagi með því að afnema gróða heildsalastéttarinnar með því, að ríkið tæki innflutninginn í sínar hendur, og í öðru lagi með lækkun tolla. Þannig hefði orðið komizt hjá henni beinu meðgjöf með neyzluvörunum, eftir því sem frekast var kostur.

En um þetta gat ekki orðið samkomulag, og það vissu allir, þegar ríkisstj. var mynduð. En þrátt fyrir mismunandi sjónarmið voru stjórnarflokkarnir ákveðnir í því að leysa þetta mál, ganga til móts hverjir við aðra, vegna þess að eins og öll íslenzka þjóðin voru þeir á einu máli um það að gera ekki þann óvinafagnað að hætta að vinna sameiginlega að hinum miklu framfaramálum, sem þeir hafa komið sér saman um, vegna ágreinings um framkvæmdaatriði líðandi stundar, sem minna máli skipta. Hvað var þá til ráða? Að láta vísitöluna hækka yfir 300 stig? Það mundi hafa stöðvað bátaflotann. Ekki kom það til mála. Að halda áfram eins og að undanförnu niðurgreiðslum á kjöti og mjólk? Það mundi hafa orðið ríkissjóði ofviða og dregið stórlega úr opinberum framkvæmdum, auk þess sem það hlýtur að tefja aðkallandi úrlausn vandamálanna að falsa útsöluverð landbúnaðarafurða, þ. e. fela raunveruleikann.

Skömmtun hefði getað komið til greina, en hún hafði þann galla að fela verðið á nokkrum hluta afurðanna, en hefði annars haft nákvæmlega sama gildi fyrir verkalýðinn og það ráð, sem upp var tekið. Þetta, sem gert var, var því

eina úrræðið, sem eftir var og samkomulag gat orðið um. Þetta hefur líka þann mikla kost, að vísitölumagnið er leiðrétt neytendum í hag. Kjötmagnið, sem gengur inn í vísitöluna, er aðeins 31,3 kg. á mann á ári, en samkvæmt l. er greitt niður á 40 kg. fyrir hvern einstakling á ári eða 200 kg. á 5 manna fjölskyldu. M. ö. o., vísitalan gerir ráð fyrir, að tekjur fimm manna fjölskyldu þurfi að hækka um liðl. 680 kr. á ári, til þess að vera talin skaðlaus vegna kjöthækkunarinnar, en nú fær fimm manna fjölskylda 870 kr. greiddar. Vinnsluvörur úr kjöti koma hins vegar ekki til greina í þessu sambandi, því að hækkun þeirra var komin inn í vísitöluna áður.

Það var horfið að þessu ráði í fullu samráði við verkalýðssamtökin, og fyrir Sósfl. kom það ekki til mála að fallast á neitt í þessu máli, nema það væri að öllu leyti með vilja þeirra. Hvert atriði var þaulrætt með fulltrúum verkalýðssamtakanna. Hins vegar er framkvæmd þessara mála að öllu leyti í höndum landbrn., og Sósfl. á þar engan hlut að. Það verður að treysta því, að landbrn. vaki yfir því, að lögin séu réttilega framkvæmd og allar réttmætar kvartanir teknar til greina.

Einhleypingar verða verst úti — ekki af völdum þessa fyrirkomulags, heldur yfirleitt þegar verðlagi neyzluvara er haldið niðri, eins og gert hefur verið að undanförnu. Þetta kemur til af hinu óskaplega verði á fæði, sem ekki er í nokkru samræmi við vísitöluna. Þetta er aðkallandi vandamál, sem brýna nauðsyn ber til að gera gangskör að að kippa í lag.

Gífuryrðum framsóknarmanna út af fyrirkomulagi verðlagningarinnar hefur svo oft verið svarað, að ekki þarf að fara um þau mörgum orðum. Það var boðið upp á samkomulag við neytendur, og því var hafnað. Það segir sig sjálft, að þá mundi landbrh. grípa til sinna ráða. Hann gerði það með því að leggja valdið í hendur ráðs bænda, sem hann tilnefndi. En á öllu valdatímabili Framsfl. voru það ekki bændur, heldur ríkisstj., sem réð verðlagningu landbúnaðarafurða. Oddamaður verðlagsnefndanna hefur verið skipaður af ráðherra. Nákvæmara væri að segja, að valdið hefði verið í höndum Framsfl. Ég held, að enginn lái landbrh. í alvöru, þótt hann fæli ekki Framsfl. þetta vald áfram, hvernig sem menn annars vilja, að þessum málum sé skipað. Hvað vildu annars framsóknarmenn? Vildu þeir láta hækka eða lækka verð á landbúnaðarafurðum? Það er torráðin gáta. Búnaðarþingið neitaði að semja við Alþýðusamband Íslands um nokkurn veginn sama verð á landbúnaðarafurðum og nú hefur verið ákveðið, af því að það verð þótti of lágt. Það nægði ekki að hækka verðið um 9,4%, þeir vildu láta hækka það um 20%. Í fyrra börðust þessir sömu framsóknarmenn eins og ljón fyrir því, að afurðaverðið yrði lækkað frá því, sem sex manna nefndar álitið ákvað, þá þótti þeim verðið 9,4% of hátt. Og það er margyfirlýst stefna Framsfl. að lækka stórum verð á landbúnaðarafurðum og kaupgjald. Þetta á meira að segja að vera eina ráðið til þess að bjarga íslenzkum atvinnuvegum frá hruni. Framsóknarmenn neituðu allri samvinnu við Sósfl. og síðar við núverandi stjórnarflokka, af því að Sósfl. vildi ekki fallast á „evangelium" framsóknarmanna: allsherjar kauplækkun og lækkun afurðaverðs samtímis. — Verðlækkun afurða landbúnaðarins er því hvorki meira né minna en fyrsta og aðalstefnuskrármál Framsfl. Samt bölsótast þeir nú eins og naut í flagi af því, að verðið á þessum vörum sé ákveðið of lágt, og neita allri samvinnu við verkalýðssamtökin á þeim grundvelli og hóta jafnvel framleiðsluverkfalli af þeim sökum.

Einn daginn of lágt, annan daginn of hátt. Stundum er þessum skoðunum haldið fram í sömu ræðu, hvort tveggja barið fram með jafnmikilli æsingu og vanstillingu. Er hægt að hugsa sér öllu fáránlegri tilburði? Hvers vegna láta mennirnir svona? Því er auðsvarað: Það er vegna þess, að það er ekki landbúnaðurinn, sem þeir bera fyrir brjósti, heldur Framsfl. Takmark líðandi stundar er að sprengja samstarf núverandi stjórnarflokka og stefnumiðið að viðhalda þjóðfélagsháttum, þar sem er rúm fyrir Framsfl.

Hækkun eða lækkun landbúnaðarafurða, — skyldi það vera leiðin til að losa landbúnaðinn úr vandanum? Við skulum fyrst athuga hækkunina. Ýmsir hafa t. d. óttazt, að hið háa útsöluverð á kjöti í ár yrði bændum til mikils tjóns. Þetta hefur verið mjög almennt álit meðal bænda. Og ráðsmennskan í kjötsölumálunum hefur verið þannig, að þegar útsöluverðið er hátt á elleftu krónu, hafa margir búizt við að fá sjálfir í hæsta lagi 6 krónur fyrir kg. Sem betur fer munu þeir fá meira fyrir kjötið í ár, því að það eru horfur á, að öll kjötframleiðslan seljist innanlands. En það er jafnvíst, að ef verðið hefði verið ákveðið 10% hærra, hefðu litlar líkur verið fyrir því, að hægt væri að selja allt innlenda kjötið á innlendum markaði.

Hátt verð á landbúnaðarafurðum, sem framleiddar eru við frumstæð skilyrði og haldið uppi með valdboði, hlýtur fyrr eða síðar að leiða til hruns og leiða nýja kreppu, örbirgð og niðurlægingu yfir bændastéttina, eins og verst var á fyrirstríðsárunum. Þetta er hagfræði, sem hvert mannsbarn skilur, jafnvel framsóknarmenn líka.

Verðlækkun og kauplækkun samtímis, — skyldi það vera leiðin? Skyldi það vera hagur fyrir bændur? Fjöldi bændaheimila lifir bæði á búsafurðum og vinnu utan heimilis. Ég hef til dæmis upplýsingar um eina sveit, þar sem voru aðeins tvær kaupakonur og einn kaupamaður síðast liðið sumar í allri sveitinni. En næstum því frá hverju heimili fór einhver í vinnu, sumir marga mánuði. Hér er því um tvöfalda tekjurýrnun að ræða fyrir þorra bænda. Þetta er aðalstefnumál Framsfl.

Framsfl. vill áframhaldandi fátækt, bágindi og basl hinna frumstæðu búskaparhátta og dreifðu byggða. Í annan stað vill hann fjandskap milli verkamanna og bænda. Annars væri ekkert rúm fyrir Framsfl. í þjóðfélaginu. Samvirkir þjóðfélagshættir í sveitum kippa grundvellinum undan honum, og náin samvinna verkamanna og bænda mundi gera hann óþarfan. Þess vegna hrópar hann stundum verðhækkun, stundum verðlækkun eða kauplækkun —

allt eftir því, hvað við á, — hvort þessa stundina þarf að leggja meiri áherzlu á að sprengja stjórnarsamvinnuna eða koma í veg fyrir, að sættir takist milli bænda og verkamanna. En það er ekki hægt að leysa neitt vandamál með því að hækka eða lækka afurðaverð, fremur en að hafa áhrif á rás tímans með því að flýta eða seinka klukkunni.

Og takið eftir, hlustendur góðir. Þegar hv. þm. guðsmaðurinn Eysteinn Jónsson talar hér á eftir, — mun hann halda áfram að jagast um verðið, — halda áfram að eltast við skuggann sinn.

Það er rétt, að framsóknarmenn sjá oft, hvað málstaður þeirra stendur höllum fæti, og hrópa því stundum allhátt um ýmsar svokallaðar tæknilegar framkvæmdir. En næstum undantekningarlaust eru þetta blekkingar, sbr. tillögur þeirra um áburðarverksmiðju og rafmagnsmálin. Þetta kemur til af því, að nútíma tækni og dreifbýli eru gersamlega ósamrýmanlegir hlutir.

Ég vil nú í örstuttu máli lýsa stefnu Sósfl. í þessum málum:

Samkv. málefnasamningi stjórnarflokkanna er til þess ætlazt, að 50 millj. kr. verði varið til kaupa á tækjum til landbúnaðarins, vélum og verksmiðjum, og það er áríðandi, að þessu fé verði skynsamlega varið, þannig að það komi að sem beztu gagni. Til þess ríður á samstarfi við bændastéttina. Það hlýtur fyrst og fremst að vera komið undir skilningi og viðsýni bændastéttarinnar, hvort fjármunum þessum verður varið í samræmi við hagsmuni fólksins í sveitunum.

Enginn mælir á móti því, að það þurfi að auka tækni í landbúnaðinum. Á því veltur framtíð landbúnaðarins og að mjög miklu leyti framtíð þjóðarinnar. Fólk, sem vinnur við tæknilega úrelta atvinnuhætti, getur ekki búizt við að lifa menningarlífi. Hin fullkomna tækni samrýmist ekki þeim atvinnuháttum, sem nú eru í landbúnaðinum. Tækni og hokurbúskapur geta ekki farið saman. Þess vegna þarf að stefna að meira þéttbýli af ástæðum, sem hverjum manni hljóta að vera augljósar. Það er ekki hægt að nota samstæðar nýtízku landbúnaðarvélar, nema í þéttbýli. Það er ekki hægt að koma á góðum og greiðum samgöngum, nema byggðin færist saman. Það er ekki hægt að koma á þeirri verkaskiptingu, sem tæknin krefst, nema í þéttbýli. Það er ekki hægt að koma því við, að hver búandi njóti aðstoðar sérfræðinga, nema í þéttbýli.

Stefna sósialista í landbúnaðarmálum er í höfuðatriðum þessi:

1) Það þarf að framleiða samkv. áætlun þær landbúnaðarafurðir, sem landsmenn þurfa til eigin neyzlu, og skipta landinu í framleiðslusvæði, þannig að hver framleiðslugrein verði stunduð einungis eða að mestu þar, sem skilyrði eru bezt.

2) Landbúnaðurinn þarf að tileinka sér alla þá tækni, sem nútíminn hefur yfir að ráða í ræktun, búskaparháttum, geymslu, meðferð og vinnslu landbúnaðarafurða o. s. frv.

3) Byggðin þarf að færast saman á þeim stöðum, þar sem skilyrðin eru bezt og liggja bezt við samgöngum. Í byggðahverfum þurfa menn að hafa sem nánasta samvinnu, fyrst og fremst um vélar, flutningatæki, húsbyggingar o. s. frv.

4) Það þarf að vera náin samvinna milli verkamanna og bænda, bæði um afurðasölu, verð og nýsköpun í landbúnaðinum.

Það verður fyrst og fremst að vera verk bænda að rétta landbúnaðinn úr kútnum. Fyrr verður það ekki gert en jafnharðan og þeir öðlast skilning á því, sem þarf að gera, og hefjast sjálfir handa. En verkalýðurinn er reiðubúinn að veita þeim alla sína aðstoð, og það er ekki hægt að stefna fram á við í landbúnaðinum, nema í samráði og samvinnu við fólkið í kaupstöðunum. Annars er stefnt aftur á bak.

Á þingi 1942 bar Sósíalistaflokkurinn fram eftirfarandi tillögu:

„Alþingi ályktar að fela Búnaðarfélagi Íslands eftirfarandi verkefni:

1) Að láta fara fram rannsókn á því, hvar heppilegust eru skilyrði með tilliti til ræktunar, rafvirkjunar, samgangna o. s. frv. til landbúnaðarframleiðslu í ýmsum greinum með stofnun byggðahverfa og aukið þéttbýli fyrir augum.

2) Að gera áætlun um rafvirkjun sveitabyggða og samgöngukerfi sveitanna með hliðsjón af rannsókn þeirri, er greinir í 1. lið, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi ríkisstofnanir.

3) Í sambandi við ofangreinda rannsókn að gera tillögur um stofnun fyrirmyndarbúa á ýmsum stöðum á landinu og um fyrirkomulag þeirra, og skulu verkefni þeirra vera m. a. að gera tilraunir í ræktun og búrekstri, halda námskeið fyrir bændur o. s. frv.

4) Að undirbúa löggjöf um framkvæmdir og aðstoð við landbúnaðinn á grundvelli þess undirbúningsstarfs, sem að ofan greinir, og að endurskoða gildandi búnaðarlöggjöf, til að greiða fyrir þróun hans í samræmi við þær niðurstöður, sem rannsókn sú, er um getur í 1. lið, leiðir í ljós.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.“

Þessi tillaga var samþ., en ekkert gert til að framkvæma hana, nema nokkrar rannsóknir um byggðahverfi, sem þeir Steingrímur Steinþórsson og Pálmi Einarsson gerðu.

Í samræmi við þessa stefnu bárum við hv. 7. landsk. þm., Kristinn Andrésson, fram frv. á síðasta þingi um nýbyggðir. Aðalefni frv. er, að stofna skal sjóð, sem hafi það verkefni með höndum að veita lánsfé með mjög lágum vöxtum til þess að reisa byggðahverfi (vextir og afborganir 3% í 42 ár). Ríkissjóður leggur honum 10 millj. króna sem stofnfé og síðan 1,5 millj. kr. á ári. Ríkið lætur framkvæma undirbúningsræktun á öllu landi byggðahverfisins og lætur fullrækta 6 ha. fyrir hvert býli, en ræktunarland hvers býlis skal vera minnst 12 ha. Nýbyggðastjórn lætur reisa íbúðarhús og peningshús í byggðahverfum, en síðan taka búendur við lánunum. Þeir, sem búa á jörðum, sem dæmdar hafa verið óhæfar til ábúðar, skulu sitja fyrir ábúð í byggðahverfi. — Þá er gert ráð fyrir smærri býlum fyrir þá, sem stunda aðra aðalatvinnu, svo sem smiði, bílstjóra o. s. frv., og svo í kaupstöðum við sjávarsíðuna.

Þessu frv. var vísað til nýbyggingarráðs, og

hefur nýbyggingarráð látið fara fram mjög ýtarlega athugun á öllum þessum málum.

Væntanlega verður hægt að leggja tillögurnar í því formi, sem þær komu frá nýbyggingarráði, fyrir Alþingi alveg á næstunni.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég mun eðlilega beina máli mínu til hv. þm. Mýr., þar sem hann er sá eini af þeim, sem talað hafa, sem hefur borið fram nokkra teljandi gagnrýni á lagafrv. það, sem hér er til umr. í kvöld.

Hann byrjaði á því að benda á það, að sex manna nefndar álitið mundi vera í gildi enn þá. En í l. er kveðið svo á, að ef samkomulag verði í sex manna nefndinni, skuli álit hennar gilda sem l. meðan núverandi ófriðarástand helzt, og hv. þm. sagði, að á þessu ári hefðu engar breyt. orðið á ófriðarástandinu. Ég bendi sérstaklega á þetta, ekki af því, að ég búist við, að þessi rök gangi svo mjög í almenning, sem á þessar umr. hlustar, heldur vegna þess, að þetta er gott sýnishorn af því, hvernig Framsfl. hefur haldið á máli sínu og skilið þessa löggjöf, sem hér er til umræðu. Menn geta hugsað sér það, að þegar það er borið fram fyrir alþjóð, að á þessu ári hafi engar breyt. orðið á ófriðarástandinu, þá séu undarleg rökin um þau atriði, sem ættu þó að liggja eins ljóst fyrir og þetta. Allir vita, að sú mikla breyt. hefur orðið, að siglingar eru hafnar frá Íslandi til flestra þeirra landa, sem við höfðum viðskipti við fyrir ófriðinn. Það veit hv. þm., og við höfum í raun og veru kannske nú betri möguleika en nokkurn tíma áður á því að fá góðan markað fyrir afurðir okkar. Við framleiðum að mestu leyti matvæli, og heimurinn þarfnast þeirra mest. Ef við þess vegna getum ekki í ár fengið það verð fyrir afurðir okkar, sem við gætum unað við, þá eru ekki líkur til þess, að við getum það frekar síðar.

Eftir að hv. þm. hafði fært fram þessi rök fyrir því, að engin breyting hefði orðið á ófriðarástandinu á þessum árum, sneri hann sér næst að því að sýna fram á, að með bráðabirgðalögum þeim, sem hér eru til umr., hefði verið tekið valdið af bændum til þess að verðleggja vöru sína, og hefði það verið lagt í hendur ríkisstj. Hann gat nú ekki komizt hjá að játa það, að í verðlagningarnefndunum gömlu höfðu aðeins verið 2 menn af 5, sem unnt hefði verið að líta á sem fulltrúa bænda, og það getur orkað nokkuð tvímælis, að hve miklu leyti þeir gátu talizt fulltrúar bænda. En hvað sem þessu máli líður, er auðsætt mál, að af 25 mönnum í verðlagningarnefnd höfðu bændur ekki nema 12 menn, sem þeir gátu talið sína fulltrúa. Breyt., sem gerð hefur verið, er sú, að fjölmenn nefnd, sem skipuð er eingöngu bændum, tilnefnir 4 menn af fimm, sem falið er það vald að verðleggja afurðir landbúnaðarins. Sá maður, sem treystir sér til þess að leiða landslýð í allan sannleika um það, að engar breyt. hafi orðið á ástandinu, getur víst sannfært þá sömu um það, að verið sé að taka valdið af bændum, með alveg sömu rökum.

Á það hefur verið lögð mikil áherzla, frá því að byrjað var að ræða þessi mál, að telja bændum trú um, að verðlagningarvaldið væri í höndum landbrh., þrátt fyrir það, að þessi 25 manna nefnd, sem skipuð hefur verið bændum, hefur það raunverulega vald. Þetta stafi af því, að landbrh. skipi alltaf landbúnaðarráð, og hann hafi því aðstöðu til að hafa áhrif á gerðir þess. Hv. þm. A.-Húnv. sýndi fram á í sinni ræðu, með rökum, sem ég tel alveg eins góð og gild og rök hv. þm. Mýr., að ef ríkisstj. hefði viljað draga þetta vald í sínar hendur, þá hefði verið miklu einfaldara að láta gömlu ákvæðin um verðlagningarnefnd haldast óbreytt eins og þau voru. *Ríkisstj. þurfti þá ekki annað en* að tryggja sér formann verðlagningarnefndar, velja öruggan skoðanabróður sinn í formannsstarfið. Og hitt held ég, að sé varla hægt að segja, að ríkisstj. geti haft að leiksoppi jafnfjölmenna n. og búnaðarráð, sem hlýtur að vera skipað áður en hlutaðeigandi ráðh. hefur aðstöðu til að geta kynnt sér skoðanir nefndarmanna. Það er síður en svo, að það sé fjárhagslegur hagnaður fyrir menn að taka sæti í búnaðarráði, og ekki sennilegt, að nokkur telji það svo mikla vegtyllu, að hann vilji láta drengskap sinn með því, en það mundi sá gera, sem ekki færi eftir samvizku sinni. Ég held því, að vandfundin sé aðferð, er tryggi betur hagsmunasjónarmið framleiðenda en sú aðferð, sem valin hefur verið af ríkisstj.

Þá kom hv. þm. að stéttarsamtökum bænda og gerði mikið úr því, hvern fjandskap ríkisstj. hefði sýnt þessum samtökum og hvernig þau hefðu verið virt að vettugi í sambandi við þetta mál. Þm. er nú eldri en tvævetur og man víst eftir því, að áður hefur verið gerð tilraun til að stofna til stéttarsamtaka bænda hér á landi. Ég held, að hv. þm. muni líka, hvaða afstöðu hann tók til þeirra tilrauna þá og hans flokkur. Ég held, að allur Framsfl. hafi þá sýnt þessum tilraunum þann fyllsta fjandskap, sem hægt var að sýna slíkri viðleitni. Og það var kannske ekki nema mannlegt, því að vitað er, að sú tilraun var gerð til þess að vinna öðrum flokkum fylgi á sama hátt og Framsfl. er að reyna að nota bændasamtökin nú sem áróðurstæki fyrir sig. En það þarf ekki að fara svona langt aftur í tímann, til ársins 1933, þegar ég ætla, að þessar tilraunir hafi verið gerðar. Ég held, að hv. þm. Mýr. og margir af hans flokksbræðrum hafi ekki litið með neinni sérstakri vinsemd það bréf, sem birt var í flestum blöðum á landinu, um n., sem kosin var af búnaðarsamböndum Suðurlandsundirlendisins á s. l. sumri. Þá er það t. d. haft eftir hv. þm. Mýr., að aldrei mætti hafa frið fyrir þessum bændasamtökum, sem hann áréttaði með orði, sem ekki er útvarpshæft. Þá var hv. þm. Mýr. ekki hrifnari en þetta af bændasamtökunum, en svo kom hann auga á þann möguleika að nota þessi bændasamtök sér og flokki sínum til framdráttar. Ég verð nú að játa það, að það kom mér undarlega fyrir sjónir, þegar hv. þm. fór að sverja fyrir það, að hann og hans flokkur ætluðust í raun og veru til þess, að þessum stéttarsamtökum bænda væri falið verðlagningarvaldið, en ég skildi þetta svo. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur orðið svo uppnæmur við ræðu þá, sem hv. þm. V.-Ísf. flutti við fyrri hluta þessarar umr., hvort honum hefur þá fyrst

orðið það ljóst, hversu ósegjanlegar villigötur það eru, sem hann og flokkur hans fara, þegar þeir halda því fram, að með því að ganga fram hjá stéttarsambandinu, sé verið að skapa bændastéttinni annan og lakari rétt en öðrum stéttum þjóðfélagsins. Hann veit það vel, þessi hv. þm., og hans flokksbræður, að þennan rétt hefur engin stétt í þjóðfélaginu, sjómenn hafa hann ekki, verkamenn hafa hann ekki, kaupsýslumenn hafa hann ekki. Allir þessir menn verða að sætta sig við að selja sína vöru því verði, sem eðlilegt framboð og eftirspurn eftir vörunni hefur skapað, og þeim reglum, sem verðlagsyfirvöldin í landinu hafa skapað þeim. Nú skal játað, að um það má deila, hvort það væri heppilegt að láta framleiðendur óskorað hafa vald til þess að verðleggja vöru sína. En um hitt verður naumast deilt, að meðan svo standa sakir, að ríkissjóður verður að hafa mjög þungbær útgjöld í sambandi við niðurgreiðslurnar, þá er ekki hægt fyrir ríkissjóð að sleppa þessu valdi alveg úr höndum sínum. Þegar málum væri svo komið, að öruggt þætti, að ríkisstj. þyrfti ekki að borga uppbætur á landbúnaðarafurðir, þá fyrst væri tími til þess að ræða um, hvort hægt væri að láta stéttasamtökin hafa þetta vald óskorað. Mér er ljóst, að þetta er tvieggjað sverð, mikill vandi, en það er mikil ábyrgð, sem fylgir því, og ég er alls ekki viss um nema sú ábyrgð væri fullkomlega eins sterk leið til eins heppilegrar niðurstöðu og þeir samningar, sem áður réðu úrslitum í þessum efnum.

Þá talaði hv. þm. um verðlagninguna, sem farið hefur fram á þessu hausti, og sagði, að verðlagningarnefnd hefði til þess að þóknast stj. ákveðið verðið lægra en rétt hefði verið og með því bakað landbúnaðinum mikið tjón. Það væri náttúrlega mjög auðvelt að leysa þessi mál landbúnaðarins, ef vandinn væri enginn annar en sá að hækka verðið ár frá ári. Framsfl. hefur nú fundið upp dálítið sérstakt spakmæli í þessu, spakmæli, sem ég hef séð bezt lýst í kveðlingi, sem birtist í norðlenzku blaði: upp með verðið, niður með dýrtíðina. — Þetta er ágæt regla, en hvernig gengur að framkvæma hana; það er dálítið annað mál, málið er því miður miklu vandasamara en þetta. Landbúnaðarvörur eru, eins og öll önnur verðmæti, háðar því lögmáli, að framboð og eftirspurn verður, þegar til lengdar lætur, að ráða mestu um verðlag á þeim. Það er auðsætt mál, að ef farið er með verðið lengra en góðu hófi gegnir, þá hlýtur það að leiða til þess, að *salan minnkar og þar af* leiðandi verði meiri útflutningur á vörunni og meðalverð, sem framleiðandinn fær, því miklu lægra. Ég er sannfærður um það, að verðlagsnefndin, sem ákvað verð á landbúnaðarafurðum í haust, gerði það fyrst og fremst eftir beztu samvizku og alveg án tillits til þess, hvort stj. þóknaðist betur eða verr í þeim efnum. Ég er sannfærður um það líka, að n. hefur ratað betur en í raun og veru hefði mátt búast við rétt meðalhóf í þessum efnum.

Það hefur verið á það bent, að allar stéttir hafi fengið kauphækkanir síðan um haustið 1944, og það er að nokkru leyti rétt og að nokkru leyti ekki rétt. En þess verður þó líka að gæta, að sú verðhækkun, sem varð á landbúnaðarafurðum í haust, er sannarlega ekki einskis virði. En verðhækkuninni varð þó svo í hóf stillt fyrst og fremst, svo að samkomulag næðist innan ríkisstj. um niðurgreiðslur á þessum vörum, sem gefur vonir um, að mjög mikill hluti þeirra eða allar verði seljanlegar á innlendum markaði. Þar af leiðandi gefur það vonir um, að bændur fái hærra verð fyrir afurðirnar en þeir fengu á síðasta ári. Og ef þetta mætti verða, þrátt fyrir þá miklu breytingu, sem orðið hefur, — þrátt fyrir það, þó að sex manna nefndar álitið sé fallið úr gildi og þar af leiðandi horfnar þær tryggingar, sem bændur hafa talið sig eiga til þess að fá ákveðið verð fyrir vörur sínar, að endirinn yrði sá, að þeir fái hærra verð heldur en samkv. sex manna nefndar álitinu vegna þess, að vel hefur ráðizt fram úr þessu máli, þá eiga bændur að vera þakklátir ríkisstj. fyrir það, en ekki að taka undir það níð, sem á hana hefur verið borið.

Forseti (BG): Hæstv. fjmrh. hefur lokið máli sínu. Hann talaði í 19 eða 20 mín., en hafði 21 mín. til umráða.

Næst tekur til máls hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) og talar af hálfu Framsfl.

Eysteinn Jónsson: Það varð heldur fátt til fanga hjá hæstv. fjmrh. (PM). Hann reyndi að gera sér mat úr því, sem hv. þm. Mýr. (BÁ) benti réttilega á, að ófriðarástand ríkti enn í viðskiptamálunum svipað og verið hefur. Hann vildi fá menn til þess að trúa því, að hv. þm. Mýr. vildi koma mönnum til að líta svo á, að ófriðurinn væri enn yfirstandandi. Enn þá er Evrópa lokuð, og þess vegna er ekkert breytt af þeim forsendum, sem voru fyrir því að ákveða uppbætur á sínum tíma.

Hæstv. fjmrh. var að reyna að gefa í skyn, að stéttarsamtök bænda væru pólitísk og að Framsfl. stæði að því að nota þau sér til pólitísks framdráttar. Hæstv. ráðh. gleymir að geta þess, að meiri hl. í stjórn stéttarsamtakanna eru *sjálfstæðismenn, menn sem tilheyra hans eigin* flokki. Það ber því vott um illvilja hæstv. ráðh. í garð samtakanna, að hann skuli reyna að gera þau tortryggileg á þennan hátt. —

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að ríkisstj. ráði ekki fram úr fjármálum ríkisins, ef bændur verðleggja vörur sínar sjálfir. Mætti spyrja: Hverjar eru þær aðgerðir, sem ríkisstj. ræður, *á meðan hún ræður ekki við kaupgjaldsmálin?* Hún ræður engu. Kaupið hefur hækkað um 20% frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum, en á sama tíma hefur verðið á landbúnaðarafurðunum staðið í stað. Það er því eitthvað annað og meira en verðið á landbúnaðarafurðunum, sem hefur áhrif á dýrtíðarvísitöluna. Ég ætla, að þetta sé nægilegt svar við hinum heimspekilegu bollaleggingum hv. þm. V.-Ísf.

Það er tilhæfulaust, sem hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) sagði, að blaðið Dagur hafi unnið gegn kjötsölunni. En hitt hafði blaðið gert, að sýna fram á, að þröngt mundi fyrir dyrum hjá neytendum bæjanna að kaupa kjötið við hækkuðu verði, án þess að það sé tekið til greina í vísi-

tölunni, eins og það átti sér stað í haust. Neytendur vissu ekki, hvert kjötverðið mundi verða, og þess vegna seldist svo lítið af kjöti í sláturtíðinni. Neytendur veigruðu sér við að kaupa sér vetrarforða af kjöti í sláturtíðinni eingöngu vegna óvissunnar um verðið.

Ég öfunda ekki fulltrúa sósialista af þessum umræðum. Hv. 2. landsk. (ÁS) kyrjaði hér lofsöng um dýrtíðina. — „Það þarf ekki að fara mörgum orðum um áhrif dýrtíðarinnar á afkomu þjóðarinnar. Öllum kjarabótum, sem verkamenn og bændur hafa náð, er stefnt í hættu. Því meir sem dýrtíðin vex, því meira verður öryggisleysið. Fyrir braskarana skapar slíkt ástand aftur á móti skilyrði fyrir ofsagróða. Meðan búskaparhættir auðvaldsins haldast, hlýtur ört vaxandi dýrtíð óhjákvæmilega að leiða til hruns fyrr eða síðar og þess atvinnuleysis, sem því er samfara.“ Þetta er ekki úr Tímanum. Þetta er úr kosningastefnuskrá Sósfl. við síðustu alþingiskosningar. Hver er svo þáttur kommúnista í landbúnaðarmálunum? Þegar 6 manna nefndar álitið var fyrst gefið út, gortuðu þeir af þátttöku sinni í því og sögðu, að hagsmunum bænda væri borgið og að nú ættu bændur og verkamenn að taka upp virka sameiginlega baráttu fyrir hagsmunamálum sínum. Síðar áttu þeir hlut að því að setja þessi illræmdu l., sem svipta bændur sjálfsákvörðunarréttinum um sín eigin málefni, og jafnframt koma svo fulltrúar þeirra nú og standa hér kófsveittir við að verja þessa löggjöf. Það þarf liprari mann en hv. 2. landsk. (ÁS), búnaðarráðsmann af náð hæstv. fjmrh., til þess að það megi takast, og ekki tókst hæstv. menntmrh. (BrB) það betur.

Umræðurnar hér á Alþ. um þetta mál hafa staðfest eftirfarandi:

Með lögunum um búnaðarráð er bændastéttin svipt allri íhlutun um verðlagsmál landbúnaðarins. Var þá ekki nóg að hafa form. ráðsins, heldur þurfti líka að dreifa ábyrgðinni og fá dularbúning á ráðstafanirnar.

Þessi ráðstöfun var gerð af ríkisstj. til þess að koma fram þeirri verðlagningu landbúnaðarafurða, sem hún vissi fyrirfram, að var gagnstæð vilja bændastéttarinnar. Það lá alveg ljóst fyrir með samþykktum búnaðarþings og stéttarsambands bænda, að þeir ætluðust alls ekki til, að hér yrði gengið lengra til lækkunar frá sex manna nefndar álitinu en gert hafði verið í fyrra.

Búnaðarráð er því skipað til þess að koma fram verðlækkun landbúnaðarafurða í þágu ríkisstj., en bændum um leið storkað með þeirri fjarstæðu, að verðlagningarvaldið hafi verið afhent þeim á þennan hátt.

Svo lágt hafa menn lagzt í vörninni, að því hefur verið haldið fram, að þetta hafi orðið að gera til þess að koma í veg fyrir ábyrgðarlausar ákvarðanir bændastéttarinnar í verðlagsmálum. Þetta er vitnisburðurinn um þá stétt manna, sem ein hefur boðið fram tilslakanir í dýrtíðarmálunum og aldrei hefur látið sér til hugar koma að fara lengra í málinu en sameiginlegur verðlagsdómstóll þeirra og fulltrúa launastéttanna hefði metið sanngjarnt og réttlátt. Það var nú allt ábyrgðarleysið, sem fyrirhugað var að sýna.

Meiri hluti búnaðarráðs hefur notað ráðherrafengið vald sitt til þess að lækka nettóverð sláturfjárafurða, í stað þess að færa þær og aðrar landbúnaðarafurðir til samræmis við vísitölu framleiðslukostnaðar. En á sama tíma hefur þessi stofnun hækkað þóknun til millilíða, sem kjötið selja, um 48 aura á hvert kg. kjöts, og eru með því teknar 2—2,5 millj. kr. úr vasa bændanna, eftir því hve mikið selst innanlands.

Á kjötsölumálunum hefur verið þannig haldið á s.l. hausti af hendi stjórnarvaldanna, að líkast er því, sem fyrir valdhöfunum hafi vakað að spilla sem mest fyrir sölu afurðanna. Þess hefur þá einnig verið vandlega gætt, að enginn þeirra manna, sem mesta þekkingu og reynslu hafa í þessum málum, kæmi þar nærri. Hv. 2. landsk. (ÁS) las upp tjónið af því.

Ríkisstj. hóf göngu sína með því að misnota tilslökunarboð búnaðarþings frá í fyrrahaust með því að setja fast afurðaverðið, en stofna um leið til kauphækkana um landið þvert og endilangt. Þó hlaut stjórnarliðinu að vera það ljóst, að enginn búnaðarþingsfulltrúi né nokkur bóndi hafði né mundi gefa samþykki sitt til þess, að þannig væri á málinu haldið. Þessar þokkalegu aðfarir stjórnarflokkanna er svo reynt að nota í þessum umræðum sem afsökun fyrir því, að bændastéttinni eru nú skipaðir forráðamenn til þess að ákveða verðlagningu landbúnaðarvara í annað sinn í ósamræmi við hlut annarra og nú án útflutningsuppbóta. — Hver er sá, sem ekki kannast við þetta? Ríkisstj. hreyfir hvorki hönd né fót til þess að standa gegn ýmsum kröfum um hækkanir, sem ekki hafa aðeins haft áhrif á dýrtíðina, heldur auka einnig ósamræmið milli stétta. Hún hefur meira að segja ýtt undir ýmsar slíkar kröfur, og þegar þær hafa verið á ferðinni, hefur ríkisstj. verið óþreytandi í því að draga fram kosti dýrtíðarinnar og benda á, að öllu muni óhætt. Hefur mönnum þá heyrzt, að dýrtíðin væri alveg mátuleg að dómi stjórnarvaldanna. En þegar bændastéttin gerir sig líklega til þess að notfæra sér tildæmdan rétt í verðlagsmálum, uppgötvar ríkisstj. allt í einu dýrtíðarvoðann og tekur sér vald til þess að koma í veg fyrir þetta.

Þessar ráðstafanir ríkisstj. og stjórnarflokkanna eru gerðar sömu vikurnar og bændur landsins eru að stofna stéttarsamtök, sem einmitt er ætlað að fara með þessi mál á hliðstæðan hátt og aðrar stéttir skipa sínum málum án íhlutunar stjórnar og löggjafarvalds. Bændur mundu ekki finna að því, þó að eftirlit væri haft með verðlagi á afurðum þeirra, ef aðrar stéttir yrðu að búa við það sama og þeim gert jafnt undir höfði og öðrum stéttum landsins. Það er engin krafa um einræði. Það er aðeins krafa um grundvöll að frjálsri verðmyndun. Bændur verða að taka tillit til markaðsskilyrða og eru bundnir af mörgu öðru, t. d. innflutningi amerísks smjörs. Þeir þola hömlur eins og aðrir, en ekki hitt, að þeir séu bundnir, þegar aðrir eru frjálsir. Jafnframt eru hafnar ofsóknir á hendur þessum stéttarsamtökum, og er svo langt gengið, að einn úr stuðningsliði stj., sem á þó

sjálfur að teljast bóndi, flytur tillögur á Alþingi, sem eiga að koma í veg fyrir, að bændur landsins geti notað nokkuð af því fé, sem þeir greiða sjálfir í búnaðarmálasjóð, til þess að standast kostnað við samtök sín.

Í nál. á þskj. 207 heldur þessi þm. því fram, að réttast sé, að Alþingi ákveði, hvernig verja skuli búnaðarmálasjóðnum, og sjái um, að honum sé betur varið en svo, að menn hafi hann til þess — og þá tek ég það orðrétt, að „éta það út á snakkfundum og eyða því í ferðakostnað pólitískra spekúlanta." Þetta er vitnisburður þessa hv. þm. (JPálm) um félagsstarfsemi bændanna og þá mörgu menn úr bændastétt, sem bændur fela forustu í málum sínum. Og undir þetta skrifar form. stærsta verkamannafélags landsins (SG), verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Hvað ætli menn segðu um þann fulltrúa verkamanna á Alþingi, sem þannig leyfði sér að tala um fundi verkalýðsfélaganna, Alþýðusambandsins og trúnaðarmenn verkamanna? En þetta er bændum ætlað að þola. Hvað er þess langt að bíða, að menn hætti að leyfa sér þvílíkt tal um félagssamtök bændanna? Vonandi er þess ekki langt að bíða.

Stjórnarflokkarnir vita vel um andúð bænda gegn þessu máli og ýmsum öðrum stjórnarráðstöfunum. En stjórnarliðið veit líka, að það getur sagt 3 orð á móti hverju einu, sem andstæðingar þeirra tala í útvarpsumræðum frá Alþ. Af þessum og þessum ástæðum einum er stofnað til þeirra umr., sem nú fara fram, ef ske kynni, að stjórnarliðinu tækist að þyrla upp slíku moldviðri, að einhver bóndi missti sjónar á aðalatriðunum og hikaði í þeirri baráttu, sem nú er hafin af bændastéttinni gegn ráðstöfunum ríkisstj. En þetta er vonlaust verk. Þótt talsmenn ríkisstj. töluðu hér einir, mundi hlutur þeirra fara versnandi við hverja lotu. Aðalatriði þessa máls eru svo einföld, en samt svo þýðingarmikil, að þeim er ekki hægt að leyna. Bændur munu því halda þessari baráttu áfram. Í því sambandi er gott að minnast þess, að bændur standa ekki einangraðir og án samúðar í þeirri baráttu. Því fer fjarri, að almenningur utan bændastéttarinnar, t. d. í hópi verkamanna, sjómanna og útvegsmanna, sé hrifinn af því, hverjum tökum bændastéttin hefur verið tekin af stjórnarherrunum.

Fjöldi þessara manna skilur, að það er ekki hægt að leysa vandamál dýrtíðarinnar með því að ganga á rétt einnar stéttar. Það er ef til vill hægt að kaupa ríkisstj. líf með slíku í nokkra mánuði, en hin miklu vandamál verða ekki leyst með því móti. Fjöldi þessara manna skilur, að það er ekki verðlag landbúnaðarafurða eitt, sem er hátt, þótt það sé of lágt í hlutfalli við annað, heldur einnig kaupgjald og allt annað verðlag.

Reynt verður samt að telja sjávarútvegsmönnum t. d. trú um, að allir erfiðleikar stafi af verðlagningu landbúnaðarafurða, — og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) reyndi það hér áðan, — og þess vegna sé jafnréttiskröfum bænda stefnt gegn þeim. Þess vegna megi sjávarútvegsmenn ekki styðja þann flokk, Framsfl., sem berst fyrir þeirra stefnu í dýrtíðarmálunum, af því hann berjist einnig fyrir jafnrétti bændastéttarinnar. En sá áróður rekur sig á það, að fjölmargir við sjávarsíðuna vita vel, að bændur landsins eru og verða beztu félagarnir í baráttunni gegn hinum sameiginlega óvini landbúnaðar og sjávarútvegs, — verðbólgunni. En auk þeirrar baráttu, þar sem menn úr ýmsum stéttum sameinast, eiga bændur landsins í stríði og hafa í þeirri viðureign samúð allra sanngjarnra manna, hvar í stétt sem þeir standa.

Barátta bændastéttarinnar gegn búnaðarráðslögunum, gegn fjötrun á búnaðarmálasjóði og gegn þeim öflum, sem eyða og koma fyrir kattarnef hverju framfaramáli, sem í nafni bændastéttarinnar er flutt og verulegu máli skiptir, er orðin að baráttu bændastéttarinnar fyrir félagslegu frelsi og baráttu fyrir jafnrétti hennar við aðra. Hún endar með sigri eða ósigri, ekki eftir því, hvað þeir menn segja, sem sitja nú yfir hennar hlut hér á Alþingi þjóðarinnar, heldur eftir því, hvernig bændur sjálfir halda á málum. Bændur hafa mótmælt þessum aðförum. Þeir standa saman um þau mótmæli og telja sér misboðið. Þeir hafa sagt A. Það er á þeirra valdi að segja einnig B. Það er á valdi bændastéttarinnar að koma í veg fyrir það, að nokkur þingmaður, sem stendur að þeirri meðferð á málefnum bænda, sem nú er viðhöfð, verði endurkosinn á þing í kjördæmum, þar sem bændur geta ráðið úrslitum.

Veruleg hreyfing í þessa átt mundi geta valdið straumhvörfum í stjórnmálum landsins. Það mundi standa glöggt fyrir mönnum á næstu árum, hvað það kostaði að ganga í berhögg við fjölmennustu stétt landsins á þann hátt, sem nú hefur verið gert. Verði hins vegar engin hreyfing í þessa átt, þá er kannske litlu betur farið en heima setið með sameiginleg mótmæli gegn ofbeldinu. Hvað halda menn þá, að slík mótmæli verði mikils metin næst? Hvað halda menn, að þeir, sem nú standa með hálfum hug að því, sem gert hefur verið, mundu telja sér óhætt að gera næst, ef þeir yrðu endurkosnir á þing af sumum þeim, sem nú eru algerlega mótfallnir því, sem nú hefur verið gert?

Bændur landsins standa á vegamótum. Annars vegar er leið innbyrðis sundrungar, deyfðar og misskilins umburðarlyndis, sem leiðir til þess, að á þeirra rétt verður gengið framvegis. Hins vegar er sú leið að snúa vörn í sókn og árásum andstæðinganna í flótta þeirra.

Liði stjórnarinnar er vel ljóst, hvað í húfi er. Það hafa raunar þessar umr. sýnt. Og þeir munu líka hafa sig alla við og nota alla nýtízku tækni í því sambandi. Ein aðferðin verður sú að rækta ágreining um einstök atriði, sem bændur greinir á um innbyrðis, t. d. það, hvernig stéttarsamtökum bænda skuli fyrir komið, eða um það, hvernig verja skuli fé búnaðarmálasjóðs. Þá mun verða reynt að draga athyglina frá því, sem nú er að gerast, með sífelldu tali um það, hvort réttmæt hafi verið sú ályktun, sem gerð var á búnaðarþingi í fyrra um verðlagsmál landbúnaðarins. Margar aðrar aðferðir munu verða reyndar. „Deildu og drottnaðu," sögðu Rómverjar. Kljúfa, — kljúfa bændastéttina er

kjörorðið, sem allir þessir menn hugsa og breyta eftir, en segja ekki. Önnur aðferðin er sú að rógbera Framsfl., af því að þessum mönnum er það ljóst, að ekki er hægt að gjalda þeim svo sem þeir eiga skilið eða breyta hinu pólitíska viðhorfi svo um muni, nema með því að efla Framsfl. Það er og verður skírskotað til gamalla væringa og ágreiningsefna annars vegar og hins vegar til fornra tengsla við þann flokk, sem nú hefur forustuna um landbúnaðarstefnu ríkisstj., og til vináttu við ýmsa af forráðamönnum hans.

Enginn er alfullkominn, og eitthvað má að öllu finna. Og tæpast finnast tveir menn, sem eru sammála um allt. Þetta vita talsmenn klofningsins harla vel og munu reyna að notfæra sér það út í æsar. Nú reynir á að greina aðalmálefnin frá smærri málum. Nú reynir á það, hvort menn hafa þroska til þess að láta gamlar væringar víkja fyrir sameiginlegri nauðsyn. Takist nógu mörgum það, munu vopnin snúast í höndum stjórnarliðsins og bændastétt landsins koma sterkari og áhrifameiri út úr þessari raun en áður var. Ég vona, — nei ég veit, að þetta tekst.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) hefur lokið máli sínu, og er þar með þessari útvarpsumr. lokið. Atkvgr. er frestað.

Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 158 felld með 12:10 atkv.

— 165 felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO.

nei: StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GÞ, HB, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh.

BG greiddi ekki atkv.

3 þm. (EmJ, FJ, GTh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GÞ, HB.

nei: JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ.

IngJ, BG greiddu ekki atkv.

3 þm. (EmJ, FJ, GTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. og 42. fundi í Ed., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 3. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er þetta frv., sem hér liggur fyrir, staðfesting á brbl., sem sett voru á s. l. sumri. — Þetta frv. hefur nú náð samþykki hv. Nd., og voru útvarpsumr. um það við 3. umr. í þeirri hv. d. Mun hv. þdm. því málið kunnugt, enda hefur það verið rætt hér í hv. d. í sambandi við umr. um annað mál. Ég mun því ekki hefja umr. um þetta mál nú við 1. um., en leyfi mér að gera það að till. minni, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er satt, sem hæstv. ráðh. sagði, að öllum dm. mun þetta mál kunnugt, og hefur verið töluvert rætt, m. a. við útvarpsumr. í hv. Nd. Ég veit því, að það muni ekki hafa neina þýðingu að fjölyrða um það hér, sízt við 1. umr., og sjálfsagt ekki við neina umr., því að það mun ekki vera meiningin að taka brtt. til greina, a. m. k. ef þær koma frá stjórnarandstöðunni. Ég ætla þá ekki heldur að fara að ihnleiða umr. um þetta mál hér. Ég ætla aðeins að taka það fram þegar, að ég lít á þetta mál sem hreinasta ofbeldisverk, fyrst og fremst ofbeldisverk gagnvart bændastétt landsins, sem nú hefur svo að segja einróma mótmælt þessum l., og mér er sterkur grunur á því, — og það er að sumu leyti alvarlegra mál, — að það sé ofbeldisverk gagnvart hreint og beint meiri hluta Alþ., að þetta mál er keyrt í gegn. Það er beint yfirlýst af einum stuðningsmanni þessarar hæstv. ríkisstj., hv. þm., sem sæti á í Nd., að hann sé mótfallinn þessu máli, þó að hann vegna afstöðu sinnar til ríkisstj. sæi sér ekki fært að greiða atkv. á móti því. Ég er alveg sannfærður um, að allur flokkur þessa hv. þm., sem ég gat um, lítur eins á málið. Öðruvísi getur það ekki verið. Það er með öllu óhugsandi, að nokkur maður, sem kallar sig sósíal-demókrata, geti raunverulega álitið rétt að samþ. l. sem þessi. Hvað snertir afstöðu Sósfl., sem saman stendur að mestu leyti af kommúnistum, er aftur á móti ekki gott að segja, því að afstaða hans er svo breytileg og fer eftir því, sem hann álítur heppilegustu leiðina til þess að ná sínu marki, svo að ekki er hægt að fullyrða um það, nema þeir hv. þm., sem þeim flokki fylgja, kunni að samþ. þetta frv. með glöðu geði; hitt er hægt að fullyrða, að það gerir enginn af þm. Alþfl., enginn af þm. Framsfl. og enginn af þeim þm. Sjálfstfl., sem kallaðir hafa verið fimmmenningarnir. Er þá kominn meiri hl. þ., sem áreiðanlega er á móti þessu máli. Ég sé, að hv. 3. landsk. er að skrifa niður hjá sér. Vitanlega ber hann á móti þessu, en það mun ekki svara kostnaði, því að það er gefið mál, að ef hann greiðir atkv. með þessu, þá gerir hann það móti sannfæringu sinni. Menn, sem kölluðu það prælalög, l. eins og gerðardómsl., sem sett voru 1942 og voru aðeins um það að lögbjóða kaup, sem hlutaðeigendur höfðu sjálfir samið um, þeir geta ekki litið öðruvísi á þetta frv., ef að l. verður, en sem prælal., sem eru ekki um það að lögbjóða það verð, sem bændur hafa sjálfir sett eða samið um, heldur er í raun og veru verið að lögbjóða það verð, sem einn maður getur ráðið. — Í útvarpsræðu frá hv. Nd., sem ég hlustaði á, var mikið rætt um það, hvaða afleiðingar þessi lagasetning hefði haft í haust. Ég ætla að ganga

alveg fram hjá því atriði. Það er miklu meira virði, hvað þessi l. boða fyrir framtíðina og hvaða fordæmi þau gefa, heldur en það, hvernig þau hafa reynzt nú í haust. Blaðið Íslendingur á Akureyri, sem er ákveðið stuðningsblað hæstv. ríkisstj., sagði í ritstjórnargrein, þegar þessi brbl. voru sett, að ekki væri hægt að neita því, að l. væru töluvert einræðiskennd. Hins vegar taldi blaðið, að öllu væri óhætt, sökum þess að Pétur Magnússon væri landbrh. og að honum væri vel treystandi til þess að fara með þessi mál með sanngirni, og þó að ég sé stjórnarandstæðingur, þá get ég vel viðurkennt það, að maður gæti komizt í landbrh. sæti, sem færi verr með þetta geysilega vald en núv. hæstv. landbrh. hefur gert. L. segja hins vegar ekkert um það, að þau séu tímabundin, og það er framtíðin í þessum efnum, sem ég fyrir mitt leyti óttast mest. Þeirri fjarstæðu er haldið hér fram, að með þessum l. sé valdið yfir verðlagningu landbúnaðarafurða fengið bændum í hendur, af því að bændur séu í búnaðarráði, en það hljóta allir að sjá, að þar sem ráðh. skipar menn í búnaðarráð, hefur hann í hendi sinni á hverjum tíma að skipa þá menn, sem láta að vilja hans. Valdið í slíkum málum er ekki í höndum annarra en þeirra, sem velja mennina til þess að fara með málefnin. Það hljóta allir að viðurkenna. Hæstv. landbrh. viðurkenndi þetta, er hann sagði í útvarpsræðu sinni í hv. Nd., að meðan greiðslur færu fram úr ríkissjóði til þess að halda niðri verðlagi landbúnaðarafurða, gæti ríkisstj. ekki sleppt þessum málum úr sinni umsjá með öllu. En þó að þessi l., sem hér um ræðir, hefðu ekki verið sett, hefðu verðlagsl. gilt áfram, og hefði ríkisstj. ekki þurft að sleppa hendi sinni af þessum málum, þar sem hún hafði það á valdi sínu að skipa formann verðlagsn., og þá var valdinu yfir þessum málum svo háttað, að það var eins konar samkomulag milli bænda og neytenda, en síðan skipaði ríkisstj. oddamann n. Og það er alltaf munur á því að hafa þar fulltrúa til þess að tala þar sínu máli, þó að ekki sé meiri hlutinn, heldur en að hafa engan. Bændur hafa í þessu landbúnaðarráði engan fulltrúa, því að það eru fulltrúar ráðh., sem um er að ræða. — Ég ætla ekki að orðlengja þetta, veit, að það þýðir ekki, og hef ekki neina löngun til þess að tefja þingið, en mér finnst, að á minni töluvert löngu þingsetu, sem orðin er, hafi aldrei legið fyrir nein lagasetning, sem eins minnir á einræðisfyrirkomulag og sú, sem hér liggur fyrir. Ég hélt í lengstu lög, að þó að hæstv. ríkisstj. hefði þótt hagkvæmt að setja þessi brbl. í haust, hefði ætlunin ekki verið sú að láta samþ. þau nú á Alþ. og láta þau gilda í framtíðinni, heldur sú að fá aðra sanngjarnari skipan þessara mála. Það kann að vera, að þetta verði enn, þó að brbl. liggi fyrir seinni d., en mér er þó farið að lítast þannig á, að þetta muni eiga að samþykkja. En slík verk sem þessi hefur reynslan sýnt, bæði hér á landi og annars staðar, að borga sig ekki fyrir þá, sem þau vinna.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ræða hv. 1. þm. Eyf. (BSt) gefur mér ekki tilefni til neinna teljandi andsvara. Hann lagði aðaláherzluna á, að þetta frv., ef að l. verður, yrði þrælalög og bæri vott um einræðishneigð hjá ríkisstj. og að hún vildi leggja undir sig allt vald í verðlagsmálum landbúnaðarins. — Hann minnti á það, að eftir þeim l., sem úr gildi eru numin um verðlagningu landbúnaðarvara, var það landbrh., sem hafði úrslitavaldið um hana, þar sem hann skipaði oddamann verðlagsn. Hver maður hlýtur því að sjá, og ég veit, að hv. 1. þm. Eyf. er alltof skynsamur maður til þess að treysta sér að neita því, að það er auðveldara fyrir landbrh. að hafa tök á slíkum málum með því að tilnefna aðeins einn mann heldur en 25 menn í þá n., sem á að fara með þessi mál. — Ég hef ekki heyrt það á hv. 1. þm. Eyf., að verðlagsl. frá 1934—1935 hafi verið þrælal., þrátt fyrir það, að ríkisstj. hafði svo mikið vald um verðlagningu, og meðan hann getur ekki bent á, að hann hafi mótmælt ákvæðum þeirra l., getur hann ekki vænzt þess, að menn taki undir það með honum, að ríkisstj. sýni með þessu frv. einræðishneigð og beiti bændastétt landsins ofbeldi, og ef hann hefði mótmælt þeim ákvæðum, sem sett voru með l. 1934—1935, hefði hann núna styrkari aðstöðu til þess að beita sér gegn þeim ákvæðum, sem hér um ræðir.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég ætla að minnast á með örfáum orðum, enda lagði hæstv. landbrh. ekki út í það að svara rækilega neinu af því, sem ég sagði. Hann hélt því fram, að vald ráðh. væri ekkert aukið með þessum brbl., sem hér liggja fyrir, hann hefði haft meira vald áður, af því að auðveldara væri að ráða við einn mann heldur en 25. Þetta kann að vísu að vera rétt, svo langt sem það nær, en þessi fulltrúi ráðh. hafði ekki raunverulega úrslitavaldið, því að hann var ekki nema einn af fimm í verðlagsn., og sex manna n. álitið sýnir m. a., að það er alls ekkert óhugsandi, að náðst geti samkomulag milli framleiðenda og neytenda um verðið, og ef svo væri, hefði fulltrúi ráðh. ekkert að segja. Þess vegna munu þessi brbl. sett til þess að auka vald ríkisstj. í þessum málum. Það þarf ekki ævinlega að vera svo, að neytendur og framleiðendur mætist þarna sem andstæðingar, en segjum svo, að þeir gerðu það, þá hefði fulltrúi ráðh. að vísu úrslitavaldið, en ég álít það þó allt aðra aðstöðu fyrir bændastéttina að hafa þarna sína fulltrúa, sem túlkuðu hennar mál, heldur en engan. Ég skal játa það, þótt ég sé andstæðingur hæstv. landbrh. í stjórnmálum, að ég treysti honum í þessum efnum miklu betur en ég gæti hugsað mér landbrh. vera lakastan, en maður veit hins vegar ekkert um, hvað í vændum kann að vera. Ég er viss um það, að ef því hefði verið spáð fyrir 4 árum, að Sjálfstfl. mundi fela kommúnistum að fara með málefni sjávarútvegsins, hefðu allir sjálfstæðismenn margkrossað sig og talið hreinustu fjarstæðu að slíkt mundi koma fyrir. Nú hefur þetta skeð, og ég sé ekkert, sem gerir það ósennilegt, eftir því sem skeð hefur, að kommúnista yrðu næsta ár falin málefni landbúnaðarins, og þá veit maður, hvað mundi ske. Ég efast ekki um það,

að hann mundi gera það, sem hann áliti heppilegast fyrir framtíð landbúnaðarins. Allir vita, hvað það er, m. ö. o. að afnema bændastéttina í þeirri mynd, sem hún hefur verið í þúsund ár og er nú. Og helzta ráðið til þess, að þetta geti orðið, væri að gera fyrst alla bændur gjaldþrota, svo að þeir flosnuðu upp af jörðum sínum, og síðan væri hægt að fara að byggja upp þorp og annað í sveitunum, allt eftir kokkabókum kommúnista. Þá væri ráðh. m. ö. o. gefið vald til þess að svelta bændur út af jörðum sínum. (*KA:* Framsfl. hefur séð um það, að bændur flosni upp af jörðunum, og þarf ekki nýja aðila til þess). Þetta er svo mikil heimska hjá hv. þm., þótt það heyrðist í útvarpsumr. frá flokksbróður hans, að það er alveg furðulegt, að jafngreindur maður skuli taka sér slíkt í munn. Það vita allir, af hverju kreppan eftir 1930 stafaði. Hún byrjaði vestur í Ameríku, og gat enginn Íslendingur, hvorki framsóknarmenn né aðrir, við hana ráðið. — Það var ranghermi hjá hæstv. landbrh., að það hefðu verið mín orð, að gerðardómsl. hefðu verið þrælal. Ég sagði, að hv. 3. landsk. (HG) hefði kallað gerðardómsl. þrælal., en ef þau l. hefðu verið þrælal., væru þau l., sem hér um ræðir, það miklu fremur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 511, 520 og 523).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Nál. meiri hl. landbn. um frv. er nú satt að segja harla stutt, en þó ákveðið að því leyti, að því fylgja engar skýringar af hálfu meiri hl., þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. óbreytt, að öðru leyti en því, að endurskoðun fari fram á l. fyrir næstu árslok.

Ég get látið hér staðar numið, þó að þessi brtt. sé ekki svo lítil, en það er búið að ræða þetta mál svo mikið í Nd., að ég álít hvorki Alþ. né málinu sjálfu til yfirlitsauka né sæmdar, að hér sé talað um það með breyttu orðalagi. Þessi breyt. meiri hl. landbn. er gerð með það fyrir augum, þar eð þetta er annars vegar mikið hagsmunamál framleiðenda og neytenda og hins vegar hefur staðið um það mikill styr, að þá séu, ef málin hafa eitthvað skýrzt, þegar líður á árið, opnaðar dyr til samkomulags, þannig að allsherjar sættum mætti koma á um þessar aðferðir. Öllum þingheimi er um það kunnugt, að nefndarskipun sú, er ákveðin var með brbl. þeim, sem hér um ræðir, sætti mikilli mótspyrnu hjá andstæðingum þessa frv., og vildu þeir leggja málið beint fyrir bændasamtökin. Ég tala þar beint frá eigin brjósti, að ef samtök bænda yrðu á sínum tíma þess umkomin að verðskulda það að hafa ein úrskurðarvald um slíkt verðlag, þá álít ég þau vel að því komin. En ég álít, að þessi brbl. hafi einnig sitt sér til réttlætingar, því að mér finnst ekki því að leyna, að þó að ópólitísk samtök bænda færu með svona mál, þá eru þau því miður mjög óþroskuð enn þá. Ég vildi hins vegar einskis frekar óska en þau kæmust á það þroskastig að vera pólitísk einungis í þeim skilningi, að þetta væri þeirra pólitík, óháð landsmálum að öðru leyti. Og ég vildi óska þess, að sá ágreiningur, sem hér hefur verið, hyrfi með öllu og allir sæju, að bændastéttin ætti þetta að pólitísku þrifnaðarmáli.

Mér finnst það vera orð, sem á fyllsta rétt á sér í brtt. á þskj. 511, að l. skuli endurskoðast fyrir árslok 1946. En ég sé, að á þskj. 520 hefur hv. þm. Dal. borið fram brtt., þar sem hann vill, að l. falli úr gildi 1. sept. 1946. Mér finnst nú ekki fara mikið á milli brtt. n. og hv. þm. Dal. Að vísu getur hann hengt hatt sinn á það, að 1. sept falli núverandi verðlag úr gildi og önnur l. komi í staðinn. En ég spyr: Ef Alþ. verður ekki komið saman til þess að ákveða um þetta, er þá mikið í húfi? Nei, það er ekki mikið í húfi. Ég verð svo djarfur að segja: Eru hundrað í hættunni, þó að hið sama gilti nú? Ég svara nei. En þetta horfir auðvitað allt öðruvísi við, ef þarna væru að verki menn, sem væna mætti um einhliða stuðning t. d. við neytendur. Þá væri þetta allt annað mál. En nú er það ekki svo. Annað mál er svo það, hvort á að lögfesta þetta skipulag til frambúðar. Mér finnst ekki ástæða til þess, ef bændasamtökin verða ekki svo vanþroska eins og þau eru enn þá.

Nú er það líka svo, að þar sem hv. þm. Dal. í sínu minnihlutanál. á þskj. 520 vill slá þessu föstu, að l. falli úr gildi 1. sept 1946, þá eru gildar ástæður til að ætla að það valdi vandkvæðum og jafnvel vandræðum. Við skulum segja, að það þætti ekki ástæða til að kveðja vegna annarra málefna Alþingi saman svo fljótt. Þá gæti farið svo, að með þessari samþykkt, svona löguðu ákvæði, yrði sagt að gera það. Og þá finnst mér með brtt. stefnt að því að setja ekki undir svo mikinn leka, að það svari kostnaði að setja undir hann, því að það er ekkert skipulagsleysi, sem á sér stað, heldur full skipun í bili, sem að vísu hefur sætt ágreiningi, en ég tel eins og málum er háttað um flesta trúnaðarmennina, að þeir séu beint úr bændastéttinni sjálfri til atfylgis í þágu framleiðendanna og þá neytendanna líka, þangað til annað yrði gert í samræmi við áskilda endurskoðun miðað við brtt. í nál. okkar meiri hl. n.

Út af nál. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 523, sem er hinn annar minni hl. landbn., þarf ég engum orðum að eyða. Hann leggur til, að frv. verði felit, og gengur að því leyti hreint og skýlaust fram og ég geri ráð fyrir á líkan hátt og hefur komið fram af hálfu sumra manna í Nd., að hann er á móti því, að frv. nái samþykki, og eins og ég tók fram í byrjun máls míns hér, þá álít ég það vera bara til að eyða tíma að fara að eyða mörgum orðum um málsástæður, því að það þex er þegar orðið óeðlilega mikið, og ég verð svo djarfur að segja, að það er meira flokkslegt kapp, sem þar kemur til greina, heldur en að málefnið sjálft sé látið sitja í fyrirrúmi. Ég vil þannig ekki fara frekar út í þetta eða ræða þetta mál, heldur gera mitt til þess að vekja ekki kappdeilur um málefni, sem er margbúið að kappdeila um í Nd. og eyða til þess langtum meiri tíma þar en ástæða er til,

ekki af því að málið verðskuldi ekki alla athygli, a. því að það er mikilsvert í sjálfu sér, heldur *af því, að kappið hefur að sumu leyti verið meira* en forsjáin.

Það er sem sagt till. meiri hl. landbn., að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir með þessari lítils háttar breyt., að við 11. gr. bætist, að l. skuli endurskoðuð fyrir næstu áramót.

Frsm. 1. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætla ekki að fara að byrja mál mitt um þetta frv. á því að fara að ásaka hæstv. ríkisstj. út af því frv. eða réttara sagt þeim bráðabirgðal., sem hér liggja fyrir. Það má ýmislegt segja um það, eins og líka sagt hefur verið, en eins og þá var í *pottinn búið*, þegar l. voru gefin út, bráðabirgðal., sem frv. er alveg sniðið eftir, þá má deila um það, hvort það hafi verið annars úrkosta fyrir hæstv. landbrh. en að fara þá leið eða svipaða leið og hann fór í málinu þá, en sem sagt, um þessa hluti, sem nú eru liðnir, sé ég ekki ástæðu til að deila, það verður að hlíta við það, sem orðið er, fram eftir árinu. En ég er sannfærður um það, að hæstv. landbrh. hefði, ef komið hefði verið rækilega og vel skipulagt stéttarfélag hjá bændum, sem hefði náð yfir alla bændastéttina, skipað landbúnaðarráð talsvert á annan hátt en nú varð. Nú er viðhorfið þannig, að fram undan er það, að áður en næsta sumar er liðið og haustið kemur, að stofnað verði öflugt stéttarfélag meðal bænda og að það verði búið að skipa sér stj., sem verður forsvarsmaður þess. og þá virðist mér horfa talsvert öðruvísi við, og það er trú mín, að þá muni ekki verða, svo framarlega sem ekki verða landbúnaðarráðherraskipti, á móti hugsun hæstv. landbrh. að taka tillit til þess ráðs, og ég hygg það og tel það sjálfsagt að óreyndu, að hann mundi láta það hafa meiri áhrif á val þeirra manna, sem kæmu til með að skipuleggja afurðasöluna á næsta ári. Nú er því þannig farið, að við vitum ekki um það, hvort þingið kemur saman fyrir 1. sept. n. k., og mér skildist á hv. frsm. meiri hl., að þá sæi hann þess engin ráð að framkvæma neitt öðruvísi en þetta frv. leggur fyrir. En jafnvel þó að þing væri ekki kallað saman, þá sé ég ekki, að það væru neinir erfiðleikar, því að ef annað bregzt, þá má á ný gefa út bráðabirgðal., sem væru þá sniðin eftir þeim ástæðum og aðstöðu allri, sem þá lægi fyrir, og mér þykir það líklegt, að ýmislegt geti breytzt til þess tíma. En eigi maður að bíða með endurskoðun þessara laga fram til áramóta, er alveg slegið föstu um kjötverð a. m. k. á næsta ári, eða fram til 1. sept. 1947, og um mjólkurverð líka að nokkru leyti, og ég býst við, að það verði höfð sama aðferð og verið hefur um ákvörðun verðsins, og því er það, að ég tel réttast að láta þessi l. ekki gilda nema þetta eina ár, sem að sjálfsögðu er nauðsynlegt, úr því sem komið er, og síðan verði önnur skipun höfð á þessum *málum, eftir því sem þá horfir við fyrir þjóð* og land að beztu manna yfirsýn. Ég tel það, að þessir biðmánuðir, sem hv. frsm. kallaði það þetta endurskoðunartímabil, gildi í þessu tilfelli, þó að þeir séu ekki nema 2—3, sama og 12 mánuðir. Þess vegna sýnist mér varla koma til mála að draga endurskoðun þessara l. fram yfir 1. sept., heldur á þá að vera búið að ljúka *þeim störfum, á hvaða hátt sem það verður*. Það getur vel farið þannig, að þing verði kallað saman ekki síðar en í ágústmánuði, — það er allt á hverfanda hveli. En ef ekki, þá verður hæstv. stj. að taka til annarra ráða. Og hvernig sem um það fer, þá treysti ég því og trúi, að við næstu verðlagningu verði meira tillit tekið til stéttarfélags bænda, sem þá verður komið, heldur en hefur verið tekið til félagsskapar bænda síðast, enda var hann þá ekki orðinn skipulagður sérstaklega um stéttarhagsmuni eða markaðshagsmuni bændastéttarinnar, en frekar miðað við annað, þar sem var Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing, og meira miðað við ræktunarmál heldur en afurðasölu. Ég vænti þess yfirleitt, að þessi till. fái góðar undirtektir og hv. þm. fylgi mér að málum og samþ. hana.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Ég er nú ekki svo mjög samþykkur málflutningi hv. frsm. meiri hl., hv. 2. þm. Árn., yfirleitt, en um eitt atriði er ég honum sammála. Ég er honum sem sé sammála um það, að langar umr. um þetta mál muni ekki upplýsa mikið um málið. Það hafa farið fram um þetta óvenjulega miklar umr. í blöðum, á mannfundum og á Alþingi, og jafnvel hafa verið útvarpsumr. frá Alþingi um þetta mál. Þess vegna er ég hv. 2. þm. Árn. sammála um það, að langar umr. um það muni ekki upplýsa málið verulega, því að ég hygg, að málið sé orðið mönnum verulega ljóst.

Í nál. á þskj. 523 hef *ég sett fram afstöðu* mína til þessa máls, sem sé þannig, að ég bendi á það, að bráðabirgðal., sem hér á að gefa frambúðargildi, séu nú þegar búin að vera í gildi meira en hálft ár og þar af leiðandi að hafa sínar verkanir nú eins og stendur, aðalatriði sé því það að undirbúa breyt., gera breyt., sem koma til með að verða í gildi fyrir framtíðina, þar sem á annan hátt væri séð fyrir þessum málum en gert er í þessu frv. og bráðabirgðal. Þrátt fyrir þetta hef ég þó samt lagt það til, að þetta frv. verði fellt, og með leyfi hæstv. forseta, þá kemst ég um það svo að orði í nál.: „En þar *sem mér þykir heildarblær þessa frv. þannig*, að bændastéttin geti ekki unað við slík l., legg ég til, að frv. verði fellt."

Þó að ég viðurkenni, að langar umr. um þetta mál muni ekki upplýsa það, þá tel ég mér skylt að færa nokkur rök fyrir þessari afstöðu minni.

Aðalefni þessa frv. og það, sem ég legg langmest upp úr við þetta sem stéttarmál, er það, að ríkisvaldið tekur að sér með þessum bráðabirgðal. og þessu lagafrv. að setja bændastéttinni fjárráðamenn með nokkurn veginn takmarkalausu valdi yfir fjármálum stéttarinnar, þar sem n. manna, sem stj. skipar eða velur, ræður algerlega verðlagi á öllum landbúnaðarvörum. Það þarf ekki að lesa það upp úr frv., það hafa menn áreiðanlega kynnt sér, að 6. gr. kemst svo að orði, að störf verðlagsn. er að ákveða verð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði, þ. e. a. s. kjöti alls konar, mjólk

og mjólkurvörum og garðávöxtum. Með þessu valdi ráða búnaðarráð og verðlagsn. alveg yfir fjárhag bænda, því að fjárhagur þeirra hlýtur að byggjast algerlega á því, hvaða verð þeir fá fyrir þessa vöru, því að úr þessu verði kemur það fé, sem þeir eiga að hafa til að lifa af. Þetta ákvæði finnst mér algerlega ranglátt eins og frá því er gengið. Mér finnst það ranglátt vegna þess, að fyrst verðlagsyfirvöldin eru skipuð á þennan hátt, þá fæ ég ekki séð, að það sé nein trygging fyrir því, að þessi verðlagsyfirvöld ákveði verðlagið einvörðungu með tilliti til þarfa og hagsmuna bænda. Landbrh. velur þessa menn. Nú vill svo til eins og stundum, að hæstv. landbrh. er jafnframt fjmrh., og öllum þingheimi er það ljóst, að verðlag á landbúnaðarvörum hefur þýðingu fyrir fjárhag ríkissjóðs. Landbúnaðarvörurnar eru einna þýðingarmesti þátturinn í því að ákveða verðlagsvísitöluna. Ég hef ekki beinlínis litið eftir því, hvað stór þáttur í verðlagsvísitölunni landbúnaðarvörurnar eru, en allir hv. þm. vita, að þær eru einn allra stærsti þátturinn. Verðlagsvísitalan ákveður svo verðlagsuppbótina, en verðlagsuppbótin er nú nærri því ⅔ hlutar af öllum launagreiðslum ríkissjóðs. Vísitalan er nú, eins og menn vita, 285, grunnlaunin 100 stig af þessu, en hitt er vísitöluuppbótin, svo að það má nærri geta, hvort það má ekki gera ráð fyrir því, að n. manna, sem skipuð er af fjmrh., sem líka er landbrh., hljóti ekki að taka talsvert tillit til kringumstæðna ríkissjóðs, þegar hún ákveður verðlagið.

En hvort sem þessir menn í verðlagsn. taka eingöngu tillit til þarfa og afkomu þeirra, sem landbúnað stunda, eða ekki, þá finnst mér ekki hægt að komast hjá því, og ýmsir og margir réttilega gera ráð fyrir því, að þessir menn líti að meira og minna leyti og kannske engu síður á þarfir og kringumstæðum ríkissjóðs, og af þeirri ástæðu einni virðist ekki koma til mála, að þeir, sem ráða á þennan hátt alveg óskorað yfir verðlagi landbúnaðarafurða og kjörum allra þeirra bænda, sem landbúnað stunda, séu til þess skipaðir á þennan hátt.

Að öðru leyti verð ég að telja, að það sé niðurlægjandi fyrir bændastéttina, að hún ein skuli á þennan hátt vera gerð ómyndug á þennan hátt, að henni sé settur fjárhaldsmaður, sem ræður alveg yfir fjárhag stéttarinnar.

Hv. frsm. meiri hl., 2. þm. Árn., var eitthvað að hugleiða um samtök bændastéttarinnar, og hann komst þannig að orði að mér skildist, að samtök bændastéttarinnar væru ákaflega óþroskuð. Hann var jafnframt að gera sér von um, að bændasamtökin kynnu kannske einhvern tíma að reynast heilsteypt og sjálfum sér trú. Ég er ekki sömu skoðunar og hv. 2. þm. Árn. um það, að samtök bændastéttarinnar séu ákaflega óþroskuð. Ég hef hins vegar litið svo á, að félagslega mundi bændastéttin vera þroskaðasta stéttin í landinu. Mér finnst það ekki óeðlilegt, vegna þess að ég hygg, að sú stétt eigi langlengsta félagslega sögu að baki bæði um búnaðarmál og svokölluð samvinnumál, sem einkum hafa verið verzlunarmál, og ýmislegt fleira. Ég tel því, að bændastéttin sé eiginlega stétta líklegust til þess að geta ráðið ein sínum málum, en ég tel hana hins vegar stétta ólíklegasta til þess að ráða málum sínum þannig í heild, að ríkinu stafi nokkur hætta af þeirri ráðsmennsku.

Ég legg til, að frv. verði fellt, og það er alveg sérstaklega vegna þess, að ég get ekki fyrir bændastéttarinnar hönd unað við, að í l. sé ákveðið fyrirkomulag um val trúnaðarmanna, sem ráða svo mjög yfir kjörum allrar bændastéttarinnar, eins og þeir menn gera, sem ákveða verðlag á landbúnaðarvörum. Ég get ekki sætt mig við, að þeir menn séu valdir á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er algerlega án tillits til þess, hvernig landbrh. kann að hafa tekizt það í þetta eina sinn, sem þetta hefur verið gert, að velja mennina. Ég býst við, að það hafi tekizt upp og ofan. Ég geri ráð fyrir, að það hafi tekizt vel út frá sjónarmiði hæstv. ráðh., sem hann sem ráðh., bæði sem landbrh. og eins fjmrh., hlýtur að hafa. Ég veit það fyrir víst, að margir af þessum mönnum eru hinir nýtustu menn, kannske allir, en þeir eru valdir á þann hátt sem gert er, og við það vil ég ekki sætta mig fyrir bændanna hönd. Það er hálfgert aukaatriði, en ég hygg þó, þrátt fyrir það, að þetta séu nýtir menn, að bændur mundu ekki gegnum samtök sín hafa valið til þessa starfs marga af þessum mönnum, sem hæstv. ráðh. hefur valið og nú fara með þessi mál.

Ég geri mér ekki von um, að d. taki til greina bendingar mínar um það að fella þetta frv., en ef svo væri, þá mætti náttúrlega segja, að ekkert sé sagt um það, hvað þá skuli taka við. Það hefur verið gerð tilraun í Nd. um það að færa þetta frv. í það horf, að menn gætu sætt sig við það. Ég er þess vegna ekki að leggja það á mig að bera fram slíkar till. á ný, þar sem fram væri tekið, að í verðlagsn. væru eingöngu menn valdir af þeim, sem stunda landbúnað, en ekki menn, sem eru valdir af Alþingi eða ríkisstjórn.

Um brtt. þær, er fram hafa komið, vil ég segja það, að ég mun fylgja brtt. á þskj. 520, frá þm. Dal. Sú brtt. er til mikilla bóta, og er frv. mun þolanlegra, ef hún nær samþykki. Um brtt. á þskj. 511 er lítið að segja — ég tel hana alveg þýðingarlausa og sama, hvort hún nær samþykki eða ekki.

Ég taldi það skyldu mína að gera þannig grein fyrir afstöðu minni, en skal svo ekki fjölyrða frekar um málið á þessu stigi.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég er mönnum sammála, að tilgangslaust er að hefja hér miklar umræður. Mál þetta hefur verið rætt ýtarlega í Nd. og einnig hér í hv. deild í sambandi við annað mál. Það yrði því mest endurtekning á því, sem áður hefur verið sagt. — Ég kvaddi mér hljóðs til að gera grein fyrir afstöðu minni til brtt. á þskj. 511 og 520. Ég vil geta þess, að brtt. á þskj. 511 er flutt í samráði við mig og mun ég greiða henni atkv. Ég fellst á hana, því að ef svo færi, að hætt yrði að greiða niður landbúnaðarvörur, þá er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar löggjöf þessa. Þess vegna sýnist æskilegast, að löggjöf þessi skuli endurskoðuð á næsta þingi. En ég get ekki fallizt á brtt. á þskj. 520, þar sem lagt er til, að löggjöfin

falli úr gildi 1. sept 1946. Það er augljóst, að fyrir 1. sept. n. k. verður ekki úr því skorið, hvernig málum þessum skuli skipað í framtíðinni. Það verður aðeins til að skapa þeirri stjórn, er situr þá, nýja örðugleika og neyðir hana til að setja ný brbl. Ef sama stjórn situr þá, má gera ráð fyrir, að sett yrðu hin sömu ákvæði og eru í frv. þessu, og yrði það því óþarfa endurtekning. Þess vegna vænti ég, að hv. deild felli þá brtt.

Út af ræðu hv. 1. þm. N.-M. vil ég segja það, að hann hleypur yfir og minnist ekki á eitt mikilvægt atriði í þessu sambandi. En það eru þau ákvæði, er áður giltu í þessu efni. Hv. þm., sá góði og greindi maður, veit það, að með þeim ákvæðum, sem í gildi voru, hafði stjórnin miklu meiri tök á að ráða verði landbúnaðarafurða en með brbl., sem sett voru s. l. haust. Stjórnin gat áður með því að ráða einn mann séð um, hvernig verðlagningin yrði á þessum vörum. Það er algerlega rangt að segja, að stjórnin hafi aukið vald sitt með brbl., — þvert á móti hefur hún afsalað sér völdum yfir til fjölmenns hóps manna, sem vill, að hagur landbúnaðarins verði sem beztur. Samkv. l. má aðeins skipa þá, sem reka landbúnað. (*BSt:* Þó aðeins sjálfstæðismenn og komma). Þótt sjálfstæðismenn hafi meiri þroska en flokksbræður þessa hv. þm., þá verð ég að segja það, að mér kemur það kynlega fyrir sjónir, er ég heyri hv. 1. þm. N.-M. endurtaka þá fjarstæðu, að með þessum ákvæðum sé verið að niðurlægja bændastéttina og verið sé að setja hana skör lægra en aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Þetta er í hæsta máta óviðurkvæmilegt. Bændastéttin hefur nú miklu sterkari aðstöðu en nokkur önnur stétt. Ætli iðnaðarmenn yrðu ekki harla ánægðir, ef iðnaðarmálaráðh. tilnefndi 25 manna ráð úr iðnaðarstéttinni til að ákveða verð iðnvara? Heldur þessi hv. þm., að verzlunarstéttin mundi ekki una vel, ef hún fengi hið sama? Og ætli það mundi ekki hýrna yfir sjómönnunum, ef atvmrh. skipaði ráð úr hópi þeirra til að ákveða verð á sjávarafurðum innanlands? Væri verið að misbjóða þessum stéttum? Nei — þær mundu áreiðanlega þakka fyrir það, ef þær nytu þannig sömu réttinda og bændurnir. Það undrar mig, að þessir sömu þm., sem greitt hafa atkv. með gömlu lögunum, þar sem verðið var ekki í höndum bænda, skuli nú ráðast á þá stjórn, sem veitir bændum miklu meira vald til að ráða verðlagi afurða sinna en þeir hafa nokkurn tíma haft áður, a. m. k. s. l. 10 ár. Meðan til greina kemur að greiða niður landbúnaðarafurðir úr ríkissjóði, kemur ekki til mála, að stjórnin hafi ekki einhverja hönd í bagga um verðlag afurðanna.

Um tilnefningu mannanna í búnaðarráðið fer ég ekki að ræða, en jafnvel andstæðingarnir hafa játað, að yfirleitt hafi tilnefningin vel tekizt, og óhætt er að fullyrða, að almenn ánægja ríki yfir því verðlagi, sem ákveðið var á s. l. hausti. Raunar hafa verið gerðar tilraunir til að gera þessa menn tortryggilega, en það mun ekki ofmælt, að þeir hafi ratað meðalhófið mjög vel. — Mun ég svo ekki fjölyrða um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þótt ég sé sammála hv. þm. N.-M. um það, að mál þetta upplýsist ekki mikið við langar umr., þá þykir mér rétt að mótmæla fáránlegu nál. á þskj. 523 — og um leið vildi ég benda honum á það, að hann þyrfti sjálfur að lesa meira og kynna sér mál þessi betur. Ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. á það, að skv. l. nr. 3 frá 1943, um verðlag, er gengið svo langt, að það má ekki skipa neina menn til að ákveða verð, sem hafa hagsmuna að gæta. Ég hygg meira að segja, að þessi hv. þm. hafi sjálfur greitt atkv. með lögum þessum. Nú kemur þessi hv. þm. og heldur, að engri annarri stétt en bændastéttinni sé þröngur stakkur skorinn; þó er það eina stéttin, sem ræður verðlagi afurða sinna. Þegar menn eru að ræða mál, verða þeir að kynna sér það, sem sagt hefur verið um þau. Mig undrar, að jafngreindur og sanngjarn maður og hv. 1. þm. N.-M. er skuli hafa látið leiða sig út á svona hála braut með þessu nál. sínu, — hann virðist vera bergnuminn og veit ekki fótum sínum forráð. Það hefur verið bent á, m. a. af hv. 1. þm. Eyf., hvort verkamenn fengju ekki að ráða kaupi fyrir vinnu sína. Í þessu sambandi vil ég spyrja, hvort gæfulegt yrði, að allar stéttir þjóðfélagsins réðu þannig yfir því ófluga tæki — verkfallsréttinum — og beittu honum svo án alls tillits til þess, hvað alþjóð er fyrir beztu. Mundi það sýna þroska bændastéttarinnar og væri það æskilegt, að pólitískir loddarar gætu rekið mikinn hluta þjóðarinnar út í þær bölvanlegu afleiðingar, sem verkföll hafa í för með sér? Og þetta vilja víst bændur, láta reka sig út í sama ástand og nú ríkir hjá verkalýðnum? (*BSt:* En hví ekki að laga það?) Ég vil gjarnan laga það, en ef það á að skapa bændastéttinni rétt til að verðleggja sína vöru, hvernig er þá hægt að standa á móti öðrum stéttum að gera hið sama? En það gera þær ekki nú. Útvegsmenn fá ekki að ráða verðlagi á vörunni, hvorki þeirri, sem seld er utanlands eða innan. Þeir eiga verðlagið undir öðrum, þar sem þeir eiga engan fulltrúa. Hið sama gildir um verzlunarstéttina, — því að hvaða nöfn, sem framsóknarmenn velja henni, þá lifir hún samt af þessari atvinnu sinni eins og aðrar stéttir, og hvað sem álagningu varanna líður, þá hafa samvinnufélögin stundum barizt í bökkum, svo að þeim hefði stundum ekki veitt af hærri verðálagningu. Svo undrar mig, að hv. 1. þm. N.-M. skuli leyfa sér að setja þvílíka fjarstæðu og er í nál. hans á þskj. 523. (*PHerm:* Vill ekki hv. þm. lesa upp þetta, sem er svona voðalegt?) Jú, það er velkomið, með leyfi hæstv. forseta: „Svo sem nú er komið, skiptir það mestu máli, að breytt verði til og að fulltrúar, sem samtök bændanna sjálfra til þess velja, hafi fengið verðlagningarvaldið í sínar hendur, þá er að því kemur að ákveða verðið á þessa árs framleiðsluvöru. Það væri því mjög til bóta, ef inn í frv. væri sett ákvæði um það, að lögin giltu um ákveðinn tíma, t. d. til 1. sept. þ. á., en féllu þá sjálfkrafa úr gildi. En þar sem mér þykir heildarblær þessa frv. þannig, að bændastéttin geti ekki unað við slík lög, legg ég til, að frv. verði fellt." (*PHerm:* Er þetta bara ekki gott?) Ég skal benda á það, að eitt af okk-

ar beztu skáldum hefur látið svo ummælt, að ef vel ætti að fara, yrðum við að hugsa hnattrænt. Ég held það væri gott fyrir Framsfl. að hugsa ekki alveg svona flokksrænt, — hann ætti að hugsa a. m. k. landsrænt, þótt hann hugsaði nú ekki stéttrænt. (*BSt:* Við hugsum ekki síður landsrænt en hv. þm. Barð.) — Ég legg því eindregið til, að frv. verði samþ. Það er eins og hæstv. ráðh. hefur bent á, að með þessum lögum er bændastéttinni gefið meira vald en hún hafði áður og meira vald en öðrum stéttum. Allur þessi úlfaþytur Framsóknar er aðeins til að rægja stjórnina, en það mega framsóknarmenn vita, að með þessu eru þeir að grafa sjálfum sér gröf. Það er því ekki annað en hatursfull öfundsýki Framsfl., er ræður gerðum þeirra, af því að þeir fengu ekki að vera með í ríkisstjórninni.

Haraldur Guðmundsson: Ég ásamt meirihlutamönnum í landbn. legg til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 511. Ég álít, að ekki beri mikið á milli meiri hl. og minni hl. á þskj. 520. Það vakir í rauninni það sama fyrir báðum aðilum. Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að betur fari að samþ. brtt. á þskj. 511. Þar sem tekið er fram, að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 1946, þá er meint, að strax og næsta Alþingi kemur saman, taki það lögin til yfirvegunar. Hæstv. landbrh. benti á, ef brtt. hv. þm. Dal. næði samþykki, þá væri tvennt til — annað, að ríkisstjórn sú, er nú situr, færi áfram með völd, og því líklegt, að mál þessi hlytu sömu meðferð, og yrðu þá lögin framlengd, — og hitt, að stjórnmálaviðhorfið breyttist svo, að ný stjórn tæki við, og þá mundi þing koma saman fyrir 1. sept., og tæki það málið til meðferðar. Raunverulega bar ekki mikið efnislega á milli. Það er augljóst, að lagasetningu þessa verður að endurskoða, þar sem hún er miðuð við það, að ríkissjóður verji svo og svo miklu til niðurgreiðslu landbúnaðarvara, — og sjá því allir, að það er engin framtíðarlausn á málum þessum.

Í raun og veru gæti ég látið þetta nægja, en þó þykir mér hlýða að drepa á það helzta og gera grein fyrir afstöðu minni. — Því hefur verið haldið fram af andstæðingum þessa máls, að höfuðgallinn sé sá, að nú sé valdið tekið af bændum og fengið ráðh. í hendur. Ég skal játa, að samkv. lögunum er valdið raunverulega í höndum ráðh., og ég tel það kost, að þetta er berlega viðurkennt í frv. Á meðan ⅓ kjötverðsins er greiddur úr ríkissjóði, væri fjarri öllu lagi, að ráðh. hefði enga íhlutun um það. Um leið og ríkissjóður tekur að sér að greiða niður verðlagið, er það orðið pólitískt mál. Þetta liggur í augum uppi. — Hv. 1. þm. N.-M. taldi, að með þessu væri bændum settir forráðamenn. Það má vel orða það þannig, en sé svo, þá hafa bændum ekki síður verið settir forráðamenn áður fyrr. Það var svo, að formaður kjötverðlagsnefndar réð jafnan úrslitum. Það var reynt að fela það, að formaðurinn var skipaður af ráðh. Það var reynt að dulbúa lögin. Nú er þetta þannig, að lögin sýna glögglega vald ráðh. Ég tel þetta kost, en ekki löst.

Hvað segja þessir menn um húsaleigulögin, sem Reykvíkingar verða að búa við? Þau eru svo ferleg, að tæplega er hægt að taka þau til samanburðar. Sannleikurinn er sá, að allar stéttir þjóðfélagsins verða meira og minna að búa við ströng ákvæði í þessum efnum.

Ég vildi spyrja hv. 1. þm. N.-M.: Heldur hann, að ef verðið héldist svipað og nú og engar endurgreiðslur væru úr ríkissjóði, að bændur gætu selt allt kjötið fyrir 11 krónur? Það er fráleitt að láta sér detta það í hug, þegar meir en ⅓ af verðinu er greitt úr ríkissjóði. Það verður að taka tillit til annarra íbúa þessa lands og sigla bil beggja.

Ég tel, að hvað sem annars má segja um þetta frv., sem ég skoða sem bráðabirgðalagaákvæði, þá er það samt nær sanni en það ákvæði, sem áður gilti. Það gæti í þessu sambandi verið ástæða til að ræða um lög um sölu á kjöti, því að mér hefur virzt, að vafasamt sé, hvort ekki væri ástæða til að breyta þeim lögum eða fella þau alveg niður. Ég minnist þess, að sýnt hefur verið með tölum, að fast að helmingi af vísitöluverði kjöts hefur farið í ýmsan kostnað, svo að bændur munu ekki fá nema rúml. helming af söluverðinu. — Það er víst, að ef útsöluverð kjöts væri sama og nú, þá hefði 1.50 kr. verðjöfnuður hrokkið skammt. Ef málin eru komin svo, þá er vissulega kominn tími til að fella þessi lög niður. — Ég skal svo láta þetta nægja og vil, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Hermannsson): Ég ætla að byrja á því að svara spurningu, sem hv. 3. landsk. beindi til mín. Hann sagði: „Heldur þm., að bændur hefðu getað selt allt sitt kjöt innanlands, ef ekki hefði verið greidd uppbót úr ríkissjóði?“ — Ég skal svara þessari spurningu. Ég geri ráð fyrir, að nákvæmlega jafnmikið hefði selzt. Ég ætla, að neytendur hefðu ekki tapað á að kaupa kjötið fullu verði. Hv. 3. landsk. tók í sama streng og landbrh., að ríkisvaldið ætti að hafa hönd í bagga með verðlaginu, meðan niðurgreiðslan væri í höndum ríkissjóðs. Ég sé ekki, að það sé neinn sérstakur greiði við bændur.

Mér þótti vænt um, að hv. 3. landsk. viðurkenndi, að ráðh. hefði verðlagningarvaldið í sínum höndum. Hv. 3. landsk. vildi fetta fingur út í það orðalag mitt, að bændum væri með þessu settur fjárhaldsmaður. Ég verð nú að segja það, að ég hef oft heyrt ógætilegar að orði komizt. Ég vil segja það, að verðlagsvald yfir vöru bænda er vald, sem ræður yfir fjárráðum þeirra að miklu leyti. Þetta frv. leggur verðlagsvaldið í hendur ráðh. Ég hef lýst yfir því, að ég get ekki fallizt á, að ríkisvaldið ráði yfir verðlagningu á vörum bænda, vegna þess að ég álít, að það sé ekki greiði við bændur eða gert fyrir þá. — Mér er kunnugt um, hvernig háttað er verðlagningunni, og ég verð að telja, að bændur með samtökum sínum gætu haft meira með þetta að gera og haft meiri áhrif. Mætti hugsa sér að koma á 5 manna nefnd, þar sem 2 væru valdir af hálfu bænda, 2 af hálfu neytenda og svo 1 stjórnskipaður. Ef þá 2 og 2 greinir á, þá sker úr fulltrúi ríkisstj. Reyndin hefur nú verið sú, að í slíkum nefndum hafa menn komið sér sam-

an og ekki hafi þurft að halda á úrskurði þess eina stjórnskipaða.

Hæstv. ráðh. sagði, að aðrar stéttir þjóðfélagsins mundu fagna því, ef þeim væri veittur sami réttur, og ef þeir byggju við sömu kjör og bændur á þessu sviði. Nú, eftir því sem hv. 3. landsk. sagði, þá er sá réttur í því fólginn, að ráðh. ræður yfir fjárhag bænda. Ég tel það vafasamt, að aðrar stéttir kærðu sig um slíkt, að pólitískur ráðh. réði kjörum þeirra. — Hv. þm. Barð. hélt því fram, að nál. mitt væri fáránlegt, og las hann það upp hér, en hann fann víst aldrei þetta fáránlega. Hann hélt því fram, að einn flokkur hér á Alþingi ynni hatursfullt starf til niðurrifs á öllum sviðum þjóðfélagsins. Ég get skilið, að það sé erfitt hlutskipti fyrir þennan þm. að vera með og vinna með svona mönnum. Og enn erfiðara hlýtur það að vera fyrir hv. þm., ef það eru einmitt þessir menn, sem hann vill hafa samvinnu við um að leysa mikilvægt starf í þágu þjóðfélagsins, en ég treysti mér til að gera, ef óskað er eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, ÁS, LJóh, MJ, PM, EE, GJ, StgrA.

nei: HermJ, IngP, PHerm, BSt.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

4 þm. (JJ, BBen, BrB, GÍG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem atkv. mitt viðvíkjandi þessu frv. fer algerlega eftir því, hvort till. mín á þskj. 520 verður samþ. eða ekki, þá greiði ég ekki frvgr. þessari atkv. fyrr en séð er, hvernig fer um þá till., og greiði því ekki atkv.

2.—10. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 520 felld með 9:5 atkv.

— 511 samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 82. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 530).

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég býst við, að þetta verði aðeins fá orð, sem ég segi um þetta mál nú, og er það þó ekki fyrir það, að ég sé beinlínis sammála því, sem allir hv. dm., sem töluðu í þessu máli við 2. umr., virtust vera sammála um, að það þyrfti ekkert um málið að tala frekar. Skil ég það ekki vel, að þeir hv. þm., sem ekki höfðu framsögu fyrir n. eða voru á annan hátt sérstaklega við málið riðnir, skyldu þá vera að tala, úr því að þeir töldu, að um málið væri ekkert frekara að segja. Ég álít nú þvert á móti, að það sé ástæða til þess að tala mjög mikið um þetta mál nú, svo mikið, sem nægði til þess að sannfæra þá hv. þm., sem þessu máli fylgja, um það, hvað þeir eru virkilega að gera. Hvað mörg orð þyrfti til þess, skal ég ekki um segja, en vissulega væri þörf á því að segja svo mörg orð sem til þess þyrfti. Ég býst ekki við, að ég geri neina tilraun til þess samt sem áður, ég hef ekki þá mælsku til að bera, sem til þess mundi vera nauðsynleg, heldur voru það orð, sem hér féllu við 2. umr. málsins, sem mig langar til ekki beinlínis að gera aths. við, heldur öllu frekar að biðja um nánari skýringu á. Ekki þarf ég þó að biðja hv. frsm. meiri hl. um neina skýringu á hans ræðu, því að ég tók ekki eftir, að þar kæmi raunverulega neitt annað fram en það, að hann taldi málið sjálft útrætt og það væri ákveðið fyrirfram, að það yrði samþ., og þess vegna væri ekkert um málið að segja. Ekki ætla ég heldur að biðja hv. þm. Barð. um skýringu né að gera aths. við hans ræðu. Hann vildi nú áminna okkur um að temja okkur einhverjar háleitar hugsanir, mig minnir, að hann kallaði þær hnattrænar. Ég vil ráðleggja honum út frá því að byrja siðabótina á sjálfum sér. Ég held, að sumum hafi virzt, að hann stundum hugsi það, sem hann kallar sveitrænt eða héraðsrænt, og svo veit ég ekki, hvort þær hnattrænu hugsanir, sem koma fram hjá honum, að gera ráð fyrir hinum allra lægstu og verstu hvötum hjá andstæðingum sínum, mundu bæta heiminn mikið, þó að honum tækist að drífa sína siðabót svo langt, að hún næði um allan heim, en þetta gerði hann nú að því, er okkur framsóknarmenn snerti, og það er ekki annað en það, sem við eigum að venjast af hendi þessa hv. þm. Þegar hann kom fyrst á þing, var hann að þessu á hverjum degi. Sennilega smádregur úr þessu, eftir því sem hann situr lengur á þingi, ef það verður lengur en til vorsins.

En það voru orð í ræðu hæstv. landbrh., sem ég vildi víkja að, og þætti mér það leitt, ef hann getur ekki hlýtt á þau. Sömuleiðis var það hv. 3. landsk., og það er bezt, að ég byrji á að víkja að hans ræðu, þar sem hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur enn, ef ske kynni, að hann kæmi hér í d. síðar. Þeir komu báðir að nokkru leyti inn á sama efni, og get ég ekki svarað hv. þm. nema minnast nokkuð á hæstv. ráðh. um leið.

Hæstv. ráðh. var að gera lítið úr því, að landbrh. væru gefin aukin völd með þeim bráðabirgðal., sem hér er leitað staðfestingar á, og hann hefur fyrr gert þetta, bæði í útvarpsumr., í Nd., og hér í þessari d., en það verð ég að kannast við, að hv. 3. landsk. talaði um þetta atriði málsins af miklu meiri hreinskilni en hæstv. ráðh. Hann viðurkenndi það sem sé, sem ekki er heldur annað hægt, ef rökum er beitt, að allt vald í verðlagsmálum landbúnaðarins væri eftir þessum bráðabirgðal. endanlega í höndum landbrh. Þetta viðurkenndi hv. 3. landsk. hreinskilnislega og drengilega, og fer honum þar betur en flestum stuðningsmönnum þessa máls, sem ég hef heyrt tala um það, en hann taldi bara, að þetta væri ákaflega eðlilegt, að valdið væri þarna yfir þessum málum, meðan ríkissjóður greiddi niður verð þessara vara. Það má þá vænta þess, að hv. þm. snúist á móti löggjöf

eins og þessari, ef niðurgreiðslur hætta. En ég álít, að þetta mál sé nú ekki eins einfalt og hv. þm. vill vera láta. Ef þetta væri einhver sérstök gjöf þjóðfélagsins til bænda, þá væri þetta náttúrlega rétt, en ég get alls ekki viðurkennt, að svo sé, og hv. 1. þm. N.-M. færði nú rök að því, og þarf ég ekki að endurtaka neitt af því, sem hann sagði. Hitt er annað mál, að þjóðfélagið skiptir það miklu máli, hvert verð er á landbúnaðarafurðum, meðan nauðsyn þykir ýmist að greiða þær niður ellegar að greiða nokkurn styrk til að kaupa þær, eins og hefur átt sér stað um kjötið. En er það nú endilega víst, að það sé sanngjarnt, þó að þetta sé játað, að bændastéttin sé tekin út úr og gerðar ráðstafanir gagnvart henni, sem ekki eru gerðar gagnvart neinni annarri stétt? Eins og nú stendur, þá neita ég því afdráttarlaust. Orsökin til þess, að bændur þurfa að fá svo hátt verð fyrir vörur sínar, að ekki er annað fært en ýmist að greiða þær niður úr ríkissjóði eða veita neytendum styrk, er sú sama og til þess, að sjávarútvegurinn þarf að fá hærra verð fyrir sína vöru en þeirra markaður lætur í té, og ríkið er nú farið að gera ráðstafanir út af því til að styðja þá. Það er ein og sama orsökin til þess hvors tveggja, sú, að tilkostnaður í landinu við alla framleiðslu er of hár fyrir framleiðsluna, og ekki óverulegt atriði í þessum tilkostnaði við framleiðsluna er kaupgjaldið í landinu, bæði verkamanna og annarra, því, að það er mesti misskilningur, að kaup verkamanna eitt skapi tilkostnað við framleiðsluna; það er kaup ótal annarra starfsmanna, sem raunverulega lifa á framleiðslunni. Þess vegna finnst mér, að ef gengið er inn á þessa hugsun hv. 3. landsk., að það þurfi að svipta heila stétt frelsi og sjálfsákvörðunarrétti um sína eigin vöru og um öll afkomuskilyrði sín, þá hljóti það að vera fleiri stéttir, sem þetta á við, og ekki þá hvað sízt launastéttirnar í landinu. Það kann að vera, að hin miklu afskipti ríkisins, sem nú eru orðin um allt líf manna í landinu, allan atvinnurekstur þeirra og starf, leiði til þess, að ríkisvaldið verði að taka það í sínar hendur að skammta hverri stétt og hverjum þjóðfélagsþegni það, sem talið er, að honum beri. Ef svo er, þá er ekkert við því að segja í raun og veru, ef þetta verður nauðsynlegt, en það á ekki bara að taka eina stétt út úr og beita hana tökum, sem engin önnur stétt er beitt, eins og með þessum l. er gert gagnvart bændastéttinni.

Ég hygg, að allir viðurkenni, bæði verkamenn og aðrir, að verkföll séu þjóðfélagsböl, þegar þau skella á. Við höfum haft verkföll undanfarið. Þó að það væri boðað, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð, að hún mundi tryggja vinnufrið í landinu, meðan hún sæti, þá hefur verið nóg af verkföllum, og nú var mjög haft á orði, t. d. í síðasta verkfalli, í báðum verkamannablöðunum, hvílíkt böl þetta væri, og ég hygg, að hátt kjötverð og hátt mjólkurverð hafi ekki verið talið meira böl en það. Nú vil ég spyrja hv. þm. og biðja hann að gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að réttmætt er, að setja bændastéttinni l., sem svipta þá algerlega umráðum yfir sínum tekjum, en ef talað er um að setja l. um, hvernig kaupgjald skuli vera, þá eru það þrælalög á hans máli. Annaðhvort er þá hvorugt þrælalög eða hvort tveggja. — Ég man það glögglega frá 2. umr., að bæði hv. 3. landsk. og hæstv. landbrh. voru að mótmæla því, að bændastéttin væri eina stéttin, sem yrði að beygja sig fyrir slíkum ráðstöfunum sem þessum af hálfu ríkisvaldsins. Þeir töldu upp ýmiss konar stéttir. En þetta er bara alls ekki rétt. Það hafa ekki verið gerðar neinar ráðstafanir gagnvart öðrum stéttum, sem hægt er að líkja við það, sem bændastéttin verður að þola. Þeir nefndu iðnaðarmenn. Satt er það, að þar hefur verið sett hámarksverð, en innan þessa ramma er iðnaðarstéttin frjáls, — hún má bara ekki yfirstíga hámarksverðið. Hún er svo frjáls, að hún er búin að loka stéttinni og neytir aðstöðu sinnar til að einoka. Þetta er allt annars eðlis. Smiðurinn er frjáls og má smíða og selja húsgögn eftir samkomulagi við kaupandann. En kunningi minn í sveit er ekki frjáls að selja dilkskrokk. Þarna er mikill mismunur á aðstöðu stéttanna. Nú er á boðstólunum útlent smjör allt að því helmingi ódýrara en íslenzkt smjör. Hvað ætli iðnaðarmenn mundu nú segja, ef leyfður yrði frjáls innflutningur á húsgögnum, en þar yrði munurinn áreiðanlega meiri en á smjörinu? Þeir minntust einnig á verzlunarstéttina. Það væri viðskiptaráð, sem setti ákvæði um útflutning og innflutning. En þetta er allt annars eðlis. Það er ekki sama, hvort um er að ræða framleiðslu mannsins sjálfs eða vörur, sem keyptar eru frá útlöndum og seldar hér með ágóða. Það er ekkert skrýtið, þótt höfð sé hönd í bagga um álagningu þessara vara. Þessar hömlur eru nú þannig, að verzlunarstéttin hefur eins konar einokun í landinu. En vitanlega má hver sem vill hefja búskap í landinu og keppa um sölu landbúnaðarafurða. En það þykir ekki nóg, heldur eru fluttar inn landbúnaðarvörur frá útlöndum. Nú í vetur hefur verið selt hér danskt smjör, og mér er kunnugt um það, að einu samlagi hefur reynzt erfitt að selja smjör sitt. — Nú er hv. 3. landsk. genginn út, og verð ég að segja það, að það er hálfleiðinlegt að ræða við menn, sem hlaupa þannig á dyr. Hið sama gildir um hæstv. ráðh. Þess vegna skal ég aðeins víkja lítillega að því, sem hann sagði hér við 2. umr. Hann vildi mótmæla því, að með frv. þessu væri valdið dregið úr höndum bænda. Hann lagði mikla áherzlu á það og meira að segja tvítók það, að áður hefði landbrh. haft miklu meira vald en nú. Ég ætlaði nú að spyrja hann að, í hverju þetta vald hefði verið fólgið. Hví voru þessi brbl. þá sett? Því má hver trúa sem vill, að lögin hafi verið sett til þess að draga valdið úr höndum ríkisstj. Hins vegar virtist mér gangurinn vera sá, að ríkisstj. sé að reyna að ná sem mestu valdi í sínar hendur. Þetta er líka ekkert undarlegt, — allar ríkisstjórnir vilja hafa sem mest vald. Til þess að ráðh. geti sannað þessi ummæli sín, finnst mér, að hann verði að sanna alveg nýja stærðfræðiformúlu, — sem sé, að ⅓ sé hærri tala en 1 heill. Öðruvísi er þetta ekki mögulegt. Áður skipaði ráðh. 1 fulltrúa af 5, en nú skipar hann alla fulltrúana. Reyndar eru þeir allir bændur, en það skiptir

ekki máli í þessu tilfelli. Mér virðist aðeins ein leið koma til mála, sem hann byggir þessa fráleitu kenningu á. Áður voru 2 fulltrúar frá framleiðendum og 2 frá neytendum og oddamaður skipaður af ríkisstjórn. Ráðh. gerði ráð fyrir, að framleiðendur og neytendur færu jafnan sína leiðina hvor, og þá skæri oddamaðurinn úr. Þótt út frá þessu sé nú gengið, þá get ég ekki séð, að vald ráðh. hafi verið meira en það er nú. Hafi ráðh. ráðið öllu áður, þá ræður hann þar öllu enn. En nú er engan veginn víst, að framleiðendur og neytendur greini á, og um það eru til dæmi deginum ljósari. Um 6 manna nefndar verðið, þar sem framleiðendur og neytendur sömdu, varð samkomulag, og þótt 7. maður hefði verið skipaður af ráðh., hefði niðurstaðan samt verið samþ. með 6:1. Það er allt annað mál fyrir bændur að hafa þó talsmenn innan þeirrar stofnunar, sem ákveður verð á vörum þeirra, — en ég segi, að bændur sem slíkir hafa engan fulltrúa í búnaðarráði. Afstaða meðlima búnaðarráðs er hin sama og konungkjörnu þingmannanna hér áður fyrr. Þjóðin kallaði þá aldrei sína fulltrúa, þótt þeir væru Íslendingar. Þeir fylgdu líka nálega aldrei málstað þjóðarinnar, og ef það kom fyrir, þá voru þeir settir frá. — Ég skil ekki í öðru, og ég vil vona, að hv. 3. landsk. og flokksbróðir hans hér í hv. deild sjái sig um hönd og greiði atkv. á móti frv. Kunnugt er, að hæstv. forseti Nd. og flokksbróðir 3. landsk. lítur í raun og veru eins og ég og við framsóknarmenn á málið, þótt hann sæi sér ekki fært að greiða atkv. gegn því vegna stuðnings síns við ríkisstj. M. ö. o., hann gat ekki vegna stefnu og fortíðar Alþfl. ljáð þessu máli lið, og 3 landsk. getur það ekki heldur, nema loka alveg fyrir alla þá glugga, sem hans sósíal-demokratiska birta hefur skinið inn um til þessa. Hvað þeir kunna að gera, vil ég ekki segja, en ef frv. þetta gengur í gegn, eins og líkur benda til, þá mega þeir vita það, að ef sá tími kæmi, að sett yrði svipuð löggjöf gagnvart þeirri stétt, sem þeir telja sig hafa umboð fyrir, þá munu þeir standa verr að vígi en ef þeir fylgdu nú réttu máli. Ætla þeir að láta ríkisstj. handjárna sig til að fremja óhæfuverk? Við atkvgr. um daginn greiddi einn sjálfstæðismaður atkv. á móti frv., og ef þeir 2 Alþfl.menn, sem eru hér í hv. deild, væru stefnu sinni trúir, mundi það nægja til að koma málinu fyrir kattarnef. Sama mætti e. t. v. segja um sósíalista, en þar sem það er alkunna, að þeir eru tækisfærissinnar, og geta vel sagt, að svart sé hvítt, ef þeir ætla sig græða á því, þá er ekki neins að vænta af þeim. Þess vegna sný ég máli mínu til hv. 3. landsk. og flokksbróður hans hér í hv. deild.

Haraldur Guðmundsson: Það má ekki minna vera en ég svari fyrir sjálfan mig svo einbeittum áskorunum sem hv. 1. þm. Eyf. hefur beint til mín. Þá er einnig skylt og sjálfsagt að þakka þá sérstöku umhyggju, sem hv. þm. ber fyrir Alþfl. (*BSt:* Ég hef gert það alltaf). Já, hv. þm. kveðst raunar alltaf hafa gert það, en ég hygg þó, að stundum hafi mistök orðið á því, en ég skal ekki rekja það hér. — Ég mun nú svara áskorun hans, en það hef ég þó þegar að sumu leyti gert, en mun þó drepa hér á nokkur atriði til viðbótar. Ég kem þá að kaflanum um hreinskilnina, en þar get ég verið stuttorður. Ég taldi það kost á frv., að það viðurkennir, að úrslitavaldið væri í höndum ráðherra. Ég sagði enn fremur, að þetta væri eðlilegt, eins og málum er nú háttað, þar sem ríkið greiðir ⅔ hluta af söluverði varanna til bænda. En hv. þm. gleymdi að taka það fram, að hér er enginn verulegur munur á því, að valdið var og er í höndum ráðherra. Hér er þetta viðurkennt í frv. (*BSt:* Hefur landbrh. viðurkennt þetta?) Það þarf ekki að spyrja neinn um það, því að þetta er staðreynd. Hv. þm. taldi erfitt að sanna, að 1 maður af 5 gæti ráðið eins miklu og 25 skipaðir menn. Hann lék sér að því að sanna, að 2÷2+1=1, og þetta sannaði hann mjög í allri ræðu sinni. Í þessu atriði og einmitt þegar mestu máli skipti, þá féllu atkv. þannig, — þegar fulltrúa bænda og neytenda greindi á, þá var úrslitavaldið hjá oddamanni, sem var skipaður af ráðherra. Munurinn er því ekki fjarska mikill frá því, sem var og er, — hann er miklu meir í orði en á borði. Það er í rauninni miklu betra að hafa ákvæði laganna augljós. — Hv. þm. spurði, hvers vegna ætti að beita bændur svona sérstökum ráðstöfunum. Það hefur einmitt verið bent á það, að það er ekki verið að beita bændur neinum sérstökum ráðstöfunum. Allar stéttir verða að hlíta meira og minna ströngum fyrirmælum um verðlag, hvað þá heldur þar sem ríkið greiðir beint uppbót á afurðir bænda. Hér þarf að setja glögg og skýr ákvæði. Sá, sem selur fisk, verður að selja fyrir ákveðið verð, og nú er meira að segja farið að greiða með fiskinum. Hv. 1. þm. Eyf. spurði líka, hvort frumorsök dýrtíðarinnar lægi hjá bændum, þar sem horfið hefði verið að því að greiða niður afurðir þeirra. Það er erfitt að svara þessu til fulls nema í löngu máli. En vissulega væri tilefnið nægilegt, þar sem þessi hv. þm. og flokksmenn hans eru sífellt að stagast á því, að þeir séu hinir einu réttu menn, er sífellt séu að berjast gegn dýrtíðinni. Það má minna þá á það og spyrja: Hver var fyrsta verðhækkunin hér innanlands, og hver kom skriðunni af stað? Fyrsta skrefið var stigið, er flutningagjöldin hækkuðu gífurlega í stríðsbyrjun. Það er óafsakanlegt, er við alþm. reyndum ekki að sporna neitt við. En samtímis þessu hélt verðlagið áfram að hækka, og afurðir bænda hækkuðu mjög á meðan kaupgjaldið var bundið að lögum, og var það ekki nema 20—30 stig, en landbúnaðarafurðir hækkuðu um 70—80 stig. Ég segi ekki, að þetta sé frumorsök dýrtíðarinnar, en þetta var fyrsta stóra skrefið til að hleypa henni af stað. Á þessu ber fyrst og fremst ábyrgð þessi hv. þm. og Framsfl., en ekki bændur. (*BSt:* Vorum við í meiri hluta á þingi?). Þótt það hafi ekki verið, þá er frumkvæðið að rekja til Framsfl., og fékk hann síðan stuðning annarra. Þessa sögu mætti rekja lengur, en ég hygg, að nú sé nóg, enda mundi hlutur Framsóknar ekki batna við það.

Hv. þm. sagði í lok ræðu sinnar, að menn hlytu að greiða atkv. gegn þessu frv., ef þeir vildu láta hina sósíal-demókratisku birtu halda áfram að skína inn um glugga sína. Við skulum

sleppa öllum orðaleik, en ég vil segja það skýrt, að Alþfl. mun sem heild greiða atkv. með þessu frv. En við lítum ekki þannig á, að með þessu sé hin eina rétta úrlausn málanna fengin, en það er bót frá því, sem áður var, og hana verðum við að notast við, þar til heildarbreyting verður gerð. — Það mun vera rétt, að hæstv. forseti Nd. tók ekki þátt í afgreiðslu málsins, en þetta sannar aðeins það, að Alþfl. handjárnar ekki sína menn. (*BSt:* Hann kemur ekki handjárnum á þennan mann). Hv. þm. má hafa það, hvernig sem hann vill, en annars væri bezt fyrir hann að halda sér við sinn eigin flokk.

Það er óþarfi hjá hv. þm. að vera að ógna Alþfl., þótt hann veiti aðstoð sína þessu frv. og stuðli að því, að það verði að lögum. — Heyr á endemi! Hverjir settu gerðardómslögin? Þetta er ekkert nýtt hjá þessum hv. þm. og flokki hans. — Ég vildi óska, að hugarfarsbreyting yrði hjá þessum mönnum.

Hvað bændur snertir, þá vil ég benda þm. á, að ekki er hægt að taka til samanburðar verkamenn í bæjum; það er ekkert til samanburðar, því að hér er um tvo aðila að ræða, annars vegar atvinnurekendur, sem kaupa vinnu, hins vegar verkafólk, sem selur vinnu sína. — Löggjöfin hefur afskipti af vinnudeilum og verkföllum og segir fyrir um, hvernig þau eigi að ganga, svo að þjóðfélaginu stafi af sem minnst hætta. Svona er eðlilegt, að málin séu, þó að ég viðurkenni, að á óróatímum þurfi að setja um það strangari lög, en því er nú ekki til að dreifa hér. Um verðlagningu landbúnaðarafurða er ekki um neina tvo aðila að ræða. Sá hluti kjötsins, sem er umfram kr. 6,80 nú, er beinlínis greiddur úr ríkissjóði. Ég finn hvergi hliðstæður í þessu. Kr. 10.80 er verðið, sem borgað er fyrir kjötið. Til þess að hægt sé að selja það, er það greitt niður. Ég vil minna hv. 1. þm. N.-M. á, að ég spurði hann um daginn, hvort kjötið mundi seljast jafnt, ef það væri ekki greitt niður. Hann svaraði þá, og var það fremur mælt af karlmennsku en fyrirhyggju. — Ég vil svo segja hv. þm., að hótanir hans hafa engin áhrif á mig.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að tala mikið um þetta mál, en ræða sú, sem síðasti ræðumaður flutti, kom mér til að segja nokkur orð. Hv. 1. þm. Eyf. minntist á sócial-demókratiska glugga, sem sólina legði inn um til Alþfl. Það eru fleiri, sem hafa tekið eftir því, að þessir gluggar eru lokaðir. Í Alþýðublaðinu í dag er fullt af afmælisgreinum. Endar sú síðasta þeirra á þá leið, að Alþfl. hafi því miður gengið úr vistinni í bráðina. — Ég held, að afstaða Alþfl. í þessu máli sýni það greinilega, sem 1. þm. Eyf. tók fram, að Alþfl. er genginn úr vistinni, svo að það er engin tilviljun, að þessi grein birtist í dag.

Ég hef ekki heyrt öllu lélegri vörn fyrir málstað en síðustu ræðu hv. 3. landsk. — Hann segir það kost á lögunum, að verðlagningarvaldið sé í höndum ráðherra. Röksemdafærslan er sú, að þetta sé vegna þess, hvernig nú er ástatt um ríkisframlög til að greiða hluta af verði landbúnaðarafurða. Hv. þm. hlýtur að vita, að þetta eru ósannindi. Bændur hafa aldrei beðið um einn eyri af þessu framlagi. Þeir hafa þvert á móti samþ. á fundum, að þeir vildu vera lausir við það. Hvers hafa þeir óskað? Að fá að verðleggja sína vinnu og vöru og taka svo á sig skaðann, ef einhver yrði, það er einmitt í dag, sem neytendurnir eru að sækja framlag sitt, til að fá eins konar neyzlustyrk fyrir kjötið. Svo er annað, sem hv. þm. hefur ekki áttað sig á. Hann segir það eðlilegt, að verðlagningarvaldið sé í höndum ráðh., vegna þess að niðurgreiðslan sé í hans höndum. — En hér er annað frv. frá ríkisstj. til að greiða niður verð á saltfiski, og enn fremur till. um að greiða þær uppbætur til 1. okt. og enn fremur till. um að verðuppbæta freðfisk o. fl. Allt þetta er gert til þess að hægt sé að greiða verkamönnum kaup. En framleiðendurnir verða að biðja um þetta framlag til þess að geta haldið framleiðslunni áfram.

Það er skýlaus játning hv. þm., að það eigi að setja þessi lög vegna þess, að hluti af kaupi bænda sé greiddur úr ríkissjóði. Af þessu ætti ekki að koma til mála, að verkamenn fengju að ráða kaupi sínu. Ég veit ekki, hvort þetta er það, sem hann hefur ætlazt til, en allir sjá, að þessi yfirlýsing um fylgi við þetta frv. er yfirlýsing um það, að hann sé fylgjandi, eða hafi verið fylgjandi gerðardómslögunum. — Ég vil í því sambandi minnast á gerðardómslögin. Hv. þm. byrsti sig áðan og talaði um með æsingi, hver von væri af Framsfl. Ég held nú samt, að fæstir geti neitað því, að gerðardómslögin frá ársbyrjun 1942 hafi verið ólíkt réttlátari en þau lög, sem hér er verið að setja, gagnvart bændum. Munurinn á gerðardómslögunum og þessum lögum er sá, að gerðardómslögin voru almenn, þjóðfélagslegs eðlis, til að halda niðri verðlagi og verðbólgu, og náðu jafnt yfir allar stéttir þjóðfélagsins, en þessi lög ganga yfir eina stétt, aðeins yfir bændur, og eru því lög, sem eiga engan rétt á sér í þjóðfélaginu. — Ég ætla svo ekki að tala meira um gerðardómslögin.

Nú er svo komið, að hér liggja fyrir framan okkur frv. um meðgjöf á saltfiski, freðfiski o. fl., sem ríkissjóður á að borga. Það má segja um fjármálaóreiðu hæstv. ríkisstj. líkt og einn hv. þm. sagði hér niðri í gær. Hann sagði, að það væri engu líkara en menn væru að keppast um að gera sem mestar kröfur í bú.

Það vita allir, að lögin um fiskimálasjóð, lögin um húsbyggingar í kaupstöðum o. fl., o. fl. ná aldrei tilgangi sínum, eins og nú er komið, og það stafar fyrst og fremst af því, að hlaupið var frá gerðardómslögunum og dýrtíðinni sleppt lausri. Því hefur verið haldið hér fram, að það væri landbúnaðarvöruverðið, sem skapaði dýrtíðina. Þetta er auðvitað hin mesta fjarstæða, og þeir, sem halda þessu fram, vita meira að segja, að það er vitleysa, enda er það svo, að dýrtíðin og hækkað kaupgjald kemur hvergi harðara niður en á bændum. Ég skal nefna eitt dæmi, sem sýnir ljóslega, hvernig kaupgjald í sveitum hefur hækkað margfalt á við vöruverð.

Vífilsstaðahælið gat fyrir stríð fengið vetrarmann fyrir 700 kr. yfir veturinn, en nú getur það ekki fengið mann fyrir minna en 1000 kr. á mánuði, þ. e. um fjórtánföld hækkun, enda er

það orðið svo, að maður lítur varla í dagblað án þess að sjá þar auglýstar jarðir til sölu.

Ég vil nú gefa Alþfl. það heilræði á 30 ára afmælinu að hætta lausamennskunni, og hv. 3. landsk. vil ég ráða til að sýna slíka hugarfarsbreytingu með atkv. sínu við afgreiðslu þessa máls hér í dag.

Jónas Jónsson: Það hafa komið hér fram skýringar á því, af hverju dýrtíðin stafaði og hvenær hún hafi byrjað. Ég lít svo á, að stíflan hafi brotnað strax í styrjaldarbyrjun, þegar kaup sjómanna var hækkað. Þá hófst það kapphlaup, sem síðan hefur haldið áfram þangað, sem nú er komið. Með þessu er ég ekki að segja, að þessi yfirsjón afsaki allar þær vitleysur, sem síðan hafa verið gerðar í dýrtíðarmálunum. En þótt ég sé sammála framsóknarmönnunum hér í deildinni um það, að bændur hafi verið illa leiknir og óréttilega, þá get ég ekki hælt þeirri aðferð, sem Búnaðarfélag Íslands hefur tekið upp. Forustumenn þess hafa gert sig seka um þá stórkostlegu villu að ætla sér að stofna verkalýðsfélag án þess að kunna það.

Ég get getið þess nú á 30 ára afmæli Alþýðusambands Íslands, að ég átti nokkurn hlut að stofnun þess félagsskapar. Grundvallaratriði slíks félagsskapar er það, að menn stofna félagið sjálfir, borga gjöld til þess sjálfir og gera sjálfir það, sem gera þarf. En það, sem forustumenn bændasamtakanna flöskuðu á, var það, að þeir ætluðu að láta löggjafann skaffa sér fé til sinna þarfa. Það er ekki þannig, sem Sigurður Guðnason fer að, þegar hann hyggur á stórræði. Það er hollt fyrir formann Framsfl. að vita þessa hluti, svo að hann geri betur næst, þegar hann ætlar að stofna verkalýðsfélag.

Bernharð Stefánsson: Ég get að mestu látið nægja að vísa til þess, sem hv. þm. Str. sagði um þetta mál. En ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa vonbrigðum mínum yfir ræðu hv. 3. landsk. þm., en þó get ég verið honum þakklátur fyrir, að hann hefur með ræðu sinni skýrt málið og slegið vopnin úr höndum þeirra, sem vilja breiða yfir aðalatriði málsins. Hann játaði það, að í rauninni væri allt vald í höndum ráðh., en það er gagnstætt því, sem þm. Sjálfstfl. hafa reynt að halda fram. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem hann sagði, því að hann rakti það nægilega, en skal til viðbótar því, sem hann sagði, minna hv. 3. landsk. á, hvenær aðalhækkun landbúnaðarvara átti sér stað, og það var samkv. ákvörðun 6 manna n., og verðlagið, sem þá var ákveðið, var beinlínis miðað við kaupgjald í landinu, miðað við það, að bændur bæru sama úr býtum fyrir vinnu sína og aðrar vinnandi stéttir landsins. Já, — hann lýsti yfir því, að hann yrði nú með þessu frv. Það hryggir mig, og ég skildi hann svo, að Alþfl. yrði heill og óskiptur með því. Það kann að vera svo að því er þingmenn flokksins snertir, að enginn greiði atkv. gegn þessu máli, en öllum er kunn afstaða forseta Nd., að hann a. m. k. styður það ekki, en það hefur nú ýmislegt komið fram um það, að hv. þm. hafi ekki mikið fylgi flokksbræðra sinna úti um land til þess að samþ. slíkt frv. sem þetta. Það hafa ýmsir lesið flokksblað hans á Ísafirði, Skutul. Mig minnir, að þessi þm. væri einu sinni ritstjóri þessa blaðs, og ég sé, að það fylgir alveg eins hreinni sósíal-demókratiskri stefnu nú eins og það gerði þá. Í því blaði hefur hvað eftir annað verið vikið að því, að þetta væru kúgunarlög, sem ekki næði nokkurri átt, að sett væru um eina stétt þjóðfélagsins, og ég veit, að svo er víða um flokksbræður þessa hv. þm., að þeir algerlega fordæma það, að flokksbræður þeirra á þingi skuli vera með í slíku. Og það eru fleiri en Alþfl.menn, sem líta þannig á þetta mál. Maður heyrir það á mörgum kjósendum Sjálfstfl. úti um land, að þeir líta eins á þetta. Mér er minnisstætt, þegar stuðningsblað ríkisstj., Íslendingur, blað Sjálfstfl. á Akureyri, skýrði frá þessum lögum og sagði, að ekki yrði því neitað, að l. væru anzi einræðiskennd og gætu orðið hættuleg í höndum sumra manna. En blaðið huggar sig aðeins við það, að svo ágætur maður sem Pétur Magnússon skipaði sæti landbrh., það var frá blaðsins sjónarmiði eini ljósi punkturinn í þessu. En nú er það bara einu sinni svo, að núverandi landbrh., hversu ágætur maður sem hann kann að vera, er dauðlegur eins og aðrir menn og ráðherrastaðan einnig af öðrum ástæðum völt, svo þó að þessi svör væru tekin gild, mundu þau ná skammt. Nei — frjálslyndir menn í landinu fordæma þessa lagasmíð. Út af því, sem ég minntist á hans afstöðu til gerðardómslaganna og spurningu minni um það, hvaða rök væru fyrir því, að það hefðu verið þrælalög, en þetta ekki þrælalög, þá svaraði hann því, að þetta væri ólíkt, um kaupgjaldið sömdu tveir aðilar, vinnuveitendur og vinnuþiggjendur, og þess vegna væri eðlilegt, að þeir semdu um þau atriði, sem kaupið varðaði, en það var svo að heyra, að verðlag landbúnaðarvara væri ákveðið af einum aðila. Ég hélt, að erfitt væri að selja landbúnaðarafurðir, ef enginn keypti þær. Mér skilst, að það hljóti að vera tveir aðilar, sem þetta mál varðar, og það var nú gamla fyrirkomulagið, sem var haft í þessu máli, sem líkja má við sáttanefnd, þar sem atvinnurekendur og verkamenn semja með þátttöku sáttasemjara ríkisins. Þm. var með í því að koma því fyrirkomulagi á, en nú telur hann, að það hafi verið óheppilegt, en einn vilji ráðh. sé það eina rétta. Hv. þm. Str. vék að þessu ástandi, sem þetta mundi skapa, en hæstv. ráðh. og hv. 3. landsk. hafa haft hér á orði, að þetta væri sjálfsagt á meðan greiðslur færu fram úr ríkissjóði til þess að lækka verð landbúnaðarvara. Ég vil halda því fram, eins og hv. þm. Str. og þm. S.-Þ. óbeinlínis, að þessar greiðslur eru raunverulega hluti af kaupgjaldi launþega í landinu og annað ekki, þær eru það, og hafa verið færð rök að því.

Ég skildi ekki vel ræðu hv. þm. S.-Þ. og skal því ekki fara út í hana. Mér skildist á honum, að bændastéttina vantaði samtök og þess vegna væri komið sem komið væri um það, að þetta er eina stétt þjóðfélagsins, sem á að kúga á þennan hátt, eins og stefnt er að í þessu frumvarpi. Ég hef orðið þess var undanfarið, að verið er og að nokkru leyti búið að stofna stéttarfélag bænda, sem ætlað er sérstaklega að fjalla

um þetta mál, fyrir utan það, sem bændur eiga nú stéttarfélag, sem orðið er mjög gamalt, en aðallega hefur fengizt við önnur mál landbúnaðarins. Hvort þeir, sem gengust fyrir þessari stofnun bænda, hafa ekki kunnað neitt til þessa, það skal ég ekkert um segja, en ekki veit ég, hvort hann er hæstréttardómari í þessu efni. Gæti sennilega hv. þm. Dal. sagt betur um þetta en ég, því að hann hefur verið meira við þetta riðinn. En ég ætla bara að vona, úr því að hv. þm. S.-Þ. telur svona mikla nauðsyn — sem ég er honum alveg sammála um — að efla stéttarfélag bænda, að hann gerist á allan hátt stuðningsmaður þess, að slík samtök komist á og verði öflug, og vinni þar ekki annað en það, sem til sameiningar má verða og þrifa þeim samtökum.

Haraldur Guðmundsson: Ég býst við, að það þýði ekki mikið að lengja umr. um þetta. Þó vil ég með nokkrum orðum leiðrétta nokkuð af þeim fjarstæðum, sem hér hafa komið fram. —

Hv. 1. þm. Eyf. skýrði frá því alveg réttilega, að ég hefði á sínum tíma verið með því að setja þau ákvæði inn í afurðasölulögin, að verðlagsn. væru skipaðar með þeim hætti sem nú er gert, oddamanni frá ríkisstj. og tveimur mönnum, sem ættu sérstaklega að bera hagsmuni framleiðenda fyrir brjósti, og öðrum fyrir neytendur. Þetta er rétt, og ég vil bæta því við, að fyrstu árin, meðan samvinna var milli Alþfl. og Framsfl., þá gekk þetta sumpart vel og sumpart skaplega. En þegar Framsfl. fór að fara fyrir alvöru í lausamennsku, taka saman við hina og þessa, semja við íhaldsflokkinn og loks að taka upp samstarf við hann um setningu gerðardómslaganna, þá spilltist meira en þetta atriði. Þeir hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Str. hafa haldið hér langar ræður um það, að verðlagning landbúnaðarafurða hafi í raun og veru verið í góðum höndum hjá þessum mönnum, og því ekki ástæða til að breyta til. Ég verð að segja það sem mína skoðun og sem meginorsök fyrir því, að ég fylgi þessu frv. nú, að ég álít einmitt, að verðlagsyfirvöldin hafi í þessu efni sýnt sig gersamlega óhæf til þess að rækja það starf, sem þeim var ætlað, undir lokin, ekki alltaf. Ég má kannske minna hv. þm. Str. á það, að ég ætla, að það hafi verið haustið 1944, að verðlagsyfirvöldin rannsökuðu, hvað bændur þyrftu að fá fyrir kjötið, ef allar greiðslur úr ríkissjóði féllu niður. Hvað var það, sem niðurstaðan sýndi þá? Ég er ekki svo minnugur, að ég fullyrði, að ég fari rétt með, en mig minnir, að það hafi verið kr. 17.87 fyrir kílóið, ef þeir áttu sjálfir að taka þann halla, sem yrði af því kjöti, sem út yrði flutt, umfram hallann af því kjöti, sem seldist hér heima. Hvað sem um þessa hluti verður sagt, þá er bara þetta eitt full sönnun þess, að hér var um ábyrgðarlausar forgangskröfur að ræða í bú, sem hv. þm. Str. kallaði gjaldþrotabú. Svo ætlast hann til, að á þessum grundvelli sé byggt og þeim kostnaði sé haldið áfram. Ég sé mýmarga galla á þessu frv. hér, það eru hreinustu bráðabirgðalög, en það er bara nauðsyn til að breyta til frá því, sem áður var. Það skal sagt búnaðarþingi til lofs, að það sá, að þetta var vitleysa og annað ekki. — Ég held í raun og veru, að með þessu sé alveg fullsvarað ummælum þessara hv. þm. um áhuga þeirra í dýrtíðarmálunum og þeirra miklu viðleitni að binda dýrtíðina í landinu. Það sýnir, að þetta er gersamlega ábyrgðarlaust skraf, sem er tekið upp, þegar þeir eru ekki lengur við völd, en vanræktu meðan þeir gerðu ekkert sjálfir. Þetta er sorgleg saga. Ég skil vel, að hv. þm. S.-Þ. segi: „Ef hræðslupeningarnir hefðu aldrei verið borgaðir, hefðu flutningsgjöldin aldrei hækkað.“ Og ég skil, hv. þm. Str., þegar hann segir: „Ef hin ágætu lög, gerðardómslögin, hefðu verið framkvæmd, þá væri allt í lagi.“ En þeim dettur ekki í hug að trúa neinu af því. Og ég vil líka minna hv. þm. Str. á, að þegar gerðardómslögin voru sett, gegn vilja allra skynsamra manna, einnig í Framsfl., þá var það gert, þegar nýbúið var að hækka allar afurðir fyrst. Þetta er sannleikurinn í þessu efni, og það þýðir ekki að hafa það eins og strúturinn, að stinga höfðinu ofan í sandinn og neita að horfast í augu við staðreyndirnar. Ég skal taka undir það, að það er að ýmsu leyti mjög erfitt að sjá, hvað framundan er, en það er gersamlega fjarri sanni að láta sér detta í hug, að við getum til lengdar búið við þetta háttalag, að greiða þurfi uppbætur á framleiðsluna, bæði það, sem neytt er innanlands, og eins hitt, sem flutt er úr landi; að ríkissjóður haldi áfram að greiða þessar uppbætur, getur enginn lifandi maður látið sér detta í hug. Hér verður að gera breyt., og því bar ég fram brtt. við þetta frv., að þessi l. skyldu endurskoðast ekki síðar en á næsta þingi. En einmitt fyrir það, að slíkar ráðstafanir eru gerðar, slíkar greiðslur, á að gera það að skyldu þeirrar stjórnar, sem ræður gangi málanna, að hafa einnig íhlutun og áhrif á, hvaða verðlag er sett á þessar vörur.

Ég játa það, sem fram kom í ræðu hv. þm. S.-Þ., og hann þakkaði fjmrh. fyrir, að eins og þetta frv. liggur fyrir, þá má teygja það á þann veg, að hér sé um neytendastyrk að ræða, en ekki framlög til bænda, og ég skil vel, að hv. þm. Framsfl. komi þetta vel, þó að þeir hafi ekki flutt hæstv. fjmrh. sömu þakkarorðin í þessum efnum og þm. S.-Þ. gerði. Ég kann heldur lakar við þetta í frv. en eins og það var, en það breytir í sannleika engu raunverulega. En sé það svo, eins og framsóknarmenn halda fram, að með þessu sé ríkissjóður að greiða einhvern hluta af launum launþega og verkamanna í landinu, þá er það líka víst, að með þessu er verið að greiða einhvern hluta af tekjum eða launum bændastéttarinnar í landinu.

Hv. þm. S.-Þ. sagði í sinni ræðu, að stíflan gegn dýrtíðinni hefði fyrst og fremst verið brotin, þegar hræðslupeningarnir, sem hann kallaði svo, voru upp teknir fyrir sjómenn. En hann gat þess jafnframt, að önnur stífla hefði brostið, að mér skildist ekki minni, þegar verðlag landbúnaðarafurða var rofið úr tengslum við kaupgjald í landinu og þar með hækkað eins og raun varð á. Og það veit hv. þm. Str. manna bezt, hvort hann gerði sér grein fyrir því á sínum tíma, hvaða afleiðingar gerðardómslögin kæmu til með að hafa, og hitt veit hann líka, að sú vanhugsaða lagasetning varð til þess, að meiri

kauphækkanir urðu á árinu en sennilega hefði orðið, ef sú löggjöf hefði aldrei verið sett. Fullvíst er, að sala hefði gengið fyrir sig á venjulegan hátt snemma á árinu 1942, án þess að kæmi til slíkra aðgerða með þeim afleiðingum, sem hv. þm. er kunnugt um.

Það væri ákaflega skemmtilegt að taka þátt í viðræðum hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Str. um það, hvor kynni betur að skipuleggja samtök bænda. Ég held, að það sé nú fjarlægur draumur, sem þm. S.-Þ. virðist láta sig dreyma um að koma í framkvæmd, að bændur stofni til verkfalla, hætti að framleiða kjöt og mjólk nema það, sem þeir þurfa að hafa í belginn á sér sjálfum, og ég held, að allar hans vonir um slíkar aðgerðir muni bregðast. En ég get ekki neitað því, að mér finnst einkennilegt, ef bændur gera ráð fyrir að geta byggt upp stéttarfélag með svipuðum tilgangi og verkamannafélögin, með beinum ríkisstyrk, eins og hv. þm. S.-Þ. orðaði það.

Þegar hv. þm. Str. vill sýna fram á, hvernig þetta hefur breytzt frá því, sem var með verðlagsn., er þrautalendingin að vísa til 6 manna n. álitsins, sem að þeirra dómi jafngildir bibliu í þessum efnum. Það er sú lausn fengin með 6 manna n. álitinu, sem leysti þetta mál og var sanngjörn og eðlileg og því sjálfsagt að byggja á. Já, ég get ekki neitað því, að mig furðar á þessu. Ég geri ráð fyrir, að þm. sé öllum kunnugt, að Alþfl. var þegar í upphafi andvígur niðurstöðum 6 manna n. og sýndi fram á, að ómögulegt væri til lengdar að framkvæma þær að því er verðlagningu snerti. Mér finnst því hæpið af þm. Str. að halda sér að sex manna n. álitinu sem einhverjum sérstökum drottinsúrskurði, eftir að búnaðarþing, sem hann leggur mikið upp úr, hefur staðfest skjallega, að á því sé ekkert byggjandi, og víst er um það, að það er ekkert á því byggjandi, sem ekki er von.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um spádóma hv. þm. Str. og hv. þm. S.-Þ., sem báðir virtust stefna að því sama: algert þrot framundan. Hv. Str. orðaði það svo, að þm. hegðuðu sér eins og þeir væru að gera kröfur í bú, — hvers konar bú veit ég ekki. Ég vil ekki neita því, eins og ég áður sagði, að það er tvísýnt um það, hvernig rætist fram úr á næstu árum, en ég get samt ekki neitað því, að mér finnst hv. þm. Str. vera ofhaldinn af þessari heimsku, og það er það, sem hefur auðkennt pólitík þessa hv. þm. upp á síðkastið mjög áberandi, eins og þau, sumpart eftirsóttu og sumpart reyndu, vistaskipti hv. þm. Str. hafa nokkurn svip sett á starfsemi flokksins. Eftir langt samstarf við Alþfl. var því slitið með gerðardómsl. 1942 og tekin upp mjög innileg samvinna við Sjálfstfl. og helztu forustumenn hans. Eftir kosningarnar 1942 sitjum við báðir á samningabekk, fyrst við alla flokka og síðan um að koma á vinstri stjórn með kommúnistum. Fullkomnar hugleiðingar, óskir og eftirlanganir voru af okkar beggja hálfu, þótt þessi yrði endirinn, — skal ég ekki rekja þá sögu alla, en það strandaði, það skal viðurkennt. Hv. þm. hefur verið í sambúð við Alþfl. og innilegri sambúð við Sjálfstfl. og leitað eftir sambúð við kommúnistafl. Það er sömu söguna og um hina flokkana að segja, og Alþfl. hefur einnig verið kenndur við slíkt óskírlífi, en kommúnistar héldu meydómi sínum fram undir það síðasta. Það má gera gys að þessu, en allir flokkar eru undir sömu sökina seldir í þessu efni. En það er dálítið mismunandi, hvernig gengur til með vistaskiptin. Ég skal ekki neita því, að Alþfl. hefur stundum haft vistaskipti, hann hefur stundum breytt um samstarfsmenn. En Alþfl. hefur aldrei haft vistaskipti í þeim skilningi, að hann hafði ekki fylgt áfram sömu málum, eftir því sem efni stóðu til og hægt var að koma fram. En það er meira en hægt er að segja um Framsfl., ég á orðastað við hann nú og skal því láta hina liggja í þagnargildi. Ég skal svo láta þessum mínum orðum lokið.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., 13. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Áður en ég kem beint að málinu sjálfu, vil ég leyfa mér að gera aths. við ummæli, er féllu persónulega í minn garð við fyrri umr. í þessu máli.

Hv. 1. þm. N.-M. lét þau ummæli falla samkv. þingriturum, að ég hefði haldið því fram, að Framsfl. ynni hatursfullt starf til niðurrifs í landbúnaðinum, og hefði hann haldið þau ummæli mín ósambærileg við samstarf mitt við þennan flokk. En slík orð hef ég aldrei látið falla, en vildi þó ekki segja neitt fyrr en ég hefði öll plögg í höndunum um þetta mál, og vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það, sem þingritari hefur fært inn um þetta atriði. „Allur þessi úlfaþytur Framsóknar er aðeins til þess að rægja stjórnina, en það mega framsóknarmenn vita, að með þessu eru þeir að grafa sjálfum sér gröf. Það er því ekki annað en hatursfull öfundsýki Framsóknar, er ræður gerðum þeirra, af því að þeir fengu ekki að vera með í ríkisstjórninni."

Þetta eru nokkuð önnur ummæli en hv. 1. þm. N.-M. segir, að ég hafi haft við, og getur hann þá deilt um það við þingritarann, hvor hafi réttara mál, hann sjálfur eða þingritarinn.

Viðvíkjandi þeim ummælum hv. 1. þm. Eyf., að ég hefði hafið þingmennsku mína með því að svívirða Framsfl. einu sinni á dag, en gerði það nú aðeins einu sinni á viku, vildi ég segja það, að þetta er vitleysa, en hins vegar tóku framsóknarmenn þannig á móti mér, er ég lenti fyrst í kappræðu við þá hér á hv. Alþ., að hrækja til mín yfir deildina. Ég vildi sem sagt aðeins leiðrétta þessar fullyrðingar hv. 1. þm. Eyf.

Ég vil þá snúa mér að málinu sjálfu. Margt nýtt kom hér fram í gær í umr. Það er bersýnilegt, að þeir, sem eru á móti frv., halda því ranglega fram, að hér sé verið að skipa bændastéttinni annan sess í þjóðfélaginu en öðrum. Í 1. nr. 1 1943 er sagt, hvernig skipað skuli í viðskiptaráð. Þar er sagt, að ekki megi skipa fulltrúa neinna ákveðinna stétta, en í búnaðarráð eru hins vegar eingöngu skipaðir þeir menn, sem eiga hagsmuna að gæta. Hvernig leyfa menn sér svo að halda því fram, að freklega sé hér gengið á rétt bænda? Í húsaleigunefnd fá húseigendur ekki einn einasta fulltrúa. Mér

finnst þetta nóg til þess að sanna, að hér er ekki skertur meira réttur bænda en annarra stétta þjóðfélagsins. Öðru nær. Hér er einmitt hlúð að rétti þeirra, undir þessum kringumstæðum, þegar ákveða þarf verðlag í landinu. Sama er að segja um iðnaðinn. Húsgagnaiðnaðurinn er t. d. undir ströngu eftirliti, og þar er keðjuverzlun bönnuð. Og þessir menn eiga engan fulltrúa í þeirri nefnd, sem ákveður verð á vörum þeirra. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að menn fengju friðindi við að loka stéttinni. Ég veit ekki um þetta, en ég hef fengið þær upplýsingar hjá iðnn. eftir hæstv. samgmrh., sem með þau mál hefur að gera, að ekki minna en ⅕ af þjóðinni færi í iðnaðarmannastéttina, og ég hygg, að til engrar stéttar sé jafnmikið aðstreymi.

Það kom mjög fram við umr. hér í gær, að bændum væri bannað að hafa sama rétt og verkamenn hafa. Ég taldi ekki heppilegt, að farið væri hér inn á sömu braut og í verklýðsmálunum, þar sem stöðugar deilur eru milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Það virðist aðalstefna andstöðumanna frv., að bændur standi í sama rétti, en jafnframt sömu áhættu og verkamenn. Þessi l. banna bændum alls ekki að selja sína vöru. En enginn verkamaður getur gert verkfall, án þess að hætta á að missa vinnu sína. En hvort sem hv. þm. Str. getur hætt að láta lömbin vaxa og kýrnar að mjólka, meðan á þessu stæði, þá er það allt annað mál. En þeir vilja draga bændur inn í þessar deilur. Þeir vilja láta Búnaðarfélag Íslands hafa með þessi mál að gera og gera það að verklýðssambandi á borð við Alþýðusambandið og Dagsbrún. En það ætti fyrst að athuga stjórnina á þessu fyrirtæki. Ég vil minna á það, að hér um bil 700 þús. kr. eru veittar til Búnaðarfélags Íslands úr ríkissjóði. Ég skil ekki, að lengi verði hægt að halda því fram, að það eitt stéttarfélaga eigi að fá svona styrk úr ríkissjóði, ef gera á það að stéttarfélagi. Aðrar stofnanir mundu koma á eftir. Ætti þá ekki að veita Alþýðusambandinu og Landssambandi útvegsmanna slíka styrki?

Á launalista Búnaðarfélagsins eru kr. 275,725,00. Þar af hefur búnaðarmálastjóri um 30000 kr. En svo fékk fjvn. þær upplýsingar að gefnu tilefni, að nauðsynlegt væri, að þessi sami maður hefði full laun í nýbyggingarráði. En er þá hægt að láta þann mann vera forstöðumann Búnaðarfélagsins? Eða á hann að hafa tvöföld laun? Annað dæmi: Pálmi Einarsson hefur 26000 kr. hjá Búnaðarfél. og hefur unnið mikið fyrir ríkið og verður að starfa við ýmislegt annað. Svo fær Páll Zóphóníasson líka 26000 kr. í Búnaðarfél. Íslands, en hann mætir hér á Alþ. og vinnur einnig hjá ríkisskattanefnd og fær þar sín laun, og er það mikið starf, sem hann hefur þar. Halldór Pálsson er bæði hjá Búnaðarfél. Íslands og Atvinnudeild háskólans. Hann er á fullum launum hjá báðum stofnununum, en óhugsandi er, að hann geti látið þeim báðum fulla starfskrafta sína í té.

Ég hygg, að þessi dæmi nægi til þess að sýna stjórnina á þessu félagi, en hún er með þeim endemum, að tími er til kominn að endurskoða starfsemi þess, og ætti sömuleiðis að athuga, hvort þetta er orðin pólitísk stofnun. Mér er sagt, t. d., að það hafi verið svo undanfarið, þangað til á síðasta kjörtímabili, að það hafi staðið til, að búnaðarmálastjóri hafi farið til framboðs í Skagafirði — ekki af því, að þar vantaði frambjóðanda fyrir Framsfl., heldur til þess að stjaka þar manni frá, sem er ekki eins þægur. Og ef Framsfl. getur þannig ráðið yfir mönnum, sem hann á sínum tíma hefur veitt embætti, sem þá var krafa bændanna í þessu tilfelli, að viðkomandi maður mætti ekki koma nærri pólitísku starfi, ef hann ætti að fá þetta starf — þá var það rétt á litið hjá Barðstrendingum, að Steingrímur Steinþórsson ætti ekki að eiga sæti á Alþ. Og þeir, sem starfa í þessari stofnun fyrir bændur, eiga að beita kröftum sínum sem bezt við sín störf þar, sem þeir eru ráðnir til, heldur en að vera við önnur störf. — Ég álít því mjög heppilegt, ef hægt væri að gera því miklu betri skil en gert hefur verið hingað til að skipuleggja Búnaðarfélag Íslands, til þess að á vegum þess geti farið fram sú vísindastarfsemi fyrir bændastéttina, sem upphaflega var ætlazt til, en að því sé haldið frá allri pólitík. Því að til starfsemi þess er greitt úr ríkissjóði, sem á ekki að vera neinum pólitískum flokki til framdráttar.

Hv. þm. Str. sagði, að bændur hefðu aldrei beðið um verðuppbætur. Þetta er ekki rétt. Hv. þm. hlýtur að minnast þess, að þær eru til komnar fyrst vegna þess, að enska ríkisstj. greiddi hingað 5 millj. kr. á sínum tíma til þess að bæta upp markaðstöp vegna hernámsins. Langmestur hluti þessara 5 millj. kr. fór að sjálfsögðu til bænda, vegna þess að þeir höfðu tapað mestum mörkuðum við hernámið. Og það var sannarlega sótt af fulltrúum bænda þá að fá þennan hluta af því fé, enda áttu þeir þetta fullkomlega skilið. Og það var síður en svo, að þeir neituðu að taka á móti því. Hins vegar neituðu brezku yfirvöldin að halda áfram þessari greiðslu síðar, vegna þess að aðrir atvinnuvegir í landinu græddu meira á hernáminu en landbúnaðurinn tapaði. Og þeir álitu þá, að íslenzka ríkisstj. ætti að jafna þessi met í þjóðfélaginu. Nú vil ég minna á það, að árið 1942 var á Alþ. samþ. þáltill. um að láta 25 millj. kr. til landbúnaðarins. Það var fyrir tilmæli bændafulltrúanna, en var sannarlega ekki verið að þrengja þessu upp á bændastéttina. Og þetta var einnig gert af réttlátri fjárhagslegri þörf, samkv. sex manna nefndar álitinu. — Það má segja, að það kerfi, sem einnig lét hækkandi laun ganga inn í vísitöluna, jafnframt því, sem bændum var tryggt visst verð fyrir afurðir sínar, hafi verið vanhugsað. En svona er það.

Hv. 1. þm. Eyf. hélt því fram, að þessir menn væru ekki fulltrúar bænda, sem fara með landbúnaðarafurðaverðlagninguna, heldur skipaðir af ríkisstj. og gætu ekki skoðazt nema eins og konungkjörnir þm. voru skoðaðir á sínum tíma. Þeir væru fulltrúar ríkisstj., en ekki fulltrúar bændanna. Ég vildi spyrja þennan hv. þm. um það, hvort þetta beri svo að skilja, að meðan framsóknarmenn sátu í ríkisstjórn og réðu lögum og lofum í landinu, að hvenær sem veitt var þá embætti einhverjum manni, þá hafi það verið veitt með þessum forsendum. En varla

verða orð hv. 1. þm. Eyf. skilin öðruvísi en svo, að þeir embættismenn hafi átt fyrst og fremst að gæta hagsmuna framsóknarmanna. Enda kemur það skýrt fram hjá þessum hv. þm., að hann ætlast til þess, að þegar einhver maður hefur fengið einhverja stöðu fyrir tilstilli einhvers ráðh., þá sé sá embættismaður fyrst og fremst fulltrúi þess manns, sem er ráðh., bæði á pólitísku sviði og hagsmunasviði. En það er bara allt annar skilningur en við hinir höfum lagt í þessi mál.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um, að launal. væru sett fyrir áhrif stéttarfélaganna, sem hefðu knúið þau fram. Nú vil ég benda honum á, að þetta stéttarfélag, sem hann vísaði til, er miklu óánægðara með afgreiðslu launal. en bændur eru almennt með verðlagið á landbúnaðarafurðum, og að launal. sjálf gefa engan rétt til þess að hefja verkfall, eins og þó mátti heyra á ræðu hv. þm. S.-Þ., að hann gerði ráð fyrir. Það var að vísu sótt fast af þessum stéttarfélögum að fá kjarabætur, eins og það hefur verið sótt fast af öllum stéttarfélögum. En enginn réttur var því skapaður til þess að gera verkföll, eins og mér skildist, að hv. þm. Eyf. vildi láta veita bændunum í sambandi við verðlagningu afurða þeirra. Ég held, að ef hv. þm. Framsfl. vilja gera bændunum vel til, þá sé það hið fyrsta, sem ætti að gera, að halda þeim fyrir utan verkfallsdeilurnar, hér eftir sem hingað til. Ég hygg, að engri stétt sé gefið eins mikið vald og þeim með verðlagningarlögunum, og það svo, að mig undrar, að aðrar stéttir, sem verða að lúta mjög þungbærum fyrirmælum snertandi þeirra atvinnu, skuli bókstaflega þola þau ákvæði, eftir að búið er að gefa einni stétt svo ríkuleg réttindi eins og gert er með þessum l. Og hef ég þar sérstaklega í huga húseigendur hér í bæ, sem verða að sæta þungbærum lagaákvæðum. Eftir að bændum eru veitt þessi réttindi, sé ég ekki, að húseigendur geti fellt sig við það að fá ekki einn fulltrúa til þess að fjalla um sín mál, þegar önnur stétt í landinu fær alla fulltrúana úr sínum hópi til þess að fjalla um sín mál.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skrifaði upp hér nokkur atriði í gær, sem ég taldi mig þurfa að svara, en sá miði hefur týnzt, sem það var á, hér af borðinu, svo að ég minnist aðeins nú á þau atriði, sem ég man úr þessum umr. Og skiptir það þá held ég ekki svo miklu, þó að sumt fari fram hjá mér, sem sagt hefur verið um þetta mál — það var ekki svo merkilegt, að það þurfi þá að svara því. — Það var um ræðu hv. þm. S.-Þ., að ég skildi ekki, frekar en aðrir, sem á mál hans hlýddu, hvað hann var að fara með því, sem hann sagði í þessu máli. Hann talaði um stéttarfélag bænda og að það vildi fá peninga úr ríkissjóði til þess að kosta félagsskapinn. Þetta er rangt og óskiljanlegt misminni. Það er stungið upp á því viðkomandi félagssamtökum bænda, eins og óskað var eftir, að stofnað yrði til þeirra af hálfu Búnaðarsambands Suðurlands, að peningar yrðu borgaðir úr búnaðarmálasjóði til þessa, og það var fellt af búnaðarþingi. — Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að hann teldi aðalgallann á þessum félagsskap bændanna, að þeir væru ekki búnir að gera verkfall. En það hefur oft komið fram í þessum umr., að hv. þm. hafa talið og aðrir, að það skipti mestu máli, að halda bændunum utan við að grípa til þeirra vopna. En það er vitanlega á valdi bændanna sjálfra, hvort og hvenær þeir gera verkfall. Og það er sjálfsagt fyrir þá að beita þeim rétti, þegar þeir telja sig svo rangindum beitta, að þeim sýnist hagkvæmt að beita þessu vopni. Og þó að þetta væri gert hér á landi, væri það ekki eins og það hefði aldrei heyrzt um slíkt áður. Því að sænskir bændur hafa hótað mjólkurverkfalli af því, að þeim mislíkaði við stjórnina, og tilkynntu ríkisstj., að ef hún léti ekki að óskum þeirra, settu þeir á mjólkurverkfall eftir tiltekinn tíma. Og í erlendum fréttum kom svo, að sænska stjórnin hefði látið undan því, að gert væri þetta verkfall. — Ég svara með þessu bæði hv. þm. S.-Þ. og hv. 3. landsk. þm., sem taldi fráleitt, að bændur beittu verkfallsrétti, svo og hv. þm. Barð., sem einnig taldi þetta fráleitt. Slíkt kemur vitanlega til álita hjá bændum sjálfum, og þeir verða þess vegna að meta öll rök með og móti því að ráðast í verkfall. Það ákváðu þeir að gera ekki á síðasta hausti. Þeir álitu það ekki rétt að gera það þá. En þeir hafa hins vegar undirbúið reglur fyrir sínum stéttarsamtökum, þannig að þeir geta gripið til þessa vopns, hvenær sem þeir telja ástæðu til. Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að hann væri á báðum áttum um það, hvort hann ætti að vera með þessu frv. eða móti, aðallega af því, að með þessu frv. væri viðurkennt, að þetta ríkisframlag, sem frv. er um, væri neytendastyrkur. Og mér skildist, að þar sem þessi viðurkenning væri gefin af hæstv. landbrh., þá teldi hann svo mikils virði, að skorið væri úr um þetta, að hann væri frekar hlynntur frv. en það gagnstæða. Annars finnst mér það lítt skiljanlegt, að þeir, sem halda því fram, að bændur séu sérstaklega kúgaðir með þessu máli og á annan hátt, geti fyrir það eitt, að það er viðurkennt, sem allir hafa vitað, að hinn svokallaði styrkur til landbúnaðarins hefur verið og er hvorki neytendastyrkur né heldur framlag til bænda, heldur framlag ríkisins til þess að geta haldið framleiðslunni í gangi, og þess vegna hluti af kaupgreiðslu til verkalýðsins, — mér finnst undarlegt, að þeir, sem haldið hafa fram, að bændur væru kúgaðir með þessu máli, geti fyrir þessa viðurkenningu eina fylgt þessu frv., — fyrir það, að þetta er loksins nú viðurkennt.

Annars er það um bændasamtökin að segja, að það er fullkomið samkomulag um það hjá miklum meiri hluta sjálfstæðisbænda og framsóknarbænda, hvernig þessum samtökum verði fyrir komið. Það er í þessu efni ágreiningur um formsatriði, sem bændur gera út um sjálfir í félögum sínum í vor. Og þau ágreiningsatriði eru svo lítilfjörleg, að það getur svo að segja engu máli skipt, hvor leiðin verður valin í þeim efnum. Og þetta er skiljanlegt fyrir þann mann, sem hugsar um málið. Í Búnaðarfélagi Íslands er Framsfl., a. m. k. í svipinn, í meiri hluta, en það er þó unnið með þeim hætti í því félagi, að þess gætir ekki á nokkurn hátt, hvaða flokkur er þar í meiri hluta. Menn sjá það í hendi sér,

að það hefur engin áhrif á stéttarsamtök bænda, hvaða tengsl eru á milli Búnaðarfélagsins og Framsfl. Það er aðeins ímyndun, ef einhver heldur, að Framsfl. ætli sér að ná einhverjum sérstökum yfirráðum með því að hafa meiri hluta í Búnaðarfélagi Íslands. Hitt er svo annað mál, sem ég ætla ekki að fara að ræða hér, nema sérstakt tilefni gefist til, hvort það er rétta leiðin og bændum fyrir beztu, — þar sem mikill hluti sjálfstæðisbænda og framsóknarbænda er á einu máli um það, hvernig þessum samtökum skuli háttað í öllum aðalatriðum, — að stofnað sé til lítilfjörlegs klofnings, sem þó er kannske svo lítill, að ekki skiptir máli. En söm er þeirra manna gerð, sem að þessu standa, að reyna að koma inn þessum klofningi og auka hann.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á þá sjálfheldu, sem hv. 3. landsk. þm. er kominn í. Það er síður hér í hv. d. og á Alþ. að telja þann hv. þm. mikinn málafylgjumann og rökfastan þm., og skal ég ekki draga úr því. En þau rök, sem hann færði fram í þessu máli, sérstaklega í síðari ræðu hans, þau voru ekki á marga fiska. Í fyrri ræðu sinni hélt hann því fram — en fór kostgæfilega í kringum það í sinni seinni ræðu — að rökin fyrir því, að gerðardómsl. voru sett viðkomandi bændum, væru þau, að ríkið greiddi hluta af kaupgjaldi, þ. e. tekjum bænda með kjötuppbótunum og þeirri niðurfærslu, sem það greiðir á mjólkurverðinu. Ég sýndi fram á — og hann reyndi ekki að svara því, — að þetta væri misskilningur. Bændur hafa ekki óskað eftir þessu sérstaklega, heldur að fá að selja vörur sínar fyrir það verð, sem þarf, til þess að geta borið svipað úr býtum og aðrar stéttir í þjóðfélaginu. En ef þetta væri tilfellið, sem hv. 3. landsk. þm. hélt fram, þá mætti benda á, að með ábyrgðinni á freðfiskverðinu og saltfiskverðinu og verði fleiri útflutningsvara væri ríkið á sama hátt byrjað að greiða stóran hluta kaups sjómanna og verkamanna. Og ætti þá, eftir rökum hv. 3. landsk. þm., ríkið að geta sett gerðardóm til þess að ákveða kaup þessara manna og láta þá „skammta sér úr ríkissjóði", eins og orð hv. 3. landsk. lágu. Þessu reyndi þessi þm. ekki að svara neinu, enda mundi það næsta erfitt. Og ég verð að segja, að ég álít, að þessi rök hv. 3. landsk. þm. fyrir því að setja gerðardómslög viðkomandi einni stétt landsins séu ákaflega léttvæg. Og get ég ekki tekið undir það, að réttlátt væri að setja slík lög um verkamannastéttina eina fyrir það, að hún þiggur hluta af sínum launum úr ríkissjóði.

Hv. 3. landsk. þm. hefur nú, eins og stjórnarflokkarnir hafa oft gert, haldið því fram, að það sé Framsfl., sem eigi aðalsökina á dýrtíðinni, með því, — eins og þeir orða það — að hafa slitið sundur sambandið á milli afurðaverðs og kaupgjalds. Þetta er vitanlega algerlega rangt. Fyrir styrjöldina voru hlutföllin, sem atvinnutekjur verkamanna og bænda voru miðuð við, reiknuð út eftir kauptaxta fyrir klukkustund og verðinu fyrir eitt kg. af kjöti og mjólkurlítrann. Í raun og veru var þetta þá mælt á þennan mælikvarða. En þegar styrjöldin kemur til, gerbreytist þetta, þannig að í stað þessa mælikvarða kemur annar. Og það hefði verið að slíta í sundur sambandið milli afurðaverðs og kaupgjalds að miða áframhaldandi á þennan hátt við taxtakaup og kjötkg. og mjólkurlítrann. Því að það var vitað, að þó að hvorki kjötkg. né mjólkurlítrum fjölgaði í búum bænda, þá fjölgaði klukkustundum þeim, sem verkamenn unnu, vegna þess að þeir fengu stöðuga vinnu árið um kring. Og þess vegna gerbreyttust tekjur þeirra frá því, sem var fyrir styrjöldina. Það, sem raunverulega var tekið upp, þegar þetta styrjaldarástand breytti svo tekjum manna, var, að reiknað var út, hvert afurðaverðið ætti að vera, til þess að tekjur bænda væru sambærilegar við tekjur verkamanna, þegar miðað væri við afurðir, sem bændur seldu og framleiddu fyrir sig. Og þetta var raunverulega að halda því hlutfalli, sem hafði verið á milli tekna verkamanna og bænda. Aðeins var miðað við nýjar aðstæður, sem höfðu komið til, þegar styrjöldin skall á. Það er í þessu sambandi ákaflega fróðlegt að benda á það, sem ég minntist á hér í gær, að sænska verkamannastjórnin sá sér alls ekki fært að miða við verð mjólkurlítrans og kauptaxtann, sem hafði verið fyrir stríð í Svíþjóð, heldur var kaup bóndans miðað við það, að það verð, sem hann fékk fyrir afurðirnar, var 25% hærra en kauptaxtarnir, miðað við það, sem var fyrir stríð. Svíum var ljóst, að ef þeir hefðu látið hvort tveggja hækka jafnt að krónutölu miðað við kaup á klukkustund og verð fyrir mjólkurlítrann, þá hefðu þeir rofið réttlátt samband á milli kaupgjalds og verðlags.

Hv. 3. landsk. þm. sagði, að verðlagningin á landbúnaðarafurðum hefði verið viðunandi fyrst framan af hjá verðlagsnefnd. En hann sagði, að undir lokin hefði algerlega keyrt um þverbak, og vegna þessarar breyt., sem varð á þeim undir lokin, hefði alls ekki orðið komizt hjá því að stofna til þeirrar löggjafar, sem hér liggur fyrir. Væntanlega minnist þessi hv. þm. þess, að það var stjórn, sem hann kom á laggirnar og studdi árið 1942, sem skipaði þá verðlagsnefnd. Það var þessi hv. þm. sjálfur, sem studdi þá stjórn, sem skipaði form. verðlagsn., sem réð verðinu á afurðum þessum haustið 1942 og áfram. (*HG:* Ekki er það rétt). Vitaskuld er það rétt, því að þessi fulltrúi ríkisstj. er oddamaður í n. og réð þess vegna verðinu. Þess vegna fellur um sjálfa sig ásökun þessa hv. þm. í garð framsóknarmanna í þessu efni, því að það var hans eigin stjórn, sem skipaði þennan mann. Og stjórn, sem hann bar ábyrgð á, bar ábyrgð á verðlaginu á landbúnaðarafurðunum 1942.

Ég ætla svo aðeins að segja við þennan hv. þm., af því að hann var að tala um vistaskipti og að ganga úr vistinni og að ég hefði talað um það, að Alþfl.-menn væru gengnir úr vistinni. Ég var að sítera þar í Alþýðublaðið sjálft. Og ég vil ekki, að hv. 3. landsk. þm. komist fram með þær blekkingar, að ég hafi verið að hefja umtal um nein vistaskipti hjá flokkunum. Það kemur skýrt fram í þessari blaðagrein í Alþýðublaðinu, sem einn af helztu flokksmönnum hv. 3. landsk. hefur skrifað, að hann telur, að flokkurinn sé genginn úr vistinni að því er snertir sína eigin stefnu. Og hann segir, að slíkur

flokkur geti aldrei orðið annað en óaldarflokkur, en geti ekki erft ríkið. Þess vegna gerir hann till. um, að hann losni úr lausamennskunni og geri tilraun til þess að erfa ríkið á þann hátt, sem stefna hans var framan af. Það er ekki þannig, að ég sé kominn í neina biðilsför til hv. 3. landsk. eða hans flokks til að óska eftir vistaskiptum af hans hálfu frá því, sem nú er. Ég geri mér fyllilega ljóst, að Alþfl. er nú í því samstarfi, að hann þarf að gera miklu meira — og það vil ég, að hv. 3. landsk. leggi sérstaklega á minnið — en að samþ. tryggingalöggjöf, um að allir skuli fá greitt svo og svo mikið, ef þeir verða fyrir tjóni, svo sem sjúkdómum, slysum o. s. frv. Þetta er allt gott og blessað út af fyrir sig, en Alþfl. þarf að gera meira og mun eiga annríkt næsta haust við að sjá fyrir tekjum til þess að geta staðið undir þessari og annarri löggjöf, sem afgr. verður frá þessu þingi. Ég er, satt að segja, einn af þeim mönnum, sem álíta, að núverandi stjórnarsamstarf geti því aðeins orðið dæmt nýtilegt af þjóðinni, að þessi ríkisstjórn geri meira en að samþ. pappírslög. Það væri t. d. ákaflega létt að samþ. það á Alþ., að allir skyldu hafa 30 þús. kr. árstekjur. En það verður fyrst dæmt um það, sem gert hefur verið eða samþ. á þessu þingi, þegar stjórnin er búin að samþ. fjárl. næst og séð er, hvort þjóðin getur staðið undir því, sem stjórnarflokkarnir hafa samþ. á þessu þingi, og þegar stjórnin er búin að koma fjármálakerfi þjóðarinnar í lag eftir þá röskun, sem hún hefur valdið á því, og koma því í réttar skorður, eftir að hafa fært það stanzlaust úr skorðum síðan árið 1942. En það eru nokkurn veginn sömu flokkar, sem hafa ráðið síðan.

Hv. þm. Barð. var að minnast á okkar ferðalag og skýra frá einkasamtölum, sem þó höfðu ruglazt mjög í heilanum á honum á þessari löngu leið að vestan, og ég get, því miður, ekki kannast við að muna eftir. En fyrst hann minntist á það, þá finnst mér rétt að segja frá því, og hv. 3. landsk. má vel heyra það, að hv. þm. Barð. taldi það réttlætingu á því að vinna með kommúnistaflokknum og Alþfl., og þá eina réttlætingu, sem mundi sýna sig að vera rétt í framkvæmd, að þegar að því kæmi að allt stöðvaðist og að ríkið yrði að borga með allri framleiðslunni í landinu, en gæti ekki gert það raunverulega, — þegar að þessu kæmi, mundu alþýðuflokkarnir færa verðlagskerfið niður og færa allt í lag. Þetta hefur verið endurtekið aftur síðan. Og það er gott, að hv. 3. landsk. þm. og Alþfl. ásamt kommúnistum muni það, að á næsta hausti muni þeir eiga geysiannríkt við að koma þessu í lag. Og það er fjarri því, að ég sé á nokkurn hátt að sækjast eftir þeim hlutum að þurfa að glíma við afleiðingar samþykkta þessarar hæstv. ríkisstj., sem nú er. Og ég álít, að reynslan á þessari stjórn sé ekki komin fyrr en séð er, hvernig þessi verk verða unnin. Það verður ekki hægt að dæma um þessa ríkisstj. eftir pappírslögum einum, sem samþ. eru, heldur eftir því, hvort allt, sem samþ. er, er framkvæmanlegt. Og það er það, sem hv. stjórnarflokkar eiga eftir að sýna.

Ég þarf ekki að svara hv. þm. Barð. nema fáum orðum. Það eru víst aðaleftirhreyturnar, eftir því, sem mér skilst, af orðaskaki því, sem átt hefur sér stað hér í hv. d. um þetta mál. — En ég skil ekki, hvernig rúmazt getur í sama heila það tvennt, sem haldið er hér fram, annars vegar, að það eigi sér stað stöðug öfundsýki hjá Framsfl. út af því að vera ekki í ríkisstj., og hins vegar, að sá flokkur hafi farið úr ríkisstj. árið 1942, án þess að vera knúinn til þess. Framsfl. hefur neitað að vera í ríkisstj. með kommúnistum. Og fyrir það, fyrir að Framsfl. á að hafa svikizt undan því — eftir því sem sjálfstæðismenn orða það — að fara í ríkisstjórn með kommúnistum, nema með því að fá tryggingu fyrir því, að atvinnulífið væri tryggt, — fyrir þetta er Framsfl. óalandi og óferjandi í landinu.

Annars finnst mér, að þessar umr. hafi verið færðar niður á götustrákaplan, líkt og ef einhver strákur á götunni nær í eitthvað, þá kalli hinir til hans: Skammastu þín! Þú ert öfundsjúkur! — Mér virðist slíkur blær yfir umr. á hæstv. Alþ. gersamlega óviðurkvæmilegur. — Svo ætla ég bara að vekja athygli á því, hversu þetta er skynsamlegt út af fyrir sig, að tala um, að Framsfl. sé öfundsjúkur af því að fá ekki að vera í ríkisstjórn. Það væri þó undarlegt, að einhver öfundsýkiblær væri á mönnum yfir því að fá ekki að vera í ríkisstjórn nú, eins og búið er að fara með hlutina!

Ég ætla svo aðeins að minnast á Búnaðarfélag Íslands, því að um það komu fram atriði, sem ég þarf nauðsynlega að leiðrétta. Ég hef að vísu bent á það með örfáum orðum, en ég get endurtekið það, að þetta tvennt, stéttarsamtök bænda og Búnaðarfélag Íslands, er ekki ætlazt til, að verði nátengt hvað öðru, eftir að stéttarsamtök bænda eru komin á laggirnar. Það hefur aldrei verið ætlazt til annars en að Búnaðarfélag Íslands setti aðeins reglur um það, hvaða mál heyri undir stéttarsamtökin og hvaða mál undir Búnaðarfélagið. Og það var ákveðin þannig þessi skipting, að Búnaðarfélagið hefði með að gera þau faglegu mál, en stéttarsamtökin hin stéttarlegu. Og þegar Búnaðarfélagið hefur gengið frá þessu, þá er þetta hvað öðru algerlega óháð. Og þetta er gert þannig vegna þess, að þar sem Búnaðarfélag Íslands er, þar er um miklu eldri samtök að ræða en flest önnur samtök í þessu landi og þroskaðri. Þau eru búin að sjá, hvernig fór fyrir Fiskifélaginu og tvenns konar samtökum öðrum, sem útvegsmenn hafa stofnað, þar sem orðið hafa árekstrar í þessum efnum, þó að í seinni tíð hafi verið reynt að leiðrétta það. Og þessi félagsskapur útvegsmanna hefur orðið tiltölulega áhrifalítill fyrir þessa sök, þó að áhrif hans séu að vaxa. En á sínum tíma hefur hvort tveggja þessi félagsskapur útvegsmanna verið máttvana. Þess vegna var það, að Búnaðarfélag Íslands ákvað að setja um þetta öruggar reglur, þannig að ekki skyldi heyra undir Búnaðarfélagið nema það faglega og framkvæmd á þeim verkefnum, sem ríkið felur því að gera. Ég hef gaumgæfilega athugað þetta og fullyrði, að það, sem ég segi um það, er á rökum byggt. Og það er ekki undarlegt, þó að Búnaðarfélag Íslands óski eftir því sem gamalt félag til styrktar bændastétt landsins að setja

þessar reglur. Því að annars gæti svo farið, að samkeppni og ýtingur yrði á milli þessara tveggja félagasamtaka, ef mörkin á milli verksviða þeirra væru ekki sett greinileg. Það gæti valdið því, að fyrir samtökum bænda færi eins og fyrir Fiskifélaginu og þeim bræðrafélögum, sem áttu að starfa því við hlið, að ýtingur varð þar á milli, þó að hann sé að hverfa nú, eftir alllanga mæðu.

Um laun hjá Búnaðarfélaginu fyrir það að framkvæma ýmislegt fyrir ríkið sé ég ekki ástæðu til að rökræða, né heldur, að einstakir menn, sem starfa hjá félaginu, séu í öðrum störfum. En það get ég upplýst, að Steingrímur Steinþórsson er eini maðurinn í nýbyggingarráði, sem hefur neitað því að taka þar nema hálf laun. Hann tekur hálf laun á öðrum hvorum staðnum, annaðhvort í Búnaðarfélaginu eða nýbyggingarráði. Og er það samkv. ákvæðum launal. Hitt er rétt, sem komið hefur fram hjá hv. þm. Barð., að þetta er of mikið starf fyrir búnaðarmálastjórann. Hins vegar var talið nauðsynlegt að verða við þeirri ósk hæstv. landbrh., sem taldi það eðlilegt og óskaði eftir því, að hann væri einnig í nýbyggingarráði, til þess að geta fylgzt þar með þeim málum, sem snertu landbúnaðinn. Það er beinlínis eftir ósk hæstv. landbrh., að Steingrímur Steinþórsson er í nýbyggingarráði. Og mér finnst það ekkert óeðlilegt. En Framsfl. hefur engin afskipti haft af því, hvort Steingr. Steinþórsson á sæti í nýbyggingarráði eða ekki. Hann er þar því ekki heldur fulltrúi flokks, heldur sem búnaðarmálastjóri, sem hæstv. landbrh. taldi hagkvæmt, að starfaði í nýbyggingarráði. Enda sjást nokkur merki þess í frv., sem komið hafa frá því ráði, að Steingrímur hefur átt sæti þar, sem ég hygg, að ekki hefðu fram komið, ef hann hefði ekki átt þar sæti.

Um framboð í Skagafirði sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða. Og hvað kjósendur gera þar, er mér óviðkomandi, og veit ég ekkert um það. Það er atriði, sem ég að sjálfsögðu ræði ekki í sambandi við þetta mál.

Ég held svo, að það hafi ekki verið fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram. — En náttúrlega er það ákaflega langt seilzt til raka að fara að blanda því í þetta mál, er hv. þm. Barð. telur, að bændur séu ólíkt betur settir í sambandi við ákvörðun verðlags á sínum afurðum en húseigendur í sambandi við sín mál, þar sem hinir síðar töldu hefðu engan fulltrúa í þeirri n., sem ákveður húsaleiguna. Það er vitanlega ákaflega mikil óánægja meðal þeirra húseigenda út af húsaleigulögunum, sem verða fyrir barðinu á þeim, út af því, hvernig með þá er farið eina allra manna. Og óánægjan hjá þeim er svo rík, að það er ekki á það bætandi. En þó er í þessu sambandi vert að minnast þess, að húseigendur eru stétt, sem á þessu sviði hefur fyrst og fremst tekjur af eignum, stétt, sem ég álít, að sé þó farið alveg sérstaklega illa og ranglega með, en stétt, sem alls staðar, undir þeim kringumstæðum, sem styrjaldir skapa, verður að þola kvaðir húsaleigulaga. Því að það eru húsaleigulög í flestum löndum nú. — En ég vil biðja hv. þm. Barð. að benda mér á það land, ef hann getur, annað en Ísland, þar sem bændum er skammtað kaup af mönnum, sem hlutaðeigandi landbrh. skipar til þess að skammta þeim kaup. Og ég vildi gjarnan, að blað hans og blað hv. 3. landsk. þm. upplýstu það, í hvaða landi í veröldinni, öðru en Íslandi, hafi verið sett þvingunarlög hliðstæð þessum l. viðkomandi bændastéttinni. — Hitt er vitað, að l. eins og gerðardómsl., sem sett voru 1942, voru einhver hin beztu l., sem sett hafa verið í þessu landi. Og þó að núverandi hæstv. forsrh. hætti til að taka stundum nokkuð djúpt í árinni, þá álít ég það rétt hjá honum, að þau l. hafi verið einhver beztu og þýðingarmestu l., sem sett hafi verið í þessu landi. Og líklega hefur aldrei í seinni tíð hent þjóðina meiri ógæfa en að geta ekki sameinazt um slík lög og að halda þau. Slík lög hafa verið sett í mörgum löndum. — En hvar geta hv. þm. bent á land, þar sem sett hafi verið lög til þess að skammta einni einstakri stétt í landinu kaup? Ég hygg, að löggjöf af þeirri tegund sé hvergi til nema hér. En lög, þar sem öllu verðlagi er haldið niðri, eru algeng í löndum, meira að segja þar, sem frjálslyndir menn stjórna, svo sem jafnaðarmenn. En þessi lög hafa verið hér, með illu eða góðu, brotin á bak aftur. Það er vitað.

Og ég hygg, að jafnvel þó að Alþfl. sé nú — eins og lýst var áðan — í lausamennsku og kommúnistafl. líka hjá Sjálfstfl. við að stjórna landinu og lagfæra það í fjármálum þjóðarinnar, sem þarf á næsta vetri að lagfæra, þá getur farið svo, að jafnvel þó að bændur sýni alla sanngirni — og einmitt vegna þess, að þeir sýna alla sanngirni — þá verði ekki auðvelt að stjórna landinu án þess að hafa bændur með í ráðum.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lét ég falla ummæli, ásamt fleiri hv. þm., um það, að mál þetta væri mikið rætt og sennilegt væri, að langar umr. um það framvegis mundu litlu breyta. Ég er nú eiginlega þessarar skoðunar enn. Það er búið að ræða þetta mál mikið, óvanalega mikið, og ég hugsa, að langar umr. þoki litlu til um það, sem við kemur framgangi málsins. Nú var þetta mál rætt svo að segja allan þingfundartímann í gærdag, og lítur út fyrir, að það muni geta vel tekið einnig allan þingfundinn í dag. Ég skal því ekki lengja mjög þessar umr., sem mér finnst snúast um býsna margt, sem að vísu sumt snertir þetta mál, en sumt kemur kannske því ekki beinlínis við.

En það voru þó tvö atriði, sem mig langar til að víkja að nánar, sem hefur borið hér á góma og má segja, að komi þessu máli nokkuð við. Hv. 3. landsk. sagði það í þingræðu hér í gær, í fyrri hl. umr., að það væri hraustlega mælt hjá mér, er ég lýsti því yfir, að ég gerði mér nokkrar vonir um það, að álika mikið mundi seljast af kjöti innanlands, þó að verðið væri ekki greitt niður úr ríkissjóði, ef verðið hefði áhrif á það að ákveða verðvísitöluna og þá þar af leiðandi á það, að allir, sem taka laun hjá öðrum, fengju laun sín hækkuð í hlutfalli við þessa hækkun á framleiðsluvörum bænda. Ég get ekki fullyrt

þetta, en mér finnst það samt, að ekki liggi fyrir vissa um það, að salan yrði miklu minni. Það liggur heldur engin vissa fyrir um það, að kjötið seldist allt — eins og mér heyrðist á hv. þm. — innanlands með því fyrirkomulagi, sem haft er. Og ég get náttúrlega því síður fullyrt, að það hefði selzt allt, ef verðið hefði ekki verið greitt niður úr ríkissjóði. En mér finnst nokkrar líkur vera til þess, að það hefði átt að seljast. Og því held ég fram, að ríkissjóður greiði ekki niður verð á landbúnaðarvörum vegna bændanna sérstaklega, heldur vegna þjóðarinnar í heild. Ríkissjóður greiðir verðið niður t. d. vegna þess, að hátt verð á þessum vörum mundi hafa beinan útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég veit ekki, hvort það yrði hærri upphæð en niðurgreiðslurnar, sem ríkissjóður mundi þurfa að greiða, ef þær væru ekki, í hækkuðum launum til embættis- og starfsmanna ríkisins. En hún yrði há. En alveg sérstaklega greiðir ríkissjóður niður verðið á þessum vörum vegna þess, að ef verðið á þeim væri hátt, eins og það raunverulega er, en ekkert greitt niður, þá hefði það í för með sér hækkun, sem stöðvaði margar af framleiðslugreinum þjóðarinnar. Og mér finnst algerlega rangt að kalla þessar niðurgreiðslur styrk til bænda eða neytendastyrk. Þetta finnst mér hvort tveggja rangt. Mér finnst þetta vera útgjöld, sem þjóðfélagið í heild leggi á sig vegna sjálfs sín.

Hv. 3. landsk. þm. tók það fram sem sína skoðun, að fyrsta frumorsök verðbólgunnar hefði verið sú, að snemma á stríðstímanum, sennilega seint á árinu 1939 — ég man það ekki fyrir víst, en held, að það hafi verið þá, — hafi verið rofið samræmið, sem hafði verið áður á milli verðlags á framleiðsluvörum annars vegar og kaupgjalds hins vegar.

Hv. 3. landsk. benti á það sem sína skoðun, að fyrsta frumorsök verðbólgunnar hefði verið sú, að snemma á stríðsárunum hefði verið rofið samræmið, sem áður hafði verið milli verðlags á framleiðsluvörum og kaupgjalds. Hann taldi sem næst sanni, að verð á framleiðsluvörum hefði þá farið 30 stigum fram úr kaupgjaldinu. Það kom hér fram í umr. í gær, að laun til farmanna hafi t. d. hækkað mjög, og minnir mig, að þessi hækkun hafi numið allt að 300% sums staðar. Þetta hlaut að draga dilk á eftir sér, og fannst mér þetta á sínum tíma of hátt, þótt ég viðurkenndi, að þeir, sem hættu lífi sínu í þágu þjóðarinnar, ættu allt gott skilið, og hefði mér þótt heppilegra að leggja meiri áherzlu á að tryggja þessa menn betur fyrir slysum og skyldulið þeirra, ef um dauðsföll hefði orðið að ræða. — Þegar verið er að ræða um, að slitið hafi verið samræmið milli vöruverðs og vinnulauna, þá finnst mér það dæmi alltaf hafa verið reiknað skakkt. Hv. þm. Str. fór inn á þetta atriði, svo að ég skal ekki fjölyrða mikið um það. Mér finnst réttara að miða þar við, hvað hvor um sig, framleiðandinn og verkamaðurinn, fær fyrir vinnu sína um árið og hvað hann þarf til þess að framfleyta fjölskyldu sinni, en mér finnst alltaf, að mest áherzla hafi verið lögð á að miða við kaup fyrir vinnustundir og hvað greitt er fyrir þunga í vöru, og held ég, að útkoman úr dæminu yrði þá allt önnur. Hitt mætti og minnast á, að einhvern tíma stóð svo á hjá okkur, að hv. þm. hér yfirleitt vildu hlynna sérstaklega að matvælaframleiðslunni til sveita, og var það svo á nokkrum tímabilum, að þingheimur leit svo á, að sú framleiðsla í sveitunum væri kannske þýðingarmesti liðurinn í atvinnulífi okkar. Var það þá nokkuð undarlegt, þótt menn álitu, að kjör manna í sveitunum ættu ekki að vera verri en kaupstaðarbúa, þegar á það er litið, að menn streymdu úr sveitunum í augnabliksvinnuna í kaupstöðunum, sem bundin var við komu herjanna til landsins og menn sjá nú, að var aðeins augnabliksvinna?

Annað atriði, sem ég vildi minnast á, er varðandi gerðardómsl. Ég býst við, að menn sjái það nú, að á þeim l. voru gallar, sem hefði þurft að lagfæra og hefði verið hægt að lagfæra. Það var viðurkennt, að það átti að fylgja öllum þeim ráðstöfunum, sem gerðardómsl. gerðu ráð fyrir, og ég lít svo á, að verkamenn og þjóðin yfirleitt væri nú betur sett og sérstaklega í framtíðinni, ef þau l. hefðu getað notið sín með sanngjörnum lagfæringum, eftir því sem reynslan og frekari umhugsun leiddi í ljós. Það stappar nærri því, að mér finnist það mesta yfirsjónin, sem ég hef komið auga á í fari hv. 3. landsk. og annarra þeirra manna, sem vilja þjóðinni vel og sérstaklega verkalýðnum, að þeir skyldu ekki á sínum tíma telja fólkinu trú um, að þetta væri sú leið, sem fara ætti, í stað þess að telja því trú um, að þetta væru þrælalög. Ég álít, að þeir hefðu gert fólkinu meiri greiða með því og að við værum hér betur settir en við nú erum og verðum. Um það leyti, sem verið var að setja gerðardómsl., var almenn velmegun meðal fólks, og það, sem átti að gera, var að láta það ástand haldast og safna í sjóði sem mestum gróða.

Það, sem sérstaklega olli því, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, að hv. þm. Barð. (GJ) taldi, að ég hefði ekki haft rétt eftir sér ummæli, sem hann lét hér falla við 2. umr. þessa máls. Ég hef nú litið yfir handrit ræðuskrifaranna og sá, að þetta er ekki orðað alveg eins í báðum ræðunum. Fer því fjarri, að ég ætli að fara að ámæla ræðuskrifurum fyrir það, að þeir nái ekki ræðum þm.; ég álít, að þeir nái þeim oft, en ekki heldur alltaf, en ég get upplýst hv. þm. um það, að ég hafði ummæli hans hér rétt eftir honum, og stóð ég miklu betur að vígi en ræðuskrifarar, af því að ég skrifaði niður hjá mér aðeins þessa einu setningu, og mér var því vorkunnarlaust að ná henni réttri. Hitt er svo annað mál, að mér þótti vænt um, að ræðuskrifarar náðu henni ekki alveg réttri, vegna þess að ég viðurkenni, að það var mikil ónærgætni af mér að vera að skjalfesta ummæli hans í minni ræðu, og skal ég ekki gera honum þau eins óþægileg og þau voru og vikja því við orðum í ræðu minni til samræmis við hv. þm. án þess þó að efnið brjálist. Þau voru óþægileg fyrir hv. þm., af því að þau voru vondur vitnisburður um mann, sem hv. þm. á oftast samleið með í stórmálum, svo sem setningu launalaga og afgreiðslu fjárlaga. Skal ég svo láta útrætt um þetta atriði af minni hálfu og þykir vænt um, að ræðuskrifarar hafa hlaupið undir bagga með hv. þm. í þessu tilfelli.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég lét þess getið, þegar mál þetta kom frá n., að æskilegt væri, að ekki yrðu mjög langar umr. um það. Var þetta ekki mælt af þeirri ástæðu, að málið væri ekki merkilegt, heldur af því, að hætt var við, að það, sem hér yrði sagt, yrði harla endurtekningarkennt. Sú hefur líka raun á orðið, því að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa líkzt mest skrautsýningum á leiksviði, og hefur það ekki verið afmarkað nánar en svo, að ekki hefur varðað vítum, þótt knötturinn hafi kastazt út fyrir.

Mér þykir vænt um, að fellt hefur verið inn í frv. ákvæði um, að lögin skuli endurskoðuð innan viss tíma, þ. e. fyrir árslok 1946. Það skýrir sig sjálft, hvað meint er með því. Sú endurskoðun mætti ef til vill verða til þess á sínum tíma, að hv. Alþ. eyði tíma sínum í annað þarfara en að þrátta um þessi málefni á líkan hátt og hér hefur gert verið og farið langt út fyrir hið raunverulega efni frv. í umr., þótt hér sé að vísu um merkilegt mál að ræða. — Afstaða mín í þessu máli er sú sama og ég hef áður lýst, þrátt fyrir þann ágreining, sem er um það, hvort stefna sú í verðlagsmálum, sem ákveðin er samkv. frv., sé rétt eða ekki, og álít ég, að hún geti a. m. k. ekki verið skaðvænleg fyrir bændastétt landsins á líðandi missiri, því að hún hefur tækifæri til að hafa fulltrúa sína á verði um, að hagsmunum stéttarinnar verði ekki stefnt í háska með þessum ákvörðunum. Ef hins vegar sú stefna, sem hér er ráð fyrir gert að fara, þykir ekki hagkvæm eða sanngjörn með framtíð fyrir augum, þá er opin leið til að taka þessi mál aftur til athugunar og breytinga á þeim með því ákvæði, sem nú er komið í frv., um að endurskoðun skuli fara fram bráðlega, ef frv. verður að l., og þykir mér gott til þess að hugsa. — Vildi ég óska þess, þótt ég telji þann ákvörðunarrétt, um stundarsakir, sem nú er samkv. frv., vera réttmætan og hættulausan, að hófsamlegu samræmi með föstum átökum verði komið á fyrir hagsmuni bændastéttarinnar, eins og ég tel, að hæstv. landbrh. hafi gert með þeirri bráðabirgðaskipun, sem hann hefur gert á málinu með frv. og ég tel, að hafi verið neyðarráðstöfun, eins og á stóð.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr., en finnst, að ég geti ekki látið hjá líða að svara nokkru því, sem fram hefur komið hjá andmælendum frv.

Hv. þm. Framsfl. telja, að bændastétt landsins sé beitt miklu misrétti með því, sem felst í frv. þessu, en það hefur verið sýnt fram á, og enda ómótmælanlegt, að í þessum efnum er breyt. í raun og veru engin frá því, sem nú er samkv. gildandi verðlagsl. Hirði ég ekki um að fara út í frekara orðakast út af jafneinföldu atriði, því að áður hefur verið sýnt fram á, að munurinn er svo sem enginn frá gildandi l. og í hverju hann felst.

Hv. þm. Str. hélt því fram, að með þessu frv. væru bændur einir látnir sæta annarri meðferð en aðrar stéttir um ákvörðun á afurðaverði þeirra, en þetta er auðvitað fjarstæða, þar eð t. d. útgerðarmenn og fiskimenn verða einnig að sætta sig við, að ákvörðun er tekin um verð á afurðum þeirra af sömu ástæðum og gildir um afurðaverð til bænda. Hv. þm. vildi halda því fram, að af þessu leiddi, að á sama hátt ætti ríkisvaldið að lögbinda kaup til hinna ýmsu stétta, en gengur fram hjá því, að þar eru 2 aðilar, sem semja eftir settum reglum. Í Bandaríkjunum eru enn í gildi ákvæði um hámarksverð afurða, og hygg ég, að úrslitavaldið í þeim efnum sé í höndum forseta, og er þetta að ég bezt veit með sams konar hætti í Bretlandi, hvað snertir íhlutun hins opinbera.

Allur málflutningur hv. þm. Str. í þessu máli er tákn þeirrar lausamennsku, sem hann og flokkur hans rekur, og er málflutningur hans nú allur annar en þegar hann var sjálfur í ríkisstj.; er þetta svo áberandi, að lítt er honum sæmandi. Hv. þm. sagði t. d., að Framsfl. hefði ekki viljað taka þátt í myndun þeirrar ríkisstj., sem nú situr að völdum, án þess að atvinnulíf landsmanna hefði verið tryggt fyrirfram. Mér er satt að segja óskiljanlegt, hvernig maður, sem gegnir áberandi stöðum, getur látið annað eins út úr sér, því að allir eru sjálfsagt sammála um það, að yfirleitt er ekki hægt að tala um tryggingu í þessum efnum fyrir atvinnulífi landsmanna, þar sem okkar þjóð á tiltölulega svo mikið undir viðskiptum við aðrar þjóðir komið, sem miklum úrslitum ræður í þessum efnum, og hefur slík trygging mér vitanlega aldrei verið fyrir hendi þau 20 ár, sem ég hef setið á þ.; hins vegar er þetta hlutverk þeirrar ríkisstj., sem með völdin fer á hverjum tíma, að ráða fram úr þessum vandamálum á þann bezta veg, sem unnt er.

Þá vildi ég minnast nokkrum orðum á þau ummæli hv. þm. Str., að Framsfl. hefði aldrei átt nokkurn þátt í að efla dýrtíðina í landinu. Staðreyndirnar tala hins vegar öðru máli. Ég minnti á það áður, og hefur ekki verið mótmælt, að með hækkun á flutningsgjöldum var fyrstu skriðunni hleypt af stað í hækkun dýrtíðarinnar, og þegar kaupið hækkaði ekki nema um 20—30%, hækkuðu landbúnaðarafurðir um 70%, fyrir það að ráðh. notaði aðstöðu sína, sem hann þá hafði til að ráða oddamanninn í n. þá, sem með verðlagsmál fór á þeim tíma, og hafði þannig vald til að ráða þessum málum. Þetta hlaut að kalla á aðgerðir annars staðar frá, og þetta er sú mikla pólitíska ábyrgð, sem ómögulegt er að létta af hv. þm. Str., sem þá var forsrh. — Þá vil ég minnast nokkrum orðum á það, að árið 1940, þegar verð á fiski okkar hækkaði í Englandi, bar Alþfl. fram till. um að leggja sérstakan skatt á þann fisk, sem seldist til Englands, til þess að halda niðri verðlagi landbúnaðarafurða og lækka flutningsgjöld. Framsfl. lagðist á móti þessu og raunar Sjálfstfl. líka. Kallaði Framsfl. þetta móðgun við bændur og að slíkt væri ölmusa til þeirra. Á vetrarþinginu 1941 varð samkomulag um dýrtíðina, sem að ýmsu leyti varð til bóta. Þá var ríkisstj. gefið vald til þess að halda niðri verði landbúnaðarafurða og taka sérstakan skatt til þess að halda niðri flutningsgjöldum. Það sýndi sig, þegar kom fram á sumarið, að ekki varð samkomulag um

þessi l., og óskaði Alþfl. þá eftir því að kalla þ. saman um sumarið. Fyrir haust 1941 hækkar svo verðlagsnefnd stórkostlega verð á íslenzkum afurðum. Og síðan fer Framsókn fram á, að bundið verði hvort tveggja, kaupgjald og afurðaverð, án þess hins vegar, að kaupgjald verði hækkað. En þetta náði ekki fram að ganga. Rétt fyrir jólin, en þá var hv. þm. Str. forsrh., er mjólkin allverulega hækkuð með atkv. oddamanns, skipaðs af ráðh. Svo koma gerðardómslögin til sögunnar og binda þar með allt fast, en þá var þegar áður búið að hækka landbúnaðarafurðir tvívegis. Undirbúningurinn að því, er þessi l. varðar, var slæmur. En á hinn bóginn ætlar þessi hv. þm. að halda því fram, að l. hafi raunverulega borgað sig, þótt þau hafi svo verið undirbúin, að þau hlytu að verða dauðadæmd. (*HermJ:* Verkalýðurinn mætti þakka fyrir, ef hann hefði gerðardómslögin núna.) Hv. þm. o. fl. vita það ósköp vel, að l. voru dauðadæmd. En þessi hv. þm. hélt, að hann væri sá sterki maður, sem gæti gert hlutina. Síðan látast framsóknarmenn hafa ákaft verið á móti þessu, þ. e. að setja l. — Ég hef talið nauðsynlegt að segja þessa sögu, rekja hana, þótt e. t. v. hv. þm. finnist hún leiðinleg, enda er hún ljót. Það er nú nokkuð liðið á tímann. — Ég játa, að þetta fyrirkomulag getur ekki verið til frambúðar. Tel ég rétt að samþ. þetta lagafrv. þó, en með þeim breyt., er á því eru gerðar. Á yfirborðinu er nokkuð gengið til móts við Framsfl. með því, að neytendastyrkur er veittur. — Miðað við 4000 tonna sölu þarf að greiða um 3 millj. kr. En ég tel þetta feluleik með orðin, enda er svo að sumu leyti. Smásöluálagningin verður því meiri sem útsöluverð hækkar. Það er mjög liðið af árinu, og rétt er að líta á þetta sem til bráðabirgða sé. — Ég læt þetta svo nægja að sinni.

Hermann Jónasson: Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. og skal hafa orðin fá. — Úr því að við hv. 3. landsk. erum farnir að ræða dýrtíðarmálin á annað borð, þá vildi ég segja það, að ég er ekki í neinum vafa um, að ummæli hv. þm. stafa af því, að hann finnur til sektar, og hann veit, að sá tími er skammt undan, að þjóðin fer að skilja, að verðfestingarlögin voru ekki framkvæmanleg. En gerðardómslögin voru hin einu réttu lög, sbr. afstöðu verkalýðsins, og var það ógæfan meiri, að Alþfl. reis upp gegn þeim og gekk á band annarra flokka.

T. d. um það, hvað dýrtíðin skiptir miklu máli, þá hefur formaður húsaleigunefndar upplýst, að eftir mati n. verði menn að greiða 9—10 þús. kr. á ári fyrir 2 herbergi og eldhús. Enn fremur kvað hann menn þurfa að greiða í það a. m. k. ⅔ hluta af árstekjum sínum. — Það er engin furða, þótt hv. 3. landsk. sé órólegur yfir því, að l. komu ekki til framkvæmda. Hann veit of vel, hver dómur honum er búinn.

Verkamenn fara að skilja, hvernig málum er komið. Það hefði þótt tíðindum sæta, ef árið 1942 hefði áskorun komið til stj. frá verklýðsfélagi í fyrrv. kjördæmi hv. 3. landsk. um að fara að lækka dýrtíðina og hætta þessu kapphlaupi, sbr. stöðvunarlögin 1941. En þessi áskorun kom.

Það, að Framsfl. eigi sinn þátt í hækkun dýrtíðarinnar, og ásakanir á hendur honum af því tilefni, er eðlilegt framhald af öðru, sem eins og þetta er í blekkingaskyni gert. Eru allar þessar aðdróttanir hreinn þvættingur, svo og hitt, að kjötverðið hafi hækkað 1941. En hvers vegna má á hinn bóginn kjötverðið eigi hækka til samræmingar við annað verð? Því áttu bændur að draga sig til baka? Máttu þeir ekki setja upp það verð, sem þeir gátu fengið á erlendum markaði? Herinn keypti mikið af kjöti, og bændur urðu að taka því, er að þeim var rétt.

Svo er það mjólkin. Hún er greinilega á eftir að verðlagi til. Reiknað var út í byrjun des.-mánaðar 1941, hve mikil verðhækkun mjólkur skyldi vera. Hvað hefur síðan komið í ljós? Það hefur sýnt sig, að mjólkurhækkunin 1941 var í nákvæmlegu samræmi við sex manna nefndar álitið. Hún var rétt. Hverjir reiknuðu svo út þetta verð? Sá embættismaður, sem á hér hlut að máli, er hagstofustjóri. Aðrir? Tveir menn voru líka frá verkamönnum, Alþýðusambandinu. Og þeir töldu, að bændur ættu að fá þetta, og yrði verðlag þeirra í samræmi við það, sem þeir reiknuðu út skv. sex manna nefndar álitinu.

Framsfl. hefur aldrei tekið þátt í þessu kapphlaupi. Hann bauð, sem kunnugt er, upp á stöðvun 1941 og '42, en því var ekki anzað. — Sú stjórnarstefna, sem tekin var upp vorið 1942, að brjóta gerðardómslögin á bak aftur, er sú stefna, sem ber ábyrgðina á núverandi ástandi, en Framsfl. kom þar hvergi nálægt.

Hægara er að uppfylla þær kröfur, sem hv. þm. Barð. lætur uppi um að koma fjármálunum í það horf, er var, áður en núverandi stjórnarlið tók höndum saman, og ættu hvorki hann né aðrir að klína hækkun dýrtíðarinnar og núverandi stjórnarstefnu á Framsfl., sem hefur engan þátt tekið í þessu.

Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta með frekari orðalengingum um þessi efni.

Gísli Jónsson: Ég skal líka vera stuttorður. — Mér er sönn ánægja að því að fá yfirlýsingu hv. þm. Str. um hækkun kjötverðs 1941. — En svo er það bara hitt, að verkamenn vildu eigi sætta sig við launalækkanir. Þeir kröfðust þess líka að fá þá hækkun á launum, er herinn bauð. — Hv. þm. Str. ætlast til þess, að bændur njóti verðlagshækkunar, en verkamenn ekki sambærilegrar launahækkunar. Það er ekki hægt fyrir bændur að neita þeim um hækkun. Ómögulegt var að gera það, meðan hið erlenda herlið dvaldist í landinu.

Annars stóð ég nú upp til þess að svara fyrirspurn hv. þm. Str. um það, hvar l. hafi verið sett um það atriði, er hér um ræðir, l., sem veiti slíkt vald sem hér. Ég ætla nú að ósk hans að benda honum á það. — Reyndar veit eg ekki um önnur lönd, en ég veit um þetta land. Það eru nú t. d. lög um viðskiptaráð og l. nr. 1 og 2 frá 1935, en þau l. undirskrifaði hann sem landbrh. Gáfu þau honum síðan vald til að veitast gegn bændum landsins hvað eftir annað. Sjálfur getur þessi hv. þm. svo setzt niður og „stúderað" þessi lög.

Hann minntist og á, að húseigendur hefðu

tekjur af eignum sínum. Hv. þm. Str. veit, að margir þeirra hafa engar aðrar tekjur.

Að lokum vil ég svo, varðandi Búnaðarfélag Íslands, geta þess, að ég tel mjög varhugaverða braut, að félag, sem kostað er og rekið á kostnað ríkisins, skuli hafa þá starfsmenn í þjónustu sinni, sem vinna meira og minna að öðrum störfum en þeim, er þeir eru ráðnir til að sinna hjá félaginu. Þetta þarf lagfæringar með. — Mér þætti bæði gaman og gott að heyra eitthvað frá hv. þm. Str. um þetta.

Jónas Jónsson: Ég vildi gera örfáar aths. við ræður, sem hér hafa haldnar verið. Sný ég mér þá fyrst að hv. 3. landsk.

Hann sagði í sambandi við hækkunina til sjómanna, að ég hefði látið ógætileg orð falla í garð stéttarinnar. Þess er að gæta, að stjórnarflokkarnir hafa farið að deila um aðra hluti, en haldið því máli, sem hér um ræðir, vandlega leyndu. Þeir fóru að tala um þetta að fyrra bragði. — En ég vildi spyrja þennan hv. þm., hvernig Norðmenn fóru að. Norsku sjómennirnir fóru ferða sinna fyrsta stríðsveturinn. Þá var það tekið til bragðs að hækka tryggingarnar, en ekki kaupið. Á hinn bóginn hjá okkur var það yfirsjón hjá hæstv. ríkisstj., stuðningsmönnum hennar og sjómönnunum, að eigi var að því gætt, að verið var að setja allt þjóðfélagið í hættu, um leið og þessi hækkun var gerð. — Það verða svo mörg útlend skip að sigla fyrir okkur. Og t. d. þegar Eimskip fær hin nýju skip sín, verður það að fá erlenda menn á þau. Eimskip hefur fengið allan sinn gróða af leiguskipunum, af vinnu erlendra manna, en tapað á eigin skipum. Þannig hefur það verið: Ævinlega tap á rekstri innlenda flotans, en græðzt hefur á þeim útlenda. — En um áhættu sjómannanna er það að segja, að hún var að sjálfsögðu engu meiri en hætta okkar hv. 3. landsk. og annarra Reykjavíkurbúa, sem búum á milli flugvallarins og hafnarinnar. — Að því, er varðar aðdróttanir manna í minn garð, þá er því að svara, að ég hef með ráðnum hug talað háðulega um kauphækkun sjómanna, af því að ég álít, að tryggja hefði átt sjómenn, en ekki hækka kaup þeirra. Þessi hækkun var gerð af léttúð, en ekki þannig, að tryggt gæti hag eftirkomendanna.

Merkur, brezkur maður sagði við mig fyrir nokkru, að Íslendingar yrðu búnir að eyða öllum fjármunum sínum eftir 1½ ár. Og í gær sagði mér fjármálamaður hér heima, að nú væri búið að festa allan stríðsgróðann. — Við erum orðnir undir veraldar fyrir að sóa peningum okkar fyrir sáralítið. — Þegar ég lít yfir þennan fríða hóp, held ég, að enginn hér inni, nema e. t. v. einn, hafi átt meiri þátt í því en ég að standa með sjómönnum árið 1916, er þeir hófu hið fyrsta átak sitt til að standa gegn arðráni, og veita þeim svefnvernd. Ég tek því glaðlega við öllum glósum. Mun ég ekki hafa sýnt öllu meiri viksemi við sjómenn en aðrir menn hér inni. — Margir hafa bara setzt að ætinu, þegar búið var að draga til búsins.

Þá gaf hv. 1. þm. Eyf. mér það heilræði, að ég ætti að gæta þess, ef ég hefði einhverja reynslu í verklýðsmálum, að valda eigi klofningu í stéttarsamtökum bænda.

Hér í bænum hafði verið verklýðsfélagsskapur að byrja 1916. Við Ólafur Friðriksson settum kraft í félagið, og fór það úr því að hafa áhrif. Það verður hvorki af skafið né hrakið. Og ég ætla bara að segja hv. 1. þm. Eyf. það, þótt einhverjir kjánar úr verklýðsfélagsskapnum segi mig farið hafa rangt að, að þá held ég mínu striki. Þannig er það eins hér. Er ég skyldugur til að leiða bændur út í einhvern voða?

Ég beini ekki neinum orðum að hv. þm. Str. hér, því að hann er eigi viðstaddur.

Þessu næst mun ég víkja orðum að hreyfingu hinna tvennu fjórtán um að unna bændastéttinni sannmælis. Menn hafa komið svo fram, að þeir misstu nokkuð af stuðningnum, því að þeir kunnu ekki að halda á spilunum. Svo hefur verið búið að mönnum, að þeir fóru yfir til kommúnista. En þeir, sem brugðust, hafa farið yfir til bændanna og vinna nú gagn þeirri stétt. — Ráðleysi, vesöld og aumingjaskapur hafa hér ekki riðið við einteyming.

Hvað hefur svo gerzt síðan? — Búnaðarfélag Íslands, sem aðili fyrir hönd bænda, gaf eftir árið 1944 um 8 millj. kr. Þetta var gert eftir bendingu og beiðni þeirra manna, sem nú stjórna Framsfl., ekki sérstaklega hv. 1. þm. Eyf., en þeirra, sem hann stendur í sambandi við. Og hvað fengu bændur fyrir? Ekkert nema spott og spé. Þeir treystu sínum mönnum og héldu, að þeir kynnu að halda á spilunum. En þeir kunnu það ekki. Niðurstaðan varð sú, að bændur gáfu eftir sinn rétt. Og meira að segja sumir af þessum vel þekktu mönnum, sem tekið höfðu þátt í þeim leik, skrifuðu undir skjal, þar sem gefin var yfirlýsing um það, að sex manna nefndar sáttmálinn væri tóm vitleysa og hefði aldrei verið neitt annað. Svo að það er ekki aðeins það, að kastað hafi verið burt peningum fyrir hönd bænda, heldur hefur grundvellinum undir verðlagningu afurða þeirra verið fleygt burt. — Svo er farið að tala um sex manna nefndar grundvöllinn aftur, eftir að búið er að gefa hann upp(!). Svo átti að stofna bændasamtök. En hvað hefur gerzt? Það hefði verið hægt í haust að stofna ærleg bændasamtök, og bændur hefðu gert það, ef ekki hefðu komið í spilið pólitískir spekúlantar, sem eiga eftir að fá sinn dóm. Hv. 1. þm. Eyf. skal vita, að það mál er ekki útkljáð. Það skal verða rakið, svo að það fái maklegan dóm. Mér dettur ekki í hug annað — ef bændastéttin hefði fylgt svipuðum aðferðum og aðrar stéttir í landinu — heldur en að þá hefði landbrh. samið við þá. Og það, sem verst er í þessu, er það, að þeir, sem fyrir bænda hönd eiga að koma fram í Búnaðarfélagi Íslands, eru menn úr tveimur stjórnmálaflokkum, sem ekki geta samið um málin, vegna þess að þeir eiga í stríði og erjum innbyrðis. Það er versti stríðsundirbúningur að espa til mótstöðu, og það hefur í þessu tilfelli skapað réttmæta fyrirlitningu. Og eins og ríkisstj. vissi, að þessi samkoma bænda var hér í sumar mjög lítilfjörleg, þá var þessum mönnum, sem þar voru, gefin bending um, að þeir skyldu tala við kommúnista. Búnaðarfélag Íslands hleypur þá upp til handa og fóta, og

þetta er gert. En kommúnistarnir segja bara: Við tölum ekki við ykkur um afurðaverðið, en við skulum tala um, hvernig þið eigið að búa. — Það er ekki hægt að áfellast neinn mann, þó að hann leiki með menn, sem eru svona vesalir. Og það var líka gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84 fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 15. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, GJ, HG, ÁS, PM, StgrA.

nei: HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ, BSt.

GÍG, JJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (BBen, LJóh, MJ) fjarstaddir.

Frv. endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 90. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 530, 577).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 577. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa brtt., þar sem hún skýrir sig sjálf, en efni hennar er á þá leið, að á meðan þessi mál eru í höndum ríkisvaldsins, þá sé verð á innlendum markaði ákveðið eftir þeirri reglu, sem á sínum tíma var löggilt samkv. áliti 6 manna n. Þótt niður sé fellt það ákvæði, sem sett var um vörur á erlendum markaði, teljum við rétt að halda þessum ákvæðum varðandi verð á innlendum markaði. — Ég tel svo óþarft að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

Brtt. 577 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, BÁ, BK, EystJ, GSv, IngJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO.

nei: SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, JPálm, LJós, SigfS, SB.

BG greiddi ekki atkv.

5 þm. (SvbH, ÁkJ, ÁÁ, HelgJ, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 583).

---

7. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 2. fundi í Nd., 4. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 1).

Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).

Á 4. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Frv. þetta á þskj. 1 er til staðfestingar á brbl., útgefnum 12. apríl s. l. Þetta frv. er kunnugt Alþ. Það hefur verið til meðferðar í þinginu á hverju ári í mörg ár. Stafar það af því, að ekki hefur tekizt að fullnægja ákvæðum skattalaganna um það að hafa skattaskrána tilbúna á þeim tíma, sem lögin mæla fyrir um. Mig minnir það sé 1. apríl úti á landi, en 20. apríl í Reykjavík. Og þar sem ekki hefur tekizt að hafa skattaskrárnar tilbúnar á tilsettum tíma, hefur orðið að breyta þeim fresti, sem skattal. gera ráð fyrir. Ég vil benda þeirri hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, á það, að það er miklu heppilegra, að í eitt skipti fyrir öll sé heimild sett inn í skattal. fyrir ráðh., svo að hann geti breytt þessum fresti, heldur en að setja brbl. á hverju ári.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 332).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. um heimild fyrir ríkisstj. til að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, ef þörf krefur.

Þarf ekki frekari skýringa við um þetta frv. en getið er á þskj. í aths. um frv., sem því fylgja. — Fjhn. hefur athugað þetta frv. og mælir öll með því, að það verði samþykkt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að mæla á móti þessu frv. á neinn hátt. Hins vegar vildi ég mega vænta þess, ef þetta frv. verður að l., sem vafalaust verður, að hæstv. ríkisstj. hagi ekki frestum í þessu sambandi eins og hún gerði árið, sem leið. Það er óforsvaranlegt, að yfirskattanefnd Reykjavíkur fái frest til þess að fara í sumarfrí þannig, að úrskurðir allir dragast á langinn, svo að kærur eru nú fyrst að berast til ríkisskattanefndar út af útsvarskærum úr Reykjavík.

Ég vænti þess, að ríkisstj. gæti þessa.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Þetta frv. er shlj. brbl., sem gefin voru út 12. apríl s. l., og er efni þeirra það, að ráðh. er heimilt að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur. Þetta er gamall draugur hér á Alþ., sem hefur gengið hér aftur ár eftir ár, en kemur nú í breyttu formi. Nú er þetta sem almenn heimild fyrir ráðh. til að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem ég áður gat um, í stað þess, að hingað til hefur þetta verið bundið við eitt ár. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er að hafa þessa heimild í l., og er hentugra að setja ákvæði um þetta í eitt skipti fyrir öll en fyrir eitt ár í senn. Ég vænti, að hv. d. sé mér sammála um, að hér sé stefnt í rétta átt, og vil mælast til þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 619).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta á að staðfesta brbl., sem áður eru útgefin. Það hefur oft orðið að samþ. lög um heimild fyrir ríkisstj. til að lengja frest varðandi tekju- og eignarskatt. Næstum árlega eru gefin út lög um þetta, enda er ríkisstj. heimilt samkv. IV. kafla l. frá 1935, um framtals- og kærufrest, að gefa út brbl. um þetta atriði. Það hefur alltaf þótt sjálfsagt að samþ. þau eftir á. Ég tel því rétt að samþ. þetta frv., svo að ekki þurfi að taka þetta upp aftur og aftur. Af þessum ástæðum leggur n. líka til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr, sem lög frá Alþingi (A. 650).

---

8. Fjáraukalög 1942.

Á deildafundum 20. des. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1942 (stjfrv., A. 382).

Á 24. fundi í Sþ., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Enda þótt fjárlögin fyrir 1944 séu mjög há, hærri en venjulegt er, þá sé ég ekki ástæðu til að gera frv. að umræðuefni, heldur vísa aðeins til þeirra setninga, sem fylgja frumvarpinu.
Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjvn. með 25 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 558).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Fjvn. hefur farið í gegnum frv. og borið það saman við ríkisreikn. og einnig við aths. og grg. yfirskoðunarmanna þetta ár. Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. sé rétt, nema prentvilla í 6. gr. tölul. 8 a I, en hún sá ekki ástæðu að bera fram brtt. vegna þessarar prentvillu, heldur gekk hún út frá því, að prentvillan yrði leiðrétt án samþykktar Alþingis. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 651).

---

9. Ríkisreikningurinn 1942.

Á 58. fundi í Nd., 20. des., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942 (stjfrv., A. 383).

Á 63. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn. d. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 478).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi ríkisreikningur, sem hér liggur fyrir frv. um samþykkt á, er fyrir árið 1942. Lengra er ekki komið reikningsskilum hjá ríkinu enn þá. Reikningurinn hefur nýlega verið afhentur alþm. til athugunar, og eins og venja er til fylgja reikningnum aths. við hann frá yfirskoðunarmönnum og einnig svör ráðh. við þeim aths., og loks till. yfirskoðunarmanna út af þessum aths. og svörum. Að þessu sinni eru aths. við ríkisreikninginn 20, en yfirskoðunarmenn skjóta 3 af þessum aths. ásamt svörum við þeim til aðgerða Alþ. Vil ég víkja að þeim aths. sérstaklega með nokkrum orðum.

Fyrsta aths. þeirra er viðkomandi óinnheimtum eftirstöðvum af ríkisgjöldum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs í árslok 1942. Þessar eftirstöðvar hjá innheimtumönnunum nema þá um það bil 6,9 millj. kr., og yfirskoðunarmönnum finnst þetta nokkuð mikið og telja, að það þurfi að koma innheimtunni í betra horf. Þeir geta þess til samanburðar, að árið áður, 1941, hafi eftirstöðvarnar verið tæplega 1,8 millj. kr. Nú er á það að líta í þessu sambandi, að innheimtir skattar og tollar ríkissjóðs voru miklu hærri síðara árið en hið fyrra, svo að það fæst ekki réttur samanburður með því einu að bera þessar tölur saman. Árið 1942 voru tollar og skattar 73,9 millj. kr., en 1941 41,4 millj. kr. En þrátt fyrir þetta er það þó ljóst, að eftirstöðvarnar hafa verið hlutfallslega töluvert hærri síðara árið en hið fyrra. Mér reiknast svo til, að í árslok 1942 hafi þessar eftirstöðvar hjá innheimtumönnunum verið 9,3% af heildarupphæð tolla og skatta, en árið áður, 1941, hafa eftirstöðvarnar verið 4,4% af samanlögðum tollum og sköttum. Virðist þetta þá vera hlutfallslega réttum helmingi meira óinnheimt í árslok 1942 en árið áður.

Næsta aths., sem yfirskoðunarmenn vilja vísa til aðgerða Alþ. (12. aths.) snertir Atvinnudeild háskólans. Er þar á það bent, að kostnaður við starfsemi deildarinnar hafi orðið allmiklu meiri en áætlað var í fjárl., þar vinni nú margir menn og launagreiðslur stofnunarinnar séu því orðnar miklar, og kasta þeir því fram, hvort ekki væri hægt að draga úr þessum kostnaði án þess að það drægi úr árangri af starfi stofnunarinnar. Um þetta segir ráðh., að það sé þannig um þá stofnun, að það sé sjaldan hægt að gera sér fulla grein fyrirfram fyrir þýðingu slíkra rannsókna og árangrinum af þeim, en nú sé í undirbúningi mikil aukning þess rannsóknarstarfs og hljóti það að hafa í för með sér aukin útgjöld. Út af þessu vilja yfirskoðunarmenn vísa málinu til aðgerða Alþ., en það mun liggja hér fyrir þinginu nú sérstakt frv. um þessa stofnun.

Þá er loks þriðja aths., (það er sú 14.), sem þeir yfirskoðunarmenn vilja vísa til aðgerða Alþ. og er viðvíkjandi kostnaði við sauðfjárveikivarnirnar. Samkv. því, sem þeir segja, er kostnaðurinn á árinu 1942 fast að því 4 sinnum meiri en áætlað var í fjárl., og hafa þar því orðið miklar umframgreiðslur. En þess er að geta, að þó að þarna hafi orðið miklar umframgreiðslur, þá eru þær þó ekki hlutfallslega meiri en ríkisreikningurinn sýnir í heild, því að það mun láta nærri, að tekjur og gjöld ársins 1942 hafi orðið 4 sinnum hærri en áætlað var í fjárl. þess árs.

Fleiri aths. eru það ekki af þessum 20, sem yfirskoðunarmenn vilja vísa til aðgerða Alþ., því að ýmist hafa þeir fengið fullnægjandi svör við hinum eða málið er þannig vaxið, að þeir sjá ekki ástæðu til neinna sérstakra aðgerða því viðkomandi. Fjhn. hefur engar till. fram að bera út af þessu, en hins vegar bendir n. á það í áliti sínu, að fyrir rúmu ári var afgr. frá sameinuðu Alþingi ályktun um endurskoðun og samþykkt á ríkisreikningnum, þar sem skorað er á ríkisstj. að hraða útgáfu ríkisreikningsins meira en gert hefur verið að undanförnu o. s. frv., svo að reikningurinn geti ávallt legið fyrir fyrir lok næsta árs á eftir. Ef þetta hefði verið komið til framkvæmda, hefði átt að liggja fyrir nú við lok síðasta árs ríkisreikningur fyrir árið 1944, en það er svo langt frá, að málið sé komið í þetta æskilega horf, að enn þá er ókominn ríkisreikningur fyrir árið 1943 og 1944, og fjhn. vill leggja áherzlu á það og bendir á það í nál., að unnið verði að því að kippa þessu í betra lag, því að það virðist vera mjög ógeðfellt, að þessi reikningur komi fyrst 3—4 árum seinna en þær greiðslur hafa átt sér stað, sem þar eru tilfærðar.

N. leggur til, að frv. verði samþ. með einni breyt., sem er tilfærð á þskj. 478. Það er aðeins leiðrétting á einni tölu, sem skakkt er prentuð í frv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég hef út af fyrir sig ekkert að segja um þær aths., sem gerðar eru við ríkisreikninginn 1942 og fram komu hjá hv. frsm., fram yfir það, sem aths. sjálfar segja. En út af aths., sem hann gerði síðast, viðvíkjandi því, að ríkisreikningurinn væri síðla tilbúinn, vil ég aðeins upplýsa það, að ástæðan til þess, að ríkisreikningurinn er svo langt á eftir tímanum, er ekki sú, að ríkisbókhaldið sé ekki búið að ganga frá honum. Ríkisreikningurinn fyrir árin 1943 og 1944 liggur einnig fyrir fullgerður hjá ríkisbókhaldinu; það stendur aðeins á endurskoðun. Ég hef átt tal um þetta við endurskoðendur ríkisreikninganna og lagt á það áherzlu, að hægt væri að hraða þessu meira en gert hefur verið, til þess að reikningurinn gæti fyrr legið fyrir en raun hefur á orðið hin síðari ár, því að það er náttúrlega mjög óheppilegt og ógeðfellt, að ríkisreikningurinn skuli ekki vera tilbúinn til samþykktar á Alþ. fyrr en 4 árum eftir lok reikningsársins. En ástæðan til þess, að endurskoðendur hafa ekki treyst sér til að hraða þessu meira en raun er á, er sú, að húsnæði vantar. Það er ekki hægt að fjölga mönnum við endurskoðunina, svo að hún gangi betur, vegna húsnæðisskorts. En endurskoðunin fer fram á fleiri stöðum, og það mega allir sjá,

hvað heppilegt það er, að sami maðurinn skuli eiga að hafa eftirlit með starfi, sem fer fram á þrem stöðum samtímis. En þegar nýja skrifstofubyggingin við Arnarhól verður fullgerð, verður reynt að bæta úr þessu og fjölga mönnum við endurskoðunina, þannig að ríkisreikningurinn geti orðið fyrr tilbúinn en raun hefur verið á. — Þessa aths. vildi ég aðeins láta koma hér fram, til þess að vekja athygli á því, að það er ekki stj. sök, að ekki hefur fengizt lagfæring á þessu.

Jón Pálmason: Ég skal lítið fara út í að ræða þær aths., sem fyrir liggja af hálfu okkar yfirskoðunarmanna um þennan reikning, því að þær skýra sig sjálfar, en reynslan er sú, að það er örðugt um aðgerðir til úrbóta varðandi slíkar aths., þegar svo langt er um liðið frá reikningsárinu sem á sér stað í þessu sambandi.

Það er þó ein af þeim aths., sem við höfum vísað til aðgerða Alþ., sem mér þykir ástæða til að vekja nokkra athygli á, og það eru hinar miklu fjárfúlgur, sem óinnheimtar eru af tekjum ríkissjóðs við hver árslok, og er ákaflega misjafnt hjá hinum einstöku gjaldheimtumönnum ríkisins. Sumir hafa hreint borð, en hjá öðrum munar þetta mjög miklu. Þetta er atriði, sem við núverandi yfirskoðunarmenn höfum fundið að ár eftir ár. Okkur hefur fundizt, að þegar fjárhagsástand er jafngott hjá almenningi og var árið 1942, þá hefði átt að vera auðvelt að fá þetta í betra horf.

Viðvíkjandi því, sem hv. fjhn. hefur hér minnt á varðandi það seinlæti, að reikningurinn er ekki fyrr tilbúinn en þetta, þá hefur hæstv. fjmrh. upplýst það, af hverju það stafar. En ég vil því til viðbótar segja það fyrir okkar hönd varðandi þennan reikning, að við skiluðum aths. við hann í marz í fyrra, og svör komu ekki til okkar fyrr en í okt. í haust, svo að það virtist náttúrlega vera óþarflega seint, en okkar vegna hefði þessi reikningur getað verið samþykktur talsvert miklu fyrr en raun er á.

Varðandi þann reikning, sem næstur er, fyrir árið 1943, þá er það að segja, að hann er tilbúinn og langt komið yfirskoðun á honum, hvort sem hann verður lagður fyrir þetta þing eða ekki.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í að ræða þær aths., sem fyrir liggja, úr því fjhn. kemur ekki með neinar sérstakar till. varðandi afgreiðslu þeirra.

ATKVGR.
Brtt. 478 samþ. án atkvgr.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 622).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir hv. Nd. og afgr. þaðan breytingalaust, nema leiðrétt hefur verið 4 aura prentvilla, af 74 millj. kr. upphæð. Þótti því ekki taka að prenta þskj. upp, þar sem annað reyndist rétt.

Athugasemdir yfirskoðunarmanna voru fáar og aðeins þremur skotið til Alþingis. Þessar aths. eru sérstaklega um eftirstöðvar hjá tveimur innheimtumönnum. Ráðh. hefur lofað að ganga fast að þessum innheimtumönnum, og grein hefur verið gerð fyrir þessu á Alþingi. — Hinar aths. eru um sauðfjárveikivarnirnar, sem fóru mjög mikið fram úr áætlun, og svo atvinnudeildina. En það virðist sem fullkomin grein hafi verið gerð fyrir þessum liðum.

Þar sem fjhn. Ed. hefur ekki séð ástæðu til aths., leggur hún til, að frv. verði samþ. — Það er eitt atriði í þessu sambandi, sem vekur sérstaka athygli, og það er sleifarlagið á ríkisreikningunum. Þetta, sem hér liggur fyrir Alþingi 1945, er reikningurinn frá 1942, en eðlilegt væri, að reikningurinn 1943 lægi fyrir þinginu. Það var í fyrra samþ. þáltill. um að hraða ríkisreikningnum, og er nauðsyn, að það verði gert í náinni framtíð. Það er sjálfsagt margt, sem tefur ríkisreikninginn. Húsnæðið er ófullnægjandi fyrir endurskoðunina, svo er ekki hlaupið að að fá prentaðar stórar bækur. Ég þykist sjá, að þetta geti lagazt, enda gefur það góðar vonir, að reikningurinn 1944 mun vera nærri prentaður. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig langar til þess að spyrja, að gefnu tilefni, hvernig innheimtan muni vera á reikningunum 1943—'44, hvort þessu, sem miður fór á reikningnum 1942, hafi verið kippt í lag.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég hef engar eftirgrennslanir gert um þetta á þeim reikningum, sem ekki liggja enn þá fyrir, en ef til vill getur hæstv. fjmrh. gefið upplýsingar um það. *(Fjmrh.:* Ég mun svara þessu við 3. umr.).

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Við 2. umr. um þetta mál hér í hv. d. var spurzt fyrir um það, hvort breyt. mundu hafa orðið á eftirstöðvum á innheimtum gjöldum ríkissjóðs í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum. Ég var þá ekki undir það búinn að svara þessu, en lofaði að athuga það fyrir 3. umr. En nú hef ég fengið upplýst, að um þetta liggi ekki fyrir neinar tölur. — Um ríkisreikningana er aftur það að segja, að reikningarnir fyrir 1943 eru fyrir löngu fullprentaðir og reikningarnir fyrir 1944 voru fullgerðir í september s. l. og eru um það bil að verða fullprentaðir nú. Meiri upplýsingar get ég ekki gefið í málinu.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar. En í sambandi við þetta hefði ég gaman að spyrja fjhn. um það, hvað hún hafi gert í þessu atriði, þar sem sagt er, að till. hafi verið vísað til aðgerða Alþ. Það er hér í ríkisreikningunum 1., 9. og 12. aths., sem vísað er til aðgerða Alþ. alveg sérstaklega. Nú veit ég ekki, hvort sá háttur verður á hafður, að þetta verði formsatriði og ekki gert meira. En mér finnst, að það væri athugunarvert t. d. í sambandi við 12. aths., hvort fjhn. hefði átt að láta þetta fara framhjá sér og gera engar till. um, hvernig á að fara með þetta mál. Ég ætla ekki að fara að halda uppi málþófi um reikningana, en vildi heyra álit fjhn. um þetta atriði, hvort hún sér ekki ástæðu til að athuga þessi mál neitt nánar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég gerði stutta grein fyrir þessu við 2. umr. málsins, sem hv. þm. Barð. skýrði nú frá, en ég verð að játa, að ég hef kastað þeim plöggum, sem ég hafði hér, svo að ég man þetta ekki glöggt nú. Ég verð að fá að doka við og senda eftir reikningunum, því að ég bjóst ekki við þessu. En ég gegnumgekkst m. a. bæði nál. og umr., sem fram fóru í Nd., þar sem reikningarnir voru lagðir fyrst fram og fyrst var gerð grein fyrir þessu, og féllst ég á þau rök, sem þar voru borin fram, svo að n. taldi ekki ástæðu að bera fram neinar ályktanir í því sambandi. Um efni 1. aths. hefur verið rætt dálítið, og þarf ég því ekki að minnast frekar á það. — 2. aths. mun hafa verið út af kostnaði við atvinnudeild háskólans. N. sá ekki ástæðu til að bera fram neina ályktun til Alþ. út af þessu. Það er eins með 9. aths. — Ég vil segja það almennt um landsreikningana, að það er háttur yfirskoðunarmanna að skjóta til aðgerða Alþ. einu og öðru. En það er undantekning, ef Alþ. eða nefndir hafa talið þetta ástæðu til að bera fram eða gera einhverjar ráðstafanir við það. Þetta er meira gert til þess að Alþ. sjái þetta og geti þá ýtt á viðkomandi ráðherra, en sjaldan munu vera bornar fram ályktanir eða slíkt út af þessu, og sem sagt, n. hefur ekki séð ástæðu til þess, því að hverjum þm. er frjálst að gera það, og ég býst við, að t. d. hv. þm. Barð., sem er formaður og frsm. fjvn., hafi rekið sig á margt þessu skylt, sem rætt er um í þessari aths. — Við þetta hef ég ekki neinu að bæta frá n. hálfu. Hún sá, sem sagt, ekki ástæðu til að bera fram neina þáltill. eða slíkt í sambandi við þessa aths. — Um 1. aths., sem er langveigamest, hefur hæstv. fjmrh. gefið skýrslu, sem sýnir, að það hefur ekki fullkomlega komizt í lag enn þá, og þess vegna fullkomin ástæða að athuga um það nánar.

Gísli Jónsson: Ég mun á þessu stigi málsins láta nægja að ræða þetta ekki frekar, og sérstaklega með tilliti til þess, að viðvíkjandi 12. aths. liggur víst fyrir nú hér á Alþ. frv. um breyt. á þessari stofnun, og er þá nauðsynlegt að taka til athugunar þann kostnað, sem hefur orðið af þessari stofnun, og óþægindi, sem hafa orðið í sambandi við þann rekstur, og mun ég því ekki að þessu sinni ræða nánar það atriði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

---

10. Dýrtíðarvísitala.

Á 2. fundi í Ed., 4. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Frv. á þskj. 4 er staðfesting á brbl., sem gefin voru út 2. ágúst s. l. Efni ákvæðanna eru þrenns konar. Í 1. gr. eru ákvæði, sem heimila ríkisstj. að verja fé úr ríkissjóði til að halda niðri vísitölunni á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt. Síðari málsgr. 1. gr. er ákvæði um, að ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar að dómi ríkisstj., þá skuli vísitalan eingöngu miðast við lægra verðið. 2. gr. er svo ákvæði um, að verðlag á kjöti fjár, sem slátrað hefur verið áður en venjuleg haustslátrun hefst, og á kartöflum, sem teknar eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skuli eigi hafa áhrif á dýrtíðarvísitöluna.

Um efni frv. þarf ég ekki að vera langorður. Það var augljóst í ágústbyrjun, að ekki yrði hjá því komizt að verja fé úr ríkissjóði, ef dýrtíðin ætti ekki að taka stórt stökk upp á við. Reynslan sýndi, að nauðsyn var að greiða niður bæði kjöt og garðávöxt. Eins og kunnugt er, féll heimildin í dýrtíðarl. frá síðasta Alþ. úr gildi 15. sept. s. l., og varð þá ekki hjá því komizt að veita

ríkisstj. nýja heimild, ef fleyta ætti áfram. — Um annað efni frv. er það að segja, að það er sett af nauðsyn, eins og hv. þm. er kunnugt.

Ég ætla ekki að fjölyrða um frv., og ætti ekki að þurfa að standa mikill styr um það. — Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 167 og 187).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Efni þessa frv. er í raun og veru þrennt. Í fyrsta lagi er samkv. fyrri málsgr. 1. gr. ætlazt til, að ríkissjóði verði heimilað að halda niðri verðlagi með niðurgreiðslum. Í öðru lagi, ef vara er seld með tvenns konar verði vegna niðurgreiðslu nokkurs hluta vörunnar, skal reikna með lægra verðinu í vísitölu. Í þriðja lagi er svo ætlazt til, að verðlag á kartöflum og kjöti, sem til fellur fyrir uppskerutíma og sláturtíð, skuli ekki tekið með í vísitöluútreikning. Brtt. á þskj. 167 er meira formsbreyt. en efnisbreyt., eins og almennt er litið á lögin, og þar sem vitað er, að heimildin til niðurgreiðslu úr ríkissjóði er háð takmörkuðum tíma.

Varðandi það, að reikna skuli með lægra verði í vísitölu, ef um tvö verð er að ræða á vöru vegna niðurgreiðslu, þá leggur n. til, að þetta verði bundið því skilyrði, að bætt verði 25% við það vörumagn, sem reiknað er með í vísitölunni. Ef í slíkum tilfellum væri reiknað með öllu magni vörunnar, líka því, sem ekki er greitt niður, yrði vísitalan brjáluð. En sé allt það magn, sem reiknað er með í vísitölu, greitt niður, ætti slíkt ekki að koma til. En þó þykir n. rétt að hækka þetta neyzlumagn frá 1939 í samræmi við laun opinberra starfsmanna eða um 25%. Ég hygg, að með þessum breyt. verði ekki hægt að halda því fram, að vísitalan sé röng eða neytendum í óhag.

Annað atriðið, að árstíðaverðsveifla skuli ekki hafa áhrif á vísitölu, hefur n. athugað og fallizt á, að ákvæði brbl. verði haldið í þessu efni, þó með tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi, að tímabilið verði ákveðið í 1. frá 1. ágúst til 20. september, og í öðru lagi, að jafnan sé nægilegt magn af vörum með því verði, sem reiknað er í vísitölu. Það má segja með rétti, að sé nóg til af vöru með lágu verði, sé það óhóf að kaupa vöru sömu tegundar með háu verði, og á þetta hefur n. fallizt, ef nóg vara er til með þessu lága verði. Ríkisstj. ætti ekki að vera sett í nein vandræði með þessu ákvæði. Segja má, að ekki sé öllum reglum fylgt með vísitöluútreikning með því að taka upp þessi ákvæði. En hér er um svo tiltölulega litla breyt. að ræða, því að verðlagsbreyt. 2.—28. ágúst hefur ekki áhrif á vísitölu eftir núgildandi reglum, og hér er því aðeins um 20 daga viðbót að ræða. Ég játa, að eðlilegt væri að taka þessa verðbreyt. með, en það mundi kosta mikið erfiði að fá þann útreikning réttan, en hann er hins vegar smávægilegur og þess vegna var afráðið, að honum skyldi sleppt.

Ég hef hér mælt fyrir meiri hl. fjhn. Ed., en minni hl., hv. þm. Eyf., var ekki viðstaddur þennan fund, hafði af mistökum ekki fengið fundarboðið, en ekki það, að við hinir vildum hann ekki. Þessi hv. þm. hefur ekki getað fallizt á till., skilst mér, þó að það sé ekki vegna till., heldur vegna þess, að hann vill gera aðrar ráðstafanir, þ. e. að lækka dýrtíðina. Hv. þm. hefur drepið á þá hugsun í þessu sambandi, sem fram kemur á þskj. 187. Uppástunga hans var ekki rædd í n. og ekki heldur lögð fram í tillöguformi, svo að um hana yrðu greidd atkv., en ég get sagt sem mína skoðun, að mér finnst ekki líklegt, að vænta megi mikils árangurs af því, eins og sakir standa, þó að þessi till. yrði samþ. ein út af fyrir sig. Hins vegar vil ég engan veginn með því segja, að ég ekki álíti ástæðu til þess, að n., fjhn. Ed., ein eða í samráði við n. í Nd., ræði þessi mál nokkru nánar til þess að athuga og reyna að skapa sér skoðun um, hvort líklegt væri, að hægt væri að ná samkomulagi um einhverjar aðgerðir, sem miðuðu í þessa átt. Ég vildi því beina því til hv. þm., hvort hann vildi taka þessa till. aftur, t. d. til 3. umr. En þegar ég segi þetta, sem ég hef látið í ljós um till. sjálfa út af fyrir sig, þá er ég jafnframt viðbúinn að ræða aðrar aðferðir í sambandi við hana til að ná því markmiði, sem ég hygg, að hv. þm. vilji stefna að.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem till. er um á þskj. 167. Um till. hv. þm. mun ég ekki greiða atkv., heldur láta afskiptalaust, hvernig hún er afgr., því að hún leysir ekki málið.

Forseti (StgrA): Hæstv. fjmrh. hefur orðið að hverfa af fundi og óskar, að umr. um málið sé frestað. Mun ég verða við þeim tilmælum.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er með þetta mál eins og mál það, sem var til umr. hér í gær, að ég fékk ekki boð um þann nefndarfund, þar sem það var afgreitt. Mér skilst, að þar sem ákveðið er nú, að hv. þm. fari héðan úr húsinu eftir rúman hálftíma, megi ekki eyða löngum tíma í þetta mál, og skal ég ekki gera það, enda get ég að mestu leyti vísað til nál. þess, sem ég hef talið rétt að gefa út og er á þskj. 187. Ég fellst á það, sem frv. fjallar um, og tel meginatriði þess, að það sé óhjákvæmilegt að greiða niður ýmsar vörur með fjárgreiðslum úr ríkissjóði fyrst um sinn. Þessar niðurgreiðslur hafa verið nú undanfarið, og þær hafa beinlínis haldið niðri dýrtíðinni. Það hefur nú verið um það deilt, hvort dýrtíðin lækkaði nokkuð við þetta, en ég lít svo á, að þegar vísitölunni er haldið niðri, hafi það bein áhrif á sjálfa dýrtíðina. Niðurgreiðslurnar hafa verið óhjákvæmilegar. Og það er mín skoðun, að meðan engar

aðrar ráðstafanir eru gerðar í staðinn, þá sé þetta enn nauðsynlegt, því að ef verðlagi væri sleppt lausu nú, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að vísitalan færi allmikið yfir 300 stig, og eftir því sem fyrir liggur, er ekki annað hægt að sjá en að það mundi hafa algera stöðvun ýmissa atvinnugreina í för með sér. Að hinu leytinu er það, að toppurinn á dýrtíðinni, ef svo má að orði kveða, er sjálfskaparvíti þjóðarinnar, og á ég þar ekki einasta við innlendar vörur, heldur annað verðlag, þar sem verðlag í landinu hefur hækkað fram yfir það, sem útlendar vörur aðkeyptar hafa hækkað. Það er sjálfskaparvíti þjóðarinnar sjálfrar, og þetta hefur orsakazt af því kapphlaupi um peningana, sem átt hefur sér stað meðal einstakra stétta þjóðfélagsins og allir þekkja, og ætla ég ekki að fara að lýsa því. En nú hefur orðið talsverð breyting frá því, sem áður var, þegar þetta kapphlaup var í algleymingi. Það hefur skeð sú meginbreyting, að ófriðurinn, sem hefur skapað þetta háa verð, er nú liðinn hjá, og ég held, að þeim fjölgi meir og meir, sem líta svo á, að það sé með öllu óhugsandi framtíð fyrir okkur, að við getum haldið verðlagi margfalt hærra en er hjá nágrannaþjóðum okkar og aðalviðskiptaþjóðum okkar. Og eins og öllum er kunnugt, þá er það ekki einasta ýmis innlend framleiðsla, sem er í margföldu verði við það, sem annars staðar er, heldur er lífið í landinu á allan hátt svo dýrt, að það er yfirleitt ekki hægt að framleiða hér öðruvísi en að sú framleiðsla sé dýr. Ég held, að ef leyfður væri ótakmarkaður innflutningur á t. d. húsgögnum frá Svíþjóð, yrði samanburðurinn ekki hagstæðari en að því er verð landbúnaðarvara snertir. En hvað sem um þetta er, þá lít ég svo á — og ég held að þeir séu orðnir fleiri en voru um tíma, sem eru því sammála —, að það sé fyllilega kominn tími til þess að hefjast nú handa um það, að dýrtíðarflóðið, sem yfir landið hefur gengið undanfarið, haldi ekki áfram að aukast, og frekar hitt, að gera ráðstafanir til þess, að það fari að fjara út eitthvað, þó að mér sé það ljóst, að þar verði að vísu að fara varlega í sakirnar og snöggar breytingar einnig í hina áttina geti að sjálfsögðu verið varasamar.

Ég legg því til, að því, sem ég álít meginatriði þessa frv., sem sé það, að heimila niðurgreiðslu á tilteknum vörutegundum, sé haldið áfram enn um sinn, en á hinn bóginn legg ég þó til, að gerðar verði nokkrar breyt. á frumvarpinu. Eru brtt. mínar í nál., og skal ég fyrst minnast á 2. lið breytingartillagnanna. Þar er lagt til, að skipuð verði fimm manna n., sem sé þannig skipuð, að hagstofustjóri sé sjálfkjörinn og formaður þeirrar n., en 4 nm. tilnefndir af þingflokkunum, sinn frá hverjum. Verkefni þessarar n. sé svo að reyna að koma sér saman um till. um a. m. k. að stöðva og helzt að lækka dýrtíðina í landinu með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, og það legg ég áherzlu á. Það eru taldar þarna upp ýmiss konar afurðir, eins og til ábendingar, sem til greina gætu komið í þessum efnum, en mér er það ljóst, að það er ekki víst, að það sé nein tæmandi upptalning. Enn fremur legg ég til, að n. geri till. um sérstakt eignaframtal í landinu, og er þessi till. gerð sökum þess, að til munu vera ýmsir aðilar í landinu, sem hafa safnað miklu fé á stríðsárunum án þess að taka nokkurn þátt í lækkun dýrtíðarinnar með þeim atriðum, sem áður eru talin upp í tillgr., og þar af leiðandi kynni að vera nauðsynlegt, til þess að þetta gangi jafnt yfir alla, að leggja á einhvern skatt, sem yrði þá varið til þeirra ráðstafana, sem kynnu að þykja nauðsynlegar til þess að hægt væri að snúa eitthvað til baka á þeirri braut, sem við höfum nú gengið undanfarið. Ég legg til, að þessari n. sé gert að skila áliti sínu fyrir 15. febrúar n. k. Ætti það að vera hæfilegur tími fyrir n., einkum þar sem ég legg til, að hún megi ráða sér sérfræðinga til aðstoðar eftir þörfum. Ég miða við 15. febrúar sökum þess, að eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá verður þing að koma saman næst þann dag, samkv. stjórnarskránni, og ætlast ég því til, að till. þessarar n. verði tilbúnar þegar næsta Alþingi kemur saman.

Mér virðist, ef þessi n. getur komið sér saman, að þá væri þar með fenginn grundvöllur að samkomulagi stétta og flokka í landinu og þar af leiðandi mundi Alþ. ekki þurfa mjög langan tíma til þess að ganga frá l. samkv. till. þeirrar nefndar. Þess vegna legg ég til, að þetta frv. falli úr gildi mánuði síðar. Ég sé, að hér mun vera prentvilla, og vil ég biðja hæstv. forseta að taka það til greina. Till. á að vera þannig, að fyrir, „til jafnlengdar næsta ár" í 1. málsgr. komi: til 15. marz 1946. Ég ætlaðist til, að n. skilaði áliti 15. febr., daginn sem Alþ. á að koma saman, en að þessi l. giltu til 15. marz. Þá ætlaðist ég til þess, ef árangur yrði af starfi þeirrar n., að þá komi ný lagaákvæði í staðinn fyrir þessi l. Færi hins vegar svo, að samkomulag næðist ekki í þessari n., þá hefur verið gert á Alþ. annað eins og það að framlengja þá þessi l., eins og þau liggja hér fyrir, til 15. sept. n. k. Það má segja, að ef ný l. verða sett, mætti eins vel afnema þessi l., þó að þeim sé ætlað að gilda til 15. sept. n. k. Ég legg ekki mikið upp úr þessu atriði, en það er þó nokkur hvatning fyrir n. og Alþ., ef ný úrræði fást, að hafa þetta tímatakmark.

2. málsgr. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir tvenns konar verð á sams konar vöru. Það, að hafa verði einungis tekið til greina þegar vísitalan er reiknuð út. Ég vil segja það út af þessu, að ég álít á ýmsan hátt óheppilegt að hafa tvenns konar verð á sams konar vöru. Það að hafa tvenns konar verð á sams konar vöru hlýtur annaðhvort að skapa töluvert misrétti meðal neytendanna eða vera þýðingarlaust, þannig að varan með lægra verðinu nægi landsmönnum, og þá kemur hærra verðið ekki til greina. Fyrir nokkru síðan var á markaðnum hér í Reykjavík amerískt smjör og er enn þá, og ég held, að það hafi verið miðað við það í vísitölunni, en ekki við verðlag á íslenzku smjöri. En í öðrum stærsta kaupstað landsins sést ekki þetta ameríska smjör. Ég segi þetta til dæmis, án þess að ég sé að telja eftir, þó að ég keypti íslenzkt smjör með fullu verði. Það sjá allir, að það er ekki jafnrétti, að launþegar á Akureyri urðu að

kaupa íslenzkt smjör með hærra verðinu, en launþegar í Reykjavík gátu fengið ameríska smjör. Svo kemur ameríska smjörið eitt til greina þegar vísitalan er reiknuð út, og þannig mundi þetta verða, ef gert er ráð fyrir, að nokkur kaupi vöruna með hærra verðinu, þá er komið á misrétti, en ef ekki er gert ráð fyrir, að slík vara sé keypt, þá er þetta ákvæði þýðingarlaust. Ég legg þess vegna til, að þessi 2. málsgr. 1. gr. falli niður með öllu, og afleiðingin af því, að hún er felld niður, er sú, að ef ríkisstj. ákveður að greiða niður verð einhverrar vöru, verður hún að greiða niður alla þá vöru, sem seld er innanlands, og gengur það þá jafnt yfir alla. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta muni mjög miklu fyrir ríkissj. Ég skal þó játa, að ég hef ekki haft aðstöðu til að reikna út eða gera mér nokkra áreiðanlega hugmynd um það, hverju það munar, en mér finnst, að það muni ekki muna miklu og þessi sparnaðar, sem þarna á að ná fyrir ríkissjóð, sé meira ímyndaður en að hann muni verða raunverulegur.

Meiri hl. n., sem kallar sig n. og getur ekki um það í sínu nál., að hann sé meiri hl., hefur gert brtt. við þetta atriði. Till. meiri hl. ganga í þá átt, að lægra verðið megi því aðeins reikna með í vísitölu, að niðurgreiðsla hafi farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölunni, að viðbættum 25%. Ég skal fyllilega játa, að þessi brtt. er til stórra bóta fyrir neytendur og gefur þeim mikið öryggi hvað þetta snertir, og ég sé heldur ekki, að hún muni verða til neins skaða fyrir framleiðendur neyzluvörunnar, af ástæðum, sem ég skal nú þegar taka fram. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að ég get ekki skilið till. öðruvísi en svo, að það megi því aðeins reikna með hinu lægra verði vörunnar, að landsmenn fái nægilegt af henni. Það magn, sem reiknað er með í vísitölunni að viðbættum 25%, hygg ég, að muni vera nokkurn veginn það, sem landsmenn kaupa, a. m. k. ef þeir eiga kost á svo miklu magni vörunnar fyrir lægra verðið. En þó að sams konar vara væri á boðstólum með hærra verðinu, mundi ekkert verða keypt af henni. Ég held því, að þessi brtt. meiri hl. n. sé að efninu til alveg sama eðlis og brtt. mín um að fella 2. málsgr. 1. gr. niður. Það mundi verka nákvæmlega eins, og þá þykir mér miklu einfaldara, að mín till. verði samþ. Ef til vill má ekki gera það, þar sem ég er ekki í þessum þingmeirihl., sem hér ræður. En þó sé ég ekki annað en að nokkur bót sé að því að samþ. brtt. meiri hl., fyrir báða aðila, framleiðendur og neytendur, framleiðendur að því leyti, að þetta mundi verða til þess, að meira magn vörunnar yrði greitt niður úr ríkissj. og þar af leiðandi mundi meira seljast af þeirri vöru á innlendum markaði, því að ég býst við því, að tvenns konar verð stórspilli hvort sem er fyrir vöru, sem seld er hærra verði en sams konar vara, eins og ég hef fært nokkur rök að í mínu nál. Ef mín till. um það að stytta þann tíma, sem heimilt er að greiða niður verð vöru úr ríkissj., verður samþ., þá er 2. gr. frv. þýðingarlaus, því að þá taka ekki l. til þess tíma, sem 2. gr. frv. fjallar um. Ég hef því lagt til, að 2. gr. frv. falli niður. Verði till. mínar aftur á móti felldar, sé ég ekki annað en það sama eigi við um till. meiri hl. við 2. gr. eins og ég hef sagt um brtt. hans við 1. gr. Þó fer það nokkuð eftir því, hvernig till. er skilin. Það segir hér í niðurlagi þessarar till., 2. till. meiri hl.: „enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.“ „Þessum vörum“ sýnist eiga við þær vörur, sem áður eru taldar upp í till., sem sé „kjöt af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september, og kartöflur, sem teknar eru upp á sama tíma“. Þetta getur ekki átt við annað en nýtt kjöt, það er alls ekki sama vara t. d. frosið kjöt frá fyrra ári, það er ekki þessi vara. Ef átt er við kjöt af fé, sem slátrað hefur verið á fyrra ári, eða kartöflur, sem teknar hafa verið upp fyrir einu ári, þá er það allt önnur vara, það mundi hver einasti læknir votta. Þess vegna skil ég till. á þennan hátt, og með þeim skilningi sé ég ekki annað en að hún sé til bóta frá frv., bæði fyrir framleiðendur, sem hafa þá betur tryggða sölu á þessum vörum, og líka fyrir neytendur. Mér finnst ákaflega líklegt, þó að þingmeirihl. taki ekki mikið tillit til till. okkar framsóknarmanna, að það verði samþ., þrátt fyrir allt, að gera þessa tilraun til samkomulags í þessu máli, sem ég legg til með mínum till., og þar af leiðandi komi till. meiri hl. ekki til greina. En verði, gegn von minni, mínar till. felldar, þá mun ég a. m. k. ekki sjá ástæðu til þess frá mínu sjónarmiði að leggja á móti brtt. meiri hl. Hv. frsm. meiri hl. n. fór fram á það við mig, að ég tæki till. mínar aftur til 3. umr., í því skyni, að fjhn. fengi tækifæri til að athuga þær milli umr. Ég hef nú, að vísu munnlega, hreyft þessum till. á fjhn.fundi og fékk ekki beinlínis mótmæli, en mér fannst heldur sinnulaust um þetta og ég fá litla áheyrn á fundinum. Ég verð því að segja það, að ég hef ekki miklar vonir um það, að það beri árangur að taka till. aftur til 3. umr., og þó mun ég gera svipað og í gær, að skjóta því undir eins konar dóm, hvort ég eigi að taka till. aftur. Ef hv. form. fjhn. d. lýsir yfir því, að hann muni taka till. mína til meðferðar á fundi n. áður en 3. umr. fer fram, þá vil ég þó ekki spilla neinum möguleika til þess að fá fleiri fylgismenn við hana, og mun þá verða við þessum tilmælum hv. frsm. En ef hv. form. n. telur það hafa litla þýðingu, og þar sem málið var til umr. í gær og ég tel, að hv. dm. hafi haft tíma til að átta sig á þessu máli, sé ég ekki ástæðu til annars en að atkv. gangi um till. Sem sagt, ég vil skjóta því til hv. form. n., hvort till. skuli borin undir atkv. nú eða tekin aftur til 3. umr., að sjálfsögðu með þessu skilyrði, að fjhn. taki hana til meðferðar. Með meðferð á ég við það, að nm. átti sig virkilega á því, hvað um er að ræða, og taki sína afstöðu út frá málefnum.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 23. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég er hv. fjhn. þakklátur fyrir, að hún hefur einróma mælt með því, að frv. á þskj. 4 fengi fram

að ganga í aðalatriðum. N. hefur þó borið fram brtt. við það, bæði frá meiri hl. og minni hl. nefndarinnar.

Mun ég þá fyrst víkja að brtt. meiri hl. á þskj. 167, við 2. málsgr., en hún er um það, að því aðeins skuli miða vísitöluna við lægra verðið, að vara sé seld á tvenns konar verði og niðurgreiðsla hafi farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölunni, að viðbættum 25%.

Það er rétt að skýra frá því, að áður en ég gekk frá frv., þá setti ég inn í það, að niðurgreiðslur færu fram á því magni, er áhrif hefði á vísitöluna, en við umr. í ríkisstj. varð það að ráði, að niðurgreiðsla færi aðeins fram á því magni, sem að dómi ríkisstj. væri hæfilegt. Nú hefur þetta aðeins praktíska þýðingu með smjörið. Flutt var inn smjör frá Ameríku og samþ., að það skyldi vera óskammtað, en deila má um það, hvort smjörmagnið, sem tekið er inn í vísitöluna, er nægilegt. Í ríkisstj. voru allir sammála um, að ekki væri ástæða til þess að auka magn það, sem skammtað væri af smjöri. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að ef eins yrði með aðrar vörur, þá var sá varnagli sleginn, að það væri á valdi ríkisstj. að ákveða, hvað væri hæfilegur skammtur. Ég segi það eins og er, að ég legg enga höfuðáherzlu á, hvort brtt. verður samþ. eða ekki, en þó mundi samþykkt hennar fremur verða til spillis. Eftir orðum hv. 1. þm. Eyf., virðist honum ekki fyllilega ljóst, að óhjákvæmilegt væri að auka smjörskammtinn um 25% og þar með áhrif þess á vísitöluna, því að það lítur út fyrir, að hægt verði að fá smjör frá Danmörku, en þó að skammturinn yrði aukinn, er ég ekkert hræddur um, að öll framleiðslan seljist ekki. — Þó er ég ekki viss um, að unnendum landbúnaðarins væri þetta sérstakt ánægjuefni, því að ef nóg erlent smjör væri á markaðinum, gæti svo farið, að innlendir framleiðendur brynnu inni með eitthvað af sinni vöru, vegna hins háa verðs. Þó gæti þessi brtt. leitt til hinnar fráleitustu niðurstöðu, ef t. d. yrði farið að skammta saltfisk, enda þótt ég ætli ekki að segja, að til þess muni koma. Þetta væri hreint fráleit niðurstaða. Það er ekki sennilegt, að þetta komi fyrir og væri gert. En það gæti hugsazt, að stjórnin gripi til þess, til þess að halda niðri vísitölunni, að borga niður ákveðið magn af saltfiski. E. t. v. væri það ódýrasta aðferðin til þess að halda niðri vísitölunni.

Ég verð því að segja það, að mér finnst þessi brtt. vera, hvernig sem á hana er litið, sízt til bóta. Og ég get ekki séð, a. m. k. eins og sakir standa nú, að það sé áhætta að láta ákvæðið haldast óbreytt eins og það stendur í l. Ég býst við, að neytendur séu það vel representeraðir í ríkisstj. eins og stendur, að ekki sé sérlega mikil hætta á því, að gengið verði á rétt þeirra, þó að ákvæðið standi óbreytt eins og það er nú.

Hv. 1. þm. Eyf. drap á það, að það væri óheppilegt að hafa tvenns konar verð á sömu vöru, og það gæti leitt til ranglátrar misskiptingar á milli neytendanna, og gat þess, að smjörið með lága verðinu, ameríska smjörið, hefði ekki fengizt á Akureyri, og þar hefðu menn orðið að kaupa allt smjör, sem þeir keyptu, með hærra verðinu. Ég rengi ekki, að hv. þm. hafi farið rétt með þetta. En hitt veit hann, eins og allir vita, að smjörskammt hafa allir íbúar landsins fengið, jafnt í sveit og við sjó. Svo að það er sjálfskaparvíti, ef ekki allir landsmenn hafa aflað sér þessa ódýra smjörs. (*BSt:* Það hefur ekki verið sent þangað). Það verður sent þangað, ef þess er óskað, en það er ekki hægt að troða því upp á neinn mann, ef hann vill ekki nota smjörskammtinn. Það finnst mér lítt hugsanlegt, að engar verzlanir á Akureyri hafi fengið þetta smjör. En ef svo væri, getur það stafað af því, að ein verzlun á Akureyri hefur sýnt þá lofsverðu fyrirhyggju að hafa jöfnuð á smjörsölunni, Kaupfélag Eyfirðinga. En það hefur ekki verið gert annars staðar, sem aftur hefur leitt til þess, að íslenzkt smjör hefur yfirleitt ekki verið selt hér á opinberum markaði, heldur eftir kunningsskap eða einhverjum öðrum leiðum en gerist með aðrar vörur. Annars get ég ekki séð, að það sé neitt athugavert við það, þó að vara sé seld með tvenns konar verði. En vitanlega skal ég játa, að ef vísitöluna á að miða aðeins við lægra verðið, þá á það að vera eitthvert visst lágmark, sem selt er með lægra verðinu, ef ekki á að ganga á rétt neytendanna. Og ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að stjórnin hafi alltaf haft opin augun fyrir því.

Þá hefur hv. meiri hl. fjhn. einnig borið fram brtt. við 2. gr. frv. Í þeirri gr. er svo mælt fyrir í frv., að verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst, og á kartöflum, sem teknar eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skuli eigi hafa áhrif á vísitöluna. En hv. meiri hl. fjhn. vill binda þetta því skilyrði, að á boðstólum sé nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni. Það þarf vitanlega ekki að taka það fram, að þetta á að skiljast á þá leið, að til séu þessar vörur frá fyrra ári. (*MJ:* Eða sama ári með þessu verði). Ég segi þetta að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Eyf., sem vildi leggja þann skilning í þetta, að það væri nýslátrað dilkakjöt eða nýuppteknar kartöflur, sem átt væri við, en er misskilningur hjá honum — sem ég reyndar veit ekki, hvort hann hefur verið að segja í alvöru eða gamni. Það er eins um þetta atriði eins og fyrri brtt., að ég legg ekki ákaflega mikið upp úr því, hvort þetta verður samþ. eða ekki. En ég álít samt sem áður, að þetta sé heldur til hins verra. Að vísu er það svo, að hver stjórn, sem með völd færi, mundi reyna að haga því þannig, að til væru vörur frá fyrra árs framleiðslu með lægra verðinu, eftir að sumarslátrun byrjaði og eftir að byrjað væri að sumrinu að taka upp garðávöxt. Stjórnin tryggði þetta í sumar, eftir að ákveðið var að setja brbl., að geymt væri nokkuð af kjöti, og má segja, að það hafi verið nokkurs konar kjötskömmtun í sumar frá því í júnímánuði. Kjöt var þá selt aðeins vissa daga í vikunni, en stjórnin sá um það, að til væri frosið dilkakjöt eftir að sumarslátrun byrjaði. En það getur komið fyrir, að ekki sé hægt að tryggja þetta. Það kom fyrir hér í Reykjavík sumarið 1944 og víðar um land. Þá mun frystikjötsframleiðslan hafa verið alveg uppseld snemma í eða um

miðjan júlí, og eftir það var ekkert dilkakjöt fáanlegt í Reykjavík, þar til haustslátrun byrjaði. — Nú skal ég fúslega játa það, að ef svo stendur á, að ekkert gamalt kjöt er til og byrjað er að slátra dilkum og kjöt af þeim selt með miklu hærra verði en reiknað er með í vísitölunni, þá má segja, að þetta sé nokkurs konar fölsun á vísitölunni. En ég vil þá spyrja um leið: Hverjum verður sú fölsun að tjóni? Það er alveg vitað mál, að ef þetta hærra verð, óhemjulega miklu hærra verð, á að ganga inn í vísitöluna, þá mundi hver einasta ríkisstj. fyrirbyggja það, að sumarslátrun færi fram. Því að vitanlega getur ríkisstj. ekki sætt sig við það, að dýrtíðarvísitölunni sé hleypt upp um kannske 20—30 stig fyrir það, að slátrað sé nokkrum hundruðum dilka í höfuðstaðnum að sumrinu. Heldur en að slíkt kæmi fyrir, mundi stjórnin hlutast til um það, að engin slátrun færi fram á dilkum fyrr en venjuleg haustslátrun byrjar. Afleiðing af þessu yrði svo sú, að bæjarbúar eiga ekki þess kost að fá nýtt dilkakjöt einn eða tvo hálfan mánuð og framleiðendur eiga engan kost þess að fá það hagstæða verð, sem sumarslátrun yfirleitt gefur þeim. Og mér sýnist þetta vera til tjóns fyrir báða aðila, að ekki sé slátrað dilkum að sumrinu. Sumarið 1944 var það t. d. svo, að ekki var hægt hér í Reykjavík frá því í júlímán. og þar til haustslátrun byrjaði að fá dilkakjöt, heldur nautakjöt og kýrkjöt, oft miðlungi gott og alltaf við mjög háu verði. Ég er sannfærður um, að neytendum yfirleitt hefði þótt ákaflega gott að geta fengið nýtt dilkakjöt þetta sumar, eftir að gamla framleiðslan var búin, enda þótt þeir hefðu ekki fengið með vísitölunni upp borna þá verðhækkun, sem þetta hefði haft í för með sér, ef verðið hefði gengið inn í vísitöluna. Ég held, að þeir hefðu ekki verið neitt verr settir með því að kaupa dilkakjötið á 13—14 kr. kg. en með því að kaupa gamalt kýrkjöt á 20 kr. kg. Og fyrir framleiðandann er ekki um það að spyrja, að það er tap fyrir hann að vera útilokaður frá sumarslátrun dilka.

Mér finnst því, að fjhn., þegar hún athugar þetta, ætti að hugsa sig tvisvar um áður en hún heldur fast við að knýja þessar brtt. í gegn. Ég get ekki séð, að þær séu til nokkurra bóta, en þær geta, þó að það sé ekki sennilegt, orðið til þess, að l. nái ekki tilgangi sínum.

Alveg sama gildir náttúrlega um garðávöxtinn, að öðru leyti en því, að hann hefur enn þá minni þýðingu, því að fram í september er það ekki nema svo örlítið, sem kemur að jafnaði á markaðinn af garðávexti. Það er selt að sumrinu frá þessum fáu hlýju görðum, sem til eru hér. Og það er náttúrlega fjarri öllu lagi að láta annað eins koma fyrir og skeði hér 1942 eða 1943, þegar vísitalan hljóp upp um 6—10 stig af því, að það komu nokkrir pokar af nýjum kartöflum á markaðinn. Og þess konar má náttúrlega ekki koma fyrir aftur.

Út af brtt. hv. minni hl. fjhn. á þskj. 187 vildi ég segja það, að ég sé nú ekki, að það hafi mikla þýðingu að breyta tímaákvörðuninni, sem þar greinir, í 15. febrúar úr 15. september. Það sé ég ekki, að skipti máli. Ef eitthvert samkomulag er komið á, hvort sem það er 15. marz eða á hvaða tíma sem er, mundi það verka alveg jafnt, þó að í þessum heimildarl. sé tilætlunin, að þau miðist við 15. sept. En ef hins vegar ekki næðist samkomulag fyrir þennan tíma, sem til er tekinn í brtt., þá mundi það leiða til þess, að það þyrfti að setja ný brbl. um þetta, og það sé ég ekki, að sé neinn vinningur.

En aðalbrtt. hv. minni hl. n. er við 2. gr., um það, að skipuð sé 5 manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera till. um lækkun dýrtíðar í landinu með þátttöku allra félagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarálagningar, farmgjalda, byggingarkostnaðar, iðnaðarvara o. s. frv. Ég vil taka þessa brtt. til athugunar í fullri alvöru. En ég er hins vegar í nokkrum vafa um það, hvort hún á heima í sambandi við þessa löggjöf, sem hér liggur fyrir frv. um. Í raun og veru stendur hún ekki í neinu sambandi við hana, og undir öllum kringumstæðum vildi ég mjög eindregið mælast til þess, að hv. þm., sem hana flytur, taki þessa brtt. sína til baka til 3. umr. Það er vitanlega því aðeins gagn að því að samþ. aðra eins brtt. og þessa, að einhver alvara sé á bak við hana. Og þó að einhver alvara sé á bak við hana hjá einum eða tveimur flokkum þingsins, þá er það ekki nóg, heldur verður að vera samkomulag um það meðal fleiri flokka í þinginu og landsmanna yfirleitt að vilja leggja inn á verðlækkunarbraut. Og þó að slík till. sem þessi næði fram að ganga í þinginu, t. d. með atfylgi tveggja þingflokka, þá yrði hún aðeins pappírsgagn, nema því aðeins, að á eftir næðist samkomulag um að vinna í einlægni og alvöru að þessum málum. Þetta sýnist mér, að væri hægt að taka til athugunar á milli umr., þannig að ræða fyrst innan ríkisstj. um það, og þá innan þingflokkanna, og ef samkomulag næðist um það að gera tilraun þá, sem hér er farið fram á, þá er hægt að gera hana alveg jafnt sjálfstætt eins og í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. — Hv. 1. þm. Eyf. veik að því í ræðu sinni hér í gær, að dýrtíðinni væri haldið uppi í landinu m. a. með innflutningshöftum. Hann talaði um það sérstaklega, að bannaður væri innflutningur á húsgögnum og einhverjum fleiri vörutegundum. Þetta er að nokkru leyti rétt og að nokkru leyti ekki rétt. Vegna gjaldeyrisástandsins, sem nú er ríkjandi hjá okkur, vegna þess, hve gjaldeyrisinneignin hefur farið ört lækkandi, hefur ekki verið hægt að komast hjá því, að nokkuð strangar innflutningshömlur væru áfram frá þeim löndum, sem krefjast greiðslu í dollurum eða öðrum vissum gjaldeyri. Aftur á móti hafa verið gefin rífari innflutningsleyfi frá löndum, sem taka við greiðslum í sterlingspundum, heldur en á a. m. k. áratug. Síðustu mánuðina hafa engar teljandi innflutningshömlur gilt um vörur frá Bretlandi t. d., nema það hefur verið spyrnt á móti innflutningi á hreinum skranvörum. Að öðru leyti hefur verið alveg frjáls innflutningur þaðan á vörum, sem hægt hefur verið að fá. Náttúrlega er það takmarkað, sem hægt er að fá frá Bretlandi af vörum, en það er vaxandi innflutningur þaðan. Ég býst við, að sama gildi um innflutning frá Danmörku og Noregi og yfirleitt frá þeim lönd-

um, sem taka sterlingspund gild sem greiðslu. Ég fullyrði, að stjórnin hefur haft opin augu fyrir þessu. Hins vegar verður hún að sjá fótum sínum forráð, og það dugar ekki að nota upp alla dollara, sem þjóðin á, og standa svo uppi þannig, að ekki sé hægt að flytja inn þær nauðsynjar, sem þannig stendur á um, að helzt eða aðeins fást fyrir dollara, svo sem kornvöru, sem við væntanlega um nokkurn ókominn tíma getum ekki flutt inn nema frá Ameríku. Og ástæðan er sú til þess, að innflutningshömlur hafa verið á vörum bæði frá Bandaríkjunum og Svíþjóð, að þessi lönd taka ekki nema dollara í greiðslu fyrir vörurnar, en þessar innflutningshömlur hafa ekki verið gerðar í því skyni að vernda innlendan iðnað, til þess að innlendir framleiðendur gætu haldið áfram því verði á vörum, sem þeir hafa. Og ef allt fer með felldu, líður ekki á löngu þangað til breyt. verður á þessu. Það er t. d. gert ráð fyrir því um Danmörk, að ekki líði á löngu, þangað til hún getur selt okkur ýmsar vörur. Og vitanlegt er, að Stóra Bretland leggur áherzlu á að auka útflutningsverzlun sína sem allra örast.

Fleira held ég, að ekki hafi komið fram í umr. um þetta, sem gefi sérstakt tilefni til andsvara.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera frekari grein fyrir atkv. mínu í þessu máli en ég hef gert í nál. fjhn. á þskj. 167. Þar er þess getið, að ég hef óbundnar hendur um brtt., og það er rétt, að ég samþ. að bóka það þannig, en var áður búinn að láta það uppi, að ég mundi ekki fylgja þeim. — Ég þarf ekki að vera margorður um þetta atriði. Hæstv. fjmrh. hefur margt tekið það fram, sem ég vildi segja um brtt. þessar. En annars tel ég það vera meginefni í báðum þessum brtt., að þær virðast torvelda ríkisstj. að halda niðri vísitölunni, ef samþ. væru. Ég er ekki sá aðdáandi stjórnarinnar, að ég vilji fela ríkisstj. meira vald til að meta þetta en nauðsynlegt er. En þó álít ég betra, að henni sé veitt það vald, sem hún hefur í brbl. í 2. málsgr. 1. gr., heldur en að fylgja brtt. Því að það er einungis það gert með brtt., að stjórnin hefur eftir sem áður vald til þess að meta það upp á við, sem þar er greint, hve hátt sem það kann að verða. Það lágmark er fastákveðið eftir brtt. og er ekki lægra en mundi verða í framkvæmd reiknað með frv. óbreyttu það magn, sem krafizt er til þess, að vísitalan sé reiknuð eftir, að viðbættum 25%.

Um seinni brtt. er það að segja líka, að fyrst og fremst getur það verið dálítil fjárhagsleg áhætta fyrir ríkisstj. að halda eftir þessari vöru á markaðinum og geyma hana, eins og t. d. að halda eftir kjöti frá því haustið áður og geyma það fram að sláturtíð á næsta ári. Því að bæði er hætta á því og hér um bil víst, að það selst lægra verði, og svo hitt, að það getur orðið léleg eða óseljanleg vara. En svo kemur annað til greina. Stjórnin getur orðið að grípa til þeirra ráða að láta alls ekki fara fram dilkaslátrun fyrr en í sláturtíð að haustinu, og yrði þá kannske með því móti haldið eftir gömlum kjötbirgðum. Af þessu leiddi fyrst og fremst það, að þó að menn hefðu nóga peninga og vildu kaupa nýtt dilkakjöt að sumrinu, þá fengju þeir það ekki. En í öðru lagi verður þá einnig meira kjötmagn til í landinu í lok sláturtíðar. Þetta gæti því allt orðið til þess að minnka markað fyrir kjöt innanlands, gera örðugra að selja það. Og þó að kjöt megi selja úr landi, gætu þær ráðstafanir að geyma kjöt frá fyrra ári, halda í það við neytendur, orðið til þess, að meira kjötmagn færi undir lakari sölu en annars þyrfti að vera, ef flytja þyrfti þess vegna meira út af kjöti.

Af þessum ástæðum er það, að ef maður vill halda niðri vísitölunni og gera ríkisstj. sem rýmst um hendur um það, þá sé ég ekki, að rétt sé að ganga inn á þær brtt., sem eru hér á þskj. nr. 167.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af ummælum hv. 1. þm. Eyf., þar sem hann gat þess, að hann hefði ekki verið viðstaddur á fundi, þegar þetta mál var afgr., og er það alveg rétt, eins og líka sést á því, að hann hefur ekki skrifað undir nál. Það var þó ekki alveg rétt hjá honum, þar sem hann sagðist hafa verið fjarri umr. og afgreiðslu málsins, því að málið hafði verið rætt a. m. k. á tveim fundum, þar sem hann var viðstaddur. Og á þeim fundi, þegar málið var afgreitt, var það ekkert rætt, því að það var fullrætt á hinum fundinum, þó að endanlega hefði ekki verið gengið frá því að semja till. og bera upp, hverjir væru með þeim og móti. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta. Og þetta var alls ekki gert til þess að sniðganga hv. 1. þm. Eyf., eins og þó hefði mátt skilja á hans ræðu, að hér hefðu verið höfð einhver svik í tafli eða brögð til þess að hann væri ekki með í afgreiðslu málsins. En svo hefur nú verið fjölgað í flestum n. hér í hv. d., að ýmsir þm. d. verða að vera í mörgum n., og vegna þess er erfiðara að ná nm. saman á fundi á venjulegum fundatíma. Og þess vegna er það, eins og er á vitorði allra hv. þdm., að oft er reynt að ná saman nefndafundum á öðrum tíma en venjulegum. Á föstudaginn var deildarfundur mjög stuttur, en þá voru viðstaddir ýmsir nm., þar á meðal hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Dal., og ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að ég hafi orðað það við þá báða, að ég ætlaði að hafa nefndarfund eftir deildarfundinn. Hv. 3. landsk. þm. og hv. 7. landsk. þm. voru þá ekki komnir, en þegar þeir voru komnir, var hv. 1. þm. Eyf. ekki viðstaddur, en ég þóttist vita, að hann mundi koma, og ég lét liggja fyrir honum heima hjá honum eða þar, sem hann dvelur, boð, svo að ég bjóst við, að hann mundi koma, og hv. þm. sagði, að hann hefði verið í bústað sínum á Hótel Borg allan tímann. Svo að það er þeim að kenna, sem ráða húsum á Hótel Borg, að hann fékk ekki boðin. Af þessu sést, hvernig í því lá, að n. öll skrifaði ekki undir nál. Eftir umtali bjóst ég við, að hv. 1. þm. Eyf. mundi skrifa undir nál. með fyrirvara, og lét ég það þess vegna liggja hjá skjalaverði, ef hv. þm. skyldi koma og vilja skrifa undir. — Ég viðurkenni, að það var ekki á reglulegum fundartíma, sem málið var afgreitt. En í þessu lá, sem sagt, ekki nein tilraun til þess

að sniðganga þennan hv. þm., enda hefur hann úr þessu bætt með því að gefa út sérstakt nál.

Út af brtt. hv. 1. þm. Eyf. vil ég segja það, að hann hafði orðað þetta á fundi, sem þar kemur fram. Og ég tók fram þá, eins og hæstv. fjmrh. hefur nú gert, að mér fyndist ákvæði um slíka nefndarskipun til þess að gera till. til að vinna bug á dýrtíðinni alls ekki geta átt heima í frv. eins og þessu, sem hér liggur fyrir, og ef vinna ætti bug á einu mesta vandamáli þjóðfélagsins, dýrtíðinni, þá yrði að taka það mál allt öðrum tökum. Ef aðeins er litið á brtt. hv. 1. þm. Eyf., þá felur hún í sér þau átök, að það hafa engar flokkasamstæður enn þá myndazt í landinu, sem treysta sér til að eiga við þetta mál. Til þess að leysa það þarf samtök allra stétta, nefnilega til þess að koma fram „lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarálagningar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara." Það hljóta allir hv. þm. að sjá, að hér yrðu að koma til miklu gagntækari samningar en milli allra flokka þingsins, áður en slík nefndarskipun væri gerð. Og að setja ákvæði um þetta í eina gr. í frv. um allt annað mál og án þess að ég a. m. k. viti til, að það hafi verið orðað við flokkana í þinginu og þær samstæður manna, sem hlut eiga að máli, það er svo gersamlega út í bláinn og nær ekki nokkurri átt. Og ég hélt, satt að segja, að þessi hv. þm. ætlaði ekki að bera slíkt stórmál fram sem brtt. við frv. um annað mál. Mér skildist á þessum hv. þm., að hann vildi, að fjhn. gengist fyrir einhverju slíku, sem í brtt. hans felst, þannig að ríkisstj. í heild flytti málið fram. En að þetta kæmi fram sem brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, datt mér ekki í hug. En mér þykir líklegt, að þessi brtt. sé borin fram til þess að falla og til þess svo að fígúrera það, að hún hafi verið lausn á öllum dýrtíðarmálunum, sem hv. 1. þm. Eyf. hafi fundið, en kannske ekki aðrir. Því að það er dæmalaust auðvelt að segja það, að allar stéttir eigi að vinna að lausn dýrtíðarinnar með því að fórna af sínum kröfum. En það er erfiðara að framkvæma það. Ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. Alþ. samþ. á þennan hátt slíka till., enda væri það hreinasti skopleikur. Áður en nokkuð er hægt að samþ. um þetta efni á Alþ., sem að haldi komi, verða vitanlega að hafa farið fram víðtækir samningar á milli stétta.

Um brtt. okkar í meiri hl. n. skal ég ekki segja margt. En mér kemur dálítið á óvart afstaða hæstv. landbrh. til hennar og sérstaklega afstaða hv. þm. Dal. Hv. þm. Dal. skrifaði undir þetta nál. alveg án nokkurs fyrirvara, enda þótt hann í n. hefði hreyft orðum um það, að hann hefði sína skoðun. (*HG:* Það er tekið fram í nál.). Það er rétt, það er tekið fram þar.

Ég get verið að nokkru leyti sammála hæstv. ráðh. um það, að mér finnst hann ganga út frá því í raun og veru, að þetta mál verði í höndum núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Og ég get sagt það alveg hreinskilnislega, að ég væri ekki hræddur við þessar ákvarðanir um heimild, sem í frv. eru, ef tryggt væri, að framkvæmd þessara mála væri í höndum ríkisstj., sem ég treysti. Og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur sýnt það, að hún vill einmitt miða við það magn vörunnar, sem reiknað er með í vísitölunni plús 25%, og hún hefur gert ráðstafanir samkv. síðari brtt. meiri hl. n., til þess að nægilegt væri af vörum í landinu og til þess að vinna á móti því, að hærra verð færi inn í vísitöluna og hefði áhrif á hana. Þetta hefur hæstv. núverandi ríkisstj. sýnt. En það gæti komið önnur stjórn í landinu, sem ég alls ekki treysti til að gera þetta. Við þm. Reykv. getum, alveg án þess að vera með nokkrarýfingar, sagt, að það hafa verið stjórnir hér í landinu langa tíma, sem við treystum ekki til neins góðs fyrir okkar umbjóðendur, sem hafa t. d. komið okkar mjólkurmálum í það horf, sem mun vera eins dæmi í veröldinni, og ég vildi alls ekki hafa ákvæði frv. um þetta efni í höndum slíkrar stjórnar. Ef hæstv. ráðh. telur þessar brtt. í raun og veru ekki segja annað en það, sem er meiningin að verði framkvæmt, þá gerir hann mér sem þm. Reykv. mjög örðugt með að samþ. þetta ákvæði frv., þó að ég vilji ekki segja, að ég fylgdi ekki frv., þó að þessar brtt. féllu. Og ég vil alls ekki reyna að knýja þær fram, ef talið er, að það mundi valda mjög miklum óskunda.

Um síðari brtt., að séð sé um, að nægilegt magn sé af þessum vörum á boðstólum á markaðinum, sýnist mér í fljótu bragði, að þetta hljóti að vera hlutur, sem sé praktískur út af fyrir sig, að láta nokkuð af kjötframleiðslu síðasta árs vera til sölu við hliðina á nýju kjöti. Því að hvað sem vísitölunni líður, þá er til fjöldi manna, sem ekki vill fórna peningum til þess að kaupa að sumrinu nýja framleiðslu. Og þó að það sé lágt verð á þessari framleiðslu s. l. árs á móts við það geipiverð, sem að sumrinu er á nýju framleiðslunni, þá er það þó miklu hærra verð en útflutningsverð. Og það er ákaflega einkennilegt að keyra þessa vöru, kjötið, úr landi til þess að vera búinn með hana löngu áður en markaður er búinn fyrir hana innanlands.

Ég býst við, að ég geti skrifað undir það með hæstv. ráðh., að það skipti ekki máli, eins og á stendur um stjórnarfar í landinu, þó að þetta, sem brtt. er um, verði samþ. eins og það er í frv. En það gerir þó ekki til, þó að brtt. meiri hl. n. væru samþ. Og viðkunnanlegra er af Alþingi að orða sínar heimildir skýrt. Óákveðnar heimildir geta verið nauðsynlegar, en að orða þær eins skýrt og unnt er, finnst mér eigi að gera.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið að svo komnu. En ég get sagt það, að þetta er ekki fyrir mér neitt slíkt meginatriði, að ég vilji stefna málinu út af fyrir sig í neina hættu, ef um slíkt væri að ræða, með því að fara að mínu áliti í þessu efni. En mér finnst frv. vera aðgengilegra í því formi, sem meiri hl. n. óskar, að það verði samþ.

Gísli Jónsson: Ég hygg, að það sé eindæma afgreiðsla á þessu máli frá hv. fjhn. Fyrst er borið hér fram frv. til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út, og frv. er rætt áður í öllum flokkum, og mér er kunnugt um, að hv. form. fjhn. hafði þá ekkert við málið að athuga.

Og ég hygg, að hv. 3. landsk. eða a. m. k. hans flokkur hafi þá ekkert haft heldur við málið að athuga, svo að hann var meðábyrgur um það, að þessi l. hafa verið sett og eftir þeim farið, þangað til þau fengju staðfestingu þingsins. En nú rísa þessir hv. þm. upp, annars vegar hv. form. fjhn. og hins vegar hv. 3. landsk. þm. og 7. landsk. þm., sem allir hafa talið sig einhverja sterkustu stuðningsmenn þessarar hæstv. ríkisstj., og vilja gerbreyta í veigamiklum atriðum þessu frv., sem hæstv. ráðh. ber fram.

En þegar þetta er athugað nánar, þá er þetta ekkert undarlegt, því að það eru þessir hv. þm., sem skefjalausast ganga fram á Alþingi í því að svíkja samninginn við ríkisstj., sem þeir höfðu einnig gert í sambandi við launalagafrv., þegar þeir fóru langt út fyrir þau takmörk, sem samið hafði verið um. Og þetta virðist nú vera áframhaldandi stefna þessara manna. Það er ekki hægt að skilja á annan veg framkomu þeirra manna, sem flytja brtt. á þskj. 167. Ef litið er á það, hvaða afleiðingar það hefur, ef þessi brtt. verður samþ., þá er ljóst, að það mundi raska alveg grundvellinum fyrir útreikningi vísitölunnar í landinu. Og það er sannarlega ekki hlutverk fjhn. í sambandi við þetta mál að leggja það til. Það var nýlega sett n. til að rannsaka, hvort þessi útreikningur væri rangur.

Það mál var og rannsakað mjög ýtarlega, og rökstutt álit þessara nm. var á þá leið, að útreikningurinn væri svo nálægt því, sem raunverulega ætti að gilda, að ekki var talið gerlegt að reikna um þennan grundvöll. En nú koma þessir menn, sem fylgt hafa þessum l. áður, með till. um að raska alveg útreikningi vísitölunnar. Því að ef á að leggja 25% við það magn, sem reiknað er með, þ. e. gengur inn í vísitöluna viðkomandi þessum vörum, þá verður vitanlega þessi hundraðshluti að leggjast við á öllum vörum á sama hátt. En það kann vel að vera, að það gerbreyti allri vísitölunni, ef bætt er við 25% á öllum vörum á þennan hátt (*HG:* Það mundi engu breyta). Það er einkennilegt, ef hv. þm. álítur, að þetta breyti engu, því að það gengur ekki sama magn af öllum vörum inn í vísitöluna. (*MJ:* Það á heldur ekki að gera það). Það veit þessi hv. þm. ekkert um, sem fram í greip. (*MJ:* Hv. þm. bara skilur ekkert í málinu). Ég er viss um, að hv. 1. þm. Reykv. hefur kastað svo höndum til þessa máls, að hann hefur ekki hugmynd um, hvað hann hefur undirskrifað, þegar hann lét þessar brtt. frá sér. Það virðist vera sannreynt, að þetta sé hans verk, því að hann virðist álíta, að ef hann ekki fengi þetta inn í frv., þá mundi verða erfið kosningabaráttan fyrir hann hér í Reykjavík. Hann gaf þar snöggan blett á sér, sem sýnir, að það hefur hann fyrst og fremst hugsað um í þessu sambandi, sem kæmi honum vel í þeirri baráttu. — Ég vil benda þessum hv. þm. á það, hvort þeir ekki vilja kynna sér það, hvaða áhrif það hefur haft á vísitöluna á Íslandi, að þeir fóru lengra í launamálinu á síðasta þingi en viturlegt og sanngjarnt var, og að þeir vildu svo athuga um leið, hvort þeir erfiðleikar eru ekki nægilegir, sem þeir hafa bakað núverandi hæstv. ríkisstj., sem þeir styðja, þó að þeir ekki bæti því nú ofan á, sem þeir nú vilja gera í sambandi við þetta mál. Það er vitanlegt, að ef þessar brtt. verða samþ., þá er það svo, eins og hv. 1. þm. Eyf. hélt fram, að þær geta stórhækkað vísitöluna. Og hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann teldi þessar brtt. til hins lakara, og þess vegna er ákaflega einkennilegt, að einmitt hans stuðningsmenn skuli halda fast við þær og vilja fá þau ákvæði inn í l., sem gera ráðh. erfiðara að framkvæma þau. Og um hv. 3. landsk. þm. er það að segja, að þó að ég sé ekki fær um að rannsaka hjörtun og nýrun, þá vita það allir, eftir framkomu hans í þessu máli og fleiri málum, að hann er ekki nema í orði kveðnu stuðningsmaður stjórnarinnar, því að allt bendir til þess, að hann vilji gera hennar göngu erfiðari en þyrfti að vera. Ég hefði getað skilið það, ef hv. þm. Dal. hefði komið fram með þessar brtt., en hinir hv. þm. í meiri hl. n. hefðu gert fyrirvara gagnvart brtt. frá honum. En nú er þessu alveg snúið við, þannig að nú virðist það vera einmitt hv. þm. Dal., sem styður hæstv. ríkisstj., en hinir hv. nm. geri allt, sem þeir geta, til þess að hennar ganga verði erfiðari. — Ef þessi brtt. verður samþ., mun ég alls ekki treysta mér til að fylgja frv. á eftir. Ég hef, eins og hæstv. ráðh. er kunnugt, samþ. að fylgja frv. eins og það var lagt fram af hæstv. ríkisstj. og borið undir flokkana á s. l. sumri. Og ég vil segja hv. 3. landsk. þm. það, að það gæti vel farið svo, að það yrði ekki svo ýkja langt þangað til að hann yrði að taka þessi mál með svolítið meiri alvöru en hann virðist hafa gert hingað til. Það er ekki alvara fyrir honum, að hann sé að reyna að vernda hag þeirra, sem kaup taka, ef hann ætlar ekki að stinga nokkurs staðar við fæti á þessari braut, sem hann nú gengur. Ég vil benda honum á það líka, að það er annar liður þessa stjórnarsamnings, sem hann virðist ekki hafa lagt eins mikið kapp á að fullnægja og honum bæri að gera, en það er að stöðva ekki vinnu í landinu. Svo að verkefnin eru nóg fyrir hann, ef hann ekki finnur, að hann hafi neitt að starfa í þágu þessarar ríkisstjórnar. Það er hægt að benda honum á nóg verkefni annað en að spilla þessu máli. Ég vil einnig benda hv. 3. landsk. þm. á það, að mér er nokkuð kunnugt um, að það er víðar en á Íslandi, sem talið er, að vísitalan sé röng. Ég vil ekki segja, að hún sé það hér. Mér er kunnugt um, að verðvísitalan í Bretlandi er miklu, miklu lægri en hér, þó að kostnaður við að lifa þar sé litlu minni en hér á landi. Og mér er líka ljóst — og það væri kannske gott fyrir hv. 3. landsk. að athuga það — að það er margfalt meira magn hlutfallslega af kjöti og smjöri, sem sett er inn í vísitöluna hér en þar í landi. Og ef farið væri í það að minnka magnið hér, sem gengur inn í vísitöluna af kjöti og smjöri, eitthvað á móts við það, sem á sér stað í Bretlandi nú, þá mundi vísitalan á Íslandi mjög mikið raskast. En hér virðist það vaka fyrir hv. 3. landsk. þm. að krefjast þess skefjalaust, að eingöngu sé litið á ímyndaða hagsmuni vissra stétta, en ekki hugsað um það, sem raunverulega af hans kröfum hlýzt fyrir þessar sömu stéttir,

né heldur stuðning sinn við ríkisstj., sem m. a. hefur tekið sér fyrir hendur að halda niðri vísitölunni.

Hæstv. fjmrh. benti á það, hvaða áhrif það gæti haft, ef farið væri að bæta upp saltfiskinn, eins og hann minntist á. Og það sýnir ákaflega ljóslega, í hvaða ógöngur það gæti leitt, ef þessi brtt. meiri hl. n. væri samþ. og ef svo væri farið eftir henni, sem ég sé ekki annað en að ráðh. væri skyldugur til að gera, ef efni brtt. væri sett inn í lögin.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. hélt fram í sambandi við brtt., sem hann flytur á þskj. 187, að það væri í raun og veru alveg sama, hvort sú brtt. væri samþ. eða brtt. nr. 1 á þskj. 167, því að ef vísitölumagnið væri hækkað um 25%, þá þýddi það hið sama og að fella gr. burt. Mig furðar ákaflega á þessum fullyrðingum. Hv. þm. veit, enda kom það greinilega fram í ræðu hæstv. ráðh., að vara sú, sem fyrst og fremst er höfð í huga, er smjörið. Og það smjörmagn, sem tekið er til greina í útreikningi vísitölunnar, er mjög takmarkað, ég held, að það sé eitthvað innan við hálft kg. á mann fyrir 5 manna fjölskyldu. Það er því alveg augljóst mál, að hæfilegt magn af þessari vöru er í raun og veru alls ekki hægt að ákveða minna en þetta. Og það er að mínu áliti alveg jafnrétt og eðlilegt, að sama gildi um smjörið eins og um kjötið, að niðurgreiðsla skuli hafa farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölunni, að viðbættum 25%, ef vísitalan á eingöngu að miðast við lægra verðið.

Ég verð að segja það, að hagfræðitöluspeki hv. þm. Barð. er mér gersamlega óskiljanleg. Það hélt ég þó, að honum ætti að vera nokkurn veginn ljóst, að ef allir liðir framfærsluvísitölunnar með sama verði og nú er reiknað með og í sömu hlutföllum um magn væru reiknaðir með 25% meira magni, þá breytti það vísitölunni ekki neitt. En þetta ákvæði um 25% viðbótina um magnið viðkomandi kjötinu er sett inn til þess af afstýra röskun á vísitölunni.

Með þessu, sem ég hef sagt hér, tel ég svarað því, sem hv. 1. þm. Eyf. hélt fram. Því að það er vitað, að neyzla smjörs í landinu er meiri en vísitölumagnið og meiri en það magn, sem gert er ráð fyrir í brtt. n., þ. e. a. s. vísitölumagn að viðbættum 25%. Það er nú ekki ætlazt til þess, að þessi l. gildi nema eitt ár, og það eru engar líkur til þess, að neinir erfiðleikar verði á að selja á því tímabili alla smjörframleiðsluna innanlands, eins og líka kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Enda virtist mér á ræðu hæstv. fjmrh., að það væri ekki sérstaklega smjörið, sem hann óttaðist í þessu efni, heldur saltfiskurinn, og ekki þá sérstaklega um hag ríkissjóðs, heldur neytendanna, af því að saltfiskurinn vigtaði svo mikið í vísitölunni. (*Fjmrh.:* Þetta er eintómur misskilningur hjá hv. þm., ég var að sýna, hve abstrakt niðurstöður gætu komið fram með niðurgreiðslum). Ef hæstv. ríkisstj. vill gera hag neytenda sem verstan, þá getur hún það með þessu, af því að vísitölumagnið af þessari vöru er meira en neyzlumagnið. En neyzlumagn þessarar vöru er svo lítið, að ég álít, að það megi í útreikningi vísitölunnar alveg ganga fram hjá því. Ég verð að segja það, hvað snertir orðalagið í 1. gr. frv., þar sem sett hefur verið inn „og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar", að það hafi verið gert óviljandi. Það veit enginn, hvaða stjórn fer með völd meðan þessi l. kunna að gilda, ef frv. verður að l., og ef þetta á að vera eftir mati ríkisstj. á hverjum tíma, þá er verið að gefa ríkisstj. vald til þess að brengla vísitöluna eins og hún vill.

Ég verð að taka undir það, sem hv. form. fjhn. sagði hér áðan, að mér er afstaða hæstv. fjmrh. vonbrigði. Ég átti alls ekki von á því, að hann tæki till. n. eins og hann gerði. Hann sagði að vísu, að hann legði ekki mikið upp úr, hvað ofan á yrði í þessu, en mér skildist niðurstaða hans vera sú, að hann væri á móti brtt. Ég legg hins vegar mjög mikla áherzlu á brtt. fjhn. og fæ ekki betur séð en að þær séu til mikillar lagfæringar á frv., bæði frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj. og almennings. Það er upplýst, að þessi brbl. hafi í raun og veru verið framkvæmd alveg eins og hér er gert ráð fyrir að því er snertir kjöt og kartöflur og alveg eins og yfirlýst var af hæstv. ríkisstj., að hún mundi sjá um, að nægilegt magn væri á boðstólum af þessum vörum frá fyrra ári og með lægra verðinu, og á þessu var útgáfa l. beinlínis byggð.

Hv. 1. þm. Eyf. heldur því fram, að eftir orðalaginu í síðari brtt. fjhn., þá sé skylt að hafa til á boðstólum nýtt kjöt, sem slátrað sé eftir 1. ágúst, og kartöflur, sem teknar eru upp eftir þann tíma, til þess að gefa lagagr. gildi. Ég held, að þetta sé hinn mesti misskilningur, og ég á erfitt með að gera mér grein fyrir því, hvernig hv. þm. hefur komizt að þessari niðurstöðu. Vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa brtt. upp.

„Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni."

Þessar vörur eru kjöt og kartöflur, og það, sem tekið er upp eða slátrað er á þessum tíma, skal ekki hafa áhrif á vísitöluna, ef af þessum vörum er til nægilegt magn á boðstólum á sama tíma með vísitöluverði. Blandast nokkrum manni hugur um, að þetta sé ekki alveg rétt? Þessar vörur eru kjöt og kartöflur, en undantekið er það, sem tekið er upp eða slátrað á því tímabili, sem að framan greinir. Ef ekki stendur á öðru en orðalaginu, þá er sjálfsagt að breyta því þannig í brtt., að jafnvel hv. þm. sé fullnægt í þessu efni, en mér finnst orðalagið fullkomlega skýrt.

Að því er snertir efnisbreyt. sjálfa, þá er nákvæmlega fylgt þeirri framkvæmd, sem var á l. í haust, eins og hv. form. n. tók fram, og eins og hann tók sömuleiðis fram, þá er auðvelt fyrir hæstv. ríkisstj., án nokkurs verulegs kostnaðar, að sjá um, að þessu verði framfylgt, og efast ég

ekki um, að þetta sé hægt, ef hún ætlar sér það. Ef það hins vegar er ekki gert, þá er vísitalan á þessu tímabili stórkostlega fölsuð, og því er ekki að leyna, að megintilgangurinn með till. n. er sá að gera það skýrt, að ekki sé verið að rjála við vísitöluna að öðru leyti en því, að sá tími, þar sem gert er ráð fyrir, að ekki sé tekið til greina hærra verðið, hann er lengdur upp í 51 dag, en þó því aðeins, eins og tekið er fram í till., að hæfilegt magn sé til af þessum vörum á boðstólum með lægra verðinu.

Hæstv. ráðh. tók svo til orða: „Hvaða vit er í því, þótt hundrað dilkum sé slátrað, að það hækki vísitöluna um svo og svo mörg stig?“ Ég er hæstv. ráðh. algerlega sammála og álít það skyldu hverrar ríkisstj. að koma í veg fyrir slíkt, og er ekkert auðveldara. Annaðhvort er til nægilegt magn af þessum vörum frá fyrra árs forða eða ef það er ekki til, þá má slátra og skammta það kjöt og borga niður.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér voru það vonbrigði, hvernig hæstv. ráðh. tók þessum brtt. n., en hann sagðist ekkert leggja upp úr því, hvort þær yrðu samþ. eða felldar. Ég vil hins vegar láta það í ljós hér í hv. d. og í áheyrn hæstv. fjmrh., að ég legg mikla áherzlu á, að þær verði samþ. — Við hv. þm. Barð. hef ég ekkert að segja frekar en það, sem ég hef áður sagt.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að taka mikinn þátt í þessum umr. almennt, en ætla að gera grein fyrir því, hvernig ég ætla að greiða atkv. um þessa till. Ég tel það koma ákaflega greinilega í ljós, þegar rætt er um dýrtíðarmálin, að þessi flækja verður alltaf stærri og stærri og þeir, sem við hana fást, eru farnir að flækja sig meira og meira í hana sjálfir. Þetta er alveg eðlilegt, vegna þess, að það verður stöðugt þrengra það svið, að hægt sé að gera ráðstafanir í þessum málum, sem ekki hækki verulega vísitöluna, á annan hátt en að gera ráðstafanir, sem eru óheiðarlegar, því að það er raunveruleg fölsun á vísitölunni, sem menn eru æ meir að komast inn á. Það er ákaflega skoplegt, þegar maður hlustar á ræður eins og þær, sem hér eru fluttar um þetta mál, þar sem verið er að blanda því saman og flytja um það hrókaræður, hvort dýrtíðin sé með þessum ráðstöfunum aukin í landinu, því að hvaða till. sem samþykktar eru hafa engin áhrif á dýrtíðina í landinu, en hafa hins vegar áhrif á það, hvort vísitalan er fölsuð eða ekki. Þannig er byrjað að blanda saman tvennu alveg gerólíku: Vísitölunni, sem er mælikvarðinn á dýrtíðinni, og dýrtíðinni sjálfri, og það er farið að gera hæstv. ríkisstj. svo erfitt fyrir, að gengur landráðum næst, ef menn ganga ekki inn á að falsa mælikvarðann.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að koma langt inn á þessi dýrtíðarmál. Það má vel vera rétt, sem hér hefur komið fram, að ekki sé stund til þess að ræða þau ýtarlega í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, en það má þó minnast á það í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh., þar sem hann minntist á, að ríkisstj. gerði allt, sem í hennar valdi stæði, til að halda dýrtíðinni niðri, og minntist þá á innflutninginn frá útlöndum, að nú einmitt þessa dagana er verið að gera samninga, þar sem mér er sagt, að gert sé ráð fyrir ráðstöfunum, sem væntanlega halda dýrtíðinni uppi meira en flest eða allt annað. Það getur vel verið, að þær sögur, sem um þetta ganga, séu rangar, og væri fróðlegt að heyra frekara um þetta mál. Nú, þegar samningar eru gerðir um kaup á íslenzka skipaflotanum, fullyrða margir, að ekki sé hægt að ganga frá samningunum nema með því móti að banna frjálsar siglingar og frjálsan markað á flutningsgjöldum til landsins. Þeir álíta, að það sé komið svo, ef þessir samningar eru gerðir og frjálst heimsmarkaðsverð á flutningsgjöldum fær ekki að ráða hér eins og annars staðar, að þá geti ekkert af skipum Eimskipafélagsins siglt, og þeir, sem flytja vörur með þessum skipum og verða að borga allt að þreföld flutningsgjöld, geti það ekki nema með þeim afleiðingum, að það komi fram á vöruverði þeirra, sem enginn kærir sig um. Þessi flækja er hvert sem maður lítur og kemur m. a. fram í siglingamálunum, þar sem varðar einna mestu, að við getum fengið að búa við það markaðsverð, sem gildir í siglingum, því að það mundi hafa hagkvæm áhrif á allt verðlag í landinu. Það má minnast þess í þessu sambandi, að það komu hingað nokkur skip, sem fluttu timburfarm utan við samtök Eimskipafélagsins, og var verð á því 30—40% lægra en annars hefði verið vegna lægri flutningsgjalda. Þess vegna er það, þegar rætt er um þessi mál, mjög smávægilegt atriði, hvaða till. verði samþ. Ég get í þessu sambandi bent þeim, sem flytja till. um þetta mál af áhuga fyrir því, að vísitalan sé ekki fölsuð, á það, að till. í sambandi við smjör, kartöflur, sem teknar eru upp snemma, og dilkakjöt, sem slátrað er fyrir venjulegan slátrunartíma, snertir þetta mál mjög lítið. — Vildi ég t. d. minnast lítillega á húsaleiguvísitöluna. Ég hef heyrt það staðhæft, að hún sé fölsuð um 15—21 stig, enda vita menn, hvernig húsaleigan er. Það kom t. d. maður til mín í gær, og sagði hann, að hann hefði fengið íbúð, sem kostar 1300 kr. á mánuði, og yrði hann að leigja hana til 5 ára. Þessar till., sem hér liggja fyrir, hafa því mjög lítil áhrif á þessi mál. Vísitalan er fölsuð á svo fjölda mörgum sviðum, og þeir, sem flytja þessar brtt., til þess að koma í veg fyrir, að hún verði fölsuð, hvað snertir þær vörutegundir, sem áður er á minnzt, þeir gera vissulega ekki hreint fyrir sínum dyrum, því að fölsunin er margfalt stærri á öðrum sviðum og þá fyrst og fremst að því er snertir húsaleiguna, þar sem sumir verða að borga 1300 kr. í húsaleigu, sem mönnum er reiknað 250—300 kr. í vísitölunni. Þessir menn, sem verða að sæta þessum kjörum, vinna í sömu stofnunum, sömu vinnu fyrir sama kaup og aðrir, sem búa í gömlum íbúðum, en eru annars settir 900—1000 kr. neðar á mánuði en hinir með þessum vísitöluútreikningi. Það er þess vegna ekki hægt að halda þessum málum þannig áfram, og það er engin leið til út úr þeim nema sú eina að reyna að færa dýrtíðina niður, svo sem till. eru gerðar um, að byrjað verði að vinna að, af hv. 1. þm. Eyf. Það er eina leiðin í málinu;

hitt er endalaus flækja. — Hef ég nú drepið á sárafá dæmi þessa og er þó af nógu að taka, en þau sýna, m. a. húsaleigan, í hverjar ógöngur þessi mál eru komin. Núverandi ástand í þessum málum er orðið alveg óþolandi og er ekki hægt að láta þegnana búa við tvenns konar rétt í einu þjóðfélagi. Ég álít þess vegna og hef alltaf álitið, að leiðin í þessu máli væri ekki að reyna til þess að falsa vísitöluna, heldur það að láta hana koma fram eins og hún er og að reyna að bæta meinið með því að taka það öðrum tökum en nú er gert heldur en að halda þessum skollaleik áfram. Vísitalan verður að koma fram eins og hún er, og það bætir ekkert — jafnvel ekki í svip að vera að falsa vísitöluna frá því, sem hún raunverulega er. Þess vegna eru þær till., sem hér liggja fyrir frá hv. meiri hl. fjhn., ekki samkvæmt því, sem ég hef nú sagt, þótt þær séu í meira samræmi við það, sem mér hefði getað fallið í geð, heldur en þær till., sem liggja fyrir í brbl. eins og þau voru lögð hér fyrir. Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki geta greitt atkv. með brbl. eins og þau lægju fyrir, vegna þess að engin vissa væri fyrir því, að sú ríkisstj., sem nú situr að völdum og hann ber svo mikið traust til, sitji við völd næsta ár, — þá gætu verið teknir við vondir menn, og að hann vildi ekki gefa þeim svona mikið vald, sem ríkisstj. er með þessum brbl. gefið í hendur, því að í 2. mgr. 1. gr. þeirra er ríkisstj. gefið vald til þess að ákveða, hvað sé hæfilegt neyzlumagn þeirrar vöru, sem þar um ræðir. En um leið og hv. þm. lýsir því yfir, að hann geti ekki fylgt málinu, vegna þess að svo geti farið, að einhverjir vondir menn hafi tekið við völdum næsta haust, þá leiðir það af afstöðu minni til hæstv. ríkisstj., að við vitum, hvaða ríkisstj. situr að völdum í dag og á morgun, og getum því með miklu meiri rökum sagt, að við treystum núverandi ríkisstj. alls ekki til þess að meta þetta, enda sýnir það sig, eftir því sem hv. 1. þm. Eyf. upplýsti hér, að á Akureyri fái menn skömmtunarseðla í staðinn fyrir smjör, og þótt annars staðar á landinu fáist erlent ódýrara smjör, sem reiknað er með í vísitölunni, þá verði þeir að kaupa þar smjör, þegar það fæst, á 20—30 kr. hvert kíló, — að þessar framkvæmdir, sem smjörvísitalan er reiknuð eftir, er helber skollaleikur, því að það neyzlumagn, sem miðað er við, er ekki nema lítið brot af því neyzlumagni, sem það er á hvern einstakling í landinu. Mér finnst því fyrri brtt. hv. meiri hl. fjhn. um þessar 25% til viðbótar, sem reikna skal með vísitölunni, vera eðlileg. Og enn fremur mun ég fylgja síðari brtt., sem snertir verðlag á dilkakjöti, sem slátrað er fyrir venjulegan slátrunartíma, og kartöflum, sem teknar eru upp óvanalega snemma, að þar er tekið fram: „.... enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni ....", og það af þeirri einföldu ástæðu, að leiðin út úr dýrtíðarmálunum er ekki fölsun á vísitölunni, heldur verður að taka þessi mál og ráða fram úr þeim eins og þau liggja fyrir. Þessi fölsun leiðir aðeins til enn meiri flækju á málinu, og er þegar komið meira en nóg af slíku. Og þetta, sem hér liggur fyrir og hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. telja sig vera að berjast fyrir, breytir þessum málum aðeins smávægilega í samanburði við þá stórkostlegu fölsun, sem á sér stað á vísitölunni á húsaleigunni í Reykjavík.

Ég skal svo efna það loforð, sem ég gaf í upphafi máls míns, að fara ekki að ræða þessi mál of almennt, en vildi gera þessa grein fyrir atkv. mínu.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það var ákaflega skemmtilegur fyrirlestur, sem hv. þm. Str. hélt yfir okkur um dýrtíðina og fölsun á vísitölunni, en sannast að segja kemur það lítið því máli við, sem hér er til umr. Ég skil ekki í því, að hv. þm. hafi sett sig svo lítið inn í þetta mál, að hann geri sér ekki ljóst, að ekki er um fölsun á vísitölunni að ræða í neinu atriði þessa frv., sem hér liggur fyrir. — Að því er snertir tvenns konar verð á vöru í 1. gr. frv., þá er vitanlega talað út frá því sjónarmiði, að einungis sé átt við verð á smjöri, því að tvenns konar verð hefur ekki verið notað um neina aðra vöru. Eins og ég gat um áðan, þá er það vitað, að sá smjörskammtur, sem nú hefur verið gefinn út, er áreiðanlega eins mikill eins og meðalnotkun hefur verið áður en ameríska smjörið kom á markaðinn, og það er sami skammtur eins og reiknað er með í vísitölunni. Hvernig er þá hægt að kalla það fölsun á vísitölunni, þótt ekki sé reiknað með því magni af smjöri í vísitölunni, sem selt er sem hrein „lúxusvara" og nokkrir fáir útvaldir fá að njóta, en almenningur aldrei, og kemur varla í verzlanir nema í einum einasta kaupstað á landinu? Það, sem máli skiptir, er, á hvaða verði fólkið fær vöruna, sem það neytir, en ekki hitt, hvaða verð kann að vera sett á vöru, sem almenningur hefur ekki aðgang að. — Hvað hitt atriðið snertir, sem um ræðir í 2. gr., er ljóst, að það er ekki sett í því skyni að falsa vísitöluna. Það má að vísu segja, að það er gert mögulegt að láta vöru koma á markað, sem ekki er tekin inn í vísitöluna, en vöru, sem alls ekki mundi koma á markað, ef þessi ákvæði væru ekki sett. Þá er spurningin aðeins um þetta: Er fólkið betur sett, ef varan kemur alls ekki á markað, eða ef varan kemur á markað og hefur ekki áhrif á vísitöluna? Og ef það hins vegar notar réttinn til þess að kaupa vöruna, þá fær það ekki þann kostnað uppborgaðan með aukinni vísitölu. Ef 2. gr. frv. yrði felld niður, þá er það fyrirfram vitað, að sumarslátrun á sér ekki stað, og hið sama gildir um nýjar kartöflur, og er fólkið þess vegna að engu leyti betur sett, hvað það ákvæði snertir. — Hitt er svo allt annað mál — og um það getur hv. þm. Str. talað með meiri rökum en það, sem snertir önnur þau atriði, sem hann gerði að umræðuefni, að það eru önnur atriði, eins og húsaleigumálin, sem hann var að tala um, sem hafa allt annars konar áhrif en hér um ræðir. Að sjálfsögðu verður að viðurkenna það, að þau mál eru að verða stórkostlegt vandamál, sem verður stöðugt meira með hverju árinu, sem líður. Og því kemur engum til hugar að neita, að þeir menn hér, sem verða að búa í nýjum íbúðum, eru verr settir en þeir, sem í gömlu íbúðunum búa. En það er mál, sem ekki kemur því máli við, sem

hér er til umr. Mér er það ljóst, að þetta er mál, sem verður að taka ákvarðanir um, áður en langt um líður, og er ekki vandalaust verk að leiða það til lykta. — Hv. þm. Str. var enn fremur að tala um, að ríkisstj. væri að gera einhverjar ráðstafanir til þess að hindra frjálsar siglingar til landsins. Ég hef ekki heyrt talað um þetta fyrr; a. m. k. bendir það ekki til slíks, að byrjaðar eru nú áætlunarferðir milli Íslands og Danmerkur, sem eru í höndum dansks skipafélags, og hef ég ekki heyrt talað um, að neinar óskir hefðu komið fram um að leggja hindrun í veg þessara siglinga, heldur þvert á móti, og er hér almenn ánægja yfir þeim.

Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. Str. er óhræddur við þessa 25% hækkun, sem um getur í fyrri brtt. hv. fjhn., og vona ég, að hann gerist þá til að verja ríkisstj. fyrir ásökunum um, að hún eyðileggi smjörmarkað bænda, ef till. þessi kemst fram.

Út af því, sem hv. frsm. fjhn. sagði, vil ég láta þess getið, að það undrar mig, að afstaða mín skyldi vera honum vonbrigði, því að á þeim stutta fundi, sem ég átti með hv. fjhn. um þetta mál, færði ég fram hin sömu rök eins og ég gerði hér áðan, aðeins í færri orðum, en legg ekki mikla áherzlu á, að till. verði samþ.

Ég legg enga höfuðáherzlu á þetta atriði. Ég mundi geta sætt mig við það. Breyt. á 2. gr. skipta litlu máli. Síðan vísitalan var ákveðin, hefur kjötsalan aukizt. Þegar aukning hefur orðið á kjötskammtinum, hefur meira verið borgað niður en tekið er inn í vísitöluna. Allt öðru máli gegnir um smjörið, því að þar er ómögulegt að gizka á þetta. En smjörmagnið hefur ekki vaxið síðan vísitalan var ákveðin. Ríkisstj. taldi því ekki gengið á rétt almennings, þó að smjörskammturinn héldist óbreyttur.

Ef sá möguleiki væri fyrir hendi, að ríkisstj. keypti upp svo og svo mikið magn af saltfiski, væri eðlilegt að taka svo mikið magn inn í vísitöluna. Hv. þm. kom með dæmi um fráleita niðurstöðu. Aðeins mætti láta skammta dilkakjöt, ef stj. tæki inn í vísitöluna ákveðið magn. Ekkert vit væri í því. Meðalneyzla á kjöti er ekki eins mikil og neyzla ársins. Ef þessi leið væri farin, ætti skammturinn ekki að vera nema 50% af því, sem tekið er inn í vísitöluna. Þegar talað er um fölsun á vísitölunni, þá er það miðað við hagsmuni fólksins og að það sé ekki verr sett en áður en vísitalan var ákveðin. Þó að sérréttindi gildi, er fjarstæða að tala um fölsun á vísitölunni.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. og 39. fundi í Ed., 27. og 28. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., var form. fjhn. ekki búinn að ljúka máli sínu. Vildi ég nú beina því til hv. þm., hvort ekki væri rétt, að þessar brtt. væru teknar aftur til 3. umr., svo að þær komi ekki til atkv. fyrr en umr. er lokið.

Magnús Jónsson: Mér þykir leitt, að umr. var slitið um þetta mál, þótt það væri að nokkru sök okkar þm. sjálfra. Það, sem ég ætlaði helzt að segja, var viðvíkjandi ræðu hv. þm. Barð., það sem hann talaði utan við málið, um launalögin o. fl. Nú er fjmrh. hér ekki viðstaddur, og er því hálfóviðkunnanlegt að afgr. málið.

Ég er því meðmæltur, að fyrri brtt. á þskj. 167 verði tekin aftur, en sé ekki ástæðu til að taka síðari till. aftur.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég get fallizt á, að fyrri brtt. verði tekin aftur og frestað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Ég get tekið mínar brtt. aftur til 3. umr.

Forseti (StgrA): Út af ummælum, sem fallið hafa um að fresta atkvgr., vil ég upplýsa, að hún hefur dregizt vegna þess, að þm. hafa ekki mætt. En fyrst ráðh. er nú ekki viðstaddur, má fresta atkvgr. þangað til síðar á fundinum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þessari umr. var slitið svo hastarlega, að ég gat ekki fengið orðið í annað sinn, þótt ég hefði kvatt mér hljóðs. Skal ég ekki fara frekar út í það, en vil aðeins geta þess, að mér virtist hæstv. landbrh. taka vinsamlega í aðra brtt. mína og einnig hv. frsm. meiri hl. fjhn. Mun ég taka hana aftur og þær, sem standa í sambandi við hana. Það, sem tekið er aftur, er þá a-liður 1. brtt. og 2. og 3. till. Á hinn bóginn kemur b-liður 1. till. þessu máli ekki beint við, og sé ég ekki ástæðu til annars en að hann verði borinn upp.

ATKVGR.

Brtt. 187,1.a tekin aftur.

— 187,1.b. felld með 10:3 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 167,1 tekin aftur.

— 167,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, IngP, KA, MJ, PHerm, BSt, GÍG, StgrA.

nei: LJóh, ÞÞ, EE, GJ.

PM greiddi ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJ, BBen, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Með þeim skilningi, sem ég lét í ljós hér áðan, að með orðunum „þeim

vörum“ væri átt við kjöt af nýslátruðu fé og nýuppteknar kartöflur, segi ég já.

Brtt. 187,2 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 187,3 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 277, 167,1, 187,1.a og 2—3, 305).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins tók fjhn. aftur brtt. nr. 1. á þskj. 167 til 3. umr. Fjhn. hefur síðan haldið fund og lagt fram nýja brtt. við sömu gr., sömu málsgr., 2. málsgr. 1. gr., sem er á þskj. 305. Það er orðalagsbreyt. í þessari brtt. frá því, sem áður var, bæði miðað við frv. sjálft og eins við brtt. á þskj. 167. Sú vara, sem sérstaklega er höfð í huga með þessari málsgr., er smjörið, og við þá vöru á það, sem sagt er þar: „ef vara er seld með tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar“ á þskj. 305, og er þar ekki átt við, að tvenns konar verðið stafi af því, að ríkisstj. hafi greitt niður verðið með fé úr ríkissjóði, heldur er það með öðrum ráðstöfunum gert, með því að flytja inn smjör. Af þessu leiðir sú breyt., sem gerð er á brtt. á þskj. 305, sem er sú, að í staðinn fyrir orðalagið: „og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar ....“ komi: vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er með í vísitölu, að viðbættum 25%, sé á boðstólum með lægra verðinu ....“ o. s. frv. Að öðru leyti er málsgr. eins samkv. brtt. á þskj. 305 eins og í frv., þ. e. a. s., í upphafi og endi málsgr. er það tekið fram, bæði í frv. og brtt. á þskj. 305, að ef vara er seld með tvenns konar verði, þá skuli vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

Ég sé ekki ástæðu nú til að rifja neitt upp þær fyrri umr., sem farið hafa fram hér um þetta mál, en skal láta nægja að benda á þessa efnisbreyt.

Ég vil geta þess, að meiri hl. n. hefur rætt við hv. minni hl. n., 1. þm. Eyf., um brtt., sem hann tók aftur til 3. umr., þegar málið var síðast til meðferðar. Og niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að meiri hl. n. gat ekki fallizt á að greiða atkv. með brtt. hv. þm. Eyf. og telur, að ef þessi mál verði tekin upp, þ. e. a. s. nefndarskipun til þess að ráðgast um leiðir til þess að vinna bug á dýrtíðinni, þá væri eðlilegra, að það mál væri undirbúið með öðrum hætti og það þá flutt sem till. til þál., ef líkur þættu til, að samkomulag næðist um slíka till.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menn munu nú minnast þess, að ég flutti þrjár brtt. við 2. umr. þessa máls og tók aðalbrtt. og það, sem í sambandi við hana stóð, aftur til þessarar umr. Ástæðan til þess, að ég tók þessa till. mína aftur, var sú, að bæði hæstv. ráðh. og reyndar líka hv. frsm. meiri hl. n. tóku þessari till. minni vinsamlega og kváðust gjarnan vilja athuga hana nánar og mæltust til þess við mig beinlínis, að ég tæki hana aftur til 3. umr., til þess að athugun gæti farið fram á henni. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. gat nú um, þá var þessi till. mín tekin lítillega til athugunar í n. í gær. En það kom fljótlega í ljós, að meiri hl. n. vildi þó ekki í raun og veru á þessu stigi sinna þessu máli neitt. Því að ég var tilbúinn til allrar samvinnu um það, m. a. til þess að draga brtt. alveg til baka, ef um það hefði verið samkomulag í n. og þar með að nokkru leyti fulltrúar allra flokka hefðu viljað beita sér fyrir því, að þáltill., sem gengi í svipaða átt, yrði samþ. En það var, sem sagt, ekki á þessu stigi nein viðleitni til þess að ganga til móts við mínar skoðanir um þetta efni. Og þess vegna er nú ekki um annað að ræða en að þessar brtt., sem ég tók aftur við 2. umr., gangi undir atkv. og verði að fara sem fara vill um það, hvernig sú afgreiðsla fer.

Ég ætlaði við 2. umr. að svara ýmsu því, sem þá hafði fram komið í umr. og beint hafði verið að mér sérstaklega. En þeirri umr. var slitið svo hastarlega, að ég komst ekki að með þessi svör, þó að ég að vísu hefði þá kvatt mér hljóðs. Það er hvort tveggja, að það er nú liðinn nokkuð langur tími síðan þetta var og ég hef gleymt ýmsu, sem kom þá fram, enda sé ég ekki ástæðu til að rekja hér öll atriði, sem fram komu þá í ræðum manna. En á örfá atriði vil ég þó minnast, sem beinlínis komu því við, sem sagt var um þessar brtt. mínar.

Hæstv. landbrh. sagði, að nefndarskipun sú, sem ég sting upp á í brtt., stæði ekki í sambandi við þetta mál. Hv. 1. þm. Reykv. tók undir þetta, og í því sambandi talaði hann um það, að þetta væri lítið frv., en mínar till. aftur stórmál, og það ætti ekki á nokkurn hátt heima að bæta þessu stóra máli við lítið frv., eða þannig skildi ég hans orð. Satt er það, að frv. þetta er ekki í mörgum greinum. Það verður ekki margar blaðsíður í þingtíðindunum. En hversu mál eða frv. er lítið eða stórt, fer ekki eingöngu eftir lengd þess á pappírnum. Ég álít, að þetta frv. sé alls ekki svo lítið. Það t. d. heimilar nokkurra millj. kr. greiðslur úr ríkissjóði, o. s. frv. Það er alls ekki lítið frv., eins og hv. 1. þm. Reykv. vildi þó telja það. Og hvað sem öðru líður um það, þá er þetta frv. sjálft dýrtíðarmálið. Það eru þær einu ráðstafanir um stöðvun dýrtíðarinnar, sem stungið hefur verið upp á af hæstv. ríkisstj. á þessu þingi. Mér er ómögulegt að sjá annað en að mínar till., sem ganga í þá átt að reyna að finna varanlega lausn á þessu máli, standi í beinu sambandi við þessar ráðstafanir, þó að þær séu að vísu miðaðar við eitt ár nú, eins og frv. liggur fyrir. Og hvað það snertir, ef slíka nefnd ætti að skipa, að það þyrfti endilega að vera eftir þál., eins og hv. frsm. var að tala um, þá vil ég benda á, að það er fordæmi fyrir því, að einmitt í l., sem fjölluðu um dýrtíðina, var ákveðið að skipa n., ekki beinlínis með jafnvíðtækt verkefni og sú n. á að hafa, sem ég sting

upp á, en þó mjög þýðingarmikla n., sex manna n. Það var beinlínis í dýrtíðarl. þá ákveðið, að hana skyldi skipa. Og ég álít að sumu leyti betra að hafa þetta í l., og alveg sérstaklega, ef aliður 1. brtt. minnar yrði samþ., um það að hafa tímann styttri, sem þessi l. gilda, sem hér liggur fyrir frv. um, og ætla þessari n. ákveðinn frest til þess að skila áliti. Þá álít ég, að það mundi leggja meiri alvöru í starf þessarar n. og vera henni meiri hvöt, ef þetta væri beinlínis ákveðið í l., heldur en þó að samþ. væri þál. um nefndarskipun í því formi, sem það er venjulega gert.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um það við 2. umr. út af þessu máli, að samningar þyrftu að fara fram milli flokka og stétta, að mér skildist, áður en slík n. væri skipuð. Ég veit nú ekki til, að neinir slíkir samningar séu á döfinni eða ráðgerðir. Og ég sé ekki annað, ef úr því á einhvern tíma að verða, en að einhver slík viðtöl fari fram um málið, til þess að reyna að spyrna fótum við, áður en það er orðið of seint, þá verði einhvern tíma og af einhverjum að hefjast handa. Og fyrir mér vakti það, að einmitt þessi n. ætti að hefja þessa samninga og hafa milligöngu um það. Mér dettur ekki í hug, að þessi 5 manna n. ráði málinu til lykta ein út af fyrir sig og án samræðna við aðra menn. Ég sting upp á því, að í n. verði einn nefndarmaður úr hverjum þingflokki. Og mér dettur ekki annað í hug en að hver nefndarmaður hafi samráð við sinn flokk og þær stéttir, sem einmitt styðja þann flokk. Upp úr þessu gætu komið þeir allsherjar samningar stétta og flokka, sem þörf er á, til þess að hið íslenzka þjóðfélag nái nokkrum tökum á dýrtíðinni, svo að hún gangi því ekki með öllu yfir höfuð.

Hv. 1. þm. Reykv., form fjhn., lét orð falla um það við 2. umr., að hann hefði ekki vitað annað en að n. væri óklofin um málið. Hann vissi þó vel um þessa brtt. mína. Ég hafði hreyft henni á nefndarfundi áður en frá málinu var gengið, þó að því væri lítið sinnt af mínum meðnefndarmönnum. Svo var ég ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í n., og ég gerði grein fyrir ástæðunum til þess við 2. umr., að ég var ekki viðstaddur, sem var af því, að mér var ekki boðaður fundurinn. Einhvern veginn varð ég að koma þessari brtt. á framfæri. E. t. v. hefði verið hægt að láta nægja að bera fram brtt., en ekki semja nál. En til þess að koma mínum till. á framfæri, bar ég fram brtt. mínar. Og vegna þess að ég tók ekki þátt í afgreiðslu málsins, skrifaði ég sérstakt nál. Og þó að ég skrifaði sérstakt nál., þá er mér ekki vel ljóst, hvort n. er klofin eða óklofin. Ég er ekki viss um, að beinlínis sé hægt að tala um klofna n., þó að nefndarmaður, sem ekki á kost á að taka þátt í afgreiðslu máls í n., geri sérstaklega grein fyrir sinni afstöðu. En það er algert aukaatriði, hvort n. í þessu máli er klofin eða óklofin. En hitt kannast ég ekki við, ef hv. form. n. vill láta líta svo út sem ég hefði komið að einhverju leyti aftan að mínum meðnefndarmönnum. Það var alls ekki. Ég var búinn að hreyfa þessu máli í n. Hv. form. n. gat um það, að hann hefði ráðgert við mig og hv. þm. Dal. að halda fund þennan dag í n., sem n. afgreiddi málið. Það er satt, hann gerði þetta við okkur tvo, en ekki ákveðið, en ég beið hér í húsinu töluverðan tíma. Svo skildist mér, að hætt hefði verið við þann fund og fór ég því heim. Og svo var ég ekki boðaður á nefndarfundinn, af því að síminn í herbergi mínu á Hótel Borg var bilaður. — Ég get um þetta út af ummælum, sem hv. form. fjhn. lét falla hér við 2. umr. En ég vil þó taka fram í sambandi við þennan ráðgerða fund, að hv. form. n. tók það einatt fram, þegar hann talaði við mig um þennan fund, að hann yrði einungis haldinn til þess að afgreiða tvö skattamál. Ég spurði um það, hvort þetta mál, sem hér liggur fyrir, yrði tekið fyrir á fundinum, og því neitaði hann. Í þessu liggur þó engin ádeila frá mér út af því, að ég var ekki boðaður á fundinn, því að það lágu til þess þær ástæður, sem ég greindi, en símavarzlan hér í þinginu var beðin að hringja á mig. En úr því að á þetta er minnzt, vil ég, að það rétta komi í ljós.

Þegar ég við 2. umr. ræddi um fyrri brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 167, þá svaraði hæstv. ráðh. því og hv. frsm. n. einnig, og sögðu þeir báðir, að ég hefði misskilið þessa brtt. Og hæstv. ráðh. sagði í því sambandi, að undarlegt væri, ef ég vildi samþ. þessa brtt., vegna þess að þá gæti farið svo, ef hún yrði samþ., að þá væri gefið undir fótinn með það, að flutt væri sem mest inn af útlendu smjöri, og það væri ekki bændum hagræði, sem framleiddu smjör, að keppa við útlent smjör á markaðinum. Það er nú komið á daginn, svo að ekki verður um villzt, að það er ekki ég, sem hef misskilið þessa brtt. meiri hl. n., heldur eru það tillögumennirnir sjálfir, sem till. hafa misskilið, og hæstv. ráðh. Og það sést á því, að nú bera þeir fram aðra brtt. um sama efni, þar sem fram kemur, hvað fyrir þeim vakir, sem ekki kom fram í hinum fyrri brtt. þeirra. Fyrir þeim vakir það, að ef það er til nægilegt af útlendu smjöri á markaðinum með lágu verði, þá skuli láta verð þess gilda í útreikningi á vísitölunni, en ekki verðið á íslenzka smjörinu. En í brtt., eins og hún var, þá var skilyrði þess, að lægra verðið mætti telja í vísitölunni, að niðurgreiðsla hefði farið fram á þeirri vöru, sem um er að ræða. Þetta getur ekki átt við annað en innlenda framleiðslu. Því að það hefur ekki verið venja a. m. k. og sjálfsagt verður ekki að greiða niður verð á t. d. útlendu smjöri. Ég held því, að það sé orðið alveg augljóst mál, að misskilningurinn hafi verið þeirra megin, en ekki mín megin.

Nú er það mín skoðun, eins og kemur fram í mínu nál. og ég lét líka í ljós við 2. umr., að tvenns konar verð á sömu vöru sé óheppilegt, einkum vegna markaðsmöguleika þeirrar vöru, sem þarf þá að selja með dýrara verðinu. Og ég áleit rétt að samþ. brtt. eins og hún lá fyrir, vegna þess að hún gerði 2. málsgr. 1. gr. frv. í raun og veru að engu, en sú málsgr. gerði ráð fyrir tvenns konar verði á vörunni. M. ö. o., ef þessi brtt. n., eins og hún í fyrstu var borin fram, hefði verið samþ., þá hefði orðið að greiða niður íslenzka smjörið eða verðjafna útlenda og íslenzka smjörið þannig að selja útlenda smjörið því verði, að af því mætti taka nokkurn hluta til þess að verðbæta aftur innlenda smjörið. Ég

áleit því ákvæði þeirrar till. framleiðendum mjög hagkvæm, og lýsti því, að ég væri henni meðmæltur. — Ég tók ekki vel eftir, hvort hv. frsm. lýsti því, hvort þessi brtt. væri enn tekin aftur, en ég sé á dagskránni, að hún hefur legið fyrir til umr. og afgreiðslu, þ. e. brtt. 167,1, sem hér liggur fyrir samkv. dagskránni. (*Forseti:* Brtt. 305 líka, sem kemur í staðinn fyrir hana). Að vísu, en ég tók ekki eftir, hvort hv. frsm. lýsti, að brtt. 167,1 væri tekin aftur. (*Forseti:* Það hlýtur að vera ætlun nefndarinnar). En fyrst till. er hér á dagskránni, er vitanlega heimilt að taka hana upp. Og ég hef helzt hugsað mér það, þó að ég sé ekki alveg staðráðinn í því enn. En ég bara bendi á, að það hlýtur samkv. þingsköpum að vera leyfilegt að taka hana upp, þar sem til hennar er vísað í dagskrá fundarins.

Hv. form. fjhn., 1. þm. Reykv., gat þess til við 2. umr. málsins, að ég hefði borið mínar brtt. fram til þess, að þær skyldu falla. Ég neita þessu alveg eindregið og þykist hafa sýnt, með því að ég tók þær aftur til 3. umr., að svo er ekki. Ég get að vísu búizt við því, að þessar brtt. falli nú. En þó að maður þykist sjá það fyrir á seinasta stigi, að brtt. falli, þá tel ég ekki ástæðu til þess að taka þær aftur fyrir því, og það hefur ekki verið venja þm. Það er ekkert um það að segja. Það verða um þetta atkv. að ganga. En ég hafði vonazt eftir því, að þessu máli yrði á einhvern hátt sinnt, og ég var reiðubúinn til allra samninga um það, í hvaða formi því yrði bezt komið fyrir. En þó að þessar brtt. mínar kunni að falla nú, þá liggur nú fyrir í sameinuðu þingi þáltill., sem fer ekki í ólíka átt og þessar brtt. Það mætti nú e. t. v. ná svipuðu takmarki með því að breyta henni. Og ef þessi vinsamlegu ummæli um mína brtt. hafa verið alvarlega meint frá hæstv. ráðh. o. fl. við 2. umr., þá eru náttúrlega aðrir möguleikar opnir, þó að atkv. gangi nú um brtt. mínar, til þess að koma með öðrum hætti en eftir þessum mínum brtt. málinu á rekspöl aftur, t. d. í sambandi við þá þáltill., sem fyrir liggur. Og verði það gert og verði samkomulag um það, þá verður áreiðanlega ekkert um það deilt, þó að þessar brtt. hafi nú verið bornar fram og hafi fallið. En hvort sem mínar brtt. verða samþ. eða felldar og hvort sem þetta umtal leiðir þá til einhverra annarra aðgerða eða ekki, þá er ég sannfærður um það, að sá tími er ekki langt undan, að allir eða hér um bil allir sjá það, að það verður að taka upp baráttu og aðgerðir til þess a. m. k. að þjóðfélagið nái valdi á dýrtíðinni, að svo miklu leyti sem hún er á valdi okkar Íslendinga sjálfra. Það kemur sá tími, að ekki verður annað fært en að taka upp þá samvinnu á milli flokka og stétta um þetta mál, sem e. t. v. verður hafnað nú, að tilraunir verði gerðar til.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Út af því, að hér var talað um það, hvort brtt. 167,1, sem tekin var aftur til 3. umr., væri tekin aftur eða ekki, þá er það alveg rétt, að hv. frsm. gat þess að engu, en það býst ég við, að hafi verið af því, að brtt. er á dagskrá af vangá. Þegar brtt. er borin fram um sama efni við 3. umr., þá er ekki meiningin, að fyrri brtt., nr. 167,1, sé á dagskrá. Það hlýtur að vera af vangá. Það kann að vera, að formlega sé hægt að segja, að þessi brtt. sé á dagskrá. En þessi brtt. liggur þó tæplega fyrir, þar sem við höfum borið fram brtt. um sama efni nú við þessa umr. og ekki var meiningin, að þessi brtt., nr. 167,1, lægi fyrir.

Ég hafði kvatt mér hljóðs um þetta mál, en varaði mig ekki á, að málið yrði nú tekið fyrir, og hafði ég ætlað að svara hv. þm. Barð., sem gerði hér allsnarpa árás, a. m. k. á okkur suma, sem í n. erum, a. m. k. á stjórnarliðið í n., og sagði, að við hefðum bæði nú og fyrr og síðar á hinni síðustu tíð setið á svikráðum við ríkisstjórnina. En það er nú úr mér allur vindur um þetta. Þó skal ég taka þrjú atriði, sem ég hef skrifað hjá mér. Hv. þm. Barð. var fyrst að tala um í sambandi við þessi brbl. og brtt., sem við nú berum fram, að það væri ákaflega merkilegt, að við vildum nú breyta svo ákvæðum þessara brbl. En það er bara því til að svara, að þegar brbl. voru sett, var því lýst yfir, að þau mundu verða framkvæmd á þennan hátt, sem við nú berum fram brtt. um. Því var þá lýst yfir, að ekki yrði miðað við lægra verð á vöru, sem tvenns konar verð væri á, nema fyrir hendi væri á boðstólum af henni það magn, sem gengi inn í vísitöluna, að viðbættum 25%, og að séð væri um það, að kjöt af eldri framleiðslu væri til í landinu samhliða því, að nýtt og dýrara kjöt kæmi á markaðinn. Og það er þetta, sem við viljum láta setja inn í l. Það horfði öðruvísi við, þegar l. voru sett, alveg í sömu svifum og þau komu til framkvæmda. Og það er eðlilegt, að við viljum búa vel um ákvæði þessara laga þannig, hvaða stjórn sem í landinu kann að verða, þegar kemur fram á næsta ár. Og við erum sömu skoðunar, sömu stefnu í þessum atriðum, sem framkvæmd var og tekin samtímis því, sem l. voru sett.

Þá gerði hv. þm. Barð. skarpa árás á okkur í n. út af afgreiðslu launalaganna, sem hefði verið veruleg svik við ríkisstjórnina. Ég vil segja, að mér finnst ekki auðvelt að beina að manni öllu ósanngjarnari árásum en þessu gagnvart okkur fjhn.mönnum, sem á síðasta þingi lögðum mikla vinnu í, að efnt yrði loforð ríkisstj. um að setja launalög. Því að eingöngu fyrir óvenjulega mikið starf n., kvölds og morgna, svo á helgum dögum sem rúmhelgum, var hægt að koma því af í tæka tíð að vinna þetta starf til þess að efna það loforð, sem hæstv. ríkisstj. hafði gefið um setningu þeirra l. Ég veit, að hv. þm. Barð. á við það, að nokkrar breyt. voru gerðar á launalagafrv. eftir till. n. En ef hæstv. ríkisstj. hefði ekki viljað samþ. þær breyt., þá hefði hún mótmælt þeim algerlega. Ég veit ekki, hvernig við höfum getað í því efni svikið loforð fyrir ríkisstj. hönd. Ríkisstj. átti að efna sitt loforð í þessu efni. Við lögðum aðeins í því efni vinnu í það að gera ríkisstj. mögulegt að framfylgja þessu atriði stefnuskrár sinnar, sem hún lýsti, er hún tók við völdum. — Svo vil ég segja hv. þm. Barð., að ég held, að þegar menn átta sig á þessu betur, þá sjái menn skýrar og skýrar, að það er svo fjarri því, að launal. séu ákveðin of hátt hvað launaupphæðir snertir, að þau eru held ég með lægstu ákvörðunum, sem til eru um slíka hluti. Ég varð

var við þetta á merkilegan hátt fyrir nokkrum dögum. Við áttum að setja í launaflokka starfsfólk við eina hálfopinbera stofnun, happdrætti háskólans. Því hafði verið fram að þessu borgað ákveðið umsamið kaup, en þótti réttara, að það færi í þessa flokka, sem ákveðnir eru með launal. Og ég gerði till. um þetta, eftir því, sem mér fannst næst liggja eftir launum hjá ríkinu og ég er sannfærður um, að ekki eru hærri en launal. yfirleitt fyrir tilsvarandi starf. Og það var í sambandi við þessa athugun hægt að sanna með átakanlegum dæmum, að hvergi nema í launal. ríkisins er svo við neglur skorið um launagreiðslur. Og í launareglugerð Reykjavíkurbæjar er þetta ríflegra. Flokkarnir geta verið hinir sömu, en ríflegar skipað í flokka mun vera hjá bænum. Og í samningum, sem kaupsýslumenn þá gert við sitt starfsfólk, er þetta allt ríflegra. Og það voru bara launal., sem þrýstu þessu fólki niður í launum, sem eftir þeim tóku laun, svo að þetta fólk er óánægt. Og ef launal. væru sett nú, mundu þau sízt verða lægri en þau launal., sem sett voru í fyrra. Og hvað sem því líður, hefði hæstv. ríkisstj. átt að segja til, ef við vorum að svíkja hana með brtt. við launalagafrv., eða réttara sagt átti að taka fyrir það, ef hún leit svo á, að við værum að svíkja samning, sem hún hefði gert um setningu launal. Ég heyrði þá á hæstv. Alþ. allskarpar raddir í hv. Nd. um meðferð okkar á frv. í Ed. En ég held, að þeir hv. þm. í Nd. hafi ekkert getað annað gert en að bæta bara við upphæðir frv., þegar það kom til þeirra, *og þeir hafa gert það af því*, að þeir hafa komizt að raun um, að í frv. hafi ekki verið farið hér í hv. d. lengra en minnst varð komizt af með. Og þetta er útrætt spursmál.

Hv. þm. Barð. sagði, að við værum með þessum brtt. okkar við frv., sem fyrir liggur hér, að raska grundvellinum undir útreikningi vísitölunnar. Ég held, að þessi ummæli hans hljóti bara að hafa stafað af því, að hann hafi alls ekki athugað, um hvað þetta frv. er. Þetta frv. er svo gersamlega á allan hátt óviðkomandi útreikningi vísitölunnar. Það er ekki verið að tala um, að taka eigi 25% meira kjöt inn í stuðulinn, sem reiknuð er eftir vísitalan. Og það er ekki verið að tala um heldur, að meira smjör komi inn í útreikning vísitölunnar. Það er aðeins verið að segja, að ef miða á vísitöluna við lægra verðið á vöru, sem seld er með tvenns konar verði, þá verði að fást af þeirri vöru það magn á markaðinum, sem reiknað er með í vísitölunni og ríflega það, sem sé 25% meira en það. En vísitalan er reiknuð út nákvæmlega eins eftir sem áður. — Og kauplagsn., sem reiknar þetta út, þarf ekki einu sinni að vita, að þessi lög séu til. — Enda hefur það ekki komið fram á framkvæmd l. hingað til, að þessi brbl. hefðu áhrif á vísitöluna. Þetta ákvæði í brtt. er aðeins til þess að tryggja, að varan sé til. Því að það væri fölsun á vísitölunni, ef setja ætti tvenns konar verð á sömu vöru og selja ætti bara nokkur kg. á markaðinum í landinu með lægra verðinu, en miða vísitöluna samt við lægra verðið. Þetta ákvæði er því ekkert annað en afleiðing af því, að viðurkennt er tvenns konar verð á vöru, og ákveðið, að vísitalan skuli reiknast aðeins eftir lægra verðinu.

Skal ég svo aðeins víkja að ræðu hv. 1. þm. Eyf. *Vil ég ekki vera að karpa við hann um* þennan nefndarfund. Að ég minntist á það, sem ég tók fram í sambandi við þann fund, var af því, að hann minntist á það, að hann taldi, að hann hefði ekki verið á fundi, þegar málið var afgreitt í n. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í Alþt. En ég hélt, að hann mundi geta fallizt á að skrifa undir nál., þó að hann ætlaði að bera fram brtt., því að hann gat skrifað undir nál. þrátt fyrir það, ef hann hefði viljað. Þess vegna lét ég nál. liggja hjá skjalaverði, ef þennan hv. þm. skyldi bera að, þannig að hann gæti skrifað undir það, þótt nefndarfundinum, sem fjallaði um málið, væri lokið áður. Og í þessu efni er frá hvorugum aðila um svik að ræða, meiri hl. eða minni hl. n. Og hv. minni hl. n., 1. þm. Eyf., hefur heldur ekkert komið aftan að okkur með sitt nál. En afgreiðsla mála gengur svo seint í nefndum, sérstaklega vegna þess, að þm. eru svo hlaðnir nefndastörfum í d., að ég tók þess vegna þetta mál fyrir, af því að tækifæri gafst til að afgreiða það. — En hitt er að vísu satt, að það er nokkur ágreiningur um þetta mál okkar á milli í sjálfu sér. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að engin viðleitni hefði verið í n. hjá okkur til samkomulags um þetta mál. En ég bar fram mínar ástæður fyrir því. Og ég segi eins og fyrr, að þetta frv. er lítið frv. — ekki eftir lengdinni á pappírnum, heldur er þetta náttúrlega að því leyti ekki stórmál, að það er ekki upphaflega borið fram nú. Því að hér er ekki nema um framlengingu að ræða á ástandi, sem búið er að eiga sér stað um skeið. Þetta er lítið mál að því leyti, að það gerir ekkert annað en að halda því ástandi, sem nú er. Það eru kölluð smámál, sem engu breyta. En ef um það væri að ræða að ákveða með þessu frv. í fyrsta skipti fjárgreiðslur þær úr ríkissjóði, sem í brbl., sem þetta frv. er um að samþ., eru ákveðnar, þá væri þetta stórmál. Og mér virðist óeðlilegt að hengja langstærsta mál þingsins og mesta vandamál þess sem brtt. við þetta mál. Mér finnst, að það væri ákaflega undarleg aðferð, og ég vil ekki á nokkurn hátt líkja því við það, þegar ákvæði um sex manna n. voru sett í frv., sem að nokkru leyti var samið um utan við þá n. Og þau l. voru sett eftir margra vikna samninga milli þingflokkanna, og ef ég man rétt, var í þinglokin verið að ganga frá þessu, eftir að þingið hafði allan þingtímann átt í meira og minna stríði við þetta. — Svo heldur hv. 1. þm. Eyf., að hliðstætt við þetta, *sem þá var gert*, sé það að tengja við frv. það, sem hér liggur fyrir, laga-ákvæðum um nefnd til þess að reyna að ráða fram úr dýrtíðarmálinu að einhverju leyti. Og hv. þm. ber fram brtt. um skipun nefndar þessarar, án þess að tala áður um það við nokkurn mann og þá heldur ekki við okkur meðnm. hans í n., nefndar, sem á að vinna miklu meira verk en sex manna n., því að þessi n. á að fá verkamenn til að lækka laun sín, bændur til þess að selja afurðir sínar lægra verði, kaupmenn til þess að lækka álagningu á söluvörum sínum,

skipafélögin til að lækka farmgjöld, iðnaðarmenn til að lækka byggingarkostnað. Hún á að gera allt, sem erfiðast er í þjóðfélaginu. Það er ekki vandi að tala um að hengja bjölluna á köttinn, en erfiðara er að gera það. Það þýðir því ekkert að samþ. ákvæði þessarar brtt., fyrr en búið er að sjá, að menn a. m. k. vilji reyna að framkvæma það. Ég veit, að hv. flm. þessarar brtt. er samvinnulipur. En það mælir ekki með einlægninni í flutningi þessarar brtt., að þessi hv. þm., flm. brtt., er einmitt fulltrúi þess flokks, sem einn hefur skorazt undan því að vilja hafa samvinnu um lausn á þessu vandamáli og ekki vill taka þátt í þeirri stjórnarsamvinnu, sem m. a. var gerð til þess að leysa vandamál þjóðfélagsins í sambandi við dýrtíðina og annað slíkt. Einmitt Framsfl. hefur skorazt undan þessu. Og þessi hv. þm. verður að afsaka það, að maður hefur dálítið minni trú á brtt. frá mönnum, sem neita þátttöku um að reyna að leysa þau vandamál, sem mest eru í þjóðfélaginu. Og maður getur hugsað sér, að þeir sömu menn reyni að vernda sem bezt sína kosningaaðstöðu og vilji ekki spilla henni að neinu. Og þess vegna dettur manni í hug, að slíkri brtt. sem þessari sé ætlað að falla, til þess að þm. flokksins geti svo sagt, að þessi hv. þm. hafi fundið lausn til að vinna að lausn dýrtíðarvandamálsins og borið fram till. um það, en henni hafi ekki verið sinnt af hinum flokkunum. — Það er alveg víst, að vandamálin verða ekki leyst með svona aðferðum, heldur með langvarandi, þreytandi, erfiðum samningum milli flokka og stétta. Og einhver slík nefndarskipun eins og hér er um að ræða í brtt. gæti ég hugsað mér í sambandi við lausn dýrtíðarmálsins, að kæmi sem lokamark. (*BSt:* Hvað á þá n. að gera, þegar búið er að semja?). Hún á ekki að semja, heldur setja grundvöll að samningum. En það þýðir ekkert að búa til einhverja hugarsmíð út í loftið, þannig að engir flokkar standi þar á bak við. Þegar sex manna n. var skipuð, átti hún eftir að vinna það verk að ná samkomulagi. Eftir allar samningaumleitanirnar á Alþ. var ekki búið að ná samkomulagi. (*BSt:* Henni var gefið úrskurðarvald). Já, um það, sem þingið hefði getað gert. Þetta var gert með góðum vilja þingsins á bak við. Og ef nú hefði verið búið að finna einhverjar línur til að láta þessa n. starfa eftir, til þess að finna hagfræðilegar reglur um niðurfærslu á vöruverði og kaupgjaldi, þá var það annað mál en kemur fram þar sem þessi ákvæði brtt. eru.

Alveg er það sama að segja um þáltill. þá, sem fyrir liggur frá hv. þm. S.-Þ. í Sþ — og mér finnst það réttari aðferð að bera fram þáltill. um slíkt mál, en hnýta því ekki við annað mál með brtt. við frv. —, að flutningur þess máls er þýðingarlaus án nauðsynlegs undirbúnings, enda er sú þáltill. borin fram af manni, sem stendur utan við þau samtök, sem mynduð hafa verið um að leysa vandamál þjóðfélagsins. Ég býst líka við, að það sé hugsunin um væntanlega kosningaaðstöðu, sem liggur á bak við flutning þeirrar þáltill. hjá hv. þm. S.-Þ.

Viðvíkjandi brtt., sem við tókum aftur og varðar smjörniðurgreiðsluna, og því, að hv. 1. þm. Eyf. sagði, að við hefðum misskilið þá brtt., þá held ég, að það sé ekki rétt hjá þeim hv. þm. En gr. var illa orðuð, bæði í frv. og okkar brtt., því að brtt. hafði orðalag frv. Og bæði hæstv. ráðh., sem hafði borið fram frv., og við, sem fluttum brtt., féllumst á að breyta orðalaginu, þegar bent hafði verið á, að þessi málsgr. væri illa orðuð. En það var ekki um misskilning að ræða í þessu efni. Eins og brtt. er nú orðuð á þskj. 305, nær þessi grein yfir allt smjör, sem selt er við lágu verði, hvaðan sem það er, en áður náði hún ekki til nema íslenzks smjörs. En það er nú svo leynilega farið með það í sölu, að það sést bara ekki á opinberum markaði, og hefði ekki einu sinni komið fram af því það magn, sem miða ætti við í vísitölunni. — Hv. þm. talaði um, að tvenns konar verð á vöru væri óheppilegt. En svo lengi sem um er að ræða útlent ódýrt smjör og íslenzkt dýrt smjör, þá er það sitt hvað. Og sitt með hvoru verði. Það verður að flytja inn nægilegt magn af útlendu, ódýru smjöri, ef menn vilja spara fyrir ríkissjóð, og miða vísitöluna við það. Síðan getur hið dýra íslenzka smjör einnig verið á markaðinum. Annars finnst mér stappa nærri að vera broslegt, þegar verið er að tala um hættu fyrir markað á íslenzku smjöri, ef flutt er inn útlent smjör. Íslenzka smjörið ætti þá einhvern tíma að sjást. Það er í raun og veru verið að vernda svartan markað á íslenzku smjöri, ef ekki má flytja inn ódýrari sams konar vöru frá útlöndum. Mér finnst mönnum engin vorkunn að koma fram með sína vöru, þar sem eftirspurnin svarar ekki framboðinu og meðan hægt er að selja hana meira að segja hærra verði en opinbert verð á henni er. Það eru frekar smjörlíkisverksmiðjurnar, sem ættu að kvarta, því að menn kaupa útlenda smjörið í lengstu lög og nota í stað smjörlíkis á margan hátt. Enn fremur finnst mér það heilbrigðisráðstöfun og menningaratriði, að menn geti neytt smjörs í ríkum mæli, sem væri hægt með því að flytja inn þetta ódýra útlenda smjör.

Ég vil svo aðeins minnast á þann misskilning, sem hér hefur orðið vart um orðalag tillgr. (*BSt:* Ráðh. sagði, að þarna væri átt við útlenda smjörið). Þetta sýnir, að till. eru illa orðaðar, en annars ætti hv. þm. að vera orðinn það þingvanur, að oft er mjög erfitt að orða ákvæði svo að vel sé. Hann talaði um, að menn gætu misskilið það í 2. gr., þegar talað er um „af þessum vörum," og verð ég að játa, að ég er ekki eins ánægður með þetta orðalag eftir að hann benti á þetta.

Forseti (StgrA): Ég vil taka það fram út af þeim ummælum, sem fram hafa komið um það, hvort till. á þskj. 167 væri á dagskrá eða ekki eða komin hér inn fyrir vangá, að hún er komin hér inn með eðlilegum hætti. Hún var á sínum tíma tekin aftur til 3. umr., og þegar dagskrá þessa fundar var ákveðin, hafði ekki komið fram nein till. í hennar stað eða tillkynning frá hv. n. um, að von væri á slíkri till. Till. á þskj. 305 var útbýtt hér í byrjun þessa fundar, en till. á þskj. 167 er hins vegar á dagskrá af eðlilegum ástæðum, eins og áður er um getið, og því til umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hefði ekki hirt um að ræða við hv. 1. þm. Reykv. (MJ) um þetta mál, ef n. hefði tekið till. sínar aftur og ekki sett nýjar inn. En nú hafa komið fram nýjar till., sem á engan hátt líkjast útgáfu þeirra, sem fyrir voru, og fyrir það eitt vil ég gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. — Ég held því enn fast fram, að með þessari till. sé komið aftan að hæstv. ríkisstj., og ef hv. form. fjhn. vill fullvissa sig um, hvernig hugur hæstv. ráðh. stendur til hennar, ætti hann að gefa atkvgr. gaum, því að ég er sannfærður um, að hann er till. mótfallinn. Ég hygg, að það séu einsdæmi og mjög óeðlilegt, að þm., sem styðja ríkisstj., skuli leggja svo mikið kapp á að fá till. samþykkta, sem viðkomandi ráðh. er andvígur, eins og hér er gert. Ég hef áður lýst því yfir, að ef þessi till. nær samþykki á þessum fundi, muni ég ekki sjá mér fært að fylgja frv. því, sem hér liggur fyrir. Það er svo á ábyrgð þeirra manna, sem hafa staðið fyrir því að fá málinu breytt í þetta horf, hvort frv. fellur eða ekki. Það veltur ef til vill ekki á mínu atkv., en ég vildi aðeins láta hv. frsm. fjhn. vita um afstöðu mína. Hann hélt því fram, að þegar brbl. voru sett, hafi það ástand verið fyrir hendi, sem þessi till. ræðir um, en þetta er rangt. Ég var viðstaddur á þeim fundi, er umr. fóru fram um þetta, ásamt hv. 1. þm. Reykv., og það var enginn fyrirvari gerður um þetta atriði, sem í till. ræðir um, því að þá hefði ákvæði um það verið sett inn í brbl., ef hann hefði verið gefinn, en brbl. voru ýtarlega rædd, áður en þau voru gefin út og samþ., m. a. af hv. 1. þm. Reykv. Það er því alger fölsun á staðreyndum að halda því fram, að þessi fyrirvari hafi verið gefinn. Ég skal ekkert um það segja, hvaða fyrirvara hv. 3. landsk. eða flokkur hans hafi gefið, en ég mótmæli því, að hv. 1. þm. Reykv. hafi gefið hann, þegar rætt var um það í Sjálfstfl., hvernig þessi l. ættu að vera, áður en þau voru gefin út. — Enn fremur sagði hv. þm., að þessi till. væri óviðkomandi útreikningi vísitölunnar. Ef hann hefði hlustað á ræður hv. 3. landsk. (HG) í þessu máli, þegar hann sagði, að þetta væri sett inn í l. til þess að afstýra röskun á vísitölunni, gæti hann ekki mótmælt, að þetta væri vísitölunni viðkomandi. (*MJ:* Það er byggt á tómum misskilningi hjá honum). Ég hygg, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. fjhn. að endurskoða afstöðu sína í heild til þessa máls, til þess að hv. n. geti skilað nál., sem væri byggt á einhverju öðru en eintómum misskilningi. Væri það mjög æskilegt fyrir afstöðu til afgreiðslu málsins í heild.

Hv. þm. sagði einnig, að það væri fölsun á vísitölunni, ef reiknað væri þar með verði á vörum, sem ekki væru til. Í þessu sambandi vil ég spyrja hv. 1. þm. Reykv.: Hvernig er með húsaleiguvísitöluna? Allir vita, að hér er ekki til það magn af húsnæði, sem þarf til þess að uppfylla eftirspurnina. Ég hef ekki enn orðið þess var, að hv. 1. þm. Reykv. bæri fram frv. um það, að nauðsynlegt væri ekki aðeins að setja það magn af húsnæði inn í vísitöluna, sem fólkið þyrfti við, heldur auk þess 25%, og býst ég við, að útkoman á húsaleiguvísitölunni yrði einhver önnur, ef fylgt væri sömu reglum um útreikning á henni og ætlazt er hér til, að fylgt sé um kjöt og aðrar innlendar landbúnaðarafurðir í þessum málum. Það er og kunnugt, að útreikningur vísitölunnar er ekki byggður á hinni raunverulegu neyzlu manna, heldur á ákveðnu magni af vöru, sem tekið er til þess að reikna eftir. Ég vil einnig benda þessum hv. þm. á það, að verð á biómiðum og strætisvagnagjöld eru tekin með inn í vísitöluna. Honum má því vera það ljóst, að eftir þessum útreikningi eru mönnum greidd laun, sem aldrei geta haft tækifæri til þess að koma í kvikmyndahús eða nota strætisvagna. Vísitalan er reiknuð eftir ákveðnum reglum um verðlag hér í Reykjavík, og meðan liggja fyrir upplýsingar frá þeirri n., sem rannsakaði þetta mál á sínum tíma, sé ég ekki ástæðu til þess að setja inn í frv. þetta ákvæði, sem getur ekki annað en breytt þessum málum, því að það gefur að skilja, að ef ekki er til nákvæmlega það mikið magn af þessari vöru, sem reiknað er með í vísitölunni, fyrir lægra verð, verður að taka eitthvað annað verð en reiknað hefur verið með til þess að uppfylla ákvæðið, eftir að búið er að setja það inn í l. Það er einmitt þetta, sem við viljum fyrirbyggja, sem erum andvígir þessari brtt. — Hv. 1. þm. Reykv. sagði og, að það væri fölsun á vísitölunni, ef ekki væri nægilegt til af þessari vöru á þessu verði. En það gæti komið sú tíð, að það væri ef til vill eina ráðið til þess að lækna þessa meinsemd, ef menn gætu komið sér saman um að falsa vísitöluna á Íslandi eins og gert hefur verið í öðrum löndum. Ég er ekki alveg viss um, að það yrði versta ráðið eða þyrfti að koma svo ranglátlega niður á þjóðinni í heild. Hins vegar kemur það ranglátlega niður á þjóðinni, ef á þennan hátt er farið að falsa vísitöluna fyrir sérstaka stétt þjóðfélagsins, án þess að það nái út yfir allar stéttir þjóðfélagsins. En það er það, sem hv. 1. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. hafa alltaf barizt fyrir, sem sé, að dreginn sé sem mest fram hagur þeirra manna, sem taka laun sín af opinberu fé, hvort sem það eru embættismenn eða aðrir, án tillits til, hvaða afleiðingar það hefur fyrir ríkissjóð. Þeir leggja aðaláherzluna á að hækka launin annars vegar, stytta vinnutímann hins vegar og sjá um, að dýrtíðin vaxi stöðugt, til þess að þeir geti haft næga peninga milli handa. Þetta hefur sýnt sig í öllum málum hjá þessum hv. þm., og það er þetta, sem ég leyfi mér að ásaka. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að það er algerlega rangt með farið, sem hann hélt fram hér áðan, að þeir hefðu ekki brugðizt ríkisstj. við afgreiðslu launal. Hv. 1. þm. Reykv. er vel kunnugt um — og ætti að vera óþarfi að rifja það upp fyrir honum, — að því var lýst mjög eindregið yfir af nokkrum hluta hæstv. ríkisstj. við þennan hv. þm., að mjög langt væri komið út fyrir þau takmörk, sem sett höfðu verið, þegar gerðir voru samningar um launal. Ef því hv. 1. þm. Reykv. vill bera saman stjórnarsamninginn annars vegar og afgreiðslu launal. hins vegar, þarf mann með miklu minni dómgreind en hann hefur til þess að sjá, hvernig á þessum málum var haldið af þeim, sem um það fjölluðu, að maður tali nú ekki um þau áhrif, sem þessi l.

hafa á allt stjórnarkerfið og afkomu ríkissjóðs. Til þess gefst annar vettvangur, og skal ekki farið frekar út í það hér. Það er hins vegar alveg óskiljanlegt það traust, sem þessi hv. þm. ber til þeirra aðgerða í sambandi við launal., en mér er kunnugt um það, — og það verður ef til vill tekið upp á öðrum vettvangi, — að launal. hafa gengið svo langt, að þau verða a. m. k. mjög erfið í framkvæmdinni, og veit ég, að það hefur bakað þjóðinni stórkostlegt tjón, að ákvæði voru ekki sett inn í l. á sínum tíma um skyldur þeirra manna, sem taka laun samkv. þeim, eins og þá var og bent á. —

Hv. 1. þm. Reykv. minntist hér á það, að það gæti orðið til þess að bjarga þessum málum að miklu leyti, ef flutt yrði inn nægilega mikið af ódýru smjöri eða öðrum vörum til þess að lækka verð í landinu. Vitanlega mundi slíkt hafa stórkostlega breytingu í för með sér á vísitölunni, en ég sé ekki, hvernig hægt væri að halda því fram með nokkurri sanngirni, að það væri réttlátt að leyfa innflutning á landbúnaðarafurðum frá öðrum löndum til þess að lækka markaðsverð bænda hérlendis, eins og komið hefur fram hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., á sama tíma sem ekki er leyft að flytja inn erlenda verkamenn, sem eru fúsir til þess að vinna fyrir miklu lægri laun en verkamenn hér á landi og mjög mikill skortur er á í landinu, t. d. við landbúnaðarstörf. —

Að lokum vil ég benda hv. 1. þm. Reykv. á, að hv. 3. landsk. lýsti því yfir við 2. umr. þessa máls, eftir að hann hafði hlustað á mín rök, að við mig þyrfti hann ekkert að segja í þessu máli, og viðurkenndi þannig, að það, sem ég hefði haldið fram, væri rétt, og hygg ég, að bezt væri fyrir hv. 1. þm. Reykv. að viðurkenna þetta einnig, en að hætta sér ekki út á þann hála ís að mótmæla rökum mínum.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að skipta mér af þessum reiðilestri hv. þm. Barð. (GJ) yfir flokksbróður sínum og samstarfsmanni, en undarlegt þykir mér, að hann lét þetta allt bitna á þessum tveim mönnum, hv. 1. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. Hv. 7. landsk. (KA) er t. d. líka í fjhn. með þeim og hefur sömu afstöðu til þessa máls eins og þeir, og hefði hann því ekki átt að gleyma honum. Og það, sem hann sagði um þessa tvo hv. þm., það hlýtur að gilda um hér um bil allan hans flokk, Sjálfstfl., og samstarfsflokka hans, því að hvernig hefðu þessi launal. getað orðið til, ef það hefðu aðeins verið þessir tveir menn, sem hefðu viljað hafa þau í því formi, sem þau voru gefin út? Vitanlega er það meiri hl. Alþ., sem endanlega samþ. launal., sem ber ábyrgðina á þeim, en ekki þessir tveir menn.

Forseti upplýsti það, að það væri ekki af neinni vangá, að fyrri till. hv. meiri hl. fjhn., sem bornar voru fram við 2. umr. þessa máls á þskj. 167, væru teknar hér einnitt á dagskrá. Þær eru á dagskrá af sömu ástæðum og minar till., sem teknar voru aftur til 3. umr., en ekki endanlega. Eru þær því hér til umr. og því algerlega heimilt að taka þær upp. En hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þær hefðu verið settar á dagskrá af vangá. Það er náttúrlega smekksatriði og þýðir ekki að deila við þennan hv. þm. um það, hvort frv. það, sem hér liggur fyrir, er lítið frv. eða ekki Hv. þm. hélt því fram í þessu sambandi, að frv. breytti eiginlega engu í þessum efnum og þess vegna væri það lítið frv. Það breytir því, að það framlengir það ástand, sem ekki var ætlazt til, að stæði lengur en til 15. september s. l., og það hefði stundum þótt allstórt mál, ef um það væri að ræða að verja 10, 20 eða 30 millj. kr. úr ríkissjóði. Það hafa ekki verið lagðar fram áætlanir um, hvað þetta frv. muni kosta, en í sambandi við annað mál er gert ráð fyrir, að greiðslur úr ríkissjóði varðandi mál þessi verði allmiklu meiri en nú er gert ráð fyrir, ef þessar ráðstafanir eiga að koma að því gagni, að vísitalan hækki ekki. Síðan fannst þessum hv. þm., að ég væri að hengja stórmál aftan í þetta frv. með till. mínum, en mér er ómögulegt að sjá annað en að þetta sé sama málið. Frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um það að gera ráðstafanir til þess að vísitalan hækki ekki — en aðeins til bráðabirgða. En mínar till. eru um það að gera tilraun til þess að koma í veg fyrir þetta til frambúðar. Mér finnst hér vera um nákvæmlega sama málið að ræða, þótt það séu sérstök málsatriði, sem mínar till. fjalla um.

Þessi hv. þm. tók allvinsamlega í þá hugmynd, sem ég hef varpað hér fram, en það þyrftu að fara fram svo miklir samningar milli flokka og stétta áður en slík n. yrði skipuð, sem till. mínar gera ráð fyrir. En ég hefði gaman af að spyrja hann: Hvenær á að byrja á að breyta þessum málum til bóta, ef ekki má stinga upp á neinum aðgerðum í þessum efnum? Ef svo er, verður ekki byrjað á þessu fyrr en allt verður komið í strand.

Hv. 1. þm. Reykv. var enn þá að tala um það, að till. mínar væru bornar fram sem kosningabeita. Hann má hafa hvaða hugmyndir um þetta sem hann vill, en það er nú svo, að Framsfl. hefur orðið var við það, að það er ekki sérstaklega vinsælt í landinu að berjast á móti dýrtíðinni. Framsfl. hefur gert sér þetta ljóst frá upphafi, en hann hefur samt barizt gegn dýrtíðinni og ástæðan er sú, að hann hefur álitið þetta skyldu sína.

Ég ætla ekki að fara að ræða um stjórnarmyndunina, þótt hv. þm. gæfi tilefni til þess. Hann sagði, að þessar till. kæmu fram frá Framsfl., þeim eina flokki, sem hefði neitað að gera samninga um þessi mál. Þetta eru hreinustu öfugmæli, þar sem Framsfl. var ávallt reiðubúinn til þess að taka þátt í samtölum um þetta mál, en á því strandaði, að hinir flokkarnir fengust ekki til þess að semja um neinar aðgerðir í þessum málum. (*MJ:* Til þess að framlengja ekki valdasetu þáverandi ríkisstj.). Ég býst við, að nýsköpunarhjal stjórnarflokkanna og annað, sem nú er hrópað um í blöðum þeirra, sem eru tífalt fleiri en blöð Framsfl., eigi að hafa áhrif á kjósendur meðan það sýnir sig ekki til fulls, að hve miklu leyti þetta er skrum og að hve miklu leyti veruleiki. Hv. þm. sagði, að till. meiri hl. n. væri illa orðuð og segði annað en meint væri. Þetta sannar, að ég hef

á réttu að standa. Hæstv. ráðh. hafði sama skilning á þessu efni og ég, þann, að till. ætti við útlent smjör. Það er ljóst, að þm. hafa misskilið sína eigin tillögu. Þeir höfðu frv. til fyrirmyndar um orðalag, en það sýnir, hversu djúpt þeir hafa lagzt, að orðalagið skyldi þurfa að breytast, svo að skiljanlegt yrði.

Þá sagði hv. þm., að íslenzkt smjör sæist ekki á markaði. En ég get upplýst, að sums staðar sést aðeins íslenzkt smjör, til dæmis á Akureyri. Þar er það skammtað, ekki að tilhlutun hæstv. ríkisstj., heldur mjólkursamlags Eyfirðinga. Þessi till. gerir það að verkum, að menn verða að kaupa smjör þar á Akureyri á hærra verði. — Hv. þm. gerði skop að orðum mínum um tvenns konar verð á smjöri: Ágætt að kaupa íslenzkt smjör á tíföldu verði, bara ef það fengist! Ég skal geta þess, að til Akureyrar kom ekkert útlent smjör og Akureyringar gátu fengið nóg af íslenzku smjöri og fá enn. Það er þess vegna skrýtið að segja, að íslenzkt smjör fáist ekki. (*MJ:* Við sjáum ekki norður á Akureyri og étum ekki það smjör, sem Akureyringar éta). — Hv. þm. Barð. (GJ) tók það fram, sem ég hafði annars áður sagt, að það væri fleira en íslenzka smjörið, sem væri dýrara hér en sams konar erlendar vörur. Sama gildir um vinnuaflið, eins og hv. þm. Barð. réttilega benti á. Hvernig færi, ef erlendu verkafólki væri leyft að flytja til landsins að ráði? Þá má og nefna verðlag á húsgögnum. Hvernig mundi fara, ef leyfður væri innflutningur sænskra húsgagna? Þannig mætti lengi upp telja.

Lífið í landinu er dýrt. Þjóðinni hefur vegnað vel á stríðsárunum og hefur haft aðstöðu til að bæta hag sinn á margan hátt. En nú er dýrtíðin komin á það stig, að úrbóta verður að leita. Það verður að finna leið út úr þeim ógöngum, sem við erum komnir í, og það getur engin stétt skorið sig út úr. Það þarf að gera víðtækar ráðstafanir, ef við eigum að komast á svipað stig og annars staðar er, og það getur verið, að það verði gert. En það mætti líka taka eina stétt út úr og knýja fram svipað verðlag landbúnaðarafurða og er í Danmörku. Hið pólitíska ástand er þannig, að hægt væri að fara þessa leið. Nú hefur hæstv. landbrh. það á valdi sínu. Afleiðingin yrði tæming sveitanna. En er það frá þjóðhagslegu sjónarmiði rétt að fá ódýrari vörur frá útlöndum, þótt þess sé kostur? Er það rétt að gera alla iðnaðarmenn landsins atvinnulausa með því að flytja erlenda iðnaðarmenn til landsins? Eða fara þannig með verkamenn, með því að flytja inn verkamenn frá útlöndum? Er það yfirleitt rétt að útiloka innlenda framleiðslu? Hingað til hefur ekki verið litið svo á, að þessi leið væri hin rétta, þjóðhagslega séð. Það hefur verið litið svo á, að allar þessar stéttir séu nauðsynlegar, en þá þurfa þær að hafa hlutfallslega svipaða fjárhagsafkomu.

Ég hef enga trú á, að það ástand, sem nú ríkir, geti haldizt til frambúðar. Það verður einhvern tíma að snúa við, og þessi till. mín er nú ekki um annað en það, hvort ekki gæti nú orðið samkomulag um að fara að spyrna fótum við í þessu efni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að svara hv. þm. Barð. miklu. Hann bröltir þarna í stömum sandinum og moldrokinu. Ef hv. þm. álítur, að menn séu ekki trúir stjórninni, ef þeir bera fram smávægilegar till., sem kunna að vera henni fremur andstæðar, þá fer hann þar villur vegar. Hitt er svo allt annað mál, ef hann vill fella stjfrv. sem þetta, sem hér liggur fyrir. — Hann taldi fjarstæðu, að ég skyldi halda því fram, að þetta væri smámál. En ég vil halda við þá skoðun, að þetta sé alls ekki stórmál. Hér er um að ræða að viðhalda ástandi, sem er. En ef ætti að fella þetta frv., þá er það stórmál. Að fella það er óhugsandi, nema eitthvað komi í staðinn. Það er á hans ábyrgð, en ekki okkar, og þá er það orðið að stórmáli. Ég skal gjarnan kalla þetta stórmál, ef hv. þm. (GJ) líkar það betur. En það er ekki stórmál, þar sem það kemur ekki með neitt nýtt. Til dæmis má nefna skattal., sem voru framlengd. Það var ekki stórmál, af því að það frv. var samþ., en ef það hefði verið fellt, þá var það um leið orðið að stórmáli.

Hv. þm. Barð. benti á húsaleiguna, sem ekki er lengur viðráðanleg. Eins og kunnugt er, vilja margir fá húsaleigul. afnumin. Ástandið í húsnæðismálunum er síður en svo gott. Fjöldi fólks liggur svo að segja úti vegna húsnæðisleysis, og ef hægt væri að safna skýrslum um þann glundroða, sem húsaleigul. hafa valdið, mundi mönnum alveg ofbjóða. Það er mjög stíft að setja þetta í samband við vísitöluna. Ég veit um embættismenn, sem flutt hafa í bæinn og verða að borga of fjár til að komast inn í íbúðir og borga svo húsaleigu eftir mati.

Hv. þm. Barð taldi, að launal. hefðu slæm áhrif á hag landsmanna. Ég álít, að bændur og búalið þurfi ekki að kvarta í þessu efni. Ég held, að það sé ekki svo lítils virði, að kaupgetan sé í góðu lagi, og ef bændur eða aðrir kvarta í þessu efni, þá sjá þeir ekki nema aðra hlið málsins. Nú liggur fyrir að leysa vandræði heilla þjóða með því að hækka kaupið og auka þar með kaupmáttinn. Þannig er það til dæmis í Bandaríkjunum. Rúm kaupgeta er það bezta, sem framleiðendur geta kosið sér. En ef við svo verðum að klifra niður stigann, verðum við að fara allir í einum hóp. Um það er ég sannfærður. Hv. þm. Barð. talaði um það, að við þyrftum að fá ódýrari prófessora. Skyldu nú prófessorarnir setja landið á hausinn? Ég held, að prófessorar hafi haft mjög góða ástæðu til að fá kaup sitt hækkað, þeir höfðu ekki svo há laun áður. En þegar launalagafrv. var til umr. hér í þinginu, kom okkur hv. þm. Snæf. saman um að ýta ekki á eftir því, að laun prófessora yrðu hækkuð mikið, þótt hægt hefði verið að koma þeim upp í ein 12 þúsund. Þegar svo frv. var komið í gegn, höfðu laun þeirra ekki verið hækkuð frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir í því, þótt ýmsar aðrar stéttir hefðu fengið nokkra launaviðbót. Ég skal ekki sjá ofsjónum yfir því, þótt sjómenn í utanlandssiglingum hafi hærri laun en prófessorar. Hins vegar má líta á þann tíma, sem hvor þessara stétta þarf til að búa sig undir starf sitt. Til þess þurfa prófessorar um ¼ af meðalmannsævi, en hásetar, sem í Ameríkusiglingum

um hafa um 30 þúsund króna laun, þurfa engum tíma að eyða til undirbúnings lífsstarfs síns. Allur þorri landsmanna er þannig lægra launaður en hásetarnir. Svo eru það launalögin, sem allt ætla að drepa! Það er talað um hina miklu vissu hjá embættismönnum og mönnum með ákveðin laun. En það má hvenær sem er breyta um, og hafa þeir því raunverulega enga vissu. Það má lækka laun þeirra og gera hvað sem vera vill við þá, alveg eins og alla aðra. Annars virðist það vafasamt að fara hér út í fjármálaumræður yfirleitt í þessu sambandi.

Við hv. 1. þm. Eyf. þarf ég nú raunar lítið að segja. *Mér fellur þó illa, þegar hann er að tala um „nýsköpunarhjalið“*, því að nú er þetta ekki lengur neitt hjal. Það er veruleiki, þegar beinlínis eru keypt skip fyrir tugi millj. kr. Og þar sem þetta er nú veruleiki, þá sýnir það, að það, sem ekki er enn þá komið til framkvæmda, getur eins orðið veruleiki. Ég heyrði nýlega mjög sniðuga þingvísu, þar sem talað er um nýsköpunina sem leiktjöld. En nú er þetta alls enginn leikaraskapur, því að staðreyndirnar tala sínu máli. Það eru keypt skip fyrir tugi millj. kr., og það er því úrelt að tala um „nýsköpunarhjal“. Það er eins og stóð í vísunni: „Það gengur kannske einu sinni, en svo aldrei meir.“ Þetta er annars mikið og flókið mál, ef fara á út í þá aðferð okkar að halda fjármálum okkar einangruðum frá umheiminum, og hvaða afleiðingar það hefði, ef leyft væri að flytja hvað sem er inn. Ég veit ekki, hvort bannað er að flytja inn húsgögn frá Svíþjóð. Mér finnst það mjög einkennilegt að segja, að innflutningur á smjöri skaði bændur, þegar miðað er við, að bændur eigi að geta selt allt sitt smjör. (*BSt:* Hvar eru ákvæði um það, að þeir geti selt allt sitt smjör?) Er nokkuð farið að bera á því, að smjör gangi ekki út? Ég veit ekki til þess, enda þótt erlent smjör væri fáanlegt með lægra verði, og menn hafa verið útspýttir eftir smjöri út um allar jarðir. (*BSt:* Það smjör hefur ekki sézt á Akureyri). Ég veit ekki, hvers lags atburðaleysi það er, að erlent smjör skuli ekki koma til Akureyrar. Kannske smjörið hafið myglað þar? Ef til vill eru Akureyringar svo vandlátir, að þeir vilji ekki annað en íslenzkt smjör. (*BSt:* Það hefur alls ekki verið flutt þangað). Ég veit ekki annað en að það sé flutt þangað og að Akureyringar hafi fengið smjörseðla eins og aðrir. (*BSt:* Já, smjörseðla, en ekki smjör). *Kannske stjórnin eigi að láta smjörið upp í háttvirta Akureyringa?* Er hv. 1. þm. Eyf. kunnugt um, að ekki sé farið að leita leiða í þessum efnum? Mér þykir líklegt, að það sé eitt af meginhugaefnum ríkisstj. að finna einhverja lausn á þessum málum. En hv. 1. þm. Eyf. ætti að vera það ljóst, að tíminn rétt fyrir kosningar er óheppilegur tími til þess að fjalla um þessi mál og að það þarf rólegri tíma til þess.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég vildi aðeins, áður en gengið er til atkvgr. um brtt., vekja athygli á því, að ef brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 305 verða ekki samþ., þá getur 2. mgr. 1. gr. frv. ekki staðizt, eins og komið hefur fyrr fram í umr., því að það er sama orðalag í þeirri mgr. eins og í brtt. n., að heimilt er, ef vara er seld með tvenns konar verði, að miða í útreikningi vísitölunnar við lægra verðið, og er það bundið við það, að niðurgreiðslur hafi farið fram úr ríkissjóði. En sú vörutegund, sem fyrst og fremst er verið að hugsa um, er smjörið. Þetta orðalag nær ekki til þess, því að þar er ekki um neinar niðurgreiðslur að ræða, heldur aðeins útlent smjör með lægra verðinu.

Mér þótti rétt að vekja athygli hv. dm. á þessu, áður en gengið er til atkvgr. Að öðru leyti skal ég svo ekki lengja umr. um málið.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Það er ef til vill ekki vel gert að minna á það, að ég hef einmitt hér fyrir mörgum dögum vakið athygli á því sama, sem hv. 3. landsk. (HG) gerði nú. Ég hafði bent á, hvað 2. mgr. 1. gr. frv. raunverulega þýddi eftir orðalaginu, en þá þótti sú skýring mín ekki rétt, hvorki hæstv. landbrh. né hv. meiri hl. fjhn., en nú kemur hjá þeim alveg sams konar skýring. Ég vildi sízt með þessu verða til þess að spilla fyrir þessari brtt., sem hv. meiri hl. n. flytur, en vildi aðeins minna á það, að sú rétta skýring á gr. eins og hún hljóðaði varð til þess, að hv. meiri hl. n. þótti nauðsynlegt að breyta orðalaginu á sinni fyrri brtt. á þennan hátt. Þessi skýring er komin frá framsóknarmanni, og verður það þá ef til vill til þess, að þeir falli frá till., og þykir mér það leiðinlegt, en ég sé þó ekki ástæðu til annars en að vekja athygli á þessu, af því að það gæti villt menn í atkvgr., en þessi skýring er komin fram frá manni, sem þessir menn eru ekki vanir að taka mikið tillit til hvað segir, nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 187,1.a felld með 9:3 atkv.
— 305 samþ. með 9:1 atkv.
— 187,2 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, PHerm, BSt.

nei: BrB, EE, GJ, HG, KA, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, StgrA.

3 þm. (BBen, GÍG, JJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkvæði sínu:

Gísli Jónsson: Með því að ég tel, að þetta ákvæði eigi ekki heima í þessum l., segi ég nei.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Með tilvísun til ummæla hv. þm. Barð. (GJ) segi ég nei.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem þáltill. hefur verið borin fram í Sþ. um svipað efni og þessi brtt. og er nú hjá hv. allshn. Sþ. og sú n. hefur því tækifæri til þess að laga þá þáltill. með hliðsjón af þessari brtt., ef henni sýnist svo, þá tel ég óþarft að hafa tvær mþn. til þess að fjalla um sams konar efni og finnst réttara, að ein

n., sem kosin er af Sþ., eins og sú þáltill. gerir ráð fyrir, fjalli um þetta mál. Segi ég því nei.

Bernharð Stefánsson: Þar sem þessi till. á vitanlega algerlega heima í þessum l., eins og ég hef þegar fært rök að undir umr. málsins, og þar sem hún er viðtækari en sú till., sem hv. þm. Dal. (ÞÞ) nefndi nú, þá sé ég ekki ástæðu til þess, að menn séu að skjóta sér á bak við þá till., og segi já.

Frv. svo breytt samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 343).

Á 63. og 74. fundi í Nd., 4. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 26. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Frv. á þskj. 343 er til staðfestingar á brbl. frá 2. ágúst 1945. Frv. hefur farið í gegnum Ed. og hefur hlotið þar nokkrar breytingar. Helztu efnisákvæðin eru þessi: „Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslum á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.“ Þetta er raunar ekkert nýmæli. Hefur þótt nauðsyn að beita þessu til þess að hafa hemil á dýrtíðinni. Um þetta er líka ekki ágreiningur né skiptar skoðanir. Næstu tvö atriði brbl. eru nýmæli. 2. málsgr. 1. gr. hljóðar svo: „Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.“ Ekki var neitt frekar sagt í brbl. ríkisstj. En við umr. í Ed. var bætt við því ákvæði, þar sem ríkisstj. er skylt að sjá um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar, að viðbættum 25%, sé á boðstólum með lægra verðinu, og það er sett sem skilyrði fyrir vísitöluútreikningi. — Ég er þeirrar skoðunar, að ákvæði þetta muni orka tvímælis. Sú vara, sem hér kemur einkum til greina, er smjörið. Ekki er hægt að segja, að erfiðleikum sé bundið að selja innlendu framleiðsluna. En ef svo færi, að mjólkurframleiðslan yxi eitthvað verulega og salan minnkaði, þá gæti svo farið, að salan á innlenda smjörinu torveldaðist. Meiri hl. Ed. hefur ekki séð hættu á þessu og reynslan bendir ekki til þess, að óttast þurfi sölutregðu á innlenda smjörinu.

Þá er í 2. gr. frv. nýmæli, þar sem sagt er: „Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.“ Í brbl. stjórnarinnar var ekki tekið neitt fram um „ hið nægilega magn,“ en Ed. hefur aukið málsgr. m. a. um þetta. Ég býst ekki við, að það hafi neina praktíska þýðingu, hvor aðferðin er höfð. Stjórnin mun hlutast til um, að nægilegt magn af kjöti sé til. Ég sé ekki, hvaða skynsemd er í því að hindra, að sumarslátrun fari fram.

Ég legg höfuðáherzlu á, að reynt verði, að ketbirgðir verði geymdar. Það var gert í sumar eð var og kostaði að vísu dálítið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vil leggja til, að málinu verði vísað til fjhn.

Eysteinn Jónsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur að innihalda þau úrræði, sem ríkisstj. hefur í einu mesta vandamáli, sem til meðferðar hefur verið í langan tíma. Er því ástæða, ekki sízt eins og nú er ástatt, að fara þar um nokkrum orðum áður en frv. fer í nefnd.

Þegar núverandi ríkisstj. kom, setti hún sér það markmið að stöðva dýrtíðina. Ýmsir sáu þó missmíð á þessu þegar í byrjun. Það varð ágreiningur um þessi mál. Þeir, sem ekki vildu taka þátt í myndun ríkisstj., vildu strax gera ráðstafanir til að stöðva dýrtíðina, en hinir, sem sæti tóku í rikisstj., létu sér nægja orðin tóm. Ríkisstj. notaði sér tilboð frá landb. þannig, að hún lét verða stöðvun á verði landbúnaðarafurða, en hækkunin hélt áfram sums staðar annars staðar, og hélt ríkisstj. því fram, að það væri til samræmingar og mundi ekki hafa áhrif til hækkunar á dýrtíðina. Þetta var auðvitað tóm vitleysa, og reyndist hið gagnstæða, þegar þessi gamli leikur hófst á ný. Þegar gera átti skil þessum málum, kom í ljós, að kauphækkunaraldan, sem ríkisstj. kom á stað, hafði í för með sér hækkun á vísitölunni. Stóð nú ríkisstj. síðastliðið haust frammi fyrir þessu, og var það hennar að finna úrræði. Auðheyrt var þá, að skelkur var í herbúðum ríkisstj., og komu fram játningar frá stjórnarflokkunum, þess efnis, að aðalatvinnuvegur landsins þyldi ekki meiri dýrtíð.

Fjmrh. gefur svo sjálfur þá yfirlýsingu í lok Alþ. 1945, að sú stefna, sem farin væri, leiddi til glötunar og snúa yrði við. En það fór eins og við var að búast. Það varð minna úr framkvæmdum. Stjórnin kiknaði alveg og hélt áfram sama ráðaleysisfálminu og bætti við nýjum kákráðstöfunum, sem vakið hafa mikla gremju. Þessar ráðstafanir voru, að ríkisstj. lækkar einhliða verð landbúnaðarafurða, þvert ofan í vilja bænda, og skipaði búnaðarráð með gerræðisfullum aðferðum og fól því að ákveða verð landbúnaðarafurða. Og svo, til þess að dýrtíðin sæist ekki á vísitölu, var það tekið til bragðs að selja vöruna með tvöföldu verði og var þannig landsmönnum skipt í 2 hópa: þá, sem þoldu dýrtíðina, en hins vegar þeir, sem ekki voru taldir þola hana eins vel, áttu að fá uppbætur. Þrátt fyrir þetta hækkaði vísitalan og hélt ríkisstj. sér uppi frá mánuði til mánaðar með því að borga niður innlendar afurðir. M. ö. o., ríkisstj. hafði ekki vilja eða skorti skilning á, að breyta þurfti til. Þegar þetta frv. var lagt fyrir þingið og farið var fram á að halda áfram þessum niðurgreiðslum, bentu framsóknarmenn á, að ekki væri hægt að halda þessu áfram og að í þessu fælist engin lausn. Þeir gerðu það að tillögu, að sett yrði nefnd frá flokkunum, sem tæki málið til meðferðar og gerði till. um niðurfærslu dýrtíð-

arinnar og hvernig hægt væri að framkvæma allsherjar eignaframtal í landinu, svo sem í öðrum löndum, og rannsaka vangoldin gjöld til ríkisins. Það virtist koma hik á ráðherra, er þessi till. var flutt, og var eins og hann langaði til að vera henni meðmæltur. En ekki var Adam lengi í Paradís. Stuðningsmenn stjórnarinnar í Ed. ákváðu að drepa till. og felldu hana, fannst ástæðulaust að breyta til. Sunginn var áfram sami söngurinn, allt var í lagi, dýrtíðin hæfileg og engin ástæða til að snúa við. Svona stóðu málin er þm. fóru í páskaleyfi. En á meðan gerðust ýmsir óþægilegir hlutir. Það kom í ljós, að smáútvegurinn var orðinn svo aðþrengdur, að menn treystust ekki til að fara á vertíð nema hærra fiskverð fengist. Hvað gerði nú ríkisstjórnin? Fór hún að vinna að því að lækka dýrtíðina? Nei, hún fór áfram sömu leiðina, bætti við nýjum kákráðstöfunum og hækkaði fiskverðið um 5 aura, úr 45 aurum í 50 aura, og sagðist bera ábyrgð á 5 aurunum. Lofaði ríkisstj. að kaupa 5000 tonn af saltfiski við hærra verði en hægt er að selja saltfisk á, skv. upplýsingum atvmrh. Þessu hefur aðalblað ríkisstj. lýst þannig, að ríkisstj. hafi með þessu gert bráðabirgðaráðstafanir til að lækka dýrtíðina. Hér var vitanlega ekki um nema tvennt að ræða. Annaðhvort að snúa nú við og gera ráðstafanir til að lækka dýrtíðina, en það gerði ríkisstj. ekki, eða þá þessi leið, sem hún fór og er óhæf. Hæstv. ríkisstj. finnur þetta nú sennilega, og stafar hik hennar líklega af því. — Hvernig stendur á því, að hún hefur ekki enn lagt fyrir þetta þing till. um uppfyllingu loforðanna um að ábyrgjast 5 aurana? Hún hefur ekki leitað samþykkis fyrir því hjá þm. Finnur ríkisstj., hve óþægilegt það muni vera? Finnur hún það, að þá verður erfitt að segja, að dýrtíðin sé mátuleg, um leið og hún gerir slíkar ráðstafanir? Nú skyldi maður halda, að komið væri nóg og lengra væri ekki hægt að fara. Talsvert stór hluti af fiskiflotanum er ekki gerður út, vegna þess að ekki er hægt að fá sjómenn á flotann vegna dýrtíðarinnar.

Við munum eftir því, að ráðh. Sjálfstfl. hafa varið þátttöku sína í ríkisstj. með kommúnistum með því, að þeir væru svo sterkir, að það yrði að stjórna með þeim, og í öðru lagi, að kommúnistar mundu þá sýna aukna ábyrgðartilfinningu og mundu þeir taka þátt í að lagfæra, er nauðsyn bæri til. Nú liggur augljóst fyrir, í hversu stórkostlegan hnút öll atvinnumál þjóðarinnar er að reka vegna dýrtíðarinnar, og þá skeður það, að mennirnir, sem áttu að verða bjargvættir og var treyst með því að búa þá undir að gera gagn, þá skeður það, að þeir skera upp herör, ekki til lækkunar á dýrtíðinni, heldur til að hækka hana, auka verðbólguna með nýjum kauphækkunarkröfum og reisa nýja öldu dýrtíðar í landinu. Það gerist það sama og áður, og ekki er sjáanlegt annað en að aðrir, sem taka þátt í ríkisstj., ætli að vera samsekir um að reisa nýja verðbólgu í landinu, hvað sem því nú veldur; sennilega er það margt, e. t. v. metnaður þeirra manna, sem hafa bundið nöfn sín í þessu fáránlega samstarfi, um að halda því áfram. Því að ekki má með nokkru móti spilla stjórnarsamvinnunni, því að þá verður maddömu Framsókn skemmt. Hér koma fram óheilindi og sundurgraftar starfsemi. Það er ekki einu sinni reynt að halda því fram, að þetta sé nauðsynlegt, því er ekki lengur borið við. Nei, samstarfið verður að halda áfram, því að annars er þeim skemmt, sem hafa gagnrýnt það.

Það er augljóst mál, að það, sem nú er að gerast, leiðir af sér nýja verðbólguöldu, það hlýtur mönnum að vera ljóst. En aðeins eitt vakir fyrir ríkisstj., og það er að reyna að hanga, það er eina samkomulagið innan ríkisstjórnarinnar. Lítum nú á, hvernig ástatt er í landinu. Stjórnin hefur sagt, að ekki væri nauðsynlegt að lækka dýrtíðina, en á sama tíma hvetur hún menn til að ráðast í framkvæmdir og veitir til þess stórlán. Hugsunarhátturinn er að leggja fé í framkvæmdir meðan allt er á hápunktinum. Jæja. Svo, þegar menn eru búnir að framkvæma, þá eiga menn að standa skil á skuldunum. Aldrei hefur verið heil brú í þessu. Framsóknarmenn hafa viljað skapa fastan grundvöll, það átti að byrja á því að lækka dýrtíðina, en ekki, eins og ríkisstj., að hækka allt. — Það eru nú alveg síðustu forvöð að hefjast handa, ef hindra á fleiri óhöpp. Þetta frv. er aðeins innsigli á kák ríkisstjórnarinnar. Í stað þess að afgr. þetta frv., ætti að hefjast handa um undirbúning niðurfærslu dýrtíðarinnar. Ætti nú þegar að setja hæfustu menn til að undirbúa allsherjareignaframtal til að byggja á fjárhagsgrundvöll.

Eitt er og enn, og það er fjárlagaafgreiðslan. Fjárl. eru afgr. með 30 millj. kr. greiðsluhalla og nú rignir yfir nýjum útgjöldum úr ríkissjóði, ríkisábyrgð, sem mun nema um 100 millj. kr. Þetta sýnir glögglega öngþveitið, og eitt er gleggst, sem sýnir ráðaleysi ríkisstj., og það er að hún hefur gefizt upp við fjáröflun til nýsköpunar. Almenningur vill ekki leggja fá í nýsköpun, vegna framkomu ríkisstj. Í rottuholurnar hefur ekki verið farið enn. Stjórnin þorir ekki að bjóða út almenna lántöku, því að hún heldur, að almenningur vilji ekki taka þátt í því. Alls staðar er sama upplausnin og sama úrræðaleysið, því að innan ríkisstj. ríkir öngþveiti og ósamkomulag um allt, nema það, að hún verði að sitja áfram. Það er eina samkomulagið. Þess vegna flýtur allt áfram í sama sukkinu, hvar sem litið er.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég sé ekki annað en að það eina, sem hægt sé að gera og vit væri í, sé að breyta nú um stefnu, reyna að gera hreint upp og fá grundvöll undir heiðarlega fjármálastefnu, sem menn fengju traust á, og þetta verður að gerast nú þegar. .... Eina ástæðan fyrir þessu er sú, að kosningar eru framundan. Það má þykja skiljanlegt, að stjórnarliðum finnist hart að snúa við og viðurkenna, hvernig komið er, en slíkur hugsunarháttur er ekki leyfilegur. Ég vil benda þeim mönnum, sem þannig hugsa, á þær geigvænlegu afleiðingar, sem það getur haft í för með sér, ef þessi leikur verður leikinn fram yfir næstu kosningar, en lengur er ekki unnt að sitja í súpunni. — Ég vil beina því til þeirra, sem nú orðið sjá, hvert komið er og hvert stefnir, að þeim ber skylda til að stinga nú við fótum og láta staðar numið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég verð að segja það, að ég skil ekki, hvað það er í þessu frv., sem gefur hv. 2. þm. S.-M. tilefni til að halda þá ræðu, sem hann flutti nú, nema ef vera skyldi sú ástæða, að hann notar hvert tækifæri til að breiða sig út yfir dýrtíðarbölið, sem hann nefnir svo.

Þetta frv. gengur mjög í sömu átt og l., sem hafa gilt undanfarið. Það er annað frv., sem nú liggur fyrir Alþ., sem frekar gæfi tilefni til að ræða þau atriði, sem hv. þm. gat um. En þó vil ég benda á, að það lægi nær fyrir þennan hv. þm. að minnast þess, að á meðan hans flokkur fór með fjármálastjórn, óx dýrtíðin miklum mun hraðar en í tíð núverandi stjórnar. Mér virðist harla furðulegt að heyra slíkan söng af vörum þessa hv. þm. — Þá væri fróðlegt, ef hann vildi benda á einhver lönd, þar sem dýrtíðin hefur ekki vaxið undanfarið, eða hvort hann veit til, að kaupgjald hafi nokkurs staðar lækkað. Þegar hv. þm. hefur svarað þessu, skal ég ræða við hann um þessi mál. Þm. sagði, að kaupgjald hefði yfirleitt hækkað í tíð núverandi ríkisstj., en honum er fullkunnugt um, að sú hækkun, sem varð, var einungis til samræmis og var um það samið áður. — Þá heldur hann því fram, að verð á landbúnaðarvörum hafi lækkað, en þó veit hann, að sú kauphækkun, sem hann vítir svo mjög, skapaðist að nokkru af því, að landbúnaðarvörur hækkuðu í verði á síðastliðnu hausti. Hann lét þess getið, að ég hefði fyrir ári síðan sagt, að breyting yrði að verða á með niðurgreiðslur vegna dýrtíðarinnar. Ég er enn þá sömu skoðunar. En það er ekki rétt hjá þessum hv. þm., að ekkert hafi verið gert til þess að lækka niðurgreiðslurnar. Þetta er ekki rétt, eins og hv. þm. veit. Upphæð sú, sem ríkissjóður ver til niðurgreiðslu, er miklum mun lægri en áður hefur verið, þótt ég geti fallizt á, að meira hefði þurft að gera, en ef haldið verður áfram eins og nú er byrjað, þá verður þess ekki mjög langt að bíða, að niðurgreiðslurnar hverfi. Annars virðist mér þýðingarlaust að ræða við hv. 2. þm. S.-M. um það, hvað væri ákjósanlegast. Það er augljóst, að það er þýðingarlaust að tala um niðurfærslu dýrtíðarinnar á meðan flestar stéttir óska ekki eftir lækkun á dýrtíðinni.

Þá drap hv. þm. á þá ábyrgð, sem ríkið tekur á sig með því að ábyrgjast greiðslu til útvegsins fyrir útfluttar afurðir. Það er rétt, að ríkið tekur á sig mikla ábyrgð með þessu, en það er ekki svo auðvelt að neita um slíka ábyrgð, einkum þegar þess er gætt, að hliðstæð ábyrgð hefur áður verið veitt vegna útfluttra landbúnaðarafurða.

Ég sé ekki ástæðu til að taka hér upp umr. um afgreiðslu fjárlaganna. Ég ætla ekki að mæla afgreiðslu þeirra bót, en um það verður ekki breytt héðan af, og hv. 2. þm. S.-M. átti sinn þátt í afgreiðslu þeirra. Ég meira að segja efast um, að aðrir hv. þm. hafi greitt atkv. með fleiri hækkunartill. en hann, og fer því ekki vel á, að hann tali um fjárglæfra í þessu sambandi. Þessi hv. þm. fór um 6 ára skeið með fjárreiður ríkissjóðs, og þótt afgreiðsla síðustu fjárl. væri ekki ákjósanleg, þá mun þó hagur ríkissjóðs vera betri nú en þegar hann skilaði af sér.

Í hinni löngu ræðu hv. 2. þm. S.-M. kom ekki fram nein gagnrýni á efni þessa frv. Ég hef áður lýst yfir því, að ég tel þessa niðurgreiðsluleið neyðarúrræði, illa nauðsyn. Ég hef jafnframt drepið á, að ég hef leitazt við að snúa af þessari braut, og ef árlega vinnst eins á eins og á þessu ári, verður þess ekki langt að bíða, að þetta fyrirbrigði hverfi að fullu, og í leiðinni að því marki er ég fús til að hafa samvinnu við hv. 2. þm. S.-M.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék að því í ræðu sinni hér, að það mundi liggja eins nærri eða jafnvel nær, skildist mér, að gefa skýringu á því, af hverju dýrtíðin óx meira á þeim tíma, sem ég átti sæti í ríkisstj., heldur en nú síðustu árin, og það mundi hafa meiri þýðingu fyrir Alþ. að vita það en að eyða tíma þingsins til þess að vita, hvernig nú væri ástatt og hvernig hæstv. núverandi fjmrh. héldi á þessum málum. Þetta virðist mér ákaflega einkennilegur hugsunarháttur hjá hæstv. fjmrh. Því að þó að það skipti miklu, hvernig þetta stóð fyrir sex eða sjö árum, þegar ég átti sæti í ríkisstj., þá virðist hitt þó skipta meira máli, hvernig þetta stendur nú og hvers má vænta af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. er að gera. Þetta bendir mér á, að hæstv. fjmrh. vilji ekki ræða, heldur draga athygli frá því, sem nú er að gerast, og virði ég honum það til vorkunnar. — Annars voru margar ástæður til þess, að dýrtíðin óx á árunum 1940—1942 eða út árið 1941, sem hann nú þekkir margar mjög vel. En ég get sagt hæstv. ráðh. það — ég veit ekki, hvort það verður í 10. eða 20. skipti — að meginástæðan til þess, að ekki var strax á árinu 1940 gerð alvarleg tilraun til þess að sporna við þeirri hættu, sem aukning dýrtíðar hefur í för með sér, var sú, að þeir tveir ráðh., sem áttu sæti í ríkisstj. þá úr Sjálfstfl., neituðu algerlega ekki aðeins að vera með róttækri löggjöf til þess að nota stríðsgróðann til þess að hamla á móti dýrtíðarhækkuninni, heldur með því að neita að samþ. framkvæmd þeirra dýrtíðarlaga, sem loks fékkst fram vorið 1940 og átti að vera til þess að sporna á móti hækkun dýrtíðarinnar. Og í hvert skipti sem upp á því var stungið í ríkisstj. að hefjast handa fyrir alvöru í þessum málum, þá stóð í því efni á fyrrverandi starfsbræðrum minum í ríkisstjórninni. Og ástæðan til þess, að ég fór úr ríkisstj. árið 1942, var sú, að ég vildi ekki bera ábyrgð á því, að ekkert væri gert í þessum málum. Og að stjórnin sagði af sér haustið 1941, var af því, að ég og samstarfsmaður minn í ríkisstj., hv. þm. Str., við vildum ekki bera ábyrgð á því, að ekkert væri gert af viti eða neinni fyrirhyggju til þess að koma í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar. Síðan var gerð tilraun til þess af Sjálfstfl. að stöðva þessa öfugþróun árið 1942, og allir vita, að Sjálfstfl. sveikst undan merkjum, þegar verst stóð á, og þurrkaði burt þau bönd, sem bundu flokkana saman, og lagði á þá braut, sem hann hefur runnið á síðan — ekki gengið, því að hann hefur runnið, verið á flótta —, og þá óx dýrtíðin á einu ári

undir stjórn núverandi hæstv. forsrh. um meira en helming. Og síðan hefur þessi þróun haldið í sömu átt, með meiri og minni hraða, þó að fyrir hafi legið skýlausar yfirlýsingar um, að Sjálfstæðisflokksmenn hafi ætlað að stöðva dýrtíðina.

Þá spurði hæstv. fjmrh., hvort ég þekkti nokkurt land, þar sem hægt væri að fá fram lækkanir á kaupi meðan atvinnuvegirnir geta borið kaupgjaldið, eða hafa ekki stöðvazt, skildist mér. Ég er nú ekki svo kunnugur í öðrum löndum. En í fyrsta lagi vil ég benda hæstv. ráðh. á það, sem hann ætti að vera farinn að heyra, vegna þess að það hefur verið endurtekið svo oft, að það er enginn að stinga upp á kauplækkun eingöngu í sambandi við dýrtíðina, heldur að fram fari í landinu allsherjar lækkun allra þeirra liða, sem gera verðmyndun. Þess vegna er þessi spurning hæstv. ráðh. algerlega út í hött. En fyrst hæstv. ráðh. spurði þannig, vil ég nota þessa spurningu til þess að spyrja hann aftur: Ber að skilja það svo, að hann sé með þessu að halda því fram, að íslenzkir atvinnuvegir þoli það kaupgjald og þá dýrtíð, sem nú er? Ég held, að hæstv. fjmrh. verði annaðhvort að játa, að þessi spurning hans hafi verið að öllu leyti markleysa, eða hann verði að svara þessari spurningu jákvætt og halda því fram, að undanfarið hafi svo verið ástatt, að íslenzka framleiðslustarfsemin hafi þolað og þoli þann framleiðslukostnað, sem hefur verið hér á landi, og verðbólgu þá, sem við nú búum við. Og þetta væri hreinleg játning af hendi hæstv. fjmrh., sem er líka landbrh., — og ég veit ekki hvað meira. — Ég hélt, að þessi hæstv. ráðh. vissi það og játaði það a. m. k. í hjarta sínu, að þessu er einmitt öfugt farið og dýrtíðin er búin að vera allt of mikil fyrir íslenzka atvinnuvegi í mörg missiri. Samt er stefnt til þess að auka hana. Og það þarf ekki langt að fara til þess að fá játningu um það efni. Hvers vegna hafa verið borgaðar úr ríkissjóði stórar fjárfúlgur til þess að halda niðri verðlagi og kaupgjaldi? Er það ekki af því, að verðlagið sé of hátt fyrir atvinnuvegina? Hvað mundu bændur segja um þetta, sem þannig er ástatt fyrir, að þeir fá, vegna aðgerða hæstv. ráðh., ekki það verð, sem þeim er ætlað eftir mati sex manna n.? Hvernig stendur á því? Það er af því, að hæstv. ráðh. segir: Verðlagið má ekki vera eins og sex manna n. gerði ráð fyrir, vegna þess að það hefur áhrif á kaupgjaldið til hækkunar og það er of hátt. Er þetta ekki enn ein játning í þessu efni? (*Fjmrh.:* Hver fór austur á Skeiðin?). Ég fór þangað, til þess að segja, að verðlagið væri of hátt fyrir framleiðsluna, alveg eins og kaupgjaldið. Ég hef ekki snúizt eins og nafar í gati, eins og hæstv. ráðh. hefur gert í þessu máli. Ég hef ekki sagt eitt í dag og annað á morgun í þessu efni. Ég hef reynt að skapa þá skoðun í landinu, að hér sé stefnt í óefni, og hef ekki sungið eitt í dag og annað á morgun um þá hluti. Ég hef tekið á mig þær óvinsældir, sem því eru samfara að segja sannleikann í þessum efnum, alveg frá byrjun. Og það er ekki aðeins þetta, sem færa má fram til stuðnings því, hve fáránlegt þetta skraf hæstv. fjmrh. er. Það má líka benda í þessu sambandi á það, hvernig ástatt er um sjávarútveginn. Og hvernig er ástatt um sjávarútveginn? Hvernig stendur á því, að útvegsmönnum dugar ekki 45 aura verð fyrir fiskinn? Hvernig stendur á, að hæstv. ráðh. verður að koma hér og segja: Var rétt að stöðva útgerðina nú? Var rétt fyrir ríkisstjórnina að stöðva útgerðina nú? Var ekki réttara fyrir ríkisstjórnina að taka á sig ábyrgð á því að ákveða verðhækkun á fiski ?— En hvers vegna þurfti þessi verðhækkun að eiga sér stað? Af því að framleiðslukostnaður og verðlag var orðið of hátt. Það er vegna þess, að hæsti markaður, sem fáanlegur er fyrir fiskinn, nægði ekki til þess, að útgerðarmenn fengju nóg verð fyrir hann. Og hæstv. fjmrh. segir svo, að almenningur í landinu fallist ekki á að lækka dýrtíðina, þar sem fyrir liggi það ástand í landinu, að atvinnuvegirnir þoli það verð, sem nú er. Svo segir þessi sami hæstv. ráðh. í sömu ræðunni: Var rétt af ríkisstj. að láta útgerðina stöðvast? Var ekki réttara að gera þessar ráðstafanir? Það var vitanlega sjálfsagt, að ríkisstj. gerði ráðstafanir til þess, að útgerðin héldi áfram. En það var ekki um þessa leið eina að ræða til þess, og sannleikurinn er, að það framlag, sem lagt var fram í þessu efni, var ekki sjávarútvegsins vegna. Það var hægt að fara aðra leið fyrir sjávarútveginn í þessu efni, að lækka framleiðslukostnaðinn, leið, sem sjálfsagt var að fara. Þetta fé, sem reitt verður fram, ef á þarf að halda, og þessi ábyrgð er ekki gefið vegna sjávarútvegsins, heldur til þess að ríkisstj. geti hangið við völd nokkrum mánuðum lengur. Núverandi hæstv. ríkisstj. gat ekki tekið öðruvísi á málinu, og þess vegna verður að fara þessa bráðabirgðaleið, til þess að það komist ekki upp fyrir kosningar, hvernig ástatt er.

Hæstv. fjmrh. minntist ekkert á þau nýjustu afrek, sem verið er að vinna til þess að stöðva dýrtíðina, þ. e. a. s. þær kröfur, sem nú eru frammi varðandi nýjar kaupgjaldshækkanir. (*Fjmrh.:* Það er ekki vert að ræða það of mikið hér). Það er óhætt að minnast á það. Hæstv. fjmrh. endurtók það, að ekki hefðu átt sér stað almennar kaupgjaldshækkanir í landinu á undanförnum árum, heldur hækkanir á kaupgjaldi til samræmingar. En er það þá til samræmingar, sem nú er krafizt um kauphækkanir? Er það til samræmingar því, sem hæstv. fjmrh. og landbrh. hefur gert í verðlagsmálum landbúnaðarins? Er það til samræmingar við kaupgjald, sem nýbúið er að samræma annars staðar á landinu? Er það til samræmingar við tekjur hlutarsjómanna? Er það til samræmingar við afurðaverðið? Nei, það er ekkert af þessu, heldur er það byrjun á nýju ósamræmi, nýrri dýrtíðaröldu og nýjum ófagnaði. Hitt er svo sú sorglega hlið á því máli, að þeir, sem krefjast þessara hækkana, hafa allt of mikið til síns máls um það, að þeim veiti ekki af þeim fjármunum, sem þeir með kröfum sínum keppa eftir að fá. Og það er af því, hvernig hefur verið haldið á skiptingu stríðsgróðans. Það er auðvitað hart á því, að maður, sem hefur 1200—1300 kr. á mánuði í kaup, geti komizt af. Það hefði reyndar þótt fyrirsögn fyrir nokkrum árum, ef sagt hefði

verið, að svo mundi verða haldið á málum í þessu efni, að til þess mundi leiða, sem nú er fram komið. Það var gert lítið úr þeirri hættu, sem af verðbólgunni stafaði, og því haldið fram, að það væri verið með dýrtíðinni að skipta stríðsgróðanum. Og þeir, sem vöruðu við þessu, voru kallaðir afturhaldsmenn og verkalýðsböðlar, þeir, sem töldu það böl, að framleiðslukostnaðurinn hækkaði svo mjög, og héldu því fram, að eftir stríð mundi allt viðkomandi framleiðslu keyrast í hnút fyrir það, að framleiðslukostnaður væri of hár, svo að framleiðslan bæri hann ekki. Og hver er svo staðreyndin? Og hvernig er t. d. ástatt um húsaleigukostnaðinn í Reykjavík? Hér er verið að byggja, og ríkisstj. heldur við mátulegri verðbólgu meðan verið er að byggja. Þetta mun heita nýsköpun. Og hvernig verkar þessi nýsköpun? Margir verða að borga fyrir greni 400—500 kr. á mánuði. Hvernig kemur þetta út hjá mönnum, sem hafa 1300 kr. í kaup á mánuði? Þeir verða alltaf fleiri og fleiri, sem verða að búa við þessa nýsköpun. Og svo segja menn: Okkar tekjur eru ekki svo miklar, að við þolum þessa hækkun, og svo heldur svikamyllan áfram með hækkun kaupgjalds og vöruverðs á víxl. En þeir, sem standa á gömlum merg, hafa hagnazt í skjóli þess eymdarfyrirkomulags, sem átt hefur sér stað í þessum efnum, og hagræða sér svo eftir að skipting stríðsgróðans hefur staðið hæfilega lengi og verðbólgan verið mátulega mikil. — Þannig er sú svikamylla, sem hér hefur verið látin mala. Afleiðingarnar eru að koma í ljós. En þeir, sem prédika fyrir mönnum um blessun verðbólgunnar, mega ekki heyra þetta nefnt. Og markmiðið er það eitt að vaða áfram í sukkinu og stefna að því marki að láta sem minnst á þessu bera fram yfir kosningar. Það er nú eina markmiðið Og sú stefna, sem mörkuð er með þessu dýrtíðarfrv., sem hér liggur fyrir, er þessi stefna, ef stefnu skyldi kalla. — Svo kemur hæstv. ráðh. og segir: Vill hv. þm. S.-M. benda mér á, hvernig það gengur í öðrum löndum að fá kauplækkanir, þegar atvinnuvegirnir geta borið það kaupgjald, sem greitt er? Og svo skýtur hann fram í, þegar ég er að tala um kröfurnar, sem nú eru uppi um kaupgjaldshækkanir hér: Er ekki rétt að tala sem minnst um það, sem hér er að gerast í þessu hjá okkur? En ég held, að það væri einmitt full ástæða til að tala um það hér. Og ég hef ekki orðið var við, að það þyrfti að ganga á sokkaleistunum, þegar menn hafa verið að skalta og valta með verðlagsmálefni bændanna eins og þeim hefur sýnzt. Og svo sagði hæstv. fjmrh., að flestar stærstu stéttir landsins óskuðu ekki eftir lækkun á dýrtíðinni. Mikið er að heyra þetta. Ég dreg í efa, að hæstv. ráðh. segi satt. Hitt hygg ég miklu nær sanni, að þó að þessum hæstv. ráðh. og öðrum mönnum ýmsum hafi orðið það á að ganga lengra í því að prédika fyrir mönnum blessun dýrtíðarinnar, verðbólgunnar og þess ástands, sem nú er þessu samfara hjá okkur, að þá séu hinir fleiri, sem sjá í gegnum þetta skraf og vita meira um það, hvernig ástandið er í raun og veru í landinu, en jafnvel þeir, sem bera þetta upp í sig. Ég held, að menn í sjóþorpum sjái, hvernig komið er fyrir sjávarútveginum, og vilji ekki taka undir þetta með hæstv. fjmrh. Ég held, að bændur landsins mundu heldur ekki taka undir þessi orð hæstv. fjmrh. Og mér er nær að halda, að sístækkandi hópur launamanna landsins, bæði innan og utan verkalýðsfélaganna í landinu, mundi ekki taka undir þessi orð hæstv. ráðh. Og ég held, að svona sé það þrátt fyrir þá prédikun, sem stjórnarflokkarnir hafa haldið uppi um ágæti þessa ástands. Ég held, að staðreyndirnar hafi talað hærra máli en málpípur ríkisstjórnarinnar. Þetta er mín skoðun. Og ég held, að það yrði vel séð í landinu að yfirgefa glæfrastefnu þá, sem í þessu efni hefur verið haldið fram og farið eftir, og snúið væri við. Ég held, að þjóðin mundi kunna að meta það, ef henni væri sagt satt í málinu, fremur en að dylja hana um ástandið og reyna að fá menn til þess að trúa á ágæti dýrtíðarinnar og verðbólgunnar. Ég held þess vegna, að hæstv. fjmrh. ætti að endurskoða þessa skoðun sína. Ég held, að ástandið sé þannig í þessum efnum, að flestum ofbjóði það og að menn beri mikinn kvíðboga fyrir því, hvernig fara muni nú á næstu missirum. Og ég held, að menn mundu miklu heldur vilja, að reynt væri að taka þessum málum skynsamlega en að látið sé undan síga á þann hátt, sem gert er. Ég held, að verkamenn í Dagsbrún og verkalýðsfélögunum, sem nú eru að fara fram á kauphækkanir, geri það vegna þess, að undir þeirri forustu, sem nú er í landsmálum, þá haldi þeir, að skárri úrræðum sé ekki hægt að koma fram, en að þeir hafi þó alls ekki neina tröllatrú á þessu úrræði. Og ég held, að þeir mundu hafa miklu meiri trú á því að nema nú staðar og breyta alveg um stefnu, ef jafnhliða væru gerðar ráðstafanir í þjóðfélaginu, sem þeir gætu sætt sig við, ráðstafanir til þess að gera þá breyt. á verðlagi í landinu yfirleitt, sem þarf til þess að menn geti lifað. En þetta verður erfiðara og erfiðara með hverjum deginum, sem líður, af því að mikið fé hefur verið fest í tryggingum og öðru, meðan allt stóð sem hæst. En ég held, að því fari fjarri, að það sé lengur nokkur veruleg trú á því í landinu, að það sé blessun fyrir menn, að þetta gangi eins og það er. Ég er alveg á gagnstæðri skoðun við hæstv. fjmrh. um þetta. Ég held, að flestar stærstu stéttir landsins óski í raun og veru eftir lækkun dýrtíðarinnar. Og ég beinlínis ákæri hæstv. fjmrh. og engu síður aðra af þeim, sem hafa unnið með honum, fyrir það að hafa gert tilraunir til þess að fá menn til þess að láta sér lynda það ástand, sem verið hefur, í stað þess að fá menn til þess að líta á það sem böl, sem þyrfti að lækna. Það er alveg óskaplegt að hugsa til þess, að heilir hópar forustumanna þjóðarinnar skuli hafa gengið fram fyrir skjöldu síðustu missirin til þess að fá menn til þess að líta svo á, að það sé einhver blessun, hvernig gengið hefur um fjárhags- og viðskiptamálin í landinu, og sérstaklega þegar þess er gætt, að í hópi þeirra manna eru menn, sem nokkrum missirum áður og sumir örstuttu áður höfðu ekki átt nógu sterk orð til að lýsa því böli, sem af verðbólgunni stafaði að þeirra áliti. Það er alveg furðulegt, að annað

eins skuli geta hafa átt sér stað eins og sú kúvending, sem þar hefur orðið. Hvar er hægt að finna öruggari vott alvöruleysis?

Ég minntist hér með nokkrum orðum á afgreiðslu fjárl., svo sem til þess að benda á það atriði einnig í sambandi við þessar deilur, sem staðið hafa um stefnu í fjárhagsmálunum. Hæstv. fjmrh. notaði nú tækifærið til þess að hreyta að mér nokkrum orðum í því sambandi og sagðist ekki vita, hvort nokkur þm. hefði greitt atkv. með fleiri hækkunartill. við fjárl. en ég. Í raun og veru er þetta aukaatriði, hvað gerist um einstakar till. í sambandi við fjárl. Því að við vitum það allir, sem hér erum inni, að það, sem gerir fjárl. svona óviðráðanleg og svona gífurlega há, er það, hvernig ástatt er í landinu um verðbólguna. En ég sá nú ekki betur en að það félli í hlut stjórnarandstöðunnar við þessa fjárlagaafgreiðslu — og þá ekki síður fyrri fjárlagaafgreiðsluna, sem þessi hæstv. ráðh. hefur verið við riðinn, — að bjarga hæstv. ráðh. frá ábyrgðarleysi sumra þeirra, sem þykjast styðja þá stjórn, sem hann starfar í. Og ég vil minna þennan hæstv. ráðh. á það, að áður en fjárlagaafgreiðslan fór fram, bauð ég honum fyrir hönd stjórnarandstöðunnar samvinnu við fjárlagaafgreiðslu við 3. umr., til þess að koma í veg fyrir, að sá ógurlegi flaumur af brtt., sem fyrir lá, yrði samþ. Þetta samkomulag átti að standa með fjvn. um þessi mál og taka einhverjar till., eftir samkomulagi við n., til samþykktar, sem nauðsynlegastar væru frá almanna sjónarmiði, og samþ. þær til viðbótar. En hæstv. fjmrh. sagðist ekki geta ráðizt í þetta samkomulag, af því að hann gæti ekki ráðið við sitt lið. Þess vegna vil ég ekki, að hæstv. fjmrh. sé að núa mér því um nasir, að ég hafi greitt atkv. með kannske óhæfilega miklu af brtt., að hans dómi. Hæstv. fjmrh. hafði ekki vald á því að gera samkomulag um þetta, af því að einstakir menn í liði ríkisstj. kröfðust þess að fá sérstök hlunnindi fyrir sín kjördæmi í sambandi við afgreiðslu fjárl., vegna kjósendanna, þ. á m. hv. þm. A.-Húnv. og ýmsir fleiri, sem kröfðust þessa, sjálfsagt fyrir það, hve dyggir þénarar ríkisstj. þeir væru. Og þeir fengu samþ. brtt., sem hv. fjvn. taldi ekki í samræmi við annað í sínum brtt. Þetta mun vera ástæðan til þess, að ekki var hægt að hafa þetta samkomulag við atkvgr. um fjárl. Og það var ekki nægilegt víðsýni til staðar á hæstv. Alþ. til þess, að þm. stjórnarandstöðunnar fengju hliðstæð fríðindi fyrir sín kjördæmi, og þess vegna var ekki hægt að hafa um þetta allsherjarsamkomulag. — Þetta segi ég að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh. Og ég man svo langt, að á árunum þegar meiri hl. Alþ. var svo skipaður, að hann hafði aðeins eitt atkv. fram yfir minni hlutann, þá varð að gera mikil samtök um afgreiðslu fjárl. Þá komst það í það horf, að reynt var að gera öllum jafnt undir höfði, stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum, sem gagnrýndu fjármálastjórnina. Þeir vissu, að fjárl. þoldu ekki þessar greiðslur, en fluttu þessar till. samt. Og til þess að bjarga fjárl., þá urðum við stundum að greiða atkv. á móti framkvæmdum í okkar eigin kjördæmum. Þá var kreppa í landinu, en nú er það ekki, þótt margt hafi verið gert til þess að búa til kreppu. Þá hagaði stjórnarandstaðan sér eins og ég gat um áðan.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég ætti að hugsa um, hvernig hefði verið ástatt um fjárhagsmálin fyrir 6—7 árum, og ráðh. var talsvert dryldinn yfir því, að viðskilnaðurinn hjá sér yrði talsvert betri, þegar hann yfirgæfi þetta sæti, heldur en hjá mér. Ég vil aðeins segja hæstv. ráðh. það, að ef svo á að verða, þá ætti hann að fara sem fyrst. Þetta er vinsamleg aðvörun. En viðvíkjandi þesum samanburði, sem hæstv. ráðh. gerir svo mikið af, — hann virðist hafa svo gaman af að tala um söguna —, þá skal ég gera honum það til geðs að minnast á þetta. En fyrst vil ég segja það, að ég sé ekki, að það komi mikið þessu máli við, hvernig ástandið var hér fyrir 6—7 árum. En það er undarleg tilhneiging að vilja endilega fá það rætt, sem var gert fyrir löngu. En ekki skal ég víkjast undan því. Þegar ég tók við fjármálastjórninni 1934, var þannig ástatt, að Íslendingar voru í þann veginn að missa markaði þá, sem þeir höfðu haft fyrir aðalframleiðsluvöru sína, saltfiskinn, og hallinn á ríkisreikningunum var um 1½ millj. kr., þegar ég tók við. Skiljanlega skapaði þetta gífurlega erfiðleika. En þrátt fyrir þessa erfiðleika, sem mörgum fannst vera óyfirstíganlegir og voru vissulega þungbærir, tókst að snúa þessum 1½ millj. kr. halla upp í verulegan tekjuafgang. Ég hygg, að síðasta árið hafi verið 1½ millj. kr. tekjuafgangur. Það þótti mikið í þeirri tíð, auk þess sem verulega jukust verklegar framkvæmdir. En til þess að koma þessu í framkvæmd, varð að leggja á nýja skatta, enda vantaði engan veginn, að hæstv. núv. fjmrh. og margir aðrir deildu mjög á það og kölluðu það skattabrjálæði. En þetta var ill nauðsyn. Efnahagur ríkissjóðs batnaði því verulega á þessu tímabili, og skuldir þær, sem á honum hvíldu, lækkuðu, þrátt fyrir auknar framkvæmdir. Ég ber því engan kinnroða fyrir þetta, heldur þvert á móti. En þegar ég lét af þessari stöðu, tók við fjmrh. úr hópi sjálfstæðismanna, og hefur sá flokkur stjórnað þessum málum um 6 ára skeið. Á þessum árum hafa þjóðartekjurnar margfaldazt. Hundruð millj. kr. hafa streymt inn í landið frá uppsprettum, sem áður voru algerlega óþekktar. Samt er nú þannig ástatt, að ríkissjóður á ákaflega lítið handbært fé. Og á þessu litla handbæra fé hvíla kröfur úr öllum áttum. Þannig eru ástæður ríkissjóðs áreiðanlega ekki betri nú en í upphafi þessa tímabils. Þetta er glæsilegur árangur, eða hitt þó heldur, eftir 6 mestu uppgripaár, sem íslenzka þjóðin hefur lifað. Þetta er ekki lítið til að státa af. — Nú, einhver mundi nú halda, að þetta stafaði af því, að Sjálfstæðisfl. hefði tekið rögg á sig og lækkað stórkostlega skattana á þjóðinni, þá skatta, sem voru neyðarúrræði kreppuáranna. En er þessu þannig farið? Nei. Allir tollar, sem giltu fyrir styrjöldina, og allir skattar hafa verið framlengdir og nýjum sköttum bætt ofan á. Og ef þetta dæmi væri gert hreinlega upp, mundi það koma á daginn, að yfirleitt hafa skattarnir og tollarnir verið hlutfallslega hærri á þessu tímabili en á kreppuárunum fyrir styrjöldina. Ég

mun því hvorki blikna né blána vegna samanburðar við þessi afrek hæstv. núv. fjmrh. og flokksbræðra hans í sambandi við þessi mál. Ef þessum málum hefði yfirleitt verið stjórnað, ég segi bara stjórnað, því að þetta hefur verið látið ganga stjórnlaust áfram í einhverjum endemis amlóðahætti, þá væri ástandið ekki það, sem það er í dag. Ríkissjóður ætti nú að vera fjársterkasti aðili landsins og eiga tugi milljóna kr. Ef svo væri, þá þyrfti ekki þessi leiða setning: Ríkisstjórninni er heimilað að taka lán allt að ...., að standa aftan við hvert frv., sem nú er samþ. og krefst fjárframlaga. Þetta er nú hinn glæsilegi árangur af fjármálastjórn þessara manna.

Ég minntist með örfáum orðum á nýsköpunina, og skal ég ekki fara langt út í það. Hver er eiginlega þessi nýsköpun? Hún er þessir 30 togarar, sem ríkisstj. hefur keypt, og nokkrir mótorbátar, sem ríkisstj. hefur samið um byggingu á. Og ástandið er nú þannig með þessi tæki, að ríkisstj. er í vandræðum með þau, enda ekki að furða, eins og búið er í haginn. Það er varla hægt að fá nokkurn mann, sem á fé, til að kaupa þessi tæki, en aðrir vilja fá þau, ef ríkissjóður vill ábyrgjast nærri allt andvirði þeirra. Þetta er heldur glæsilegur vottur um trú manna á nýsköpunina og framtíðina, eins og hún er undirbúin af hæstv. núverandi ríkisstjórn. Og ríkisstj. hefur haldið svo meistaralega á þessu máli, að þegar hún kaupir til landsins þessa 30 togara, gerir hún það fyrir miklu hærra verð en nokkur vitglóra var í, eftir því sem sumir segja. Og ekki datt hæstv. ríkisstj. í hug að bera þetta mál undir þá aðila, sem á undanförnum árum hafa fengið að safna tugum milljóna kr. í varasjóði, er ætlaðir voru til að kaupa þau tæki, sem nauðsynlegt er að kaupa snemma, en hlutu að verða dýr. Ríkisstj. átti að segja við þessa aðila: Við höfum nú fengið tilboð um 30 togara, og nú segið þið, hvað þið viljið fá marga. Segið þið nú til, hvort þið viljið nota þetta fé, sem hefur verið skattfrjálst af hálfu þjóðfélagsins, til þess að kaupa þessi skip og taka þannig þátt í nýsköpuninni. En þetta gerði ríkisstj. ekki. Hún keypti skipin án þess að ráðfæra sig við nokkurn mann. Og hún undirbýr framtíðina þannig, að enginn vill nærri þessum skipum koma, sem eitthvert fjármagn á. Nú, þegar hún svo situr með þetta allt, þá reynir hún að velta þessu yfir á þjóðina með því að setja upp stórfellda lánsstofnun og gera sérstakar ráðstafanir fyrir þá staði, sem ekkert fjármagn eiga. Eins og komið er, verður að leysa einhvern veginn úr þessum málum. Það verður að koma einhverju lagi á þetta. Einhver aðili verður að reka þessa togara. Þetta sýnir aðeins, hvernig á þessum málum er haldið. Nú eiga þeir aðilar, sem safnað hafa fé í skjóli skattfrelsisins, að koma og leggja í þessi dýru skip. Nú eiga þeir að koma, Alliance og Kveldúlfur. Kveldúlfur á ekki að koma og segja: Ég ætla að fá einn togara, heldur: Ég ætla að kaupa 3—4—5 togara. En það gerir hann ekki, heldur virðist planið vera það að velta yfir á Reykjavíkurbæ 12—13 skipum, en þeir, sem safnað hafa peningum, þeir halda að sér höndum. Þetta er nú eina nýsköpunin, sem menn vita um. Það hvílir þung ábyrgð á ríkisstj. í þessum efnum, því að hún hefur algerlega vanrækt að festa í þessum kaupum þá aðila, sem átti að festa, láta þá segja já eða nei og láta þá taka á sig ábyrgðina af því, ef ekkert var gert, og láta þá ekki sleppa út úr þeirri sjálfheldu, sem þeir væru þá komnir í. En í staðinn fyrir þetta situr ríkisstj. með allt gumsið og er í vandræðum með það.

Ég játa það, að nauðsynlegt var að tryggja þjóðinni nýja togara og skip. En það átti að gera það með fyrirhyggju og binda þá í málið, sem átti að binda, og gera svo skynsamlegar ráðstafanir með afganginn, sem ekki var hægt að ætlast til, að yrði keyptur, og leggja þá fram eitthvert fé til stuðnings bæjarfélögum og öðrum aðilum. Og eins og ég hef sagt áður, hafa menn unnið og framkvæmt ýmsar almennar framfarir þrátt fyrir aðgerðir ríkisstj., en ekki vegna þeirra. Því að sannleikurinn er sá, að með framferði sínu hefur ríkisstj. stöðugt gert mönnum erfiðara og erfiðara fyrir um allar framfarir. Og þetta stafar fyrst og fremst af því, að traustan framfaragrundvöll vantar. Það er ekki hægt að byggja upp framkvæmdir, sem eiga að vera til frambúðar, öðruvísi en það sé samhliða tryggur grundvöllur til að byggja á. Aðrar þjóðir hafa lagt mikið á sig til að tryggja þennan grundvöll, og það er áreiðanlegt, að Íslendingar eru eina þjóðin, sem hefur fundið upp það snjallræði, að aukin dýrtíð væri vísust til að tryggja þetta. Ég held þetta sé vegna þess, að erlendis er það viðurkennt, að traustur fjárhagsgrundvöllur er undirstaða allra sannra framfara. Og þótt það þyki gott að fara á verðbólgufylliríi um stund, þá hefnir það sín illa. Og það mun hvergi þekkjast annars staðar en hér, að forustumenn þjóðarinnar gangi fram fyrir skjöldu og prédiki það, að dýrtíðin sé blessun. Hitt er svo annað mál, að í þessum löndum hafa kjarabætur verið látnar haldast í hendur við aukna tækni og því að öðru leyti komið þannig fyrir, að þær verði ekki til þess að koma á slíku öngþveiti og hér.

Ég hef sagt þetta í sambandi við þetta mál vegna þess, að þetta frv. markar stefnuleysi stjórnarinnar í þessu máli. Er því eðlilegt, að umr. um þetta mál eigi sér stað, þegar þetta frv. er afgreitt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Hv. 2. þm. S.-M. hefur búið til ævintýri um það, að ég hafi staðið streittur við að lofsyngja dýrtíðina í landinu. Þetta er vitanlega rangt. Það er að vísu rétt, að ég sagði í útvarpsræðu, að þrátt fyrir marga galla dýrtíðarinnar mætti ekki gleyma því, að hún hefði einn kost, hún hefði verið notuð til að skipta stríðsgróðanum milli landsmanna. Þetta veit hv. þm., að er rétt. Bændur hefðu ekki borgað skuldir sínar á jafnskömmum tíma, ef kjötkílóið hefði verið í sama verði og það var fyrir stríð. Og hv. þm. veit einnig, að verkamenn hefðu ekki bætt hag sinn eins fljótt og raun ber vitni, ef kaupgjaldið hefði ekki verið hækkað. Hitt er svo jafnljóst mál, að hin mikla verðbólga leiðir af sér margvísleg vandkvæði, og það getur komið að því, fyrr en varir, að

þjóðin verði að horfast í augu við þau vandkvæði.

Það er misskilningur hjá hv. þm., að ég hafi minnzt á aukningu dýrtíðarinnar meðan hann var ráðh. og stjórnaði viðskiptamálunum í því skyni að hallmæla honum fyrir það. Ég gerði það til þess að benda á, að þrátt fyrir skoðun hans á þessu máli og aðstöðu þá, sem hann þá hafði, tókst honum ekki að ráða við dýrtíðina. En hvers vegna tókst honum ekki að halda dýrtíðinni niðri? Hvers vegna gat hann ekki þrátt fyrir ákvæði gerðardómslaganna haldið dýrtíðinni í skefjum árið 1941? Það var vegna þess, að almenningur skildi ekki, hver hætta stafaði af því að sleppa dýrtíðinni lausri. Og fjölmennustu stéttirnar skilja það ekki enn þá, til hvers dýrtíðin getur leitt. Viðhorfið í dag er að þessu leyti algerlega það sama og árið 1941. Málsvarar landbúnaðarins heimta hækkað verð á landbúnaðarafurðum. Það er ekki hægt að standa á móti því, en um leið og sú hækkun fer fram, kemur krafa um hækkað kaup. Þannig hefur gangur málanna verið um 5 ára skeið. Ég held því, að það sé fremur erfið aðstaða fyrir hv. þm. að ráðast eins hatrammlega að ríkisstj. eins og hann gerir, þótt lítilleg hækkun dýrtíðarinnar hafi átt sér stað síðan hún tók við völdum, ef maður athugar, hvernig honum tókst að leysa þessi mál meðan hann var í stjórn.

Hv. þm. breiddi sig yfir það, að ég hefði sagt, að erfitt yrði að lækka kaupið meðan atvinnuvegirnir þyldu að borga það. Hv. þm. dró það í efa. En reynslan hefur sýnt, að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar hefur fram á þetta ár staðið undir því kaupgjaldi, sem greitt hefur verið. Að vísu fór það svo, að síldveiðarnar í sumar sýndu stórkostlegan halla. En það stafaði ekki af kaupgjaldi, heldur af aflabresti, og þá áhættu hefur atvinnulífið alla tíð haft og mun hafa. — Hv. þm. var að hæla sér af því, að hann hefði ekki sagt eitt í dag og annað á morgun. Ég er mér ekki meðvitandi um það, að ég eða flokksbræður mínir hafi varðandi þetta sagt eitt í dag og annað á morgun. En ég man ekki betur en hv. þm. hafi í haust verið með harðvítugar árásir á ríkisstj. fyrir það, að hún hefði ekki hækkað verðlag landbúnaðarafurða nógu mikið. Það má því að þessu leyti heimfæra það upp á hann, að hann hafi sagt eitt í dag og annað á morgun. Það er ekki hægt jafnhliða að færa dýrtíðina niður, en hækka um leið verð á framleiðslu í landinu. En eins og ég sagði áðan, er mér ljóst, að það getur komið að því fyrr en varir, að óhjákvæmilegt verði að byrja að færa dýrtíðina niður í landinu.

En ég sé ekki ástæðu til að vera að þrátta við hv. þm. um afgreiðslu á fjárl. Hann sagði rétt um það, að samvinna var innan ríkisstj. um afgreiðslu þeirra, en hann sagði ekki allt um það, og hirði ég ekki um að greina frá því. En hv. þm. væntanlega minnist þess, að að nokkru leyti var horfið að þeim óskum, sem fram komu hjá honum. En hvort samkomulag næst um slík mál eða ekki, þá verða þm. vitanlega hver og einn að bera sína ábyrgð á því, að fjárl. séu ekki hækkuð fram úr allri skynsemd. Og þótt mér sé að vísu ljós þörfin fyrir verklegar framkvæmdir, þá er hitt víst, að það er ekki nema takmarkað, sem hægt er að gera á hverju ári. Og þm. verða að gera sér grein fyrir því, til hvaða framkvæmda er hægt að veita í hvert sinn. Og það afsakar ekkert að sprengja fjárl. upp úr öllu hófi, þótt ekki náist samkomulag.

Hv. þm. fór að tala um skattana og minntist á það, að ég hefði talað um, að mér ógnaði, hvað skattarnir hefðu verið þungir á árunum 1930—40, en síðan stjórnin, sem ég á sæti í, tók við völdum, hafi engin tilraun verið gerð til þess að létta þessum sköttum af mönnum. Það er rétt, að skattarnir hafa ekki verið lækkaðir, ekki beinir skattar, — nokkrar tollalækkanir hafa orðið. En þrátt fyrir það, þó að skattstiginn hafi ekki verið lækkaður, er hitt víst, að skattarnir koma ekki vitund tilfinnanlegar við menn nú en á þeim árum, sem hv. 2. þm. S.-M. fór með fjármál landsins, og má segja, að það stafi af því, að krónan hafi orðið verðminni en hún var þá. Hitt er aftur á móti engum vafa undirorpið, að á allan hátt væri mun æskilegra, að takast mætti að lækka skattana. Hins vegar veit hv. þm., að þegar núverandi stjórn tók við völdum, var fjárhagsviðhorfið orðið slíkt, að óhugsandi var að lækka skattana. Hver á sökina, skal ég ekki ræða hér, en ég hygg, að ef hv. þm. stingur hendinni í eigin barm, muni hann komast að þeirri niðurstöðu, að hans flokkur eigi ekki minnstan þátt í, að svo fór sem fór.

Ég held það sé rangt, sem hv. þm. hélt fram, að enginn vildi kaupa eða nýta hin nýju tæki. Ég held þvert á móti, að sé gott útlit um það, að nægilegt fjármagn fáist til þess að togararnir verði gerðir út, ef ekki koma fyrir ófyrirsjáanleg atvik. — Þá gerði og hv. þm. mikið úr því, að stjórnin hefði ekki gert neitt til þess að nýbyggingarsjóðirnir yrðu notaðir til nýbygginga. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. hefur þessa vizku, en hitt veit ég, að stjórnin er með till., sem miða að því, að allir nýbyggingarsjóðirnir fari nú þegar inn í nýsköpunina.

Ég held svo, að sé ekki ástæða fyrir mig að víkja að fleiru í ræðu hv. þm. Þessi umr. er að mestu leyti utan dagskrár, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, en ég vildi hins vegar ekki skorast undan því að ræða við þm. um þessi mál, sem óneitanlega varða þjóðina mjög miklu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera örstutta athugasemd. Einn af aðalforustumönnum Sjálfstfl. hefur sagt um verðbólguna m. a., að hún hafi fram að þessu aðeins verið til góðs, en það úir og grúir af slíkum ummælum, hvar sem niður er borið upp á síðkastið. Og ég sagði áreiðanlega ekki of mikið, þegar ég lýsti því, hvernig viðhorfið hefur breytzt að þessu leyti og hvað mönnum hefur verið sagt undanfarið.

Ráðh. hefur sagt, að verðbólgan hafi verið notuð til þess að dreifa stríðsgróðanum. Ég álít þetta blekkingu. Verðbólga getur aldrei dreift neinum gróða, og það mun sýna sig, að það er ekki almenningur, sem hefur grætt á verðbólgunni, heldur braskararnir, það eru aðrir en almenningur, sem hafa makað krókinn. Að vísu

má finna bændur, sem hefur gengið fljótar að borga skuldir sínar vegna verðhækkunar í landinu, en þetta hefur síður en svo orðið til hagnaðar fyrir landbúnaðinn í heild, og er það engum efa bundið, að hann á enn þá eftir að stórtapa á verðbólgunni. — Sama verður uppi á teningnum þegar litið er á verkamannastéttina sem heild, og svo mætti lengi telja. Og víst er um það, að verðbólgan skapar nýja öreigastétt, þeirra útskúfuðu, þeirra, sem verða að búa við þetta nýja verðlag, en taka laun og aðrar greiðslur eftir hinum eldri mælikvarða, menn, sem verða að sitja við húsnæðiskjörin nýju, en eru launaðir eins og aðrir. Það er verið að skapa nýja stétt útskúfaðra, þeir lifa í öðru þjóðfélagi en áður, og þetta er einhver andstyggilegasta afleiðing þess, hvernig á þessum málum hefur verið haldið, og þó er ekki búið að bíta úr nálinni með það enn þá. Ég er ráðh. ósammála um það, að almenningur hafi ekki skilning á þessum málum. Má vera, að svo hafi verið að einhverju leyti framan af, en ég held, að skilningur manna hafi aukizt. Ég fullyrði og tel reynsluna raunar hafa sýnt það, að framleiðslan hefur ekki þolað það kaupgjald, sem hefur verið síðustu missiri. Hef ég fært rök fyrir því, en reynslan sýnir það bezt, þegar menn fara um landið og sjá, hvernig ástatt er og hvaða kjör framleiðendur eiga við að búa. Það er ekki að marka togaraútgerðina, því að hún hefur sérstöðu í þessum efnum.

Það er ekkert ósamræmi í því að vara við verðbólgunni og krefjast lækkunar á henni, en beita sér á móti því, að lækkað sé hjá einni stétt þegar aðrar stéttir fá hækkun. Ég mælti á móti því síðastliðið haust og í því er ekkert ósamræmi frá minni hendi.

Ráðh. talaði um skattana, og ég get undirstrikað að lokum, að einhver háskalegasta afleiðingin af því, hvernig komið er, er sú, að erfitt verður að lækka skattana, og má búast við, að það verði óviðráðanleg þraut á næstu missirum að sjá fjárhag ríkisins borgið, nema þá með sérstökum róttækum ráðstöfunum, sem ég hef minnzt á áður í þessari umr. og vafalaust verður að grípa til, ef það á að verða hægt að koma tauti við nokkuð.

Ráðh. sagði, að ríkisstj. gerði ráðstafanir til þess, að nýbyggingarsjóðirnir komi sem áhættufé inn í nýsköpunina. Þetta eru óljós orð, en ég vænti þess, að ríkisstj. sé þá að gera ráðstafanir til þess, að nýbyggingarsjóðirnir komi sem áhættufé inn í nýsköpunina, og þá er ástæða til að fagna því, ef svo er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SB, SEH, BG.

SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, HelgJ, PÞ, PO greiddu ekki atkv.

9 þm. (StJSt, EOl, EystJ, HB, JS, JörB, PZ, SigfS, SG) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 343, n. 584 og 591).

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið fyrir þinginu í allan vetur og er nú ekki komið lengra en raun ber vitni. Það er stutt síðan fjhn. hefur fengið það til meðferðar og athugunar, en hún gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fjórir nm. mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm. (SkG) leggur til, að á því verði gerð breyt. þannig, að á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Skipa skal 5 manna nefnd á þann hátt, að hagstofustjóri er sjálfkjörinn, og er hann formaður nefndarinnar, en 4 nefndarmanna eru tilnefndir af þingflokkunum, einn frá hverjum.

Verkefni nefndar þessarar er að athuga og gera tillögur um lækkun dýrtíðar í landinu, með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarkostnaðar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara. Jafnframt geri nefndin tillögur um framkvæmd þess að miða laun og kaupgjald við tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu. Þá skal nefndin og gera tillögur um sérstakt allsherjarframtal eigna í landinu og álagningu skatta á stórgróða, sem orðið hefur hjá skattskyldum aðilum á stríðsárunum.

Nefndin getur ráðið sér sérfróða aðstoðarmenn eftir þörfum, og greiðist kostnaður af því svo og annar kostnaður við nefndina úr ríkissjóði."

Þetta er sú viðbót, sem hv. þm. V.-Húnv. vill bæta við frv., og er það í samræmi við það, sem hv. 1. þm. Eyf. lagði til í Ed., en hann var þó dálítið á öðru máli en flokksbróðir hans hér í Nd., því að hann vildi ekki halda niðurgreiðslum áfram lengur en til 15. febr. í vetur. Hann vill fella niður 2. málsgr. 1. gr. frv. Hv. framsóknarmenn hér á Alþ. munu víst margir vera á sama máli og hv. 1. þm. Eyf., og þannig reyndust a. m. k. allir Framsflþm. í Ed. Og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Framsfl. hér í hv. d. verði með í því að vera á móti, að frv. fari til 3. umr., þeir munu vera sama sinnis og hv. 1. þm. Eyf. En ég skil satt að segja ekki þá miklu andúð, sem þessir hv. þm. hafa á þessu frv. Hvað er að segja um 1. gr. frv.? „Ríkisstj. er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölunni á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslum á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt." Ég hygg, að það séu flestir sammála um það, að eins og sakir standa, verði ekki hjá því komizt að halda dýrtíðarvísitölunni niðri eftir föngum með fjárgreiðslum úr ríkissjóði. Það var byrjað á því að fara þessa leið árið 1943, til þess að stöðva vísitöluna, það liggja fyrir nú alveg sömu ástæður og þá.

Þá er önnur málsgr. 1. gr.: „Ef vara er seld

tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstj. og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar, og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25%, sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.“ Ég held nú satt að segja, að það sé ekki ástæða til fyrir umboðsmenn framleiðenda að hafa á móti þessu atriði frv. Það er kunnugt, að undanfarin ár hefur, ef svo mætti segja, verið sölubann á sumarslátruðu dilkakjöti vegna þess, að þegar dilkar eru hálfvaxnir þegar þeim er slátrað, verður kjötið óhjákvæmilega að vera dýrara á þeim tíma en eftir að venjuleg sláturstíð er byrjuð. Mögulegt var um nokkurra ára skeið að fá sumarslátrað kjöt, og það var vegna þeirra brbl., sem þá voru gefin út. Á síðast liðnu sumri var einnig á boðstólum frosið dilkakjöt, sem selt var á lægra verði, og neytendur réðu sjálfir, hvort þeir keyptu dýrara nýslátrað kjöt eða ódýrara kjötið frá haustinu áður. Ódýrara kjötið var látið ganga inn í vísitöluna, en ef það dýrara hefði verið látið ganga inn í vísitöluna, hefði hún hækkað, að mig minnir, um 18—20 stig. Það sjá allir sjálfir, hve mikil fjarstæða það hefði verið að láta vísitöluna hækka svo stórkostlega vegna svo tiltölulega lítils magns af nýslátruðu kjöti og með því binda ríkissjóði svo mikil útgjöld með því að borga vísitöluna svo mikið niður, vegna þess að nýtt kjöt væri einnig til sölu á markaðinum. Og ljósasta dæmi um það, hve mikil nauðsyn er á þessu ákvæði frv., er t. d. kartöflurnar frægu, sem komu á markaðinn í ágúst 1943 eða 1944. En þessir fáu kartöflupokar hækkuðu vísitöluna, að mig minnir, um 5 stig. Á s. l. sumri kom þetta ekki til greina, vegna þess að frv. þetta, sem er verið að ræða, snertir líka hálfvaxnar kartöflur, sem seldar eru hærra verði en venjuleg kartöfluuppskera. Ég held því, að það sé ástæða til þess að fagna því samkomulagi, sem náðist hvað þetta snertir, og að það skuli vera hægt að hefja sumarslátrun eins og var, áður en vísitölufarganið kom, og að það skuli vera leyft að selja kartöflur fyrir venjulegan uppskerutíma. Og ég held, að þetta atriði sé til góðs bæði fyrir framleiðendur og neytendur og geti komið í veg fyrir ýmiss konar misskilning, eins og komið hefur fyrir sérstaklega hjá neytendum, þegar þeir hafa ekki átt þess kost að fá kjöt og kartöflur úr sveitum. Bændur ættu vitanlega að fagna því líka, að þeir skuli geta komið dilkunum á markað og fengið gott verð að sumrinu fyrir þá, og að ærnar geti fitnað og verið betur undir veturinn búnar en ef það dregst langt fram á haust að taka dilkana undan ánum. Ég veit, að s. l. sumar voru það margir bændur hér í nágrenni Reykjavíkur, sem losuðu sig við dilkana, og þeir fögnuðu því mjög og töldu það stóra bót frá því, sem áður var.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. að svo stöddu. Ég vil aðeins segja nokkur orð um till. hv. þm. V.-Húnv. Ég efast ekki um, að hún er borin fram í góðum tilgangi, en ég verð að segja, að ég hef litla trú á því, þó að skipuð væri n. í þessu skyni, eins og til er ætlazt samkv. till. hv. þm. — Dýrtíðin hefur verið mikið umtöluð s. l. ár og s. l. mánuði, og það hefur verið talað um hana sem sérstakt þjóðarböl. Það er nú svo. Ég ætla ekki að fara að halda hér langa dýrtíðarræðu, en ég vil minna á það — og við bændafulltrúarnir ættum að vera þess minnugir —, að það hefur verið reynt að komast að samkomulagi um niðurfærslu kaupgjalds og afurðaverðs. En það hefur ekki gefizt. Og ég held, að enn sé ekki kominn sá tími, að það sé mögulegt að fá slíkt fram. Hv. þm. talar um, að bátaútvegurinn sé illa kominn og ríkisstj. hafi nú við síðustu áramót orðið að taka ábyrgð á fiskverðinu til þess að fá bátana til að fara á flot. Þetta er nú rétt, og við síðustu áramót var útlitið mun verra, hvað snertir bátaútveginn og markaðshorfur, en nú. Nú er útlitið þannig með sölu á fiskafurðunum, að þær séu allar stórhækkandi, og nú þegar er búið að selja töluvert af fiskmagni fyrir það verð, sem ríkisstj. hefur ábyrgzt útgerðarmönnum. Það út af fyrir sig, að útlitið hefur batnað með söluna, dregur vitanlega úr verkalýðnum að ganga að nokkrum kröfum um kauplækkun. Ég býst við því, að meðan launþegar geta bent á það, að atvinnuvegirnir standi undir þeim kostnaði, sem þeim er búinn með því kaupgjaldi, sem nú er, þá standi nokkuð líkt á nú og 1943, þegar byrjað var á því að greiða niður vísitöluna, og það muni þá heldur ekki fást nú, vegna þess að hægt er að benda á, að atvinnuvegirnir þrátt fyrir allt standa undir þeim kostnaði, sem á þá er lagður. Það má líka benda á fleira en þetta. Það má benda á hina miklu atvinnu, sem nú er í landinu. Setuliðið er að vísu farið nú og það kaupir ekki íslenzkt vinnuafl, en afleiðingar setuliðsins eru hér enn. Meðan setuliðið sogaði til sín fólk hvaðanæva af landinu, þá fjölgaði fólkinu yfirleitt í bæjunum, en af því skapaðist svo aftur húsnæðisleysi og vandræði, og vegna þessa húsnæðisleysis hefur verið rekið meira á eftir en nokkru sinni áður um húsbyggingar í kaupstöðunum. Það er þess vegna þannig nú ástandið, að hver, sem vill og hefur hamar og sög, getur nú fengið atvinnu við húsbyggingar og hærra kaup en taxti Dagsbrúnar segir til, aðeins ef hann vill vinna. Á meðan eftirspurnin er svo geysimikil eftir verkamönnum, ekki aðeins fyrir taxtakaup, heldur og fyrir hærra kaup en Dagsbrúnartaxtann, þá er ekki kominn grundvöllur eða tími til þess að semja um lækkun á kaupi. Þetta held ég, að við getum verið sammála um, hv. þm. V.-Húnv. og ég. Enda þótt við séum báðir þess sinnis, að við teldum rétt að hafa tilkostnaðinn við atvinnureksturinn minni og ágóða atvinnutækjanna meiri, þá þýðir ekki annað en að játa þá staðreynd, að við stöndum í dag nákvæmlega í sömu sporum og 1943, þegar sú leið að greiða niður verð landbúnaðarvarа var farin og ekki fannst önnur betri. Það er þess vegna engin lausn, sem hv. þm. V.-Húnv. bendir á, þegar hann talar um það að kjósa nefnd.

Ég tel nú ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. að svo stöddu. Ég tel, að till. hv. þm. um nefndarskipun sé gagnslaus. Þetta gæti haft töluverðan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, og af því að till. er gagnslaus, tel ég ekki ástæðu að samþ. hana, en tel hins vegar, að eins

og málefni standa til, sé ekki um annað að ræða en að samþ. frv. óbreytt.

Frsm. minni hl (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er aðallega um heimild fyrir ríkisstj. að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði. Þetta er nú nokkuð þekkt, vegna þess að slík heimild hefur verið hér í l. um nokkur undanfarin ár, og hefur ríkissjóður lagt fram allháar fjárhæðir síðast liðin ár, einmitt í þessu skyni. Fyrrv. hæstv. fjmrh. upplýsti einhvern tíma, að 1943 hefði ríkissjóður varið um 10 millj. kr. til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölunni. Núverandi hæstv. fjmrh. hefur gefið þær upplýsingar, í byrjun þessa þings eða snemma á því, að 1944 hafi þessar greiðslur, til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölunni, verið 5 millj. kr. hærri en árið áður, eða um 15 millj. króna. En eftir því, sem ég hef fengið upplýst, mun ekki langt frá því, að s. l. ár, árið 1945, hafi þessar greiðslur verið um 25 millj. króna. Þannig hafa þessi útgjöld ríkissjóðs farið síhækkandi síðast liðin ár. Ég skal taka fram, að fyrir utan þessar upphæðir eru svo útflutningsuppbætur, sem ríkissjóður hefur greitt þessi sömu ár og eru vitanlega bein afleiðing af dýrtíðinni í landinu. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að allir þeir, sem stóðu að því að setja þessa löggjöf upphaflega, að veita ríkisstj. þessa niðurgreiðsluheimild, hafi gert ráð fyrir, að þetta yrði styrjaldarráðstöfun, en ekki til frambúðar. Það mun áreiðanlega hafa verið tilætlunin, þegar þetta var fyrst leitt í l. á stríðsárunum, að þetta fyrirkomulag hyrfi sem fyrst að stríðinu loknu, og ég tel það liggja í augum uppi, að það sé ekki hægt að halda áfram á þessari braut til lengdar. Það er ekki hægt fyrir ríkissjóð að halda því áfram að verja síhækkandi fjárhæðum í þessu skyni, og ástand aðalatvinnuveganna í landinu er líka þannig, að það er ekki hægt að halda áfram á þessari sömu braut. Það mundi kosta meiri framlög úr ríkissjóði en líkur eru til, að hann fengi undir risið. Það er þm. ljóst, að ástandið var þannig við síðustu áramót, að þá var yfirvofandi stöðvun á bátaflotanum, ef ekki væru gerðar sérstakar ráðstafanir, og tók þá stjórnin þann kostinn að veita ríkissjóðsábyrgð, sem ekki er hægt að sjá, hvaða útgjöld kann að hafa í för með sér. Það, sem hér þarf að gera, er að gera raunverulegar dýrtíðarráðstafanir, svo að ríkissjóður geti losnað við þessar byrðar sem fyrst, og ég tel, að það hafi verið vanrækt of lengi að undirbúa slíkar varanlegar ráðstafanir. Tel ég það illa farið, að ekki hefur verið sinnt þeim till., sem áður hafa komið fram um það að undirbúa slíkar ráðstafanir, en ég tel, að það sé ekki hægt að gera slíkar raunverulegar dýrtíðarráðstafanir án þess, að þær verði rækilega undirbúnar, og er ég þar allt annarrar skoðunar en hv. frsm. meiri hl. fjhn. virðist vera. Það er ekki fullnægjandi, eða eðlileg lausn á þessu máli, að lækka afurðaverðið innanlands og kaupgjaldið án þess að annað fylgi með. Þaðan af síður er viðunandi, að ráðizt sé gegn einni stétt og henni skammtað minna en hinum. Hér þarf að gera réttlátar ráðstafanir til lækkunar, með sanngjarnri þátttöku allra stétta. Þetta þarf að gera til þess að koma í veg fyrir frekara verðfall peninganna en orðið er og byggja upp heilbrigðan atvinnurekstur í landinu; án slíkra ráðstafana verður það ekki gert. Um leið og afurðaverðið og kaupgjaldið verður lækkað að krónutölu, þarf að gera ráðstafanir til þess að lækka annað, svo sem verzlunarkostnað og farmgjöldin, bæði af vörum að og frá landinu, en þessi farmgjöld eiga mikinn þátt í dýrtíðinni og þau eru miklum mun hærri hér en annars staðar, svo að nú geta erlendir skipaeigendur áreiðanlega rakað saman gróða á siglingum hingað í skjóli þeirrar dýrtíðar, sem er hér í landinu. Byggingarkostnaðurinn þarf að lækka, sem er orðinn óbærilegur, m. a. vegna þess mikla gróða, sem einstaklingar og félög taka í því sambandi. Það er talið, að nú sé ekki hægt að fá nýja 3 herbergja íbúð fyrir minna en 90—100 þús. kr., og ég hef heyrt, að húsaleigunefnd meti ársleigu fyrir slíka íbúð á 10 þús. krónur. Má benda á það, að stöðugt fjölgar þeim, sem þurfa að búa við þessa nýsköpunarhúsaleigu, sem ekki er nema að litlu leyti tekin með í útreikning vísitölunnar og kemur þess vegna mjög hart niður á þeim, sem þurfa við þetta að búa. Á sama tíma og búið er að skrúfa upp byggingarkostnaðinn og þar með verð á nýjum húsum, er haldið uppi þvingunarráðstöfunum með húsaleigulögum, sem upphaflega voru hugsuð sem styrjaldarfyrirbrigði, og þessar ráðstafanir koma mjög illa við þá mörgu húseigendur, sem áttu hús, er þeir leigðu út, áður en lögin voru sett. Þetta ástand í húsnæðismálunum má ekki haldast lengur, en það er aðeins eitt dæmi af mörgum, sem mætti taka um afleiðingar dýrtíðarinnar í landinu. — Þá þarf einnig að láta fara fram allsherjar eignaskráningu, til þess að unnt sé að sjá með vissu, hverjir hafa grætt stórar fjárhæðir síðustu ár, og síðan þarf að leggja hæfilega skatta á þennan gróða, því að enginn vafi er á því, að töluvert af honum hefur sloppið við þá skatta, sem á að greiða samkv. lögum. Einnig hef ég áður sagt, að ég tel, að ekki sé hægt að gera þessar nauðsynlegu ráðstafanir án margra athugana og undirbúnings. Það er ekki á færi einnar þingnefndar, hvorki fjhn. né annarra n., að undirbúa og gera tillögur um þetta og viðtækar ráðstafanir. Það eru mörg mál, sem nefndin þarf að sinna, og ekki á færi slíkra n. að leggja þá vinnu í þetta, sem þarf að gera, og þess vegna hef ég leyft mér að leggja hér fram í minu nál. á þskj. 591 till. um sérstaka nefndarskipun, til þess að athuga þetta stóra mál. Hv. frsm. meiri hl. tók að nokkru af mér ómakið með því að lesa þessa till. upp. Ég vil þó fara um hana nokkrum orðum. — Ég legg þar til, að skipuð verði 5 manna nefnd til að athuga þetta mál, og verði hún þannig skipuð, að hver flokkanna tilnefni einn mann, en hagstofustjóri sé sjálfkjörinn og formaður nefndarinnar. Verkefni þessarar n. er að athuga og gera tillögur um lækkun dýrtíðar í landinu, með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, meðal annars með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarkostnaðar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara. Þá er og ætlazt

til, að n. geri tillögur um sérstakt allsherjar eignaframtal í landinu og álagningu skatta á stórgróða, sem orðið hefur hjá skattskyldum aðilum á stríðsárunum. Hagstofa Íslands mun nú starfa að því eftir fyrirmælum ríkisstj. að gera yfirlit um framleiðendatekjur nú síðustu ár. Var það samþ. með þál. 5. okt. 1944. Samkv. þeirri ályktun áttu þessir útreikningar í fyrsta sinn að liggja fyrir í byrjun október 1945. En þetta hefur dregizt, þannig að engir slíkir útreikningar hafa verið birtir enn. En eftir því, sem ég hef frétt, er þess að vænta, áður en langt um líður, að fyrstu skýrslurnar um þetta komi frá hagstofunni, og í þessari þál., sem ég nefndi, að samþ. var hér á Alþ., var gert ráð fyrir árlegum útreikningum á framleiðendatekjum. — Þá legg ég til, að þessi n. geri einnig tillögur um sérstakt framtal eigna í landinu og álagningu skatta á stórgróða, eins og ég þegar hef vikið að. Hér er og gert ráð fyrir, að n. þurfi e. t. v. að fá sér sérfróða aðstoðarmenn, og er lagt til í till., að hún hafi heimild til þess. — Að síðustu er lagt til, að n. skili áliti sínu fyrir 1. ágúst n. k. Ég skal viðurkenna, að æskilegra hefði verið, að þessu gæti orðið lokið fyrr. Eins og ég hef getið um, þá komu hér fram fyrir þingið í Ed. till., sem gengu í þessa sömu átt, og tel ég illa farið, að þær skyldu ekki ná samþykki þá þegar. Ég hef ekki, þó að ég telji, að þessi athugun hafi dregizt allt of lengi, séð mér fært að leggja til, að n. skili áliti sínu og till. fyrr en þetta, vegna þess að mér er ljóst, að hér er um stórt vandamál að ræða, sem verður vitanlega stöðugt erfiðara viðfangs og flóknara, eftir því sem lengra líður án þess, að þessar ráðstafanir séu gerðar. Mér sýnist margt benda til þess, að það muni verða unnt að komast að allviðtæku samkomulagi um slíkar raunverulegar dýrtíðarráðstafanir, ef verulegar tilraunir verða til þess gerðar. Virðist fara mjög vaxandi skilningur almennings á því, að hér þurfi að breyta til. Þessi skilningur er löngu fyrir hendi hjá bændum landsins, þeir hafa sýnt það með samþykktum sínum, og mér sýnist, af tillögum, ræðum og skrifum um þetta, sem komið hafa frá verkamönnum nú í seinni tíð, — þeim mörgum vera ljóst, að þjóðinni er miklu hollara, að kaupmáttur peninganna verði aukinn en að kaupið verði enn hækkað að krónutölu. Mér sýnist því, að einnig þeir vilji eiga þátt í því að reisa skorður við frekari hækkun dýrtíðar í landinu og lækka hana.

Hv. 2. þm. Rang., sem er frsm. meiri hl. í þessu máli, gerði þessa till. mína að umtalsefni í síðustu ræðu. Hann sagði, að fulltrúi Framsfl. í fjhn. Ed., hv. 1. þm. Eyf., hefði lagt fram till. fyrr í vetur, sem gekk í sömu átt, en þó vildi hv. þm. telja, að þarna væri nokkurt ósamræmi í tillögum framsóknarmanna, því að hv. 1. þm. Eyf. hefði lagt til, að stjórnin fengi ekki heimild til að halda niðurgreiðslunum áfram lengur en til 15. marz, en ég hins vegar gerði ekki till. um það, að þessi heimild félli niður fyrr en nú er lagt til samkv. þessu frv. Ég vil benda á, að það er ekki ósamræmi í þessu, vegna þess í fyrsta lagi, að 15. marz er liðinn og því þýðingarlaust að fara nú að flytja till. um það, að þessi heimild falli niður 15. marz 1946. Ég teldi í raun inni mjög æskilegt, að þessar niðurgreiðslur hættu fyrr en 15. sept., og verði mín till. samþ. um nefndarskipun, sem ég geri mér vonir um, þá getur vel verið, að það verði mögulegt að fella þessar greiðslur niður nokkru fyrr. Ef álit slíkrar n. lægi fyrir 1. ágúst, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að Alþ. væri kallað saman þá þegar, til þess að ganga frá þessu máli.

Þá gerði hv. 2. þm. Rang. að umtalsefni, að ég flyt ekki brtt. um það að fella niður 2. mgr. 1. gr. frv., sem er um tvenns konar verð á vöru, en hins vegar hefði flokksbróðir minn, hv. 1. þm. Eyf., lagt það til í Ed., að sú mgr. félli niður. Ég flyt nú ekki eða hef ekki flutt brtt. um það vegna þess, að ég taldi það vonlaust, að hægt yrði að fá hana samþykkta. En ef hv. 2. þm. Rang. vildi á þetta fallast, þá gæti ég tekið þetta til endurskoðunar fyrir 3. umr. málsins. Mér virðist nú reyndar tónninn í honum þannig, að hann muni ekki vilja gera þessar breyt. á frv., því að hann virtist líta svo á, að þetta hafi nú þegar gefið góða raun að ýmsu leyti. En ég er þar á öðru máli og tel, að það hafi sýnt sig, að þetta sé óviðunandi bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Að minnsta kosti er framkvæmdin á þann veg nú hjá ríkisstj., að ég geri ekki ráð fyrir, að menn séu almennt ánægðir með það. Hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt þessar niðurgreiðslur þannig, t. d. á kjötverðinu, að það er ólíklegt, að við það verði unað til lengdar. Það eru margir hafðir útundan, sem sízt ætti að íþyngja. Þær reglur, sem hafa verið um þetta settar, eru þannig úr garði gerðar.

Þá sagði hv. 2. þm. Rang., að enginn vafi væri á því, að launþegar yrðu ekkert hrifnir af því, ef ætti að fara að lækka laun þeirra meðan hægt væri að benda á það, að atvinnuvegirnir gætu risið undir þeim tilkostnaði við reksturinn, sem nú er. Ég er á öðru máli um þetta en hv. 2. þm. Rang. Mér sýnist aðalatvinnuvegir þjóðarinnar ekki þola þá dýrtíð, sem nú er, og ég vil benda á þær ráðstafanir, sem ríkisstj. taldi, að gera þyrfti til þess að bátaútvegurinn bæri sig. Ég hygg, að stjórnin hafi ekki gert þær ráðstafanir að gamni sínu. Það má vera, að háttv. 2. þm. Rang. telji að landbúnaðurinn beri sig svo vel, en þar er ég á annarri skoðun og tel mig hafa á því nokkurn kunnugleika. Mér virðist, að bændur muni ekki þola, að tekjur þeirra séu skornar niður eins og nú er gert. Ég tel, að ekki sé lengur unandi við þá dýrtíð, sem nú er, og sýnist þýðingarlaust að bíða eftir dýrtíðarráðstöfunum frá hæstv. ríkisstj. Þess vegna hef ég lagt til, að skipuð yrði n. til að gera till. í þessum málum. Hv. 2. þm. Rang. telur slíkt enga lausn, en ég hef oft bent á, að ekki er hægt að undirbúa þetta mál á annan hátt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mál það, sem hv. þm. V.-Húnv. gerði hér að umræðuefni, er á þann veg, að ég tel þýðingarlaust að ræða það, þar sem það yrði einungis endurtekning á áður sögðu. Hann sagði, að það mál, sem hér lægi fyrir, væri í aðalatriðunum að verja fé úr ríkissjóði til að halda niðri dýrtíðinni. Þetta er ekki

rétt. Mál það, sem hér er til umr., er ekkert nýmæli, það er jafnvel allt frá styrjaldarbyrjun, eða frá því 1943 a. m. k.

Ég skal ekki vera langorður um þetta mál. Hv. þm. Rang. gerði góða grein fyrir því í sinni ræðu. — Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að niðurgreiðslurnar væru styrjaldarfyrirbrigði, sem ætti að hverfa að stríðinu loknu. Mér er ljóst, að niðurgreiðslurnar eru vandræðaleið, en hins vegar eru skiptar skoðanir um það, hvort telja beri dýrtíðina hreint styrjaldarfyrirbrigði. Mín skoðun er sú, að vöruverð hækki fremur en lækki á næstunni. Mikill hluti Evrópu er í rústum og gífurleg eftirspurn eftir matvælum. Og ef eitthvað er hæft í þeirri kennisetningu, sem við flest höfum lært, að framboð og eftirspurn réði vöruverðinu, þá á verðlag fyrir sér að hækka. Þess vegna er hæpið að telja þetta styjaldarfyrirbrigði. — Þá vil ég vekja athygli á því, að við erum ekki eina þjóðin, sem hefur orðið að halda dýrtíðinni niðri með fjárgreiðslum. Ég var nýlega að lesa ræðu norska fjármálaráðherrans, og er þar skýrt frá því, að varið hafi verið stórum fjárfúlgum til að halda niðri dýrtíðinni í Noregi. Og þótt hlutfallstalan sé að vísu hærri hjá okkur, þá ber þess að gæta, að við erum nú betur settir en Norðmenn. En þrátt fyrir þetta er ég þeirrar skoðunar, að við eigum að reyna að losna við niðurgreiðslurnar, og því verður vart neitað með nokkurri sanngirni, að stórt spor hefur verið stigið í þá átt, og ef haldið verður áfram á sömu braut, ættum við innan fárra ára að losna við þær að fullu. Hv. þm. V.-Húnv. taldi þetta og nauðsynlegt, en sagði, að ekki mætti gera það á þann hátt að ráðast á eina stétt, og átti þá við bændastéttina. Þetta er nú svo margrætt mál, að ég tel þýðingarlaust að svara þessu. Þessi hv. þm. veit, að verð á landbúnaðarvörum hefur hækkað eins og landbúnaðarvísitalan sagði til um, og að saka núverandi ríkisstj. um þá breyt., sem gerð var 1944, nær vitanlega engri átt. Hitt er svo annað mál, hvort till. þessa hv. þm. er vænleg til árangurs. Ég tel, að svo sé ekki. Hann talaði um háan byggingarkostnað, vegna þess að óhóflegur gróði hefði safnazt hjá einstökum mönnum. En hér komum við að því sama. Eftirspurnin er svo mikil eftir vinnuafli, að af þeim ástæðum er boðið hátt í iðnaðarmenn. Af þessum ástæðum hefur skapazt að mörgu leyti óheillavænlegt kapphlaup. En nú veit hv. þm., að nýlega hefur verið samþ. frv. til að hjálpa mönnum til að koma sér upp byggingum á ódýran hátt. Það skal játað, að húsaleiguvísitalan er ekki réttlát, en það er mál, sem erfitt er að ráða við. Ef fara ætti eftir nýju vísitölunni, mundi ný dýrtíðaralda skella yfir. En ég ætla, að það sé betra fyrir fólkið að hafa stöðuga vinnu og borga háa húsaleigu en að borga lága húsaleigu og ganga atvinnulaust.

Þá vill hv. þm. láta fara fram athugun á því, hverjir hafi grætt á stríðinu. Ég get ekki fengið í mitt höfuð, hvað slík rannsókn ætti að þýða. Við höfum nú skattaframtöl, sem eru að miklum meiri hluta sómasamleg, þótt mörgum sé ábótavant og mörgum mjög ábótavant. En ég hefði gaman af að vita, hvernig hv. þm. V.-Húnv. hyggst komast fyrir, að hinir sömu menn, sem nú draga undan skatti, kæmust ekki einnig hjá hinum nýju skrám.

Hv. þm. minntist á þær ráðstafanir, sem stjórnin hefur gert vegna bátaútvegsins, og má nokkuð til sanns vegar færa það, sem hann sagði þar um. Ekki svo að skilja, að sjómenn hafi ekki oft lagt út á hafið með minni hagnaðarvon en nú. Mætti því segja, að það væri óþarft af ríkisstj. að ganga inn á þetta, sem sennilega kostar þó ríkissjóðinn ekki neitt. En það var búið að skapa fordæmi fyrir þessu í landbúnaðinum, og sjómenn sögðu sem svo: „Eigum við ekki sama rétt og bændur?“ Ég get fallizt á, að þetta er óeðlilegt. Ef einstaklingarnir eiga arðsvonina þegar vel gengur, þá eiga þeir einnig að hafa áhættuna þegar illa gengur, en það er svo með þetta sem fleira, að erfitt er að snúa við, þegar einu sinni er komið inn á þessa braut.

Þá skal ég loks víkja að till. hv. þm. V.-Húnv. um nefndarskipun. Um þessa till. get ég sagt það sama og um till., sem lá fyrir Ed. frá hv. 1. þm. Eyf., að þótt rétt væri að gera þessa tilraun, þá á slíkt ekki heima í þessu frv. Að öðru leyti vil ég segja það um þessa till., að ég hef litla trú á, að meiri hl. þings samþ. slíka till. án frekari ráðstafana. Ég álít, að raunverulegur vilji þurfi að vera fyrir hendi hjá almenningi til þess að slíkar tilraunir beri árangur, ella verða þær árangurslausar. Hins vegar er ég fús til að taka upp umr. um þetta, ef till. eru bornar fram af alhug í þá átt. En ég verð að segja, að ég hef ekki trú á, að grundvöllur sé fyrir slíkar viðræður. Ég hirði ekki að rekja orsakir fyrir þessari skoðun minni, en get bent á, að tilraunir í þessa átt voru fyrir skömmu gerðar milli Alþýðusambandsins og Búnaðarfélagsins, en þær báru engan árangur, og síðan hefur ekkert gerzt, sem ætla mætti, að hefði bætt um í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. ráðh. hóf ræðu sína á því að segja, að það væri ekki aðalefni þessa frv. að heimila ríkisstj. að greiða niður dýrtíðina. Heldur væri 2. gr. aðalefni frv. Ég skal ekki deila um þetta við hæstv. ráðh. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að það sé rétt, sem ég sagði áðan, að niðurgreiðslurnar hefðu verið stríðsfyrirbrigði, sem ætti ekki að halda áfram til lengdar. Hæstv. ráðh. sagði, að aðrar þjóðir hefðu orðið að grípa til þessara sömu ráða, en hélt því jafnframt fram, að keppa bæri að því, að niðurgreiðslurnar hyrfu, og kvað þegar hafa nokkuð áunnizt í því efni, en rökstuddi það ekki nánar. Það er rétt, að niðurgreiðslurnar hafa verið lækkaðar nokkuð með því móti að svipta bændur því, sem þeim bar, og með því að flokka neytendur í verðuga og óverðuga, en ekki eftir efnahag eða gjaldþoli.

Þá sagði hæstv. ráðh., að afurðaverðið hefði hækkað frá árinu áður eftir vísitölu. Þetta er slíkt ranghermi, að mig furðar stórlega á, að hæstv. ráðh. skuli láta það sér um munn fara. Það er kunnugt, að í fyrra var samið um útflutningsuppbætur, en svo lætur stjórnin sér sæma að fella niður útflutningsuppbæturnar, án þess að hækka innanlandsverðið. Og síðan

bætir hæstv. ráðh. gráu ofan á svart með því að segja, að verðið hafi hækkað. — Þá minntist hæstv. ráðh. á byggingarkostnaðinn, og féllu ummæli hans á þá leið, að húsaleiguvísitalan yrði að halda áfram að vera röng. Hann orðaði það að vísu ekki svo, en það hlaut að vera meiningin. — Þá óskaði hæstv. ráðh. eftir skýringum varðandi till. mína um eignaframtal. Ég hygg, að hæstv. ráðh. sé kunnugt um, að mikið vantar á, að rétt sé talið fram. Núgildandi ákvæði í skattalöggjöfinni gefa ekki nógu víðtækar heimildir til eftirgrennslana í því efni. Hæstv. ráðh. veit, að til eru leiðir til að fá þetta lagfært, og ef hæstv. ráðh. telur sig þurfa að leita til mín um úrræði, þá er ég fús til að gefa honum ráð, en ég sé ekki ástæðu til að ræða það atriði nánar hér. — Hæstv. ráðh. hélt því fram, að enda þótt rétt væri að samþ. brtt. mína, þá ætti hún ekki heima í þessu frv. Ég ætla, að það skipti ekki máli, hvort till. er samþ. þannig eða í þál. Ákvæðið um skipun 6 manna n. kom fram í lögum, og á sama hátt mætti samþ. þetta á þann hátt, sem ég legg til. Þá kvaðst hæstv. ráðh. fús til að ræða þetta mál, ef till. væru bornar fram þar um af einlægni. Nú vil ég spyrja hann, hvaða ástæðu hann hafi til að ætla, að ég beri till. mína ekki fram í einlægni. Ég vil eindregið mótmæla slíkum aðdróttunum og tel þær ekki sæmilegar. Hitt voru mér vonbrigði, að hæstv. ráðh. skyldi taka þannig í málið, og hann skuli ekki vilja vinna að því, að horfið verði frá slíku óyndisúrræði, sem niðurgreiðslurnar eru.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég hef ekki miklu að svara úr ræðu hv. þm. V.-Húnv. Það mun þýðingarlaust að deila um, hvort niðurgreiðslurnar eru styrjaldarfyrirbrigði eða ekki, enda skiptir það ekki máli. Hann taldi, að niðurgreiðslurnar hefðu verið lækkaðar á þann hátt að skipta fólki í verðuga og óverðuga. Þetta er ekki rétt, heldur er miðað við það, hvort menn hafa hagnað af því að lækka dýrtíðina eða ekki. Það hefur verið litið svo á, að atvinnurekendur hafi hagnað af því, að dýrtíðinni sé haldið niðri. — Um hækkun kjötverðsins þarf ekki að ræða. Það vita allir, og varðandi útflutningsuppbæturnar er það að segja, að óvíst er, hvort flytja þarf út nokkurt kjöt á þessu ári.

Ég er hv. þm. V.-Húnv. þakklátur fyrir, að hann ætlar að fræða mig um, hvernig leiðrétta skal skattaframtöl, en ég vona, að hann geri þetta hvort sem till. hans verður samþ. eða ekki.

Hv. þm. álasaði mér fyrir, að ég hefði sakað hann um óheilindi í þessu máli. Ég dróttaði þessu ekki að hv. þm. persónulega, en úr því að hann kom inn á þetta, þá get ég sagt það, að ég efast um einlægni þeirra manna, sem annars vegar krefjast lækkunar á verðlagi, en krefjast þó jafnframt hækkaðs afurðaverðs fyrir sína stétt. Verðlagið verður aldrei fært niður á þann hátt. Hingað til hafa þær kröfur, sem fram hafa komið, verið í þá átt að bæta kjör einnar stéttar, venjulega að einhverju leyti á kostnað annarrar, og þær tvær ræður, sem hv. þm. V.-Húnv. hefur haldið í þessu máli, hafa ekki boðað aðra stefnu.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki vera langorður um þetta mál, en ég vildi óska eftir upplýsingum varðandi yfirlýsingu hv. þm. Rang. og síðar hæstv. ráðh. um, að ábyrgðin á afurðum bátaútvegsins sé hættulaus fyrir ríkissjóð. Í Morgunblaðinu í gær segir, að upp úr saltfiskinum fáist ekki það, sem ríkisstj. hafi ábyrgzt. Nú trúi ég að vísu ekki því, sem Morgunblaðið segir. En mig langar þó til að heyra það frá hæstv. stj., hvað satt er í þessu máli, því að ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. geti gefið okkur þm. upplýsingar um það, þar sem það kæmi vitanlega til hans kasta, ef þyrfti að borga mismuninn úr ríkissjóði.

Þá skal ég snúa mér að því, hvernig á því stendur, að ég er á móti niðurgreiðslum úr ríkissjóði og hef alltaf verið harðari og harðari á móti þeim eftir því, sem lengra hefur liðið. Ástæðurnar til þess eru þær, að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur notað sér niðurgreiðslurnar til að svíkja bændur um það, sem þeir áttu að fá og lækka þeirra hlut árlega nú þrjú síðustu ár, a. m. k. samanborið við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Þess vegna vil ég ekki láta hæstv. stj. hafa þetta með höndum. Ég skal svo nefna dæmi þessu til sönnunar.

Árið 1944 var mjólk á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur lækkuð um 25 aura frá því, sem mjólkurverðlagsn. hafði sagt, og lofað að greiða úr ríkissjóði a. m. k. það af þessum 25 aurum, sem þyrfti til að bændur fengju 1,23 kr. fyrir lítrann. Þetta sveik hæstv. fjmrh. Reikningarnir liggja fyrir prentaðir og sýna svart á hvítu, að það þurfti að borga 18 aura, en hæstv. ráðh. borgaði 14. Hann notaði sér, að til voru l., sem ákváðu niðurgreiðslur til bænda, til að hafa af þeim 800 þús. kr. til að gera þeirra hlut þeim mun verri en verkamanna og hlut ríkissjóðs betri.

Næst notar hæstv. ríkisstj. þessi l. sem skálkaskjól í því máli, sem nú liggur fyrir. Það liggur fyrir, að eftir l. um eftirgjöfina á 9,4% átti að greiða þá hækkun, sem yrði á framleiðslukostnaði hjá bændum. Það kom ákaflega greinilega fram í umr. um málið á Alþingi í fyrra, að þegar talað er um þessa hækkun, þá er átt við hækkað verkakaup, sem hefur áhrif á vísitölu landbúnaðarvara og þar með fyrst og fremst kaup verkamanna, sem vinna hjá bændum. Hæstv. ríkisstj. er ekki enn farin að greiða þetta og trassaði að athuga, hvað mikið þetta væri, eins lengi og hún mögulega gat. Aftur notaði hún sér, að niðurgreiðslurnar voru til og reyndi að hafa af bændum samanborið við aðrar stéttir, það sem þeim ber að l., og enn notaði hún sér það, þegar hún í haust lét verðlagsn. og búnaðarráð ákveða verð á landbúnaðarvörum. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að það hafi verið ákveðið eftir landbúnaðarvísitölunni og hækkað um 9,7%, og það má kannske segja það, þegar árinu á undan er sleppt, en á árinu á undan er hæstv. stj. búin að borga yfir 6 milljónir í uppbætur á útflutt kjöt og gærur frá árinu 1944, en ullin er eftir. En þó að maður gangi fram hjá því, þá er upplýst, að

hæstv. ráðh. lét mikinn hluta af hækkuninni á kjötinu ganga beint til kaupmanna, en ekki til bænda. Hann hækkaði kaupið til kaupmanna meira að tiltölu en það, sem bændur fengu. Nokkrum hluta af þessum 9,7% stakk hann beint í vasa kaupmanna með því að leyfa þeim meiri álagningu og um leið hærra verð. Þess vegna er ekki einu sinni svo vel, að hann hafi látið þessa hækkun koma til bænda, því að nokkuð af henni fór til kaupmanna, enda vita það allir í þessari hv. d. og flestir landsmenn, að þessi hæstv. stj. ber fyrst og fremst hag heildsala og kaupmanna fyrir brjósti, sbr. heildsaladómana o. fl. Því er það, að þeim mun meiri möguleika sem hæstv. stj. hefur til að greiða eftir þessum l., þeim mun meira hefur hún af bændum. Þess vegna vil ég ekki, að hún hafi þessa möguleika nema sem allra stytzt.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Hv. 2. þm. N.-M. bar fram fyrirspurn til mín. Hún var á þá leið, á hverju ég byggði það, að ríkissjóður mundi verða skaðlaus af þeirri ábyrgð, sem hann hefur tekið á sig gagnvart sjávarútveginum. Ég sagði ekki meira en að það liti út fyrir það og byggði það á því, að það, sem hefur selzt af frosnum fiski, sem er aðalatriðið, hefði verið selt fyrir nokkru hærra verð en þyrfti að vera til þess, að ríkissjóður yrði hallalaus. Það er ekki nema lítið, sem þegar hefur verið selt, en það kemur þó til með, þegar til verðjöfnunar kemur, að gefa betri vonir um, að útkoman verði sæmileg. Um saltfiskinn er það að segja, að það hafa verið seldar 3 þús. lestir fyrir sama verð og ríkisstj. hefur tekið ábyrgð á. Það er rétt, að það verður einhver umboðskostnaður, sem dregst frá, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó að það þurfi að greiða nokkur þúsund í umboðskostnað.

Út af því, sem hann að öðru leyti sagði í ræðu sinni, vil ég aðeins beina því til hans, hvort hann vill ekki athuga til 3. umr., hvort sjóðirnir voru gildari hjá bændum, þegar hann skammtaði þeim kaup, en nú, meðan ég geri það, eins og hann kallar það.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Hann segir, að það skipti nokkru fyrir ríkissjóð, hvort borgað sé niður nokkur hluti verðsins fyrir allt kjötið eða aðeins ⅝ hluta þess. Þetta er vitanlega rétt, það tók ég fram áðan, að þetta mundi vera til að spara ríkissjóði einhver útgjöld. En framkvæmdin á málinu og flokkun þeirra, sem kaupa kjöt, er þannig hjá hæstv. stj., að það er vitanlega óviðunandi með öllu.

Hæstv. ráðh. segir, að mönnum sé skipt niður í tvo flokka eftir því, hvort borgi sig fyrir þá eða ekki, að vísitölunni sé haldið niðri. Þessi skýring held ég, að tæplega geti staðizt. Ég hélt, að það borgaði sig fyrir flesta, að vísitalan væri frekar lægri en hærri, þegar á allt er litið. Það er vitanlega ómögulegt fyrir hæstv. stj. að verja þessar reglur eða framkvæmd þeirra. Það er ómögulegt fyrir hæstv. ráðh. að verja það, að fátækur maður, sem hefur litlar tekjur, t. d. hér í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum, sem fyrir tilviljun hefur þrjá menn í vinnu, hann fái ekki þessa niðurgreiðslu á kjöti, á sama tíma og hálaunamenn og stórgróðamenn í þjóðfélaginu eiga rétt á að fá þennan kjötstyrk úr ríkissjóði, og forstöðumenn hlutafélaga, sem hafa tugi þúsunda króna í tekjur, og margir aðrir, t. d. opinberir starfsmenn í hæstu launaflokkum, eiga fullan rétt til þessa styrks. Vitanlega er enginn snefill af sanngirni í þessu. Verkamaður, sem af tilviljun á 3—4 ær, en hefur mannmargt heimili, fær ekki þessa niðurgreiðslu, en aftur aðrir, sem hafa margfalt hærri tekjur, fá hana. Þessi sundurgreining er fyrir neðan allar hellur, eins og oft hefur verið bent á, og óhugsandi, að slík dýrtíðarráðstöfun geti gengið til lengdar. (*SK:* Var það eftir efnahag áður?). Nei, en þá áttu allir kost á að fá þessa vöru með sama verði, og þessi sundurgreining, sem hæstv. ríkisstj. hefur fundið upp, hefði frekar verið réttlætanleg, ef hún hefði verið eftir efnahag og ástæðum, en það er ekki gert, heldur í mörgum tilfellum níðzt á þeim, sem lakast eru settir, og hlutur hinna, sem betur eru settir, gerður betri. Þessi flokkun á ekki að eiga sér stað. Menn eiga allir að hafa möguleika til að fá vöruna með sama verði.

Hæstv. ráðh. mótmælti því ekki, sem er ekki heldur von, að það hefði nokkur áhrif á afurðaverðið til bænda, hvort þeir fá nokkurra milljón króna útflutningsuppbætur eða ekki. Það er ekki sama, þegar því er kippt burt, þegar verðið er fært niður innanlands um leið frá því, sem það á að vera að réttu lagi. Hæstv. ráðh. segir, að það sé tæplega hægt að hugsa sér, að útflutningsuppbætur haldist um aldur og ævi, og er ég honum þar sammála. Ég hef unnið að því, að þær gætu horfið sem fyrst, og við það er till. miðuð. En ég vil halda því fram, að fyrst ekki verður hjá því komizt að veita sjávarútveginum tryggingu fyrir útflutningsverði, þá sé ekki hægt á sama tíma að fella slíka tryggingu fyrir bændastéttina, það er engin sanngirni í slíku.

Viðvíkjandi skattaframtölum vil ég segja það til viðbótar því, sem ég sagði áður, að hæstv. ráðh. veit það eins vel og ég, að það er ekki hægt að fá nægilegt eftirlit með þessum hlutum nema með nýrri lagasetningu, eins og t. d. í Danmörku, og ég læt mér ekki koma annað til hugar en að hæstv. ráðh. hafi fylgzt með þeim ráðstöfunum, sem þar hafa verið gerðar, og ef hann vill einhverjar ráðstafanir gera, þá gæti hann stuðzt við það, en þetta verður ekki gert, það vitum við báðir jafnvel, án þess að til komi ný lagasetning um þær framkvæmdir, bæði um skráningu verðbréfa og annað.

Hæstv. ráðh. segist ekki vilja drótta því að mér, að ég beri mína till. ekki fram af einlægni. Síðan tók hann aftur þessa ágætu játningu, því að hann sagðist ekki trúa fullkomlega á einlægni þessara manna, sem jafnframt bæru fram kröfur um verðhækkun á vörum fyrir sína umbjóðendur. Ég verð við þessu að segja það, að ég hef aldrei gert kröfu um meira fyrir bændur en þeim ber samanborið við aðra miðað við útreikning hagstofunnar. Hins vegar mótmæli ég algerlega þeirri aðferð til vísitölulækkunar, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, að taka

vissar stéttir og vissa menn út úr og skammta þeim minna en þeim ber samanborið við aðra, mér er sama, hvort það eru bændur eða aðrir. Ég mótmæli öllu áframhaldi á slíku. Ég vil láta taka þessi mál öll til athugunar og reyna að koma á samkomulagi og komast að niðurstöðu um, hvað hverjum ber, og síðan verði fært niður hjá öllum hlutfallslega, eftir því sem þörf gerist og réttlátt er. Þetta er eina aðferðin, sem getur lækkað dýrtíðina, en ekki aðferð hæstv. ríkisstj.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Hv. þm. V.-Húnv. lætur sem hann skilji ekki, að hagur þeirra manna, sem öðrum eiga að greiða kaup, fer mikið eftir því, hvort vísitalan hækkar eða lækkar. Hann skilur þetta vel, en lætur bara sem hann skilji það ekki, að ef maður, þótt fátækur sé, hefur 3 menn í vinnu, er miklum mun betra, ef hann greiðir kaupið til þeirra eftir vísitölunni 185 heldur en ef hún færi t. d. upp í 215. Það munar áreiðanlega meiru en þótt hann fengi þessa niðurgreiðslu. Hitt má deila um, hvort hægt sé að verja það, að einn sé fátækur og annar ríkur og hvort það eigi ekki að gera ráðstafanir til þess, að allir hafi jafnmikinn hagnað og jafngóðan efnahag, en út í það hefur stj. ekki farið enn.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Það er örstutt. Eins og ég hef áður haldið fram, þá tel ég, að þessi sundurgreining hæstv. ríkisstj. eigi ekki að eiga sér stað, heldur eigi allir að eiga þess kost að fá vöruna við sama verði. En fyrst hæstv. ríkisstj. fann þetta upp, að skipta mönnum í flokka, þá hefði frekar verið mögulegt að forsvara það, ef hún hefði greint menn sundur eftir efnum þeirra og ástæðum, en það hefur hún ekki gert. Ég vil alveg mótmæla því, að sumir menn, sem hafa 3—4 menn í vinnu, græði meira á því, að vísitölunni sé haldið niðri, en eigendur hlutafélaga, sem hafa tugi manna í vinnu, þó að þeir hafi hlutafélagsform á sínum atvinnurekstri. Þeir græða margfalt meira en hinir á því, að vísitölunni sé haldið niðri, en samkv. reglu hæstv. ríkisstj. og framkvæmd hennar þá eiga þeir að fá þessa niðurgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 591,1 felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, JörB, PZ, PÞ.

nei: STh, StJSt, ÞB, EOl, EmJ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, SigfS, SG, SK.

11 þm. (ÁkJ, ÁÁ, FJ, GÞ, GSv, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, BG) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 591,2 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: STh, SÞ, ÞB, BK, EOl, EmJ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, SG, SK, SigfS.

SkG, SvbH, BÁ, EystJ, HelgJ, JörB, PZ, PÞ greiddu ekki atkv.

12 þm. (StJSt, ÁkJ, ÁÁ, FJ, GÞ, GSv, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, BG) fjarstaddir.

Á 96. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar þetta mál var síðast til umr., lýsti ég því yfir, að ég gæti ekki fylgt því, þar sem stjórnin notaði þetta mál til að svíkja af bændum löglegar tekjur. Hæstv. landbrh. var hér þá og er enn. Hann svaraði mér þá eins og strákar svara öðrum strákum. Hann sagði: „Það var ekki betra, þegar þú réðir og hafðir þessi mál til meðferðar.“ Hann hefur framkvæmt þessi l. þannig, að hann hefur látið sína menn ákveða afurðaverðið mun lægra en lög og réttur stóðu til, slíkt átti sér ekki stað meðan ég fór með þessi mál.

Hagstofan hefur verið látin reikna út, hvert verðið hefði átt að vera samkv. áliti 6 manna n. árin næst á undan, og það hefur sýnt sig, að verðið var ákveðið nærri nákvæmlega rétt, nema árið 1942, en þá fór ég ekki með þessi mál. Einnig hefur verið látið reikna út, hvert verðið ætti að vera hin síðustu ár, og eftir samanburði á þessu tvennu liggja rangfærslur hæstv. ráðh. ljóst fyrir. Og nú vil ég spyrja: Hvorum ber frekar að álasa, mér, sem hafði ekki 6 manna álitið til að styðjast við, en ákvað þó verðið því nær alveg rétt, eða honum, sem hefur álit 6 manna n. til að byggja á, en aldrei látið bændur fá það, sem þeim ber? Ef hæstv. ráðh. vill svara aftur eins og strákur, þá hann um það, en vilji hann líta á sannindi þessa máls, þá sér hann, að bændur hafa ekki fengið þann hlut, er þeim ber.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 97. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, STh, SÞ, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GSv, HB, IngJ, JJós, JPálm, BG.

nei: PZ.

JörB, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (SEH, SK, ÁÁ, GÞ, GTh, JS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jörundur Brynjólfsson: Þar sem ekki hefur reynzt unnt að koma fram nokkurri leiðréttingu, hversu mikil þörf sem hefði verið, við þetta frv., sé ég ekki ástæðu til að greiða atkvæði.

Gísli Sveinsson: Með því að ég tel, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði að fá lagagildi, hversu gallað sem það nú er, þá segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 672).

11. Eignarnám lóðarréttinda og mannvirkja á Siglufirði.

Á 2. fundi í Ed., 4 okt., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 574).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir. Það er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 31. maí s. l. fyrir beiðni stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og heimila að taka eignarnámi þær lóðir, sem taldar eru nauðsynlegar vegna byggingar þeirrar nýju síldarverksmiðju, sem nú er verið að reisa á Siglufirði. Stjórn síldarverksmiðjanna gat, eftir því sem segir í grg. fyrir frv., ekki komizt að samkomulagi um að fá rétt yfir þessum lóðum með öðrum hætti, og var þess vegna talið nauðsynlegt að gefa út þessi bráðabirgðalög.

Allshn. þessarar d. hafði óskað eftir því að fá nánari upplýsingar um þær samningaumleitanir, sem fram höfðu farið um þetta, og afgreiðsla málsins dróst nokkru lengur í n. af þeim sökum, að verið var að bíða eftir þessum upplýsingum. En það fór svo, að n. voru ekki látnar þessar upplýsingar í té, en hins vegar taldi hún, að megi ganga út frá því, að gert hefði verið það, sem hægt var að ætlazt til, til þess að samkomulag næðist, og að brbl. hefðu ekki verið gefin út, fyrr en full nauðsyn var á að gera það. Allshn. leggur því til, þrátt fyrir það, að hún hefur ekki fengið þessar upplýsingar, að frv. verði samþ. óbreytt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig langar í tilefni af því, sem stendur í nál., og því, sem hv. frsm. hefur haldið fram um þær upplýsingar, sem beðið var um, að fá að vita, á hvaða aðila hefur staðið um þessar upplýsingar. Er það á þeim, sem er handhafi þessa réttar, eða eiganda lóðanna, — eða er það sá, sem hefur beðið um eignarnám þessara lóðarréttinda, sem hefur ekki getað gefið þessar upplýsingar? Mér þykir ákaflega merkilegt, að n. skuli lýsa yfir, að hún hafi ekki getað fengið þessar upplýsingar. Það er nokkuð mikils virði fyrir málið að fá að vita, hvor aðilinn það er, sem hefur neitað að gefa upplýsingar, sem beðið er um varðandi þetta atriði.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég skal í tilefni af þessari fyrirspurn svara því, að n. sneri sér að sjálfsögðu til hæstv. atvmrh. og óskaði eftir því, að hann léti henni í té þessar upplýsingar. Það er ekki rétt skilið hjá hv. þm. Barð., að n. hafi verið neitað um upplýsingar, þvert á móti var henni lofað, að þær skyldu látnar í té. Hins vegar mun hæstv. atvmrh. hafa óskað eftir því, að stjórn síldarverksmiðjanna, sem þarna er aðili, léti þessar upplýsingar í té, en ég geri ráð fyrir, að það sé meira undandráttur en annað, sem veldur því, að upplýsingarnar komu ekki. Ég geri ráð fyrir, að það geti ekki verið neitt til fyrirstöðu því, að stjórn síldarverksmiðjanna léti n. upplýsingar í té, hvað hefur verið gert til að ná samkomulagi, en ég geri ráð fyrir, að hún hafi ekki talið það svo sérstaklega þýðingarmikið fyrir afgreiðslu málsins. Sem sagt, allshn. óskaði eftir upplýsingum frá hæstv. atvmrh., og hann lofaði n. því, að hún skyldi fá þær, en á því varð dráttur, og allshn. sá sér ekki fært að bíða lengur, því að eins og þskj. ber með sér, þá er þetta eitt af fyrstu málunum, sem lagt var fyrir þingið, og hefur því orðið, eins og getið er um í nál., mjög mikill dráttur á málinu, og n. vill ekki láta það liggja lengur hjá sér.

Gísli Jónsson: Mér þykir eiginlega meðferð þessa máls öll ákaflega einkennileg. Allshn. hefur þótt ástæða til að geyma málið hér frá því 9. okt. s. l. ár, og ég sé ekki annað en að þessi dráttur á málinu stafi beinlínis af því, að hún hefur talið, að þetta væri svo mikilsvert fyrir Alþingi að vita um þetta atriði, sem hún hefur óskað eftir, en ekki fengið upplýsingar um. Ég vil því mælast mjög til þess, að n. geri enn ítrekaðar tilraunir til þess að fá þessar upplýsingar, áður en málið er afgr. frá deildinni.

Ég mun greiða þessu frv. atkv. til 3. umr., en ég vona, að fyrir þá umr. verði upplýst um þetta mál og sérstaklega þó það, sem er hér næst á dagskrá, frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar, af því að þar er um leigunám að ræða, því að á þeirri braut verður að ganga svo skammt sem kostur er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var óskað eftir nánari upplýsingum varðandi málið. Nú vil ég endurtaka þessa ósk og jafnframt biðja hv. frsm. um sams konar upplýsingar varðandi 3. mál. Einkum óska ég eftir að fá að vita, hvort búið er að framkvæma eignarnám eða hvort beðið er eftir staðfestingu þessara laga.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Eins og ég skýrði frá við 2. umr., höfðu þessar upplýsingar, sem n. óskaði eftir, ekki borizt, og hafa þær ekki borizt enn. Varðandi það, hvort eignarnámsheimildin hafi verið notuð, þá geri ég ráð fyrir, að brbl. hafi verið notuð og þetta frv. sé til staðfestingar.

Gísli Jónsson: Að fengnum þessum upplýsingum vil ég mælast til, að atkvgr. um málið verði frestað, þangað til hæstv. atvmrh. er viðstaddur og getur gefið þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ef hv. þm. Barð. telur þetta svo áríðandi, þá get ég fallizt á að fresta málinu í dag.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var síðast á dagskrá, var umr. frestað, því að hv. þm. Barð. óskaði þess að geta náð sér í upplýsingar. Ég hef spurt hæstv. atvmrh., hvort þessar upplýsingar væru fyrir hendi, þ. e. a. s. það, sem allshn. hafði hugsað sér um það, hvort samningar hefðu farið fram og hvað hefði á milli borið, áður en gripið var til þess ráðs að gefa út brbl. Hæstv. atvmrh. kvað þær ekki vera fyrir hendi, stjórn síldarverksmiðjanna hefði ekki samið áður en brbl. voru gefin út. En hann sagðist hafa treyst því, að vingjarnlega yrði brugðið við í málinu og þess vegna gefið l. út. Hann taldi ekki ástæðu til að tefja málið með þessu. Upplýsingarnar væru ekki fyrir hendi, enda ekki nauðsynlegar. Það ætti eigi að draga málið svona.

Allshn. hefur lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, þótt þessar upplýsingar séu ekki fyrir hendi. Ég legg til, að það verði samþ. óbreytt og málið þannig afgreitt.

Gísli Jónsson: Ég verð að segja það, að mér finnst þessi málsmeðferð harla einkennileg. Hæstv. ráðh. hefur engra upplýsinga leitað, vill enda ekki gefa þær, og annarri fyrirspurn hefur ekki verið svarað. (*StgrA:* Það er búið að framkvæma þetta). Já, eignarnámið, en hæstv. Alþ. fær ekki að vita, hvort þetta eignarnám er til tjóns eða hagnaðar. Ég er alveg hissa á hæstv. ríkisstj. og hæstv. Alþ. að láta málið fá svona afgreiðslu.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ég vildi segja, að sá aðili, sem ábyrgðina ber á setningu laganna, setti þau án þess að hafa hugmynd um, hvort þess væri nauðsyn eða ekki, enda lágu upplýsingar ekki fyrir. Mér finnst það ekki rétt hjá hv. þm., er hann sagði. L. voru sett samkv. beiðni stjórnar síldarverksmiðjanna. — Hæstv. ráðh. treysti því, að aðili sá, er settur hefur verið af hálfu ríkisvaldsins til þess að stjórna þessum fyrirtækjum, gerði það á viðunandi hátt, og tekur umsögn hans gilda. En sá aðili er að sjálfsögðu ábyrgur gerða sinna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 97. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 752).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Þórður Benediktsson): Frv. þetta var lagt fyrir Alþ. til staðfestingar á brbl. frá 31. maí s. l. En í nál. á þskj. 752 er villa, þannig að þar stendur 29. júní í staðinn fyrir 31. maí.

Ákvæði þessa frv. eru öll þau sömu og í brbl., eins og sjá má á þskj., og þess skal getið, að ákvæði þeirra eru þegar komin til framkvæmda. Þessi brbl. voru gefin út til þess að koma í veg fyrir stöðvun á þjóðþrifa framkvæmdum. Og þegar sýnt þótti, að samningar á kaupunum fengjust ekki, þótti ekki rétt að láta slíkt standa í vegi fyrir því, að þessi nýja síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði kæmist upp fyrir næstu síldarvertíð.

Enginn getur neitað því, að þessi útgáfa brbl. var mjög aðkallandi. Og enginn getur að vel athuguðu máli tekið meira tillit til eigingirni og stífni fárra einstaklinga en þjóðarhagsmuna og byggingar hinnar nýju síldarverksmiðju, sem stofnað var til af meiri röggsemi en tíðkazt hefur um slíkar framkvæmdir, og þetta er meira þjóðþrifastarf fyrir alþjóð og umheim, sem haldinn er bjargarskorti, heldur en svo, að smáatriði megi valda því, að hinar nýju síldarverksmiðjur á Siglufirði og á Skagaströnd kæmust ekki upp. Þær munu vera þær fullkomnustu af þessari gerð í Norðurálfu. Og ef síldin bregzt ekki í sumar, munu þær gefa þjóðarbúinu tugi millj. kr. tekjur og afköst þeirra bæta úr feitmetisskortinum í heiminum, en sá skortur er svo mikill og þörfin fyrir feitmeti svo aðkallandi, að viðbótarframlag þessarar verksmiðju gæti bjargað heilsu og lífi fjölda manns. Sannarlega var það þjóðþrifaverk að hrinda þessu í framkvæmd, eins og reynslan hefur sýnt. Verð síldarafurða er einnig svo hagstætt og afköst þessarar verksmiðju verða svo mikil, að vonandi getur hún greitt fljótlega niður hinn mikla kostnað við byggingu hennar.

Ég tel, að það sé ekki til of mikils ætlazt af hv. d., að hún viðurkenni vel og röggsamlega unnin verk byggingarstjórnar og hæstv. atvmrh. með því að afgr. þetta frv. fljótt og einróma og samþ. það.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara. Þetta frv. er

komið frá hv. Ed. og mun hafa legið allmargar vikur til afgreiðslu þar hjá hv. allshn. þeirrar d. Og eftir því, sem segir í nál. hv. allshn. Ed., þá stafar þessi dráttur af því, að ekki fengust upplýsingar um það eða skýringar á því hjá hæstv. atvmrh., þrátt fyrir marggefin loforð, hvers vegna hefðu verið gefin út brbl. um eignarnám á fasteignum, bæði húsum og lóðum, á Siglufirði án þess að reynt hefði verið að komast að nokkru samkomulagi um kaup á þessum eignum við eigendurna. Og það er þess vegna ekki rétt hjá hv. frsm., að það hafi verið einhver samningstregða, sem hafi verið á ferðinni hjá eigendum þessara eigna, sem varð þess valdandi, að þessi leið var farin. Ég veit ekki betur en að þeir hafi ekkert verið um það spurðir. Brbl. voru gefin út og þau framkvæmd alveg án þess að tillit væri tekið til eigenda fasteignanna eða leitað til þeirra um kaup á fasteignunum með frjálsum vilja til þess að byggja á síldarverksmiðjur ríkisins. Og það er einmitt þess vegna, sem hæstv. atvmrh. hefur tregðazt við að gefa yfirlýsingu um það, hvers vegna þetta var framkvæmt þannig. Það má segja, að það þýði nú ekki um það að tala, vegna þess að búið er að framkvæma eignarnámið og einnig farið að byggja á þessum lóðum, en það er ekki farið að meta þessar fasteignir, sem teknar hafa verið. — Nú hafði ég minn fyrirvara vegna þess, að ég hafði þá skoðun, að Alþ. eigi ekki að gefa út slík eignarnámsl., án þess að gera ýtrustu tilraun til þess að ná frjálsum samningum við þá, sem ráða yfir fasteignunum.

Ég vil, til þess að spara tíma, geta þess, að um næsta mál á dagskránni, sem er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að taka á leigu geymsluhús tunnuverksmiðju Siglufjarðar, stendur alveg eins á. Ég skrifaði undir það nál. með fyrirvara af sömu ástæðum. Og ég fyrir mitt leyti mundi vilja víta þá aðferð, þegar gefin eru út brbl. án samþykkis Alþ. um það að taka eignir manna og láta þá ekki vita um það og láta þá svo bera kostnaðinn af málinu, vegna þess að þeir verða að hafa lögfræðinga til þess að hjálpa sér til að ná samningum um virðingu eignanna, og það verða þeir sjálfir að borga.

Frsm. (Þórður Benediktsson): Viðvíkjandi ræðu hv. 2. þm. Eyf. vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa það upp, sem stendur á fylgiskjalinu, sem um þetta mál fjallar:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið sé að hefja nú þegar byggingu 10 þús. mála síldarverksmiðju á Siglufirði. Samningaumleitanir stjórnar síldarverksmiðja ríkisins um kaup á nauðsynlegum lóðarréttindum og mannvirkjum, sem á lóðunum eru, hafa ekki borið árangur, og ber því brýna nauðsyn til, að þessi lóðarréttindi og mannvirki verði tekin eignarnámi.“

Það liggur ekkert fyrir, sem afsannar þessi orð, og ég tel því orð hv. 2. þm. Eyf. um þetta ómerk á meðan.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég tek aðeins til máls til þess að benda á, að nú er það komið fram í þessu máli, sem ég sagði fyrir og sagði einmitt hv. 2. þm. Eyf. á dögunum, þegar hann margsnerist í málinu, og þó að hann hafi e. t. v. ætlað sér að vernda eignarréttinn svo mikið, að ekki yrði tekin öll Reykjavík eignarnámi fyrir erlenda menn, heldur líka þegar til kom, var hann með hverju, sem fram skyldi venda í þeim efnum. Loks féllst hann á, að taka skyldi eignarnámi, algerlega óaðspurt, hverfi í þessum bæ, án þess að nokkur tilraun hefði verið gerð til þess, þegar frv. var til umr. hér, að vita, hvort hægt væri að fá einn eða annan stað í bænum með samkomulagi og samþ. um þá staði við hlutaðeigendur. Svona er rétt, að rekist á. Og þó að ég sé hv. 2. þm. Eyf. alveg sammála í þessu, sem hann nú sagði, eins og ég var honum sammála, þegar hann var með sitt nál., ...

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla út af því, sem hv. frsm. allshn. sagði í sambandi við það, sem hann las upp hér áðan úr grg. frv., þar sem hann segir, að tilraun til samkomulags hafi ekki borið árangur, þá er því til að svara, að þetta orðalag er aðeins þarna sem venjulegt orðalag, sem stendur fyrir slíkum l., og ég veit þetta vel, af því að ég stóð fyrir máli eins þeirra manna, sem hafa orðið fyrir barðinu á þeim, sem hafa stjórnað þessum aðgerðum á Siglufirði. Hæstv. ráðh. hefur ekki gert neina tilraun til þess að ná samkomulagi við þennan mann, og hæstv. ráðh. fékkst ekki til þess að gefa neina skýringu á því, hvers vegna ekki hefði verið reynt að ná samkomulagi við eigendurna. Þetta stendur óhrakið, og þó að ég geri ráð fyrir, að ég verði ekki á móti samþykkt þessa frv., þá er það aðeins prinsipið, sem ég álít, að þeir hefðu átt að hafa um það, að reyna samkomulag fyrst og þess vegna hef ég skrifað undir með fyrirvara.

En hvað það snertir, sem hv. 10. landsk. sagði, þá verð ég að segja, að mér finnst það koma úr hörðustu átt, sem hann sagði, því að ég veit ekki betur en að svo sé, að ég sé meðal þeirra nm. í allshn., sem oftast hafa barizt fyrir því, að l. um eignarnám yrðu ekki samþ., án þess að gerð væri tilraun til að ná frjálsu samkomulagi um kaup á viðkomandi eignum. Þó að ég nefni hér ekkert sérstakt dæmi, þá eru til mörg dæmi, þar sem meðnm. mínir geta vottað um, að ég hafi ekki viljað samþ. eignarnámsl. nema áður hafi verið reynt samkomulag. Og hv. 10. landsk. var svo óheppinn, að einmitt í sambandi við dæmið, sem hann nefndi til þess að sanna sitt mál, um eignarnámsheimild fyrir stað undir hótel, þá var það svo, að þegar n. afgr. málið, þá var meiri hl. og þar á meðal ég með því að fella burt 5. gr. frv. Síðan kemur það fram í málinu, að ráðh., sem þetta mál heyrir undir, biður um eignarnámsheimild fyrir ákveðinn stað í bænum, og það er það, sem n. gekk inn á. En svo kemur hv. 10. landsk. nú og segir, að ég hafi sleppt þessu öllu saman með því að gefa viðkomandi ráðh. eignarnámsheimild hvar sem væri í bænum undir þetta hótel. Þetta er bara misskilningur. Sú yfirlýsing, sem hv. frsm. allshn. gaf, var um það, að allshn. hefði fallizt á það, að ef ráðh. síðar vildi benda á annan stað, sem væri heppilegri undir hótelið, þá mundi allshn. væntan-

lega samþ. það. En þó er þetta allt gert með það fyrir augum, að fyrst sé reynt samkomulag við eigendur eignanna. Ég man ekki betur en að það standi fullum stöfum í frv., þannig að það er ekkert nýtt, sem hefur skeð í þessu máli, sem hægt er að hirta mig fyrir, og a. m. k. er það ekki hægt af þessum hv. þm., því að ég hef einmitt staðið með honum í þessu máli.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það var kunnugt á sínum tíma, hvernig allshn. hraktist frá einu til annars í þessu máli. Og ég hrósa hv. 2. þm. Eyf. fyrir það, að hann er á þeirri skoðun, að svo má ekki fara eins og 5. gr. frv. vill vera láta. En hans rökstuðningur fyrir þessu er, að ráðh. setti hnefann í borðið. En ég veit ekki betur en hér í þessu máli séu nefndir ákveðnir staðir. Það er viss staður og vissar lóðir við tjörnina, svo að þetta er a. m. k. alls ekki verra, sem hér er um að ræða, heldur en það, sem gengið var inn á áður af hv. 2. þm. Eyf.

Garðar Þorsteinsson: Ég vil aðeins benda hv. 10. landsk. á, að það stendur ekki eins á í þessu máli, vegna þess að það er upplýst, að heimildin um eignarnámið var gefin án þess að gerð væri tilraun til samkomulags um kaup á fasteignunum, en í hinu málinu, þá er það sett sem skilyrði í því máli, að fyrst væri reynt samkomulag. Og í því tilfelli, sem þegar var verið að ræða um, byggingu gistihúss í Reykjavík, þá var það sett sem algert skilyrði, að það væri staðbundið.

Gísli Sveinsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Það er mesti misskilningur, að það hafi nokkra þýðingu, hvort fyrirmæli eru um það, að samkomulag skuli reyna eða ekki, því að það er hægt bara fyrir siðasakir að reyna það, og fullnægja því þá eins og hv. 2. þm. Eyf. hefur gert. Og það hefði ekki átt að lögbjóða neitt um eignarnámsheimild, fyrr en búið væri að reyna að ná samkomulagi um lóð undir hótelið hér í þessum bæ. Og alveg eins er það í þessu tilfelli, að það hlýtur að hafa verið reynt að fara þá leið, hvort lóðirnar fengjust ekki fyrir það verð, sem samkomulag gæti náðst um. Annað hefur sjálfsagt ekki verið gert í þessu atriði, og annað verður sjálfsagt ekki gert um hitt atriðið, það vitum við báðir.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það er aðeins út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að í þessu máli hefði ekkert verið gert til þess að reyna að ná samkomulagi um kaup á eignunum. Mér er sagt, að hann muni eiga þar við lóð undir Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði. En þannig var málum háttað, að stjórn síldarverksmiðjanna þurfti að kaupa þarna margar lóðir til þess að byggja á þessa verksmiðju, sem nú er verið að byggja. Og þessari lóð, sem hér er um að ræða, var haldið í svo háu verði og miklu hærra verði en öðrum lóðum, sem komu þarna til greina, og því var ekki hægt fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins að kaupa á sama tíma lóðir, sem liggja mjög svipað og eru að öllu leyti sambærilegar, fyrir mjög miklu hærra verð en hinar, sem frv. fjallar um. Og þar sem sýnilegt var, að ekki var um neitt samkomulag að ræða, var ekki önnur leið fyrir hendi en að fara eignarnámsleiðina. Og bygging tunnuverksmiðjunnar byggist á því, að hægt sé að rífa burt part af mjölgeymsluhúsi Síldarverksmiðja ríkisins, og þá þurfti að grípa til geymslupláss annars staðar. Og þá var ekki til annað hús en ónotað hús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar, en það var enginn maður til hér á landi þá til þess að semja um slíkt. Stjórn tunnuverksmiðjunnar hafði veitt manni erlendis fullt og óskorað umboð til þess að semja og koma fram fyrir verksmiðjunnar hönd að öllu leyti. Það var því enginn möguleiki til þess að semja um þetta og ekki um annað að ræða en eignarnám. Þetta kom ekki í bága við rekstur félagsins, sem rekur tunnuverksmiðjuna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 785).

---

12. Tunnuverksmiðja á Siglufirði.

Á. 2. fundi í Ed., 4. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 575).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Það gegnir mjög svipuðu máli um þetta mál og það, sem síðast var verið að afgr. (frv. um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði). Það er eftir beiðni stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, að gefin hafa verið út brbl. 20. júní s. l. um heimild til þess að taka leignámi Tunnuverksmiðju Siglufjarðar til afnota fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða neitt frekar um þetta, en skal aðeins taka fram í til-

efni af því, sem hv. þm. Barð. sagði í síðari ræðu sinni um mál það, er var hér til umr. næst á undan, að það hlytu að vera mjög velgamiklar upplýsingar, sem allshn. hefði ætlað að afla sér, þar sem hún hefði séð ástæðu til að draga svo lengi afgreiðslu málsins til að bíða eftir þeim, þá held ég, að allshn. hafi ekki litið svo á, að þær hefðu neina afgerandi þýðingu fyrir afgreiðslu þessa máls þær upplýsingar, sem þó var talað um að fá, en þótti það æskilegt. En þrátt fyrir það, að hún fékk ekki þessar upplýsingar, þá var hún sammála um að mæla með, að bæði frv. yrðu samþ., og það gerði hún vegna þess, að hún treysti því, að áður en gripið var til þess að gefa út þessi brbl., þá hefðu legið fyrir ríkisstj. og hæstv. forseta, sem l. gefur út, upplýsingar um það, að l. hefði verið þörf. Allshn. var því einnig sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ., sem sé að þessi brbl. verði staðfest af Alþingi. Fyrir hönd n. vil ég leggja til, að þetta frv. verði samþ., sem hér liggur fyrir.

Bjarni Benediktsson: Ég hjó eftir því, að hv. frsm. sagði, að staðið hefði á þessum upplýsingum frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Ég hef aflað mér um þetta upplýsinga, og hvorki stjórnarformaður né framkvæmdastjóri vilja kannast við það, að til þeirra hafi verið leitað, þannig að ég sé ekki, að hér sé öðrum til að dreifa en hæstv. ráðh. Þetta skiptir ekki máli, en úr því að hér er verið að bera sakir á ákveðna aðila, þá er rétt að geta þess, að þeir aðilar, sem hv. frsm. gat um, vilja ekki kannast við, að staðið hafi á sér.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið, vil ég endurnýja ósk mína um, að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en 3. umr. fer fram, en ég mun að sjálfsögðu ekki greiða atkv. á móti frv. við þessa umr. hér í deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 97. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 753).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Þórður Benediktsson): Herra forseti. Um þetta mál er sama að segja og um hitt málið, frv. til l. um eignarnám lóðarréttinda og mannvirkja á Siglufirði, sem var verið að afgr. nú. N. mælir með því, að frv. verði samþ. og málið fái fljóta afgreiðslu.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 786).

---

13. Tunnusmíði.

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um tunnusmíði* (stjfrv., A. 217).

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 217, n. 334).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, vegna þess að sjútvn. hefur ekki getað tekið þetta mál til nánari athugunar, að málið verði tekið af dagskrá að þessu sinni.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Nd., 19. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég sé ekki, að neinu sé við grg. frv. að bæta, en vil taka það fram, að fjhn. mun athuga nánar um stjórnarfyrirkomulag tunnuverksmiðjunnar milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 71., 72. og 73. fundi í Nd., 20., 21. og 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 25. febr., var frv. enn tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. var á sínum tíma til athugunar hjá fjhn. þessarar d., og hefur meiri hl. n. skilað um það áliti á þskj. 334 þann 12. des. Ég, sem á sæti í þeirri n., hef hins vegar ekki skilað neinu áliti um málið, en vil fara um það nokkrum orðum. Mér hafði nú skilizt, að málið mundi verða tekið til athugunar aftur af fjhn., en af því hefur ekki orðið. Mun ég því leggja hér fram brtt. við frv., sem ég verð að afhenda hæstv. forseta skrifl., þar sem ekki hefur unnizt tími til að fá þær prentaðar, og vænti ég þess, að hann leiti afbrigða fyrir þessum brtt.

Þetta frv. er um heimild handa ríkisstj. til að reisa og reka tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri og hina á Siglufirði, ef rannsókn leiðir í ljós, að tunnusmíði hér á landi sé samkeppnisfær við erlenda tunnusmíði um verð og gæði. Þá er einnig í frv. gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa eða taka á leigu þær tunnuverksmiðjur, sem til eru í þessum kaupstöðum. — Ég tel, að það sé rétt að stefna að því, að tunnur verði smíðaðar hér á landi, ef sá iðnaður getur orðið samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Hitt getur meir verið álitamál, hvort ástæða sé til eða hagkvæmast, að ríkið hafi með þennan rekstur að gera. Þessi iðnaður getur, eins og margur annar rekstur, verið rekinn af einstaklingum. Einnig getur komið til álita, hvort heppilegt sé, að þessi iðnaður sé rekinn af bæjarfélögum, og getur það eins komið til mála, að minni hyggju, að hafa það þannig eins og að ríkið taki þennan rekstur að sér, ef á annað borð þykir heppilegra, að það opinbera hafi með þetta að gera en einstaklingsfyrirtæki. En ég mun ekki mæla á móti því, að ríkisstj. fái þessa heimild, ef hv. d. vill fallast á að gera nokkrar breyt. á þessu frv.

1. brtt. mín er um að fella niður 4. gr. frv., en samkv. þeirri gr. er ríkisstj. heimilað að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki vegna tunnuverksmiðjanna. Ég tel ekki rétt að samþykkja svona víðtæka eignarnámsheimild handa ríkisstjórninni. Ekki liggur neitt fyrir um það, að það sé heldur þörf á því að taka eignarnámi lóðir, hús eða önnur mannvirki fyrir þessar tunnuverksmiðjur, þó að þær verði reistar. Og ég tel sjálfsagt, að það verði reynt að ná þessum eignum á annan hátt, með frjálsum samningum, áður en eignarnám komi til greina. Og ef það sýnir sig, að ekki sé hægt að ná þessum nauðsynlegu eignum með frjálsum samningum, þá getur hæstv. ríkisstj. vitanlega síðar farið fram á að fá heimild til eignarnáms, og ætti það þá að vera bundið við vissar ákveðnar eignir, en ekki svo víðtæk heimild sem hér er gert ráð fyrir, þar sem eftir henni er hægt að taka eignarnámi hvaða eignir sem um er að ræða af þessu tagi á viðkomandi stöðum. Ég legg því til, að þessi gr. frv. verði felld niður.

Í 6. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nánari ákvæði um rekstur og stjórn tunnuverksmiðjanna svo og um annað, er þurfa þykir, skulu sett með reglugerð.“ — Ég tel eðlilegra, að í 1. séu ákvæði um stjórn verksmiðjanna, hvernig henni skuli fyrir komið. Getur þá vitanlega komið til greina að setja yfir þetta sérstaka stjórn, sem Alþ. kýs. En ég vil leggja til, að síldarútvegsnefnd verði falið að annast stjórn og rekstur tunnuverksmiðjanna. Mér virðist, að það geti vel farið saman við önnur verkefni, sem þessi n. hefur með höndum, og að það sé á þennan hátt hægt að komast hjá því að velja þarna sérstaka n. til þess að fara með rekstur tunnuverksmiðjanna. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að 6. gr. frv. verði orðuð um og verði þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Síldarútvegsnefnd annast stjórn og rekstur tunnuverksmiðja ríkisins og ræður starfsmenn þeirra.“ En með því að það getur álitizt nauðsynlegt að setja einhver nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna með reglugerð, þá legg ég til, að á eftir þeirri gr. komi ný gr. um það efni, svo hljóðandi: „Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.“ — Yrði þá, ef brtt. mínar yrðu samþ., greinatala frv. óbreytt, þar sem ný gr. kæmi í stað þeirrar, sem ég vil láta fella niður úr frv.

Mér hefur borizt til eyrna nýlega, að nú í s. l. viku hafi verið haldið uppboð á Siglufirði og að þar hafi verið seldar eignir tunnuverksmiðju, sem þar var, og að hæstv. ríkisstj. hafi fyrir hönd ríkisins látið kaupa þessar eignir. Nú þætti mér fróðlegt að heyra frá hæstv. atvmrh. eða hæstv. fjmrh., hvort þessi fregn sé rétt, hvort ríkið hafi þegar keypt þessar eignir, og þá fyrir hvaða verð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið, en vil afhenda hæstv. forseta brtt. mínar.

Forseti (BG): Eins og hv. þdm. hafa heyrt, hefur hv. þm. V.-Húnv. lýst skrifl. brtt., sem nú er lögð fram hér. Afbrigða þarf við, til þess að brtt. sé tekin fyrir til umr. í hv. deild.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 476) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Viðkomandi fyrirspurn frá hv. þm. V.-Húnv. vil ég taka fram um þetta uppboð á Siglufirði, að tunnuverksmiðjan á Siglufirði er samvinnufélag, stofnað árið 1937 eða 1938, að mig minnir, og

var lengi fastur póstur á fjárl. að veita ríkisábyrgð til rekstrar þessarar verksmiðju. Þessar ábyrgðir hafa fallið á undanförnum stríðsárum, þar sem forstöðumaður þessarar verksmiðju var tepptur erlendis og starfsemi tunnuverksmiðjunnar lá niðri að mestu leyti, a. m. k. voru ekki framleiddar tunnur í henni, heldur aðeins botnar og gjarðir og þess háttar. En að mestu hefur starfsemi verksmiðjunnar legið niðri. Þessar ábyrgðir hafa því fallið, og ríkissjóður hefur leyst þær út með 267 þús. kr. Enn fremur er fallinn á þessa upphæð málflutningskostnaður. Það var höfðað mál á hendur tunnuverksmiðjunni, og fjmrh. annaðist þá innheimtu. Það er sennilega ekki óvarlegt að segja, að skuldir þessarar verksmiðju séu kringum 300 þús. kr. Það var gert fjárnám í eignum tunnuverksmiðjunnar, sem voru hús og vélar, og fjmrh. og atvmrh. töldu ekki rétt að láta uppboðið fara þannig, að þessar eignir yrðu seldar fyrir lágt verð, þar sem búast mætti við, að ekki væri um aðrar eignir að ræða til þess að taka upp í þessar skuldir en þær, sem búið væri að taka fjárnám í. Og þessar eignir voru seldar ríkissjóði fyrir 260 þús. kr. allar saman, þannig að það munu vera enn þá 30—40 þús. kr., sem ódekkaðar eru, sem ég veit ekki, hvort þetta félag á nokkrar eignir upp í. En forstöðumaður þess, sem nýlega kom til landsins, hefur skýrt frá því, að hann sé að ganga frá reikningsuppgjöri og muni leggja það fyrir ráðuneytið.

Um annað, sem fram kom í ræðu hv. þm. V.-Húnv., vil ég taka fram nokkur atriði. Hann taldi spursmál, hvort rekstur tunnuverksmiðjanna ætti ekki að vera einstaklingsrekstur eða bæjarrekstur. En í frv. er gefin heimild til ríkisrekstrar á þeim. En að mínu áliti getur vel komið til mála bæjarrekstur á þessum verksmiðjum að einhverju eða öllu leyti, og um það yrði þá sérstaklega að ræða við þessi bæjarfélög. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál fyrir Akureyringa og Siglfirðinga. Þetta er vetrarvinna, sem unnin er við þessar verksmiðjur. Og það er mikill áhugi fyrir því á Siglufirði og Akureyri að koma upp tunnuverksmiðju, til þess að bæta úr því atvinnuleysi, sem þar er að vetrinum, og t. d. bæjarstjórnin á Akureyri hefur látið þetta mál mjög mikið til sín taka. Það er enn óákveðið, hvernig starfræksla þessara tunnuverksmiðja yrði, ef til kæmi, og ríkisstj. hlyti að ræða það við viðkomandi bæjarstjórnir. En ég hef ekki orðið var við áhuga hjá einstaklingum fyrir þessum atvinnurekstri. Það var ein tunnuverksmiðja hér á landi, sem rekin var af einstaklingum nokkuð mörg ár fyrir stríð, en átti örðugt uppdráttar. Ég býst við, að það fýsi ekki marga að leggja út í þann atvinnurekstur sem einstaklingar. Honum er þannig varið, að áhættan við hann er geysimikil, ef hann er rekinn á þann hátt, að sá sem reksturinn annast, er ekki öruggur um afsetningu. Það var ákaflega miklum erfiðleikum bundið fyrir innlenda tunnuframleiðendur að koma út tunnum, því að hingað komu sænskir kaupmenn, sem lánuðu síldartunnur við vægum kjörum og tóku hallann af því aftur í öðrum viðskiptum. Þetta gerði tunnuverksmiðjunum ákaflega erfitt fyrir, og má búast við, að það verði ekki á færi einstaklinga að reka slík fyrirtæki, og jafnvel ekki á færi bæjarfélaganna, nema því aðeins, að þau njóti stuðnings ríkisins til þess að geta tryggt sér afsetningu á tunnunum.

Hv. þm. V.-Húnv. vill í fyrsta lagi fella niður 4. gr., sem er um eignarnámsheimild, sem hann taldi ófært að hafa í frv. Í gr. þessari segir, að ríkisstj. sé heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki vegna tunnuverksmiðjanna. Auðvitað yrði þessi heimild notuð í þeim tilfellum aðeins, sem það getur talizt alveg nauðsynlegt. Þetta eru nú tiltölulega fáir staðir, t. d. á Siglufirði, þar sem telja má, að þetta geti komið til greina, en sumir eru í eigu prívatmanna, þar sem viðbúið er, að þurfi á eignarnámsheimild að talda til þess að geta fengið þær lóðir, því að það skiptir miklu máli, að valinn sé góður staður, með tilliti til uppskipunar á efni og ýmislegs fleira, sem kemur til greina. Ég held, að ekki sé ástæða til að óttast, að þessari heimild verði á nokkurn hátt misbeitt. Það er sett takmörkun í enda gr., sem verður að binda sig við, sem sé sú takmörkun, að þetta verði aðeins gert, ef það er nauðsynlegt. Það mun enginn leika sér að því að taka hús eignarnámi í þessu skyni. Og svo í öðru lagi, ef til þess kæmi, að beita þyrfti slíku eignarnámi, væri hyllzt til þess að taka húslausar mannvirkjalausar lóðir, og annað hefur í rauninni ekki komið til greina. Ég tel því ástæðulaust að fella niður þessa heimild, enda takmörkun í gr., sem fyrirbyggir, að þessu geti orðið misbeitt.

Þá leggur hv. þm. til breyt. á 6. gr., um reksturinn, að ákvæði skuli um það sett, að síldarútvegsnefnd hafi stjórn tunnuverksmiðjanna með höndum. Í fyrsta lagi er það enn þá alls ekki ljóst, með hvaða hætti þessar tunnuverksmiðjur verða, hvort þær verða ríkisfyrirtæki, hvort þær verða reknar með samtökum ríkis og bæja eða eingöngu af bæjunum, með einhvers konar aðstoð ríkisins. Ég tel, að svona heimild eins og felst í 1. og 2. gr. geti gefið tilefni til samninga við bæjarstjórnirnar. Það er ekki meining ríkisstj., ef vilji er fyrir hendi hjá bæjarfélögunum á Akureyri og Siglufirði að reka þessar verksmiðjur áfram eftir sínu höfði, að hindra þessi bæjarfélög í því og taka þetta af þeim, heldur mundi þá ríkisstj. reyna að gera við þau samninga, sem tryggðu þessum bæjarfélögum öruggan rekstur á þessum fyrirtækjum. Annars tel ég of snemmt að ákveða þetta, hvort hér sé um ríkistunnuverksmiðjur að ræða eða ekki, og mér sýnist till. hv. þm. hanga saman við þessa breyt. á 6. gr.

Ég segi svo ekki fleira um þetta.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér hefur borizt beiðni um, að fjhn. fái málið tekið af dagskrá í dag vegna brtt., sem komið hefur fram við 4. gr. frv.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 217, 476).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Síðan

umr. var frestað, hefur fjhn. haldið fund um þetta mál og orðið sammála um að mæla með brtt. frá minni hl. n. við 4. gr., um það, að gr. falli niður. Ég vil aðeins taka það fram, að þetta er sú gr., sem fjallar um eignarnámsheimild varðandi hús og önnur mannvirki vegna tunnuverksmiðjanna. Það er sú eina brtt. á þskj. 476, sem samkomulag er um í nefndinni.

Skúli Guðmundsson: Áður en þessari umr. var frestað, þegar málið var hér síðast á dagskrá, hafði hæstv. atvmrh. gert að umtalsefni m. a. þær brtt., sem minni hl. fjhn. flutti á þskj. 476. Um fyrstu brtt., sem er um það að fella niður 4. gr., sé ég ekki ástæðu til að ræða meira, þar sem fjhn. öll hefur fallizt á að mæla með þeirri brtt., eins og fram kom í ræðu hv. þm. V.-Ísf. áðan. En um 2. brtt. vildi ég segja nokkur orð. Hún er um það, að síldarútvegsnefnd annist stjórn og rekstur tunnuverksmiðja ríkisins og ráði starfsmenn þeirra. Hæstv. ráðh. sagði það um þetta, að þó að frv., sem hér liggur fyrir, yrði gert að l., þá væri ekki þar með sagt, að ríkið kæmi upp þessum tunnuverksmiðjum eða keypti tunnuverksmiðjur til að reka þær, það gæti vel farið svo, þrátt fyrir þessi heimildarl., að það yrðu viðkomandi bæjarfélög, sem með þennan rekstur hefðu að gera, og enginn vilji væri hjá stj. fyrir því að hindra bæjarfélög í því að hafa þennan rekstur í sínum höndum. Hann sagðist því telja það óþarft eða of snemmt að ákveða nokkuð um stjórn verksmiðjanna. Ég vildi benda á það í þessu sambandi, að ef það á annað borð þykir rétt að samþ. þetta frv. sem heimild fyrir ríkisstj. til þess að reisa og reka tvær tunnuverksmiðjur, finnst mér sjálfsagt, að í því frv. sé eitthvert ákvæði um stjórn fyrirtækjanna, enda er það nú í stjfrv., eins og það liggur fyrir, að í 6. gr. er gert ráð fyrir því, að viðkomandi ráðh. ákveði með reglugerð, hvernig stj. verksmiðjanna skuli fyrir komið. Ég tel það óeðlilegt, að ráðh. einn ákveði um þetta með reglugerð, heldur teldi ég rétt, að það væri ákveðið í frv., hvernig stj. sé fyrir komið. Vitanlega væri hægt að hafa þetta þannig að kjósa sérstaka stj. fyrir þessi fyrirtæki, en það er ekki lagt til í brtt. minni hl., heldur að síldarútvegsnefnd verði falið það, þar sem það virðist vel geta farið saman við önnur verkefni, sem síldarútvegsnefnd hefur. — Ég vænti þess því, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt. og þá einnig 3. till., sem er í beinu sambandi við 2. brtt., og að hv. d. geti eigi að síður fallizt á 1. brtt., sem fellir burtu 4. gr. frv.

ATKVGR.

Brtt. 476,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 476,2—3 samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JörB, PÞ, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, FJ, GÞ, GSv.

nei: JPálm, LJós, SB, STh, ÞB, ÁÁ, EOl.

IngJ, JJós, BG greiddu ekki atkv.

10 þm. (JS, ÓTh, PZ, SigfS, SG, StJSt, ÁkJ, EmJ, GTh, HB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., 28. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 487).

Á 75. og 84. fundi í Ed., 1. og 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um innlenda tunnusmíði. Í nokkur ár fyrir stríð voru reknar tunnuverksmiðjur, þrjár á Siglufirði og ein á Akureyri. Reynslan varð sú, að hægt væri að smíða hér tunnur, sem væru sambærilegar við útlendar. Útlendir síldarkaupmenn höfðu tíðum þann hátt að flytja inn með sér tunnur og selja þær hér við vægu verði. Þetta gerði tunnuverksmiðjunum erfitt fyrir. Það verður ekki hægt að reisa tunnuverksmiðju nema ríkið styrki hana. Gert er ráð fyrir samræmingu í tunnusmíði. Akureyrarkaupstaður eigi sína tunnuverksmiðju, en ríkið hefur keypt verksmiðjuna á Siglufirði. Með samræmingu yrði reksturinn hagkvæmari t. d. með kaup á efni og annað slíkt, en til þess þarf góð geymsluhús. Það er nú verið að byggja húsnæði á Siglufirði í þeirri verksmiðju, sem þar er. Verið er og að vinna úr því efni, sem keypt var á síðast liðnu hausti. Hægt er að hafa sömu verksmiðju og nú er á Akureyri, en á Siglufirði verður að byggja nýtt hús, því að síldarverksmiðjur ríkisins verða að fá þá lóð, sem hún stendur nú á, enda hættulegt að hafa tunnuverksmiðjur við gínandi síldartanka.

Í Nd. var gerð breyt. á 5. gr. frv. Það var um að setja sérstaka stjórn fyrir tunnuverksmiðjurnar. Ástæðan fyrir því, að það var ekki ákveðið strax, er sú, að það fer eftir áliti manna, hvort reka skuli verksmiðjurnar í samvinnu við bæjarfélögin. Á Akureyri hefur það verið gert, að skipt hefur verið um menn í verksmiðjunni þar með vissu millibili, vegna atvinnuspursmálsins.

Ég tel óheppilegt, að síldarútvegsnefnd hafi stjórn í þessu máli, af ýmsum ástæðum. — Þeir, sem keypt hafa síld hér, útlendingar, hafa finanserað síldarsöltun sína með því að selja tómu tunnurnar á haustin. Það er ekki gott fyrir síldarútvegsnefnd að standa í þeim brösum. Þótt gert sé ráð fyrir í frv., að smíða eigi síldartunnur, þá er ekkert eðlilegra en að fleiri tunnutegundir verði smíðaðar í verksmiðjunum. Ef lýsisherzlustöð verður sett upp hér, verður að smíða undir það sérstakar tunnur. E. t. v. væri rétt að skipa sérstaka n. til að ræða við bæjarfélögin.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir einkennilegt, að þetta mál hefur verið í fjhn., og enn einkennilegra, að þegar þetta mál er til umr. í þessari d., þá skuli enginn úr þeirri n. sitja fund. Líkt mál þessu hefur verið í sjútvn., og mér finnst, að þetta mál ætti einnig að vera þar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann ætli að framkvæma 1. gr. frv. — Mér finnst það hreinn misskilningur, sem fram kemur í grg. frv. við 2. gr. — Ég vil og spyrja hæstv. ráðh., hvort upplýsingar um rekstur og fyrirkomulag séu þegar fyrir hendi. Ríkið hefur ekki leyfi til að reisa tunnuverksmiðju, fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir og rannsókn hefur farið fram. — Svo vil ég spyrja, hvort þessi fyrirtæki greiði skatta til ríkis og bæja. Það er að verða stórt vandamál, hvernig ýmis fyrirtæki skjóta sér undan að greiða skatta. Ég vil spyrja um þetta, hvort þessi fyrirtæki skuli greiða skatt eða vera skattfrjáls. Að sjálfsögðu vildi ég svo vænta, að fjhn. taki þessar ábendingar til athugunar.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af því atriði í ræðu hv. þm. Barð., þar sem hann spyr, hvort álitsgerð liggi fyrir um reksturinn, skal ég benda á það, að 1. gr. veitir heimild til að reisa og starfrækja verksmiðju, og 2. gr. kveður svo á, að ríkisstj. sé heimilt að taka á leigu þær verksmiðjur, sem nú eru á Akureyri og Siglufirði. Þess vegna er 2. gr. miðuð við þær ráðstafanir, sem gera verður þegar í stað. Á Siglufirði liggur fyrir að reisa nýja tunnuverksmiðju, en mikið má nota úr þeirri gömlu. Á Akureyri þarf og að fara fram gagnger breyting, t. d. verður að reisa þar stórt lagerhús; endurnýja þarf og flestar vélarnar. Það er nú verið að vinna að þessari álitsgerð af Haraldi Loftssyni, sem hefur reynslu í þessum málum frá Vestmannaeyjum.

Annað atriðið var um útsvars- og skattafríðindin. Ég hafði hugsað mér þessi fríðindi miðuð við það, að verksmiðjurnar yrðu starfræktar að vetrinum, jafnvel þótt halli yrði. Þannig hefur það verið marga undanfarna vetur á Akureyri, að tunnuverksmiðjan hefur verið rekin til þess að halda uppi atvinnu, og þannig tel ég, að það ætti að vera í framtíðinni. Því fer og fjarri, að óskir séu uppi frá bæjarstjórnunum á Akureyri og Siglufirði um að leggja skatta á þessi fyrirtæki. Ég minnist ekki að hafa nokkurn tíma heyrt óskir um það, meðan ég var bæjarstjóri á Siglufirði, að leggja ætti skatt á þetta fyrirtæki.

Þá spurði hv. þm., hvort hér væri átt við tréeða ståltunnur. Þegar ég gæti að, er víst hvergi ákvæði um þetta í frv., en þó mun það leiða af ákvæðum 4. gr., þar sem talað er um síldartunnur, að átt er við trétunnur. Eftir því sem mér hefur skilizt, er ståltunnugerð allt öðruvísi framleiðsla, enda ekki markaður fyrir ståltunnur, fyrr en þá að lýsisherzlustöðin er komin, og kann að vera, að vert væri að athuga það í sambandi við hana. Annars er mér sagt, að þá framleiðslu verði að reka í svo stórum stíl, að hæpið sé, að hún yrði hagkvæm fyrir okkur. Til trétunnugerðar þarf hins vegar tiltölulega lítinn vélakost, þar sem mikið er handunnið og stofnkostnaður þar af leiðandi ekki eins mikill. Hér er sem sagt átt við trétunnur, en ekki ståltunnur, þótt það sé ekki beint fram tekið.

Gísli Jónsson: Að fengnum þessum upplýsingum tel ég nauðsynlegt að breyta ákvæðum 1. eða 2. gr., þar sem sagt er í 1. gr., að í þetta skuli ekki ráðizt, fyrr en rannsókn hafi farið fram. Hitt atriðið, hvort átt sé við tré- eða ståltunnur, skiptir ekki máli, þótt rétt væri, að það væri tekið fram.

Ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um skattfrelsið. Sé 1. gr. frv. fullnægt, á fyrirtækið að greiða skatta, en ef á að gefa fyrirtækinu allt, þá er 1. gr. ekki fullnægt. Ég tel, að það geti ekki gengið, að komið sé á fót fyrirtækjum á kostnað þegnanna og þau síðan látin keppa við þegnana, sem bera þau uppi.

Rök hæstv. ráðh. um vetrarvinnuna álít ég ekki fullnægjandi. Fyrirtækið hlýtur að hafa fasta starfsmenn og þá aðallega iðnaðarmenn, sem stunda ekki aðra vinnu. Ég sé ekki, að gert sé ráð fyrir, að hér eigi að stofna til neinnar atvinnubótavinnu, og sé svo ekki, þá álít ég, að þetta fyrirtæki eigi að bera skatta eins og önnur.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það er auðheyrt, að hv. þm. Barð. er ókunnugt um atvinnuástand norðanlands. Ég skal upplýsa hann um það, að fólkið flýr bókstaflega yfir veturinn frá Akureyri og Siglufirði, af því að atvinnu vantar, og er það vitanlega miklu stærra atriði fyrir viðkomandi bæjarfélög að ráða bót á því en að halda við það, að þessi fyrirtæki greiði skatt. Ég tel, að skilyrðum 1. gr. sé fullnægt, ef fyrirtækið ber sig, þótt því sé ívilnað í útsvari og sköttum. Ef hagnaður verður sýnilega, má lækka tunnuverðið, og kemur það þá til góða síldarsaltendum. Erlendis mun það víðast þannig, að fagmenn, sem vinna að vetrinum í verksmiðjunum, vinna að sumrinu á síldarplönunum sem beykjar o. fl., og þannig yrði það vitanlega á Siglufirði.

Viðvíkjandi því, sem þm. Barð. sagði um, að breyta þyrfti 1. og 2. gr., þá virðist mér það alls kostar óþarft, þar sem þar er um tvenns konar ákvæði að ræða.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki halda uppi málþófi um þessi atriði, en ég vil að gefnu tilefni beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann telji, að öll fyrirtæki, sem veita atvinnu að vetrinum, eigi að njóta slíkra hlunninda sem lagt er til, að þessi fyrirtæki njóti.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég tel raunar óþarft að svara þessari fyrirspurn, þar sem það hlýtur að vera öllum ljóst, að öðru máli gegnir um ríkisfyrirtæki sem þetta en einstaklingsfyrirtæki. Ég skal játa, að óhæfilegt væri, að fyrirtækið borgaði ekki skatt, ef það hrúgaði upp fé, en hér er ætlazt til, að framleiðslan verði seld við kostnaðarverði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, HermJ, PHerm, PM, BSt.

nei: IngP, ÁS, ÞÞ, BrB, EE, StgrA.

5 þm. (HG, JJ, LJóh, MJ, BBen) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 487, n. 777).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og þm. er kunnugt, er frv. þetta komið frá hv. Nd. og hefur í rauninni upphaflega verið dálítið öðruvísi en það er nú. Fjhn. Nd. hefur lagt til einróma, að frv. verði samþ., og þannig hafði það farið gegnum 2. umr. þar. En við 3. umr. var gerð lítils háttar breyt. viðvíkjandi stjórn verksmiðjanna, þannig að það ákvæði væri tekið upp, að síldarútvegsnefnd yrði falin stjórn þessara verksmiðja, þegar þær yrðu reistar. Nú hefur fjhn. þessarar hv. d. farið yfir og athugað frv., og allir nm., að undanteknum einum, sem ekki var á fundi, eða 4 nm. af 5 hafa orðið sammála um að leggja til, að því ákvæði yrði breytt og gr. orðuð eins og segir á þskj. 777, þannig að atvmrh. skipi þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjurnar. — Það er ýmislegt, sem mælir með því að vera ekki að hlaða þessum störfum á síldarútvegsnefnd. Hún mun hafa mikið starf með höndum, sem sennilega mun fremur fara vaxandi með aukinni síldarsöltun, sem líklegt er, að verði nú á þessu ári. Þess vegna mun starf hennar nóg og ekki ástæða að ætla henni að sjá um rekstur þessara verksmiðja. Í öðru lagi má svo telja, að það sé dálítið hæpið að setja síldarútvegsnefnd í þá aðstöðu að vera bæði seljandi síldar og framleiðandi þeirra umbúða, sem síldin er látin í, vegna þess að það getur sett hana í vanda gagnvart þeim, sem hún þarf að skipta við.

Ég vil taka það fram aftur, að meiri hl. n. væntir þess fastlega, að hv. d. samþ. þessa breyt. Þó að hv. 1. þm. Eyf. hafi ekki skrifað undir nál., vegna þess að hann var ekki staddur á fundinum, hef ég ekki ástæðu til að ætla, að hann sé þessari breyt. mótfallinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 777 (ný 5. gr.) samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, MJ, PHerm, ÞÞ, BrB, EE, GJ, HG, StgrA.

nei: HermJ, IngP.

6 þm. (LJóh, PM, BSt, BBen, GÍG, JJ) fjarstaddir.

6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 799).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 109. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 110. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 799).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. var upphaflega borið fram hér í Nd., en hefur nú einnig fengið afgreiðslu Ed., sem hefur gert breyt. á 5. gr. þess. Þegar frv. var hér til meðferðar, voru samþ. 3 brtt. við það frá minni hl. fjhn., og ein breyt. um stjórnarfyrirkomulag verksmiðjanna, á þá leið, að síldarútvegsn. skyldi annast stjórn og rekstur verksmiðjanna og ráða starfsmenn þeirra. Nú hefur hv. Ed. breytt þessu í það horf, að atvmrh. skuli skipa þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjurnar. Ég fæ ekki séð, að ástæða sé til þess að hafa þannig sérstaka stjórn fyrir þessar verksmiðjur, og tel víst, að hv. dm. séu á sama máli og fyrir skömmu um það, að þetta muni ekki vera umfangsmeira en svo, að síldarútvegsn. geti vel annazt þetta. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 5. gr. frv., um það, að síldarútvegsn. annist stjórn og rekstur verksmiðjanna og ráði starfsmenn þeirra, og verði frv. þannig fært í sama búning og það var í, þegar það fór til Ed. — Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem ég áður færði fyrir því, að eðlilegt sé að haga stjórn verksmiðjanna á þennan veg, en vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. með ósk um, að hún verði tekin til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 829) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 829 felld með 14:11 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

---

14. Gistihúsbygging í Reykjavík.

Á 67. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu gistihúss í Reykjavík (stjfrv., A. 417).

Á 68. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Á Alþingi 1944 var borin fram till. um gistihúsbyggingu. Þessi till. fékk í lok þingsins þá afgreiðslu, að málinu var vísað til ríkisstj. Skömmu síðar leitaði ríkisstj. til borgarstjóra og Eimskipafélags Íslands, hvort hugsanleg væri samvinna við þessa aðila um gistihúsbyggingu. Báðir þessir aðilar tóku vel

í málið, og hefur af þeirra hálfu verið gert allt til að hrinda því í framkvæmd. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa máls, því að öllum er ljóst, hversu mjög okkur vantar veglegt gistihús. Auk þess sem nú eru að hefjast flugferðir milli Austur- og Vesturheims, sem hafa í för með sér enn meiri nauðsyn þessa máls. Þá er og von til þess, að ferðamannastraumur aukist eða réttara sagt haldi áfram frá því, sem var fyrir stríð. Þá er í ráði hjá samgmrn. að bera fram till. um, að endurreist verði ferðaskrifstofa ríkisins. Allt þetta eykur mjög þörfina fyrir vandað gistihús hér í Reykjavík, því að eins og nú stendur, fá varla þeir menn húsnæði, sem mikilvægum erindum eru að gegna.

Það hafa verið gerðar bráðabirgða athuganir um stærð og kostnað á góðu gistihúsi. Þessar athuganir hafa sýnt, að það þarf milljónir og jafnvel milljónatugi til þessara framkvæmda. Það er því ekki á færi neins einstaklings að reisa slíkt fyrirtæki, það opinbera verður að vera meðaðili. Ekki er heldur trúlegt, að rekstrurinn geti staðið straum af stofnkostnaðinum.

Það er því ekki nema um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú að draga fyrirtækið út á þá braut, að það verði arðberandi, en með því verður varla um fullkominn rekstur að ræða. Hin leiðin er að gera reksturinn sem fullkomnastan og til fyrirmyndar. Þessir þrír aðilar, sem um málið hafa fjallað, gera ekki ráð fyrir, að höfuðstóllinn kæmi beint aftur. Einstaklingar eru ekki spenntir fyrir slíku, því að ef um fyrirmyndar rekstur er að ræða, er lítil arðsvon, en aftur á móti er reynslan, að lélegur rekstur gefur mestan arð. Ég ætla ekki að leyna því, að viðræður hafa farið fram við einstaklinga um þessi mál, og sömuleiðis hefur verið athugað, hvort erlend félög eins og flugfélög vildu verða aðilar, og slíkt er ekki óhugsandi, þó að það sé hins vegar allt óákveðið enn.

Það hefur sem sé verið rætt um þetta mál. Það kom snemma fram í viðræðunum, að æskilegt væri að fá erlendan sérfræðing hingað til að athuga um tilhögun, og eins og málin standa nú, er ekki óhugsandi, að við gætum fengið einn frægasta hótelsérfræðing Bandaríkjanna hingað.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er svo árangurinn af öllum þeim viðræðum, sem fram hafa farið. Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að verja allt að 5 millj. kr. til þessara framkvæmda. Þá er farið fram á heimild til að framkvæma þetta í félagi við bæjarfélagið og Eimskipafélagið. Einnig er farið fram á breyt. á hlutafjárl., nr. 77/1921, því að eftir þeim mætti ríkissjóður ekki vera hluthafi. Loks er gert ráð fyrir heimild til að taka eignarnámi lóðir og hús, ef þurfa þykir, undir gistihúsið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta frv. fleiri orðum. Það eru allir sammála um þörfina til úrbóta í þessu máli. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til allshn.

Gísli Sveinsson: Það er fyllilega rétt hjá hæstv. ráðh., eins og líka kemur fram í grg, frv., að 1944 hafði komið fram till. um gistihúsbyggingu í Reykjavík. Nauðsyn þessa máls er öllum ljós, að bætt sé úr gistihúsakosti hér í bæ, því að þó að hér séu gistihús og eitt þeirra leiðandi, hefur það hrokkið skammt upp á síðkastið, sem líka er eðlilegt eftir aðstæðum. Þótt þörfin sé brýn, er þó athugandi, hvernig haga beri þessu máli, hvort hið opinbera eigi að skerast í leikinn. Má segja, að það sé eðlilegt, að hið opinbera taki þetta mál í sínar hendur, þó að reynslan af því sé ekki alltaf eins góð.

Það liggur í augum uppi, að þetta gistihús, sem eftir þessu frv. er fyrirhugað að byggja, yrði ekki neitt almenningsgistihús, enda er hæstv. ráðh. ekkert að leyna því. Tilgangurinn með þessu gistihúsi er fyrst og fremst að hýsa útlenda ferðamenn og þá aðra, sem fjármagn hafa til þess að búa á dýrustu gistihúsum. Það bíður því eftir sem áður, þó að þetta gistihús verði reist, að sjá fyrir þörfum alls almennings, sem hér hlýtur að eiga mikinn hlut að máli. Flestir, sem búa úti á landi, eiga einhver erindi að reka hér í höfuðstaðnum. Þetta hús yrði alls ekki fyrir þorra þeirra, heldur fyrir auðkýfinga og þá, er eiga fljótandi auðæfi. Ég skal ekki fárast út í það, þó að reynt verði að koma upp góðum gististað í þessum bæ, en mér finnst rétt að láta það koma fram hér í upphafi, að þetta hótel, sem hér um ræðir, verður „luxus"gistihús. Nú segir ráðh., að það verði varla um að ræða, að höfuðstóllinn kæmi aftur sem slíkur, enda hefur sú verið reynslan. Jafnvel Hótel Borg hefur ekki fengið sinn höfuðstól greiddan, því að þótt veltan sé mikil og ágóði nokkur, er hann ekki nægilegur til þess að afplána höfuðstól. Mikið af tekjunum fer í gjöld og skatta, auk þess sem mikið fé þarf til að dytta að slíku húsi, ef vel á að vera. Ríkið er því að leggja í fyrirtæki, sem það gefur til. Nú má segja, að svo sé ástatt í landinu, að hægt sé að ráðast í byggingu slíks húss, og gistihús eins og Hótel Borg hefði ekki verið hægt að reka, hefði það ekki notið slíkra hlunninda, og vitanlegt er, að það að láta áfengið fljóta inn og út, er það eina, sem gistihús fyrsta flokks geta lifað og þróazt á út um allan heim. Menn þurfa ekki að taka sér það nærri, því að svona er þetta um allan heim, ekkert hótel eða bindindishótel hefur þrifizt um víða veröld nema með styrk, en hin hótelin hafa þrifizt, af því að þau hafa haft áfengið. Ég held það væri rétt að láta þetta gistihús fá áfengið til þess að halda sér eitthvað uppi á því. Þetta er líka atriði, sem menn verða að gera sér ljóst í upphafi, enda hygg ég, að hæstv. ráðh. hafi gert sér þetta ljóst. Ég sagði áðan, að það hlyti að vera hugur þeirra, sem hér standa að, að þetta sé almenningsheillamál, til almenningsþarfa. Ég raunar vil ekki dæma hart í byrjun málsins, en samkvæmt því, sem ég hef þegar látið ummælt, tel ég þetta ekki neina almenningsþörf framar ýmsu öðru, sem byggt er, og þó er ekki til almenningsþarfa. Ég hef sýnt fram á, að þetta hús hljóti að verða dýrt, en fullnægi þó ekki öllum almenningsþörfum.

En nú kem ég inn á þetta, með því að 5. gr. kemur inn á þetta svið og með harðara móti, og hæstv. ráðh. fór lauslega yfir þessa gr., þó ekki til að leyna því, sem þar stendur skrifað. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar 5. gr. svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki eftir því, sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota. Fer um það eignarnám eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.“ Þetta mætti segja, að sé nokkuð hart að kveðið, því að eins og kunnugt má vera, þá er þetta ákvæði, sem vísað er til, nú í 67. gr. stjskr., og hefur verið talið, að það mætti ekki nota þetta ákvæði nema í ýtrustu almenningsnauðsyn, enda segir svo í þeirri gr., með leyfi hæstv. forseta: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eignir sínar, nema almenningsþörf krefji.“ Þetta hefur verið varnarmúrinn, óhjákvæmileg viðbót við yfirlýsingu, sem stjórnarlögin greina, að eignarrétturinn sé friðhelgur. Nú vil ég láta þess getið þegar, og það er þá til leiðbeiningar fyrir þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, og einnig til íhugunar fyrir stj., að ég tel hér farið of langt í þessu efni. Mér virðist sem sé í þessu tilliti, þegar þessir aðilar standa að, þá sé það úr hörðustu átt að fara inn á þetta, með því að ég veit ekki, hverjir í þessum bæ ráða meiru um lendur og lóðir en bæjarstj. og einnig þá í sambandi við það, eins og kringumstæður eru, ríkisstj. Því að kunnugt er það, að ríkisstj. er mjög í samráði við slíka aðila sem bæjaryfirvöld í höfuðstaðnum, enda mjög mikið samband og eðlilegt í öllum viðskiptum þar í milli. Það er því eftir að sanna, að fullnæging allra ákvæða stjórnl. sé hér fyrir hendi, sem sé, að almenningsþörf sé fyrir hendi; það er ósannað, og með þeim hætti, sem hér er lagt til, tel ég ekki hægt að sanna það. — Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. séu að ræða þessi mál sín á milli, en mér þykir ekki eðlilegt, að þegar ég tala til hæstv. ráðh. í vinsamlegum tón um þetta mál, þá séu umr. þeirra á milli líka, og er þetta ekki í fyrsta skipti sem hæstv. ráðh. ræða saman, þegar aðrir tala við þá.

Nú skulum við taka aðra hlið á málinu, sem sé þá, að stj. og þessir opinberu aðilar standi nú ekki fyrir þessu, heldur setji það í hendur einstaklinga eða niðurstaðan yrði sú, að einhver einstaklingur vildi reisa gistihús, því að það hefur ekki farið dult þessi ár, að stríðsgróðamenn hafa viljað reisa gistihús, ef góð lóð fengist. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Fá þessir einstaklingar, ef það hefst í gegn, að hægt er að telja þetta almenningsþörf og taka eignarnámi, þau hlunnindi fram yfir alla aðra að ná í lóðir og hús annarra manna hér í þessum bæ með einföldu ákvæði l., þar sem vitnað er til stjórnlaga? En þá færi að hallast nokkuð á milli þeirra, sem eiga að framkvæma, og hinna, sem eiga að þola.

Það, sem ég hef hér látið um mælt, er til athugunar fyrir hæstv. stj., sem vill taka málið traustum höndum, og fyrir þá aðila, sem hér á þingi fjalla um þetta mál, og þá sérstaklega þá n., sem málinu verður vísað til, sem verður allshn. Tel ég þá ekki, á þessu fyrsta stigi málssins, þörf að taka fleira fram. Ég er hlynntur málinu í höfuðatriðum, að þetta sé gert á einn eða annan hátt, þó að mér ofbjóði, að hið opinbera ráðist í þetta, áður en kannað er til hlítar, hvort ekki mætti koma því fyrir á einhvern annan hátt, því að þetta fullnægir engan veginn þörf alþýðunnar, og svo loks finnst mér hér of langt gengið til þess að koma þessu fram.

Sigurður Thoroddsen: Það er aðeins stutt fyrirspurn til hæstv. samgmrh. Það kom fram í ræðu hans, að það væri í ráði að fela undirbúning þessa máls erlendum arkitekt frá Bandaríkjunum. Mig langar í þessu sambandi að spyrja, hvort leitað hafi verið til íslenzkra arkitekta í þessu skyni. Ég tel ekki, að neitt við þetta gistihús sé svo sérstakt, að þeir muni ekki geta gert því góð skil.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal strax svara fyrirspurn hv. 11. landsk. á þessa leið: Enn hefur enginn arkitekt, hvorki innlendur né erlendur, verið ráðinn til verksins. Það kom fram upphaflega, í umr., sem fram fóru um þetta mál, að það mundi heppilegt að fá hingað erlendan sérfræðing, sem hefði fengizt við hótelbyggingar, til þess að leggja línurnar að því, hvernig þessari byggingu skuli fyrir komið. Þetta er sérfræðigrein, sem enginn íslenzkur arkitekt hefur haft með höndum, og þótt það sé vitað, að íslenzkum arkitektum sé til alls góðs trúandi, fer það ekki framhjá neinum, að erlendir sérfræðingar, sem hafa gert það að lífsstarfi sínu að byggja hótel, mundu standa betur að vígi en aðrir. Nú hefur okkur borizt svar frá sendiherra Íslands í Bandaríkjunum um það, að einn frægasti hótelarkitekt Bandaríkjanna sé reiðubúinn að koma til Íslands, ef við óskum þess. Hann hefur byggt tugi hótela víðs vegar um Bandaríkin og utan þeirra, og ýmsar stórþjóðir utan Bandaríkjanna hafa ekki talið sig upp úr því vaxnar að leita til hans og hafa ekki talið sig hafa það mikið af sérfræðingum, að þær teldu það ekki betra að fá hann en þá, sem þær hafa heima fyrir í þeirri grein. Hann hefur nú 4 stór hótel í smíðum og á því erfitt með Íslandsferð. En ég teldi mikið unnið, ef hægt væri að fé sérfræðiþekkingu þessa manns til viðbótar íslenzkum starfskröftum til þess að tryggja, að húsið yrði á alþjóðamælikvarða eins gott og frekast væri kostur á, en ekki annars, þriðja eða fjórða flokks, eins og við höfum nóg af. Að öðru leyti skal ég segja nokkur orð við hv. 10. landsk.

Mér virtist hann bera nokkuð kápuna á báðum öxlum. Mér virtist hann í öðru orðinu viðurkenna þörfina fyrir því, að hótel yrði byggt og gott hótel, en taldi hins vegar ýmis tormerki á þessu, svo að ég vissi eiginlega ekki, þegar hann settist niður, hvort hann var með málinu eða á móti, og varð það tæplega af hans ræðu ráðið, en það skýrist ef til vill síðar. Hann viðurkenndi í upphafi þörfina á því, að það yrði bætt úr hótelþörfinni hér í bænum, en taldi, eins og hann orðaði það, mjög athugandi, hvort ríkið eigi að skerast í málið eða ekki, og virtist mér hann ekki tilbúinn að gera það upp við sig, a. m. k. ekki á þessu stigi. En út af þessu vil ég aðeins segja það, eins og kom fram í framsöguræðu minni, að ég tel litlar líkur til, að einstaklingar eða félög, sem verða samkv. eðlileg-

um málanna gangi að láta hlutina bera sig, treystu sér til þess að ráðast í framkvæmd sem þessa, sem líklegt er, að ekki geti fjárhagslega skilað æskilegum og góðum árangri nema með því móti að fara með reksturinn út á braut, sem ég tel óæskilega. Það, sem fyrir okkur hefur vakað öllum, sem um þetta mál höfum talað, bæjarstj. fyrir hönd Reykjavíkurbæjar, forstjóra Eimskipafélagsins fyrir hönd stjórnar þess og ráðh. fyrir hönd ríkisins, er það að reyna að fá hér hótelbyggingu, sem á allan hátt væri fyrsta flokks og þjóðinni til sóma, þar sem fyrsta boðorðið væri, að allt væri með þeim ágætum, sem frekast yrði á kosið, en ekki fyrst og fremst hugsað um það að fá aftur að öllu leyti beinlínis þá peninga, sem í þetta hótel yrðu lagðir. Ég skal ekkert segja um það, hvort sjónarmiðið á meiri rétt á sér, en ég hefði haldið, að í þessu tilfelli hefðum við ráð á því að kynna okkur út á við á þennan hátt, þó að það kostaði kannske nokkurt stofnfé í upphafi, án þess að gróðasjónarmið kæmi þar í fremstu röð. Hv. 10. landsk. þm. sagði, að hér væri ekki fyrir almenning unnið, og má vera, að hann hafi þar rétt fyrir sér, en aðeins að nokkru leyti, því að það er fyrirsjáanlegt, eins og Ísland er nú í sveit sett og með þeirri umferð, sem verður um landið af erlendum ferðamönnum bæði á lengri og skemmri leiðum, að í framtíðinni verða okkar hótel, þau sem við höfum nú, svo fast setin af útlendingum, að Íslendingar komast þar alls ekki að. Og þó að þetta nýja hótel yrði fyrst og fremst byggt fyrir erlenda ferðamenn, sem væru vanir fyrsta flokks þjónustu, þá gæti það eins komið almenningi til góðs, sem getur sætt sig við ódýrari þjónustu, á þann hátt, að þau hótel, sem annars væru upptekin af erlendum mönnum, væru þá til afnota fyrir Íslendinga. Þess vegna má segja, þó að hér sé byggt fyrst og fremst fyrir útlendinga, að það kæmi þó einnig að notum til þess að bæta úr innlendri þörf, þar sem þau hótel, sem fyrir væru, kæmu þá til innlendrar notkunar. Það kann að vera, að það þyki ekki góð skipan, að þeir erlendu ferðamenn, sem hér hafa verið, flytjist burt af þeim hótelum, sem hér hafa verið, en mér finnst það ekki óskynsamleg skipan málanna að gera þetta á þennan hátt og alveg eins skynsamlegt eins og að byggja sérstök hótel fyrir innlenda notkun.

Þá minntist hv. þm. einnig á eignarnámsheimildina, sem felst í 5. gr. frv., og virtist telja það vafasamt, að hér væri fyrir hendi sú almenna þörf, sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, og jafnvel að þessi 5. gr. gæti komið í bága við þessa stjórnarskrárgrein, þótt ekki væri það beinlínis sagt. Ég er enginn lögfræðingur að vísu, en ég vil þó geta þess, að ég hef ekki samið frv. upp á mitt eindæmi, heldur skrifstofustjórarnir í ráðun., sem um þessi mál fjalla, og ætla ég, að þeir hafi ekki farið lengra en þeir hafa talið óhætt gagnvart stjskr. og þeir þess vegna talið þau skilyrði vera fyrir hendi, sem réttlættu, að þetta eignarnám gæti farið fram. Hins vegar skal ég viðurkenna, að þetta ákvæði er komið inn að alveg gefnu tilefni, þ. e. a. s. það kom til greina undir hótelið staður, þar sem standa íbúðarhús, sem þyrfti að kaupa upp, til þess að hægt væri að koma húsinu niður á þann hátt, að það færi sem bezt, og út frá því sérstaka sjónarmiði var þetta ákvæði sett inn í frv.

Ég held, að það neiti því enginn, að það er almenn þörf fyrir aukin gistihús hér í bænum. Menn koma hér í hópum, standa á götunni og hafa engin úrræði önnur en að ryðjast inn til fólks, skyldmenna, vina og venzlamanna, og stundum minna þekktir, til þess að liggja ekki úti. Ég þekki dæmi um þetta. Og þó að þessu hóteli sé ekki ætlað að bæta úr þeirri þörf fyrst og fremst, þá verður bætt úr henni með því að losa hús, sem annars mundu ekki vera fyrir hendi fyrir þessi afnot. Ég fyrir mitt leyti tel, — en það er aðeins mín skoðun, sem ekki styðst við neina lögfræði, að hér sé ekki gengið á snið við ákvæði stjskr., svo að það þurfi að bera neinn kvíðboga fyrir því, að hún sé brotin með þessari lagagr., enda sjálfsagt að fara fram á það við þá n., sem fær málið til athugunar, að hún gangi ýtarlega í gegnum frv. og kanni bæði þetta ákvæði og annað, sem þar kemur til greina. En undirbúningur frv. var í þess manns höndum, sem ég taldi mjög vel færan um að skera úr um þetta atriði, og það gerði mig öruggan um, að hér væri ekki farið inn á hála braut, þannig að stjskr. væri sniðgengin eða brotin. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að bæði þessi hv. þm. og aðrir að athuguðu máli geti fallizt á, að hér sé farin sú eina færa leið til þess að fá ráðna bót á þessu vandamáli á þann hátt, að þjóðinni geti orðið til sóma. Það hafa komið til mín menn, fleiri en einn og fleiri en tveir einstaklingar, og rætt um gistihúsbyggingu í Reykjavík, og þeir hafa sumir gert meira en að ræða það, þeir hafa haft um það ýmsa tilburði að hrinda hlutunum í framkvæmd. En þegar þeir hafa farið að kynna sér málið, þá hefur það komið í ljós, að það hefur þurft til framkvæmdanna meiri fjármuni en þeir sáu sér fært að afla nema með því móti að draga reksturinn inn á þá braut, sem ráðun. taldi ekki eðlilegt. Ef þessi hótelrekstur á að verða þjóðinni til sóma, þá tel ég eina ráðið að halda honum uppi á þann hátt, að honum verði lagt til það fé, sem hann þarf í upphafi, gangandi út frá því að sjá það ekki beinlínis aftur. Þess vegna er það, að þeir aðilar, sem hér hafa orðið ásáttir um að koma sér saman um þessa hótelbyggingu, Eimskipafélagið, Reykjavíkurbær og ríkissjóður, eru þeir einu aðilar, sem hér koma til greina.

Gísli Sveinsson: Ég ætla ekki að endurtaka ummæli mín frá því áðan. Það er sjálfsagt að viðurkenna, að hæstv. ráðh. tekur mjög skynsamlega á málinu og ræðir þetta til og frá og játar að sjálfsögðu, að hér geti fleira komið til, og efast ég ekki um, að hann vilji verða til þess að taka þátt í athugunum um þetta áfram. En til þess er nú leikurinn gerður, þegar um svona stórt atriði er að ræða, að það sé vel athugað af hálfu Alþ., sem hér á að ráða þingmálum til lykta, og þá ekki síður af hálfu þeirrar n., sem Alþ. felur að hafa mest um það mál að gera. Ég hef ekki sannfærzt um það, þó að við séum

sammála um, að eitthvað þurfi að gera í gistihúsmálunum, að hér sé um almenningsþörf að ræða, og hæstv. ráðh. vék yfir á þá sveif, að með því að byggja slíkt lúxushús, sem tæki við erlendum auðkýfingum, þá mundi losna um á öðrum stöðum. Því miður er það svo, að þessi bygging verður alls ekki til almenningsþarfa, þó að þetta hangi svo hvað á öðru. Hins vegar getur verið erfitt að gera þarna upp á milli, að þarna sé um að ræða nokkuð það, sem frambærilegt er nema fyrir þá, sem vilja borga hvað sem er. Hinu er heldur ekki að leyna, að jafnhliða þessu verður að fara fram athugun á því, hvað hægt sé að gera fyrir almenning, karla og konur, í þessu efni, sem eiga skyld erindi bæði hér og annars staðar um landið, og má minnast á það, að út um allt landið er þessi almenningur ekki aðeins komandi hingað til Reykjavíkur, heldur er hann á ferð sinna erinda víða út um allt land og getur þá ekki búið í þessu mikla húsi, og slíkt fólk þarf sannarlega aðhlynningar. Hæstv. ráðh. veit, að það er mikill skortur gistihúsa um landið gervallt og einnig fyrir Reykjavík. Sannleikurinn er sá, að erfitt er að fá inni, svo að sé með nokkrum sóma, bæði hér í Reykjavík og úti um landið, og það má ekki undir höfuð leggjast að sinna þessu af hálfu þess opinbera. En það verður að vera svo um þetta búið, að það fari vel úr hendi og grípi ekki fram fyrir hendurnar á einstaklingum, sem þetta vildu gera. En þetta er nú allt til athugunar, og hæstv. ráðh. tekur því rólega og skynsamlega, eins og honum er lagið í flestum tilfellum. Sú þingn., sem fær málið til meðferðar, fjallar nú um það, og ætti hún þá sérstaklega að athuga 5. gr., um eignarnámsheimildina. Almennt er það svo, að skrifstofustjórar o. fl. semja ekki ákvæði út í bláinn, og það veit ráðh. frá sinni fyrstu tíð, heldur eftir því, er ráðh. óskar. Í þessu tilfelli er athugandi, hvort stjórnarlögin heimili þetta, og vil ég í því sambandi vísa til 67. gr. þeirra. Það hefur ætíð þótt alvarlegt, hvort áræða ætti að setja slík ákvæði. Þetta er einn af þeim varnöglum, sem settir hafa verið til tryggingar í því þjóðskipulagi, sem við búum við, þar sem allt á að vera geirneglt, og því má ekki gera sér leik að því að eyðileggja þennan varnagla. Það þarf því að athuga, hvort slíkt sem þetta er tilhlýðilegt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Aðeins örfá orð viðvíkjandi því, að hv. 10. landsk. minntist á hótelbyggingar úti um land. Ég hef ekki viljað halda því fram, að hótelvandræðin úti um land leystust fyrir þetta. En ég vil benda á, að til bráðabirgða eru hótelbyggingar úti um land styrktar af sérleyfishöfum á bifreiðaleiðum út um land.

Um eignarnámið og geirneglingu þjóðfélagsins vil ég ekkert ræða. Ég vil bara segja það, að þótt það sé engin trygging, að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána, þótt það sé samið af skrifstofustjóra, þá er það líklegt, fyrst slíkur maður hefur fjallað um lögfræðilega hlið málsins. Og ég álít, að það brjóti ekki í bága við stjórnarskrána.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞB, ÁÁ, EmJ, GSv, HB, JJós, JPálm, JS, LJós, BG.

nei: PO, PZ, PÞ.

16 þm. (SigfS, SB, SG, SK, ÁkJ, BÁ, BK, EOl, EystJ, FJ, GÞ, GTh, HelgJ, IngJ, JörB, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Ottesen: Ég álít, að þetta frv. eigi heima í fjhn., og segi því nei.

Á 80. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 501, 500).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og hefur orðið á eitt sátt um að mæla með því. Hins vegar finnst n., að í 5. gr. frv. felist of víðtæk eignarnámsheimild. Leggur meiri hl. hennar til, að sú grein verði niður felld.

Eysteinn Jónsson: Ég vil taka það fram, að ég er ekki samþykkur þessu frv. En ég játa þörfina fyrir stórt gistihús, og má það teljast vanvirða og er undarlegt, að svo skuli vera ástatt í þessum málum sem raun ber vitni um, þegar litið er á það fjármagn, sem bæði einstaklingar og félög hafa umráð yfir hér. En ég viðurkenni ekki, að ríkissjóður veiti 5 millj. kr. til þessarar byggingar, eins og nú er ástatt í landinu. Mér finnst í fyrsta lagi, að rekstur gistihúsa eigi ekki að vera í höndum ríkisins, heldur í höndum einstaklinga eða bæjarfélaga, sem hefðu samvinnu við borgarana. — Ég vil benda mönnum á, að ef ríkið fer út á þá braut að leggja fé til gistihúsa á einum stað, þá munu koma fram kröfur sama efnis frá öðrum stöðum. Hollt er þess vegna að hafa í huga, að í upphafi skyldi endinn skoða. Hefði í upphafi átt að gæta forsjár í þessu máli í heild sinni og hugsa fyrir því, hversu fara kynni um þátttöku og fjáröflun.....

Þriðja ástæðan er sú, að öllum má vera ljóst, að ríkissjóður er nú raunverulega að þrotum kominn, þar eð komnar eru fram hér á Alþ. till. um lántökuheimildir, er nema allt að 200 millj. kr., en auk þessa hafa komið fram stórkostlegar till. um ýmsar ríkisábyrgðir. Bendir allt þetta auðsjáanlega til þess, að einungis einhverjum verkefnum verði hægt að hrinda í framkvæmd, en ekki verði unnt að sinna nándar nærri öllu. Er því auðsjáanlegt, að hnitmiða verður, hverju liggi mest á, en láta hitt, er minna varðar, bíða. Ég segi því, þótt gistihúsbygging í Reykjavík sé mikilvæg, að ég er því algerlega andvígur, að teknar yrðu 5 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að leggja í þá framkvæmd. Fjár er víða þörf annars staðar, og tel ég, að öðru liggi meir á að koma í framkvæmd en koma upp þessu hóteli. Það þarf heldur að leggja fé þetta til atvinnumála, svo sem nýbýlahverfanna. Mörg ár hefur staðið til að leggja í þau, en það hefur aldrei verið gert og

fjárskorti hingað til borið við. Þetta er aðeins lítið dæmi, en vitanlega mætti tína fleiri til.

Ríkið getur ekki útvegað fé til alls. Verður að velja úr eftir nauðsyn og getu. Ég ætla alls ekki að samþykkja, að þessar 5 millj. verði lagðar í gistihúsbyggingu í Reykjavík, þótt ég viðurkenni hins vegar, að þetta sé nauðsynjamál.

Ég hef svo ekki í huga að segja meira í málinu, en er á móti frv. og legg til, að það verði fellt. Í rauninni hefði ég átt að leggja fram rökstudda dagskrá, en hafði hana ekki tilbúna. Ég mun því greiða atkv. á móti frv.

Að endingu vil ég taka fram, að ég tel, að bærinn og einstaklingar í honum ásamt yfirvöldunum eigi að beita sér fyrir framgangi þessa hótelbyggingarmáls.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég heyrði því miður ekki ræðu hv. frsm. n. og hef því ekki rök hans, þau er hann færir fyrir því að fella niður 5. gr. Skilst mér þó, að meiri hl. allshn. telji, að frvgr. feli í sér of víðtæka eignarnámsheimild, og leggi hann því til, að hún verði felld brott.

Ég vil geta þess, að komið hefur til greina svæði undir hótelið, þar sem mörg hús eru í eigu einstaklinga. Fjarri fer því, að ákveðið sé, hvar reisa eigi þetta hótel. Staður þessi er aðeins einn af þeim, er til greina geta komið. En verði hann valinn, þyrfti heimild til eignarnáms á honum að vera fyrir hendi. Ef n. getur hins vegar sannfært mig um, að þessarar heimildar þurfi eigi með til að fá áðurgreint svæði undir húsið, þá hef ég að sjálfsögðu ekkert á móti brtt. meiri hl. við 5. gr. frv.

Ég skal ekki vera margorður út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. Sjónarmið hans er ljóst. Hann er á móti frv. Hv. þm. vill ekki, að ríkið leggi fram fé til þess að byggt verði hér á landi nýtízku hótel, og er í sjálfu sér ekkert við þessu að segja. Hann getur haft það eins og hugur hans stendur til. En sjónarmið hans er þröngt og óhentugt. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins, hvers vegna ekki væri einungis nauðsynlegt, heldur og óhjákvæmilegt, að hér á landi verði reist nýtízku hótel, er sé þjóðinni samboðið. Þetta skilst betur, þegar þess er gætt, að Ísland er nú orðið miðpunktur langferða og samgangna þjóða á milli. Slíkt hótel verður að vera hér. Hjá því verður ekki komizt. Ég gat þess líka og endurtek hér, að ríkið á að gerast aðili að þessari framkvæmd.

Ef úr þessu verður, þá getur það orðið til þess, að hér verði grundvöllur lagður að nýjum atvinnuvegi, en hann er sá, sem skapast af langferðum og skemmtiferðalögum erlendra manna hingað til lands. Ég er ekki viss um, að þetta reyndist óarðvænni atvinnuvegur en margt annað.

Hv. þm. lét þess getið, að í upphafi skyldi endinn skoða og benti jafnframt á, að víðar um land þyrfti hótel. Skal ég viðurkenna, að hótelmálin hjá okkur eru í mesta ólagi. En þetta gistihús í Reykjavík hefur þó sérstöðu. Um það er ekki að ræða, að fleiri en eitt slíkt hótel verði reist, og ekki nema í Rvík. Ríkið er eini færi þátttakandinn í þessari byggingu. Óhjákvæmilegt er, að það leggi eitthvað af mörkum til þess að lækka stofnkostnað þessa gistihúss, svo að unnt megi verða að reka þarna hótel, sem sé þjóðinni til sóma. Ég tók og fram, að líkurnar bentu til, ef hótelrekstur inn yrði 1. flokks, að þá mundi slíkur rekstur verða sú tekjulind, er veigur væri í, og þá væri ekki annað til í málinu en ríkið tækist hann á hendur, ellegar ekki yrði horfið að neinum slíkum rekstri sem þessum. Þessar voru ástæðurnar fyrir því, að þessir þrír aðilar lögðu út í þetta. Þeir eiga hér líka óbeint talsverðra hagsmuna að gæta. Með þessu móti var álitið, að rekstur inn mundi verða í beztu lagi, þar eð ekki var talið líklegt, að einstaklingar mundu fara með málið inn á heppilegar brautir.

Hv. þm. var svo að tala um örðugleika ríkissjóðs, að hann væri nú að þrotum kominn. En þetta er það sama og sézt hefur í Tímanum, m. a. um lántökuheimildina fyrir 30 togurum. Fæst það fé vitanlega endurgreitt, þar sem togararnir verða seldir síðar einstaklingum. Ég sé ekki, eins og hag þjóðarinnar er nú komið, að ríkissjóði sé eigi vel fært að leggja fram peninga í þessu skyni, þ. e. til hótelsins, enda þótt hann fái þá ekki endurgreidda.

Hv. þm. sagði, að heppilegra og sæmra væri að verja fénu til atvinnumála, og nefndi í því sambandi nýbýlahverfi. En ég efast um, að ferðamenn, er til landsins kunna að koma, geri sér að góðu að vera þá vísað til nýbýla austur í Flóa eða annars staðar. Ég sem sagt tel, að með þessu frv. sé bætt úr brýnni þörf. Hér er líklegt, að mönnum verði skapaðir ýmsir möguleikar, og ég tel, að efling þess atvinnuvegar, er ég áður gat, sé ekki ónauðsynlegri en hvað annað. Hann kemur til með að verða mikilvægur.

Hv. þdm. taka vitanlega afstöðu til málsins, eins og hverjum og einum býður við að horfa. Ég beini þeirri fyrirspurn til n., hvort í öðrum lögum sé ekki eignarnámsheimild, því að án hennar verður byggingin torveldari.

Þórður Benediktsson: Herra forseti. Hv. frsm. láðist að geta þess, að minni hl. lagði nokkuð til málanna. En ég vil þá benda á, að á þskj. 501 stendur, að 2. landsk. leggi til, að frv. verði samþ. óbreytt. Annars tók hæstv. samgmrh. af mér ómakið að svara hv. 2. þm. S.-M. Ég get þó þess, að rökstuðningur hv. frsm. tókst ekki vel. Hann lét þess getið, að leita mætti heimildar, ef þörf krefði. Og hann sagði, að engin hætta væri í því fólgin, að teknar yrðu eignarnámi góðar og nytsamlegar byggingar, heldur yrði það öllu verra, ef þær væru teknar af einstaklingum. Það er einkennilegt, hve menn eru ákaflega viðkvæmir fyrir svona lagagr. um eignarnám, eins og þó hinn óskoraði eignarréttur á lóðum í bæjum hefur valdið miklum óþægindum og ógæfu, en jafnframt vaxandi tilhneigingu manna til að okra. Þetta veldur langtum meiri útþenslu bæjanna en annað, þar eð menn hafa ekki ráð á að kaupa lóðir í miðjum bæjunum. Slíkt ástand er ákaflega óheilbrigt. Óskoraður eignarréttur á jörð er og ekki þjóðhollur. Menn í bæjunum kunna að bíða, þar til er einhver lóð kemst í geipiverð.

Merkilegt er, hversu hv. 2. þm. S.-M. er orðinn

skarpskyggn í seinni tíð. En hann virðist yfirleitt nokkuð svartsýnn á þetta, og er hann sá fyrsti, sem ég heyri mæla gegn því, er hér um ræðir. Álit mitt er, að við höfum raunverulega ekki ráð á öðru en að byggja þetta hótel fyrir hina nýju viðskiptavini vora. Við höfum ekki efni á að bíða með það, og kotungssjónarmiðin verða að víkja. Það er ekki kostnaður í raun og veru að byggja gott hús, heldur er þar í rauninni um aukin verðmæti að ræða.

Að því er snertir heimildina og nál. meiri hluta allshn., vil ég segja það, að ég tel sjálfsagt *og réttast að fella þá brtt.*

Ég vil og mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. sagði, að Reykjavík hefði algera sérstöðu, og skilst mér, að hann eigi þar við þörfina fyrir gistihús. Ég mæli því ekki gegn og held, að hæstv. ráðh. líti rétt á það mál. En hann segir, að það verði erfiðleikum bundið fyrir aðra en hið opinbera að koma byggingunni upp. Ég held þó hinu þveröfuga fram. Rétt er, að nauðsyn er mikil, að hótelið verði reist, og viðurkenni ég það. En ekki er sú þörfin mest, að ríkið styrki það hús, þar eð hér í Reykjavík er mest fjármagn saman komið. Víða annars staðar er mikil þörf fyrir gistihús, en þar er minna fjármagn til að svara kröfunum. Þetta er mikilvægt atriði. Ég sagði, að einnig yrði að gera hið sama, reisa hótel annars staðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að gistihúsið yrði undirstaða nýs atvinnuvegar af ferðamannastraumi hingað til lands. Hann verður að athuga, að ferðamenn munu einmitt leita frekast út um land, og þá verður að hafa þar hótel, þ. e. a. s. annars staðar en í Rvík, því að þar verða ferðamennirnir ekki flestir. Þetta verður hæstv. ráðh. að taka til greina.

Kem ég þá að aðalatriði málsins, sem hæstv. ráðh. minntist á. Mér skilst, að það sé ekki þjóðnýtingarþörfin, sem fyrir honum hefur vakað, heldur að þessi bygging kostaði svo mikið, að ekki fengjust neinir til að reisa hana, og yrði ríkið því að koma hér til skjalanna, ef bygging hótelsins ætti að komast af stað og það sjálft á stofn. Hæstv. ráðh. getur ekkert fullyrt um þetta. Ég er sannfærður um, og þarf enginn að segja mér annað en það, að bæjarstj. Rvíkur, Eimskipafélagið og einstakir ríkismenn hefðu innan skamms komið svipuðu hóteli á fót allt að einu. Það hefði ekki gert til, þótt ríkissjóður hefði látið undir höfuð leggjast að veita fé í þessu skyni. Mér er og ekki kunnugt um, að erlendis þurfi að styrkja gistihúsarekstur af ríkinu. En verið getur, að mennirnir hafi hikað. Ríkisstj. var of fljót á sér að heita fénu.

Ég held því, að þetta sé bara bábilja, sem menn hafa e. t. v. fundið upp, þegar ríkisstj. var búin að ákveða þetta, *hafa skotið henni fram eftir á.*

Ég veit yfirleitt ekki, hvaðan hæstv. ráðh. kemur vitneskja sín. Ég veit ekki til þess, að orðið hafi að reka gistihús í útlöndum með milljónaframlagi úr ríkissjóði. Ég tel, að gistihúsið hefði komizt upp, þótt ríkið hefði eigi hafizt handa í málinu.

Ég sé ekki mikla ástæðu til að svara hv. 2. landsk., enda kemur það, sem hann sagði, lítið málinu við, svo sem tal hans um kotungssjónarmið, svartsýni o. fl., er lítið erindi á inn í umræðurnar. En í þessu sambandi vil ég nú aðeins benda á, að mér þykir furðulegt, ef hæstv. samgmrh. trúir því í alvöru, að það sé hægt á næstu missirum að koma í framkvæmd þeim áformum, sem fyrir liggja, þótt ekki sé talað um annað en það, sem liggur hér fyrir þinginu í frumvörpum og þáltill., því að jafnvel hvað sem fjármagni til þess líður, er alls ekki til vinnuafl til þess að *koma slíkum fyrirætlunum öllum í framkvæmd.* Og reyndar er ekki fjármagn til þess heldur fyrir hendi. Og þó að ég nefndi 200 millj. kr. í lántökuheimildum, þá skiptir það fleiri hundruðum millj. kr., sem er talað um sem lántökur ríkissjóðs beinlínis og þegar einnig er talað um till. um heimildir fyrir ábyrgð ríkisins á lántökum. Það er því þannig, að við verðum að velja og hafna í því efni, hvað ríkissjóður á að gera af því og hvað ekki, því að ekki getur ríkissjóður orðið við því öllu, sem till. eru komnar fram um. Og ég segi það hiklaust, að mér sýnist það vera ýmislegt annað en þetta gistihús, sem brýnni nauðsyn væri á að leggja fram fé til úr ríkissjóði. Því að ég trúi því fastlega, að það muni koma myndarlegt gistihús upp hér í Reykjavík eða annars staðar, þó að ríkið leggi ekki fram neina styrki í því sambandi.

Hæstv. samgmrh. sagði áðan, að það þýddi lítið að tala um nýbýli og þess háttar í þessu sambandi, því að það þýddi ekki að vísa erlendum gestum á það, að þeir gætu farið á eitthvert nýbýlið og fengið gistingu. Þetta er vægast sagt hræðilegur útúrsnúningur. Það mætti þá einnig segja hæstv. samgmrh., að ef um annað tveggja væri að velja, annars vegar að byggja veglegt gistihús og hins vegar að byggja íbúðir fyrir það fólk, sem nú býr í bröggum, kjöllurum og öðrum grenjum, — ef velja ætti um það, hvort taka ætti vinnuafl annars vegar til þess að bæta úr húsnæðisskorti þessa fólks og hins vegar þess að byggja gistihús, þá er ég sannfærður um það, að það byggingarefni, sem til er í landinu og flyzt hingað, og það vinnuafl, sem til er í landinu, er ekki meira en það hvort fyrir sig, að það verður að velja á milli þess að byggja íbúðir fyrir þá, sem nú búa í þessum grenjum, annars vegar og byggingu gistihúss hins vegar. Og fyrst hæstv. ráðh. vill ræða málið á þessum grundvelli, get ég þá alveg eins sagt við hann og framfaramanninn úr Vestmannaeyjum (ÞB), að það verður ekki hægt að vísa því fólki, sem býr nú í bröggum og kjöllurum, — það verður ekki hægt að vísa þessu fólki á, að það geti tekið sér á leigu herbergi í gistihúsi eins og því, sem hér er talað um að reisa. Ég segi þetta bara af því, að hæstv. samgmrh. þóttist vera fyndinn, þegar hann sagði, að ekki væri hægt að vísa erlendum gestum á eitthvert nýbýli uppi í sveit til þess að fá gistingu. Það er endalaust hægt að munnhöggvast svona, en það hefur litla þýðingu. Ég segi þetta aðeins til þess að sýna, hvað hægt er að tína til, ef á að ræða málið á þeim grundvelli, sem hv. þm. sumir hafa haft tilhneigingu til.

Nei, aðalatriðið í þessu máli er, hvort ástæða er fyrir ríkið að leggja fram í þessu sambandi stóra fjárfúlgu eða ekki. Ég álít, að það eigi að reyna til hlítar hina leiðina, hvort einstaklingar, Eimskipafélag Íslands og bæjaryfirvöldin hér í Reykjavík vilja standa að slíkri framkvæmd, áður en ríkið leggur fram mikið fé til þessa. Og ég trúi því ekki, fyrr en ég sé það, að ekki sé hægt að reka slíka hótelstarfsemi, nema hún sé styrkt af ríkisfé. Og ég efast um það, að það sé nokkuð upplýst í þá átt. Ég held þess vegna, að það sé óskynsamlegt að setja þessa löggjöf, og ég held, að það sé óþarflega lítil forsjá í því að vera að fleygja þessu fé fram nú í þessu skyni. Það hefði gjarnan mátt reyna meira á þolrif þeirra, sem þetta mál stendur að öllu leyti nær, bæði til þess að ríkið gangi ekki inn á braut, sem e. t. v. verður erfitt fyrir það að stöðva sig á, og líka vegna þess, í hve mörg horn ríkissjóður hefur að líta á næstunni. Og það getur vel farið svo, að þessum djarfmæltu framfaramönnum, sem hér hafa talað fyrir þessu máli, þyki nóg um, hve margt þeir verða að leggja til hliðar af því, sem þeir vilja koma í framkvæmd. Því að það er ekki ótakmarkað, sem þessar fáu hendur, sem hér eru á okkar landi, þar sem er vinnuaflið í landinu, geta komið í framkvæmd. Og við verðum því að velja úr verkefnunum.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Um þetta mál, sem hér liggur fyrir, vildi ég lýsa afstöðu minni, og sérstaklega fylgi mínu við þá brtt., sem komið hefur fram við 5. gr. frv., um eignarnámsheimildina í frv., að hún falli niður. — Það kom mér ekki alveg á óvart, að hv. 2. landsk. (ÞB) lét þau orð falla í sambandi við eignarréttinn, sem hann áðan gerði. En það er víst, að það fjöreggið, sem a. m. k. löggjafarþingið og við, hin litla íslenzka þjóð, ættum að gæta vel að, er verndun eignarréttarins. Ekki fjölmennari þjóð en við Íslendingar ætti eiginlega að geta lifað á þann hátt, að þar væri eins og ein fjölskylda, þó að viðhorfið sé ekki þannig í okkar þjóðfélagi, því miður. En menn óska, að svo mætti vera. En eignarrétturinn mun samt jafnan verða talinn eitthvað það dýrmætasta og helgasta, sem þjóðfélagið er reist á. Og það að ætla að skerða hann er ákaflega hættulegt, því að manneðlið er þannig, að sumir eru fullir öfundar í annarra garð og vilja kannske misbrúka heimildir um skerðingu eignarréttarins. Þess vegna álít ég áríðandi, að löggjafarþingið fari mjög varlega á þeirri leið.

Hæstv. samgmrh. hefur skýrt þetta mál mjög vel, sérstaklega í framsöguræðu sinni hér, þegar málið fyrst var lagt fyrir d., og svo viðhorfið, eins og það væri nú í málinu.

Ég get ekki verið sammála hv. 2. þm. S.-M. um, að þetta mál sé eins þýðingarlítið og hann vill vera láta og að það eigi ekki að binda þetta mál eingöngu við Reykjavík. Ég álít, að hægt sé með góðu fyrirkomulagi einmitt á okkar landi að skapa tekjugrein — og hana alls ekki litla — með því að gera skilyrði fyrir aðkomumennina betri og þeim hentari en nú er hér hjá okkur, hvað gistingu snertir o. fl. Og vildi ég í sambandi við þetta gistihúsmál benda á það, að þegar það einasta gistihús, sem hér hefur eiginlega verið byggt eftir kröfum nútímans, Hótel Borg, var reist, þá var það einstakur maður, sem lagði allar sínar eigur í það. Og það sýndi sig, að örðugleikar urðu í sambandi við það gistihús, einmitt fyrir það opinbera. Þess vegna tel ég, að mikil trygging sé í því, að ríkisstj. stæði einmitt að byggingu góðs gistihúss. Við vitum, að viðskiptalífið er háð þeim fjötrum hér á okkar landi, að hvert ákvæðið rekur annað, bæði verðlagseftirlit og annað, og því er það mikil nauðsyn, að ríkisstj. sé einn aðilinn í þessu fyrirtæki, sem gert væri sem tilraun til þess að fá úr því skorið, hvort það sé framkvæmanlegt að hæna hingað ferðamenn. Ég hef haft kynni af þó nokkrum útlendingum. Og flestir þeirra leggja höfuðáherzlu á það að heimsækja höfuðstaðinn og sjá, hvar þær höfuðstöðvar eru, sem standa að þessu þjóðfélagi. En svo ber svo vel í veiði, að hér einmitt í nágrenni Reykjavíkur eru þeir glæsilegustu og eftirsóknarverðustu staðir, svo sem bæði Hekla og Geysir, tiltölulega skammt frá, sem útlendir ferðamenn óska fyrst af öllu að sjá, og ekki er langt héðan að fara til þess að sjá blómlegar sveitir, bæði í Borgarfirði og fyrir austan fjall.

Ég álít rétt, að þessi tilraun sé gerð af því opinbera með gistihúsbyggingu og rekstur, af því m. a. að ég álít, að með því sé gerð tilraun til þess að dreifa á fleiri herðar að standa undir gjaldgetu okkar að því er snertir að hafa til erlendan gjaldeyri en verið hefur. Við höfum nú af okkar framleiðslu útflutningsvörur eingöngu frá landbúnaði og sjávarútvegi. Og ég harma mjög, hve við höfum verið skammsýnir og glámskyggnir, Íslendingar, að hafa ekki lagt miklu meiri áherzlu á farmennsku og að koma okkur upp skipaflota miklu fyrr en raun hefur á orðið. Ef við hefðum stundað meira farmennsku, þá hefðum við þeim mun meiri möguleika til þess að afla erlends gjaldeyris. Og ef við nú gætum á hinn bóginn aukið ferðamannastrauminn hingað til landsins, þá væri það einn liður í því að afla erlends gjaldeyris til þess að standa undir innflutningsverzluninni. — Hins vegar verð ég að taka undir það með hv. 2. þm. S.-M., að ég hefði miklu fremur kosið, að einstaklingar hefðu tekið þetta fyrirtæki að sér og leitt það fram á þann hátt, sem við höfum hér hugsað okkar, að það opinbera verði látið gera. En það eru þeir örðugleikar í sambandi við slíka framkvæmd, eins og ég hef greint, sem mundi yfirleitt ekki vera talið fært að yfirstíga fyrir nokkurt einstaklingsfyrirtæki öðruvísi en í samráði við ríkisstjórnina.

Það hefur komið fram í þessum umr. áður, að ríkið rekur umfangsmikla atvinnugrein, áfengisverzlun. Og það mundi koma fljótt á daginn, ef ríkissjóður stæði að byggingu og rekstri gistihúss, að ekki væri stætt á því, að hótelið nyti ekki einhvers af sölu þeirrar vöru. En fjöldi manna, sem sótt hefur um söluleyfi á áfengi, hefur ekki fengið það. Svona má á marga lund bera hin ýmsu atriði saman, til þess að sýna, hver mismunur er á örðugleikum og aðstöðu allri annars vegar fyrir einstaklinga og hins

vegar fyrir ríkið um að reka slíkt gistihús. Og mér skilst, að vel gæti komið til mála, á sínum tíma, að bæjarfélagið og einstaklingar rækju þetta gistihús að sumu leyti.

Ég vildi hafa lýst því yfir, að ég hefði borið fram brtt. eins og þá, sem meiri hl. hv. allshn. ber fram, ef sú brtt. hefði ekki annars komið fram.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðasta fundi, þegar þetta mál var til umr., þá kom fram sú skoðun hjá hv. 2. þm. S.-M., að ríkissjóður ætti ekki að hafa nein afskipti af þessu máli. Og hann rökstuddi þetta álit sitt með því að segja, að ef ríkið gengi hér til samninga við einhverja aðila í Reykjavík til þess að hrinda málinu fram, þá ættu aðrir bæir úti um landið hliðstæðan rétt og hlytu að gera sömu kröfur til ríkisins og gerðar væru í Reykjavík í þessu efni. Ég vil leyfa mér að halda því fram og hef gert það áður, að aðstaðan í þessu efni hér í Reykjavík annars vegar og úti um landið hins vegar er gerólík. Og hótel það, sem talað er hér í þessu frv. um að byggja í Reykjavík, er með allt öðru sniði en hótel úti um landið mundu verða. Það yrði stærra og fullkomnara til þess að geta tekið á móti erlendum gestum, nánast hversu miklar kröfur sem þeir gera. Slíkar kröfur er ekki um að ræða úti um landið.

Þá minntist hv. 2. þm. S.-M. á það, að möguleikar til þess að byggja þetta hótel hér í Reykjavík væru aðrir og meiri en annars staðar, án íhlutunar ríkisins. Þetta getur verið rétt. En það réttlætir ekki, að ríkið dragi sig út úr málinu vegna þess aðalsjónarmiðs, að það er ekki trygging fyrir því, að þetta hótel verði byggt og rekið eins og ríkinu sæmir, nema ríkið sé þar aðili og leggi fram nokkurt fé og hafi áhrif á fyrirkomulag þess og rekstur. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ríkisstj. hefði verið of fljót á sér til þess að lofa framlagi til þessarar byggingar. Ríkisstj. hefur ekki lofað slíku framlagi, heldur er að leita heimildar til þess að láta þetta framlag í té. Ríkisstj. hefur lofað því aðeins að leggja málið fyrir Alþ. og leita heimildar þess til að framkvæma þetta verk. — Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að í öllum löndum, þar sem hann vissi, væru þessar stofnanir ekki styrkþurfar. Það kann vel að vera. En hér hagar að mörgu leyti öðruvísi til en annars staðar, og eftir fenginni reynslu eru ekki líkur til, að þetta sé svo arðvænlegt fyrirtæki, að einstaklingar færu út í það, eins og til er ætlazt hér í þessu frv., að gert verði. Og að lokum hafði þessi sami hv. þm. þá röksemd fram að færa í málinu, að nú væru svo margar framkvæmdir fyrirhugaðar, að það yrði að velja og hafna um það, hvað framkvæma skyldi af því, sem fyrirhugað væri að gera, en það gæti ekki allt orðið framkvæmt á næstunni eins og til væri ætlazt. Og mér skildist hann líta svo á, að þessi framkvæmd kæmi ekki í fyrstu röð, og þess vegna bæri að snúa sér að öðrum verkefnum, sem hann tilgreindi nánar. Ég skal nú ekki mikið deila við þennan hv. þm. um þetta. En ég vil aðeins benda á, að frumskilyrði fyrir því, að hægt sé að sinna hér móttöku ferðamanna í landinu, er, að gott hótel verði reist. Þannig að um leið og við gæfum upp þessa hugmynd um hótelbyggingu á næstunni, þá værum við búnir að gefa upp um leið að mjög verulegu leyti þá von okkar, að við getum haft — a. m. k. í nánustu framtíð — nokkra atvinnu, sem heitið geti, af fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna. Þetta tvennt er svo nátengt, að það verður ekki sundur slitið. Ég hefði haldið, að það væri bráðnauðsynlegt, að út í þetta verk væri farið, og það sem allra fyrst, bæði af þessum ástæðum og öðrum. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svara öðru í ræðu þessa hv. þm. Þetta voru aðalatriðin. Og ég tel þau ekki svo þung á metunum, að þau eigi að ráða úrslitum í málinu.

Þá langar mig til enn á ný að minnast á brtt. hv. allshn. á þskj. 500, sem er um það, að 5. gr. frv., um eignarnámsheimildina, falli niður. Ég hafði búizt við því, að hv. frsm. n. gæfi mér þá skýringu, sem ég bað hann um, á því, hvernig útlitið væri með framgang málsins, ef brtt. væri samþ. Því að eins og ég lýsti yfir síðast, hef ég ekkert á móti því, að brtt. verði samþ., ef það hindrar ekki framkvæmd málsins. En samþykkt þessarar brtt. getur orðið til þess, að framkvæmd málsins tefjist um ófyrirsjáanlegan tíma. Einn af þeim stöðum, sem koma til greina fyrir þetta gistihús, er þannig í sveit settur, að það verður ekki hjá því komizt að taka eignarnámi nokkrar lóðir og húseignir, ef hann væri notaður fyrir þetta gistihús. Svo að ef húsið ætti að reisa, en eignarnámsheimildin væri ekki fyrir hendi og samningar tækjust ekki við eigendur hentugra lóða og mannvirkja á þeim, þá yrði ekki hægt að hafast neitt að í málinu um ófyrirsjáanlegan tíma, eða þangað til heimild væri fyrir hendi til þess að ganga til eignarnáms á lóðunum. Nú segi ég ekkert um, hvort þessi staður yrði valinn eða einhver annar til gistihúsbyggingarinnar, um það liggur ekkert fyrir. En ef hann verður valinn, liggur þetta mál fyrir eins og ég hef lýst. Og það tel ég mikinn skaða fyrir málið, ef það þarf að tefjast af þeim sökum, sem ég hef drepið á, ef brtt. væri samþ. Ef n. sér hins vegar einhver önnur úrræði til þess að afgreiða málið, þannig að framgangur þess væri tryggður án eignarnámsheimildar, væri mér kært að vita, hvaða leið það væri. Því að eignarnám í þessu efni út af fyrir sig er mér ekkert keppikefli, heldur hitt, að skortur heimildar til eignarnáms verði ekki til þess að tefja málið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði tekið fram þau atriði, sem mestu máli skipta, og mun ekki endurtaka það. Það var aðeins út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég kvaddi mér hljóðs, og til þess að segja örfá orð út af því, sem hæstv. samgmrh. tók fram.

Hv. 3. þm. Reykv. segist í raun og veru vera sammála þeim sjónarmiðum, að það væri æski-

legt, að einstaklingar og félög, m. ö. o. aðrir aðilar en ríkið, settu á fót gistihús. En hann færði fram nokkrar ástæður fyrir því, að hann teldi þetta ekki fært, eins og allt er nú í pottinn búið. Þessar ástæður, sem hv. 3. þm. Reykv. taldi fram, voru allt annars eðlis en þær, sem hæstv. samgmrh. hefur minnzt á, og var auðheyrt, að hv. 3. þm. Reykv. talaði frá öðru sjónarmiði, sem sé, að þeir aðilar, sem hann taldi eðlilegt að reistu gistihús og gjarnan mundu vilja leggja fram fé í gistihúsbyggingu og rekstur þess, treystu sér ekki til þess, nema ríkið væri með í verki, vegna þess að hætt væri við því, að rekstri hótelsins mundi verða íþyngt á allan hátt, ef ríkið væri ekki með í verki sem þátttakandi. Og hann minntist í þessu sambandi á verðlagseftirlitið, *sem væri oft og tíðum strangt, og sagði sá* hv. þm., að hann gerði ráð fyrir, að meiri linkind mundi verða sýnd gagnvart verðlagi, ef ríkissjóður ætti þar hagsmuna að gæta. Enn fremur minntist hann í því sambandi á áfengissölu, og mér skildist, að hann teldi, að litlar vonir væru til þess, að slíkt hótel fengi að selja áfengi, nema ríkissjóður ætti þar hagsmuna að gæta. Þetta er að vissu leyti nýstárlegt sjónarmið, þannig að ef þessi hugmynd ætti að vera ráðandi, þá mundu tímar þess, að hægt væri að reka nokkur meiri háttar fyrirtæki án þess að ríkið væri með í rekstrinum, vera úr sögunni. Ég held, að þessu sé ekki þannig farið, að þannig sé komið málum, og að það sé a. m. k. mjög varhugavert fyrir talsmenn einkarekstrarins og félagsrekstrarins að leggja upp laupana svo gersamlega, eins og málin nú standa, að þeir færi fram slíkar ástæður fyrir þátttöku ríkisins í þessu efni. Mér finnst slíkt of mikil svartsýni og ekki nægileg ástæða fyrir því, að ríkið leggi fram fé í þetta. Ef þessi starfsemi verður álitin heppileg, get ég ekki ímyndað mér, að það yrði þá farið að íþyngja henni svo með verðlagseftirliti, að ekki væri við unandi. Það væri a. m. k. fávísleg pólitík, ef fyrirtækið á annað borð væri talið nauðsynlegt. Enn fremur dettur mér tæpast í hug, að það geti haldið áfram til lengdar, að mikil greiðasala fái ekki að veita áfengi, ef áfengi má veita á annað borð í landinu. Það er frá mínu sjónarmiði hneykslanlegt að hafa ótakmarkaðar vínveitingar á einum einasta stað í borg eins og Reykjavík, þannig að þeir, sem vilja neyta áfengis, verði að safnast saman á einn lítinn blett á hverju kvöldi til þess að koma sínum vilja fram í því efni. Annaðhvort finnst mér, að það eigi að hafa þröng takmörk fyrir því eða jafnvel hætta því, að menn geti fengið keypt vín í gistihúsum, eða hins vegar að hafa frjálsari reglur um það, að menn geti fengið víðar en á einum stað í Reykjavík á veitingahúsi þennan drykk.

Mér dettur alls ekki í hug, ef Eimskipafélag Íslands vildi t. d. koma upp gistihúsi, að það væri stætt á því að neita slíku gistihúsi um að hafa vínveitingaleyfi, ef vín á annað borð væri veitt í landinu. Ef sú stefna væri ráðandi, þá þýddi það nokkurn veginn það sama sem bann við því, að slíkt nýtízkuhótel kæmist á fót, sem hér er talað um. Því að það mundi vera ómögulegt fyrir slíkt hótel að laða að sér erlenda gesti og veita þeim þjónustu í landi, þar sem áfengissala væri á annað borð leyfð, ef því væri ekki leyft að hafa vínveitingar. Ég geri þess vegna miklu minna úr þessu atriði en hv. 3. þm. Reykv. Og í mínum augum er það, sem hann sagði, alls ekki nógu sterk rök fyrir því, að ríkið eigi að leggja svo mikla fjármuni fram til gistihúsbyggingar sem hér í frv. þessu er gert ráð fyrir. Ef menn meina nokkuð með þessu tali um það, að nauðsynlegt sé að fá hér upp gott hótel, þá á auðvitað að skapa þannig skilyrði, að það sé ekki að því þrengt, svo að menn treysti sér til að leggja fram fjármuni sína í það. Og það er sú leið, sem á að fara, frá sjónarmiði þeirra, sem vilja ekki, að ríkið annist reksturinn, að yfirleitt ætti að reyna að tryggja hótelrekstrinum sæmileg skilyrði, fremur en að kasta sér út í það að óska eftir, að ríkið leggi fram mikið fé í þessu skyni.

Þegar hæstv. samgmrh. svaraði þeirri röksemd minni, að ég sæi ekki, að gott hótel ætti að þurfa styrks við, og vísaði þar til þess, að mér skildist, sem annars staðar ætti sér stað, að hótelrekstur væri sæmilega arðvænlegur rekstur, þá sagði hann, að hér gæti verið ástæða til þess að tryggja slíka starfsemi með öflugu framlagi frá ríkinu, þótt ekki væri ástæða til þess annars staðar í löndum. En mér hefur skilizt, að hér séu góð skilyrði til þess, að heppilega byggt gistihús gæti borið sig, og er þá þess að gæta, að hér er stórkostleg vöntun á slíkri þjónustu. Það er stórkostleg vöntun á gistihúsi í Reykjavík og ættu að vera góðir möguleikar á að reka hér fleiri gistihús þegar, í sambandi við erlenda ferðamenn. Og þess ber einnig að gæta gagnvart straumi erlendra ferðamanna til landsins, að það er áreiðanlega hægt að hafa mjög hagkvæm viðskipti við þá. Ég get ekki betur séð en að óvíða mundi vera álitlegra en hér í Reykjavík, eins og nú standa sakir, að byggja hagkvæmt gistihús. Mér sýnist því ekki vera þörf fyrir þessi háu fjárframlög frá ríkissjóði, sem ráð er fyrir gert í frv. Mér virðist, að hæstv. ríkisstj. muni hafa nóg með fjármagn ríkissjóðs að gera, þó að horfið væri frá þessu ráði. Ég hef því ákveðið að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Í fullu trausti þess, að í Reykjavík og víðar verði byggð fullkomin gistihús, án þess að ríkissjóður leggi fram fé til þeirra, ályktar deildin að vísa þessu frv. frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Vil ég svo afhenda hæstv. forseta þessa dagskrártill.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. hafði gert hér nokkrar fyrirspurnir til allshn., eða meiri hl. n., út af því, að meiri hl. n. hefur lagt fram brtt. um það, að 5. gr. þessa frv. verði felld burt úr frv., sem sé um eignarnámsheimildina. En hv. frsm. n., þm. Snæf., er ekki viðstaddur hér í dag og getur þess vegna ekki orðið fyrir svörum. Ég skal þess vegna með nokkrum orðum leyfa mér að svara því, sem ég tel mestu máli skipta í sambandi við það, sem hæstv. samgmrh. beindi til n.

Eins og hv. alþm. er að sjálfsögðu kunnugt,

eru í stjórnarskránni sett ákvæði um það, að ekki skuli vera heimilt að taka eignarnámi eignir manna, nema almenningsþörf krefjist. En það er hins vegar á valdi Alþ. hverju sinni að meta það, hvort fyrir liggi þær aðstæður, að segja megi, að þar sé um almenningsþörf að ræða. Ég fyrir mitt leyti vil í fyrsta lagi draga það í efa, að almennt sé hægt að skoða það svo, að fullnægt sé þessum skilningi stjskr. að því er snertir þetta mál, að svo víðtæk eignarnámsheimild geti verið réttlætt með því, að almenningsþörf krefjist þess, að hún sé veitt nú þegar við samþykkt þessa frv. En hitt legg ég svo sérstaka áherzlu á, að mér hefur virzt hæstv. Alþ. hafa haft þá almennu reglu á undanförnum árum að gefa ekki almennar eignarnámsheimildir og ekki án þess að fyrirfram sé vitað, hvað eigi að taka eignarnámi, og í öðru lagi það, að það sé fullreynt, þegar eignarnámsheimildin er veitt, að ekki sé hægt að ná samningum á milli þess aðila, sem fer fram á að fá eignarnámsheimildina, og hins, sem á að þola eignarnámið. Ég gæti nefnt allmörg dæmi þess, að þetta hefur verið afstaða hæstv. Alþ. Og a. m. k. er mér óhætt að segja, að það hefur verið afstaða meiri hl. allshn. hverju sinni, að það skuli vera þrautreynt, að ekki sé hægt að ná samkomulagi, áður en heimild um eignarnám sé samþ. á Alþ. Ég man t. d. eftir því, að fyrir tveimur árum var farið fram á eignarnámsheimild í sambandi við eignir á Norðfirði, og fleiri mál slík hafa komið fyrir Alþ., þar sem heimild til eignarnáms hefur ekki verið gefin af Alþ., vegna þess að ekki lágu fyrir full skilríki fyrir því, að ekki væri hægt að fá eignirnar keyptar af eigendum með frjálsum samningum. Samkv. 5. gr. frv. liggur málið svo fyrir hér, að ríkisstj. er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki eftir því sem ríkisstj. telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota. Og ég geri ráð fyrir, að þetta gistihús verði reist í Reykjavík, og þá væri með þessari gr. gefin ótakmörkuð heimild til þess að taka innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur hvert hús, lóð og mannvirki sem vera skal og greiða það eftir mati, til þess að fá stað undir gistihús þetta. Og slíka víðtæka eignarnámsheimild vil ég ekki fallast á, og meiri hl. allshn. er á sömu skoðun.

Hæstv. samgmrh. spurði, hvort ríkisstj. hafi í hendi sér einhver önnur ráð, eftir sérstökum l. eða á annan veg, til þess að taka lóðir eða hús eignarnámi í þessu skyni, ef þessi heimild er tekin burt úr frv. með niðurfellingu 5. gr. Ég verð að svara því, að það er að sjálfsögðu engin slík eignarnámsheimild til. En hins vegar er ekki þar með sagt, að ríkisstj. geti ekki náð sama markmiði án slíkrar heimildar. Og ég á ákaflega erfitt með að trúa því, að í framkvæmdinni gæti það orðið þannig, ef ríkisstj, segir við ákveðinn eða ákveðna aðila, að á þessum stað eigi að reisa gistihús og þessar lóðir þurfi að kaupa til þess og þessi hús til niðurrifs, að eigendur slíkra eigna mundu ekki fyrir sitt leyti samþykkja frekar að selja þessar eignir í frjálsri sölu viðkomandi aðilum, sem yrðu ríkið, bærinn og Eimskipafélag Íslands, sem hér er gert ráð fyrir sem slíkum aðilum — eða hlutaðeigandi aðilum yfirleitt — heldur en að þola það að láta meta þær og taka eignarnámi. Því að það er víst, að þessir eigendur mundu alveg eins geta fengið kaupverðið ákveðið með mati, ef viðkomandi aðilar ekki gætu komið sér saman um kaupverðið með frjálsum samningum á annan hátt, þótt ekki kæmi til eignarnáms. Nú hefur hæstv. samgmrh. sagt, að sá staður, sem nú sem stendur sé álitinn álitlegastur undir þetta nýja gistihús, sé þannig í sveit settur, að þar verði að taka nokkrar lóðir og hús eignarnámi. Því er til að svara, að hæstv. Alþ. hefur alls ekki fengið að vita, hvaða eignir og lóðir þetta eru. Og ég skýt því til hvers einasta manns, sem á lóð eða hús, sem hér gæti komið til greina, hvort hann mundi fyrirfram vilja gefa eignarnámsheimild svo almenna sem þá, sem hér er farið fram á í 5. gr. frv. Ég held, að enginn mundi vilja samþ. það. Og það minnsta, sem krafizt verður, að gert sé um leið og farið er fram á eignarnámsheimildina, er, að ríkisstj. komi til Alþ. og segi: Ég vil fá eignarnámsheimild fyrir þessari eða hinni eign eða þessum lóðum og þessum húsum. Og þegar svo væri flutt málið, væri það Alþingis að svara um þessi tilteknu tilfelli, sem þá lægju fyrir, hvort það vildi veita um þær eignir eignarnámsheimild. Og samkv. þeirri reglu, sem meiri hl. allshn. og hæstv. Alþ. á undanförnum árum hefur fylgt, þá mundi einnig verða krafizt þess, að skilríki lægju fyrir um það, að ekki væri hægt að ná þessu sama takmarki, að kaupa þessar eignir, með frjálsum samningum. Það eru að sjálfsögðu ákvæði í l., sem heimila almennt eignarnám, eins og t. d. í sambandi við hafnarlöggjöf og vegalöggjöf eða slíkt. En það er allt annað atriði. En þó er það í sambandi við hafnargerðir takmarkað við þær lóðir, sem eru umhverfis höfnina, og þau mannvirki, sem kringum höfnina eru. Og hæstv. ráðh. veit þetta mjög vel. Og ef það verður nú alveg á næstunni, að ákveðinn staður verði valinn handa þessu gistihúsi, og ef ekki næst samningar um þann stað, þá mundi Alþ. væntanlega, ef það telur, að þessi niðurstaða sé rétt og nauðsyn fyrir að fá þetta mannvirki reist, veita eignarnámsheimild þá, sem nauðsynleg væri talin, til þess að gistihúsið yrði reist, þótt hins vegar eflaust megi deila um það, hvort slík eignarnámsheimild sé fyllilega í anda stjskr., sem sé, að þar sé um almenningsheill að ræða. Því að það má deila um það, hvort hótelið standi þá ekki á næstbezta eða kannske þriðja bezta stað í bænum. Ríkisstj. getur kannske ákveðið t. d., að gistihúsið skuli standa þar, sem nú er talað um stað fyrir ráðhús. Það getur orðið talinn bezti staðurinn fyrir gistihús þetta. En er það þá til almenningsheilla, að lóðir þar verði teknar eignarnámi vegna gistihúsbyggingar? Er ekki almenningsheill jafnvel borgið, þó að gistihúsið stæði suður á Melunum? Það mundi enginn geta sagt, að það sé vegna almenningsheilla, að þjóðleikhúsinu var holað þar, sem það stendur, og segi ég það í því sambandi, ef t. d. hefði átt að taka lóðir eignarnámi til þess að byggja það hús þar. Almenningsheill gæti eins vel verið borið við í sambandi við byggingu slíks húss, þó að það stæði uppi á Skólavörðuhæð.

Hæstv. samgmrh. hefur mælzt til þess við mig

að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. Ég hef ekki borið mig saman við meðnm. mína um þetta, en hef ekkert á móti því, ef því verður ekki mótmælt af þeim, að taka brtt. þannig aftur, ef það gæti eitthvað liðkað til í málinu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka hv. 2. þm. Eyf. fyrir það, að hann hefur fyrir sitt leyti orðið við þeim tilmælum mínum að taka brtt. hv. meiri hl. allshn. aftur til 3. umr., svo að hægt verði að reyna til þrautar, hvort ekki næst skynsamlegt samkomulag um þetta mál á milli umr. — Annars skal ég ekki fara langt út í að deila við hann um skilning á ákvæðum stjskr. um eignarnámsheimildir, því að meira og minna heimspekilegar bollaleggingar um þá hluti færa okkur sjálfsagt tæplega nær hvor öðrum í þessu máli. Þó get ég ekki stillt mig um að minnast á það, að sá hv. þm. sagði, að hann vissi ekki til þess, að hér á Alþ. hefði verið samþ. heimild til eignarnáms, nema fyrirfram væri vitað, hvaða hluti ætti að taka eignarnámi, og helzt ekki áður en reynd hefði verið til þrautar samningaleiðin. (*GÞ:* Almennt). Svo bætti hann síðar við, að hér væru til vegalög og hafnarlög, þar sem eignarnámsheimildir væru veittar, án þess til væri tekið, hvaða eignir taka ætti eða þyrfti eignarnámi. Og hann hefði getað bætt við l. um skipulag bæja og fleiri l., þar sem heimilað er eignarnám á ótilteknum eignum, þ. e. ótilgreindum í l., og án þess að þeir, sem samþ. l., vissu fyrirfram, hvaða eignir mundu koma til með að verða teknar eignarnámi eftir þeim ákvæðum, og því síður, að samkomulagsumleitanir hafi farið fram um eignirnar. — Þetta er sem sagt ákvæði, sem oft hefur verið samþ. hér á hæstv. Alþ., svo að ég býst við, að hv. 2. þm. Eyf. kannist við það, sérstaklega sem lögfræðingur, að það eru mörg lagaákvæði til um heimildir til eignarnáms, án þess að til séu teknar í l. vissar eignir. Ég held þess vegna, að þetta ákvæði 5. gr. frv. um eignarnámsheimildina sé alveg hliðstætt því, sem er í öðrum l., bæði vegal., hafnarl., skipulagsl. og öðrum l., þar sem eignarnám er heimilað, ef þörf krefur. En vitaskuld eru ekki slíkar heimildir notaðar, ef frjálst samkomulag næst um kaup á eignunum. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta atriði málsins mikið, úr því að samkomulag hefur orðið um það að fresta atkvgr. um brtt. hv. meiri hl. allshn. til 3. umr. Og ég vil vænta þess, að eitthvert samkomulag náist við hv. meiri hl. allshn. um þetta atriði, svo að málinu verði ekki stefnt í neina tvísýnu út af þessu atriði. Því að mér skilst, að hv. allshn. sé það áhugamál, ekki síður en ríkisstj., að þetta hótel verði byggt, en ekki verði settur neinn Þrándur í Götu um þetta byggingarmál með því að útiloka fyrirfram möguleika, sem gæti kannske orðið til þess að tefja málið. Þess vegna vonast ég til þess, að samkomulag geti orðið við hv. allshn. um þetta.

Þórður Benediktsson: Ræða mín um þetta mál hefur líklega orðið nokkru torskildari en ég vænti. Það lítur út fyrir, að hv. 3. þm. Reykv. hafi misskilið orð mín viðkomandi helgi eignarréttarins. Þykir mér það leitt. Ég vil ekki, að sá prýðilegi maður hafi rangt álit á skoðunum mínum í þessu máli. Ég er honum sammála um, að eignarrétturinn sé lífakkeri þjóðarinnar, eins og hann benti á. En það eru viss svið, þar sem eignarrétturinn getur ekki verið óskoraður, nema til skaða fyrir almenning. Til skýringar langar mig til að spyrja: Væru t. d. öll fiskimið Íslands í einkaeign og þau síðan leigð út af þessum eiganda með okurverði, ætli hv. 3. þm. Reykv. mundi ekki eins og mér falla það mjög illa? Jú, við mundum verða sammála um að hnekkja þessu. Og ef einhver maður t. d. ætti land í nágrenni Reykjavíkur og léti þrífast þar illgresi og aðrir fengju ekki að njóta landsins, þá yrðum við hv. 3. þm. Reykv. að breyta þessu. Það kann e. t. v. einhver að segja, að enginn maður hafi kostað til miðanna, þar hafi ekki verið byggt og ræktað. En ég vil þá segja: Þeir, sem byggja og rækta, eiga að hafa heimild til lands að réttu lagi, en hinir, sem hvorki rækta né byggja á landinu, ættu ekki að hafa heimild til landsins. Það þætti líka einkennilegt, ef það ætti að fara að selja manni andrúmsloftið. — Það er svo, að það óréttlæti, sem maður elst upp við, er manni furðu bærilegt. En ef á að leggja á mann nýja hlekki, þá er stungið við fótum. Ég hef talað um það, hve menn eru ákaflega viðkvæmir fyrir eignarréttinum, jafnvel þar sem hann á ekki rétt á sér. Ég gæti hins vegar nefnt dæmi, þar sem eignarrétturinn er ekki tryggður sem skyldi, en ætla ekki að fara út í það hér. — Svo minntist þessi hv. þm. á öfund. Ég tek það ekki til mín. Ég held, að ég viti ekki, hvað sú kennd er. Og það, sem vakir fyrir mér, er það, að allir þjóðfélagsþegnar eigi jafngóðu lífi að fagna eins og þeir, sem bezt hafa lífskjörin nú í þessu þjóðfélagi. Og ég tel, að það sé hægt að koma því í framkvæmd. Og að það sé hægt, hefur sannazt á stríðsárunum, með þeim gífurlegu fjárveitingum, sem stríðsþjóðirnar hafa lagt fram. Ég vil, að eignarrétturinn sé varðveittur. Það er hægt að treysta því.

Hv. 2. þm. S.-M. vék fáeinum orðum að mér í sinni ræðu. Honum hefur víst þótt ræða mín óskipuleg, og lái ég honum það ekki. Ég er nýliði hér á þingi, og virðuleiki stofnunarinnar hefur truflandi áhrif á flesta í fyrstu. Hann titlaði mig hv. landskjörinn. E. t. v. hefur þetta stafað af minnisleysi, e. t. v. af ókurteisi. Mér þykir hvort tveggja slæmt. Ókurteisi er löstur, og stafar alla jafna af minnimáttarkennd og erfiðum skapsmunum, og kenni ég í brjósti um þá menn, sem þannig er ástatt fyrir. — Mér hefur fundizt hv. 2. þm. S.-M. einkennilega svartsýnn, og ég hef haft orð á þessu. Honum hefur fallið það illa. Ég hefði kannske heldur átt að segja, að hann væri úrtölusamur. Hann hefur verið það, og jafnvel farið með hrakspár. Við það að lesa sögu, þótt ekki sé nema saga Íslendinga, kemst það inn hjá manni, að maður vill ógjarnan fá það orð á sig að vera talinn úrtölusamur. Því að það er dauft ljós yfir minningu þeirra manna í þjóðfélaginu, sem ég gjarnan vil kalla úrtölumenn og „við-getum-ekki-menn". Svartsýni er engum til góðs, en alltaf til ills. Úrtölumenn eru

líka alltaf til ills. Það væri gott, ef slíkt væri lagt á hilluna yfirleitt.

En svo prýddi hv. 2. þm. S.-M. mál sitt með því að kalla mig „framfaramanninn úr Eyjum". Ég var ákaflega glaður yfir þessum orðum, vegna þess að þetta er heiðurstitill. Og vegna þess, að mér er hlýtt til allra manna, vil ég biðja þess, að hv. 2. þm. S.-M. verði kallaður framfaramaðurinn að austan. Ég vildi óska þess, að hans þingsaga yrði þannig hér eftir.

En svo maður víki að hótelbyggingunni, þá er það rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að það er einkennilegt, hversu virðist vera lélegur árangur af starfrækslu gistihúsa hér á landi, eins og verðið á greiðanum er þó geysihátt. Mér finnst það tortryggilegt. Ég skil ekki, hver kynstur óhappa eða óhagsýni þar koma fyrir. Á hótelunum er flestallt selt með okurverði. Það eru náttúrlega til margir menn, sem iðka barlóm og eru „alltaf að tapa". Mér finnst, að þessir menn, sem „alltaf eru að tapa", — ég meina það til hótelstjóranna — ættu að gefa út kennslubækur um það, hvernig ætti að hagnast á „tapi". En það er annað mál. Fyrirgreiðsla á hótelum, við því verði, sem hún hér á landi er seld, á að skila góðum árangri; í því er ég sammála hv. 2. þm. S.-M. En hins vegar finnst mér ekki, að bíða eigi eftir því með þessa gistihúsbyggingu, að einkaframtakið fái að njóta sín þar. Ég hygg, að hótelrekstur eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv. geti orðið einhver gróðaatvinnuvegur, og einmitt þess vegna get ég unnt þessum aðilum að njóta þar hagnaðar.

Stað fyrir þetta hótel þarf að velja út frá fagurfræðilegum og hagrænum sjónarmiðum. Þar má ekkert vera til fyrirstöðu. Ég er því á móti því, að 5. gr. frv. verði felld burt úr frv. Það gæti orðið til þess að torvelda þeim, sem um þetta mál fjalla, að þetta mál komist í framkvæmd. En þess er brýn þörf að koma upp þessu hóteli. Því að við getum ekki tekið á móti erlendum ferðamönnum án þess, en viðskipti við þá gætu orðið mjög mikil, ef hægt væri að veita þeim fyrirgreiðslu á fullkomnu hóteli. Við höfum ekki ráð á því að fá það orð á okkur, að við getum ekki hýst útlenda gesti. Ég vil þess vegna láta 5. gr. frv. haldast, því að hún gæti orðið til þess, að hótelið yrði reist á þeim stað, þar sem það mundi prýða þennan ófríða bæ, sem er þó svo heppinn að vera í fögru umhverfi. Og það er svo sem engin hætta á ofbeldisverkum af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu efni, heldur er þetta ákvæði haft til þess að greiða fyrir málinu.

Við það að lesa 1. gr. frv. getur manni dottið í hug, hvort ekki væri rétt að fara að athuga það, hvort ríkið ætti ekki að gerast aðili að hótelbyggingum á fleiri stöðum á landinu, t. d. á Þingvöllum og við Geysi. Þegar maður lítur á reynslu Sviss, þá freistast maður til að halda, að það mundi vera rétt af því opinbera að stuðla að svona framkvæmdum t. d. á slíkum stöðum, sem sagt víðar en í Reykjavík. Aðalatvinnuvegur Svisslendinga er að taka á móti og annast um skemmtiferðamenn. Það er ekki fráleitt, að við Íslendingar gætum keppt við Sviss í þessu efni. Við höfum margt að auglýsa. Þingvellir eru talinn frægur og fagur staður og Geysir alveg dæmalaust náttúruundur. Og svo getum við líka boðið upp á eitt, sem við getum auglýst, beljandi slagviðri og stórhríðar. Það er fjöldi ungra manna, sem mundi geðjast jafnvel bezt að þessu. Og mér hefur dottið í hug, að á milli umr. um þetta mál mætti athuga nánar, hvað mætti leggja til málanna um gistihúsbyggingar við einkennilega og fagra staði hér á landi. Og ferðamannastraumurinn hingað til lands takmarkast ekki af öðru en húsnæði, sem fyrir hendi er til þess að hýsa ferðamennina. Og ég sé ekkert á móti því, að ríkisstj. hafi forustu um þessi mál, og ég hygg, að það væri ekki nema rétt til hagað að skipa sérstaka stjórn yfir þessi væntanlegu fyrirtæki. En það ætla ég ekki að ræða nú.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég vil nú ekki tefja þetta mál frá þeim eðlilega gangi, sem það ætti að fara að geta tekið, og vil ég lýsa yfir því, að ég tel það betur farið, að háttv. allshn. hafi tekið upp þann þráð, sem ég gerði að nokkru umtalsefni við 1. umr. þessa máls. Hv. form. og frsm. allshn. hafa gert grein fyrir því, hvers vegna n. leggur nú til, að 5. gr. frv. verði nú niður felld, og er það í samræmi við þá skýringu og raunar þau andmæli, sem ég flutti hér við téða umr., sem sé, að það væri bæði óeðlilegt og hættulegt að fara þannig með það ákvæði stjórnarl., sem fjallar um eignarrétt og eignarnám, eins og í frv. væri gert ráð fyrir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eignarnám er leyft samkv. sjálfri stjskr., en aðeins undir sérstökum kringumstæðum, en almennt eignarnám er ekki til í l., slíkt sem frv. fer fram á. Hæstv. ráðh. vitnaði til þess, að vegal. og almenn skipulagsl. hefðu að innihalda nokkuð slíkt, en þar gegnir allt öðru máli. Þess eru engin dæmi, að einstakar stofnanir, hverjir sem að þeim standa, hafi fengið að skipa sér innan þeirrar varnargirðingar eða hafi verið settar á fót af löggjöf landsins með þeim hætti, að þeim hafi verið leyfð ótakmörkuð eignartaka. Ég ímynda mér því, að þessi gr. frv., sem hér um ræðir, hafi verið sett inn af misskilningi, af því að ekki hafi verið nægilega athugað að fara samkv. stjskr. Hér kemur að sjálfsögðu einnig til greina nokkur álitsmunur um það, í hverju tilfelli megi leyfa eignarnám og hvenær almenningsheill krefji eða geri slíkt kleift, og skal ég ekki fara frekar út í það. Fyrir mitt leyti tel ég ekki rétt að leyfa eignarnámsheimild fyrir einstakar stofnanir, eins og hér ætti sér stað, þar eð ekki er auðvelt að sanna, að almenningsheill krefjist þess.

Auk þeirra almennu athugasemda, sem koma heim við það, sem hv. n. hefur nú fallizt á, vildi ég — af því að svo virðist sem n. ætli að taka málið til meðferðar, þar sem frestað hefur verið atkvgr. um einstök atriði — beina þeirri spurningu til n., hvort hún hafi ekki athugað það út af fyrir sig, því að það atriði áhrærir raunar merg málsins, hvort ríkið ætti að taka upp þann hátt, sem nú hefur verið rætt hér um, að ráðast í að byggja fyrir einstakan atvinnurekstur, eins og maður verður að kalla hótelrekstur, þar sem eðlilegra er, að hann sé á

einstakra færi og rekinn á þann veg, að ekki þurfi að vera nein gustukaverk þar í kring.

Þá vil ég spyrja hv. allshn., hvort hún hafi athugað það, hvort hér sé ekki í bænum verið að undirbúa mikla gistihúsbyggingu. Hefur það einnig verið athugað, hvort þessi stóru fyrirtæki, Reykjavíkurbær, Eimskipafélag Íslands h.f. og ýmis önnur voldug fyrirtæki, sem hér eru, megni ekki að ráðast í þessar framkvæmdir sjálf? Hvers vegna leita þau til ríkisins um styrk? Það er svo, að Eimskipafélag Íslands hefur fengið heimild til þess að reisa gistihús, og var þar ekkert nefnt um það að fara fram á styrk ríkisins í því sambandi, og öllum er kunnugt um, að fjárhagur þess félags er þannig, að það á milljónir í sjóði. Reykjavíkurbær hefur og öll tök á því að sjá farborða í sínum sökum og hefur fengið slíkt álöguvald yfir almenningi í þessum bæ, sem mönnum er nógsamlega kunnugt um og þegar er algjörlega jafnoki álöguvalds hins opinbera. En hvers vegna er sú árátta orðin svo rík hjá Reykjavíkurbæ að fara ætíð til ríkisins og reyna að klúðra því inn í allt, sem hér á að framkvæma, sem hann treystir sér kannske ekki til í svip, en verður að sætta sig við, að er hans mál? Á þá ríkið alltaf að standa upp á gátt fyrir öllu slíku? Slík fordæmi eru mjög hættuleg. Nú er mér kunnugt um, að hafinn er undirbúningur að byggingu stærðar gistihúss hér í bæ, og er ráðgert, að sú bygging taki yfir lóðirnar við Aðalstræti, allt frá Uppsölum og að Aðalstræti 8 (öðru nafni „Fjalakötturinn"). Allt þetta svæði er á hendi einstaklings aðila og hefur verið gerður uppdráttur að þessari byggingu, þar sem gert er ráð fyrir hinum glæsilegustu verzlunum á neðstu hæðinni og 150 herbergjum á hinum hæðum byggingararinnar fyrir þá, sem að koma og ráð hafa á að borga. — Vill nú hv. allshn. ekki athuga þessi atriði hvor tveggja, hvort stórfyrirtæki eins og Reykjavíkurbær og Eimskipafélagið, sem hafa fengið leyfi út af fyrir sig til þess að fara út í þessar framkvæmdir, gætu ekki fengið önnur stórgróðafyrirtæki í lið með sér heldur en að leita til ríkisins um styrk í þessu skyni, svo og að athuga sérstaklega, hvað líður þessu stóra gistihúsi við Aðalstræti, sem þegar hefur verið gerð teikning af?

Að öðru leyti get ég endurtekið það, sem ég sagði hér við 1. umr. þessa máls, að það er gott, að slíkt mál sem þetta komi fram, til þess að menn geti litið á það frá öllum hliðum; þar með er ekki sagt, að fara ætti út í þessa framkvæmd strax, sem hér er lagt til, en hins vegar er þetta verulegt atriði, sem í okkar þjóðfélagi kemur til mála.

Að lokum vil ég minnast örfáum orðum á, hvaða réttindi slíkt gistihús, sem hér um ræðir, ætti að hafa, hvort sem það yrði rekið af einstaklingum eða hinu opinbera. Í fyrsta lagi er það, að ef þessi aðili ætti að fá eignarnámsheimild, þá ættu sömuleiðis aðrir að fá hana, sem reistu slík þjóðþrifafyrirtæki. Þá kemur og það atriði til athugunar, að eins og nú standa sakir, er aðeins einu gistihúsi hér í bæ veitt almennt vínveitingaleyfi, en meðan áfengi er selt í landinu, er sjálfsagt að veita öllum gistihúsum vínveitingaleyfi. Mundi slíkt og forða því, að menn hefðu þar vín um hönd í óleyfi og öfluðu þess með kjörum, sem ekki eru æskileg, því að áfengi er nógu dýrt, þótt ekki sé á það bætt. Allt þetta kemur til greina fyrir þá aðila, sem með þetta mál eiga að fjalla, hvort heldur það verða einstaklingar eða stofnanir. Hins vegar hefur engin skýring fengizt á því, hvort tilgangurinn með þessu frv. sé aðeins að reisa þessa byggingu eða hvort ríkið eigi einnig að ábyrgjast reksturinn. Allt þetta kemur til athugunar hv. allshn., sem fjallar um málið, en skylt er henni að kynna sér allar hliðar þess.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að fá upplýsingar um nokkur atriði, sem snerta þetta mál og eru þess eðlis, að þau gera mér a. m. k. óhægt um að greiða atkv. um þetta mál, fyrr en ég hef fengið þessar upplýsingar bæði frá hæstv. ríkisstj. og hv. allshn., sem vafalaust hafa athugað þessar hliðar málsins.

Í fyrsta lagi langar mig til að vita, hvað nýbyggingarráð og viðskiptaráð ætlazt til, að mikið verði flutt til landsins af byggingarefni á þessu ári. Við erum nýbúnir að samþykkja l., þar sem þessi tvö ráð í samráði við hæstv. ríkisstj. eiga að áætla innflutningsþörfina fyrir þessa vörutegund og veita leyfi samkv. því.

Þá hefur hæstv. viðskmrh. f. h. ríkisstj. lagt fram frv. um byggingar húsa og til þess að bæta úr húsnæðisleysi í kaupstöðum. Ég álít, að hann hafi gert sér ljóst, hvað það byggingarefni, sem viðskiptaráð úthlutar leyfum fyrir, hrekkur til þeirra framkvæmda til þess að bæta úr húsnæðisleysi í landinu og að efni til þessara framkvæmda hafi verið lagt til hliðar eða hann hafi gert ráðstafanir til þess að tryggja sér það, þegar þessi nýju hús verða byggð eftir hans frv.

Þá langar mig til að fá upplýsingar um það hjá hæstv. samgmrh., sem stendur að því frv., sem hér liggur fyrir, hve mörg almennings íbúðarhús væri hægt að byggja fyrir það byggingarefni, sem þarf í þessa hótelbyggingu, og hvað mikið sé afgangs af byggingarefni, sem nýbyggingarráð og viðskiptaráð ætlast til, að verði flutt inn í landið á þessu ári, þegar búið er að taka af því efni til allra þeirra bygginga, sem ríkið hefur veitt fé til og þörf er á. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi athugað þetta allt svo og hv. allshn., áður en hún hefur mælt með frv. því, sem hér liggur fyrir.

Að lokum vil ég svo beina því til hæstv. forsrh., að við umr. hér í vetur, er einn stuðningsmaður hans bar fram brtt. um að flytja inn í landið fleiri skip en hæstv. forsrh. vildi vera láta, þá upplýsti hann, að ef það yrði gert, fengjust engir verkamenn eða sjómenn til þess að starfrækja þau skip. Var hæstv. forsrh. búinn að hugsa það þá, að það þyrfti fjölda manna til þess að byggja þetta hótel?

Ég þyrfti að fá upplýsingar um öll þessi atriði, áður en ég tek afstöðu til þess máls, sem hér liggur fyrir.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hefði ekki tekið hér aftur til máls nema sökum þess, að fram hafa komið fyrirspurnir bæði frá hv.

2. þm. N.-M. og hv. 10. landsk. Í sambandi við það, sem sá síðarnefndi sagði, þá er það sjálfsagt atriði, sem allshn. hefur ef til vill ástæðu til að rannsaka betur, um hitt getur verið skoðanamunur, hvort ríkið eða bærinn og Eimskipafélagið eigi í þessu tilfelli að hætta við slíka hótelbyggingu vegna þess, að aðrir hafi hugsað sér að setja á stofn annað fyrirtæki, sem gangi í sömu átt. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að það samrýmist bezt mínum skoðunum, að ríkið fari ekki inn á atvinnurekstur, ef fyrir eru einstaklingar, sem vilja taka hann að sér í sömu eða svipaðri mynd. Ég get upplýst það, að enginn af þeim mönnum, sem að sögn ætla að ráðast í hótelbyggingu við Aðalstræti, hefur snúið sér til mín eða n. með slíkt, sem hér um ræðir, þannig að þeir hafa ekki gefið allshn. neitt tilefni til þess að setja rannsókn af stað í þessum efnum, sem ætti þó að liggja þeim nær, vegna þess að þeir hljóta að vita, að þetta mál er til meðferðar hjá allshn. Hins vegar get ég að sjálfsögðu rætt við meðnm. mína um, að n. taki þetta til athugunar, úr því að þetta er komið hér inn í umr.

Að því er fyrirspurn hv. 2. þm. N.-M. snertir, hvort n. hafi athugað, hve mikið af byggingarefni eigi að flytja til landsins á þessu ári, og í öðru lagi, hvort n. hafi athugað, hversu mörg íbúðarhús væri hægt að byggja úr því efni, sem færi í þetta gistihús, þá get ég upplýst það, að þessi atriði hefur allshn. ekki athugað, og ég verð að telja, að slíkt sé algerlega utan við hlutverk hennar í þessu tilliti, því að hér er aðeins um að ræða heimild fyrir ríkisstj. fyrir byggingu gistihúss.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hv. 2. þm. N.-M. beindi nokkrum spurningum til mín, en nefndi að vísu annan ráðh. í því sambandi.

Hann var að spyrja að því, hvað mikið byggingarefni mundi flytjast til landsins á þessu ári og til hvers það byggingarefni ætti að notast, og hvort væntanleg bygging gistihúss mundi ekki fara í bága við þær ráðstafanir, sem ætlazt væri til, að gerðar yrðu með frv. því um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar, sem liggur fyrir hv. Ed. Hér blandar hv. 2. þm. N.-M. saman tveim málum, því að þótt það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., þá er ekkert í því, sem ákveður, hvenær hafizt skuli handa um bygginguþess gistihúss, sem þar ræðir um, þannig að ef það kemur í ljós, að skortur verður á byggingarefni og verkafólki til bygginga, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að gistihúsbyggingunni verði frestað vegna annarra bygginga, sem eru enn þá meira aðkallandi. Ég hygg, að ekki liggi enn þá upplýsingar fyrir um, hve mikið byggingarefni verði hægt að fá til landsins á þessu ári, og það er nokkurn veginn víst, að eftirspurnin eftir byggingarefni hlýtur að vaxa allverulega, þegar samgöngur komast í eitthvað betra lag í álfunni, þannig að þeir, sem nú hírast í bústöðum, sem ekki eru neinir mannabústaðir, eða eiga ekki þak yfir höfuðið, fá möguleika á að flytja til sín byggingarefni til þess að byggja úr. Það er þess vegna nauðsynlegt, að ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að reyna að fá flutt til landsins svo mikið byggingarefni á þessu ári sem mögulegt er, en eins og ég sagði áðan, er þetta í rauninni óviðkomandi frv. því um gistihúsbyggingu, sem hér liggur fyrir. Það getur vel komið til mála og er gert ráð fyrir því í frv. því, sem hv. 2. þm. N.-M. minntist á, að teknar verði ákvarðanir um að fresta framkvæmd stórbygginga, sem ekki er algerlega óhjákvæmilegt að koma á fót, til þess að geta látið nauðsynlegar íbúðarhúsabyggingar ganga fyrir. Ég hygg, að um þetta geti ekki verið neinn ágreiningur, að til þessa geti komið, og vil ég þó ekki segja það með þessum orðum, að ég telji ekki nauðsynlegt að ráðast í þessa gistihúsbyggingu sem allra fyrst.

Það stendur fyrir dyrum veruleg aukning á strandferðaskipum ríkisins, og búið er að panta mörg millilandaferðaskip. Það er og kunnugt, að ferðamannastraumur á eftir að aukast til bæjarins, bæði frá útlöndum og sömuleiðis frá ýmsum stöðum landsins. Það er því engan veginn vansalaust af því opinbera að láta það ástand haldast hér í höfuðstað landsins, að ekki sé hægt að hýsa þá gesti, sem til bæjarins koma. Ekki er ætlunin með þessu að gera hótelrekstur að ríkisrekstri, því að eðlilegra er, að einstaklingar hafi þennan rekstur með höndum; hins vegar er ekki óeðlilegt, að ríkið hafi afskipti af þessum málum einmitt í sambandi við aukinn ferðamannastraum, sem verið er að beina til landsins, m. a. fyrir opinberar aðgerðir. Mjög víða um heim, m. a. á Norðurlöndum, er það föst regla, að ríkið reki fyrirtæki eins og t. d. járnbrautir og eigi gistihús, sem eru rekin í sambandi við þær, og það þykir skylda, að hið opinbera, sem annast samgöngur og samgöngutækin, sjái um, að þeir, sem ferðast með þeim, geti fengið húsaskjól. Ríkið hefur nú rekizt í því, að hér verði reist gistihús, enda er það ekkert einsdæmi, að hið opinbera styrki hótel hér á landi. Hv. 10. landsk. hlýtur að vera kunnugt um þetta. Hér er því eigi farið inn á nýjar brautir, heldur tekin upp fyrirgreiðsla, er tíðkast annars staðar og þykir sjálfsögð. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að teygja frekar úr umr. Vildi ég aðeins svara fyrirspurninni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið. Það hélt ég, að hæstv. ráðh. mundi vel vita um þetta. Því spurði ég. Ég gerði ráð fyrir, að hann mundi athuga málið frá öllum hliðum. Hér situr nú formaður nýbyggingarráðs, sem ekki var við, þegar ég spurði. Það ætti að vera búið að gera þá áætlun, er ég spurði eftir um innflutning byggingarefnis, og vonandi svarar hann þá nú. En nú upplýsir hæstv. félmrh. annað: „Þetta er bara heimild," segir hann. Til þess að skyggja eigi á hæstv. forsrh. fór svo hæstv. ráðh. að gera ráð fyrir, að fólksekla kæmi til, svo að ekki yrði hægt vegna hennar að byggja hótelið. Þá væri ekki um annað að ræða en fresta öllu og gera þetta einhvern tíma seinna. Aftur segir hæstv. dómsmrh., að það hljóti að verða að byggja. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að ekki fáist byggingarefni eða nóg fólk til þess að byggja fyrir það fé, er veitt

hefur verið í fjárl. til hótelsins. Síðan segir hæstv. félmrh., að það verði bara að fresta málinu vegna þess, að efni vanti. Hæstv. forsrh. sagði, að ekki mundi fást fólk á einn togara í viðbót. Er því sýnt, að allt ber að sama brunni með þetta frv. Það er ekkert meint með því, enda ekkert nema látalæti, og mun ég því ekki styðja stj. í þessum skrípaleik.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það er varla hægt að ætlast til þess, að svara eigi hv. 2. þm. N.-M. En af því, að hann er með rangar ályktanir, þá ítreka ég, að það er ákaflega fjarri lagi, að hægt sé að krefjast þess af nýbyggingarráði, sem hann talaði um. Vitanlega er hægt að semja áætlun um, hvað æskilegt sé, en ég held, að engum detti hitt í hug nema hv. 2. þm. N.-M.

Þá sagði þessi hv. þm., að verið væri að flytja þetta frv. sem einhverja dulu til að flagga með, þannig að fresta yrði einhverjum opinberum byggingum, ef skortur yrði á byggingarefni og verkafólki. Hins vegar — auk þess að ekkert er líklegra en hið opinbera verði að fresta ýmsum byggingum, — er vitanlega um hreinar getsakir gersamlega að tilefnislausu að ræða hjá hv. 2. þm. N.-M., þar eð ekkert verður um þessi mál sagt þegar í stað. Bygging slíks hótels sem þess, er hér um ræðir, þarf langan undirbúning. Sennilega mundi taka tíma allt til áramóta að útvega uppdrætti og þess háttar. Eru því litlar líkur til, að hægt verði að byrja á verkinu fyrr en eftir áramót. Mér hefur verið tjáð af þeim manni, sem teiknað hefur flestar af opinberum stórbyggingum okkar, að ársverk væri það a. m. k. að undirbúa teikningar og uppdrætti að slíku húsi sem Akureyrarspítala, og þó verður þetta hótel líklega enn stærra. Mér þykir líklegt, að undirbúningnum verði eigi lokið fyrr en um áramót, jafnvel þótt málið fái stuðning ekki alllítinn.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. S.-M. gerir stutta aths.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi bara koma því fram, að mér finnst hv. 2. landsk. vera særður yfir því, er ég sagði um daginn. Ég tek það fram, að þá þykir mér leiðinlegt, ef svo er. Ég mundi ekki í svipinn, hvar hv. þm. var í röðinni. — Sízt af öllu er það ætlun mín að gera mönnum til óvirðingar að ósekju. Kemur aðeins fyrir, að ég man ekki, hvar þeir eru í röð.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. S.-M. felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, BK, EystJ, HelgJ, PZ, PÞ, SÞ, SkG.

nei: ÞB, ÁkJ, EOl, FJ, HB, JJós, JörB, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, BG.

GSv, JS greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÁ, BÁ, EmJ, GÞ, GTh, IngJ, JPálm, ÓTh, PO, SB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15:5 atkv.

Brtt. 500 tekin aftur til 3. umr.

2.—6. gr. samþ. með 15:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:6 atkv.

Á 84. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 417, 500).

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. — Það er sjálfsagt þarft mál að koma upp gistihúsi í Reykjavík og mun hafa hlotið nokkurn undirbúning, eins og lýst er í grg. og heyra mátti á ræðu hæstv. samgmrh. Það, sem ég hef við þetta frv. að athuga, er ákvæði í 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður einn takist á hendur rekstur þessa gistihúss. Að vísu eru opnar fleiri leiðir samkv. gr., eða að það verði rekið í félagi við þá aðila, sem verða þátttakendur í að reisa húsið, og enn fremur er sú leið opin að leigja húsið, ef það þykir hentugra. Ég hefði kunnað því betur, að þetta gistihús yrði rekið af þeim aðilum, sem standa að byggingu þess, en jafnframt væri gerð sú undantekning, að leigja mætti húsið, ef sá aðili fyndist, sem vildi taka að sér rekstur þess og treysta mætti til slíks verks. Ég hef hugsað mér að bera fram skriflega brtt. hér að lútandi. Er hún umorðun á 3. gr. frv. og hljóðar svo:

„Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentugra þykir, má þó leigja húsið til gistihúshalds."

Þannig tel ég, að eðlilegt sé, að þessi grein sé orðuð. Ég álít, að æskilegast hefði verið, að ríkissjóður hefði ekki þurft að skipta sér af byggingu slíks gistihúss, heldur að einstaklingar hefðu tekizt slíkt á hendur. En úr því sú leið virðist ekki fær, tel ég sjálfsagt, að þeir aðilar, sem reisa húsið, reki það einnig. — Ég leyfi mér svo að leggja þessa skrifl. brtt. fyrir hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj 540) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að minnast á skriflega brtt. frá hv. þm. Borgf. Brtt. er við 3. gr. frv., og er þar ráð fyrir gert, að húsið sé rekið með aðstoð þeirra, sem leggja fram fé í það, og megi leigja það einstaklingum, en numin sé úr gildi heimild fyrir ríkisstj. til þess að reka það fyrir eigin reikning.

Ég tel rétt að hafa þessa heimild, ef slíkt millibilsástand kæmi, að ríkisstj. þyrfti að taka við rekstrinum. Ég legg því til, að þessi brtt. verði felld.

Ég vildi aðeins segja það í sambandi við brtt. hv. allshn. um að fella burt 5. gr. frv., að ég hef sjálfur gert grein fyrir andstöðu minni við brtt., en ég hef átt tal um hana við hv. 6. þm. Reykv., og sagði hann, að ég mætti hafa það eftir sér, að hann teldi það mikla skemmd á frv., ef þessi brtt. allshn. yrði samþ.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því,

hvers vegna meiri hl. allshn. vildi láta fella niður eignarnámsheimildina í 5. gr. Ég vil nú minnast á það, hvers vegna meiri hl. n. vill ekki hafa þessa heimild.

Það er að vísu svo, að í l. eru settar almennar eignarnámsheimildir, t. d. í vegal. Hins vegar er ekki fordæmi fyrir, að svona heimildir séu gefnar, er reisa á eitt hús, að taka megi hvaða eign sem er eignarnámi. Það er aðallega af principástæðum, að meiri hl. n. vill ekki leyfa svona ákaflega viðtæka eignarnámsheimild. En þegar einhver ákveðinn staður hefur verið valinn, þá vill meiri hl., að málið sé tekið til umr. En mælir á móti svona viðtækri heimild.

Ég hef ekki rætt um þetta mál við borgarstjórann í Reykjavík, en ummæli þau, er hæstv. samgmrh. hafði eftir honum, raska ekkert áliti meiri hl. n.

Ég vildi í þessu sambandi benda á aðra eignarnámsheimild, svipaða þessari, en það var um tunnuverksmiðjuna, og var hún felld í þessari hv. deild.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú í rauninni óþarfi að taka þetta aftur til umr. hér. En hv. þm. sagði það sama og hv. 2. þm. Eyf. hefur sagt hér áður um eignarnámsheimildina, að svona víðtæk heimild væri fordæmalaus. En það er fjarri því, að svo sé. Tilsvarandi heimildir eru í vegal., hafnarl. o. fl. Hins vegar hefði ég mjög óskað eftir því að geta nefnt hér einhverja ákveðna lóð, en það er bara því miður ekki hægt á þessu stigi málsins, hvaða lóð verður fyrir valinu.

Ég legg út af fyrir sig ekkert upp úr því, hvort þessi eignarnámsheimild verður samþ. eða ekki, ef það tefur ekki framgang málsins. Ef það veldur töfum á málinu, þykir mér verr af stað farið en heima setið. En það er alveg bráðnauðsynlegt að hraða málinu sem mest má verða, svo að hægt verði að byrja framkvæmdir þegar á þessu sumri. Þess vegna býst ég við, að ef þetta verður afgr. eins og meiri hl. hv. n. leggur til, þá verði ekki annars úrkosta en að bíða til næsta þings og bera fram frv. um heimild til eignarnáms þá, ef um eignarnám þarf að vera að ræða.

Ég vil svo lofa því fyrir mitt leyti, að að svo miklu leyti, sem til mín kemur, þá verði ekki gripið til þessarar eignarnámsheimildar þó veitt verði, nema öll ríkisstj. og hinir aðilarnir, sem hér er gert ráð fyrir, að taki þátt í þessari gistihúsbyggingu, sem eru Reykjavíkurbær og Eimskipafélag Íslands, séu sammála um það. Og ég er tilbúinn til alls samkomulags um málið, ef hægt væri að klæða þessa gr. í þann búning, sem hægt væri að fá samkomulag um. Ég er fús til alls samkomulags á þeim grundvelli, sem ekki verður til tafar málinu. Ef hv. frsm. n. telur, að það geti orðið samkomulag um þetta, teldi ég heppilegast, að hæstv. forseti vildi fresta málinu um einn dag, ef hv. frsm. n. teldi það hafa einhverja þýðingu.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af ummælum hæstv. samgmrh. vildi ég taka undir það, að málið sé nú tekið af dagskrá og að beðið sé með það einn eða tvo daga til þess að ná samkomulagi um þetta atriði.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 417, 500, 540).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til umr. síðast, varð það að samkomulagi við hv. frsm. allshn., að málinu yrði frestað og reynt, hvort ekki mundi vera unnt að fá samkomulag við n. út af brtt. hennar við 5. gr. En eins og þskj. 500 ber með sér, leggur meiri hl. n. til, að 5. gr. frv. verði felld niður. Nú hefur mér ekki tekizt að hafa samband við n. um þetta mál. En ég orðaði það hér við umr. síðast, hvort ekki mundi verða hægt að ná sama markmiði með því að umorða brtt. lítils háttar. Og hef ég því hugsað mér að bera hér fram skrifl. brtt. í samræmi við það, sem fer í þá átt, að þessi eignarnámsheimild verði ekki notuð nema því aðeins, að allir aðilar, sem að málinu standa, ríkisstj. í heild og aðrir aðilar, sem hafa bundizt samtökum um lausn málsins, séu sammála um, að þetta eignarnám fari fram. Það ætti að tryggja, að ekki yrði gripið til neinna örþrifaráða í þessu sambandi og að fyrirbyggt væri, að eignarnámsheimildinni yrði misbeitt. Ég vil því leyfa mér að leggja fram svo hljóðandi skrifl. brtt., að aftan við fyrri málsl. 5. gr. — en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki eftir því, sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota“ — komi: „enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram.“ — Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (BG): Hæstv. samgmrh. hefur lýst sinni skrifl. brtt. Hér þarf afbrigða við, sem ég vil leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 544) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. upplýsti hæstv. samgmrh., að hann gerði ráð fyrir, að fenginn yrði amerískur sérfræðingur til þess að gera teikningar og annað, sem að byggingu þessa gistihúss lýtur. Ég skal ekki fara frekar út í það. En í því sambandi hefur hér á hæstv. Alþ. oftar en einu sinni verið minnzt á útvarpshöllina fyrirhuguðu. Og í tilefni af því vildi ég fá upplýsingar um það, hvort sannur sé sá orðrómur, sem gengið hefur um bæinn, að þær frumteikningar, sem búið sé að gera í Ameríku að þessari útvarpshöll, muni kosta um 45 þús. dollara og sé þó ekki nærri lokið. Og vissa mun vera fengin fyrir því, að reynt hefur verið að fá 45 þús. dollara yfirfærslu til Ameríku, til þess að greiða fyrir teikningu af þessu húsi. Ef nú eitthvað svipað ætti sér stað um teikningar af þessu væntanlega hóteli, þá renna a. m. k. á mig tvær grímur um það, hvort ekki muni vera hægt að fá þær eins

góðar innan lands fyrir sama eða minna gjald en gefið er fyrir þær, þó að mikið sé í munni að fá þær frá Ameríku.

Í öðru lagi hef ég heyrt það frá umr. í hv. Ed., að sá hæstv. ráðh., sem flytur þetta frv., sem hér liggur fyrir, telji enga möguleika á því að samþ. svo kallaðan Austurveg, af því að enginn fólkskraftur sé í landinu til þess að vinna við þann veg, m. a. vegna þess, að menn fari á þá nýju togara, sem keyptir eru til landsins. Nú er ég ekki svo fróður, að ég geti gert samanburð á því, hve margir menn munu þurfa að vinna í Austurvegi, eftir þeim framlögum, sem til þess vegar hafa verið fyrirhuguð, og hve margir þurfi að vinna við þessa hótelbyggingu, ef það verður byggt. Það kann að koma eins út og þegar hæstv. forsrh. taldi, að til væri mannskapur á 30 togara, en enginn maður á þann 31. Nú er sá 31. kominn, og e. t. v. þarf hann þá að standa á þurru landi. Nú vil ég spyrja hæstv. samgmrh. um það, hvort það sé svo miklu meira vit í því fyrir þjóðina að byggja þetta hótel heldur en að framkvæma annað, að það eigi t. d. að sitja í fyrirrúmi um vinnukraft fyrir Austurvegi, sem ég held, að allir telji brýna nauðsyn á að framkvæma, — ekki bara fyrir erlenda menn, sem geta ekki verið nema á fínum hótelum og geta ekki verið á þeim hótelum, sem einstakir menn ætla að byggja hér á landi, — heldur fyrir alla landsmenn. Mér er tjáð, að í hv. Ed. hafi það verið ein aðalröksemd þeirra manna tveggja, sem þar lögðust á móti Austurvegi, að ekki mætti festa verkafólk í Austurvegi. Og þá spyr ég: Er þá frekar til vinnuafl í landinu til þess að festa það í hótelbyggingu en til þess að gera nýjan veg, sem alþjóð þarf á að halda?

Ég spurði hér um daginn viðvíkjandi innflutningi byggingarefnis til landsins og benti á það, að ef þetta hótel bætist við allar aðrar opinberar byggingar, sem fyrirhugað er að byggja, þá teldi ég vafasamt, að byggingarefni yrði til í allt, sem hæstv. atvmrh. ætlar að láta bygga og allir eru sammála um, að þarf að byggja. Ég hef athugað þetta ofurlítið síðan. Það munu, fyrir utan hótel þetta, vera fyrirhugaðar byggingar af hinu opinbera, sem mun kosta hátt upp í 40 millj. kr. að reisa með núverandi verði. Menn greinir nú nokkuð á um það, hve mikill hluti af byggingarkostnaðinum sé kostnaður við efniskaup. Fyrir verðbólguna var talið, að efnið væri helmingur og stundum 40% af byggingarkostnaðinum. Nú telja menn, að efnið kosti miklum mun minna en vinnan og jafnvel að hlutföllin hafi snúizt við. Við höfum í þessu efni sérstöðu, samanborið við önnur lönd, þar sem talið er, að efniskostnaður við byggingar hjá okkur muni vera 30—40% af öllum byggingarkostnaðinum, en hitt sé vinna. Líklega þarf því aldrei minna en fyrir 10 millj. kr. sement í þær opinberu byggingar, sem búið er að veita fé til í fjárl. Nú spyr ég: Veitir þá af því sementi, sem eftir er þá af sementsinnflutningnum, miðað við það, sem von er á, í byggingar yfir mannfólkið í landinu? Gerir hæstv. samgmrh. sér von um, að það fáist það mikið af sementi flutt til landsins, að hægt verði að byggja miklu meira á næstunni eða á þessu ári en þær byggingar, sem búið er að gera ráð fyrir á fjárl. og ekki mun þurfa minna sement til en fyrir 8—10 millj. kr., ef þær verða byggðar, að óbreyttu sementsverði?

Ég hefði haldið, að allt hnigi í þessu efni að því sama. Í fyrsta lagi, að nóg verkefni væru til í landinu, sem væri miklu þarfara að vinna að en að byggja þetta hótel. Og úr því að viðurkennt er, að ekki megi taka vinnukraft frá framleiðslunni til þess að leggja veg, sem allir eru þó sammála um, að nauðsynlegt sé að leggja, þá álít ég, að það sé því síður ástæða til að taka vinnukraft frá framleiðslunni til þess að byggja hótel. Og úr því að allir eru sammála um, að það vanti íbúðir fyrir hið starfandi fólk í landinu, þá hygg ég, að í öðru lagi beri það þá líka að sama brunni, að menn eigi þá að láta sementið, sem við getum fengið flutt til landsins, til þess að byggja það, sem við ekki þurfum að byggja, ganga til þess að byggja yfir fólkið, sem nú býr í bröggum og ónothæfum íbúðum öðrum, en ekki í lúxushótel fyrir útlendinga.

Þess vegna tel ég, að þetta frv. eigi ekki að samþykkja.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég sé nú mjög greinilega, að það er alvara hjá Framsfl. að reyna að setja fótinn fyrir þetta frv. Hv. 2. þm. S.-M. gerði tilraun til þess við 2. umr., og nú hefur hv. 2. þm. N.-M. gert slíkt hið sama, og skal ég ekki fara langt út í hans ræðu. Hún var meira af vilja en mætti flutt og langt og óhöndulega seilzt til raka í henni. Hv. 2. þm. N.-M. spurði, hvað kostað hefðu teikningar að útvarpshöll, sem á að byggja hér í Reykjavík. Ég veit það ekki. Það hefur aldrei komið til minna kasta kostnaður við þá teikningu, og mér er ókunnugt um, hvað hefur samizt um að greiða fyrir hana. Hitt veit ég, að þeir tveir sérfræðingar, sem samið hefur verið um, að kæmu hingað til þess að gera teikningu að hótelbyggingu, hafa verið ráðnir þannig til fararinnar, að þeir fái 500 dollara hvor og ferðakostnað, ef úr samningum verður ekki um, að þeir teikni þessa byggingu. Hins vegar ef úr verkinu verður og þeir teikna bygginguna, verður samið sérstaklega við þá. Þessir 500 dollarar eru rúmlega 3.000 kr., sem samið er að greiða hvorum manni auk ferðakostnaðar. En vitaskuld koma þar mjög mikið aðrar tölur til greina, ef þeim verður falið verkið.

Um hitt, hvað beri að gera og hvað beri ógert að láta á þessum tímum, skal ég ekki rökræða við hv. 2. þm. N.-M. Hann var að reyna að hafa eftir mér ummæli út af Austurvegi við umr. í hv. Ed. í gær og fór mjög skakkt með. Hann hafði það eftir mér, að ég hefði álitið, að ekkert fólk væri til til þess að vinna í veginum. En ég hafði alls ekki þau orð. Ég dró í efa, að hægt væri að vinna að þeim vegi með þeim hraða, sem frv. um það mál gerir ráð fyrir. Því að ef á að vinna með þeim hraða að því verki, sem frv. gerir ráð fyrir, þá þarf til þess 200—400 menn á ári, og ég efaðist um, að sá mannfjöldi væri fyrir hendi aflögu frá framleiðslustörfum, sem nauðsynlega þarf að vinna.

Það er rétt, að það má lengi deila um það, í

hvaða röð eigi að framkvæma þessi eða hin mannvirki. En ég held, að því verði slegið föstu, að þessi hótelbygging sé líkleg til að verða fyrsta undirstaða undir nýjum atvinnuvegi á Íslandi, sem geti ekki þrifizt á Íslandi, nema þetta hótel verði byggt. Og að setja fótinn fyrir þetta mál er að reyna að eyðileggja þann atvinnuveg um óákveðinn tíma. Það þýðir ekki að bjóða útlendingum hingað nema með því móti að hafa húsakynni til þess að bjóða þeim í, sem þeir vilja nota. Það þýðir ekkert að bjóða þeim lélegan aðbúnað eða lélegri en þeir vilja sætta sig við. Hitt væri þá betra, að þeir kæmu hingað alls ekki, heldur en að við fengjum orð fyrir kotungshátt fyrir að geta ekki tekið á móti þeim að þeirra óskum. Það er og vitað, að þau gistihús, sem til eru í landinu, eru yfirfull þegar af innlendum mönnum, af því að gistihúsin í landinu fullnægja ekki þörfinni. — Allt ber þetta því að sama brunni. Því aðeins getum við hugsað okkur að taka upp greiðasölu til erlendra ferðamanna á Íslandi, að eitthvað sé gert til þess að bæta úr gistihúsaskortinum. Og þetta frv. fer í þá átt. Vitanlega er ekki hægt að nota þann mannafla til annars á meðan, sem að því starfar að byggja þetta hús. En um það má alltaf teygja lopann, um hvaða verkefni sem er að ræða. Og ég hygg, að vandfundið muni vera það verkefni hér á landi, sem ekki megi segja um, að e. t. v. sé meiri ástæða frá einhverju sjónarmiði til að vinna að öðru í þann svipinn. En ég tel þessa gistihúsbyggingu eitt af þeim málum, sem bráðnauðsynlegt sé og aðkallandi að leysa á næstunni, og að ríkisstj. beri að fara út í þessar framkvæmdir á þann hátt, að það verði ekki til þess að standa fyrir öðru, sem við nánari athugun gæti talizt nauðsynlegt eða nauðsynlegra. Það get ég gengið inn á. En ég geri ekki heldur ráð fyrir, að málið verði rekið á þann hátt, að það verði látið ganga fyrir öðru, sem talizt geti nauðsynlegra. Ég sem sagt tel, að þessar aðfinnslur hv. 2. þm. N.-M. séu fram komnar meir af vilja en mætti og meir til þess að reyna að setja fótinn fyrir þetta mál en að það, sem hann tók fram, séu bein rök gegn framgangi þessa máls.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég var í þeim minni hl. allshn., sem vildi samþ. frv. þetta, sem hér liggur fyrir, óbreytt. Ég er í raun og veru sömu skoðunar um þetta enn þá, eins og ég var í n., að eðlilegt væri, að frv. væri samþ. óbreytt. Sjálfur var ég hvorki hræddur þá né heldur nú við 5. gr. frv. Enda hefur hæstv. samgmrh. bent á það, að þessi gr. á sér mörg fordæmi í íslenzkri löggjöf og að það muni ekki vera nein hætta á því, þegar það er það opinbera, sem á hér hlut að máli, eins og sjálft ríkið, og væntanlega líka höfuðstaður ríkisins og eitt af þeim stærstu félögum, sem hér eru á landinu, Eimskipafélag Íslands, sem er líka að nokkru leyti ríkisfyrirtæki, að þessir aðilar muni á nokkurn hátt misnota þá heimild, sem veitt væri um eignarnám með 5. gr. frv. Ég hefði því fyrir mitt leyti verið algerlega óhræddur við að láta frv. ganga óbreytt í gegn og verða að l. Hins vegar get ég líka samþ. þá brtt., sem hæstv. samgmrh. hefur nú borið fram, sem er viðauki við 5. gr. frv. efnislega, þar sem því er slegið föstu, sem í raun og veru hefði mátt ganga út frá sem sjálfsögðum hlut, sem er grundvöllur undir frv., að þeir aðilar, sem stæðu að byggingu þessa væntanlega hótels, væru um það sammála að beita eignarnámsheimildinni. Ég vildi þess vegna vænta þess, að þeirri einkennilegu hræðslu eða varhygð, sem komið hefur fram í umr. hjá sumum hv. þm. í sambandi við þessa eignarnámsheimild, ætti að vera rutt úr vegi með þessari brtt. hæstv. samgmrh.

Ég vil líka undirstrika það, sem hæstv. samgmrh. sagði, að hér er verið að gera ráðstafanir til þess, að hægt verði að einhverju leyti að leggja grundvöll að því að stunda nýjan atvinnurekstur á Íslandi, sem er bundinn við komu erlendra ferðamanna hingað til landsins. Frá náttúrunnar hendi höfum við hér á landi svo margt, sem auga útlendingsins girnist að sjá, ef aðeins væri hægt að koma því þannig fyrir að veita þeim útlendingum, sem til landsins koma, þann aðbúnað, sem þeir telja sér nauðsynlegan til þess að geta heimsótt landið, og það er síður en svo, að ferðamannastraumur og sá gjaldeyrisauki, sem stendur í sambandi við hann, sé hættulegur litlu landi. Við höfum séð, hvernig frændur vorir Norðmenn hafa hænt til sín stórkostlegan ferðamannastraum frá löndum víða um heim, og var þetta þýðingarmikill liður í þjóðarbúskap þeirra, áður en þeir voru herteknir. Sama má segja um mörg önnur lítil ríki, t. d. Sviss. Ég álít því, að hér sé verið að gera mjög þýðingarmikla tilraun af hæstv. ríkisstj. með því að reyna að beina framtaki hins opinbera, ríkis og höfuðstaðarins í samvinnu við Eimskipafélag Íslands h/f, að því að koma hér upp myndarlegu gistihúsi, sem gæti orðið til þess, þegar tímarnir verða aftur eðlilegir, að hingað beindist á næstunni verulegur ferðamannastraumur. Ég álít það byggt á misskilningi eða öðru verra að reyna að bregða fæti fyrir þetta mál, og vil ég mega vænta þess, að þeir, sem eru hræddir við ákvæði 5. gr. frv., geti nú sefað sinn ugg með brtt. hæstv. samgmrh., samþ. hana og eftir það greitt frv. brautargengi, en hinir aðrir, sem álíta það stefna í öfuga átt að koma upp myndarlegu gistihúsi í höfuðborg íslenzka lýðveldisins, þeir þjóna að sjálfsögðu sinni skoðun og greiða atkv. gegn þessu máli. Ég er sannfærður um, að þeim verður ekki snúið með neinum rökræðum hér í hv. d., en ég vildi þó láta þessi orð falla, af því að ég á sæti í allshn. Fyrir mitt leyti er ég ásáttur hv. 2. landsk. um það, að engin ástæða er til að fella niður 5. gr. frv., en er hins vegar fús til að samþ. brtt. hæstv. samgmrh., ef vera mætti með því, að menn yrðu óhræddari við að samþ. frv. þannig. En það tel ég merkilegt spor í nýsköpunarátt til þess að mæta þeim tímum, sem sérhvert sjálfstætt ríki verður að geta mætt nú á næstunni, og það er að geta tekið á móti erlendum ferðamönnum, bæði þeim, sem koma í skemmtanaskyni, og hinum, sem koma í atvinnuerindum, þannig að þeir útlendingar, sem sækja heim höfuðstað hins íslenzka lýðveldis, geti ekki borið okkur þá sögu, að hér sé varla

um að ræða ríki, sem geti borið fullveldisheitið með rentu.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, og brtt. hæstv. samgmrh. vil ég taka það skýrt fram, að ég treysti hæstv. ráðh. til þess að misnota ekki þá heimild, sem í frv. er, og skiptir það ekki miklu máli frá mínu sjónarmiði, hvort hann hafi þessa heimild á sinni hendi eða öll ríkisstj. Eins og ég tók fram áður, þá er hér frá sjónarmiði meiri hl. n. um „princip"mál að ræða, hvort veita eigi svo víðtæka eignarnámsheimild.

Hins vegar varð á fundi hér í gær samkomulag um að fresta umr. í hv. d. um þetta mál, þangað til hæstv. ráðh. og n. hefðu getað átt viðræður um það. Þær viðræður hafa ekki getað farið fram enn þá, og vildi ég því æskja þess, að því verði fram haldið, sem til stóð í gær, unz þær viðræður hafa getað farið fram, sem væntanlega verður nú á næstunni. Má ekki skoða það sem tilraun til þess að tefja málið, því að öll allshn. er sammála um nauðsyn þessa máls og telur enga hættu á því, að þetta verði því til trafala.

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Nd., 13. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 417, 500, 540, 544).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Síðan mál þetta var til umræðu í gær, hefur allshn. átt fund með hæstv. samgmrh. og rætt ágreining þann, er varð um 5. gr. frv. viðvíkjandi eignarnámsheimildinni. Hæstv. ráðh. skýrði svo frá, að í ráði væri að reisa gistihúsið á þríhyrningnum vestan tjarnarinnar, milli Skothúsvegar og Tjarnargötu, og féllst n. á að veita eignarnámsheimild fyrir lóð á þessum stað og ákvað að flytja brtt. þar að lútandi, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi undir gistihúsið og því til afnota lóðir, hús og mannvirki á landsvæði í krika þeim vestan tjarnarinnar í Reykjavík, er takmarkast af tjörninni, Tjarnargötu og Skothúsvegi, ef samkomulag næst ekki um kaup. Fer þá um eignarnámið eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917."

Hæstv. ráðh. skýrði einnig frá því, að hugsanlegt væri, að breyting yrði á staðarvali, þar eð von væri á sérfræðingi frá Ameríku til að gera tillögur um fyrirkomulag hússins. Ef annar staður yrði fyrir valinu og ekki næðist samkomulag um kaup á lóð, vill n. lýsa því yfir, að hún vill styðja að því, að eignarnámsheimild verði veitt á því landi, sem valið yrði. Ég vil svo vænta þess, að allar deilur um 5. gr. séu leystar með þessari brtt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eins og hv. þm. Snæf. hefur nú skýrt frá, hefur náðst samkomulag milli mín og hv. n. um 5. gr. frv. Það er að vísu svo, að sá staður, sem getið er, er ekki fyllilega ákveðinn, og endanleg ákvörðun um, hvar gistihúsið skuli standa, verður ekki tekin, fyrr en nefndur sérfræðingur kemur og hefur gert sínar tillögur. En þar sem hv. n. var ófáanleg til að veita ótakmarkaða eignarnámsheimild, þá sætti ég mig við þessa afgreiðslu. Ef hins vegar Alþ. verður slitið, áður en gengið verður frá staðarvalinu, og það kemur í ljós, að annar staður er heppilegri, þá hygg ég, að ekki verði komizt hjá að setja bráðabirgðalög um eignarnám á þeim stað. Ég mun þá taka mína brtt. til baka, ef þessi verður samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 546) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls, var uppi nokkur kurr út af hinu óvenjulega ákvæði í 5. gr. frv., að nú skyldi hverfa að því, sem ekki á sér nokkurt fordæmi eða stað í l., en það er hin ótakmarkaða eignarnámsheimild. Þegar hv. allshn. fjallaði um málið, kom og fram, að hún gat ekki fallizt á 5. gr. eins og hún var. En það, sem farið er fram á, er, að hér í þessum bæ megi taka lóðir og hús, þar sem henta þykir, til að reisa þar gistihús. — Nú hefur fleira fram komið í þessu máli, sem hv. n. virðist ekki hafa athugað, en það er, hvort hér er ekki verið að reisa hús, svo stór og vel búin, að nægja mættu öllum fyrirmönnum. Ég spurði um þetta við 2. umr. málsins, og hét þá formaður n. að athuga þetta.

Þá verð ég að lýsa undrun minni yfir meðferð hv. allshn. á þessu máli. Raunar má þykja skiljanlegt, að óhægt sé að standast kröfur hæstv. ráðh. í þessu máli og að þeir, sem styðja vilja stj., leiti vegar að verða að vilja hæstv. ráðh. Áður hafði hér fram komið brtt. frá hæstv. ráðh., sem var fullkomlega út í hött. Þessi brtt., sem nú liggur fyrir, er uppsuða úr þeirri till. og er á þá lund, að eignarnámsheimildin er bundin við ákveðinn stað. Nú þótt hér sé um einsdæmi að ræða að veita slíka heimild, þá munu sumir kunna að segja, að gott sé, að borgararnir finni, hversu tryggir þeir eru gagnvart valdhöfunum. En nú hefur þessu til viðbótar hv. frsm. n. heitið því fyrir hönd n. að mæla með eignarnámsheimild hvar sem vera skal, ef þessi tiltekni staður verður ekki valinn. Hér er vitanlega um alls kostar óvenjulega og óhæfilega aðferð að ræða, að ein þingnefnd geti fyrirfram heitið fylgi sínu við nokkurt mál. Þrátt fyrir allt þetta er þessi brtt. þó bót frá því, sem var, og án þeirrar viðbótar, sem hv. frsm. gerði, er hún ekki verri en við mátti búast.

En eftir er þó þetta, sem er grundvöllurinn undir því öllu saman, að hér sé almenningsheill til staðar, og það er vitanlegt, að það er Alþ., sem verður að skera úr því í hvert sinn. Og hæpið finnst mér að gefa það fordæmi, að þetta sé almenningsheill í þessu tilfelli, þrátt fyrir það, að margt má færa því til sérlegra málsbóta að ráðast í þetta. En þá er þetta eftir: Er ekki hægt að snúa því upp í það, að hver og einn, sem vill byggja hótel fyrir útlenda eða innlenda, hann geti fengið eignarnámsheimild á lóð undir bygginguna? Það er enginn eðlismunur á því, hvort ríkisstj. sem slík stendur að þessu eða einstakur aðili vill framkvæma þessa almenningsheill, en þykist ekki geta það nema með því að fá aðstoð löggjafans til þess að taka annarra

eign, því að það er hreinn misskilningur, að stjórnlögin séu fyrir ríkið. Stjórnlögin eru fyrir borgarana, þeim til verndar, en ekki fyrir ríkið, þar sem um vernd er að ræða. Ríkið er þar ekki rétthærri aðili, þegar metið er, hvort almenningsheill er fyrir hendi.

Þetta allt vildi ég benda á. Að öðru leyti mun ég láta málið afskiptalaust, en þessi atriði eru og verða þung á metunum, ef þau verða gerð að l. og framkvæmd.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það hefur verið minnzt á það í þessum umr. og mjög á loft haldið, að með byggingu nýtízku gistihúss væri verið að leggja undirstöðu að nýjum og þýðingarmiklum atvinnuvegi landsmanna og mætti því líta á slíka byggingarframkvæmd sem lið í nýsköpuninni. En ég vil benda á, að ef þetta á að verða undirstaða að nýjum atvinnuvegi, þyrfti einnig að koma því til leiðar, að hæfileg gistihús rísi víðar upp og ekki síður í sveitum en við sjó. Það er líka rétt, sem fram hefur komið í þessum umr., að þetta er matsatriði, hvort hér sé svo brýn nauðsyn á ferðinni, að að þessu eigi að vinda bráðan bug nú þegar, eða hvort ekki séu aðrar þarfir, sem enn brýnni nauðsyn sé að leysa. Ég fer ekki meira út í það. Þetta verður að sjálfsögðu metið af hæstv. ríkisstj., þó að hún fái þá heimild, sem hér á að lögfesta.

En það er í tilefni af hinum mjög svo furðulega eltingaleik, sem meiri hl. allshn. hefur háð við 5. gr. frv., *sem ég hef kvatt mér hljóðs.* Samkv. 5. gr. á að gefa stj. heimild til að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki eftir því, sem hún telur þörf, undir þetta fyrirhugaða gistihús. Í mínum augum er þetta sjálfsögð og eðlileg heimild. Ég skal ekki elta ólarnar við hv. 10. landsk. eða aðra, sem hafa á því aðrar skoðanir prinsipielt, ef ég má nota það útlenda orð. Ég vil sérstaklega benda á, að nú er svo komið, að allshn. leggur til, að heimildin til eignarnáms verði miðuð við ákveðinn stað, sem sé það svæði, sem takmarkast af Skothúsvegi, Tjarnargötu og Reykjavíkurtjörn, og meira en það, hv. frsm. n. segir, að n. vilji stuðla að því, að *sams konar heimild fáist fyrir aðra staði,* ef það telst hentugra að reisa þessa byggingu annars staðar. Hvað er þá hér á ferðinni? Raunverulega ekkert annað en það, að n. lýsir yfir, að hún treysti ekki hæstv. stj. til þess að velja stað fyrir þessa byggingu, svo að við hæfi sé. Mér virðist, að það eitt, sem n. fer fram á, sé að fá að segja sitt orð um, hvaða staður sé valinn, hversu stórt land sé valið og hversu miklar eignir séu keyptar. Í tilefni af þessu vil ég benda á, að þessi n. hefur nú komið auga á ákveðinn stað, sem ég hef áður nefnt. Það er rétt, þetta er glæsilegur staður, vel í sveit settur, og ég hygg, að hann muni uppfylla mjög margar þær kröfur, sem gera ber til slíks staðar. En hinu má þó ekki gleyma í þessu sambandi, að á þessum stað stendur nú eitt af sjúkrahúsum bæjarins, og bæinn og landið vantar nú stórkostlega sjúkrahús. Á þessum sama stað stendur eitt af barnahælum bæjarins, og bæinn vantar barnahæli í mjög stórum stíl. Á þessum sama stað eru allt að tvö íbúðarhús og auk þess stórt gamalt íshús, sem nú er frystihús, sem er að vísu bygging, sem þarf að hverfa af þessum stað hið allra fyrsta. Við getum því sagt, að það sé síður en svo vandkvæðalaust að taka þennan stað. Það er síður en svo vandkvæðalaust að ætla að útrýma einu af sjúkrahúsum bæjarins, þótt lítið sé, og einu stærsta barnaheimili bæjarins. Ég verð að lýsa því yfir, að ég tel ekki líkur til, að hæstv. *ríkisstj. mundi fara fram á að fá stað innan* bæjar fyrir gistihús, sem af hlytust meiri vandkvæði fyrir borgina en þessum. (*PZ:* Ríkisstj. hefur bent á þennan stað). Það er rétt, sem einn þann, er kæmi til greina, en úr því að n. fellst á að mæla með eignarnámsheimild fyrir þann stað, sem er svona miklum annmörkum búinn, þá finnst mér, að hún gæti eins fallizt á að gefa enn þá víðari heimild, sem í gr. felst.

Ég mun svo ekki orðlengja um þetta miklu meira. Ég vil aðeins benda á þessa staðreynd og lýsi yfir, að ég mun greiða atkv. gegn þeim brtt., sem hafa komið fram við 5. gr. Ég álít hana góða og eðlilega eins og hún er og treysti hæstv. stj. til þess að misnota hana á engan hátt.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Það, að ég kvaddi mér hljóðs nú, er vegna orða, sem féllu frá hv. 10. landsk., sem var áframhald af því, að við fyrri umr. þessa máls vakti hann máls á því hér í d., að svo kynni að vera, að nokkrir menn hefðu hug á því að mynda hlutafélag og reisa hér mjög stórt gistihús í bænum á *tilgreindum stað, og orðaði, hvort ekki væri* ástæða til fyrir n. að rannsaka þetta nánar. Ég sagði, af því að hv. frsm. var ekki staddur í d., að rétt væri, úr því að þetta mál væri komið inn í þ., að athuga þetta frekar. N. hefur að vísu ekki talað við þessa menn, en þessir menn, sem hér er átt við, munu nokkrum sinnum hafa átt tal við hæstv. ríkisstj., og samgmrh. hefur sagt mér og leyft mér að hafa það eftir, að þessum mönnum hafi verið boðin þátttaka í hinu nýja fyrirhugaða gistihúsi, sem hæstv. ríkisstj. o. fl. ætla að reisa, og þessir menn hafi ekki tekið ólíklega í að verða meðeigendur að slíku gistihúsi, en þó með nokkrum skilyrðum, þar á meðal, *hvar húsið væri reist.* Að þessum upplýsingum fengnum frá hæstv. ráðh. tel ég, að allshn. geti ekki frekar rannsakað þetta mál, auk þess sem mér virðist, að ef þessir menn hafa hugsað sér að fá allshn. til að beita eitthvað áhrifum sínum í þessu máli, þá hefði verið fyrst og fremst þeirra að tala við okkur, en ég geri ráð fyrir, að þeir hafi talið það óþarft og þess vegna hafi þeir snúið sér til hæstv. stj., sem ég tel líka vera rétt.

Að öðru leyti skal ég ekki frekar en ég gerði við 2. umr. fara inn á frv., en afstaða meiri hl. n. var þá skýrð, og ég held, að meiri hl. n. og hv. 10. landsk. hafi í öllum verulegum atriðum verið sammála um skilning á þessu, þó að ég sé hins vegar þeirrar skoðunar, að þegar búið er að breyta frv. í þá átt, sem nú er fyrirhugað, að veita eignarnámsheimild fyrir ákveðinn landskika og hús, sem á þeim landskika standa, þá að sjálfsögðu líti málið allt öðruvísi út en ef gefin er heimild til að taka hvaða land sem er

og hvaða hús sem er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Ég held, að á þessu sé mikill meginmunur. Og þó að n. hafi sagt, eins og hv. frsm. tók fram, að n. mundi mæla með eignarnámsheimild á öðrum ákveðnum lóðum, ef þetta svæði yrði ekki tekið fyrir gistihúsbygginguna, þá er samt sem áður sá munur á, að í hverju einstöku tilfelli er um ákveðið land að ræða hjá n. og Alþ., þannig að ef þ. kæmist að þeirri niðurstöðu, að eignarnám væri ekki réttlætanlegt, af því að um almenningsheill væri ekki að ræða, þá mundi þingið neita um slíka eignarnámsheimild. Þetta er mjög mikil prinsipiel breyting frá því, sem er nú í frvgr., en verði hún samþ., þá tel ég ekki lengra gengið en gert hefur verið margsinnis áður.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég spurði hæstv. ráðh. að því í gær, hvað satt væri í því, sem almennt væri orðað í bænum, að beðið hefði verið um yfirfærslu á 45 þús. $ handa manni, sem hefði starfað að undirbúningi undir byggingu útvarpshallarinnar. Nú er sólarhringur síðan, og mig langar til að heyra, hvað hæstv. ráðh. veit um þetta, því að ég veit með sanni, að það hefur verið beðið um þetta. (*Samgmrh.:* Þá þarf hv. þm. ekki að spyrja.) Það er búið að teikna frumteikningarnar og steypa eitthvert líkan, og hvað á svo framhaldið að kosta?

Þá langar mig til að benda á, að nú er talað um ákveðið land, sem eigi að taka eignarnámi, og er búið að lýsa því, hvernig ástatt er um það land. Mér skilst, að það verði ekki byggt á því svæði nema rífa húsin, sem eru þar fyrir. Nú vil ég benda á, að í l. nr. 39 7. apríl 1943 er bannað að rífa hús nema sett séu upp í þeirra stað hús fyrir það fólk, þann atvinnurekstur og aðra starfsemi, sem hefur átt sér stað í þeim húsum, sem rifin eru. Mér skilst því, að um leið og hæstv. stj. verður gefin heimild til að rífa hús á þessum stað og byggja hótel, verði að gefa henni heimild til að byggja hús yfir það fólk, sem þarna býr, og yfir þann atvinnurekstur sem þarna á sér stað, annars eru l. ekki framkvæmanleg, því að það er gagnslaust fyrir stj. að fá samþ. l., sem brjóta í bág við önnur l. Ég hygg því, að allshn. þurfi enn að fá málinu frestað til þess að útvega hæstv. stj. heimild til að byggja sjúkrahús, barnaheimili og íbúðarhús í staðinn fyrir þessi hús, sem þarna eru, þar sem hótelið á að rísa upp.

Þá vil ég enn fremur benda á það, sem þarf ekki að benda á, en komið hefur fram í umr., að svo fast hefur hæstv. stj. sótt að fá að verða þátttakandi í þessum rekstri eftir ræðu hv. frsm., að hún hefur reynt að innbyrða félagsskap, sem ætlaði að stofna til gistihússrekstrar, af því að hana langaði sjálfa svo mikið til að reisa gistihúsið, og nú ætlar hún að ganga að einhverjum skilyrðum til þess að fá þá inn í félagsskap með stj. Öðruvísi mér áður brá með suma menn í stj. hvað snertir ríkisrekstur, það hefði einhvern tíma þótt skrýtið, að þeir skuli nú leyfa sér að stíga á framtak einstaklinga til að byggja gistihús, til þess að hægt sé að koma þar á ríkisrekstri.

Forseti (BG): (Hringir). Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þegar þrjú horn í d. eru farin að hvíslast á, þá hringi ég.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Mér sýnist þessi deila út af 5. gr. tiltölulega lítils virði, því að það er vitað, að þó að það sé orðað svona almennt, þá er engin hætta á, að farið verði að nota það víðtækara en nauðsyn krefur til að fá nægilega lóð undir húsið. Það er reynsla, þegar eignarnámi er beitt, að þá hafa matsmenn farið óhæfilega hátt með matið og langt fram yfir það, sem hefur verið hægt að kaupa eignirnar, og hefur hæstiréttur gengið þar talsvert á undan. Það gerir því enginn að gamni sínu að beita eignarnámsheimild fram yfir það, sem nauðsyn ber til.

Þá er annað atriði, sem hefur ekki verið dregið inn í umr. nema að litlu leyti, að mér finnst ákaflega hæpið að setja l. sérstaklega um það, að byggja skuli gistihús í Reykjavík. Það er alveg ómótmælanlega mikil þörf fyrir gistihús, og það gæti orðið allmikill atvinnuvegur fyrir landsmenn, ef Ísland gæti orðið ferðamannaland. Hér er margt, sem útlendingar munu telja markvert að sjá, og má búast við, að mikill ferðamannastraumur verði nú til landa, sem hafa eitthvað upp á að bjóða, og er þá nauðsynlegt fyrir okkur að geta tekið á móti því aðstreymi. En þá er ekki nóg fyrir okkur að hafa gistihús í Reykjavík, þó að það sé óhjákvæmileg nauðsyn. Það er alveg eins nauðsynlegt að koma upp gistihúsum á öðrum stöðum, sem sérstaklega eru til þess fallnir, að menn vilji leita þangað til að skoða sig um. Ég er sannfærður um, að það væri ákaflega æskilegt, að gistihús væri reist á Þingvöllum og fleiri stöðum, jafnvel uppi á öræfum. Ef ríkið fer af stað með gistihúsasmíði, þá væri nauðsynlegt, að það ætti sér stað á fleiri stöðum, eins og t. d. á Akureyri, þar sem gistihúsaekla er. Það er greinilegur ferðamannastraumur um Akureyri, og í seinni tíð hafa komið þar þúsundir Íslendinga, bæði karla og kvenna, á ferð sinni um landið. Ég tel þess vegna, að þetta frv. sé allt of þröngt. Ég hefði talið langréttast, að það hefði verið gefin heimild fyrir stj. til þess að stuðla að gistihúsabyggingum almennt í landinu og láta hana hafa ákveðna lántökuheimild til þess að koma upp gistihúsum þar, sem nauðsynlegast er. En þegar um það er að ræða, hvar gistihús eigi að standa, þá býst ég við, að þar þurfi að kveðja fagmenn til, ekki eingöngu arkitekta, heldur líka kunnáttumenn í gistihúsarekstri, og ráðfæra sig við fræðimenn á því sviði erlendis. Ég álít því rétt að hafa þetta almenn heimildarlög.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að engin ástæða sé til, að ríkið sé að hlaupa í kapp við einstaklinga, sem vilja koma upp gistihúsum, heldur þvert á móti stuðla að því, að þeir komi þeim upp, en ríkið ráðist í byggingar á þeim stöðum, þar sem það verður annars ekki gert. Ég hef ekki hugsað mér að flytja brtt. um þetta, en ég fyrir mitt leyti kann ekki við, að l. séu eingöngu um gistihús í Reykjavík, því að það eitt að byggja gistihús í Reykjavík leysir ekki þann vanda, að landið sé við því búið að taka við

ferðamannastraum, því að þeir vilja fara víðar en til Reykjavíkur. Við getum ekki vænzt, að ferðamannaheimsóknir til Íslands verði nokkur þáttur í atvinnulífi okkar, meðan við byggjum ekki gistihús nema í Reykjavík. Ég held því, að það væri hyggilegt að gera breyt. á frv. á þann hátt, að þetta yrðu almenn heimildarl., og í því efni tel ég, að rétt væri að kjósa eða skipa sérstaklega n. sérfræðinga í þessu máli til að úrskurða um staðsetningu gistihúsa og hversu stór þau skuli vera o. s. frv., vegna þess að það er ekki á færi annarra en sérfræðinga, og eins hvar byggja skuli í landinu.

Ég vildi ekki láta þetta mál ganga svo fram, að þetta kæmi ekki fram. Hæstv. samgmrh. var gefin heimild til að leggja fram í þinginu frv. um þetta efni, en hann bar það ekki undir alla stj., a. m. k. ekki mig, því að þá hefði ég gert við þetta aths.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að mér komu aths. hæstv. atvmrh. dálítið undarlega fyrir, og hann hefði sjálfsagt getað sparað sér sumar þessar aths., ef hann hefði verið við umr., því að það hefur verið sýnt rækilega fram á muninn á þessu frv. og því, að ef til vill þyrfti að gera ráð fyrir, að ráðast þyrfti í gistihúsabyggingar almennt, en það mál er óskylt þessu og ekki ástæða til að blanda því saman. Það mundi hann sjá sjálfur, ef hann hefði fylgzt með í umr. Ég vil enn fremur taka fram, að málið var lagt fyrir stj. og þar samþ. að bera fram frv. um gistihúsbyggingu. Þar var hann viðstaddur og gerði ekki aths.

Að öðru leyti skal ég ekki fara langt út í það, sem fram hefur komið. Það gefur mér ekki tilefni til þess. Ég vil aðeins segja það út af ræðu hv. 2. þm. N.-M., að hún var ákaflega merkilegt dæmi um það, hvað langt er seilzt um hurð til lokunnar, þegar hann telur, að það sé ekki nóg að setja inn í þetta frv. heimild um eignarnám, heldur einnig heimild um að byggja hús í staðinn fyrir önnur, sem þar eru nú, af því að í eldri l. sé bannað að rífa hús, nema önnur hús séu byggð til sömu nota í þeirra stað. Það sjá allir, hvílík reginfjarstæða þetta er, að ný l. eigi að víkja fyrir gömlum, því að vitanlega er það svo, að ef ný l. eru sett, þá verða þau gömlu að víkja.

Þá spurði hv. þm. um kostnað við byggingu útvarpshallarinnar samtímis því, sem hann skýrði frá, hver kostnaðurinn hefði verið. Ég tel óþarft að vera að gefa honum skýringu, fyrst hann veit það svo vel sjálfur, en í öðru lagi vil ég lýsa yfir, að mér er alls ókunnugt um, hvað það hefur kostað, og hef enga „interessu" fyrir að vita það.

Hv. 8. þm. Reykv. bar mjög fyrir brjósti sjúkrahúsið og barnaheimilið, sem þyrfti að rýma til að koma gistihúsinu fyrir. Nú er mér tjáð, að sjúkrahúsið verði þarna ekki miklu lengur, því að búið sé að segja húsnæðinu upp. Þá er það barnaheimilið eitt, sem þarf að sjá fyrir, og er það auðvitað sjálfsagt, og hygg ég, að það sé skynsamlegt að flytja barnaheimilið, því að ég efast um, að þetta sé heppilegur staður fyrir það.

Þótt samkomulag hafi ekki náðst við meiri hl. allshn., vil ég samt mælast til þess, að brtt. n. verði samþ., til þess að málinu sé ekki stofnað í tvísýnu. Ég tel málinu betur borgið með viðaukanum við 5. gr. á þskj. 544. Ég vil eindregið hvetja alla þá, sem vilja framgang þessa máls, að samþykkja brtt.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég mun ekki deila við hv. formann allshn. um þær krókaleiðir, sem sú n. hefur valið sér. Það sér hver maður, að ef tillögur hennar verða lögfestar, þá er heimild til þess að taka eignarnámi ekki einu sinni visst svæði í bænum, heldur virðist vera leyfilegt að taka þannig staði eða hverfi eignarnámi koll af kolli, eftir því sem þurfa þykir. Ef þessi staður þykir ekki hentugur, þá er hægt að taka annað, og þannig er hægt að horna allan bæinn. Þetta er algerlega óþekkt, að n. gefi vilyrði fyrir því, að hægt sé að taka eignarnámi hina og þessa staði. Það er ekki víst, að þessi n. lifi svo lengi, að hún geti staðið við öll þau loforð, sem hún gefur. — Það virðist hafa komið inn misskilningur hjá n. varðandi fyrirspurn mína, hvort aðrir aðilar væru ekki að verki, — sem sé hvort fjársterkir aðilar væru ekki að hefja undirbúning gistihúsbyggingar hér í bænum. Þessi n. virðist lítið hafa kannað það, þótt ég héldi, að henni væri skylt að rannsaka allt, er snerti málið. Það þurfti meira að segja ákveðna ósk til að fá n. til að athuga þann möguleika að fá fleiri aðila að verkinu.

Þá kem ég að því, að n. tók allt annað sjónarmið en ég átti við. Ég mæli hér ekki fyrir hönd þeirra, sem ætla að reisa hér gistihús, heldur af hálfu ríkisins og hins opinbera. Þarf ríkið að ráðast í að leysa þennan vanda með því að leggja fram 5 millj. kr.? Nú er það einnig komið fram, að það er ekki eindregið samkomulag ríkisstj. á þessum vettvangi að afgreiða málið. Það er lítt hirt um að fá aðra aðila til þess að vera með, heldur á að taka ráðin af þessum mönnum. Ég vil fría ríkið við að reisa þetta gistihús, því að tilgangur getur varla verið sá, að ríkið reisi endilega gistihús, heldur að það verði reist gistihús. Hér virðist tilgangurinn helga meðalið, og ef það er svo, þá ætti ekki að vera neitt eitur að beina málinu inn á aðrar brautir, án þess að gripið sé til örþrifaráða. Skv. 1. gr. er ríkisstj. heimilað að verja 5 millj. kr. til byggingar hússins. Ég hygg, að nokkuð verði farið að skarðast úr þessum 5 millj. kr., þegar búið er að kaupa lóðir og lendur og bæta eigendunum tjón sitt upp og sjá því fólki svo fyrir íbúðum.

Það er ekki rétt, sem komið hefur fram, að öll ný lög, sem sett eru, afnemi hin eldri lög. Nýju lögin þurfa að fullnægja einhverjum tilgangi. Þótt lög séu sett um eignarnám, er ekki nóg, að þau bæti það tjón, sem eigandinn hlýtur, heldur verður og að fullnægja öllum öðrum lagaákvæðum. Það væri líka hart, ef hægt væri að reka menn burtu bótalaust, og það eru líka lög, sem banna það, og er þá ekki víst, að eignarnámið geti farið fram.

Hér talaði fyrir skömmu hæstv. atvmrh. og hefur víst hæstv. samgmrh. orðið eitthvað undrandi. Það kom á daginn, að það er alls ekki öll

ríkisstj., sem stendur óskipt í máli þessu. En það má vera, að innan ríkisstj. sé til meiri hluti um þetta mál, og hljóta þá sjálfstæðismenn að mynda hann ásamt Alþýðuflokksmönnum. Það er þá komið svo, að þeir, sem láta mest af því að vera verðir eignarréttarins, þeir standa þarna með, en ekki einu sinni þeir, sem maður hefði helzt búizt við, og á ég þar við sósialista. Það er aðeins 5. gr., sem þeir geta fellt sig vel við, og þó heyrðist mér á hæstv. atvmrh., að ríkisstj. ætti helzt að fá ótakmarkaða eignarnámsheimild. — Nú er sagt, að það eigi að gera landið að ferðamannalandi. Svo á fólkið að ferðast um landið og auka þannig atvinnu íbúanna. Það kemur hingað í flugvél og hefur e. t. v. örlitla viðdvöl í Reykjavík. En það verður að sjá þessu fólki farborða, sem ætlar að dveljast hér, og tæplega mun það láta sér nægja að vera í gistihúsinu í Reykjavík. En hvað er í hyggju að gera fyrir þetta fólk, sem vill ferðast hér um? Það er víst harla lítið, — hér virðist hafa verið tekin skökk pólhæð og flest vera illa undirbúið.

Nú tel ég, að ég hafi gert skyldu mína og bent á það, sem betur mætti fara, en ég held, að þeir, sem hér eru ákafastir um framgang málssins á þessum grundvelli, muni ekki hljóta hrós fyrir og að mál þetta eigi eftir að draga dilk á eftir sér, sem enn er ekki búið að flá.

Eysteinn Jónsson: Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að mér sýndist ekki hyggilegt né nauðsyn að leggja fram svo mikla fjárfúlgu, eins og ætlazt er til, þar sem ríkið hefði í nógu mörg önnur horn að líta hvað snertir fjárgreiðslur þess, — jafnvel þótt þetta sé kannske freistandi til að fá fjármagn frá öðrum til að reisa gistihúsið. Ég benti einnig á það, að ef ríkið legði inn á þessa braut, þá væri ekki vitað nema aðrir kæmu á eftir og vildu fá fé til gistihúsbyggingar þar, sem þörfin væri meiri, og er það vissulega víða. — Ég gat þess líka, að hvergi væri meira fé í höndum einstaklinga en hér í Reykjavík. Hæstv. samgmrh. vildi lítið taka undir þessi orð mín. En nú hefur það komið á daginn, að hæstv. atvmrh. hefur tekið í sama streng og ég, og þykir mér það vitanlega styrkja minn málstað. Þess vegna vil ég taka það fram, að ef farið verður með mál þetta eins og samgmrh. vill, þá yrði lagt í þetta gistihús fé, sem ríkið gæti vel komizt hjá, því að það virðist nú nokkurn veginn ljóst, að gistihús verður reist, þótt ríkið leggi ekki fram fé. Við vitum, að hér í Rvík eru margir aðilar, sem gjarnan vilja taka þátt í gistihúsbyggingu. Þar má t. d. nefna Eimskipafélagið, Reykjavíkurbæ og loks fjársterka einstaklinga. En nú er hafinn ákafur áróður fyrir því að koma ríkinu sem aðila inn í þennan félagsskap með því að láta það leggja fram nokkrar milljónir. Ég tel ekki rétt, að farið sé út á þessa braut, en ef menn vilja endilega, að ríkið liggi fé í gistihús, þá væri meira vit í að hafa það þannig almennt, að fé yrði lagt í gistihús þar, sem þörfin er mest, en fjármagn lítið. Mér þætti því líklegt, að það mætti færa þetta mál inn á skynsamlegri brautir, og vil mælast til þess við hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að fresta umr., ef vera mætti, að samkomulag næðist um einhverjar brtt. Það er ekki svo þægilegt að útbúa brtt. skriflega í hasti, en eftir því sem fleiri raddir hafa komið fram, virðist mér, að málið þurfi enn gaumgæfilegri athugun. Málið er þannig vaxið, að full ástæða er til að breyta því, og ég vona, að hæstv. samgmrh. geti sætt sig við það, að málið komist í það horf, að það stuðli sem mest að byggingu gistihúsa í landinu, enda veit ég, að það er fyrst og fremst tilgangur hæstv. samgmrh.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég tek hér til máls aðeins vegna þess, að hæstv. atvmrh. minntist á það, að það væri þörf á hóteli víðar en í Rvík, t. d. á Þingvöllum. Mér fannst, að það yrði misskilið, ef ég léti eins og ég heyrði það ekki, þar sem ég er einn af nm. Þingvallanefndarinnar. N. hefur lengi haft í huga að reyna að koma upp hóteli á Þingvöllum. Þess vegna sneri hún sér fyrir 3 árum til Alþingis til lausnar þessu vandamáli. Hún fékk heimild til þess að kaupa gistihúsið á Þingvöllum. En þegar til átti að taka, þá var okkur synjað um kaup á því, og þar við situr. En n. er ljóst í fyrsta lagi, að þarna er lítil von um ágóða á gistihúsrekstri, ef fyllstu kröfum er framfylgt, — og í öðru lagi, að þarna er mesti vandi að gæta sóma þjóðarinnar. Það er síður en svo, að n. hafi sofið á málinu, því að hún hefur einmitt haft það ríkt í huga og hefur reynt að fá aðila til að taka þátt í hótelkostnaði, t. d. ríkisstjórnina, bæjarstjórn Rvíkur og stjórn Eimskipafélagsins, og hvort ekki væri þá hægt að auka heimildina þannig, að hún næði einnig til Þingvalla. Ég skal játa það, að við getum ekki ætlað okkur svo stóra hluti að greiða úr allri gistihúsaþörf í landinu í einu. Þetta yrði því öllu fremur stefnan, sem mörkuð yrði. En við verðum að minnast þess, að Þingvellir eru sá staður, sem erlendir menn sækja fyrst til utan Reykjavíkur. En til þess að tefja ekki þetta mál, þá kom okkur nm. saman um að flytja ekki brtt., heldur að mælast til þess, að áðurnefndir aðilar athuguðu vinsamlega, hvað bezt verði að gera. Ef til mála kæmi að auka einhverju við með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, mætti þá koma því inn í frv. við umr. í Ed.

Ég ætla ekki að blanda mér frekar inn í umr. um þetta mál, en ætlast til, að þessi orð mín séu skoðuð sem greinargerð af hálfu Þingvallanefndarmanns.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér langt mál, en ég taldi það skyldu mína að standa upp, þar sem mér virtist kenna nokkurs misskilnings í ræðu hv. 10. landsk., og vera má, að það gæti gefið fleirum tilefni til misskilnings. Það virðist gæta misskilnings um afstöðu allshn. Í till. segir, að ríkisstj. sé heimilt að taka eignarnámi krika þann, sem takmarkast af tjörninni, Tjarnargötu og Skothúsvegi. Í till. er eingöngu miðað við þetta landsvæði. Þegar svo hv. 10. landsk. er að segja, að stjórnin geti tekið eignarnámi landsvæði koll af kolli, eftir því sem hún vill færa til gisti-

húsið, þá er hv. þm. algerlega að tala út í hött. Stjórninni er ekki heimilt að taka neitt annað landsvæði eignarnámi en það, sem um ræðir í till. Mér finnst því, að hv. þm. ætti miklu fremur að vera n. þakklátur en vanþakklátur. Einnig er það fleipur eitt hjá hv. þm., að n. hafi gefið yfirlýsingar um eignarnám, sem varði fleiri þing en þetta, og allt þetta sé einsdæmi í þingsögunni. Yfirlýsingin um eignarnámið er aðeins miðuð við þetta þing, enda er nú von á hinum útlenda sérfræðingi um næstu mánaðamót, og er því allt útlit fyrir, að hinn væntanlegi staður undir gistihúsið verði valinn fyrir þinglok. Ef annar staður þykir heppilegri, þá mun n. taka það til athugunar. En að segja, að n. hafi gefið einhver loforð um eignarnám, er fjarstæða ein.

Ég tel ástæðu til, að þetta liggi skýrt fyrir, en auk þess verð ég að geta þess í sambandi við eignarnámsheimildina, að mér þótti einkennileg afstaða hv. 8. þm. Reykv. En hann sagði, að Rvíkurbær mætti ekki missa þetta land vegna barnaheimilis o. fl., en samt vill hann láta ríkisstj. fá ótakmarkaða eignarnámsheimild. Mér er óskiljanleg þessi afstaða.

Að lokum vil ég taka þetta fram: Mér finnst, að sumir hv. ræðumenn tali þannig um þetta mál, eins og veita eigi ríkisstj. eins konar einokun á að reisa gistihús. En einstaklingum og félögum er engu að síður frjálst og heimilt að reisa gistihús eða ganga inn í þennan félagsskap um gistihúsabyggingu. Ég skal enn fremur taka það fram, að í greinargerð frumv. segir ekki, að ríkisrekstur eigi að vera á gistihúsinu. (*GSv:* Annað segir nú í 3. gr. frv.) Í 3. gr. segir aðeins, að gistihúsið megi reka fyrir reikning ríkissjóðs eða í félagi við þá aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa gistihúsið, og leigja megi húsið út til gistihúshalds. — Þeir aðilar, sem hyggja á gistihúsabyggingu, gera það ekki aðeins vegna brýnnar þarfar vegna útlendra ferðamanna og annarra útlendinga, heldur jafnvel enn meira vegna landsmanna sjálfra.

Hv. 10. landsk. sagði, að sér fyndist undarlegt, hversu ríkisstj. legði mikið kapp á þetta mál. Ég verð þó að segja, að mig undrar það enn meir, hversu rík áherzla er lögð á að ónýta þetta mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er aðeins að gefnu tilefni, að ég segi nokkur orð. — Hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. S.-M. voru sammála um, að þetta mál væri tekið skökkum tökum og mundi draga dilk á eftir sér. Hv. 10. landsk. sagði, að ríkisstj. væri í eins konar kapphlaupi við einstaklinga um byggingu gistihúss. Hann sagði, að hann væri að reyna að leysa ríkisstj. undan þeim vanda, sem hún hefði lagt á sig með þessu máli. Sama sagði hv. 2. þm. S.-M.

Ég hef oft tekið það fram, að það er reynsla fyrir því, að því meiri kröfur sem gerðar eru til gistihúsa, því meiri líkur eru til þess, að þau beri sig ekki. Það verða færri, sem fara út í það að reisa og reka gistihús. Ég hef átt tal við formann sambands gistihúsaeigenda, einnig tvo aðra privatmenn, sem hafa fé og stað undir gistihús. Þeir hafa allir tekið það sem grundvallaratriði, að þeir mundu ekki leggja út í gistihúsbyggingu, svo stóra sem hér er um að ræða, nema fá fé annars staðar frá, því að engin trygging væri fyrir því, að slíkt gistihús bæri sig. Þetta er ástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur reynt að safna saman áhugamönnum og áhrifamönnum til að stuðla að þessum félagsskap, til þess í sameiningu að hrinda þessu máli í framkvæmd. Þetta er mergurinn málsins. Ég fullyrði við hv. 10. landsk. og 2. þm. S.-M., að þeir hafa enga ástæðu til að væna ríkisstj. um, að hún hafi farið skakkt að. Ég hef ekki farið inn á þessa braut fyrr en öll önnur sund voru lokuð.

Svona lá málið, er ríkisstj. ákvað að stofna félag, sem hún væri sjálf aðili í. — Ríkisstj. er einmitt að styrkja þá menn með þessu, menn, sem af eigin rammleik geta ekki komið upp gistihúsi, og það er rangt, að ríkisstj. hafi verið að taka fram fyrir hendurnar á einstaklingum, eins og hv. 10. landsk. sagði, — þvert á móti er verið að létta undir með þeim. — Það eru ýmis önnur hótel, sem hafa legið í loftinu hér, en ekki fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til 1. flokks gistihúsa. — Það er blettur á íslenzku þjóðinni, hvernig ástandið er í hótelmálum okkar, og útlendingar, sem hingað koma, eru undrandi yfir því, að við skyldum una við þetta ástand, sem nú ríkir. — Það má e. t. v. deila um það, í hvaða röð á að framkvæma það, sem gera verður á næstunni, en þetta gistihús er eitt af því, sem er í fyrstu röð. Hv. 10. landsk. leyfði sér að halda því fram, að engin atvinna skapaðist, þótt hótel kæmi fyrir útlendinga. Hve margir eru þeir í Rvík, sem hafa atvinnu af því að annast ferðamenn? spyr hann. — Hótel í Rvík er einmitt frumskilyrði fyrir því. Það er til heimild í lögum um að styrkja hótel úti á landi með fjárframlögum, og hefur sú heimild verið notuð og komið að góðu haldi og bætt úr brýnustu þörf. Með þessum fjárframlögum hafa verið styrktar smáhótelbyggingar úti á landi. En ég tel það mál út af fyrir sig og mál, sem einstaklingarnir ráða sjálfir. Þeir hafa reist smáhótel úti á landi af eigin rammleik, hótel, sem ekki eru gerðar of háar kröfur til. Ríkisstjórnin hefur farið þá einu réttu leið, sem hægt var að fara í þessu máli að mínu áliti. — Það er lögð einhver óskiljanleg áherzla á það af framsóknarmönnum og samherjum þeirra að koma þessu máli fyrir kattarnef. Ég hef nú upplýst, að ríkisstj. er ekki í neinu kapphlaupi við einstaklinga um þetta, heldur þvert á móti er hún að hjálpa þeim.

Gísli Sveinsson: Orð hæstv. samgmrh. voru að vísu ekki alveg í samræmi við efni máls hans. Það eru tvö atriði í ræðu hans, sem ástæða er til að segja eitt orð um. Ráðh. sagði, að sótt væri af ofurkappi af mér og framsóknarmönnum að fella málið. Ég hef þó lýst því yfir, að þrátt fyrir þær rökstuddu athugasemdir, sem ég hef gert, þá mundi ég ekki greiða atkv. á móti frv., heldur sitja hjá við atkvgr. Þetta er því að því er mig snertir hrein villa. Ég hef ekki reynt að fella málið, heldur skýrt afstöðu mína, sem er þingmannsskylda mín. Annað atriði í ræðu hæstv. ráðh. var — (Ég ætla að bíða á meðan ráðh.

víkur af fundi, ég ætla að sjá, hvort hann er vikinn af fundi undan ummælum mínum.) — að hann gæti séð og vissi, að hér væri þetta haft að yfirvarpi og að annað lægi á bak við. Þetta sýnir nú bezt, hvar ofsinn er og kappið, og sýnir ófyrirleitni hæstv. ráðh. að halda því fram, að þingmenn tali af yfirvarpi, og leyfi ég mér að mótmæla þessu sem markleysu og órökstuddu fleipri. (*Samgmrh.:* Af hverju talaði hv. þm. um kapphlaup við einstaklinga?) Ég talaði af minni sannfæringu, og ég tel það kapphlaup, ef einstaklingum er ekki leyft að byggja gistihús, ef það nær tilganginum, og ég er enn ekki kominn á þá skoðun, að ríkið eigi að hafa afskipti af þessu, því að ef menn telja, að ríkið eigi að gera þessar framkvæmdir, þá draga þeir sig til baka.

Ég hef að vísu ekki aflað mér upplýsinga öðruvísi en að ég hef talað við menn, og þeir óspurðir hafa látið mér í té upplýsingar um teikningar o. fl. — Þetta er nú allt og sumt, og ætti að vera hægt að ræða þetta án þess að vera með dylgjur, eins og hæstv. ráðh. lét sér sæma, og niðurstaðan ætti að verða eftir því, sem sannara reynist.

Ég mun nú láta máli mínu lokið, en ég vil endurtaka það — og ráðh. hefði getað sagt sér það sjálfur — að ég hef ekkert með hótelbyggingar að gera, en ég er nú enn þm. á þessum stað og hef leyfi til og það er mér skylt að ræða þetta og halda fram því, sem mér þykir réttast.

Sigfús Sigurhjartarson: Hv. þm. Snæf. sagði, að sér fyndist óskiljanleg afstaða mín í þessu máli. Mér finnst aftur óskiljanlegt, og ég held það verði ekki til að bæta lélega afstöðu þessa þm., að hann skuli leggja mér í munn röksemdir, sem ég hef ekki sagt. T. d. í fyrsta lagi, að ég er ekki á móti, heldur með 5. gr. frv. og tel hana eðlilega og er á móti brtt. um að fella hana niður. Ég benti á, að hv. allshn. vildi hafa hönd í bagga með, hvaða staður yrði valinn, og meiri hl. hennar vill nú veita eignarnámsheimild. Ríkisstj. hefur bent á stað, og hefur sagt já. Ég hef talið, að þessi staður sé heppilegur, en ég hef einnig bent á erfiðleikana í sambandi við hann. Á þessum stað standa nú sjúkrahús og barnaheimili. En sjúkrahús mega ekki hverfa nema önnur komi í staðinn, og sama gegnir um barnaheimili. Væri ekki réttmætt að veita eignarnámsheimild fyrir aðra staði?

Ég skal svo út af ummælum hæstv. ráðh. segja þetta. En hann sagði, að sjúkrahúsið og barnaheimilið gæti staðið, þótt hótelið verði byggt. Það getur verið, að þessar stofnanir geti staðið á meðan verið er að byggja, en ekki lengur. Og þó kemur það ekki til mála að hafa sjúklinga í húsi, þar sem verið er að reisa stórhýsi rétt við hliðina á. Ég sagði ekki, að erfiðleikarnir væru ósigrandi, en hitt sagði ég, að þeir væru miklir, og það er fullvíst, að nú sem stendur ríður mest á að tryggja sjúkrahús og barnaspítala hentugan stað. Ég get ekki orðið við tilmælum hæstv. ráðh. að greiða atkv. með brtt. hv. n., heldur mun ég standa með frv. eins og það var upphaflega, og vænti ég, að hæstv. ráðh. virði það ekki til fjandskapar við sig.

Forseti (BG): Ég vil lýsa því yfir, að umr. verður frestað, þegar næsti ræðumaður hefur lokið máli sínu.

Eysteinn Jónsson: Mér virðast allundarleg ummæli hæstv. ráðh. um, að ég sé með ofurkapp í þessu máli, þar sem ég mun ekki hafa eytt nema 1/10 af umræðutíma þessa máls. Enn fremur vil ég frábiðja mér allar dylgjur um, að *ég sé á móti þessu máli af annarlegum ástæðum.*

Ég tel það fásinnu að byggja gistihús fyrir fleiri milljónir króna til þess eins að berast á. Ég álít, að byggja hefði átt haganlegt og hreinlegt gistihús, en ekki neina höll. Og ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um, að ekki þurfi að gera svipaðar kröfur um gistihús annars staðar á landinu. Það má vera, að hér í Reykjavík þurfi stærri salarkynni en á öðrum stöðum, en reynslan hefur verið sú, að slík salarkynni hafa gefið mikið í aðra hönd hér í Reykjavík. Þar sem hæstv. forseti hefur lýst yfir því, að umr. um málið verði frestað, mun ég ekki leggja fram þær skriflegu brtt., sem ég hafði hugsað mér að koma með.

Umr. frestað um hríð, en fram haldið síðar á fundinum.

Einar Olgeirsson: Ég hef lítið lagt til þessa máls og ætlaði ekki að blanda mér í umr. um það, en varðandi brtt., hvar staðsetja skuli umrætt gistihús, vil ég segja nokkur orð. Ef ég *hef skilið rétt, er lagt til að reisa það við tjarnarendann,* þar sem nú er sjúkrahús og barnaheimili ásamt tveimur íbúðarhúsum. Ég held, að þessi hugmynd þurfi nánari athugunar við. Það er mikil tilhneiging hjá okkur til að setja allar stórbyggingar í miðbæinn eða sem næst honum. Ég held, að þetta sé ekki viturlegt; fyrst og fremst gerir það lóðirnar svo dýrar, að óheyrilegt er, auk þess sem það skyggir á okkar ágætu gömlu byggingar, alþingishúsið og dómkirkjuna, sem eru þess virði, að þær fái að njóta sín, og ég vildi, að þjóðin yrði svo efnuð, að hægt væri að rífa húsin hér í kring og gera skemmtilegan grasvöll í kringum þessar merku gömlu byggingar. Þegar reisa á nýtízku gistihús eins og hér um ræðir, verður margs að gæta um staðarval. Þetta verður áreiðanlega margra hæða hús. Ef það verður reist þarna, sem till. er um, er það beint í fluglínu frá flugvellinum. Við, sem störfum hér í Alþingi, vitum, hvað flugvélarnar valda okkur miklu ónæði, þó að við séum þetta langt frá flugvellinum, og getum þá líka gert okkur í hugarlund, hvaða truflanir þær hefðu *fyrir hótelgesti á þessum umrædda stað,* auk þess sem mikil slysahætta er að slíkri byggingu í flugslínunni.

Við munum eftir því, þegar ekki munaði nema fáum sekúndum, að flugvél hrapaði á stúdentagarðinn eða háskólann.

Af þessum ástæðum og fleirum finnst mér mjög óheppilegt að setja þetta hótel í miðbæinn, þó að ekkert tillit sé tekið til þeirra spádóma jarðfræðinga, að miðbærinn sökkvi í sæ. Ég held, að gistihúsið ætti að reisa við Skólavörðuholtið eða innar. Þessi bær er ekki svo stór enn,

að fjarlægðin frá miðbænum væri til neins tjóns.

Svo finnst mér annar galli á meðferð þessa máls. Það er verið að ráðstafa 5 millj. kr. úr ríkissjóði, án þess að málið hafi verið lagt fyrir fjárhagsnefnd. Mér finnst fjhn. þurfa að hafa yfirlit yfir það fé, sem ráðstafað er úr ríkissjóði, a. m. k. þegar um svo stórar upphæðir er að ræða og hér. Þó að allshn. hafi athugað frv., finnst mér ekkert á móti því, að fjhn. fái málið til athugunar. Ég vil því biðja forseta að bera þetta upp í deildinni, til að fá úr því skorið, hvort ekki er vilji fyrir því að fresta umr., svo að fjhn. geti fengið málið til athugunar.

Forseti (BG): Ef deildin væri ályktunarfær, sem hún er ekki, mundi ég hafa borið þetta upp hér í deildinni.

Einar Olgeirsson: Þetta er till. frá mér um, að málinu verði vísað til fjhn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af till. hv. 2. þm. Reykv. — Þetta mál er tekið út af dagskrá dag eftir dag. Og það hefur ekki sætt annarri meðferð en mörg önnur mál sama eðlis. Þó að hér sé um fjárhagsatriði að ræða, þá hafa mörg mál, sem krafizt hafa fjár úr ríkissjóði, verið afgr. án þess að ganga í gegnum fjhn. Ég teldi því æskilegt, að málið fengi að ganga sinn gang án þess að það færi til fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er nú þannig, ef sú yrði raunin, að málinu yrði vísað til fjhn., þá mun ég ekki ræða það frekar nú, því að ég á sæti í þeirri nefnd. Verði það hins vegar ekki, þá óska ég að segja nokkur orð, og ef til vill mun ég þá bera fram brtt.

Forseti (BG): Ég ber till. hv. 2. þm. Reykv. undir hv. þingdeild.

Jörundur Brynjólfsson: Þó að ég hafi í sjálfu sér ekkert við það að athuga, að málinu verði vísað til fjhn., enda þótt ég eigi sæti í allshn., sem hefur haft málið til meðferðar, legg ég á móti því og vænti, að hv. deild athugi vel alla málavöxtu, áður en málinu er vísað til annarrar nefndar. Þó að slíkt hafi komið fyrir, þá hefur það verið undir alveg sérstökum kringumstæðum. Ef fara ætti út á þá braut að vísa málum úr einni nefnd í aðra, gæti afgreiðsla mála hér á Alþingi orðið nokkuð tafsöm, enda hefur sú aðferð alls ekki verið viðhöfð.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjhn. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, STh, SÞ, SkG, ÞB, ÁkJ, BK, EOl, PZ, SigfS.

nei: EmJ, GÞ, IngJ, JPálm, JörB, PÞ, BG.

BÁ, GSv, HelgJ greiddu ekki atkv.

15 þm. (SEH, SK, StJSt, SvbH, ÁÁ, EystJ, FJ, GTh, HB, JJós, JS, LJós, ÓTh, PO, SB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Þó að ég hefði talið æskilegra, að umr. væri frestað og þm. gefinn kostur á að undirbúa brtt., þá sé ég ekki, að þessi till. breyti miklu, og segi því já.

Björn Kristjánsson: Ég vísa til ummæla hv. þm. V.-Húnv. og segi já.

Gísli Sveinsson: Ég hef áður lýst afstöðu minni í þessu máli, en mínar brtt. hafa ekki verið teknar til greina. Þess vegna ætla ég hvorki að tefja málið né flýta fyrir því og greiði ekki atkv.

Umr. frestað.

Á 87. og 88. fundi í Nd., 14. og 15. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 417, 500, 540, 544, 546).

Eysteinn Jónsson: Eins og ég sagði um daginn, hafði ég útbúið brtt. við frv. Ég hafði gert ráð fyrir, að fjhn. mundi skila áliti, og þar sem n. hefur ekki skilað neinum till., leyfi ég mér að leggja fram skrifl. brtt. Þessar till. eru miðaðar við, að fé verði heimilað til að greiða almennt fyrir gistihúsabyggingu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 572) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Eins og formaður hefur skýrt frá, var rætt um þetta mál í n. Formaður er ekki mættur, svo að ég býst ekki við, að nein skýrsla komi frá honum. Það náðist ekki samkomulag í fjhn. um þær till., sem komu fram. Þess vegna mun ég leggja fram hér till. Í fyrsta lagi legg ég til, að í stað þess að frv. fjallar eingöngu um gistihúsbyggingu í Reykjavík yrði það um gistihúsbyggingar almennt. Yrði aukin heimild ríkisstj. með þessu frv., til þess að hún hefði nægilegt fé til umráða til að hefjast handa um gistihúsbyggingar um landið yfirleitt. Ég álít, að það sé verið að skipuleggja nýjan atvinnuveg á okkar landi, sem ætti að gera einn af okkar aðalatvinnuvegum, þ. e. með móttöku ferðamanna og ferðalögum um landið, þar sem svo hagar til, að náttúrufegurð er svo mikil hér á landi og annað, sem ferðamenn hafa gaman af að sjá. Ætti því að vera hægt að auka ferðamannastrauminn svo, að hann yrði verulegur liður í atvinnulífi okkar. En eins og stendur vantar tilfinnanlega byggingar hjá okkur, landið er lítt byggt, og þó miklu minna þegar núverandi kynslóð tók við. Er enn miklu Grettistaki að lyfta, ef koma á upp þeim byggingum, sem þarf til þess að fullnægja kröfum þeim, sem þjóðin sjálf gerir og ferðamenn þar að auki. Mér virðist hentugt tækifæri að gefa ríkisstj. víðtækari heimild en hér er farið fram á. Ég held hverjum manni sé ljóst, sem um þetta mál hugsar, að tiltölulega fljótt á eftir gistihúsi í Reykjavík þyrftu að koma gistihús mjög víða um landið, til þess að fullnægja þeim kröfum, sem þarf að gera á þessu sviði. Hins vegar er

gefið, að við þyrftum að leggja fyrirfram okkar plan, hvernig byggja skuli, hvar skuli byggja og hverjir reka gistihúsin. Hér hefur allmikið verið rætt, að heppilegt væri, ef meira framlag fengist frá hálfu einstaklinga og stofnana, en ríkissjóður þyrfti ekki að bera alla ábyrgð á þessu. Er ekki nema sjálfsagt að reyna, hve mikið einstaklingar treysta sér til að leggja fram sjálfir. Þetta er eitt af þeim sviðum, þar sem einkarekstur inn er á margan hátt mjög eðlilegur. Hins vegar fer vel á, eins og víða annars staðar, að ríkisstj. grípi inn í og skipuleggi, svo framarlega sem það sýnir sig, að einstaklingar eða félög hafa ekki bolmagn til eða áhuga fyrir því.

Ég hef hugsað mér að bera fram brtt. við þetta frv., að sett verði sérstök nefnd, kosin hlutfallskosningu í Alþ., sem athugaði þetta mál og undirbyggi till. um það, hvar gistihús skyldi setja á landinu, um byggingu þeirra og rekstrarfyrirkomulag, áætlað heildarkerfi, sem komið verði upp í sambandi við þennan atvinnurekstur. En ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 10 milljónum króna til þess. Ætti nefnd þessi að ganga frá till. sínum mjög fljótt, svo að sem fyrst mætti hefjast handa. Síðar yrði reynt, hvort einstaklingar fást til að framkvæma að meira eða minna leyti þær till., sem n. hefur gert. Mál þetta hefur nú verið á döfinni, og ættu menn að geta fljótt ráðið við sig, hvort þeir vildu leggja fé fram og gefa sig þá fram við ríkisstj., sem gæti bráðlega farið að nota tímann til að reyna að ná samkomulagi við þá. Og ef það kæmi í ljós, að einstaklingar eða félög vildu ekki leggja í þetta, þyrfti að heimila ríkisstj. að gangast fyrir stofnun hlutafélags til þess að koma upp gistihúsum og reka þau. Mér finnst eðlilegt, að þetta sé bundið við hlutafjárstofnun, vegna þess að undir öllum kringumstæðum er nauðsynlegt, að ríkið tryggi svo mikið framlag á móti. Það er ekki ástæða til, að þeir einstaklingar, sem eiga fé, skorist algerlega undan þessu, engin ástæða að sleppa þeim með það. Og í samþykktum, sem liggja til grundvallar til myndunar ríkisstj., er gert ráð fyrir, að ef menn, sem eiga peninga, eru of tregir, þá megi grípa til þeirra aðferða, að knýja menn til að leggja fé fram. Ég álít, að það hlutafé, sem ríkið legði fram, ætti ekki að fara fram úr ⅓, þannig að ef gengið er út frá 30 milljónum, legði ríkissjóður fram 10 millj. Er það sama hlutfall og gert er ráð fyrir hér í Reykjavík, 5 millj. gegn 10 millj. annars staðar frá. Nú er það skiljanlega eins hentugt fyrir ríkið, að ekki eigi eitt og sama hlutafélag öll gistihúsin. T. d. ætti að vera mögulegt að fá Reykjavík til að vera með sem stór hluthafi í byggingu síns gistihúss, sem eðlilegt væri, að yrði það fyrsta. Þess vegna geri ég í mínum brtt. ráð fyrir, að hægt verði að hafa þessi hlutafélög fleiri, og ríkissjóður gæti skipt sínu framlagi niður á þau, sem væri þó ekki meira en ⅓ hluti. Enn fremur hef ég gert ráð fyrir, að þessi hlutafélög sjálf reki þessi gistihús. Mér finnst eðlilegast, að eigendurnir sjálfir annist rekstur inn. Það mundi líka tryggja það, ekki síst þegar gistihúsakerfið væri komið upp eins og það á að vera í landinu, að fyrirkomulagið yrði sem hagfelldast og tengsl væru á milli gistihúsanna. Slíkt gæti orðið, þó að um fleiri en eitt hlutafélag væri að ræða, og allt kerfið gæti í mörgum greinum orðið rekið eins og eitt stórt fyrirtæki, innkaup og annað slíkt. Og við vitum, hve mikla þýðingu það hefur, að skipulag og samræming í þessum efnum sé sem allra bezt.

Vel er líklegt, að úti um sveitir, þar sem allar aðstæður eru heppilegar fyrir gistihúsrekstur, mundu sýslufélög gerast hluthafar, eða ýmsar stofnanir, sem þar starfa, eða jafnvel svo og svo margir bændur, sem þar búa. Mundi þetta jafnvel geta skapað nokkra keppni milli landshluta um að koma sem fyrst upp gistihúsum hjá sér. Við þekkjum það líka, að í hvert skipti sem talað er um að gera eitthvað hér í Reykjavík, finnst mönnum úti á landi þeir vera afskiptir. En ef við gefum þeim undir fótinn, að hægt sé að undirbúa málið hjá þeim líka, ef þeir að sínu leyti leggja sig fram, þá mundi það ýta undir um framkvæmdir hið fyrsta. Við vitum, að fjármagn er allmikið til í sveitum, því að svo mikið er til í sparisjóðum og liggur þar rentulaust. Einni undantekningu hef ég gengið út frá í mínum till., að ríkið mætti koma upp eingöngu fyrir eigin reikning gistihúsi á Þingvöllum af því fé, sem ríkisstj. er heimilt að taka að láni. Það þarf ekki að skýra fyrir hv. þm., að hvaða leyti sá staður hefur sérstöðu. — Þetta eru höfuðbrtt., sem ég fór fram á, að ræddar væru í fjhn. Mitt álit er, að þær mundu bæta lögin og veita frv. betra fylgi á þingi, enda eðlilegt, þar sem málinu er markaður meiri heildarsvipur með því að kveða nokkuð á um rekstrarfyrirkomulagið. Það ætti líka að mega komast nokkuð hjá mistökum í vali staða fyrir gistihús með því, að nefnd, sem kosin er af þingflokkum, hefði gert sínar till. Annars er hætt við, að eftir að byggt hefur verið gistihús í Reykjavík, mundi á næstu árum rigna niður frv. um byggingu gistihúsa, því að hver einasti þm. mundi koma fram með sitt kjördæmi, öll halarófan, eins og í vegamálunum, og telja sitt kjördæmi tilvalið fyrir gistihúsrekstur. Af þessu mundi leiða endalaust rifrildi, sem tefur framgang málsins. Við þekkjum líka annað, að það er oft hægt að fá mest gert í stórum málum rétt fyrir kosningar, ef nægilegt er fé og stórhugur í mönnum.

Viðvíkjandi eignarnámsheimild, sem allmikið hefur verið rætt um, verð ég að segja, að ég er mótfallinn að ákveða einhvern sérstakan stað í Reykjavík fyrir gistihús, sem eignarnámsheimild sé bundin við. Ég er ekki á móti stefnu n. í brtt., sem fram hafa komið. En ég álít það hlutverk n., sem yrði kosin, að gera út um þetta, en betra að losna við slíkt úr almennum umr. á þingi. Ég held yfirleitt, að það sé síður en svo hætta á, að þess háttar lagafyrirmæli verði misnotuð, jafnvel þó að þau veiti allvíðtæka heimild.

Það hefur nú borið á góma í sambandi við þetta mál og önnur viðvíkjandi stórbyggingum í Reykjavík, að spursmál væri, hvort við reistum okkur ekki hurðarás um öxl með stórbyggingum og verðum svo í vandræðum með vinnuafl og annað. Ég vil leggja áherzlu á, að stórbyggingar, auk íbúðarhúsa, er eitt af því nauðsynlegasta, sem við þurfum að framkvæma í okkar landi.

Við stöndum það illa að vígi, að við höfum svo að segja ekkert af stórbyggingum, þeim byggingum, sem einkenna hverja einustu stórborg Evrópu og eru sumar hverjar margra alda gamlar og hafa mótað menningarlíf viðkomandi þjóðar. Það er mikil nauðsyn, að sú kynslóð, sem býr við eins góða afkomu og við, leggi sérstaka áherzlu á að umskapa sitt umhverfi að því er þetta snertir, til þess að skapa þá aðstöðu, að félagslíf og menningarlíf geti staðið fyllilega jafnfætis öðrum þjóðum. Sá ótti, að við séum að ráðast í allt of mikið, held ég að sé alveg ástæðulaus. Við höfum reynt, að bókstaflega hver einasta stórbygging, sem við höfum reist, hefur verið orðin of lítil eftir 5—10 ár. Ef ráðizt er í stórt, er undir eins sagt, að við séum að sigla okkur á hausinn, en stuttu eftir viðurkennum við, að við hefðum átt að ráðast í meira. Og að þessar opinberu byggingar eigi að draga frá byggingu íbúðarhúsa, álít ég alls ekki. Við eigum samt að geta haft fullan kraft á okkar íbúðarhúsum að því er snertir vinnuafl og tæki, þó að við byggjum stórbyggingar hér á Íslandi. Það er allt annað, sem getur valdið erfiðleikum, og það er spursmálið um fjármagn. Þegar við vorum að ræða um sementsverksmiðju á Íslandi, var ein af röksemdunum, að svo lítið af sementi væri notað, 26 þúsund tonn á ári, en nú er notkunin orðin yfir 40 þúsund tonn. Óhætt er að reikna í ár, að við munum flytja inn um 50 þús. tonn. Það, sem við þurfum að gera til þess að vinnuaflið nægi, er að breyta tækninni. Hún er á handverksstigi, þó að við séum að koma á stóriðju víða annars staðar. Við getum áorkað tvöfalt eða þrefalt í byggingum, ef við bara höfum almennilegt skipulag. Þannig finnst mér engin ástæða til að álíta, að þjóðin kollsigli sig með því að ráðast í stórar byggingar nú, — hún eigi einnig að geta tryggt framkvæmd íbúðarhúsabygginga í mjög stórum stíl. Eina vandamálið er það fjárhagslega. Ef tækni og skipulag er betra, held ég, að mótbáran um skort á vinnuafli muni ekki standast. Eftir því sem ég bezt veit er sement fáanlegt, og af tækjum erum við að fá meira og meira, og held ég, að hægt hefði verið að fá enn meira af þeim, ef í það hefði verið ráðizt.

Það hefði verið óskandi, að þessar brtt. hefði mátt ræða í fjhn., en það var lítill tími; en það mundi hafa flýtt fyrir afgreiðslu hér, ef náðst hefði samkomulag um till., eftir að þær hefðu verið ræddar verulega. Ég er reiðubúinn að ræða þær ýtarlegar utan deildarinnar líka, ef kostur er á því. Ég held till. eindregið fram. Og ef meiningin er hjá forseta að ljúka umr. nú, verð ég að biðja um afbrigði. Annars þætti mér heppilegast að geta rætt þær í n., þó að vísu hafi verið fellt með jöfnum atkv. að taka þær fyrir á fundi nú rétt fyrir matartímann.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mér finnst kenna í þessu máli einhvers misskilnings, sem ég get ekki gert mér grein fyrir, að öllu leyti, en þó að nokkru. Mér virðast blandast saman tvö alveg óskyld mál. Annað er lausn gistihúsmálsins í Reykjavík, en hitt lausn gistihúsmálanna almennt. Hér er borið fram af hálfu ríkisstj. frv. um gistihús í Reykjavík. Það mál er vandlega undirbúið, rætt við Reykjavíkurbæ og við Eimskipafélag Íslands, og hafa báðir þessir aðilar lýst sig fúsa til samstarfs um lausn málsins. Nú bera þessir hv. þm. hér fram till., bæði hv. 2. þm. S.-M., sem hefur verið á móti málinu frá upphafi, því að hann lagði til, að gistihúsbyggingarmálið fyrir Reykjavík yrði fellt, — og mér skilst hv. 2. þm. Reykv. sé með brtt. til að blanda þessu vel undirbúna gistihúsmáli í Reykjavík við algerlega óundirbúið mál annað, sem er lausn gistihúsamála almennt úti um landið. Ég vildi fyrir mitt leyti mælast til þess, að þessum málum yrði haldið nokkuð aðgreindum, og sé ekkert til fyrirstöðu, að hægt sé að gera það. Ég viðurkenni náttúrlega fúslega, eins og allir, að það er ekki leyst sú almenna þörf fyrir gistihúsbyggingar úti um landið, þó að þetta sé samb. Það er leyst í höfuðstaðnum með því frv., sem liggur fyrir. Og ég sé ekki annað en það að blanda óskyldu máli inn í geti aðeins orðið til skaða fyrir framgang málsins að því er snertir Reykjavík. Hv. 2. þm. Reykv. segir, að þessar till. muni bæta lögin. Ég sé ekki annað en þær mundu stórspilla þeim að því leyti að drepa málinu öllu á dreif. Hann sagði, að stórum þægilegra væri að fá stór mál afgr. rétt fyrir kosningar. Það kann nú að vera. En þá er líka spurning, hvort málinu sé ekki spillt með því að afgr. það flausturslega í kosningafáti. Ég fyrir mitt leyti vil aðeins taka fram, að ég vil halda við frv. eins og það liggur fyrir og óska eftir, að því verði breytt sem minnst fram yfir það, sem samkomulag hefur orðið við allshn. Enda þótt það samkomulag að sumu leyti orki tvímælis, vil ég það til vinna til þess að málið nái fram að ganga. Ég skoða ekki brtt., sem samkomulag hefur orðið um við allshn., sem ákvarðandi um staðinn, heldur eingöngu þannig, að þennan stað eigum við kost á að taka eignarnámi, en ekki aðra. En ef samkomulag verður um að byggja annars staðar, skoða ég, að ríkisstj. hafi alveg jafnóbundnar hendur.

Brtt., sem lagðar hafa verið fram skriflegar af hv. 2. þm. S.-M., eyðileggja frv. alveg gersamlega, því að þar er því slegið föstu, að sama upphæð og áður var ætluð til gistihúsbyggingar í Reykjavík einni skuli nú renna til margra gistihúsa á landinu. Ég tel bezt farið að afgr. frv. eins og allshn. hefur gengið frá því.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir, hvað einstakir hv. þm. hafa ruðzt fram með brtt. við frv., sem sýnilega verður til þess, að allar stærri brtt. eyða málinu. Það hefði verið hreinlegra af þm. að ganga þá beint á móti málinu. Um þessar brtt. læt ég mér nægja að vísa til þess, sem hæstv. samgmrh. hefur sagt. En út af brtt. frá allshn. vil ég geta þess, að n. kom sér saman um þær brtt., sem fyrir liggja, til samkomulags við hæstv. samgmrh. Hefði ég miklu fremur kosið 5. gr. óbreytta, en lét til leiðast til samkomulags við meðnm. mína, til þess að fá málinu borgið í þingdeild.

Ég vil aðeins leyfa mér að geta þess út af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Reykv. um afgreiðslu þessa máls í fjhn. þessarar d. í morg-

un, nefnilega að það var fellt á fundi með 2:2 atkv. að gera nokkrar frekari till. um frv., að ég álít, að þess vegna komi ekki til mála að vísa málinu til fjhn. aftur í því skyni, að n. gangi inn á brtt. við málið í heild sinni. Einstakir þm. bæði í fjhn. og öðrum n. hafa óbundnar hendur um að gera brtt., enda hafa nú komið fram brtt. frá 2 þm. í fjhn. — Ég skal ekki hafa þessi orð mín öllu lengri, en vil aðeins minnast á, að hér er um stórmerkilegt mál að ræða. Bygging nýtízku gistihúss er nauðsynleg. Það eru að verða vandkvæði fyrir hið unga íslenzka lýðveldi, ef ekki rætist úr. Hér hafa þeir aðilar bundizt samtökum, sem líklegastir eru til að hrinda þessum málum í framkvæmd, nefnilega ríkið, Reykjavíkurbær og Eimskipafélagið. Ég teldi illa farið, ef máli þessu yrði eytt, svo að ekkert yrði úr framkvæmdum, eða að brtt. yrðu samþ. og málinu með því drepið á dreif. Ég vænti, að það samkomulag milli allshn. og samgmrh. geti borgið málinu.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. Reykv. lýsti brtt., sem hann lagði fram skriflega, og leita þarf því afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 573) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 19. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 573,1 felld með 17:8 atkv.

— 572,1 felld með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SkG, BÁ, BK, EOl, EystJ.

nei: FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, JS, JörB, PO, SEH, SK, StJSt, EmJ, BG.

GSv, LJós, SigfS, SB, SG, STh, SÞ, ÞB greiddu ekki atkv.

5 þm. (HelgJ, ÓTh, SvbH, ÁkJ, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 572,2—6 teknar aftur.

— 573,2—6 teknar aftur.

— 540 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, ÞB, BÁ, BK, EOl, EystJ, GÞ, IngJ, JS, JörB, LJós, PZ, PÞ, PO.

nei: SigfS, SG, SEH, SK, StJSt, EmJ, FJ, GTh, HB, JJós, JPálm, BG.

STh, GSv, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (SvbH, ÁkJ, ÁÁ, HelgJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 500 tekin aftur.

— 572,5 tekin upp af þm. V.-Húnv. og felld með 16:5 atkv.

— 544 tekin aftur.

— 546 samþ. með 19:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 585).

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, EE, GJ, IngP, ÁS, PHerm, StgrA.

nei: ÞÞ, HG, JJ, MJ.

6 þm. (PM, BBen, BrB, GÍG, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 585, n. 789).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er stórmál, sem lagt var fram í Nd. og tók þar dálitlum breyt en sérstaklega þó á 5. gr. þess. Eins og það var borið fram upphaflega, þá var um það að ræða, að ríkisstj. fengi eignarnámsheimild á nauðsynlegum lóðum, húsum og mannvirkjum, sem hún þyrfti undir gistihúsið. En Nd. breytti þessu þannig, að eignarnámsheimildin var aðeins um ákveðinn stað hér í bænum. Nú hefur því verið yfirlýst og er alveg auðvitað, að það er ákaflega erfitt að binda þessa eignarnámsheimild við ákveðinn blett í bænum, meðal annars er óráðið, hvar þetta gistihús verður reist. Því að þó að menn hafi hugboð um það, að hentugur staður væri þar, sem um er rætt í frv., þá er það, eftir því sem maður sér í blöðum, óráðið enn, hvort húsið verður reist þarna eða ekki. Fjhn. Ed., eða þeir 3 nm., sem þátt tóku í afgreiðslu málsins, taldi löglegt og sjálfsagt að gera þessa eignarnámsheimild almenna, og ber því fram brtt. við frv., sem hún annars mælir með, að verði samþ., um það að taka upp aftur almenna eignarnámsheimild, en setur aftur varnagla við því, að eignarnámsheimildin verði notuð nema allir aðilar séu sammála um það, m. a. að öll ríkisstj. verði sammála og því næst aðrir aðilar, sem að byggingunni standa. Virðist ekki vera ákaflega mikið traust hjá Alþ. á ríkisstj., ef Alþ. þorir ekki að fá ríkisstj. í hendur þessa eignarnámsheimild með þeim varnagla, að allir ráðh. verði sammála um hana. Mér er ekki kunnugt um það, hvað olli því, að hv. Nd. sá sér ekki fært að hafa heimildina almenna. En við þrír nm. erum sammála um það að leggja til, að þessi almenna heimild verði sett inn aftur, þó með þessum varnagla. Ég hef heyrt því hreyft, að möguleikar væru á að fella með öllu niður eignarnámsheimildina úr þessu frv., og yrði þá ríkisstj., ef í það færi, að bjarga sér með bráðabirgðal., en þetta kæmi til áður en Alþ. gæti aftur fengið að fjalla um málið. En ég get ekki séð, að nokkuð sé athugavert við þessa almennu eignarnámsheimild, þegar svo sterklega er um hana búið, — sterklega girt fyrir, að farið verði eftir einhverri sérmeiningu eins manns um það, hvort eigi að nota hana eða ekki. Ég get því ekki séð, að það sé nokkur hætta fyrir Alþ. að veita

þessa eignarnámsheimild. Meiri hl. fjhn. leggur því til, að frv. verði samþ. með breyt. á þskj. 789.

Gísli Jónsson: Ég vil á þessu stigi málsins lýsa því yfir, að ég get ekki fylgt frv. nema gerð sé breyt. á 4. gr., þar sem stendur, að ef þetta gistihús verði reist og rekið af hlutafélagi, skuli ákvæði hlutafjárlaga, nr. 77/1921, ekki gilda um þetta hlutafélag. Þetta er hál braut, og undrar mig, að þetta skuli hafa náð fram að ganga í hv. Nd. og komizt athugasemdalaust gegnum fjhn. Ég vil benda á reynsluna, sem fengizt hefur af því, að hér hefur eitt hlutafélag verið rekið undir slíku ákvæði, það er Útvegsbanki Íslands. Hann hefur verið rekinn í mörg ár þannig, að einn aðilinn, sem er ríkissjóði viðkomandi, hæstv. fjmrh., getur ráðið öllu í fyrirtækinu með þeim árangri og afleiðingum, að Alþ. sjálft hefur orðið að fyrirskipa ríkissjóði, að það skyldi lána út á alla hluthafana. Það er vitanlegt, að ef þessu ákvæði hlutafjárl. er beitt, þá er ekki nema sá eini aðili, sem ræður, sá sem hefur meiri hl. í fyrirtækinu. Ég mun ekki geta fylgt frv. nema þessu ákvæði sé breytt, og mun ég við næstu umr. bera fram brtt. um það, að þessi gr. falli niður.

Ég skal ekki ræða eignarnámsheimildina, en hefði talið eðlilegra, að hún væri takmörkuð t. d. við 12 mánuði, og vil ég heyra, hvort hv. frsm. getur ekki fallizt á það. Í sambandi við það vil ég benda á, að af Sjálfstfl. var það sótt fast, þegar um var að ræða að taka eignarnámi eignir olíufélaganna, að það stæði ekki nema 2 mánuði. Þá voru færð fram þau rök, að það væri mjög óviðeigandi, að menn hefðu hangandi yfir höfði sér um ótakmarkaðan tíma eignarnámsheimild og gætu ekki ráðstafað eignunum.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég sé ekki fært að fylgja þessu frv., þó að því yrði breytt á þann veg, sem hér er gert ráð fyrir, og með þeim hætti, sem hv. þm. Barð. minntist á, og ástæðurnar til þess, að ég get ekki fylgt þessu máli, eru þær, að mér virðist vera meiri þörf á því fyrir ríkissjóð að leggja fjármuni í ýmislegt annað en hótelbyggingu, sem fyrst og fremst er og verður fyrir útlendinga, sem gista þetta land. Ég viðurkenni þörfina á því að endurbæta ástandið í hótelmálunum hér í bænum og víðar, en mér finnst næsta fráleitt, að ríkið leggi 5 millj. kr. í slíka hótelbyggingu, þegar þess er gætt, að þau rök, sem fram eru borin fyrir málinu, eru þau, að það eigi að gera þetta til þess að stuðla að ferðamannastraumi til landsins. Við vitum það, að mikill hluti af þeim tekjum, sem fást við ferðamannastraum, eru einmitt þeir peningar, sem ferðamenn skilja eftir sig á hótelum eins og þessu. En það er yfirlýst af þeim hæstv. ráðh., sem flutti þetta mál í Nd., að hann gerir ráð fyrir því, að þessar 5 millj. muni ekki svara vöxtum og heldur ekki fást að fullu aftur, — hvorki fást vextir af höfuðstól né höfuðstóllinn allur. Það er því gert ráð fyrir, að þessir fjármunir muni að verulegu leyti tapast. Ég er undrandi yfir þessu, vegna þess að það kemur í ljós og er tekið fram af honum, að a. m. k. að því er snertir hótelreksturinn, þá á ríkið að kosta þessa útlendinga hér í landinu, meðan þeir dvelja hér, en eðlilegra hefði verið, að þessi atvinnurekstur hefði verið fyrir landsmenn. Segi menn svo, að það sé sagt út í bláinn, að þetta hótel sé fyrst og fremst fyrir útlendinga. Við þekkjum, hvernig hótelrekstri er háttað erlendis. Við vitum, að hótel eru alls staðar í mörgum flokkum og að hótel eins og þetta, sem verður áreiðanlega dýrt, sækja ekki aðrir en efnaðir menn, það verður undir engum kringumstæðum millistéttarhótel, það verður fyrst og fremst hótel fyrir útlendinga, og þarf ekki að færa frekari rök að því.

Þá er annað atriði, sem ég vildi taka fram. Það er heimilað í 3. gr. frv. að reka hótelið fyrir reikning ríkissjóðs. Það verður þess vegna í þessu frv. heimild til þess að þjóðnýta verulegan hluta af þessum atvinnurekstri, hótelrekstrinum í þessu landi, en ég sé ekki, að mikil þörf sé á því, ef hér verður ferðamannastraumur eins og gert er ráð fyrir, því að þá á þetta fyrst og fremst að vera verk einstaklinga, sem þá geta slegið sér saman í félagsskap um þetta mál, og það vita allir þeir, sem hér eru viðstaddir, að hótelrekstur er, þar sem ferðamannastraumur er á annað borð, arðvænlegur atvinnurekstur. Við vitum, að mörg af þeim hótelum, sem erlendis starfa, þar sem er verulegur ferðamannastraumur, eru með ríkustu fyrirtækjum. Mér finnst þess vegna einkennilegt, að ríkið fari nú að þjóta til og taka 5 millj. kr. lán til þess að þjóðnýta verulegan hluta af þessum atvinnurekstri, því að til þess er heimild, eins og kemur fram í frv. Það er að vísu gert ráð fyrir því samkv. 4. gr., að reka megi hótel þetta sem hlutafélag, þar sem framlag ríkissjóðs mundi njóta sín að fullu, en þó mundi ekki verða í meiri hl. samkvæmt þeirri kostnaðaráætlun, sem fyrir liggur og nefnd er undir umr. Þess vegna er auðsætt, að ef það verður ekki þannig, að hótelið verði rekið sem þjóðnýtingarstofnun, þá verður það rekið af þeim félögum og einstaklingum, sem taka þátt í þessu með ríkinu, þannig að þeir ráða rekstrinum, en ríkissjóður leggur fram þessa peninga, sem hér er gert ráð fyrir, og ræður í raun og veru engu um reksturinn eða fyrirkomulag hans. Mér finnst þetta því frá ríkisins hendi vera hið undarlegasta fyrirtæki og get alls ekki undir neinum kringumstæðum greitt atkv. með því. Það gæti komið til mála að greiða fyrir þeim einstaklingum, sem má segja, að hafi haft í hyggju að reisa hér hótel, og það gat ríkið gert með því að greiða fyrir þeim um lántöku, en að ríkið fari að blanda sér inn í þennan rekstur, það finnst mér algerlega röng leið og þess vegna er ég á móti frv. Ég ætla ekki að gera aðrar aths. við þetta mál en ég hef nú gert. Ég hef enga löngun til þess að tefja málið, sem sennilega er ákveðin afgreiðsla fyrirfram úr þessari hv. d.

Frsm. (Magnús Jónsson): Hv. þm. Barð. hreyfði andmælum við 4. gr. frv., en þar sem hér er aðeins um þrjá aðila að ræða og engar líkur eru til þess, að þeir þrír aðilar vilji fara að taka fleiri aðila inn í þetta með þessu ákvæði, verður að gera þeim mögulegt að reka þetta

fyrirtæki sem hlutafélag, og ég sé ekkert athugavert við það, þar sem hér eiga í hlut ríki og bær — þó að þarna sé að vísu eitt félag, sem meira að nafninu til er einkafélag — þó að sett sé nokkuð sérstakt ákvæði til þess að eins liðugt sé um rekstur fyrirtækisins og unnt er. Ég vil aðeins segja það, um að ekki sé takmarkaður atkvæðisrétturinn í þessu hlutafélagi, að það kann að vera, að það eigi ekki við í þessu sambandi, að ríkið sé með í hlutafélaginu, þar sem það hefur ekki tök á að geta ráðið rekstrinum, — þótt það sé til, að ríkið sjálft reki hlutafélög eða fyrirtæki án þess að ráða rekstrinum, — en þá verðum við að gæta þess, að þetta er aðeins til þess að gera það mögulegt, að þessir þrír aðilar geti rekið þetta fyrirtæki sem hlutafélag, en það liggja ekki fyrir upplýsingar um, hvort meiningin er að gera það eða ekki.

Þá vildi hv. þm. Barð. takmarka eignarnámsheimildina við ákveðinn tíma, t. d. 12 mánuði. Nú skal ég játa, að við höfum ekkert um það hugsað, heldur vakti fyrir okkur, að hægt væri að hefjast handa um þessa framkvæmd nú þegar, svo að raunverulega mundu ekki bæjarbúar allir hafa þennan voða yfir höfði sér. En það er óviðkunnanlegt, að bæjarmenn allir eða hluti bæjarins hafi þetta ákvæði, eignarnámsheimildina, yfir höfði sér ótakmarkaðan tíma, ég skal taka undir það.

Þá talaði hv. þm. Str. um það, að hótelum væri jafnan skipað í flokka úti í löndum. Og svo mun það verða hér að nokkru leyti, eftir því sem mér er skýrt frá, að þetta mundi einmitt eiga við okkur í fámenninu hér, að svo stórt gistihús sem þetta verði reist og útbúið þannig, að í því væru til herbergi og gisting fyrir sem allra flestar stéttir. Á hótelinu ættu m. a. að vera hentug „pláss" fyrir sveitamenn. En vitleysa er að byggja fyrir útlendinga. Nær engri átt að fara að byggja sérstaklega fyrir einhverja „túrista", sem eru hér aðeins skamma stund á sumrin. Hins vegar er aðeins eitt hótel á Íslandi, sem kallast má með hástéttarbrag, ef svo má að orði kveða. Það er Hótel KEA á Akureyri. Þar mega menn ekki koma inn, nema þeir séu sérstaklega vel til fara. Mér var sögð kátleg saga þaðan, þegar ég kom til Akureyrar, þess efnis, að einum vini forstöðumanns hótelsins, merkum manni, hefði verið vísað þar á dyr. En það kemur reyndar ekki þessu máli við. — Hv. þm. Str. lét svo um mælt, að ekki ætti að borga með útlendingum. En við, sem ferðazt höfum erlendis, vitum, að víða borgar ríkið stórfé með ferðamönnum. Ferðalög með járnbrautum krefjast t. d. mikilla útgjalda. Þó getur þetta borgað sig. En ég fyrir mitt leyti óska ekki eftir stríðum ferðamannastraumi til Íslands.

Ég skal svo eigi teygja meir úr umræðunum. Það er mikið að gera. Ég veit það. En að lokum vil ég taka fram, að ég fæ ekki séð, að staðhæfingar hv. þm. Str. hnekki málinu hið minnsta.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi aðeins láta í ljós stuðning minn við málið og svara ýmsum aths., er fram hafa komið.

Þegar frv. þetta var í undirbúningi, var það lagt fyrir bæjarráð Reykjavíkur. Meiri hluti þess mælti á móti málinu, því að vikið yrði frá ákvæðum hlutafjárlaganna. Ég tel eðlilegt, ef ríkið blandar sér á annað borð í atvinnurekstur, að þá gildi um það sömu reglur og þær, er ríkið setur borgurunum. M. ö. o.: ríkið hlíti sömu lögum sem þegnarnir. Álít ég því, að þessi gistihúsbygging eigi að heyra undir l. um hlutafélög og mundi greiða atkv. með brtt., sem gengi í þá átt. Ég tel þetta meira mál en svo, að lítilfjörleg smámunasemi megi verða því til trafala.

Það verð ég að segja, að ég er undrandi yfir ummælum hv. þm. varðandi eignarnámsheimildina. Sé ég enga ástæðu til að standa á móti henni. Lík ákvæði eru til í mörgum öðrum lögum. Nefni ég t. d. vegalög, hafnalög, og fleiri mætti til tína. Sé ég því enga sérstaka ástæðu til ótta af því tilefni. Ef brtt. n. verður samþ., er gengið sýnu betur frá þessu fyrir hagsmuni borgarans. Ég held, að málið sé svo umfangsmikið, að óvíst sé, hvenær hægt verði að hefja framkvæmdir, þótt hins vegar sé vonandi, að þær geti hafizt sem fyrst. Því má vera ljóst, að eigi er rétt að tímabinda heimildina.

Ég get upplýst, til þess að menn óttist ekki heimild þessa um of, og vegna þeirra umræðna, er fram hafa farið um frv. í hv. Nd., þar sem tal manna var komið niður á sérstakar eignir, og hver væri ætlun bæjarráðs, að þá stöðvaðist sala á ákveðinni eign hér. Menn sneru sér til bæjarstj., og voru allir flokkarnir sammála um í bæjarráði að kaupa eignina eftir mati. — Menn verða að treysta því, að svo verði á málum haldið, að allrar sanngirni verði gætt í garð borgaranna í viðskiptum þeirra og bæjaryfirvaldanna.

Það á ekki að líta á hótelið þannig, að það varði útlendinga eina, sbr. ummæli hv. þm. Str. Hótelið á að geta orðið fyrir íslenzkan almenning engu síður en fyrir útlendinga. Hefur einmitt vakað fyrir mönnum, að það gæti orðið fyrir alla. Eftirtektarvert er, að arkitektinn, sem um málið fjallaði, lét þess getið, að vitanlega ætti að haga svo til, að allir menn gætu dvalizt á hótelinu að jöfnu, ríkir og fátækir. Hann taldi enga tæknilega galla á vera í þessu efni. Hins vegar má alltaf búast við, að vísa þurfi þaðan út mönnum úr öllum stéttum, ef þeir koma þar ósæmilega eða sóðalega fram í klæðaburði eða drykkjuskap. Þar á enginn mannamunur að eiga sér stað. En það hefur einmitt verið talið okkur til lofs, að hér á landi væri lítill stéttamismunur.

Ég held, að ekki væri um að ræða, að hótelið gæti borið sig fjárhagslega, ef miða ætti einvörðungu við ríka útlendinga. Og hér vildi ég leggja áherzlu á eitt atriði: Mér var sönn ánægja að því að sjá Hótel KEA á Akureyri síðastl. sumar. Er það prýðileg stofnun og til mikils menningarauka og sóma fyrir Akureyrarbæ, þótt ég telji hins vegar, að það hefði átt að vera betur í sveit sett. Sú meginregla gildir á þesssu hóteli, að þar eiga jafnan aðgang menn úr öllum stéttum, ef þeir koma sæmilega fram. Virðist þar hafa sannazt, að hægt sé að reka gott og nýtízku hótel fyrir alla, svo að vel fari á. Ég hef að vísu enga tilhneigingu til að hefja KEA til skýjanna, en vil þó láta það njóta sannmælis.

Tel ég, að aðgerðir þess í hótelmálum megi mjög verða öðrum til fyrirmyndar. Þó er það rétt, að allir aðrir en yfirstéttarmenn mega vel við una.

Ég blanda mér annars ekki í deilur hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Eyf. Ég tel Hótel KEA lofsvert fyrirtæki, en um það er annars það að segja, að það er lofsvert fyrir þann, er veitir því forstöðu. Harma ég mjög, ef talsmenn samvinnuhreyfingarinnar taka upp fjandskap gegn því, að Reykvíkingar fái gott hótel fyrir sig, eins og Akureyringar hafa sitt Hótel KEA. Á hinn bóginn, ef SÍS vildi ganga í félag við þá, sem áhuga hafa á þessu máli, um, að hótel þetta gæti borið af öllum öðrum hér á landi, þá væri það ánægjulegt. Væri þá sameinazt um að gera öllum til geðs og hæfis. — Þetta ætti eigi svo mjög að verða deilumál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki átt þess kost að taka hér þátt í umræðum. E. t. v. er það óþarfi. En ræða hv. þm. Str. gaf mér tilefni til að segja nokkur orð. Ástæða er til þess að skýra frá, hvers vegna málið er komið fram í þessu formi, einmitt vegna ræðu hv. þm. Str. Engin viðleitni er til samkeppni milli einstaklinga. Á síðasta þ. var samþ. að vísa málinu til stj. til undirbúnings. Þá var leitað til Eimskipafélagsins og Reykjavíkurbæjar um það, hvort þeir aðilar vildu gerast þátttakendur í þessu fyrirtæki. Einnig voru hóteleigendur og fleiri spurðir, hvort þeir vildu taka einhvern þátt í því. — Þegar í stað kom í ljós, að hér yrði um risavaxið fyrirtæki að ræða, sem mundi kosta yfir tvo tugi milljóna, og var því hætt við, að einstaklingum yrði ofviða að leggja í það. Ýmsir þeirra tóku undir eins fram, að fram yrði að koma til byggingarinnar óendurkræft og vaxtalaust fjárframlag. Sýnt var, að þessarar opinberu aðstoðar mundi þörf, ef málið ætti að komast á einhvern rekspöl. — Ég hygg, að enn standi það opið einstaklingum að taka þátt í fyrirtækinu, þeim er leikur hugur á. Þær opinberu framkvæmdir, sem orðnar eru í þessu máli, stafa af því, að einstaklingar treystust eigi til að ráðast í þetta stórvirki.

Annað atriðið er líka stórt. Mér hefur verið sagt af sérfróðum manni, að því betri og fullkomnari sem hótelin eru, þeim mun minni eru líkurnar til þess, að þau beri sig fjárhagslega. Dýr hótel er ekki hægt að reka nema með tapi. Hins vegar vill það því miður oft verða svo, að þau, er að gefa, verða fremur ófullkomin. Eina leiðin til að leiðast frá þeirri freistni er, að einhver sá aðili komi til, sem líti ekki eingöngu á fjárhagshliðina, hagnaðarvonina. Hér yrði hótelreksturinn áhugamál bæjarstj. Reykjavíkur, Eimskipafél. og ríkisstj. sjálfrar.

Þetta var höfuðástæðan til þess, að ríkið gerðist aðili til að tryggja, að lagt yrði út a heppilega braut í hótelrekstrinum. — Hv. þm. Str. hélt því fram, að þetta yrði lúxus-hótel, einvörðungu fyrir útlendinga. En ég get upplýst þennan hv. þm. um það, sbr. fyrri ummæli, að engin vandræði verða með að koma því svo fyrir, að hótelið geti bæði verið fyrir efnað og efnalítið íslenzkt fólk. — Hv. þm. sagði og, að hér væri verið að stofna til þjóðnýtingar í ríkum mæli, og hygg ég, að hann hafi þá haft frv. fyrir sér eins og það var í upphaflegri mynd sinni. Mun hann þar eiga við 5. gr. þess, en henni var breytt í Nd., og þarf hv. þm. Str. því ekki að óttast þjóðnýtinguna meir.

Ég álít, að hótelið eigi að vera okkur stórkostlegt menningarmál. Aðgerðir hins opinbera eiga að tryggja það, að málið verði ekki leitt út á hálar brautir fjárhagslega.

Það er víst, að til landsins verður talsverður straumur erlendra manna, sem þarf að hýsa. Þetta hótel á að vera eitt af því, sem gerir ferðamannastraum til landsins mögulegan. En þá á ekki að hýsa á stöðum, þar sem við vildum ekki vera sjálf. Hvort sem við viljum eða ekki, verður ferðamannastraumurinn að öllum líkindum mikill, og er þá nauðsynlegt að hafa sæmilegt húsnæði fyrir fólkið. Og hér er þess líka að gæta, að skapazt getur heilbrigt atvinnulíf með þessu.

Ég er vonsvikinn yfir því, að frv. um ferðaskrifstofu ríkisins virðist hafa strandað. Það hefur verið í n., og vildi ég, að það kæmist í framkvæmd. Vænti ég þess, að hæstv. forseti ýti því áleiðis. Það er skylt þessu máli. Vil ég þó engan veginn blanda þessum tveim frumvörpum saman.

Hv. þm. Str. sagði, að hótelreksturinn gæti orðið arðvænlegasti atvinnurekstur. Það getur verið. En hins vegar eru líkur til einnig, að hann verði óarðvænn. Ef vel á að vera, þá er erfitt að gera hann arðvænlegan hér. Um reksturinn höfum við fengið margar góðar upplýsingar frá arkitektinum um leiðir, sem hann bendir á. Ég veit, að lögð verður á það áherzla, að fyrirtækið geti sjálft staðið undir sér, og allt kapp verður einnig á það lagt að fullnægja kröfum til góðs útbúnaðar og sjálfsagðra nýtízku þæginda. Og það er í það minnsta ekki til fyrirstöðu. Hins vegar hefur verið reynt að gera það svo fjárhagslega tryggt úr garði sem unnt er. — Annað hef ég ekki heyrt um málið í umr. eða fengið upplýst, sem mér finnst að þurfi að ræða um að svo stöddu.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að hv. d. gæti afgr. þetta mál nú, svo að hægt væri að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu, sem þegar er — að litlu leyti þó — komin í gang um málið, því að ekki er hægt að gera neitt endanlegt í málinu fyrr en Alþ. hefur samþ. þetta frv. sem l. Og ef frv. verður fellt, verður sá undirbúningur stöðvaður.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. var að tala um það, að það mætti eiga von á deilu milli mín og samþm. hans um KEA á Akureyri. En ef hann vonaðist eftir skemmtun af því, þá held ég, að sú von bregðist og sú skemmtun verði lítil fyrir þann hv. þm. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að deila um það. Ég lét aðeins undrun mína í ljós út af því, að hv. 1. þm. Reykv. skyldi vera hér með hreina slúðursögu um þetta hótel, og ég held, að hans vegur vaxi ekki af því. Aftur sagði hv. 6. þm. Reykv. alveg satt og rétt frá um þetta hótel, og ég býst við alveg af eigin sjón og raun, og ég hugsa, að hann verði þó tæplega grunaður um

hlutdrægni gagnvart eigendum þessa hótels.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta hótel KEA á Akureyri væri eina lúxushótelið, sem til væri í landinu, og þar til merkis um væri það, að þangað fengju ekki aðrir að koma en yfirstéttarmenn. En sannleikurinn er sá, að þangað fá allir að koma, hvernig sem þeir eru búnir. En það má víst telja þetta hótel standa öðrum hótelum landsins framar að því leyti, að þangað fá allir að koma, hvernig sem þeir eru klæddir. En þó að það hafi þetta fram yfir flest önnur hótel, þá er ekki hægt að kalla það lúxushótel að því leyti, að það sé það dýrasta, því að bæði herbergi og veitingar munu vera þar heldur ódýrari en á hótelum hér í Reykjavík. Og þó er það svo, og fróðlegt fyrir hæstv. samgmrh. að vita það, að síðan sá hótelrekstur byrjaði, hefur hann borgað sig fjárhagslega. Því að þótt kaupfélag Eyfirðinga hafi reist þetta hótel, þá heldur það reikningnum alveg fráskildum frá sínum fjárhag að öllu leyti, og er auðvelt að sjá það í þessum reikningum þess, hversu það hefur gengið vel. Og veit ég þó ekki til, að það hafi farið inn á neinar óheppilegar brautir, sem hæstv. ráðh. var að tala um, að hótelin færu stundum inn á og með því móti gætu þau borið sig.

Eins og sjá má af nál. fjhn., þá tók ég ekki þátt í atkvgr. um málið né heldur hv. þm. Dal. Við höfum þó ekki klofið n. eða skilað neinu sérstöku nál. Hv. form. n. sagði mér frá því í gær, að það yrði haldinn fundur til þess að afgr. málið. En þar sem ég vissi, að hann var þá þegar með undirskrifað nál. þriggja nm. og fundurinn var ekki nema formið, þá sá ég enga ástæðu til þess að mæta á fundi, af því líka að hv. þm. tók það fram, að ekkert yrði til umr. annað. Og ég tók því engan þátt í afgreiðslu málsins, og hef ég því að sjálfsögðu óbundnar hendur um atkv. mitt.

Vegna þess að ég skoða mig ekki sem minnihlutamann né frsm. minni hl. í n., þá býst ég við, að ég hefði látið þetta mál afskiptalaust hér við þessa umr., ef hv. 1. þm. Reykv. hefði ekki séð ástæðu til þess að fara að blanda Hótel KEA á Akureyri inn í þetta, án þess að ég sé sérstaklega að taka það illa upp. (*MJ:* Var það ekki 6. þm. Reykv., sem bað hv. þm. að standa upp?) Það var 1. þm. Reykv., sem sagði slúðursöguna, sem ekki hefur við neitt að styðjast. (*MJ:* Þetta er sönn saga). Ég er því svo kunnugur, að ég hef séð hundruð manna koma þar inn á Hótel KEA í alls konar ferðafötum og fá þar allan beina. Og ég hygg, að við hv. 1. þm. Reykv. getum báðir hlítt dómi hv. 6. þm. Reykv. um þetta hótel, og hv. 1. þm. Reykv. getur sjálfur leitað til fleiri flokksbræðra sinna um það heldur en hans. Ég læt svo útrætt um þetta hótel.

Ég viðurkenni fúslega, að það er full þörf á því að byggja hótel hér í Reykjavík, því að það er náttúrlega til minnkunar hreint og beint, hvað illa er séð fyrir þörf ferðamanna, hvort sem þeir eru erlendir eða íslenzkir, sem koma hingað til bæjarins. Og þess vegna er hægt að undrast það, að ekki skuli hafa verið hafizt handa fyrir löngu til þess að hrinda því máli áleiðis, sem er alveg nauðsynlegt.

Hitt er svo allt annað mál, hvort nauðsyn beri til þess að gera ríkis- eða bæjarrekstur úr þessu, og hvort nauðsyn beri til þess að ráðast í svo stórt fyrirtæki, sem hér er um að ræða.

Ég álít, að það sé rétt, sem hv. þm. Str. sagði, að hótelrekstur sé oft mjög arðvænlegur, og þurfi alls ekki að fara inn á þessa óheppilegu braut, sem hæstv. ráðh. var að tala um, til þess að svo sé. Ég byggi það bæði á rekstri hótels KEA, sem viðurkennt er ágætt hótel, og ýmissa annarra hótela, sem ég þekki.

En ég veit ekki vel, hvað hæstv. ráðh. á við með þessum óheppilegu brautum, — það kynni að vera leynisala á víni eða þess konar. En það er alveg áreiðanlegt um sum hótel, sem hefur gengið mjög vel, þá hefur ekki verið um neitt slíkt að ræða. Ég álít því — þó að ég viðurkenni þörfina á þessu hóteli, — að það sé nokkuð fljótfærnislegt af Alþ. að fara nú, áður en gengið er úr skugga um það, hvort ekki er hægt að koma því í kring, að gott hótel yrði reist í Reykjavík, að verja 5 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að leggja í þetta hótel og bera svo ábyrgð á rekstri þess að hálfu leyti. Það á náttúrlega ekkert illa við, að t. d. Eimskipafélag Íslands legði fé í þetta, 5 millj. kr., enda mun það hafa verið fúst til þess. Og ef til vill eru það fleiri aðilar, sem vildu gjarnan leggja fé í þetta. (*BBen:* Það liggur ekkert fyrir um það, að Eimskipafélagið vilji leggja svo mikið fé í þetta.) Það hefur verið gert ráð fyrir því. Sem sagt, þó að ég vilji, að hér komi sæmilega gott hótel, veit ég ekki, hvort það þarf að vera þetta 200 herbergja hótel, sem nú hefur verið talað um og kostar 15 millj. kr., en gott hótel þarf að koma. Og þó að ég álíti fulla þörf á því, þá álít ég, að ekki sé gengið úr skugga um það, en ekkert hefur getað sannfært mig um, að ríkið þurfi nú endilega að taka þátt í þessum rekstri, eins og virðist vera gert ráð fyrir nú. Og það er eins og ekkert sé hægt að gera lengur nema ríkið þá tæki þátt í því, og hefði það einhvern tíma þótt fyrirsögn, að hv. 1. þm. Reykv. legði til, að ríkið ræki hótel, því að ekki var ríkisrekstur svo hátt í huga þessa hv. þm. áður. (*MJ:* Ég er ekki svo mjög mikið með því heldur). Hv. þm. mælir þó með því.

Þá kem ég að atriði, sem mig langar til að beina til hæstv. ríkisstj., og er það um heimild, sem ríkisstj. var veitt fyrir nokkrum árum og hefur ekki verið notuð. Það er heimild um byggingu, sem Alþ. hefur bæði heimilað og ákveðið að byggð skuli vera eða þá keypt af ríkinu, en mér vitanlega hefur ríkisstj. ekkert gert í málinu, og er þar aðeins að ræða um smámuni í samanburði við þetta. Það er bústaður fyrir alþm., sem eiga heima utan Reykjavíkur; það var beinlínis sett í l. 1942, að ríkisstj. skyldi kaupa hús til þessara nota eða láta byggja hús. Og það var enn heimilað, að stj. leigði húsnæði handa þessum þm., þangað til hún hefði komið þessu í kring. Síðan var á næsta ári sett í fjárl., í heimildargr. þeirra, að ríkisstj. skyldi heimilt að láta reisa þetta hús. Þá var það í 3. sinn, þegar ríkisstj. óskaði lánsheimildar til þess að byggja skrifstofubyggingu og annað slíkt, að þá var heimild til lántöku til þessara framkvæmda

bætt inn í þau l. Svo að Alþ. hefur þrisvar sinnum samþ. þetta mál. Og mér virðist ekkert hafa verið í því gert. Nú ætla ég ekki að ræða um það frekar, því að það er á öðrum vettvangi. En ég vildi út af þessu gjarnan spyrja, hvernig ríkisstj. liti á það, hvort ekki mætti útbúa einhvern part af þessu hóteli þannig, að hann yrði hentugur til þessara nota, því að það er vitað mál, að þm., sem dvelja marga mánuði fjarri heimilum sínum, hér í Reykjavík, hentar ekki að öllu leyti venjuleg hótelherbergi, þannig að ef hugsað væri til þess að fullnægja þessu lagaákvæði í sambandi við þessa hótelbyggingu, þá ber að hugsa um það fyrirfram að haga einhverjum hluta eða parti af byggingunni með tilliti til þessa. Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst. Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Ég mun ekki við þessa umr. spyrna við þessu máli eða leggjast á móti því. Það sýnir sig svo við 3. umr., hvernig endanleg afstaða mín verður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vita, hvort hæstv. ráðh. hefði athugað þá athugasemd, sem ég gerði við 4. gr., og hvort hann mundi telja, að það spillti nokkuð frv., þó að sú gr. yrði felld niður. Ég sagðist mundu bera fram brtt. við hana.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð að bera af mér sakir út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði sem nm., að ég hefði boðað hann á fund í fjhn. um málið, en ég hefði verið með nál. undirskrifað í hendinni, og að hann hefði séð, að það þýddi ekkert fyrir hann að koma á fund. (*BBen:* Er þetta haft svona með öll mál þar?) Hv. 1. þm. Eyf. var búinn að sýna afstöðu sína til málsins, og það er svo hagað störfum í þessari n., eins og öðrum (*BSt:* Þetta var ekki aðfinnsla frá mér.), að það verður að hraða störfum. Og þess vegna var ég með tilbúna brtt. í hendinni, þegar ég boðaði fundinn, og einnig með nál., en það var bara óundirskrifað. Og ég gerði það náttúrlega til þess að flýta fyrir málinu, því að enginn tími var til fundahalda síðan. Ég gat ekki haldið fundi nema á meðan deildarfundir stóðu.

Ég vil svo segja það, að mér þykir hv. 1. þm. Eyf. hafa nákvæmt eftirlit með Hótel KEA á Akureyri, að hann skuli vita, að þetta atvik hefur aldrei komið fyrir þar. Ég var staddur á Akureyri, þegar þetta skeði. Hitt skil ég, að hann vildi taka undir lof hv. 6. þm. Reykv. um þetta atriði. Auðvitað er stjanað við borgarstjórann í Reykjavík. (*BBen:* Hann gisti þar ekki). Nei, heldur leiddur um eins og þegar verið er að sýna útlendum nefndarmönnum Rússland. Og þess vegna er þessi skýrsla borgarstjórans ekki veigamikil.

Hitt er satt, að Akureyringar standa mjög framarlega með gistihús. Og ég get ekki tekið undir það, að ég sé ákaflega mikið fylgjandi þessu frv. Það má segja Akureyringum til mikils lofs, að þeir standa Reykvíkingum framar á þessu sviði, þeir hafa reist þessi mörgu ágætu gistihús. En hér í Reykjavík, þar sem fólkið er flest og möguleikarnir mestir til þess að reka gott gistihús, þar þarf ríkið að koma til og löggjöf til þess að koma upp góðu hóteli. Ég skaut því fram áðan, þegar hv. 1. þm. Eyf. var að tala, að ég er ekki mikið með því, að ríkið reki hótel, og ég skal játa það nú, að ég er ekki mikið með því. Mér hefði þótt það miklu myndarlegra fyrir Reykvíkinga, ef aðrir aðilar hefðu komið upp eins myndarlegu hóteli og hér er um að ræða. Ég get frekar hugsað mér, að bærinn tæki þátt í því, en að bærinn og ríkið taki að sér að koma því upp. Og það er meðal annars af því, að ríkið verður að leggja þarna fé í fyrirtæki, sem það svo ekki ræður fyrir. Ég álít, að ríkisstj. geti ekki farið á sama hátt að með fjármuni sína og einstaklingum er frjálst, að leggja fé sitt í áhættusöm fyrirtæki. En út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. talaði hér um að hugsa sér þetta sem hlutafélag, og hvað hann ætlar að gera með brtt. hv. þm. Barð. um það að veita undanþágu um atkvæðamagnið fyrir hlutafélögum, því að mér skilst, að ef það eru 3 aðilar, þá sé ekki hægt að fullnægja skilyrðum hlutafélags, það er ekki hægt að fullnægja þeim ákvæðum hlutafélags nema ekki séu í því færri en 5 aðilar og enginn færi með meira en 20%. Það er ekki hægt, ef hlutafélagið á að vera fullkomið, því að þá verður að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Ég vona svo, að þeirri skemmtun d., sem hv. 6. þm. Reykv. boðaði milli mín og hv. 1. þm. Eyf., sé lokið.

Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Eyf., að þetta hótel verði reist þannig, að fullnægi sem bezt þeirri miklu þörf, sem er fyrir gott hótel, og einmitt þessi hugmynd, að það væri þar einnig gerðar nægilegar vistarverur fyrir utanbæjarþm., er tilvalið og ágætt, að hann skyldi skjóta þeirri hugmynd fram, ef öðrum hefði ekki dottið það í hug, því að ég hygg, að það, sem staðið hefur í vegi þessu þingmannahóteli, er það, að það verður að vera hægt að reka það í sambandi við gistihúsrekstur. Og mér virðist mjög eðlilegt, að þm. sé séð fyrir vistarverum á þessu hóteli, ef ekki verður séð fyrir þeim á annan hátt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal verða mjög stuttorður. — Hv. 1. þm. Reykv. var hér að segja frá Hótel KEA. En ég vil segja, að það sé jafnt slúðursaga fyrir því, þó að hann trúi henni. Og það er jafnt slúðursaga fyrir því, þó að einhver aðstoðarmaður á hótelinu kunni einhvern tíma að hafa sýnt einhverjum gesti á hótelinu ókurteisi. Hitt fullyrði ég, að stjórn hótelsins, sem ég er í sjálfur, og þeir forstöðumenn, sem við höfum haft fyrir hótelinu hingað til, að það er ekki með þeirra leyfi eða samþykki, að gerður sé munur á mönnum eftir því, hvernig þeir eru klæddir þegar þeir koma þangað. (*MJ:* Þetta var bara til þess að fullnægja reglunni.) Ég hef sjálfur borðað inni á veitingasal Hótel KEA, og þar hafa borðað bílstjórar í vinnufötum, sveitabílstjórar, sem eru margir í verkamannafötum. Svo ætla ég þá, eins og hv. 1. þm. Reykv., að bera af mér sakir út af þessum fundi í gær í fjhn. Hv. þm. hefði í raun og veru ekki þurft að minnast á hann, ég talaði ekkert um það í neinu ásökunarskyni. Okkur kom

saman um þessa aðferð, hv. formanni n. og mér. Það kann að vera, að mig misminni það, að nál. hafi verið undirskrifað, en það bara skiptir engu máli, vegna þess að það var tekið fram seinast í nál., hvaða nm. gátu ekki tekið þátt í atkvgr. málsins, áður en fundur var haldinn. Hv. 1. þm. Reykv. var búinn að setja: „einn nm. (ÞÞ) tók ekki þátt í atkvgr. um málið.“ Og svo eftir samkomulagi við mig: „Tveir nm. (ÞÞ og BSt) tóku ekki þátt í atkvgr. um málið.“ — Og þetta var áður en fundur var haldinn. Ég er ekki með ádeilur út af þessu. Þetta var samkomulag, þar sem nál. bar með sér, að 3 nm. stóðu að því. Hvort sem það var undirskrifað eða ekki, þá var í það minnsta búið að ákveða að undirskrifa það.

Ég er hv. þm. ekki alveg sammála um það, að fram úr þessu þingmannabústaðarmáli yrði bezt séð með því að hafa herbergi á hóteli. Ég álít það að ýmsu leyti óheppilegt fyrir þeirra starf að búa á hóteli. Jafnvel þótt þau herbergi væru að ýmsu leyti sérstaklega útbúin til þessa, álít ég, að miklu betra væri að hafa sérstakt hús til þeirra nota. Og það er fjarstæða að halda fram, að ekki sé hægt að reka slíkan bústað öðruvísi en í sambandi við hótel. Það er engin sjálfsögð nauðsyn, að þingmenn hafi fæði á þessum stað. Ég er búinn að vera þm. á 3. tug ára og venjulega borðað annars staðar en ég hef búið, og er það ekki það versta fyrir þingmanninn. En þótt ég telji langt frá því, að þetta sé bezta lausnin á málinu, þá álít ég samt, ef þetta hótel er byggt á annað borð, að það sé skárra en gera ekki neitt að ætla þingmönnum þarna pláss. Það þykir kannske óviðkunnanlegt af alþm. að leggja svo mjög upp úr þingmannabústaðarmálinu, eins og ég hef gert. En ég býst við því, að allir sjái, að ég er kominn á þann aldur, að þetta mundi hafa minnsta þýðingu fyrir mig persónulega. En ég hef næga þekkingu á aðbúnaði utanbæjarþingm., og þess vegna hef ég verið að berjast fyrir þessu máli. Ég hef nóga reynslu fyrir því, hvaða aðbúnað alþm. utan af landi allflestir hafa getað fengið í Reykjavík, bæði meðan þeir þurftu að útvega sér bústað sjálfir og líka eftir að ríkisstj. tók það í sínar hendur.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég kalla það ádeilu af hálfu nm., þegar hann segist ekki koma á fund af því að búið sé að ráða málinu til lykta. Hann sagði fyrst, að frsm., sem líka var form. n., hefði verið með fullbúið og undirskrifað nál., þegar fundur var boðaður. Eins og hv. þm. sagði nú, var þetta samkomulag utan fundar. Og maður hefur nú séð það svartara. En hv. þm. Dal. og 1. þm. Eyf. sögðu báðir, að þeir tækju þátt í slíkri afgreiðslu málsins. Svo þegar hv. þm. er sagt, að nú verði fundur, þá segir hann, að þetta sé allt skeð. En ég get fellt þetta niður, úr því hv. þm. sagði þetta ekki í ádeiluskyni.

Það, sem ég sagði um KEA, var engin ádeila á það. Mér finnst þetta fyrirkomulag eðlilegt á hótelum og verulega fínum kaffihúsum. Það er mjög eðlilegt, að þau geri mun á, hvernig menn eru klæddir. Það er ekki nema rétt að setja slíkar reglur, ef menn sjá ekki sóma sinn í að koma ekki í vinnufötum, sem að vísu eru ágæt til sinna nota, en eiga ekki við, þar sem húsgögn eru með viðkvæmu áklæði og aðrir menn yfirleitt prúðbúnir. Og mér var sagt, að hótel KEA hefði slíkar reglur. En nú upplýsir einn stjórnarmaður hótelsins, að svo sé ekki. Álít ég það síður en svo því til hróss. Ég sagði þessa gamansögu alls ekki til að níðra hótelinu. Þetta er algeng regla, og er ekkert verið að fara í manngreiningarálit. Það er ekkert meira en menn geta haft hótel fyrir karlmenn eða eingöngu fyrir kvenmenn, þingmenn eða templara. Það er ekki manngreiningarálit.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki tefja umr., en vil aðeins svara fyrirspurn, sem til mín hefur verið beint frá hv. 1. þm. Eyf. um það, hvort í sambandi við þetta hótel eigi að athuga um þingmannabústað. Svo hefur ekki verið. En það stendur opið fyrir að athuga þetta. Og ekki skal ég fyrir mitt leyti standa á móti því, að sú athugun fari fram.

Hv. þm. Barð. spurðist fyrir um það, hvernig mér litist á brtt. hans, sem mér skilst vera á þá leið að fella niður 4. gr. frv. Um þetta vil ég aðeins segja það, að gert hefur verið ráð fyrir þeim möguleika, að þessir 3 aðilar, sem nefndir hafa verið ásamt tveim öðrum, mynduðu hlutafélag um byggingu og rekstur þessa hótels. En það er aðeins möguleiki, en ekkert um það sagt, hvort möguleikinn verður notaður eða þetta félagsform. Ef formið verður notað, verður að fá undanþágu, því að annars skilst mér, eftir því sem lögfræðingar segja, að ríkissjóður geti ekki orðið aðili að stofnun félagsins og ekki heldur bæjarsjóður Reykjavíkur, því að það verða að vera persónur. Því verður undanþága að vera. Svo getur það orkað tvímælis, hvort nema eigi úr gildi takmörkun á atkvæðisrétti. En venjulega í hlutafélögum er takmörkunin miðuð við ⅕. Það er sett svona fram, vegna þess að annars hefði bæjarstjórn og bæjarráð Reykjavíkur verið andvígt því að taka þetta til athugunar. Ef horfið yrði að því að hafa hlutafélagsformið, segja hinir fróðu menn, sem l. þekkja, að nauðsynlegt sé að hafa undanþáguákvæði um stofnendur.

Gísli Jónsson: Fyrst vil ég minna á það, að 2. gr. frv. heimilar ríkisstj. að reisa gistihúsið í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga. Þess vegna er fallin sú röksemd hv. 1. þm. Reykv., að þarna sé ekki um að ræða nema 3 aðila. Hér er um ótakmarkaða aðila að ræða. — Viðvíkjandi athugasemd hæstv. samgmrh. þá vil ég segja það, að það er ekki rétt, að undanþágu þurfi til að stofna þetta félag. Það er hægt að gera það með sáralitlu kapitali. Ríkissjóður getur svo strax daginn eftir aukið hlutaféð án þess að vera stofnandi. Þetta er mjög mikið notað nú, þegar verið er að láta hlutafélög eignast stóra hluti í öðrum hlutafélögum. (*Samgmrh.:* Það er ekki viðeigandi að fara þá leið.) Það er vitanlegt, að fyrir liggur fordæmi um það, að einstaklingar, sem tóku þátt í hlutafélagi fyrir 20 árum, höfðu engan rétt í félaginu, fengu engan arð, ekki heldur þegar félagið gat greitt hann. Að síðustu tók

Alþ. til sinna ráða, er því fannst meðferðin orðin óverjandi, og skyldaði ríkissjóð til að borga þessum mönnum út sinn hlut. Ég veit ekki, af hverju menn eiga að læra, ef þeir læra ekki af þessari reynslu. Og ég get ekki greitt atkv. með þessu, sérstaklega þegar ég veit, að það er engin þörf að gera þetta. Það eru engin vandræði að stofna hlutafélag og láta það vera undir þeim l., sem nú gilda. En ef það getur þó ekki fallið undir l., þá á ekki að hafa það hlutafélag, t. d. heldur sameignarfélag, bæði þegar það er stofnað og eins þegar það verður rekið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 789 (ný 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 809, 812).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 812. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki hefja umræður um þetta mál, því að ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þess. Brtt. þær, sem ég flyt á þskj. 812, eru í samræmi við það, sem ég hef áður haldið fram, og tel ég mig því ekki þurfa að skýra þær frekar, en vænti, að hv. deild geti fallizt á þær.

Bjarni Benediktsson: Ég vil mæla með síðari brtt., því að hún getur ekki skaðað málið, en hins vegar er gott að takmarka eignarnámsheimildina. — Fyrri brtt. aftur á móti verður erfitt að samþ., þar sem hún felur í sér, að reglur úr hlutafélagalögum um stofnendur og atkvæðamagn eigi að gilda, og get ég eigi fallizt á hana.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Seyðf. varðandi 4. gr., að orðin „og takmörkun á atkvæðisrétti" falli niður. Afbrigða verður nú leitað um brtt. þessa.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 835) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég skal lýsa því yfir, að ef þessi brtt. verður borin upp á undan minni og samþ., skal ég taka aftur brtt. mína, eða fylgja þessari, ef mín verður felld.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjárhagsnefnd hefur ekki haft tækifæri til að athuga þessar brtt. á þskj. 812 og því síður tekið afstöðu til skrifl. brtt. Ég get tekið undir með hv. 6. þm. Reykv., að síðari brtt. hv. þm. Barð. sé meinlaus; ég tel rétt að takmarka eignarnámsheimildina, — en hinni fyrri get ég ekki greitt atkv. Upphaflegi tilgangurinn með 4. gr. frv. var að gera þeim, er að þessu standa, mögulegt að reka þetta sem hlutafélag. Ég get ekki séð neina hættu við þetta. Þegar ríki og bær stofna hlutafélag, þá gera hlutafélagalögin ekki ráð fyrir slíku, og tel ég því rétt að veita undanþágu í þessu tilfelli. — Ef skrifl. brtt. verður samþ., er verið að svipta ríkið og bæinn íhlutunarrétti. Þó kann að vera, að þeir 3 aðilar, sem nú standa að byggingunni, kjósi ekki hlutafélagaleiðina, og er till. þá meinlaus.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mér sýnist þetta undanþágumál vera að komast inn á heldur kátlegan grundvöll. Ef hlutafélagsform verður haft, verður að veita undanþágu frá hlutafélagalögunum. En ef þessir 3 aðilar, ríki, bær og Eimskipafél., ráða yfir sama fjármagni í þessu, þá sé ég ekki, hverju það skiptir, hvort þeir ráða yfir ⅓ eða ½ atkvæðamagns, og efast ég um, að þessi brtt. sé til bóta. En ef gengið er út frá því, að þarna kæmu fleiri hluthafar inn og framlögin yrðu misjöfn, þá finnst mér hæpið að takmarka atkvæðisrétt ríkissjóðs, því að það er augljóst, að ríkissjóður ræður ekki yfir meiri hluta atkv. í félagsskapnum. Ég teldi æskilegt, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það nú er.

Bjarni Benediktsson: Frv. þarf hvort sem er að fara til Nd. — Ég held, að síðari brtt. hv. þm. Barð. geti ekki sætt ágreiningi.

Varðandi hina till., þá hefur hæstv. ráðh. misskilið hana. Ég hef gert ráð fyrir, að ef þessir 3 aðilar, sem um ræðir, rækju hótelið, þá yrði ekki stofnað hlutafélag, heldur yrði hlutafélag stofnað, ef einstaklingar legðu fé í fyrirtækið. Einmitt það, sem hæstv. ráðh. tók fram, að ríkið mundi ekki eiga meiri hluta í fyrirtækinu, ætti frekar að sætta menn við að hlíta hlutafélagalögunum.

Ég vil halda fram, að rétt sé að hafa venjulegar takmarkanir á atkvæðisrétti.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þegar þetta frv. var upphaflega samið, var það sent til Rvíkurbæjar og Eimskipafélagsins, til umsagnar. Frá þessum aðilum komu fram þær skoðanir, sem felast í brtt. hv. þm. Nú er ekki slegið föstu, hvort framlag ríkissjóðs eigi að vera meira en ⅓. En ef framlagið fer fram úr því, verður þarna skerðing á atkvæðisrétti. Það, sem fyrir mér vakti, var, að ef um hlutafélagsform væri að ræða, þá væri ekki rétt, að þeir 2 aðilar, sem kynnu að bætast við, aðilar með lítið fé, en legðu fram fagþekkingu, hefðu sama rétt og hinir 3 aðilarnir, sem leggja fram allt féð. — Ríkissjóði er opin leið að takmarka sitt framlag við ⅓ hluta, og er þá enginn réttur af honum tekinn. Annars sé ég ekki, að þetta atriði þurfi að valda miklum ágreiningi.

Lárus Jóhannesson: Þessi brtt. er komin fram vegna þess, að ég hefði óskað, að hægt yrði að stofna félag, sem talsvert almenn þátttaka yrði í. Ef framlag ríkis og bæjar er allverulegt, er ég viss um, að menn mundu vilja leggja fé í þetta fyrirtæki. Það er einmitt til að útiloka ekki þessa þátttöku, að ég kem fram með þessa brtt. Einmitt til að fá þetta almannafé hef ég komið

fram með till. um að atkvæðisréttur yrði takmarkaður. Ef aðilar eru 5, 3 stórir og 2 litlir, þá hafa þeir atkvæðisrétt í samræmi við framlög sín. Ég get ekki séð, að þetta spilli fyrir framgangi málsins, en það gæti aftur á móti orðið til þess, að einkafjármagn kæmi í fyrirtækið.

Gísli Jónsson: Það hafa verið færð rök fyrir því, að nauðsyn sé að breyta lögunum um stofnendur. Ég get fallizt á það, og get ég því fallið frá þeim hluta minnar tillögu. — Rök hæstv. ráðh. hröktu þó ekki hinn hluta till.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég játa, að það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að það hafi raunhæfa þýðingu, hvort safnað sé hlutafé að verulegu marki. Ef svo er sem hæstv. samgmrh. sagði, að um litla upphæð sé að ræða, þá fæ ég ekki séð, að þessi breyt. hafi neina raunhæfa þýðingu, nema ég sé þá búinn að gleyma hlutafélagal. eða hv. þm. Barð. hafi misskilið þetta algerlega. Skv. l. má enginn fara með meira en ⅕ hluta samanlagðra atkv. En hitt er misskilningur, að takmörkunin sé bundin við bara ⅕ hl. atkv. Á að vera ⅕ hluti samanlagðra atkvæða. Skal ég nefna dæmi til skýringar. Hlutafé er 10+3+3 millj. frá stórum hluthöfum og síðan ein milljón frá öðrum. Þrír stóru hluthafarnir missa atkvæðisrétt niður í 20% og greiða atkv. fyrir 2 millj. Hinir smærri fara með öll atkv. sín. En afleiðingin verður sú, að tveir stóru hluthafanna hafa meiri hluta atkv. alltaf. Ég held, að þetta sé rétt. (*LJóh:* Getur verið, að þeir stóru verði ekki alltaf sammála.) Já, en þeir hljóta þó ætíð að hafa meiri hluta atkvæða, ef tveir þeirra standa saman.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hv. þm. Seyðf. og hv. þm. Barð. héldu því fram, að dæmi mitt um eign hluthafa og atkvæðisrétt gæti ekki staðizt. En hæstv. fjmrh. hefur nú leitt rök að því, að yfirráðahlutföllin þurfi ekki að raskast, þótt svo verði takmarkað sem í brtt. segir, þ. e. 5 hluthafa fyrirkomulag. Setja má þó dæmið dálítið öðruvísi upp. Ef hlutafé er 10 millj., tveir stórir hluthafar með 7½ millj., en hinir með 2½ millj., þá yrðu yfirráðin ævinlega í höndum hinna tveggja stóru að viðbættum einhverjum einum. En svona verður það ekki í hinu dæminu, því að þar verða öll völdin alltaf í höndum tveggja stóru hluthafanna, sem mynda meiri hlutann. Ég tel þessa hlið á málinu ekki lítilvæga. — Ég tel eðlilegast að haga málinu eins og til var stofnað, breyta þar engu um. Sennilegt er, að ekki verði mikið um framboð einstaklinga, og býst ég ekki við, að ástæða sé til þess að harma það. En það kom greinilega fram í viðtölum, sem ég átti við menn, að þeir efast um, að fjárhagsafkoman verði góð, þótt þeir vilji hins vegar, að þetta fari vel úr hendi. Ég er hræddur um, að það gangi að einhverju leyti út yfir rekstrinn.

Helzt vildi ég, að hér yrði látið óbreytt haldast.

Gísli Jónsson: Ég vildi bara benda hæstv. ráðh. á það, að þetta gildir um allt hlutafé. Þeir eru með undanþágur. Ef bæjarstj. eða Eimskipafél. skyldu selja hlutabréf sín, þá munu einstaklingar koma með sínar kröfur. Sitja þá þeir kaupendur með rétt þessara aðila, og gæti svo farið, að einstaklingar réðu einir öllu í hlutafélaginu, en ríkissjóður engu.

ATKVGR.

Brtt. 835 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, LJóh, BBen.

nei: BrB, GÍG, HG, ÁS, MJ, PM, StgrA.
IngP, PHerm, ÞÞ, BSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 812,1 tekin aftur.

— 812,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og endursent Nd.

Á 112. fundi í Nd., 16 apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 838).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um byggingu gistihúss í Reykjavík, hefur tekið nokkrum breyt. í hv. Ed. Eins og hv. þm. mun reka minni til, urðu nokkrar deilur hér í hv. Nd. um 5. gr. frv. Meiri hl. allshn. taldi eignarnámsheimildina, eins og hún var í frv. upphaflega, of víðtæka, þar sem ráðh. eða ríkisstjórn var heimilað að taka eignarnámi hvaða hús, lóðir og mannvirki, sem hún teldi þurfa, undir gistihúsið og því til afnota. Við meðferð málsins varð samkomulag um það á milli allshn. og hæstv. samgmrh. að breyta 5. gr. þannig að miða eignarnámsheimildina við ákveðnar eignir, enda væru þá undangengnar samningatilraunir. — Hv. Ed. hefur séð ástæðu til að breyta þessu aftur að meginefni til í það fyrra horf að hafa eignarnámsheimildina ótakmarkaða, en bæta því við, að öll ríkisstj. og allir, sem að gistihúsbyggingunni standa, skuli vera sammála um, að eignarnámið fari fram. Það er því ekki fyrir hendi lengur það samkomulag, sem varð á milli hæstv. ráðh. og allshn. þessarar d. Og allshn. heldur við fyrri afstöðu sína og flytur brtt., sem flutt er af meiri hl. n., eins og hið fyrra sinn, um að 5. gr. frv. falli burt. — Sé ég ekki ástæðu til, eins ýtarlega og málið hefur áður verið rætt, að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Snæf. tók fram, hverjar breyt. hafa verið gerðar á þessu frv. í hv. Ed., þær breyt., að 5. gr., sem fjallar um eignarnámsheimild handa ríkisstj. til þess að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki í sambandi við byggingu þessa gistihúss, hefur verið breytt þannig, að eins og hann sagði er 5. gr. færð í sitt upprunalega form að efni til, en þó hafa verið settar í hana tvær takmarkanir, önnur í þá átt, að til þess að eignarnám geti farið fram, þurfi öll ríkisstj. að

vera því samþykk og enn fremur allir þeir aðilar, sem að gistihúsbyggingunni standa, og í öðru lagi, að eignarnámsheimildin sé takmörkuð við árið 1947. Svo að þetta er engin endalaus yfirvofandi eignarnámsheimild, sem hægt sé að nota á hvern og einn, eftir því sem ríkisstj. á hverjum tíma kynni að detta í hug. — Það er alveg rétt, að um þessa gr. var hér í hv. þd. gert samkomulag, þegar málið var hér til meðferðar, á þá leið, að ákveðnar lóðir yrðu nefndar og það sett inn í l., að samninga yrði fyrst að leita um sölu á lóðunum og mannvirkjunum. Því að þá var það í hugum manna, að sú lóð yrði notuð í þessu skyni, sem síðan breyttist álit um, þannig að telja má víst, að sú lóð, sem þá var rætt um í þessu sambandi, komi ekki til greina. Og var þá tilgangslaust að sitja inn fyrirmæli um, að hún skyldi tekin eignarnámi, þar sem nokkurn veginn var séð, að hún yrði ekki notuð. Það varð því úr, að hv. allshn. flutti brtt. um að koma frv. í það horf, sem samþ. var. — Hv. þm. Snæf. boðaði hér brtt., sem hann þó ekki lýsti nánar, en á þann hátt, að þetta yrði á einhvern hátt takmarkað. Ég veit ekki, hvort hann ætlar að leggja til, að gr. verði tekin burt úr frv. Ef svo væri, þá væri engin eignarnámsheimild í frv. En það teldi ég fráleitt og ótækt og sama sem að fella frv. Því að það er sýnilegt, að það muni þurfa að grípa til einhverrar eignarnámsheimildar, til þess að geta komið þessu fyrirtæki á laggirnar í svipuðu formi og það hefur verið hugsað. Ég ætla ekki að kappræða um prinsíp, eins og gert var hér við fyrri umr. málsins í d. En ég vil eindregið mælast til þess, að hv. d. stöðvi ekki málið með þeirri breyt. að fella 5. gr. burt úr frv., því að það væri sama sem að stöðva málið. Þá væri betra að fella það hreinlega. Því að ef slík breyt. væri samþ., þá sé ég ekki annað en frv. yrði að gagnslausum l., þó að það væri samþ. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta. Málið hefur verið rætt ýtarlega, og er ekki ástæða til að endurtaka þær umr.

Forseti (BG): Fram hefur komið skrifl. brtt. frá meiri hl. allshn., sem hljóðar svo: „5. gr. falli burt.“ Tvöföld afbrigði þarf fyrir brtt., sem ég vil leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 884) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Að því er snertir þessar tvær takmarkanir, sem hæstv. ráðh. minntist á og settar hafa verið í gr., vil ég taka það fram, að ég legg ákaflega lítið upp úr þeim. Þó að heimildin standi ekki nema til ársloka 1947, tel ég, að það skipti ekki máli, því að þar er um þann tíma að ræða, sem heimildin mundi verða notuð á. Í öðru lagi er um þessa breyt., að öll ríkisstj. og allir aðilarnir, sem að gistihúsbyggingunni standa, skuli vera sammála, það er að segja, að eins og ég tók fram við umr. hér, stafar mín afstaða ekki af því, að ég búist við, að hæstv. samgmrh. muni misnota heimild, sem hann fengi um þetta, heldur er þetta prinsípástæða. Því að ég lít svo á og tel, að það hafi verið stefna Alþ., að þegar þarf að taka, til þess að byggja einhverjar opinberar byggingar, einhverjar lóðir og mannvirki, þá skuli fyrst leita samkomulags um sölu á þessum eignum, áður en farið er út í eignarnám, en ef þær samningatilraunir hafa ekki leitt til árangurs, geti aðilar komið til Alþ. og leitað eignarnámsheimildar um þessar vissu eignir. Það er að vísu gert í hafnarl. og vegal. að veita almennar eignarnámsheimildir. En að veita í l. slíka eignarnámsheimild, að taka megi eignir manna, lóðir, hús og mannvirki, án þess að taka í l. sérstakar eignir, tel ég brot á reglum hæstv. Alþ. í þessum efnum. Ég tel það ákaflega mikinn misskilning að álíta, að ef þessi 5. gr. er felld úr frv., þá sé það sama sem að fella frv. og sé því hreinlegra að gera það en að fella 5. gr. burt úr því. Ég er fylgjandi þessu frv., og ég tel, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, og vil styðja að framgangi þess. Og hvers vegna mundi ekki vera hægt að reisa þetta hús eins og mörg önnur nytsöm hús á landinu, án þess að gefa svo víðtæka eignarnámsheimild sem hér er um að ræða? Ef ekki er hægt á þessu stigi málsins að benda á ákveðna eign eða eignir í þessu sambandi, tel ég, að það verði að bíða að veita eignarnámsheimild vegna þessarar gistihúsbyggingar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Snæf. vildi halda fram, að takmarkanir þær, sem settar hafa verið inn í frv. í sambandi við eignarnámsheimildina, séu einskis virði. Þetta er mjög fjarri sanni. Því að ef þessi eignarnámsheimild er ekki notuð á þessum stutta tíma, sem þarna er til tekinn, fellur hún niður. En það væri allt annað, ef eignarnámsheimildin væri miðuð við ótakmarkaðan tíma, sem hv. þm. Snæf. hefur þó verið með í að setja ákvæði um. Hv. þm. Snæf. hefur haldið fram, að það séu hreinar undantekningar, að slíkar eignarnámsheimildir sem þessi væru settar í l. Og hann reyndi að halda því fram við fyrri umr. þessa máls hér í hv. þd., að þessar eignarnámsheimildir væru bara ekki til. En svo, þegar sýnt var fram á það, að það væri fjarri því, að þessar heimildir væru ekki fyrir hendi, þá kom það einnig í ljós, að þær eru nærri því eins margar og hafnarlögin. Og í hverjum slíkum hafnarl. er svo að segja ótakmörkuð eignarnámsheimild, og í vegal. sömuleiðis, og í fjöldamörgum öðrum l. eru heimildir svipaðs eðlis. Það er því langt frá því, að hér sé um hreina undantekningu að ræða. Og þetta er nánast nákvæmlega það sama og gert er í fjölda tilfellum, þegar líkt stendur á.

Hv. þm. Snæf. vildi halda fram, að það væri nauðsynlegt að setja þetta inn í vegal. og hafnarl. Það er nákvæmlega sama nauðsynin í þessu tilfelli. Það mætti alveg eins í sambandi við vegagerðir og hafnargerðir bíða eftir því að vita, hvaða mannvirki þurfi að taka eignarnámi, og koma svo til þingsins og segja: Nú þurfum við að taka þessar eignir eignarnámi, og við verðum að fá lög um það. — Og ef hv. þm. Snæf. vildi vera sjálfum sér samkvæmur, ætti hann auðvitað eins að taka þetta fyrir eins og viðvíkjandi þessu máli, sem hér liggur fyrir. Það er

enginn eðlismunur á þeirri eignarnámsheimild, sem í þessu frv. er leitað eftir að fá, og venjulegum eignarnámsheimildum í hafnarl., önnur en sú, að þessi heimild er tímabundin og bundin við það, að öll ríkisstj. og allir aðilar, sem að þessari gistihúsbyggingu standa, séu sammála um eignarnámið. En slík ákvæði finnast vissulega ekki í neinum hafnarl. eða neinum vegal. — Því skyldi ekki mega byggja þetta hús án þessarar heimildar í l. þessum? segir hv. þm. Snæf. Nákvæmlega sömu spurningu má leggja fram viðkomandi hafnar- og vegal. Hvers vegna skyldi ekki mega byggja hafnir og vegi án slíkrar eignarnámsheimildar í hafnar- og vegal.? En það er vegna þess, að það þykja hagkvæm og skynsamleg vinnubrögð að hafa eignarnámsheimildir í þeim l., eins og gert er, og það þykir spara tíma, og hefur, mér vitanlega, slíkt aldrei komið að neinni sök. Ég sé því ekki, að um neinn eðlismun sé að ræða í þessu tvennu, nema það, að þessi eignarnámsheimild er miklu takmarkaðri, sem felst í þessu frv., en á sér stað í hliðstæðum l. um þetta.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hæstv. ráðh. vill halda því fram, að hér í þessu frv. sé alveg um hliðstæða eignarnámsheimild að ræða og í vegal. Þetta er mesti misskilningur. Í vegal. eru taldir upp þeir þjóðvegir, sem heimilt er að leggja og leggja skal. Og það er alveg ákveðið, hvar þessir þjóðvegir eigi að vera, á milli þessara og þessara byggðarlaga o. s. frv., og út fyrir það ná ekki eignarnámsheimildir vegal., heldur eingöngu til þess að leggja þessa vegi, sem í vegal. eru upp taldir. Og í þessu sambandi má geta þess, að þegar þurfti að leggja vegi frá atvinnudeildinni að Keldum, þá var sú leið ekki í þjóðvegatölu, og eignarnámsheimildin vegna þeirrar vegalagningar var ákaflega takmörkuð. — Það er því ekki rétt hjá hæstv. samgmrh., að það megi bera þetta saman, sem farið er fram á í þessu frv., sem hliðstæðu við þær almennu eignarnámsheimildir, sem veittar eru í vegal. Og hæstv. ráðh. sagði, að ef ég ætlaði að vera sjálfum mér samkvæmur, ætti ég að leggja til, að í hvert skipti, sem vegur væri lagður, væri fyrst athugað, hvar ætti að leggja veginn, og komið síðan til Alþ. til þess að biðja um eignarnámsheimild. Þegar vegur er lagður, er sá staður, sem hann á að leggjast um, miklu meiri takmörkum bundinn en um er að ræða í þessu frv. um stað fyrir þetta gistihús. Og þess vegna er mikill eðlismunur á þessu tvennu. — Hæstv. samgmrh. segir, að það mundi spara tíma að setja ótakmarkaða eignarnámsheimild í þessi l. — Hvers vegna er þá ekki bezt að setja lög, sem svo hljóðuðu: „Ríkisstjórnin hefur heimild til að taka öll mannvirki eignarnámi, sem hún telur sig þurfa"? Slík lagaheimild væri beint áframhald af ákvæðum 5. gr. þessa frv. — Hæstv. ráðh. lætur í það skína, að allir viðkomandi aðilar þurfi að vera sammála hér. Það er ekki nema hálfur sannleikurinn. Það eru að vísu þeir aðilar, sem kosta bygginguna eða byggingarnar. Náttúrlega á sá aðili, sem fyrir þessu verður, að eignarnám verði tekið, ekki að hafa nokkuð um það að segja.

Ég hirði ekki að ræða um þetta frekar, en vil alveg slá því föstu, sem ég hef um þetta mál sagt, og bið hæstv. ráðh. að benda á hliðstætt dæmi í íslenzkum l. því, sem hér er stefnt að með 5. gr. frv. Og þó að til séu nokkuð almennar eignarnámsheimildir í vegal., þá er þar um mikil takmörk að ræða, vegna þess að ákveðið er, hvar vegirnir skuli liggja. Tel ég þær eignarnámsheimildir því ekki í flokki með slíkri eignarnámsheimild, sem hér er um að ræða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar bara til að beina tveimur spurningum til hæstv. samgmrh., áður en ég greiði atkv. um þetta mál.

Í 67. gr. stjskr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir." — Nú vildi ég spyrja: Hver almenningsþörf krefst hér eignarnáms? Er það þörf erlendu gestanna? Eða er það þörf þeirra, sem ætla að reka hótelið og ætla að afla sér fjár á því? Hver almenningsþörf er þetta? Og ef svo er, að hæstv. ráðh. líti svo á, að það sé þörf allrar íslenzku þjóðarinnar, þá vildi ég gjarnan fá að heyra, á hvaða rökum það er byggt. Ég sé ekki, að svo sé.

Hins vegar hafa nú verið hér amerískir verkfræðingar nokkurn tíma, til þess að leita að stað undir þetta hótel. Einhver hefur sagt mér, að þeir mundu vera um það bil að fara aftur. Þá langar mig til að spyrja, hvort þeir eru búnir að finna þennan stað, ef þeir eru að fara aftur. Og ef þeir eru ekki að fara, þá hve lengi þeir muni leita í þænum, þangað til þeir finna stað fyrir hótelið, og hvort það muni ekki geta orðið svo fljótt, að það væri búið áður en þinginu lýkur.

Undir fyrri umr. þessa máls upplýsti hæstv. ráðh., að óvíst væri eða hæpið, hvort hægt væri að byrja á þessu hóteli nú í ár, — í sambandi við það, þegar ég var að tala um verkamenn til að vinna við það og byggingarefni, sem í það færi. Ef það er hæpið og kannske útilokað, að hægt verði að byrja á að byggja þetta hótel í ár, er þá ekki nógur tími til að fá eignarnámsheimild um ákveðinn stað fyrir það, þegar Ameríkanarnir eru búnir að finna hann og þingið kemur saman aftur? Ef þeir eru að fara utan nú og eru ekki búnir að finna staðinn, koma þeir sjálfsagt aftur, því að enginn getur fundið staðinn nema þeir(!). Ef ekki verður byrjað á að byggja þetta hótel fyrr en að ári, þá skilst mér, að það muni vera nógur tími til að fá þessa eignarnámsheimild í haust, þegar þingið kemur saman aftur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skil það út af fyrir sig vel, að þeir hv. þm., sem eru á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga, reyni að finna því það til foráttu, sem unnt er, eins og hv. 2. þm. N.-M. — Hitt er erfiðara að skilja, að þeir, sem lýsa yfir, að þeir vilji framgang frv., leggi stein í götu þess, sem að mínu viti getur orðið til þess að takmarka og jafnvel gera að engu þau áhrif, sem frv. er ætlað að hafa. — Ég skal þó svara hv. 2. þm. N.-M. því,

sem hann spurði um, eftir því sem mér er unnt.

Hann spurði: Hvaða almenningsþörf er þarna á ferð? Þó að þessu hóteli sé fyrst og fremst ætlað að taka á móti útlendum gestum, þá er því líka ætlað það hlutverk að taka á móti innlendum gestum. Og það er brýn og almenn þörf til þess að stofna hér gistihús í Reykjavík. Og það er þessi almenningsþörf, sem gerir það að verkum að *mínu viti*, að réttlætanlegt er að veita eignarnámsheimild í þessu sambandi. Viðkomandi því ákvæði stjskr., sem hv. þm. vitnaði til, má kannske segja, að það sé ekki knýjandi þörf allrar þjóðarinnar, sem hér er um að ræða. En slíkt er ekki heldur, þegar lagður er þjóðvegarspotti og tekið eignarnámi land fyrir veginn. Það þarf ekki að vera um að ræða þörf nema fyrir nokkurn hluta þjóðarinnar í raun og veru. Þó er talið, að almenningsþörf liggi þar á bak við, og ég vil segja, að hún sé þannig fyrir hendi hér einnig.

Um starf ameríska arkitektsins, sem hér var, skal ég ekkert segja. Hann er farinn. Hann var fáa daga. Ég hef enga ástæðu til að ræða hans starf hér, því að frá staðarvalinu er ekki enn gengið.

Hv. þm. Snæf. bað mig að benda á eitt einasta hliðstætt dæmi í íslenzkri löggjöf, sem gæti jafnazt á við þetta, sem stefnt er að í 5. gr. frv. Maður skyldi ætla, að þar sem hér er um að ræða lagaprófessor, mundi hann vera á þeirri grænu grein, að ég, sem lítið vit hef á þessum hlutum, hefði lítið um þetta að segja. En ég gríp hér, *nokkuð af handahófi, niður í skjalabunka á* borðinu hjá mér og sé, að hér er frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins. Í 3. gr. þess stendur, að ríkisstj. sé heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki, sem nauðsynleg teljist vegna þessarar byggingar. Nú vil ég spyrja hv. þm. og lagaprófessorinn, af því að ég er fáfróður í þessu efni, hver efnismunur er á þessari málsgr. í 3. gr. þessa frv., sem við erum nýbúnir að samþ., og hinu, sem liggur í 5. gr. þessa frv., sem fyrir liggur hér.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég vil aðeins gera grein fyrir minni afstöðu. Ég hef talað einu sinni í þessu máli, auk þess sem ég hef nokkuð rætt þetta mál í sambandi við annað mál, þegar hv. 10. landsk. þm. deildi nokkuð á mig fyrir það að hafa skipt um skoðun, sem ég sýndi fram á, að ég hef alls ekki gert í sambandi við þetta mál. — En eins og ég tók fram við 2. umr. málsins, lýsti ég yfir, að ég væri fylgjandi þessu frv., en gæti alls ekki gengið inn á það heimildarákvæði um eignarnám að hafa heimildina ó*ákveðna, eins og lagt hefur verið til.* Og þetta hefur verið stefna hæstv. Alþ., a. m. k. meiri hl. allshn. frá því ég hef átt þar fyrst sæti, eða síðan 1934. Hafa oft komið á þeim tíma mál inn í þessa hv. d. þessu svipuð að þessu leyti, og hef ég alltaf haft þessa afstöðu, að gefa ekki eignarnámsheimild, nema búið sé að þaulreyna samkomulag við aðila um kaup á viðkomandi eignum, og að miðað sé við tiltekna staði og eignir. Og þegar svo n. skilar till. sinni, var brtt., sem hún flutti um það, að fella niður ótakmarkaða eignarnámsheimild, svo að það væri í rauninni hægt að taka hvaða byggingu sem er í Reykjavík og rífa hana niður, meira að segja væri hægt að taka alþingishúsið og rífa það niður, og eins og frv. er nú orðið, er enginn staður nú í þessu umdæmi, sem ekki er í hættu. Eins og frv. var, þegar það kom frá Nd., þá var gert ráð fyrir, að samkomulag væri reynt, en nú er það alls ekki svo. En svo þegar *málinu* var frestað hér í d., eftir beiðni hæstv. ráðh., þá orðaði hann sjálfur till., sem n. felldi sig við, um það að heimila eignarnám á ákveðnum lóðum og ákveðnum húseignum, til þess að byggja hótelið á. Jafnframt fékk hæstv. ráðh. yfirlýsingu um það, — af því tilefni, að ekki var vitað, hvort þessi staður mundi nægja, — frá allshn., að hún skyldi mæla með eignarnámi á öðrum stað, sem væri afmarkaður og tiltekinn, og hæstv. ráðh. tók fram, að hann mundi láta sér þessa yfirlýsingu nægja. En hæstv. ráðh. getur ekki búizt við því, að meiri hl. allshn., sem hefur ákveðna stefnu í þessu máli, geti tekið stefnu þvert ofan í sjálfan sig. Svo sagðist hæstv. ráðh. hafa fyrir framan sig mál, þar sem sams konar heimild væri. En hæstv. ráðh. hefur ekki haft í huga, hvernig þessi heimild er til orðin; hún er til orðin með bráðabirgðal., sem hæstv. atvmrh. fékk útgefin, það var ekki Alþ., sem um þau barðist. En hvað skeður svo, þegar þau l. koma inn í þingið? Þá upplýsist það, að málið liggur 5 vikur hjá allshn. Ed. og beðið er eftir því að fá skýringu frá ráðh. á því, hvers vegna *hafi ekki verið reynt fullt samkomulag við þá*, sem áttu að þola eignarnámið, og þegar svo málið kemur hingað til allshn. Nd., þá varð það, sem ég og hv. þm. Snæf. man, að hv. 1. þm. Árn. skrifaði undir nál. með fyrirvara og segir í fyrirvaranum um það, að hann telji, að slík löggjöf um eignarnám sé ekki í samræmi við áður yfirlýstan vilja meiri hl. allshn. eða Alþ. Svoleiðis að þetta dæmi, sem hæstv. ráðh. tekur, er ekki hliðstætt nema að forminu til, vegna þess að viðkomandi ráðh. lét gefa út þessi l., en hafði að þessu leyti til haft stuðning nefndarinnar. Hitt, að allshn. ekki gerði till. um að fella frv., var vegna þess að það kom til framkvæmda áður en Alþ. kom saman. Ég vildi þess vegna spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann sæi ekki fært að láta sér nægja sams konar heimild og var í frv., þegar það fór til Ed., og aldrei skyldi hafa verið breytt þar.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Ég lýsti eftir því hjá hæstv. ráðh., hvort hann gæti bent á dæmi úr löggjöf um sams konar heimild og þessa, og hann nefndi frv. um síldarniðursuðuverksmiðju *ríkisins.* En þarna er um að ræða eignarnámsheimild með bráðabirgðal. Að því er snertir þetta mál, sem hæstv. ráðh. vitnaði til sér til stuðnings, þá verður hæstv. ráðh. að athuga það, að þetta mál var til meðferðar í sjútvn. þessarar d. og öll n. var sammála um að fella niður þessa víðtæku eignarnámsheimild í 3. gr. Hér er nál. á þskj. 469 um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, frá sjútvn. N. er sammála um málið, þó með eftirfarandi breyt., að 3. gr. falli niður. Það er nú sjálfur hv. 6. landsk. þm., sem er frsm. n.

og flytur þetta mál, og þessi till. var samþ., að eignarnámsheimildin yrði úr frv. numin. Í öðru lagi er þess að geta, að þetta frv. er ekki orðið að l., liggur fyrir Ed., og þessi tilvitnun hæstv. ráðh. virðist því ekki koma honum að gagni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr., en ég vildi þó geta þess, í tilefni af því, sem á mig hefur verið minnzt, að það er síður en svo, þó að ég hafi fallizt á það í sjútvn. að fella niður þá gr., sem hér er minnzt á í sambandi við frv. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, að ég hafi út af fyrir sig talið það nokkra nauðsyn vegna eignarnámsins, heldur vegna þess, að það gekk erfiðlega að fá málið fram á öðrum grundvelli. En mig langar í þessu sambandi að minnast á það, út af því, sem hér hefur fram komið hjá hv. þm. Snæf., að ég þekki l., sem ég býst við, að hann og margir fleiri kannist við, sem mér finnst að séu allmikið á annan veg en hann hefur viljað vera láta í þessu efni. Það eru íþróttalögin. Þar er ákvæði, þar sem segir, að heimilt sé að taka eignarnámi lönd og lóðir eftir því, sem þurfa þykir til þess að reisa þar íþróttamannvirki. Og þessi íþróttamannvirki er ekki einasta íþróttavellir, heldur einnig íþróttahús, sundlaugar og annað þess háttar; 27. gr. þeirra l. er á þessa leið:

„Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka lönd til þessa eignarnámi, ef þörf krefur."

Ég veit, að þetta eignarnám er ekki notað, en eigi þetta að koma að haldi, verður að nota það þannig. En það er ekki hægt fyrirfram að tilkynna á Alþ., hvaða lóð það er, sem kann að verða tekin eignarnámi til þess að koma upp íþróttamannvirkjum. Mín skoðun er sú, að afstaða sú, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Snæf., sé falsafstaða. Hér er engin hætta á ferðum. Ég hef þá skoðun, að frambærilegt sé að hafa slíka eignarnámsheimild eins og þessa um slíkt hótel. En það er ekki um það, sem er að ræða, heldur þykir ýmsum hagkvæmt að slá þessu atriði fyrir sig, þó að í ýmsum öðrum tilfellum hafi hliðstætt ákvæði verið lögfest.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans, svo langt sem það náði. En mig langar einnig til að fá að vita hjá hæstv. ráðh., hvort það hefur verið samið við þessa verkfræðinga um, að þeir byggi hótelið. Margir íslenzkir verkfræðingar hafa áhuga fyrir þessu máli og telja sig fullfæra um að leysa þetta verk af hendi. En ég vildi gjarnan, að hæstv. ráðh. upplýsti þetta hér. Kannske eigi að hafa hér sömu aðferð og um bátana, að fá menn frá útlöndum til að smíða þá og láta þá verða helmingi dýrari en ef þeir væru keyptir erlendis frá?

Þá langar mig líka til að fá að vita það hjá hæstv. ráðh., hvort ekki er nóg að fá eignarnámsheimildina í haust, þegar staðurinn verður ákveðinn. Ef það er rétt, sem komið hefur fram við fyrri umr., að ekki verði byrjað að byggja í ár, þá finnst mér nóg, að eignarnámsheimildin væri sett inn í haust, þegar þing kemur saman. Annars er það skrýtið, að það skuli vera svo mikil almenningsþörf fyrir hótelbyggingu í Reykjavík, fyrst og fremst fyrir útlendinga, að það er talið sjálfsagt að gefa ótakmarkaða eignarnámsheimild fyrir því, en það er hins vegar svo lítil þörf fyrir hótel í Reykjavík fyrir íslenzka menn, að það er sjálfsagt að banna íslenzkum bændum að byggja hótel fyrir sína eigin peninga.

Eysteinn Jónsson: Það er bent á það af hæstv. ráðh. og hæstv. 6. landsk. þm., að það sé til almenn eignarnámsheimild í l., svo sem brúarl., vegal. og nú síðast benti hv. 6. landsk. þm. á íþróttal. Því mótmælir enginn, að þetta er til, og má vera, að hægt sé að finna fleiri lagabálka, þar sem svona er ástatt, en það dregur enginn það í efa, að vegagerðir og hafnargerðir eru framkvæmdar í almannaþágu, þannig að það er fullkomlega réttlátt að setja eignarnámsheimild, þegar þau mannvirki eru annars vegar. Það er ekki framkvæmanlegt að haga þeim eignarnámsheimildum þannig, að það sé aðeins tiltekinn blettur af landi, sem veitt er heimild fyrir í hvert sinn, og þess vegna hefur löggjafarsamkoman annaðhvort látið undir höfuð leggjast að veita slíkar heimildir eða farin hefur verið sú leið að veita almenna heimild. Það sama er að segja um íþróttal., sú heimild var látin vera þetta almenn af því, að ekki þótti framkvæmanlegt, að í hvert skipti, sem ætti að búa til íþróttavöll eða reisa einhverja slíka miðstöð, væri hægt að fá sérstaka lagaheimild. En ef á að fara að nota þessar heimildir, sem gefnar eru af brýnni nauðsyn, til þess að bera þær fyrir sig í einhverju máli, að af því að þetta sé í l., þá sé alltaf óhætt að veita almenna eignarnámsheimild, þá er það auðvitað mistúlkun á þeirri stefnu, sem þingið hefur haft í þessum efnum, því að þegar um einstök mannvirki hefur verið að ræða, hefur venjulega verið farin sú leið að hnitmiða, hvað ætti að taka, af því að það var framkvæmanlegt að gera það, og það hefur ekki verið bent á neitt dæmi hér um gagnstæða stefnu, þó að lýst hafi verið eftir því.

Þess vegna er það áreiðanlegt, að ef látið væri að vilja hæstv. ráðh. í þessu, þá mundi vera farið inn á nýja braut, og það er af þessu, að menn vilja ekki fallast á þessa gr. í frv., því að eins og hefur komið fram, mundi vera nægur tími til þess að fá þessa heimild, þegar húsinu hefur verið ráðinn staður.

En sem sagt, ég stóð upp til þess að benda á það, að það stoðar ekki að vitna til vegal., hafnarl. eða brúarl., þar er allt öðru máli að gegna, þar hefur löggjafinn farið út á þessa braut, að veita almenna eignarnámsheimild, vegna þess að ekki er hægt að gera það öðruvísi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég tel litlar líkur til, að málið upplýsist miklu betur en orðið er. En ég stend upp til þess að svara spurningum, sem til mín var beint frá hv. 2. þm. N.-M. Hann spurði, hvort samið hefði verið við þá amerísku sérfræðinga, sem hingað komu,

um framkvæmd verksins. Ég get upplýst, að engir slíkir samningar hafa verið gerðir. Hann sagði, að íslenzkir verkfræðingar biðu eftir því að fá þetta verkefni. En þetta er ekki verkefni fyrir verkfræðinga, heldur húsameistara. En ég veit ekki betur en nóg verkefni önnur bíði íslenzkra verkfræðinga og húsameistara, þeirra er full þörf til að vinna að öðrum verkefnum. Annars hefur lítið komið fram í þessum umr. annað en það, að hv. þm. Snæf. benti á, að það dæmi, sem ég tók, væri ekki sambærilegt, því að eignarnámsheimildin hefði verið felld úr því frv., sem ég vitnaði til, og má það vel vera. En svo langt sem það náði, var það að fullu sambærilegt við það, sem hér um ræðir. Hitt skal ég svo játa, að úr því þetta náði ekki fram að ganga, þá er það ekki heppilegt til samanburðar, enda er þetta úr lausu lofti gripið og án þess að hafa neitt sérstakt í huga. Nú hef ég aftur á móti náð í Stjórnartíðindi frá 1939, og þegar farið er að fletta þeim, þá kemur hér hver eignarnámsheimildin á fætur annarri. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að vegalagaeignarnámsheimildin og eignarnámsheimildin í íþróttal., sem hv. 6. landsk. þm. benti á, væri alls ekki sambærilegt, því að þar væri ekki um einstök mannvirki að ræða. Nú hef ég flett upp í l. af handahófi, og þá rekst ég hér á l. um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn; það er ákveðið mannvirki, og hér er óbundin eignarnámsheimild veitt til þess að taka lóðir og mannvirki í þessu skyni. Hér er því um nákvæmlega hliðstætt dæmi að ræða.

Annað dæmi skal ég nefna, það er um hitaveitu Reykjavíkur. Þar er um að ræða hliðstæða eignarnámsheimild. Þó að hún sé að vísu ekki alveg bundin við ákveðna eign, er heimildin bundin við ákveðið mannvirki, sem hér er reist, hitaveitu Reykjavíkur, og þar er almenn eignarnámsheimild. Enn má nefna l. nr. 21 12. júní 1939, um ostrurækt, þar er um að ræða alveg hliðstætt dæmi, og þannig mætti halda áfram að lesa upp úr hverju hefti Stjórnartíðindanna á fætur öðru.

En það, sem hér er um að ræða, er, hvort hér hafi verið skapað nýtt fordæmi, ný breyt. áður óþekkt. Ég er enginn kunnáttumaður í þessum efnum, en ég hef hér af tilviljun dottið ofan á þessi þrenn l. í fyrsta Stjórnartíðindaheftinu, sem ég náði til, og ég er viss um, að þannig er hægt að finna hinn mesta sæg af tilsvarandi dæmum.

Sveinbjörn Högnason: Ég fæ ekki skilið, að hér sé um svo brýna almenningsþörf að ræða, að rétt sé að heimila að taka eignarnámi hvaða lóð og hvaða mannvirki sem er í þessum bæ og láta það þoka fyrir þessari stofnun, en það er það, sem hér um ræðir. Ég er alveg viss um það, að ýmsir þm. vilja gefa eignarnámsheimild fyrir þessum og þessum stað, en hins vegar er ég alveg viss um, að enginn þm. vill gefa eignarnámsheimild til þess að láta hvaða stað sem er þoka fyrir þessu mannvirki. Það er einn mjög mikill eðlismunur á þessu eignarnámi og öðrum, sem gefin hafa verið, og hann er sá, að hér er um að ræða mjög fjársterkan aðila, sem gæti keypt upp svo að segja hvaða eign sem væri, eða hvort það er aðili, sem hefur takmörkuð fjárráð og mundi ekki taka eignarnámi það, sem honum væri ofviða að standa undir, eins og er í flestum tilfellum öðrum. Ég vildi gjarnan fá upplýst, hvort það er t. d. ætlunin, að sjúkrahús verði látin þoka fyrir þörfinni á því að byggja hér yfir útlenda ferðamenn. Ég er því andvígur og mun aldrei ljá mitt atkvæði til þess að láta skorta t. d. sjúkrahús vegna þeirrar nauðsynjar, sem hér um ræðir. Það yrði þá a. m. k. að vera fullkomin trygging fyrir því, að það yrði algerlega bætt upp með nýjum sjúkrarúmum í stað þeirra, sem væru látin þoka fyrir þessu. Ég hygg þá almenningsþörf brýnni að bæta úr fyrir hinum sjúku, sem verða oft að bíða, eins og kunnugt er, langan tíma eftir því að geta fengið sjúkrarúm.

Þetta er aðeins eitt dæmi. Ég er því mótfallinn. Það er hægt að bera niður á einhverjum öðrum stað, þar sem er meiri ástæða að vera á móti en hér. — Munur er þess á milli að veita þrem fjársterkustu aðilum þjóðarinnar slíka eignarnámsheimild ellegar gefa hana á vald fátækum félögum í kaupstöðum eða bæjarfélögum, sem hafa lítil fjárráð og geta ekki látið stórar upphæðir af hendi rakna. Er meiri ástæða til hins síðara, enda er stórkostlegur eðlismunur á þessu tvennu. — Eins og nú er háttað meðferð fjár hér, sýnist mér eigi vera horft í eyrinn, er leggja á fram. Annars er einkennilegt mjög, að fyrst þá skuli vera orðin svona mikil almannaþörf á að reisa hótel, þegar útlendingar eiga í hlut og vænzt er komu þeirra til landsins. Á hinn bóginn, þegar innlendir menn ætla að leggja fram fé til byggingar gistihúss, þá er sem allt stjórnarliðið sé handjárnað. Svo þegar útlendingar koma til sögunnar, er almenningsþörfin skyndilega orðin geipileg. — Ég vil spyrja hér, hvort vitað sé eða ákveðið um stað þann, er taka á undir hina fyrirhuguðu byggingu. Óhugsanlegt er, að svo langan tíma þurfi til að ákveða staðinn sem raun ber vitni, og má af því ráða, af hvaða kappi málið er sótt. Og auk þess, að ég fæ ekki skilið, hví menn, ókunnir staðháttum, eigi að ákveða staðinn undir hótelið, þá grynni ég ekki í, að langan tíma þurfi til þess, jafnvel þótt um útlendinga sé að ræða. Ég væni hæstv. stj. fastlega um að halda að sér höndum, en hef þó jafnframt ástæðu til að ætla, að einmitt sá staður sé hafður í huga, sem margir hv. þm. mundu aldrei gjalda jákvæði sitt við, að valinn væri. — Á að gera þetta undir fölsku flaggi? Þetta atriði málsins verður að athuga frekar.

Eysteinn Jónsson: Það var út af ummælum hæstv. samgmrh., að ég vildi segja nokkur orð.

Hæstv. ráðh. er það mikið kappsmál að sýna fram á, að heimild sú, er hér um ræðir, sé ekkert sérstakt atriði og eigi nýmæli. Hann kvaðst taka dæmi af handahófi. Hann byrjar á að nefna dæmi í sambandi við síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins. En Alþ. var einmitt búið að fella hlutaðeigandi till. Hv. þm. vildu ekki gefa svo víðtæka eignarnámsheimild sem þar var farið fram á. — Síðan grípur hæstv. ráðh. til annarra ráða. Hann talaði um heimild varðandi

Raufarhöfn og aðra varðandi Reykjavík, þ. e. hitaveituna. En ég vil bara segja það, að ekkert er sambærilegt með þeim stöðum og þessari hótelbyggingu. — Að því er Raufarhöfn snertir, þá vissu allir, þegar heimildin var gefin, hvar verksmiðja sú, sem þar á að reisa, á að vera, enda er þar eigi um að ræða nema einn stað. Eignarnámsheimildin er því um einn tiltekinn stað á Raufarhöfn. Og ég veit, að hv. þm. hljóta að sjá, að þetta er mjög fjarstætt dæmi. Hefði Raufarhöfn verið stór staður, hefðu hv. þm. fengið byggingarstaðinn nákvæmlega ákveðinn. Verður það að athugast, að í Reykjavík er gersamlega óákveðið um staðinn, þar sem beita á eignarnámsheimildinni. — Fráleitt er og að nefna hitaveituna. Er í rauninni alveg sama að segja um hana og vegina. Það var ómögulegt að tiltaka nákvæmlega, hvaða landræma á leiðinni frá Reykjum til Rvíkur tekin skyldi undir heitavatnsleiðslurnar, eða ákveða, hvar röskun yrði á landi. Nær þetta einnig til gatna bæjarins. Um annað var alls ekki að ræða. Annaðhvort fengi Rvík enga hitaveitu eða gefa varð almenna heimild. — Að einum og sama brunni ber með ostruveiði.

Nei, það er alveg sama, hvernig hæstv. ráðh. heldur svona áfram. Þetta þ., sem öll hin fyrri, mun eflaust halda sér við þá ófrávíkjanlegu reglu, að eigi skuli almenna eignarnámsheimild veita, nema svo knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi, að ekki sé hægt annað. — Ég vil svo ekki tefja umr. meir.

ATKVGR.

Brtt. 884 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, PZ, PÞ, SB, SK, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GÞ, GTh, HB, HelgJ.

nei: LJós, ÓTh, PO, SigfS, SG, SEH, STh, SÞ, StJSt, EOl, EmJ, FJ, IngJ, JJós, JPálm, BG.

4 þm. (ÞB, ÁkJ, ÁÁ, GSv) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hefði nú kosið, að ákvæðin í 5. gr. hefðu verið takmarkaðri. Hins vegar sætti ég mig við frv. eins og það er nú og segi því nei.

Frv. samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓTh, PO, SigfS, SG, SEH, SK, STh, SÞ, StJSt, EOl, EmJ, FJ, GÞ, IngJ, JJós, JPálm, BG.

nei: JS, PZ, PÞ, SB, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ.

JörB, GTh, HB greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÞB, ÁkJ, ÁÁ, GSv) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Þorsteinsson: Ég hef talið, eins og fram hefur komið í umr. á Alþ., að það sé prinsipatriði, að Alþ. veiti ekki þessa eignarnámsheimild. En í trausti þess, að heimildin verði ekki misnotuð, þá segi ég já.

Ingólfur Jónsson: Af því að þetta er gott mál, þrír sterkir aðilar standa hér að og ekki á að útiloka bændur frá að nota hótelið sem aðra, þá segi ég já í trausti þess, að þungur skattur verði ekki lagður á bændur vegna þessarar framkvæmdar.

Pétur Ottesen: Ég vil út af þeim orðum, sem hér hafa verið látin falla um málið, láta þess getið við menn þá, er lögðu lið þeirri ráðabreytni að leggja stein í götu þess, að bændur gætu sjálfir reist sér gistiheimili, að frv. bætir ekkert úr því. Menn eru jafnt undir sökina seldir, hvort sem þeir eru með eða á móti. En vegna þess að málið er gott að minni hyggju og út af fyrir sig vert framgangs, þá segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 885).

15. Áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Á 2. fundi í Ed., 4. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon) Það stendur eins á með þetta frv. og það, sem var til umr. hér á undan. Það var staðfest með brbl., útgefnum 29. sept. s. l. Eins og ég gat um áðan, mátti það teljast augljóst, að ekki væri unnt að komast hjá að verja fé úr ríkissjóði, svo framarlega sem vísitöluhækkun ætti ekki að verða því meiri. Það mun hafa verið 15. ágúst, að mjólkurverðið var ákveðið af verðlagsn. á 1,82 kr. lítrinn, og 19. sept. var kjötverðið ákveðið 10,85 kr. Nokkru seinna var ákveðið verð á garðávöxtum í samræmi við hitt. Það er vert að geta þess, af því að það virðist hafa valdið misskilningi, að verðhækkun á þessum vörum er ekki eins mikil og mörgum virðist, en það stafar af því, að hið sanna verðlag hefur ekki komið fram á undanförnum árum. T. d. var hið raunverulega verðlag á kjöti ekki 6,50 kr., eins og það var selt í búðunum, heldur 9,61 kr., af því að ríkissjóður greiddi 3,11 kr. með hverju kg, sem selt var á innlendum markaði. Sama er að segja um mjólkina. Hækkun sú, sem orðið hefur á henni frá því í fyrra, er ekki nema 10%. Samt sem áður var það augljóst, að ef greiða átti niður á innlenda markaðinum, eins og á undanförnum árum, mundi það verða ríkissjóði ofviða, því að þær niðurgreiðslur mundu nema 30 millj. kr. á ári. Það varð því að leita annarra úrræða en að halda áfram þeirri aðferð óbreyttri, sem höfð hefur verið undanfarin ár. Þess má geta, að það fór alllangur tími í að athuga þetta mál og komast að endanlegum niðurstöðum, eða frá því í júní, þar til um síðustu mánaðamót, og ýmsar aðferðir og tilraunir voru gerðar til að komast út af þeim grundvelli, sem málin hafa verið á undanfarin ár og ég hirði eigi að rekja hér. En

eins og frv. ber með sér, báru þær ekki þann árangur sem skyldi, því að þótt aðferðir þessa frv. séu í ýmsu ólíkar þeim aðferðum, sem þeitt hefur verið undanfarin ár, má segja, að það sé sami grundvöllurinn í rauninni, sem byggist á því, að vörur séu að nokkru leyti greiddar niður á markaði og með þeim greiðslum gert við því, að vísitalan hækki.

Efni 1. gr. frv. er, eins og hv. þm. er kunnugt, að við útreikning vísitölunnar 1. okt. 1945 og þar á eftir skuli aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. sept. 1945. Þó er sú takmörkun sett, að einungis skal greitt niður 40 kg. af kjöti á mann. Athugandi er, að hér er reiknað með meira magni en gert er ráð fyrir í vísitölu, þótt það sé aftur á móti minna magn en neytt hefur verið undanfarin ár. Er með þessu leitazt við að fara bil beggja. En þetta mun vera meira á hvern mann en nokkurs staðar þekkist þar, sem kjöt er skammtað. Svo að ekki verður annað sagt en að vel megi við þetta una.

Samkv. 3. gr. er svo ákveðið, að rétt til niðurgreiðslu hafi ekki þeir menn, sem þar eru taldir. Um þessar undantekningar þarf ég ekki að fjölyrða. Þetta hefur gilt um framleiðendur undanfarið, enda eðlilegt. Þetta eru atvinnurekendur, sem hafa hagnað af því, að verðinu sé haldið niðri. Annar aðili eru atvinnurekendur. Með þessu er því ekki slegið föstu, að þeir séu færari en aðrir til að greiða þetta, en það er þeirra gróði, að verðinu sé haldið niðri. Hið sama er að segja um þriðju undantekninguna.

Um framkvæmd þessara l. er ákvæði í 4. gr. Það er augljóst, að þar sem niðurgreiðslurnar verða að byrja á þessu ári, verður að leggja síðustu skattskýrslur til grundvallar. Þetta getur valdið ruglingi, en það ætti þó ekki að verða í svo stórum stíl, að það skipti nokkru máli. Ekki hefur enn þá unnizt tími til að gefa út reglugerð, en uppkast að henni mun nú vera tilbúið og kemur væntanlega út bráðlega.

Mér er það fullljóst, að ákvæði þessara l. er ekki annað en bráðabirgðalausn. Ég hef áður bent á, að finna verði aðra lausn þessara mála en niðurgreiðslurnar. Þetta er eitt af því, sem erfitt er að gera áætlun um með nokkurri nákvæmni. Það hlýtur miklu fremur að verða ágizkun en áætlun. En eftir því, sem næst verður komizt, munu það vera um 80 þús. manns, sem rétt hafa til niðurgreiðslu, en það svarar til 3200 tonna kjöts eða um 14 millj. kr. í niðurgreiðslur. Þar við bætast niðurgreiðslur á mjólk, sem mun nema um 3 millj. kr. Þetta gerir alls um 16—17 millj. kr., og geri ég ráð fyrir, að flestir hv. þdm. segi, að það sé nóg og meira en leggjandi sé á ríkissjóð. Og þótt ríkisstj. hafi af illri nauðsyn orðið að gangast fyrir því, að þessi brbl. væru sett, þá er henni ljóst, að hér er ekki um endanlega lausn að ræða. Mér er ef til vill enn þá ljósara en öðrum, hvaða erfiðleikum þetta er bundið, en þó eru þeir ekki meiri en svo, að það ætti að mega takast að sigrast á þeim, ef allar stéttir þjóðfélagsins standa saman. Hinu er þó ekki að neita, að þótt þessi lausn sé ekki góð, þá er hún samt mikil bót frá því, sem áður var. Bæði er, að þetta er lægri upphæð en áður var, og svo ætti þessi háttur á niðurgreiðslunum að hjálpa fólki til að skilja, hvert þetta stefnir, en það hefur ekki áttað sig á, að kjötið kostaði annað en það, sem borgað hefur verið fyrir það í búðum. (*BSt:* Hitt hefur verið kallaður styrkur til bænda). Já, það má vel vera. En úr því að hv. 1. þm. Eyf. gat um þetta, þá skal ég geta þess, að ég álít, að hér sé hvorki um neytendané framleiðendastyrk að ræða. Hækkun vísitölunnar mundi koma jafnt niður á báðum þessum aðilum. Þetta er neyðarúrræði, sem gripið er til til þess að atvinnuvegirnir stöðvist ekki. Þess vegna hefur það enga efnislega þýðingu, þótt nú sé greitt til neytenda í stað framleiðenda.

Ég held svo, að ekki sé ástæða til að ræða þetta frv. frekar, en vil leggja til, að því verði vísað til fjhn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú lagt til, að þessu máli verði vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, og gefst mér þá væntanlega tækifæri til að ræða þetta síðar. Ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að ég hefði óskað, að ræða hæstv. ráðh. hefði verið dálítið fyllri og skýrt betur, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér framkvæmd þessa máls, þannig að ljóst yrði, hvert hið endanlega verð verður.

Það vill svo til, að ég er nákunnugur annarri stærstu kjötverzlun landsins, KEA, og ég held, að það gæti verið fróðlegt fyrir hv. þdm. að heyra, hver áhrif gerðir hæstv. ríkisstj. hafa haft þar. Eins og tíðkazt hefur víða á landi hér, hafa Akureyringar verið vanir að kaupa töluverðan vetrarforða af kjöti að haustinu og látið það svo í frost og reyk eða saltað það. Með þessu móti hafa þeir gert hagfelldari kaup, fengið mikið af því kjöti, sem þeir nota, á heildsöluverði. Hefur þetta verið til mikilla þæginda fyrir báða aðila. Hin síðustu ár hefur þannig mikill hluti kjötmagnsins selzt þegar í sláturtíðinni. En nú hefur brugðið svo við í haust, að mjög lítil sala varð á kjöti. Þegar verðið var fyrst ákveðið í haust, þá trúði því enginn, að það yrði hið endanlega verð, og vildu menn því ekki kaupa kjöt þá nema rétt til matar í hvert sinn. Þegar svo þessi brbl. komu, voru menn litlu nær, því að þar er margt óljóst. Að vísu er heitið styrk, en ekki er fullgreinilegt, hver eigi að fá þann styrk. Mér hefði þótt eðlilegt, að hæstv. ráðh. hefði skýrt þetta nokkru nánar, úr því að búið er að semja uppkast að reglugerð.

Ein afleiðingin af þessum framkvæmdum hæstv. ríkisstj. er sú, að ekki hefur verið hægt að fá keypt fast fæði í Reykjavík, og hefur það, sem vonlegt er, skapað mörgum erfiðleika.

Það er auðvitað mál, að reglugerð hefði þurft að koma samhliða þessum l., og hefði hvort tveggja átt að vera komið fyrir 15. sept. Virðist þetta ekki hafa átt að vera ofætlun, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið sér algert einræði í þessum málum. Þótt svo kunni að fara, að kjötið verði keypt smátt og smátt, þá eru þegar orðin af þessu margháttuð óþægindi og tjón, eins og ég hef bent á í KEA. En svo eru engar líkur til, að sama magn seljist og áður hefur tíðkazt;

því veldur ákvæðið í 2. gr. um 40 kg. Menn eru nú svo gerðir, að þeir kæra sig ekki um að kaupa sömu vöru miklu dýrari í einn tíma en annan. Mér virtist af ræðu hæstv. ráðh., að tilgangurinn með þessu væri sá að draga úr kostnaði fyrir ríkissjóð og að hann teldi hann ekki færan um að standa undir meiri niðurgreiðslum, m. ö. o., það á að spara með því að draga úr kjötneyzlu almennings. Þetta mundi vera sparnaður fyrir ríkissjóð, en það er vafasamt, hvort það er heppilegur þjóðarbúskapur að draga úr sölu kjötafurða innanlands, vöru, sem er eftirsótt af landsmönnum, en örðugt er að selja erlendis. Hver útkoman verður fyrir bændur, er mjög óvíst, því að það fer eftir verði innanlands. Með þessum ráðstöfunum og því, hvernig þær hafa verið framkvæmdar, hefur bændum verið bakað mikið tjón. T. d. er mér kunnugt, að svo er í Eyjafirði. En trúa mín er sú, að betra hefði verið fyrir bændur, ef ríkisstj. hefði ekkert skipt sér af þessum málum. En ráðstafanir ríkisstj. eru vægast sagt mjög einkennilegar. L. um dýrtíðarráðstafanir féllu úr gildi 15. sept., og þá þurfti að vera búið að ákveða um verðlagið. Flokksmenn hæstv. landbrh. lögðu til, að Alþ. yrði sett 1. sept., en ríkisstjórnin daufheyrðist við þeim óskum, vegna þess að hún vildi hafa einræði í þessum málum, að minnsta kosti til bráðabirgða. Virðist svona hegðun mjög einkennileg, einu ári eftir að lýðveldi er stofnað í landinu. Síðar verður tækifæri til að ræða þetta atriði nánar í sambandi við annað mál.

Það væri æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi skýra nánar frá framkvæmd l. samkvæmt 3. og 5. gr., því að það er nauðsynlegt, að fólk fái nánar að vita um þetta.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég mun ekki mikið svara hv. 1. þm. Eyf., en mun þó víkja nánar að einstaka atriðum í ræðu hans. Hann deilir á ríkisstj. fyrir seinlæti með l. og segir, að það hafi dregið úr kjötsölu t. d. á Akureyri. Það má vel vera, að það hafi haft einhver áhrif, en ég tel mjög óvíst, hvort það stafar af seinlæti í framkvæmd l. Ég mundi fremur telja það ástæðuna, að verðið er miklu hærra núna en áður.

Það er misskilningur hjá hv. þm., að brbl. hafi komið of seint. Það er ekki auðvelt að fá lausn á ástandi þessara mála og því nauðsynlegt, að stj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til að fá sem bezta lausn.

Hv. þm. var með till. um að spara fé ríkissjóðs með því, að sem minnst seldist innanlands, en ríkisstj. vill vinna að sem mestri innanlandsneyzlu, til þess að afkoma bænda verði betri. Hv. þm. er sannfærður um það, að síðar verði erfitt að afla fjár til niðurgreiðslu, en ég tel ótímabært að ræða um fjáröflunarleiðir í þessu skyni. En ef það á að gerast með skattaálagningu, þá mun það koma þungt niður á suma. Skoðun hv. þm. stingur mjög í stúf við flokksblað hans, sem prédikar, að verðið sé of hátt.

Ég vildi spyrja hv. þm., hvaða vald það er, sem ríkisstj. hefur tekið af bændum með brbl. Hv. þm. er of greindur maður til að fara með svona bull. Hann kvartar yfir vanrækslu ráðh. á því að skýra framkvæmd kjötsölul., því að óvissa manna um það dragi úr kjötsölunni. En menn vita, hvað aðilar hafa rétt til niðurgreiðslu á miklu kjötmagni. Ef þeir eru tortryggnir, geta þeir fengið nótur um kjötúttekt sína. Hitt er vafasamt, hve strangt skal framfylgja því, að menn framvísi nótum, því að alltaf er hætt við, að eitthvað af þeim glatist, og ríkisstj. langar alls ekki til að snuða fólk um niðurgreiðsluna á þann hátt.

Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um þetta, fyrr en ákveðið hefur verið að fullu um það eftir nokkurn tíma.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með ræðu hæstv. ráðh. Ég bjóst við, að hann gæfi einhverjar upplýsingar um framkvæmd kjötsölumálanna, svo sem full þörf er, en þær komu engar nýjar fram. Hæstv. ráðh. rengdi ekki, að það hefði dregið mjög úr kjötsölu, enda liggja fullar sannanir fyrir um það. Hann efast um, að það sé óvissan í þessum málum, sem sé orsökin, en ég hef heyrt það frá fjölda manna, að það sé óvissan um það, hvort menn fái yfirleitt nokkuð endurgreitt eða þá hvernig. Það er t. d. afleitt, að ekki eru nein ákvæði um einhleypt fólk, sem kaupir fæði á matsölu, því að um það víkur öðruvísi við en um fæði á heimilum. Enginn veit, hvað stj. hugsar sér í því máli. Atvinnurekendur, sem hafa fleiri en þrjá menn í þjónustu sinni, fá ekki þessa endurgreiðslu, og öll matsöluhús hafa fleiri en þrjá menn í sinni þjónustu, og þar eð óvíst er, hvort þeir, sem kaupa fæði, fá endurgreiðsluna, er öngþveitið í málum þessum auðsætt. Ég þekki a. m. k. einn mann, sem hætti við að koma hingað til bæjarins vegna þess, hve mikil óvissa er í þessum málum. Ef aðkomumaður kemur hingað, fær hann aðeins lausar máltíðir og verður að borga 30—40 kr. á dag í fæði, og er það allmikil hækkun.

Hæstv. ráðh. taldi þetta ekki einfalt mál viðureignar, og er það vafalaust rétt hjá honum. En ég efast um, að ríkisstj. hafi verið færari um að ráða fram úr því en Alþingi. Sem lýðræðisþjóð höfum við átt að kalla Alþ. fyrr saman til að ræða þessi mál. En hvers vegna boðaði ríkisstj. Alþ. ekki fyrr saman? Óneitanlega hefði verið skemmtilegra að ráða úr málunum þar en með brbl. rétt áður en Alþ. kom saman. Það er engu líkara en að tilgangur stj. sé að minnka kjötkaupin innanlands.

En ég er bara ekki viss um, að þurft hefði að afla nokkurs fjár í þessu skyni, ef hæstv. stj. hefði viljað stjórna að sumu leyti ögn minna en hún gerði. Allir gerðu ráð fyrir því, að niðurgreiðslurnar hlytu að hætta, þegar stríðinu lyki, en það er auðvitað, að þegar ríkisvaldið grípur inn í, eins og það hefur gert í haust, þá verður það gagnvart þeim, sem það tekur ráðin af, að ábyrgjast gerðir sínar, og það getur kostað fé úr ríkissjóði.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé bull, sem ég hafi verið að tala um, að vald hafi verið tekið af bændum. Hann spurði, hvað ég ætti við og hvaða vald hefði verið tekið af bændum. Ég leyfi mér ekki að segja við jafnháttsettan mann og hæstv.

landbrh., að hann fari með bull, en ég vil spyrja hann, hvort hann muni ekki eftir bráðabirgðalöggjöf, sem hann gaf út um að fela svokölluðu landbúnaðarráði, sem hann útnefndi, allt vald um afurðasölu bænda. (*Fjmrh.:* Hefur það vald verið hjá bændum að undanförnu?) Já, hjá þeim og að nokkru leyti fulltrúum neytenda. Það hefur verið samkomulag um það hjá fulltrúum bænda og neytenda, eins og oft er um kaupsamninga, en áður en það var, voru bændur alveg sjálfráðir um, hvað þeir seldu vöru sína. Við erum á líkum aldri, hæstv. ráðh. og ég. Man hann ekki eftir þeim tíma? Ég man vel eftir honum. Og þetta er gert á sama tíma og bændur stofna sérstakt stéttarfélag, og í stofnun þess tóku svo að segja allir bændur landsins þátt úr öllum þeim stjórnmálaflokkum, sem þeir eru í, en þeir eru að vísu aðallega í tveimur. Ég efast um, að fleiri bændur séu í Sósfl. en þeir, sem teknir voru í landbúnaðarráðið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri fullkomið aukaatriði, hvernig menn ættu að sanna, hve mikið kjöt þeir hefðu keypt. Það kann að vera aukaatriði hvað suma menn snertir, en það er alls ekki aukaatriði um nokkuð margt fólk, þar á meðal margt af því fólki, sem á hvað örðugast uppdráttar af öllum, eins og skólafólk. Þess vegna er það mjög aðkallandi, að almenningur fái að vita um þetta. Mér er ómögulegt að skilja, að ekki sé hægt eftir allan þennan tíma að gefa það upp, svo að menn fái eitthvað að vita.

Hermann Jónasson: Það er svo um þetta mál, að það er eitt af þeim málum, sem svo hefur verið hagað með setningu brbl. og framkvæmd þeirra, að útilokað er, þegar málið er komið á þetta stig, að hægt sé að breyta til frá því, sem orðið er, því að það mundi rugla svo alla verzlun í landinu með þessa vöru, að ekki væri við það hlítandi. Málið er þess vegna komið á þetta stig, að það er raunverulega ákveðið fyrir þetta ár með þeim brbl., sem hér liggja fyrir, og með öðrum l., sem ekki liggja hér fyrir, l. um það, hvernig landbúnaðarvörur eru verðlagðar í haust. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að ræða það mál hér, því að það liggur ekki fyrir, og ég mun ekki heldur fara að blanda mér í deilu hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Eyf., en ef hæstv. ráðh. þykir þetta sérstaklega gott úrræði og svo ánægjulegt sem hann heldur fram fyrir bændastéttina að skipa henni fulltrúa með þessum hætti, þá vil ég leyfa mér, vegna þess að hann hefur upplýst, að þessir samningar gangi erfiðlega, að spyrja hann, hvort hann vilji ekki skipa fulltrúa fyrir verkamenn á sama hátt, og kannske er það atriði, sem liggur fyrir á næstunni í hæstv. ríkisstj.

En það, sem ég vil sérstaklega segja um þetta mál á fyrsta stigi þess, er það, að þótt þessi hæstv. fjmrh. hafi sagt allt síðastliðið ár, að þessi leið væri ófær, þá er samt auðsætt, að hann ætlar að halda enn áfram á þessari leið, og það, sem liggur alveg sérstaklega fyrir í þessu máli nú og þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gefur, er einmitt þetta, og ekki er getið þar annarra breytinga frá þeirri leið, sem farin hefur verið að undanförnu, en að niðurgreiðsla á mjólkinni verður nokkrum aurum minni á hvern lítra en verið hefur og um kjötið er það þannig, að það er á vissan hátt skammtað, því að það er ákveðin endurgreiðsla til neytenda á visst magn, sem þeir geta neytt með þessum hlunnindum, og í staðinn fyrir að greiða það niður við búðarborð eins og verið hefur, þá á að greiða það þremur mánuðum seinna. Í staðinn fyrir að menn hafa áður afhent peningana við búðarborð og menn fengu til baka niðurgreiðsluna úr ríkissjóði, þá borga menn nú fullt verð við búðarborð og fá niðurgreiðsluna þremur mánuðum seinna og ekki nema á tiltekið magn. Leiðin er því nákvæmlega sú sama, aðeins gerð tilraun til að spara ríkissjóði lítils háttar niðurborgun. Þetta finnst mér það merkilegasta, sem liggur fyrir í þessu máli, og ég sé ástæðu til að vekja athygli á því sérstaklega, að hæstv. ráðh. hefur nú gefið yfirlýsingu um, að leið, sem hann hefur áður talið ófæra, sé nú fær. En það getur tæplega verið, að þessi leið sé frekar fær en sú, sem farin var áður, vegna þess að breytingin er sú ein að spara ríkissjóði tiltölulega mjög litla upphæð, enda kom líka greinilega fram í ræðu hæstv. fjmrh., að svo er þessu háttað.

Undanfarnar vikur hefur talsvert verið um það rætt af blöðum hæstv. ríkisstj., að ekki yrði hjá því komizt að fara nýja leið í þessum málum, fjármál ríkisins gætu ekki lengur þolað það og ríkissj. fengi ekki staðizt undir þessu kerfi, sem ríkt hefði til þessa. Þess vegna áleit þjóðin, að nú væri komið að því, að þessi hæstv. ríkisstj. leysti þetta mál, sem henni væri einni treyst til af stuðningsmönnum hennar. Það kom greinilega fram bæði í Þjóðviljanum og Morgunblaðinu, að nú yrði ekki lengur komizt hjá að fara nýja leið í þessu máli. Sérstaklega var þetta áberandi í Morgunblaðinu, og var það þráfaldlega tekið fram þá daga, sem hæstv. fjmrh. upplýsti, að samningar hefðu staðið yfir um þetta mál, en nú upplýsir hann einmitt, að samningar hafi staðið yfir og samkomulag hafi ekki náðst um lausn málsins.

Út frá þessu er það bersýnilegt, að enn þá hjakkar í sama farið, því að enn þá er farin sú leið í dýrtíðarmálunum, sem engin lausn er og flestir landsmenn eru farnir að sjá, að er ófær leið í þessum málum. (*Fjmrh.:* Bara að þeir hefðu séð það fyrr). Hæstv. ráðh. gæti frekar beint þeirri ósk til annarra en mín. Þess vegna hlýtur það að verða vonbrigði bæði fyrir stjórnarandstæðinga og stuðningsmenn hæstv. stj., sem nú situr og stuðningsmenn hennar hafa oft sagt um, að væri sú eina, sem fær væri um að leysa málið, að samningarnir skuli ekki hafa náð tilgangi sínum, eins og hæstv. ráðh. orðaði það áðan, því að ef þessi leið er ófær, eins og hæstv. ráðh. hefur haldið fram og þrásinnis hefur verið bent á og flestir eru farnir að sjá, þá á sú ríkisstj. ekki að sitja, sem er ekki fær um að leysa mál þjóðarinnar, heldur stefnir þeim út í ófæru, og fyrst hæstv. ráðh. gafst upp á tilraununum, sem fram fóru í september, þá átti hann ekki að halda þessari stefnu áfram, heldur átti hæstv. ríkisstj. að segja af sér. Ég veit með fullri vissu, að það er skoðun hæstv. fjmrh., að það sé ófært að halda áfram á þess-

ari leið, og ég veit, að það er skoðun hans, að nú séu síðustu forvöð að breyta um stefnu, því að ef þessi hæstv. ríkisstj. hefur ekki möguleika á að leysa málið nú, þegar það er orðið svo aðkallandi sem raun ber vitni, hvenær á þá að gera það? Og ef hún er ekki fær um það, verður hún að halda þeirri stefnu, sem leiðir meir og meir út í ógöngur. Hæstv. ráðh. upplýsir, að það muni sjást síðar á þinginu, að ríkissjóður muni sízt verða aflögufær eins og komið sé fjármálum ríkisins, það muni menn sjá, þegar farið verði að ræða fjárhaginn. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. er ljóst og er alveg rétt. Og það, sem þessi stefna nálgast meir og meir, er, að ríkissjóður komist í gjaldþrot.

Eina leiðin í þessum málum, sem hægt var að fara með sæmilegu móti, var niðurfærslur á öllum sviðum. Það er eina leiðin, sem er fær, í hvaða formi sem hún verður valin. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. er ljóst. En það er augljóst, að með áframhaldi á þessari fjármálastefnu *verður það neyðin ein, sem kennir okkur* að færa niður á þann hátt, sem nauðsynlegt er. Ef hæstv. stj. hefur ekki þrek eða samheldni til að gera það, þá hefur hún ekki rétt til að stjórna fjármálum landsins, af því að þá stefnir hún út í þessa ófæru, sem er yfirvofandi.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að ræða önnur atriði, enda hefur hv. 1. þm. Eyf. gert ýmsum atriðum skil, sem eru þess verð, að um þau sé rætt. Hin einstöku atriði koma líka fremur til umr. á seinna stigi málsins. Ég vil þó segja, að það er alveg efalaust, að þessi dráttur, sem orðið hefur á málinu, sem hæstv. fjmrh. upplýsir að stafi af því, að samningar hafi verið reyndir, en ekki tekizt, hann hefur valdið miklu tjóni, því að menn bjuggust við allan september, að ráðstafanir hæstv. stj. kæmu daginn eftir. Það hefur aldrei verið skoðun nokkurs manns í þessu landi, svo að ég viti til, sem þekkir inn á þessi mál, að hægt væri að komast hjá að taka ákvörðun fyrir 15. sept. Menn bjuggust við þeim 15., 16. og 17. sept. og drógu að kaupa vöru, sem þeir hefðu annars keypt á þessum tíma. Ég er ekki í vafa um, að þetta sparar hæstv. stj. veruleg útgjöld, því að þótt þessi l. eigi að ná aftur fyrir sig til 20 sept., þá sé ég ekki, að þar sé um nema tvennt að ræða, annaðhvort að stj. krefjist svo lélegra sönnunargagna fyrir kjötkaupum manna, að hægt sé að misnota það af mönnum, sem eru lítið heiðarlegir, eða þá að heimtuð verði svo skýr gögn, að menn hafi þau alls ekki fyrir hendi. Það mun sannast, þegar til kemur, að það verður ekki mikið um greiðslur fyrir þann tíma, sem liðinn var, þegar l. tóku gildi, því að það eru ekki nema örfáir menn, sem hafa heimtað nótur og reikninga fyrir þeim kjötkaupum, sem þeir hafa gert. Mikið af þessu fellur því algerlega fyrir utan það kjötmagn, sem neytendur fá greitt niður, nema sá kosturinn sé valinn að hafa sönnunargögnin svo rúm, að hætt sé við, að það verði misnotað.

Það er alveg víst, eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á, að það tefur ákaflega mikið fyrir kjötsölunni, að reglugerðin liggur ekki enn þá fyrir. Hver einasti dagur, sem þetta dregst, spillir fyrir sölu á þessari vöru, það er alveg tvímælalaust. Þess vegna vil ég nota tækifærið hér og skora á hæstv. fjmrh. að láta ekki dragast deginum lengur, að frá þessari reglugerð verði gengið, heldur verði hún birt til þess að koma í veg fyrir meira tjón en orðið hefur.

Það eru líka ýmis atriði, sem eru ekki vafalaus í þessu máli. Hvernig á t. d. að fara með útlenda menn, sem alls ekki eru á skattskrá? Og hvernig er það með atvinnurekendur? Eru það þeir, sem veita stórum hlutafélögum forstöðu, eða eru það eingöngu þeir, sem hafa þrjá menn í vinnu eða fleiri? Með þessu móti verka þessi l. tvímælalaust þannig, að þeir, sem í mestu stríði hafa staðið af öllum atvinnurekendum, t. d. smábátaeigendur, sem eru kannske verst stæðir nú af öllum mönnum í landinu, þeir verða tvímælalaust taldir atvinnurekendur í þessu tilfelli. Þannig kemur það niður, þegar á að skipta þjóðinni í tvo flokka, annan, sem hefur réttindi, en hinn, sem er réttindalaus. Það er erfitt að gera slíkt með l., sem eru ekki meira hugsuð en þetta og gefin út í skyndi, eftir að samningatilraunir hafa strandað. Mér er því næst að halda, að það sé býsna margt í þessum l., sem verki allt öðruvísi í þjóðlífinu en löggjafinn hefur ætlazt til. Er þar eitt meðal annars, að þeir, sem taka kaup sitt í fæði, þeir eiga ekki að fá neina uppbót. Mér virðist, að þetta muni að sjálfsögðu taka yfir öll vinnuhjú í sveitum, og það eru ekki svo fáir, sem einnig hafa gert þá samninga í kaupstöðum að fá frítt fæði. Þetta verkar því skakkt samkv. tilgangi sínum.

Ég held satt að segja, að fyrst þessi leið var farin af hæstv. fjmrh., hafi tæpast verið hægt að ganga lengra en það, að ákvæði eins og þau, er viðkoma sjálfri mjólkinni, haldist fyrir þá, sem vilja samþykkja að fara þessa leið, en viðkomandi kjötinu, að það verði skammtað, en ekki gert upp á milli þegna þjóðfélagsins, því að útilokað sé að gera það á annan hátt en þann, að fram komi hið mesta misrétti. Ég vil benda þeirri n., sem fær mál þetta til meðferðar, á það, að ég held, að það sé bezta ráðið, úr því sem komið er, að breyta löggjöfinni í það horf.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég verð að segja, að ég er dálítið undrandi yfir þessum þungu áhyggjum, sem hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Str. hafa út af þessum dögum í september, sem líða frá því að sláturtíð hófst og þangað til brbl. voru sett. Ég á erfitt með að skilja, hver bíður tjón, þó að dragist eitthvað fram yfir mánaðamótin, að menn kaupi vetrarforða sinn. Fyrir framleiðendur skiptir þetta ekki nokkru máli, og ekki heldur fyrir verzlanir þær, sem selja kjötið. Það hefur aðeins þá þýðingu, að meira er fryst í september en í október, þegar menn fara að kaupa sér saltkjöt.

Hv. þm. Str. talaði um það, að meðan menn vissu ekki, hvaða leið yrði valin í þessu máli, hefðu þeir ekki hugsað um að tryggja sér sönnunargögn, til þess að þeir fengju endurgreiðslu á því kjötmagni, sem þeir hefðu keypt í septembermánuði. Hugsanlegir möguleikar eru það að láta þá fá sömu endurgreiðslur fyrir þessa daga í september í sama hlutfalli og eftir mán-

aðamótin. Þannig mundi fást nokkurn veginn rétt kjötmagn, þótt það gæti e. t. v. munað nokkrum kg. til eða frá. (*HermJ:* Ef einhverjir hafa birgt sig upp fyrir veturinn og vanrækt að afla sér sönnunargagna fyrir því?) Eftir því, sem hv. þm. talaði áðan, er ekki sennilegt, að margir hafi birgt sig upp á þessum tíma.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði í síðari ræðu sinni, vildi ég benda honum á það, að ég get ekki komið auga á, í hverju eru falin þau vafaatriði, sem hann talaði um. L. verða eins ljós eða óljós eftir að reglugerð er sett í þessu efni. Þeir, sem kaupa fæði, — ég fæ ekki séð, að það skipti máli, hvort þeir eru giftir eða ógiftir, — eiga að fá endurgreiðslur á sama hátt og aðrir. Það veltur auðvitað í fyrsta lagi á því, hvort maðurinn hefur rétt til endurgreiðslna samkv. 3. gr., þ. e. a. s. að hann hafi ekki sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti, 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni eða fái laun sín greidd í fæði. (*BSt:* Segir ekki í 5. gr., að leggja eigi fram sannanir fyrir því, að visst kjötmagn sé notað?) Það ætti að vera auðvelt að fá það upplýst á matstofunni, hvaða kjötmagn er notað í fæðinu í hlutfalli við hvern matþega, og hann ætti þá að geta fengið endurgreiðslur í hlutfalli við það. En þó að einhverjar efasemdir séu um þetta atriði, getur reglugerð ekki tekið neinn vafa af um það, því að með reglugerð verður l. ekki breytt.

Hv. þm. talaði um það, að rétta leiðin hefði verið að kalla saman þing í tíma og láta það ráða fram úr vandamálinu. Ég hugsa hv. þm. sjái það sjálfur, hve mikil vandkvæði voru á því að kalla þing saman og láta það fjalla um málið. Í fyrsta lagi voru þingmálin ekki undirbúin, svo að störf þingsins hefðu að öllu leyti lent í stappi um þetta mál. Og það var augljóst, að þótt þingið hefði verið kallað saman, hefði orðið að leysa þetta mál með samkomulagi milli þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa. Og það er einmitt það, sem gert var. Það var ekki stj. ein, sem leysti málið, heldur flokkarnir, sem að stj. standa. Þm. stjórnarflokkanna höfðu tækifæri til að kynna sér málin, eftir því sem hægt var að ná til þeirra. Hér er því ekki um það að ræða, að stj. hafi tekið sér einræði í þessu máli.

Þá vék hv. þm. að því, að stj. hefði með l. um búnaðarráð tekið vald af bændum landsins, og benti hann á, að það hefði verið gert rétt í sama mund og bændur hefðu verið að stofna sitt stéttarfélag sjálfir. Þm. veit vel, að nú síðustu 11 árin hafa bændur ekki haft vald til að verðleggja vörur sínar sjálfir. Valdið hefur verið hjá stjórnskipuðum n., sumpart samkv. tilnefningu neytenda, sumpart samkv. ábendingu frá stofnunum, sem að standa framleiðendur, en þó hefur það jafnan verið þannig, að afgerandi valdið hefur legið hjá form. n., sem skipaður var af ríkisstj. Ekki hefur mér virzt, að hv. þm. hafi í þessi 11 ár tekið þetta mjög nærri sér fyrir hönd bændastéttarinnar. Ég man ekki betur en hann hafi einmitt beitt sér fyrir þeim l. En þegar stj. tilnefnir fjölmenna n., sem skipuð er eingöngu bændum eða fulltrúum bænda, og verðlagningarvaldið svo falið fámennari n., sem kosin er af þeirri stærri, þá er farið að tala um það, að bændastéttin sé svipt valdi, sem hún eigi siðferðislegan rétt til. Ég verð að segja það, að ég hef varla heyrt rangsnúnari ásakanir en þær, sem beint er að ríkisstj. í þessu máli. Að vissu leyti hefur ríkisstj. með aðgerðum sínum í þessu málið falið bændastéttinni vald, sem hún hefur ekki haft undanfarinn áratug. (*BSt:* Eru 25 menn bændastéttin?) Þeir eru fulltrúar bændastéttarinnar og góðir fulltrúar hennar.

Varðandi hitt atriðið, sem hv. þm. var að tala um, að stéttarsamtök hefðu verið stofnuð um líkt leyti, vil ég segja þetta. Stofnfundur samtakanna var 7. sept., eða 8 dögum áður en gert var ráð fyrir, að haustkauptíð byrjaði, 8 dögum áður en mjólkurverðið skyldi ákveðið. Ég skil ekki, að hv. þm. geti látið sér detta það í hug í alvöru, að nokkur stjórn hefði getað beðið í óvissu um stofnun þessara samtaka, sem ekki eru stofnuð enn, ef ég hef skilið það rétt, þar sem aðeins var upp á 8 daga að hlaupa til að skipa málunum, ef það hefði ekki gengið. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. ásaki stj. fyrir að hafa ekki gefið stjórnarandstöðunni fullkomið vald til þess að taka verðlagningarvaldið í sínar hendur meðan ekki var ákveðið, hvort niðurgreiðslur kæmu í staðinn, og meðan rætt var um, í hvaða formi þær skyldu þá vera. En þegar þessi hlið er úr sögunni, getur vel komið til mála, að stéttarsamtök bænda taki þessi mál í sínar hendur, og þá er ekki víst, að það verði ég, sem verði í meiri andstöðu við það mál en hv. 1. þm. Eyf., nema síður væri. Málin gætu skipazt þannig, ég er ekki að segja, að endilega þurfi að fara svo. Það liggur í augum uppi, að stjórnin varð að sjá um það, að verðlagningarvaldið væri miðað eingöngu við hagsmunasjónarmið bændastéttarinnar, en ekki við það, hvað kæmi hinum pólitísku flokkum landsins betur eða verr. (*BSt:* Ég held það hafi þó einmitt verið svo). Ég hef ekki heyrt hv. þm. geta um það. Mér hefur heyrzt á ræðum hans og hv. þm. Str., að kjötverðið hafi fremur verið ákveðið of hátt en of lágt. (*HermJ:* Ég held það sé misskilningur hjá hæstv. ráðh.).

Hv. þm. Str. lagði áherzlu á það, að ég hefði látið þá skoðun í ljós, að það yrði að hverfa frá niðurgreiðsluskipulaginu. Frá því að ég kom á þing 1942, hef ég ekki farið dult með það, að ég tel þessa aðferð óviðunandi. Hv. þm. sagði, að þegar ekki náðist samkomulag um aðra leið, hefði stj. borið skylda til að segja af sér. Og hann lagði áherzlu á það, að þetta væri aðalvandamál stj., sem hún ætti að standa og falla með, enda hefði það ráðið um stofnun núv. ríkisstjórnar. Í fyrsta lagi vil ég benda hv. þm. á það, að þótt niðurgreiðslur haldi áfram, þá verður því ekki neitað, að mikið er vikið frá þeim grundvelli, sem gilt hefur um þessi mál á undanförnum árum. Í fyrsta lagi er ekki greiddur niður nema sá skammtur, sem tekinn er inn í vísitöluna, eða rúmlega það, og má ætla, að það sé ekki meira en meðalneyzluskammtur. Í öðru lagi er um stórvægilega breyt. að ræða, þar sem fallið er frá öllum útflutningsuppbótum. Þessi breyt. ein út af fyrir sig verkar þannig, að uppbæturnar verða helmingi minni en þær ella hefðu orðið. Svo að ekki þýðir að neita því,

að hér er um að ræða stórvægilegar breyt. frá því, sem áður var. — En auk þess er það misskilningur hjá hv. þm., að þetta hafi verið aðalmál ríkisstj., þótt ég játi það, að þetta er mjög vandasamt og erfitt mál. Höfuðviðfangsefnið er annað og miklu meira, þar sem ríkisstj. hefur heitið að beita sér fyrir endurskipulagningu atvinnulífsins í landinu. Það hefur stjórnin talið aðalverkefni sitt, og hvort henni tekst að leysa það eða ekki, ræður því, hvort hún treystir sér til að fara með völd. Það er gott, að hv. þm. Str. sér leið til að leysa þetta betur, því að eflaust verður horfið til þess að leita hans ráða, þegar allt annað bregzt. — Það er fullkomin hártogun á orðum mínum, þegar hv. þm. talaði um, að gjaldþrot ríkissjóðs stæði fyrir dyrum. En það mál verður rætt hér eftir nokkra daga, þegar fjárl. koma til 1. umr. Það er sem betur fer ekkert slíkt, sem vofir yfir. Hitt sagði ég, að án lántöku yrði erfitt að standa undir þeim greiðslum, sem á ríkissjóð verða lagðar á næsta ári. Hins gat ég, að haldið mundi verða áfram að vinna að því að koma málinu inn á þá braut, sem til frambúðar mætti telja og allir gætu vel við unað.

Hermann Jónasson: Aðeins nokkur orð. Ég vil segja það, að ég hef ekki gefið yfirlýsingu um, að falla ætti frá útflutningsuppbótunum. Og það er berlega sýnilegt, að þegar löggjafinn féll frá þeim, leysti hann dýrtíðarmálin aðeins á einn veg, með því að ganga á rétt einnar stéttar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 21. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 9, n. 379 og 428).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): N. varð ekki alveg sammála um þetta mál. Eins og sjá má, hefur einn nm. gefið út sérnál. og leggur á móti því, að frv. verði samþ., en meiri hluti n. leggur til, að frv. verði samþ. breytt eða óbreytt. Einn nm. hefur, eins og nál. á þskj. 379 ber með sér, skrifað undir með fyrirvara, sem mun felast í því, að hann óskar eftir, að nokkrar breyt. verði gerðar á frv.

Frv. þetta hefur legið ákaflega lengi hjá fjhn. Ég ætla, að á 5. mánuð sé liðið síðan málinu var vísað til nefndar. Hins vegar var það afgr. frá n., að ég hygg, 19. des. Sá nm., sem skrifaði undir með fyrirvara, hreyfði nokkrum breyt. á frv. í n., og ég fyrir mitt leyti hefði ekki verið fjarri því að vera með breytingum á frv., en á hinn bóginn get ég vel samþ. það óbreytt og býst ég við, að svo sé um meiri hluta n., einkum þar sem svo afar langur tími er liðinn síðan frv. var gefið út. Ég vil því mæla með því, að málið fái afgreiðslu. Brbl. eru nú komin í framkvæmd, og ég sé ekki, að þingið geti sóma síns vegna setið yfir málinu lengur. Tel ég því rétt að afgr. málið breytingalaust og láta atkv. skera úr um brtt., sem kynnu að koma fram. En afgreiðslu verður málið að fá bráðlega.

Um nál. minni hl. skal ég ekki mikið ræða, fyrr en frsm. sjálfur hefur mælt fyrir því, og kannske heldur ekki þá. Mér virðist nál., sem er nokkuð langt, vera mótað af stjórnarandstöðu og bera á sér mikinn eldhúsdagsbrag. Í því er verið að sýna fram á, hvað hæstv. ríkisstj. hafi komið illa fram í málinu, og býst ég við, að hæstv. ráðh. verði fyrir svörum varðandi það fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar. Varðandi þetta mál, þá hefur víst minni hl. orðið fyrir vonbrigðum, þar sem ýmsar hrakspár hans hafa ekki rætzt. Ég mismælti mig nú hér, — hv. minni hl. hefur eflaust orðið glaður vegna þessa. Eftir því, sem ég hef heyrt, þá lítur mjög vel út með það, að öll framleiðslan seljist innan lands á þessu ári þrátt fyrir verkföll á Akureyri. Með söluna gengur vel, og er það gleðilegt. Mér sýnist hv. minni hl. ekki færa mikil rök móti því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, og breyt. á því komu ekki fram í nál. frá honum.

Ég læt þetta svo nægja að svo komnu máli og mæli með því, að hv. d. gangi frá málinu, svo að brbl. fái lögmæta staðfestingu sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að þreyta neinar kappræður um þetta mál, og er það af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að þegar málið var hér til 1. umr. í haust, ég ætla það hafi verið 8. okt., þá lét ég álit mitt í ljós um það. Og þó að hv. 1. þm. Reykv. segði í sinni ræðu, að ég mundi hafa orðið fyrir vonbrigðum vegna þess að minar hrakspár rættust ekki (*MJ:* Ég breytti því.), þá er því til að svara, að hafi ég haft einhverjar vonir í þá átt, þá hef ég ekki orðið fyrir neinum vonbrigðum, því að mér sýnist það, sem ég sagði um málið í haust, standa óhrakið. Reynslan hefur aðeins staðfest það, sem ég sagði þá. Í öðru lagi get ég nú að flestu leyti látið nægja að vísa til nál. á þskj. 428. Ég tók eftir því við yfirlestur, að fallið hefur niður orð úr nál., sem ég ætlaðist til, að stæði í því. Að vísu skiptir það ekki miklu máli. Þar, sem talað er í nál. um, að brbl. hafi átt að spara ríkissjóði útgjöld, stendur, að aðferðin til þess hafi þó verið hæpin, og þar segir: Hún er sú, að láta verulegan hluta landsmanna ekki fá neina endurgreiðslu á kjötverði .... En þar átti að standa: Hún er *einkum* sú .... Vitanlega er mér ljóst, að reynt er að ná nokkrum sparnaði með því að takmarka það kjötmagn, sem styrkur er greiddur fyrir.

Eins og hv. frsm. gat um, legg ég til, að þetta frv. verði fellt. Eru til þess einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi hafa þessi brbl. gefizt illa, einkum að því leyti, sem ég þegar gat um í haust, að þau urðu beinlínis til þess að spilla fyrir sölu á kjöti frá sláturhúsunum, vegna þess dráttar, sem á þeim varð. Og í öðru lagi tel ég það hafi ekki verið nauðsyn að gefa þessi brbl. út. En stjórnarskráin mælir svo fyrir, að ekki séu gefin út brbl. nema brýna nauðsyn beri til þess. (*MJ:* Skrökvar þá forsetinn?) Forsetinn segir ekkert annað en það, sem viðkomandi ráðh. segir, eins

og kóngurinn áður. Hann trúir ráðherranum, eins og kóngurinn áður. Annars ætlaði ég að segja, að ég fellst á, að nauðsyn hafi verið að halda niðri vísitölunni, úr því að ekkert ráð tókst að finna til að halda niðri dýrtíðinni sjálfri. En hæstv. ríkisstj. hafði áður heimild til þess að halda niðri vísitölunni með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Þess vegna eru þessi brbl. ekki gefin út vegna þessarar nauðsynjar, heldur er þetta aðeins fyrirkomulagsatriði að því er kjötið snertir. Í öðru lagi, eins og ég hef vikið að í sambandi við þetta mál, þá var ríkisstj. vitanlegt þegar frá þeim tíma, er hún tók við völdum, að til ýmiss konar ráðstafana þyrfti að taka út af verðlagi innanlands 15. sept. í haust. Og þar sem hún vissi þetta fyrirfram, þá bar henni að kalla Alþ. saman fyrir þann tíma, svo að Alþ., hið reglulega löggjafarvald, gæti sett l. um þetta mál, en ekki gefa út brbl. Þetta hef ég rætt í sambandi við annað mál og skal því ekki fara nánar út í það.

Það er ekki nema sanngjarnt, að ég sé spurður að því, hvað ég álíti, að við eigi að taka, ef að mínum ráðum er farið í þessu máli og frv. fellt. Ég skal segja það strax, að ég tel, þótt frv. sé fellt, þá beri ríkissjóði skylda til þess að greiða niður þann hluta af kjötverðinu, sem þegar hefur verið keypt. Brbl. eru l. meðan þau gilda, og það verður vitanlega að taka afleiðingunum af þeim l. meðan þau eru í gildi. Þetta álít ég klárt mál, þótt brbl. falli úr gildi. Í annan stað álít ég, að greiða yrði niður verðið á kjötinu um einhvern stuttan tíma, svo að vísitalan hækki ekki af þessum sökum. En eins og ég hef gert till. um í sambandi við annað mál, þá verður að gera aðrar ráðstafanir viðvíkjandi dýrtíðarmálunum en þessar bráðabirgðaráðstafanir, sem þetta frv. fjallar um og ýmis önnur brbl. og frv., sem fyrir þinginu hafa legið. Um þetta mun hæstv. ríkisstj. sannfærast fyrr eða síðar.

Ég gerði till. um það í sambandi við hina almennu heimild um niðurgreiðslur úr ríkissjóði á vörum, að skipuð yrði n. allra flokka til þess að athuga leiðir til þess að fá dýrtíðina stöðvaða innanlands og helzt færa hana eitthvað niður. Mér kom á óvart, þegar þessi till. mín var felld, því að henni hafði verið tekið vel t. d. af ráðh. og fleiri hv. dm., sem svo síðar greiddu atkv. á móti henni. En ég hugsa, að það líði nú óðum að því, að eina ráðið sé að fara svipaða leið og þar er lagt til: reyna að koma á samkomulagi allra flokka og þjóðfélagsstétta um að gera tilraun til að spyrna raunverulega við fótum. Og ég hef lýst yfir ekki einasta fyrir mig persónulega, heldur fyrir þann flokk, sem ég tilheyri, að hann mun alltaf vera reiðubúinn til að taka þátt í ráðagerðum um þau efni. Ég tel þá víst, að þó að fyrst yrði sjálfsagt að greiða niður kjötið eins og mjólkina, ef að ráðum mínum yrði farið um að fella þetta frv., þá yrði næsta stigið það að reyna að koma sér niður á raunhæfar ráðstafanir til þess að gera slík l. sem þessi óþörf.

Hv. 1. þm. Reykv., frsm. meiri hl. n., sagði, að nál. mitt væri mótað af stjórnarandstöðu. Það má alltaf taka þannig til orða, og sízt kemur mér til hugar að neita því, að ég er í stjórnarandstöðu eins og nú horfir. En ég held ekki, að hv. þm. hafi neina ástæðu til að halda því fram, að mér sé ekki algerlega alvara með þá afstöðu, sem ég hef í þessu máli.

Haraldur Guðmundsson: Eins og bent hefur verið á, þá hef ég ritað undir nál. með fyrirvara. Málið hefur verið hér lengi og ýmislegt verið gert, svo að viðhorf manna hefur getað breytzt nokkuð til frv. á þeim tíma.

Fyrst er þessi brbl. eru gefin út, voru þau gefin út til að leysa augnablikserfiðleikana, þegar sláturtíð hófst í haust. Ég hygg, að öllum sé ljóst, að þetta var sett af knýjandi nauðsyn. Og það skal játað, að svo virðist sem l. þessi hafi gefið betri árangur en ég hélt fyrst, og fullvíst er um, að svo verður, ef kindakjötsframleiðslan verður notuð að mestu leyti innanlands. En því er ekki að neita, að þetta er vandræðafyrirkomulag, að setja fyrst hátt verð og greiða svo til baka. Ég óttaðist, að það mundi draga úr kjötneyzlunni, en nú lítur ekki út fyrir, að svo verði, og verðlagið er hagstæðara en búizt var við.

Þá hefur verið rætt um, að óánægja væri með þá flokkun á mönnum, hvort þeir fá kjötuppbætur eða ekki og endurgreiðslu á verðuppbótum. Skýrslurnar 1944 gefa ekki rétta hugmynd, og því er sjálfsagt, um leið og manntal kemur 1945, að breyta skýrslunum.

Ég ætla ekki að flytja brtt., en vil segja það hér og vona, að tekið verði tillit til þess, að þessi l. og þetta frv. gerir ráð fyrir, að þessi háttur sé viðhafður um áhrif kjötverðs á vísitölu, þar til annað verður ákveðið. Og er því vafasamt að ganga svo frá þessum l., því að þetta er aðeins brbl., og því betra að hafa þau tímabundin eða að sett verði inn í þau, að þau skuli endurskoðuð innan ákveðins tíma. Mönnum hlýtur að vera ljóst, að það eru aðeins bráðabirgðaákvæði, að uppbætur skuli greiddar úr ríkissjóði.

Ég ætla ekki að bera fram brtt., en vil tala við ráðh. um, að þetta verði athugað við 3. umr., en ég get greitt frv. atkv. út þessa umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, HG, KA, MJ, PM, ÞÞ, BBen, StgrA.

nei: HermJ, IngP, PHerm, BSt.

4 þm. (BrB, GÍG, JJ, LJóh) fjarstaddir.

2.—7. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 73. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 9, 471).

Haraldur Guðmundsson: Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., og er hún á þskj. 471, við 7. gr. frv., þess efnis, að ríkisstj. skuli láta fram fara endurskoðun á þessum l. og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþ.

Ég drap nokkuð á það við 2. umr., að þessi l. hefðu verið sett, brbl., með nokkurri skyndingu, til þess að leysa þá erfiðleika, sem kölluðu að, þegar sláturtíð hófst á s. l. hausti, og að sjálfsögðu hefði verið opið, þrátt fyrir þá setningu l., að athuga, hvort aðrar leiðir væru til heppilegri í þessu efni. Ég neita því ekki, að ég óttaðist, að gera mætti ráð fyrir, að l. yrðu til þess að minnka kjötneyzlu innanlands. En eftir þeim tilkynningum að dæma, sem búnaðarráð hefur gefið út um þetta efni og lúta að því, að ætla megi, að ekki þurfi að flytja út meira af kjöti en þegar hefur verið selt til útlanda — ef ég man þetta rétt — tæp 200 tonn, þá virðist svo, að það, sem ég óttaðist í þessu efni, hafi ekki reynzt koma fram. Enda er nú svo langt liðið síðan framkvæmdir hófust eftir þessum l., að torvelt er að breyta þeim. Hins vegar hygg ég ekki orka tvímælis, að það fyrirkomulag, sem hér er sett upp, er bráðabirgðafyrirkomulag og beinlínis bundið við það, að ríkissjóður greiði svo eða svo mikinn hluta af kjötverðinu, samkv. því, sem fram er tekið í 1. gr. Hvenær sem breyt. yrði á slíku, tel ég sjálfsagt að taka þessi l. til endurskoðunar í heild, og ég tel rétt, að það sé beinlínis látið koma fram í l. sjálfum sem yfirlýsing Alþ., að þetta sé bráðabirgðafyrirkomulag, sem sjálfsagt sé að endurskoða á næsta þingi. Ég minntist á þetta við hæstv. fjmrh., og skildist mér hann ekkert hafa við þetta að athuga.

Annað atriði gerði ég nokkuð að umtalsefni við 2. umr., sem sé fyrirkomulagið á endurgreiðslunni, bæði að því er snertir samningu skýrslnanna yfir þá, sem endurgreiðslu eiga að njóta, og einnig hitt, hvernig endurgreiðslurnar eru inntar af hendi. Þessar skrár munu vera byggðar á framtölum manna fyrir árið 1944, og leiðir af því það, að því fer fjarri, að þær segi rétt til um, hverjir eigi að njóta og hverjir eigi ekki að njóta endurgreiðslna þessara. Nú eru komin framtöl manna fyrir árið 1945, sem að sjálfsögðu ber, að minni hyggju, að fara yfir og leiðrétta skrána í samræmi við þau. Hæstv. fjmrh. hefur tjáð mér, að þetta muni verða gert, en muni taka nokkurn tíma.

Loks er svo sjálft fyrirkomulagið á greiðslu uppbótanna, sem hefur dregizt, sem kunnugt er, og veldur nokkurri óánægju, og er sjálfsagt að taka það til athugunar, á hvern hátt það atriði mætti leysa. En sennilega má skoða það sem framkvæmdaatriði á því, sem l. segja, sem ráðh. hefur í sinni hendi að laga til.

Ég skal láta þetta nægja um brtt. mína og reyndar málið í heild, þó að ég hefði talið, að ástæða væri nú til í sambandi við þetta mál eða önnur skyld að ræða nokkuð um fyrirkomulag á kjötverzluninni í heild sinni. En ég skal sleppa því að þessu sinni og ekki tefja umr. um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til. — Ég vænti, að hv. þd. fallist á þessar brtt. mínar og samþ. þær.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég get fallizt á brtt. hv. 3. landsk. þm. við 7. gr. frv. Ég hef aldrei hugsað þetta öðruvísi en sem brbl. og hef þess vegna ekkert við það að athuga, þó að ákvæði sé þá sett í frv. um, að ríkisstj. skuli láta fram fara endurskoðun á þeim, sem miðuð sé við tiltekinn tíma.

Samt sem áður vildi ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta um að fresta þessari umr. nú og taka málið af dagskrá, og stafar það af því, að samningatilraunir fara nú fram um breyt. á 2. gr. frv., sem á að miða að því að gera l. auðveldari í framkvæmd. Ætla ég, að það sé nokkurt útlit fyrir, að samkomulag náist um það, og þá væri heppilegast, að sú breyt. á l. kæmi inn hér í hv. Ed., til þess að málið þurfi ekki að fara á milli deilda eingöngu vegna þeirrar breyt. Ég geri ráð fyrir, að frv. sé ekki stofnað í neina hættu með þessu, þó að afgreiðsla þess dragist náttúrlega af þessu nokkru lengur.

Frsm minni hl. (Bernharð Stefánsson): Ég vildi aðeins leyfa mér að spyrjast fyrir um það, á milli hverra þessar samningatilraunir hafa fram farið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það, sem hv. 1. þm. Eyf. spyr um, er ekkert leyndarmál. Það er verið að reyna að semja við fulltrúa alþýðusamtakanna um þetta. Það er eftir kröfu frá þeim um að hafa fleiri en fjórar greiðslur á ári. En það eru ýmis vandkvæði í sambandi við þessa útborgun, sem gera það að verkum, að kjötútborganaskráin verður aldrei eins nákvæm og ætti að vera. Ef verklýðsfélögin sætta sig við, að greiðslur kjötuppbóta dragist til þess tíma, er skattskýrslur allar verða komnar inn, sem er í júní eða júlímánuði, þá er það áreiðanlega miklu heppilegra fyrirkomulag í framkvæmd.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 9, 471, 658).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það liggja fyrir allvíðtækar brtt. við þetta frv. á þskj. 658 og eru sagðar fluttar af meiri hl. fjhn., en vera má, að n. standi öll bak við till., en einn þm. var ekki á fundi, þegar málið var afgr. Þessar brtt. eru í raun og veru gamlar að því leyti, að till., sem fór í mjög líka átt, var fyrir n. fyrir 2. umr. En þá var ekki talið fært að bera það fram, sakir þess að það var nokkurt ósamkomulag um framkvæmdina. Málið hefur enn dregizt mjög lengi, sakir þess að þessa samkomulags við aðila hefur verið leitað, og eftir því sem n. er bezt kunnugt, mun vera fengið samkomulag um niðurgreiðslu kjötsins. Þó að brtt. séu nokkuð margar, eru þær allar utan um þessa einu og sömu hugmynd, en hún er sú, að í stað þess að láta þessar niðurgreiðslur fara fram fjórum sinnum á ári, þá er nú tilgangurinn með þessu frv. svona breyttu, að niðurgreiðslur fari fram einu sinni á ári, aðeins á manntalsþingi. Það þarf ekki að færa rök fyrir því, hvað þetta er einfaldari og auðveldari aðferð. Það er fyrir það fyrsta, að greiðslan er ein í staðinn fyrir fjórar. Það er ekki lítið í kringum þessar greiðslur, en hitt er ekki síður, að það er miklu

auðveldara að gera fullnægjandi skrár um þá, sem eiga að njóta þessara niðurgreiðslna, sökum þess, að á þeim tíma á manntalsþingi, þegar þessar greiðslur eiga að fara fram, liggja fyrir nýjustu skattskrár og því hægt að leggja þær til grundvallar fyrir niðurgreiðslunum. Annað, sem hér er breytt, er það, að menn fá niðurgreitt, ef þeir á annað borð eru á skrám um niðurgreiðslur.

Þetta er það, sem þessi brtt. gengur út á. En það er ekki hægt að neita því, að fyrir mjög mannmörg heimili er ef til vill nokkur galli að þurfa að bíða þetta lengi eftir greiðslunum, það er vaxtaspursmálið, sem um væri að ræða. Það er svo ákveðið, að þessar greiðslur megi nota til skuldajafnaðar á móti ógreiddum þinggjöldum, og það hefur verið gert í þetta skipti, án þess að lagaheimild væri til. Hins vegar er rétt að hafa hana til, það er þá augljóst, að þessar niðurgreiðslur létta innheimtu tekjuskatts og annarra þinggjalda. Kemur það sér á hinn bóginn vel fyrir marga, sem fá miklar niðurgreiðslur, fjölmenn félítil heimili. Þetta verður þá eins konar skyldusparnaður í ár og gengur upp í þetta gjald, sem oft getur verið nokkuð erfitt að greiða. Ef þinggjöld eru meiri en niðurgreiðslurnar, þá er auðvitað greitt það, sem fram yfir er.

Ég held ég þurfi svo ekki að tala fyrir þessu frekar að svo komnu. Það liggur fyrir brtt. frá einum þm. á þskj. 471. Þar er svo fyrir mælt, að l. þessi skuli endurskoðast og niðurstöður þeirrar rannsóknar skuli leggja fyrir næsta Alþ. N. hefur ekki tekið upp þessa till., það er aðeins einn nm., sem ber hana fram, og get ég ekki skilað neinu frá n. um hana. Það er augljóst, að það ætti að vera meinlaust, þó að l. væru endurskoðuð. Ef þau þykja góð, verða þau sjálfsagt framlengd. Á hinn bóginn er slík brtt. þýðingarlítil, því að það er alltaf frjálst að endurskoða l., það er því rétt að láta atkvgr. ganga um þá till. Ég skal svo ekki fjölyrða að tilefnislausu um frv.

Frsm. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál almennt. Ég hef áður gert grein fyrir minni afstöðu til þess, og ég hef sem nefndarmaður í þeirri n., sem hefur þetta mál til meðferðar, ráðið d. til að fella þetta frv. Sú afstaða mín er óbreytt. En ég vil geta þess, að ég var ekki viðstaddur, þegar fjhn. tók þetta mál að nýju til athugunar eftir langa bið og þær brtt. voru lagðar fram í n., sem prentaðar eru á þskj. 658. Ég vil þá jafnframt geta þess, að þessar till. eru ekki frá mér, ég er ekki meðflm. að þeim. Hitt er annað mál, og kem ég að því síðar, að ég mun ekki leggjast á móti þessum brtt., þó að ég vildi ekki taka þátt í flutningi þeirra.

Þegar þetta mál var tekið hér fyrir alllöngu til 3. umr. óskaði hæstv. landbrh. þess, að málið yrði tekið af dagskrá, vegna þess að samkomulagsumleitanir færu fram um málið. Ég spurði hann þá, við hverja þessar samkomulagsumleitanir færu fram, og skýrði hann frá því, að það væri við verkalýðsfélögin. Nú staðfesti hv. frsm., að samkomulagsumleitanir hefðu farið fram og þessar brtt. séu árangurinn af því samkomulagi. Ég ætla ekkert að fara út í það, en ákaflega er það skrýtið, að ríkisstj. semur við verkalýðsfélögin um kjötsölu og fyrirkomulag hennar, en ekki við félög bænda. Því mundi kannske vera svarað, að þetta sé eingöngu um greiðslur til neytenda, hvernig þeim sé komið fyrir, en brtt. er þó þannig, að hugsazt gæti, að hún hefði áhrif á kjötsöluna. Það hefði því ekki verið nein goðgá, að þetta hefði verið orðað við Búnaðarfélag Íslands eða Samband ísl. samvinnufélaga, úr því að samið var um það við verkalýðsfélögin.

Ég er hv. frsm. n. og meiri hl. hennar sammála um það, að það liggi í augum uppi, ef þessar brtt. verði samþ., að þá verði þetta mál allt miklu hægara í meðförum bæði fyrir það opinbera og einstaklinga. Hið opinbera sparar nokkra vinnu og einstaklingarnir spara sér að verða að gera þessar kröfur og skýrslur og drengskaparyfirlýsingu, sem þeir vita ekki svo glögglega, hvort er rétt eða ekki. Hv. frsm. talaði um, að það væri að vísu galli, hvað neytendur snerti, að þeir yrðu að bíða eftir greiðslunum til manntalsþings. Ég álít, að það sé ákaflega lítill galli, hér er ekki um stórar upphæðir að ræða, og annað hagræði, sem þeir af þessu hafa, getur þá vegið upp á móti því. Þó að ég viðurkenni þetta, sem hv. frsm. taldi þessum brtt. til gildis, þá er ekki því að neita, að mér finnst augljóst, að þegar búið er að samþ. þær, þá sé ekki lengur um niðurgreiðslur á andvirði kjöts að ræða. Mér skilst, eftir þessum till., að menn eigi að fá þessar greiðslur alveg án tillits til þess, hvort þeir kaupa kjöt eða ekki, og það er það atriði, sem ég átti við áðan þegar ég sagði, að bændum kynni að koma þetta mál við, og hugsanlegt væri, að þetta hefði áhrif á kjötkaup manna, þó að ég geri ekki mikið úr því. En vitað er, að sumir menn borða ekki kjöt, sumir af trúarbragðaástæðum og sumir af heilbrigðisástæðum, og þeir eiga að fá þessa greiðslu jafnt fyrir því. Þar af leiðandi er að verða úr þessu eins konar launauppbót til einstakra manna, en ekki niðurgreiðsla á kjötverði. Þó að ég sjái ekki ástæðu til annars en að benda á þetta, skal ég játa, að ég geri ekki ákaflega mikið úr því, hvaða áhrif þetta muni hafa í praksís. En vegna þeirra kosta, sem þetta þó hefur, þá mun ég láta þessar till. afskiptalausar, en ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., hvort sem þessar till. verða samþ. eða felldar. Ég hef áður gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, sem eru þær, að ég tel þessi l. hafa verið óþörf og að hægt hefði verið að koma í veg fyrir samkv. öðrum l., að kjötið hækkaði vísitöluna, og einnig það, að þessi l. hafa gefizt illa í framkvæmd.

Hv. 3. landsk. þm. flytur hér brtt. á þskj. 471, sem er sama efnis og brtt., sem hv. 1. þm. Árn. flutti við frv. um verðlagningu landbúnaðarvara, þ. e. a. s. frv., sem fjallaði um búnaðarráð, um það, að ríkisstj. skuli láta fara fram endurskoðun á l. og leggja niðurstöður þeirra athugana fyrir næsta Alþ. Ég er hv. frsm. n. sammála um það, að svona ákvæði, að l. skuli endurskoðuð og niðurstaðan lögð fyrir næsta Alþ., það er vitanlega þýðingarlaust, og það væri einnig þýðingarlaust að því er snertir l. um verð-

lagningu landbúnaðarvara. Alþ. hefur það á valdi sínu á hverjum tíma að breyta l., sem sett eru, og ef endurskoðunin leiðir ekki til neinnar niðurstöðu, þá gilda l. áfram, svo að þetta hefur ekkert gildi. Ég tek þetta fram af því, að önnur l. hafa hér verið varin með því, að það eigi að endurskoða þau fyrir næsta Alþ. Á hinn bóginn er ég hv. frsm. einnig sammála um það, að vitanlega er þessi till. með öllu skaðlaus, og ég býst við, að ég geti greitt atkv. með henni, hún getur verið ofur lítil ábending um það að athuga málið.

Haraldur Guðmundsson: Ég gat ekki verið á fundi n., þegar gengið var frá brtt. 658. En mér virðist, eftir þeim upplýsingum, sem hv. frsm. gaf, að rétt sé að samþ. þær. Ég hygg, að sá aðili, sem n. hefur leitað til um fyrirkomulag niðurgreiðslnanna, hafi fallizt á þessa breyt. frá því, sem er í frv., og er það sennilega einfaldari framkvæmd, sem gert er ráð fyrir í brtt.

Að því er síðustu brtt. snertir, þá átta ég mig ekki á henni í byrjun. Mér finnst nóg að taka tímabilið frá 20. des. 1945 til 20. sept. '46.

Um að fella niður 6. gr. þá get ég fallizt á, að hún verði samþ.

Tveir hv. þm. hafa gert brtt. 471 að umtalsefni og talið hana þýðingarlausa með öllu, því að sjálfsögðu sé það á valdi Alþ. að endurskoða l. Það er óþarfi fyrir hv. þm. að flytja mér þennan barnalærdóm; mér er hann kunnur. En hv. þm. breiða yfir það, að þessi till. er bein fyrirmæli til ríkisstj. um, að hún skuli láta endurskoða l. og leggja niðurstöður af þeirri athugun fyrir næsta Alþ. Hv. þm. hlaupa fram hjá þessu meginefni till. Það, að ég legg á það nokkra áherzlu, að þessi till. verði samþ., er af því, að ég hygg, að við getum verið sammála um það hér í d., að þessi löggjöf hljóti að vera bráðabirgðalöggjöf. Hún er nátengd ýmsu öðru en því, sem í þessum l. greinir, eins og t. d. skipun verðlagsmála í heild sinni; og enginn gerir ráð fyrir því, að til frambúðar verði slíkum niðurgreiðslum úr ríkissjóði haldið áfram. Mér finnst því þessi brtt. eðlileg. Í fyrsta lagi er hér ekki tjaldað nema til eins árs, og í öðru lagi liggur fyrir, að ríkisstj. á að hafa öll gögn fyrir hendi og till. til breyt. fyrir næsta Alþ., og það finnst mér einsýnt, að Alþ. láti fylgja þessari lagasetningu, því að það er ekki rétt að líta á þessa löggjöf sem frambúðarlagasetningu.

ATKVGR.

Brtt. 658,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 658,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 658,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 658,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 471 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 658,5 samþ. án atkvgr.
— 658,6 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, ÞÞ, EE, GJ, GÍG, HG, ÁS, MJ, StgrA.
nei: PHerm, BSt, HermJ.

5 þm. (BBen, BrB, IngP, JJ, LJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 102. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 687).

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, BK, EOl, EmJ, FJ, HB, JPálm, JS, BG.

BÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

12 þm. (JörB, SigfS, SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, GÞ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JJós) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Eysteinn Jónsson: Ég vil ekki verða meinsmaður þess, að málið fari í nefnd, og greiði því ekki atkv.

Frv. vísað til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 687, n. 834 og 841, 870).

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjfrv. Hefur það fengið nokkuð seina afgr. í Ed., og er því lýst í nál. frá fjhn. Þótt tími væri naumur, hefur hún fjallað um málið, og er meiri hl. n. sammála um að mæla með samþykkt frv., en áskilur sér þó rétt til að bera fram brtt. eða standa með brtt., er fram kunna að vera bornar.

Brbl. þau, er hér um ræðir og framkvæmd voru, hafa mjög verið umdeild, og ýmislegt hefur verið fundið þeim til foráttu. Ég segi ekki neitt um álit minni hl. n., sem fyrir stendur hv. þm. V.-Húnv., en lesi hv. þm. það, þá munu þeir komast að raun um, að þar er flest það til tínt, er fundið hefur verið að l., síðan þau voru gefin út. Á hinn bóginn er ekki þar fyrir, að finna má að l. á ýmsa vegu vafalaust, og sumt mætti e. t. v. betur fara í þeim, enda hefur hæstv. fjmrh. gert það ljóst hér í hv. deild. Lög þessi eru samkomulagsmál. Má margt færa þeim til gildis. Þau stefna að því marki að afnema hinar gífurlegu niðurgreiðslur úr ríkissjóði, sem verið hafa undanfarið. Sjálfsagt er að mæla með samþykkt frv. til staðfestingar á brbl. Ég hef hvorki innan þings né utan orðið var við, að andstæðingum hafi tekizt að koma með annað pósitívara eða bera fram till., sem framkvæmanlegar megi telja í málinu. — Ég tel stóran kost að miða verðið við 1. sept. 1945, en ekki eins og það var eftir þann tíma, vegna vísitöluhækkunarinnar. Sparar þetta ríkissjóði hundruð þúsunda, ef ekki milljónir. Ég held, að við alþm. ættum að vera þakklátir fyrir það eitt og telja frv. til gildis, að niðurgreiðslurnar hafa verið taldar óhentugt og slæmt fyrirkomulag, og hafa útgjöld ríkisins verið svo mikil, að talið hefur verið nauðsynlegt að minnka þær greiðslur.

Annar stór kostur við frv. er sá, að nú er

ekki greitt niður allt það kjöt, sem neytt er, heldur aðeins 40 kg á mann árlega. Árið 1944 var hins vegar ársneyzlan á mann að jafnaði 60 kg. Ég held, að hv. þm. ættu að samsinna því, að þetta er stórt spor í þá átt að draga úr niðurgreiðslufarganinu. Og fært er að stíga það spor. Við hugsuðum okkur, að ríkið losnaði við að borga niður ⅓ hluta. Síðan yrði hægt að halda áfram t. d. á næsta hausti, og þá yrði helmingur greiddur niður aðeins, en samt yrði vísitalan ekki hækkuð. Yrði komizt að samkomulagi við neytendur um að láta verðhækkunina ekki komast inn í vísitöluútreikninginn, og þannig væri hægt að halda vísitölunni niðri.

Þá er um deilt, að ekki séu það allir, er njóta munu niðurgreiðslnanna, og talað er um óverðuga og verðuga. Í einni gr. frv. er um það fjallað, hverjir skuli verða aðnjótandi .... að vera að tala um það, að bændur njóti þessara réttinda og fái ekki niðurgreiðslur á því kjöti, sem þeir borða, en þetta hefur aldrei verið, síðan farið var að greiða niður kjötið, að bændur hafi notið þess að fá niðurgreiðslur. Ég er ekki að halda því fram, að þetta hafi verið rétt. Ég vildi miklu fremur halda því fram, að bændur ættu ekki að kaupa dýrara kjöt en aðrir. En þetta frv. gerir enga breyt. á því, sem áður hefur verið, og þeir, sem hafa lagt blessun sína yfir fyrirkomulagið eins og það áður var, geta nú sætt sig við það, þó að bændur búi nú við svipaðar aðstæður að því er þetta snertir. Því að bændum hefur ekki verið brigzlað um það að hafa lagt inn kjöt að haustinu til þess að kaupa það aftur á lægra verðinu, þegar það er borgað niður.

Þá eru það atvinnurekendur, sem talað hefur verið um, að verið væri að hefnast á með því að láta þá ekki njóta þessara hlunninda. Það eru atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni. Með því að líta aðeins á aðra hlið málsins má segja, að það sé verið að hefnast á þeim, sem reka atvinnu. En ef málið er skoðað frá fleiri hliðum, kemur í ljós, að atvinnurekendur, sem hafa menn í þjónustu sinni, fá þetta upp borið alveg að öðru leyti með því, að vísitölunni er haldið niðri og atvinnurekandinn á þann hátt borgar þannig lægra kaup en ef vísitölunni væri leyft að fara upp.

Þá er þriðji aðilinn, sem fær kaup greitt að nokkru eða öllu leyti í fæði, sem nýtur ekki þessara hlunninda, en það er þá eins ástatt með hann, að með því að vísitölunni er haldið niðri, fær hann þetta upp borið á annan hátt.

Ég ætla nú ekki að halda langa ræðu um þetta mál, ég hef lýst því, að þetta er frá mínu sjónarmiði ekki eins æskilegt og maður vildi helzt kjósa. Það æskilegasta væri, að hægt væri að afnema allar niðurgreiðslur strax, en það eru allir sammála um, að sú leið sé ekki fær. Og þeir, sem talað hafa um það, að þetta fyrirkomulag væri slæmt, hafa ekki bent á neina leið, sem væri fær að þessu leyti. Menn eru sammála um það, að ef vísitalan væri látin fara upp, hlyti það að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir allt atvinnulíf og lama það eða stöðva.

Ég tók það fram áðan, að nm. þeir, sem mæla með frv., áskildu sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Ég hef verið að hugsa um að flytja brtt. við 5. gr. frv., og má vel vera, að ég geri það við 3. umr. Hv. 2. þm. Reykv. hefur einnig talað um að flytja brtt. við 3. umr., en ég veit ekki fyrir víst, hvort úr því verður; má vel vera, að hann geri það. En hann hefur ekki gert grein fyrir, í hverju sú breyt. er fólgin, en mér hefur skilizt, að um smáatriði væri að ræða.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 3. umr. óbreyttu, og gefst mönnum þá tækifæri til þess að hugsa um það milli umr., hvort nauðsyn beri til þess að flytja brtt. við 3. umr.

Forseti (BG): Ég sé, að hv. þm. eru orðnir þreyttir á að sitja, og verður fundi þess vegna frestað til kl. 9.

Kl. 9 síðd. var umr. fram haldið.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefur nú í ræðu gert grein fyrir áliti sínu á þessu máli, og geri ég ráð fyrir, að það sé álit meirihlutamanna yfirleitt á þessu frv.

Það er nú ekki langt mál, sem meiri hl. hefur skrifað um þetta frv. á þskj. 834. Nál. er aðeins þrjár línur og byrjar á yfirlýsingu um það, að n. hafi rætt frv. Öllu má nafn gefa. Frv. þetta var tekið til umr. á fundi n. í gær. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til að ræða í n. um einstök atriði frv., en þess var ekki kostur, því að meiri hl. taldi enga nauðsyn til þess og skrifaði í skyndi þetta ýtarlega nál. í þrem línum.

Hv. 2. þm. Rang. virtist vera ánægður með þetta frv. Að vísu hreyfðu sér hjá honum nokkrar efasemdir um ágæti málsins, því að hann sagði, að skeð gæti, að hann bæri fram brtt. við frv. við 3. umr., og taldi, að annar úr meiri hl. mundi gera það einnig. Hv. þm. virtist ekki vera eins hrifinn af þessu máli og því, sem var afgr. hér næst á undan á þessum fundi d., því að hann var svo hrifinn af því, og kom það fram í aths. hans við atkvgr., að nærri lá, að hann sprengdi af sér allar gjarðir og félli í stafi af hrifningu yfir því, að það skyldi ekki beinlínis tekið fram í frv. um gistihús, að bændur mættu ekki koma þar.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var flutt í þinginu til staðfestingar á brbl. um áhrif kjötverðs á framleiðsluvísitölu, sem ríkisstj. hafði gefið út 29. sept. s. l. Vegna þess að ég er ekki eins hrifinn af þessu frv. og hv. 2. þm. Rang. og meiri hl. n., hlaut ég að gefa út um það sérstakt álit, sem liggur fyrir á þskj. 841, þar sem ég legg til, að frv. verði fellt. Ég vil vísa til þess álits, en get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þessa uppfinningu hæstv. ríkisstj., sem hér er á ferðinni.

1. gr. frv. er um það, að við útreikning vísitölunnar 1. okt. 1945 skuli aðeins reiknað með því verði á kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. sept. 1945. Síðan segir í 2. gr., að mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts eigi menn kost á að fá endurgreiddan ársfjórðungslega úr ríkissjóði, þó ekki fyrir meira kjötmagn en 40 kg á

mann á ári. En í 3. gr. er svo sundurgreining á því, hverjir eigi að verða þessara hlunninda aðnjótandi og hverjir ekki. Þar eru taldir þeir, sem ekki eiga að fá þessar bætur, og það eru þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti. Virðist eftir frv. ekki skipta máli, hvort menn hafa stórt bú eða 1—2 kindur. Þá eru í öðru lagi atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni, þeir eiga ekki að verða sælunnar aðnjótandi og svo ekki heldur þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti í fæði. Síðan kemur grein um framkvæmdina á þessu, þar segir:

„Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi skulu, um leið og samin er skrá yfir tekju- og eignarskatt, semja skrá um alla þá, sem rétt eiga á niðurgreiðslu á tímabilinu frá 20. sept. næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlagning kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattanefndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður. — Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeiganda."

Síðan á að ákveða með reglugerð um framkvæmd l., þar á meðal, hvernig koma eigi niðurgreiðslunum fyrir. Þá eru sektarákvæði, og fleira er markvert í þessum brbl. Samkv. 4. gr. brbl. er það verk skattstjóra og skattanefnda að semja skrá yfir þá, sem rétt hafa til að fá niðurgreiðslur. Þetta hefur kostað þessa aðila mikla vinnu um land allt. Skattan. og skattstjórar hafa þurft að fara í gegnum allar skattskrár og sjá það, hverjir af framteljendum þar áttu kindur á því ári, sem er miðað við, og sjá, hverjir hafa haft menn í vinnu, 3 eða fleiri. Svo hafa þeir einnig orðið að athuga, hverjir væru í þeirra umdæmi, sem gætu átt rétt til að fá þessar niðurgreiðslur, þó að þeir hafi ekki haft skattskyldar tekjur eða eignir á því tímabili, sem miðað var við, því að gert er ráð fyrir, að ekki megi útiloka þá alveg, þó að vísu standi í 4. gr., að skráin eigi að vera miðuð við síðustu skattskrá, og skiptir því miklu, hvernig þetta er framkvæmt, fyrir þá, sem ekki hafa haft það miklar tekjur eða eignir, að þeir séu á skattskrá. Síðan hafa þessar kjötskrár verið látnar liggja frammi ákveðinn tíma.

Næst gerist það svo, að ríkisstj. lætur prenta eyðublöð í mjög stóru upplagi, sem menn áttu að fá til útfyllingar. Það varð fyrir nokkrum árum til vísa hér í þinginu um eina n., sem þótti taka málin mjög rækilega til meðferðar. Hún byrjar svona:

Margir hafa heilann þreytt
við hugsmíð ýmiss konar.

En þó að þetta væri sannleikurinn á þeim tíma, komust heilabrotin ekki í hálfkvisti við þau, sem hér eru á ferðinni, þegar fundið var upp þetta skýrsluform. Ég tel víst, að hæstv. ráðh. hafi allir lagt hér saman og kvatt til stuðningsmenn sína á hæstv. Alþ. til þess að finna upp og ganga frá þessari dvergsmíð. Síðan var auglýst í útvarpinu og öllum blöðum, að þeir, sem óskuðu að fá niðurgreiðslur á kjötverði, skyldu afla sér þessara eyðublaða í verzlunum og annars staðar þar, sem þau voru höfð til útbýtingar, útfylla þau og senda fyrir ákveðinn dag þeim, sem áttu að borga út þessa upphæð. Menn fóru í búðirnar til að sækja blöðin, settust síðan niður við að skrifa, og það var ekki vandalaust að útfylla þessi blöð. Á þeim stendur meðal annars: Ég hef á tímabilinu, — síðan kemur eyða, — keypt kindakjöt, nýtt, saltað o. s. frv. Síðan er eyða til að setja, hvar menn hafi keypt það. Þá átti að láta á þetta blað nöfn allra heimilismanna, stöðu þeirra og fæðingarár. Þeir, sem ekki höfðu keypt kjöt hjá verzlunum, heldur keypt mat á matsölu, áttu að greina frá því, hvar þeir hefðu keypt tilbúinn mat og hvort kjöt hefði verið þar með, hvað þeir hefðu greitt fyrir það á mánuði. Síðan kemur klausa, sem hljóðar svo: „Ég legg við drengskap minn, að þessi skýrsla er rétt." Loks kemur svo eiginhandarundirskrift. — Þetta var mjög umtalað á þeim tíma, sem þetta var að gerast, og hefur meðal annars orðið yrkisefni sumra hagyrðinga. Ég minnist þess, að ég heyrði eitthvað af kveðskap um þetta. Eitt af því var svona:

Það veit hver, sem heyrir og sér,
að hér á voru landi er
farsæl þróun. Allt, sem við höfum etið
síðan í október, skal nú skráð
á skjöl, sem fara upp í stjórnarráð.
Það gildir þó til að byrja með bara um ketið.

Af hrút eða gimbur? Hvort var það
hangið, fryst eða spaðsaltað?
Hvar það var keypt og hvenær þetta skeði.
Allt þetta er skylt að skrifa inn
á skýrslublöðin. Og drengskapinn
setja menn, eins og venjulega, að veði.

Það er nú drengskapurinn, sem alltaf er gripið til, þegar trygging á að vera fyrir því, að allt sé rétt. Við þekkjum það frá skattaframtölunum, og þótti ýmsum rétt að heimta þetta líka í þessu tilfelli. Það er líka útlátalaust að láta það, það er ekki krafizt neinna veðbókarvottorða, sem menn þurfa að fá hjá yfirvöldunum, eins og þegar þeir veðsetja húseign eða annað slíkt.

Ég er ákaflega hræddur um, að mörgum hafi reynzt erfitt að útfylla nákvæmlega þessi blöð, og geri ráð fyrir, að menn hafi yfirleitt ekki vitað svo nákvæmlega, hvað þeir keyptu þennan þriggja mánaða tíma af nýju, söltuðu eða reyktu kjöti, að þeir hafi getað verið alveg vissir um, að þarna hafi engu skeikað. Menn urðu að skrifa eitthvað á þessi blöð, og síðan áttu þeir, sem búa hér í Reykjavík, að koma þessari framleiðslu sinni á tollstjóraskrifstofuna fyrir ákveðinn dag, og þar var þessum skýrslum hrúgað upp í þúsundatali. En nú voru góð ráð dýr, því að það er svo um þá opinberu skrifstofu, að þar er nóg að gera við þau störf, sem hún á aðallega að vinna, en það er innheimta tolla og ýmissa skatta, sem tollstjóra er falið að innheimta, og hans starfslið er ráðið með tilliti til þess, hvað þetta er umfangsmikið starf. En svo

bætist þetta ofan á. Þá var farið fram á það við starfsfólk stofnunarinnar, að það tæki að sér í eftirvinnu, helgidagavinnu og næturvinnu að glugga í þessi blöð, yfirfara þau og leiðrétta og bera saman við kjötskrána frá skattstofunni. Þarna voru 10—20 manns langan tíma eftir venjulegan vinnutíma, oft fram á nótt, að hræra í þessari kjötsúpu ríkisstj. fyrir 15 kr. kaup um klukkustund, og þrátt fyrir það mun hafa brunnið við í pottinum. Þetta mun hafa verið rétt áður en ríkisstj. gaf út reglugerð um kaup opinberra starfsmanna fyrir eftirvinnu, en ef hún hefði verið komin í gildi, hefðu þeir fengið meira en 15 kr. um klst. fyrir þessa vinnu, því að samkv. þessari reglugerð kemst eftirvinnukaupið upp í 28,50 kr. um klst. Ég tel mikið vafamál, á hvaða heimild þessi reglugerð er reist, vegna þess að þegar launalagafrv. var til meðferðar í fyrra, var tekið út úr því ákvæði, sem var þar um, að ríkisstarfsmenn skyldu fá sérstaka borgun fyrir eftirvinnu, en ég fer ekki út í þetta hér frekar, það snertir ekki þetta mál svo mikið. Svo þegar búið var að blaða í skjölunum, var auglýst, að féð væri borgað út. Þá gerðu menn sér ferð í þessa skrifstofu til þess að taka á móti peningunum. En ýmsir af þeim, sem höfðu gert kröfu, voru þá ekki á kjötskrá skattstofunnar, og þá urðu þeir að fara til skattstofunnar og fá skýringu á því, og ef ekki fékkst leiðrétting, þá var ekki önnur leið fyrir hendi en að fara til yfirskattanefndar og áfrýja málinu þangað. Allt hefur þetta kostað mikinn tíma og fyrirhöfn. En við útborgun á þessu fé hafði ríkisstj. haft þá fyrirhyggju að láta prenta sérstök bankaávísanahefti, til þess að nota við þetta hátíðlega tækifæri, og þeir, sem voru á kjötskránni, fengu þessa ávísun hjá tollstjóra og urðu svo að fara með hana í bankann til þess að breyta henni í peninga.

En þegar búið var að borga út fyrir þetta þriggja mánaða tímabil, kom það upp, að ríkisstj. var ekki búin að bíta úr nálinni í þessu máli, því að einn höfuðstaðarbúi kom með kröfu til tollstjóra um viðbótarborgun fyrir þetta sama tímabil og kvaðst hafa keypt hangikjöt, og þess vegna ætti hann að fá meira en upphaflega hafði verið borgað, vegna þess að meiri munur væri á vísitöluverði og útsöluverði á hangikjöti en nýju kjöti. En stj. hafði látið framkvæma greiðsluna þannig að reikna allt út eftir mismun á verði á nýju kjöti. Þessi maður taldi sig eiga þarna kröfu ógreidda. Honum var illa tekið bæði hjá tollstjóra og í stjórnarráðinu, og heyrði ég sagt fyrir fáum dögum, að hann mundi vera að undirbúa málshöfðun á ríkisstj. til að fá viðbótargreiðsluna. Ég veit ekki, hvernig málið kann að fara fyrir dómstólunum, en mér sýnist, að maðurinn geti átt þarna kröfu á ríkisstj., vegna þess að það er skýrt fram tekið í 2. gr. frv., að menn eigi kost á að fá greiddan mismun á útsöluverði og vísitöluverði þess kjöts, þar á meðal hangikjöts, sem nefnt er í 1. gr. Mér skilst því, að þessi krafa mannsins kunni að hafa haft við rök að styðjast. Sama máli gegnir um það, ef menn hafa keypt kjöt og mismunurinn á útsöluverði og vísitöluverði hefur verið meiri en kr. 4,35. Það gæti því komið fyrir, að það yrði að hefjast síðar önnur útborgun fyrir þetta sama tímabil og menn fengju atvinnu við að reikna út hangikjötsuppbætur sérstaklega fyrir þann sama tíma. En um það skal ég engu spá, það fer eftir því, hvernig um málið fer fyrir dómstólunum.

Það lítur út fyrir, að stj. og stjórnarflokkarnir hafi komizt að raun um það við meðferð þessa máls á síðustu stundu í hv. Ed., að vissara væri að slá þarna varnagla, því að þeir hafa gert þá breyt. á frv. við 3. umr. í Ed. að takmarka rétt manna til að innheimta mismun á útsöluverði og vísitöluverði á kjöti við verð á nýju kjöti, svo að ef frv. verður samþ., þá eiga þeir, sem hér eftir kaupa kjöt, þótt eitthvað af því sé hangið, ekki að fá meira en kr. 4,35 fyrir kg greitt sem mismun. En slík löggjöf gildir ekki fyrir liðinn tíma, því að brbl. gilda enn í dag.

Þetta er nú að því er viðkemur fyrirkomulagi á þessum niðurgreiðslum. En hv. Ed. hefur gert nokkrar fleiri breyt. á frv., hún hefur einnig sett inn ákvæði um það, að þessar niðurgreiðslur skuli fara fram á manntalsþingum. Einn hv. þm. í Ed. sagði mér, að ætlunin væri að haga svo til, að allir, sem á kjötskrá væru, fengju jafnan skammt. Mér skilst, að til þess sé hugsað að hætta söfnun á kjötskýrslum. En ég spái engu um, hvort hætt verði eða áfram haldið að reyna að bæta ástandið. Hins vegar er sem eigi blási byrlega eftir því, hversu Ed. hefur gengið frá frv.

Annað mætti og fremur athuga en skýrslugjafirnar sjálfar. Með þessu frv. er landsmönnum skipt í tvo flokka, hvítan og svartan í augum hæstv. ríkisstj. Í öðrum flokknum eru þeir, er peninga fá, launþegarnir, og skiptir engu máli, hvernig ástæður þeirra yfirleitt eru. Í hinum flokknum eru atvinnurekendur o. fl. Þetta er ekki eina dæmið um, að smærri atvinnurekendur virðast ekki eiga upp á pallborðið hjá hæstv. ríkisstj. En hún álítur, að eigi sé sama, hverjir þeir eru. Ef um hlutafélög er að ræða, þá á það ekki að skipta neinu máli, þótt þar sé raunar um fjölskyldufyrirtæki að ræða, hjón myndi meiri hlutann í stj., en aðalfund sé hægt að halda í hjónarúminu. Aðalatvinnurekandinn fær kjötuppbætur. Ef menn hafa reksturinn á eigin nöfnum og hafa ekki brotizt í því að mynda gervifélög, þá eru þeir 2. flokks atvinnurekendur að dómi stjórnarinnar og mega ekki fá hlunnindi þau, er hér eru veitt. Það út af fyrir sig gerir ekkert til, þótt hæstv. ríkisstj. geri sig hlægilega í augum manna, enda ekki skaðlegt. En hér kemur ranglætið til álita, og á móti því þarf að vinna.

Fleira er í frv., og verð ég að minnast á sumt varðandi kjötsöluna, sem er í beinu sambandi við ákvæði þessa frv. Um leið og breyt. var gerð á niðurgreiðslunum, þá varð og sú breyt. á álagningunni á kjöt, að smáverzlanir máttu reikna sér meira en áður. Fyrr var álagningin reiknuð að frádregnu ríkisframlaginu, þ. e. miðað við smásöluverð, en nú er kjötið selt fullu verði úr verzlununum, og kaupmenn reikna álagningu á hærra verð en áður. En verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur ekki þótt smá-

söluálagningin nógu mikil og hækkar álagninguna úr 13% upp í 14%. Kjötverzlanir fá nú 58 aurum meira fyrir að selja hvert kg af kjöti en árið áður, og eftir útlitinu nú að dæma, þá benda öll líkindi til, að hækkunin muni nema alls um 3 millj. króna. Hækkun á álagningu er 77%. Á hinn bóginn er verðið til bænda samtímis ákveðið af kjötverðlagsnefnd 10% lægra en það, sem framleiðendur áttu að fá. Í þessu er ranglæti fólgið, og get ég því ekki sætt mig við frv. þetta. Hv. 2. þm. Rang. kvað ríkissjóð hafa sparað mikið fé með þessu. En ég segi: Þótt hægt sé að spara nokkur útgjöld með því að gera upp á milli manna, þá á ekki að gera það. Sparnaður sá, er hér um ræðir, er með slíkum rangindum, að hann á engan rétt á sér. Þessi sparsemi er alls ekki sæmileg. Hvaða útgjöld koma hér á móti? Allt þetta skýrsluhald, kjötskrár o. fl. kostar heilmikið. Hvað kostar það að hafa hér í Reykjavík fjölda manna í eftirvinnu og næturvinnu til að grúska í öllum þessum pappírum fram á nætur? Hvað kostar þetta einstaklingana? Hvað ætli það kosti menn, að þeir séu látnir rjátla á milli skrifstofa hér í bænum, frá Heródesi til Pílatusar? Þeir verða að koma sjálfir, fella því niður vinnu og sleppa háu kaupi til þess að ná í þetta. Hér er um mikil útgjöld að ræða. Framkvæmdirnar eru bæði fávíslegar og fáránlegar. Ég veit ekki, hve mikill sparnaðurinn muni verða. En hitt veit ég, að margur hefur orðið doktor fyrir minna en að reikna allt þetta út, og geri ég eigi þá kröfu til hv. 2. þm. Rang. — Annars býst ég ekki við svörum frá hæstv. ríkisstj. um þetta atriði.

Að endingu vil ég svo benda á það, að þess er engin þörf að staðfesta þessi brbl., af þeirri ástæðu, að hæstv. ríkisstj. hefur þegar önnur l. að styðjast við, og getur innt greiðslurnar af hendi hvort eð er. Að minni hyggju er ekki sæmandi fyrir Alþ. að staðfesta þetta frv. Margir eru beittir rangindum. Er aftur á móti sjálfsagt að fella það. — Ég held, að hæstv. ráðherrar og alþm. eigi fremur að eyða kröftum sínum að öðru gagnlegra en að beita sér fyrir þessari vitleysu. Væri og bezt fyrir hið nýstofnaða lýðveldi, að þetta hyrfi úr sögunni sem allra fyrst.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi fá upplýsingar hjá hæstv. atvmrh., ef hann sæi sér fært að vera viðstaddur. (*Forseti:* Því horfir hv. þm. á forseta? Ég hef öðrum hnöppum að hneppa en að fleygjast um húsið í leit að hæstv. ráðh. eða öðrum). Ég bíð þá með ræðu mína, þar til öðruvísi skipast.

Umr. frestað um sinn, en var fram haldið síðar á fundinum.

Páll Zóphóníasson: Ég vildi byrja að lýsa því yfir, að við það frv., sem hér er verið að ræða um, er þó einn góður hlutur, að með því er kveðinn niður allur rógur um það, að niðurgreiðslurnar á kjötverðinu væru sérstaklega greiðslur til bænda og gerðar fyrir bændur. Og þetta vegur þó nokkuð upp á móti þeim vitleysum, sem í frv. eru og hv. þm. V.-Húnv. er búinn að lýsa töluvert mikið.

Í sambandi við þessar niðurgreiðslur langar mig til að fá upplýsingar hjá hæstv. landbrh. Það er búið að greiða þetta í fyrsta skipti fyrir fjórðung úr ári. Og það fyrsta, sem mig langar til að vita, er, hve margir menn hafi fengið niðurgreiðslur á landinu og hve miklu þessar niðurgreiðslur nemi. Það er það langt síðan þetta var gert, að þetta hlýtur nú að liggja alveg fyrir. Og ég spyr um þetta m. a. af því, að það er um það deilt manna á milli.

Það er líka deilt um það víða á landinu, hve kjötneyzlan yfirleitt er mikil. Hv. frsm. þessa máls hér í hv. d. vildi halda því fram, að hún væri 60 kg á mann. Það er fjarri öllum sanni. Mér er nær að halda, að hún sé ekki nema 40 kg á mann. En þar að auki kemur svo kjöt af heimaslátruðu fé, sem er notað heima á búunum, þar sem það er framleitt, og hve mikið það er, getur enginn sagt nákvæmlega. Hins vegar geta menn vitað, hve mörgum kindum er slátrað á heimilunum eftir innlagðri gærutölu, og út frá því er hægt að sjá nokkurn veginn kjötneyzluna, með því að áætla meðalþyngd kroppanna.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað hafi komið honum til þess að láta sig henda það að fleygja í smásalana af kjötverðinu kringum 3 millj. kr. meira en í fyrra. Voru þessir aumingja smásalar kjötsins svo hræðilega illa staddir, að það þyrfti að taka þessa peninga úr ríkissjóði til þess að láta þá hafa? En hefði þessum niðurgreiðslum verið hagað líkt og áður var gert, þá hefði þetta ekki komið fyrir, þá fengu þeir ekki sölugróða af niðurgreiðslunni. Ég veit að vísu, að ýmsir menn, sem að ríkisstjórninni standa, eru miklir vinir kaupmanna. En ég taldi ekki hæstv. landbrh. neitt sérstaklega í þeirra hópi. Ég veit þess vegna ekki, hvaðan þetta kemur. En með þessum ráðstöfunum hækkar hann hlut smásalanna um 77% frá árinu áður — á sama tíma og hann lætur kjötverðið til bænda lækka að minnsta kosti í hlutfalli við dýrtíðina eða framleiðslukostnaðinn. Á þessu langar mig að fá skýringar.

Þá vildi ég mega vænta þess, enda þótt það sé ekki í sambandi við þetta mál, að hæstv. landbrh. gerði mér þann greiða og kannske fleirum hér í þinginu að svara annarri spurningu. Það var í sept. í haust ákveðið, að mjólkurverðið skyldi vera 182 aurar, en að mjólkin skyldi verða seld fyrir 22 aura lægra verð, þar sem ríkissjóður greiddi niður verðið, þennan mismun. Þá benti ég á það, að það væri ekki rétt að hafa mjólkurverðið eins um allt land. Því var engu svarað, eða það a. m. k. ekki tekið til greina. Nú hefur þetta orðið svo síðan í september, að mjólkurverðið úti um landsbyggðina er frá kr. 1,60 á lítra og upp í liðugar 2,00 kr., þar sem það er hæst. Og bændur, sem eftir sex manna nefndar álitinu eiga að fá 135 aura fyrir mjólkurlítrann, fá fyrir hann milli 110 og 120 aura og upp í 180 aura fyrir lítrann, eftir því hvar þeir búa á landinu. Mig langar til að heyra frá hæstv. landbrh., — þó að ég fari ekki fram á sérstaklega, að hann svari því við umr. um þetta mál, sem fyrir liggur, — á hverju þetta byggist og hvers konar eftirlit það er með þess-

um hlutum, að bændur fá svona misjafnt verð fyrir mjólkina, sums staðar það, sem þeir eiga að fá fyrir hana, og sums staðar ekki það, sem þeir eiga að fá. Ég óska þess vinsamlegast, að hæstv. ráðh. svari þessu um mjólkurverðið, en get hins vegar ekkert sagt, þó að hann svari þessu ekki, þar sem þetta er annað mál en það, sem fyrir liggur. En það þarf að ráða bót á þessu, og því bendi ég ráðherra á það.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Hv. 2. þm. N.-M. spyr um það, hve margir hafi fengið niðurgreiðslu á kjötverði og hve miklu niðurgreiðslurnar nemi. Því miður get ég ekki svarað þessari spurningu hans, þegar af þeirri ástæðu, að ég hygg, að mjög lítið liggi fyrir af skýrslum um það í viðskiptamálaráðuneytinu. Það væri hægt að fá að vita, hve mikið er búið að borga út af þessu hér í Reykjavík, því að niðurgreiðslum hér er sennilega lokið. En ég er ekki svo viss um, hver upphæðin var, að ég þori að segja ákveðið um það. En utan af landi voru a. m. k. fyrir skömmu komnar fáar skýrslur um þetta. — Þá spyr hv. 2. þm. N.-M. um það, og er þar allundarlega spurt, — hvaða ástæða hefði verið til þess að fleygja í smásalana 3 millj. af andvirði kjötsins á s. l. verðlagstímabili. *(PZ:* Fram yfir það, sem var á undanförnu ári). Ég þykist vita, að það, sem hv. 2. þm. N.-M. á við með þessari spurningu, sé, hvaða ástæða sé til þess, að smásöluálagning á kjöt var á s. l. hausti eftir langvarandi samninga hækkuð úr 13% upp í 14%. Ég þarf náttúrlega ekki að svara hv. þm. þessu hér, því að hann veit það, að þegar sumarslátrun átti að byrja í sumar, neituðu kjötsalarnir hér í Reykjavík að verzla með kjöt, og var þar Sláturfélag Suðurlands eitt með öðrum í broddi fylkingar. Sláturfélag Suðurlands er nú samvinnufyrirtæki bænda, sem ætti að gæta a. m. k. ekki síður þeirra hagsmuna en neytendanna. Og ég geri ráð fyrir, að hv. 2. þm. N.-M. hafi þann aðgang að þessu fyrirtæki, að hann geti fengið upplýsingar hjá því beint um það, hvaða ástæða lá til þess, að það beitti sér fyrir þessum samtökum sérstaklega um álagninguna. Hitt ætti hv. 2. þm. N.-M. að vita vel, að þetta er mál, sem ég hef ekki komið nærri á nokkurn hátt. Það voru kjötsöluyfirvöldin, sem komust að þeirri niðurstöðu, að ekki væri um annað að gera en að láta undan þessum kröfum verzlananna. Ég hafði engin afskipti af þessum gerðum verðlagsn. En hv. 2. þm. N.-M. virðist líta svo á, — og það eru kannske einhverjar gamlar endurminningar þess valdandi, — að kjötverðlagsn. hafi ekki verið annað en þægt verkfæri í minni hendi. En honum er óhætt að trúa því, að það hafa orðið straumhvörf í þessu efni. Hvorki hef ég gert tilraun til þess að hafa áhrif á verðlagsn. né heldur mundi það hafa þýtt fyrir mig, því að n. er nú þeim mönnum skipuð, að hún mundi ekki hafa látið svo stjórna sér. Og ég get fullvissað hv. 2. þm. N.-M. um það, að kjötverðlagsn. hefur aldrei verið betur skipuð til þess að sjá um hagsmuni framleiðenda en nú. Enda ætti það að vera, þar sem n. er skipuð mönnum úr öllum fjórðungum landsins. *(HelgJ:* Að þeir séu betri en samþm. minn, hv. 2. þm. Rang., mótmæli ég). Hann var ekki einn í kjötverðlagsn. á sínum tíma, það ætti hv. 1. þm. Rang. að vita eins vel og ég. — Ég skal engan dóm á það leggja, því að ég tel mig ekki bæran um það, hvaða stefnu hefði átt að taka í þessu efni á síðasta sumri. Getur vel verið, að hv. 2. þm. N.-M. hefði þótt ákjósanlegra að stöðva kjötsöluna ákveðinn tíma og setja svo ríkisverzlun með kjötið og taka búðirnar leigunámi. Það hefði verið gert, ef ekki hefði verið um annað að ræða, því að það er ekki hægt að stöðva kjötsöluna til langframa í bænum. En ég held, að þessi 1% hækkun hafi verið heppilegri en að leggja út í styrjöld þá, sem hefði leitt af því því að selja kjötið ekki um nokkuð langan tíma.

Hv. 2. þm. N.-M. talaði um, að ríkisstj. stæði nokkuð nærri kaupmönnum. Hann á þar sennilega þó við verðlagsnefnd. Ég hélt, að enginn maður í þeirri n. hefði verðlagshagsmuna að gæta í þessu efni fyrir sjálfan sig sem kaupmaður. Og ég skil ekki, að nokkur sæmilega hugsandi maður láti sér koma til hugar, að þessi n. hafi gert annað en það, sem hún taldi réttast, og það, sem hún taldi til hagsmuna fyrir þá, sem hún átti að vinna fyrir. *(SvbH:* Ríkisstjórnina). Það er nú svona, að menn hugsa hver á sinn veg, og ég lái hv. þm. V.-Sk. og hv. 2. þm. N.-M. það ekki, þó að þeir ætli öðrum það, sem þeir kannske mundu gera sjálfir, ef því væri að skipta.

Þá var hv. 2. þm. N.-M. að gera fyrirspurn um mjólkurverðið, og mér mundi vera ljúft að svara þeirri spurningu, sem hann bar fram um það, ef ég væri þess umkominn. Hann segir, að mjólkurverðið á landinu hafi verið frá því í haust s. l. frá 2 kr. niður í 1 kr. og 60 aura. Mér er ekki kunnugt um, hvar mjólkurverðið hefur farið upp í 2 kr. Er það í Vestmannaeyjum? *(PZ:* Ég upplýsi það seinna). Ég veit, að eftir þrábeiðni var talað um að hækka það þar, en hvort það var gert, veit ég ekki. En hv. 2. þm. N.-M. veit, að ákveðið hefur verið verðið á mjólkinni 182 aurar á lítra. Hann veit, að þeir, sem flytja mjólkina í mjólkurbúin, fá þetta fyrir mjólkina. Hitt var ákveðið, að þeir, sem seldu mjólkina beint til neytenda, fengju kr. 1,60 fyrir lítrann, og til mín hefur engin kvörtun komið frá þeim, sem seldu mjólkina á kr. 1,60. Og það hefur ekki verið amazt við því, að þeir taki eitthvert lágt flutningsgjald fyrir að flytja mjólkina heim til manna. Og ég hygg, að þessir menn séu sízt verr settir en þeir, sem láta senda mjólkina í búin og hafa kostnað við það, þó að þeir síðar nefndu fái 22 aur. meira fyrir mjólkurlítrann. Þennan mismun á verði mjólkurinnar, eftir því, hvort hún er seld beint frá framleiðendum til neytenda eða gegnum mjólkurbúin, greiðir ríkissjóður aftur á móti, eins og hv. þm. er kunnugt. Ef það er rétt, að mjólkurverðið hafi verið sett upp í 2 kr. á einhverjum stöðum, þá er það alveg vafalaust fyrir bein og ákveðin tilmæli frá þeim stöðum, og þá vænti ég ekki síður frá neytendum en framleiðendum. Ég skil naumast, að um aðra staði geti verið að ræða í því efni en Vestmannaeyjar.

Þá þykist ég hafa svarað svo miklu sem ég get af fyrirspurnum hv. 2. þm. N.-M.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Og ég hafði margt upp úr því, sem ég ekki vissi áður. Sumt af því, sem hann sagði, skil ég ekki, í sambandi við það, sem þó hefur verið upplýst um hér í hv. deild. Hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, — ég veit ekki að öllu leyti með hvaða ráðuneyti hann fer, — upplýsti t. d. hér í vetur í hv. þd., að það hefði ekki verið hægt að ákveða verðið á kjötinu í haust fyrr en ríkisstj. hefði verið búin að koma sér saman um, hvað það ætti að vera. En nú kemur hæstv. landbrh. og segir, að þetta hafi verið ríkisstj. alveg hreint óviðkomandi, hún hafi ekki komið nærri því. Hvorum þessara góðu manna á ég fremur að trúa? Það getur hæstv. landbrh. náttúrlega ekki sagt mér. Og ég hef ekki heldur gögn til að rannsaka það, hvorum þeirra ég á að trúa betur. En annar hvor þeirra segir ósatt. (*Fjmrh.:* Eða sá þriðji). Það hefur komið fyrir áður, að það hafa verið gefnar út yfirlýsingar af tveimur ráðh. sín á hvora lund um sama efnið, og það í blöðum, svo að menn vita ekki í slíkum kringumstæðum, hvort er frekar satt.

Nú vil ég enn fá upplýsingar um eitt. Þegar mjólkurverðið í haust var hækkað, þá var það látið vera óbreytt t. d. á Patreksfirði. Þar hafði mjólkin áður verið seld á kr. 1,60 lítrinn. Einn maður kaupir þar mjólkina og selur hana út úr sinni búð, og bændur hafa þá fengið fyrir hana kr. 1,20 fyrir lítrann, og þeir sættu sig við það, þó að þeim bæri að fá kr. 1,23 fyrir lítrann. Þetta var svona áður en mjólkin var hækkuð. Svo kom tilkynning um það, að mjólkurverðið mætti fara upp í kr. 1,82 lítrinn, og þeir fóru náttúrlega að reyna að hækka mjólkina þarna á þessum stað. Þeir símuðu suður til verðlagsn. og búnaðarráðs, en þeir sögðu hér syðra, að ekki mætti selja mjólkina fyrir meira en kr. 1,60 lítrann. Og enn fá bændur fyrir mjólkina ekki nema kr. 1,20 fyrir lítrann, þó að komin sé ný vísitala, sem segir, að þeir eigi að fá kr. 1,35 fyrir lítrann. Ætlar ríkissjóður að greiða mismun þarna á mjólkurverði? Ég get tekið fleiri staði og nefnt dæmi svipuð þessu, tvo staði úti á landi, þar sem bændur fá út úr mjólkursölunni það, sem þeim ber, og aðra, þar sem þeir fá minna.

Viðvíkjandi svari hæstv. landbrh. viðkomandi kjötkaupmönnunum, þá setti hann sitt svar fram að vissu leyti með því að vísa í það, að Sláturfélag Suðurlands hefði haft forgöngu í því að hækka álagninguna upp í 14%, um 1% frá því í fyrra. En þeir sættu sig í fyrra við 13% af 5,75 kr. verði. En þeir fengu nú 14%, og af því að breytt var til um fyrirkomulag um niðurgreiðslur, fá þeir það af 9,52 kr. verði. Þessir menn fá svo miklu meira en í fyrra, að þeir fá nú 1/8 til 1/7 af allri niðurgreiðslunni. Þetta fer beint til kaupmanna, af því að breytt var til um fyrirkomulag á niðurgreiðslunni. Áður var niðurgreiðslan greidd beint til sláturleyfishafa, sem greiddi hana svo beint til þess, sem kjötið átti. Þá var engin smásöluálagning tekin af niðurgreiðslunni. Nú rennur þetta til kaupmanna sem styrkur, þessi 14% af niðurgreiðslunni. Og það er á þennan hátt, sem kaupmaðurinn fær megnið af þessum 3 millj. kr. Það var þessi sérstaki velvilji til kaupmanna, sem á engan hátt er hægt að kenna verðlagsnefnd né búnaðarráði. Þetta var frá ríkisstjórninni. Það var ríkisstj., sem fann upp á því að breyta til um greiðsluna, til þess að kaupmaðurinn gæti fengið 58 aura af niðurgreiðslunni, — bara til þess.

En eins og ég sagði áðan, þá er við þetta mál einn góður kostur, að kveðinn er niður rógurinn um það, að þetta væru greiðslur til bænda. En það var keypt dýru verði, þar sem það kostaði 3 millj. kr. Það hefði sjálfsagt verið hægt að koma því fyrir á ódýrari hátt.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það er vegna þessara ákvæða í frv., sem ég vil segja nokkur orð, sem mér finnst í raun og veru furðulegt, að sett hafi verið í lög, að gera svo upp á milli þegnanna eins og gert hefur verið í þessum efnum, að í fyrsta lagi skuli þeim vera refsað, sem framleiða kjöt eða að einhverju leyti starfa að framleiðslu kjöts, með því, að þeir skuli þurfa að kaupa kjötið hærra verði en aðrir. Ég sé ekki, að þetta sé bein örvun til þessarar framleiðendastéttar landsins. Og mér virðist mikið misrétti, sem fram kemur í því. Með þessu móti eru líka framleiðendur kjötsins, bændur, skyldaðir til þess að nota jafnan gamlan mat, þar sem þeir ekki hafa sæmilega geymslu. Því að það er vitað, að þeir voru mjög farnir til þess yfir hitatímann að kaupa kjöt úr frystihúsum, þar sem þeir höfðu ekki frystihús sjálfir og gátu ekki komið kjöti til geymslu í frystihús. En ef þeir eiga að kaupa kjötið hærra verði en aðrir, munu þeir hætta þessu fyrirkomulagi. Og ég hygg, að það örvi ekki til kjötframleiðslu, ef ekki er hægt að nota nýmetið í sveitum nema með því móti, að bændur skuli greiða hærra verð fyrir kjötið en þeir, sem ekki koma nærri framleiðslustörfum.

Þá er önnur hlið þessa máls mjög athyglisverð, sem snýr að skólafólki úr sveitum, sem vinnur nokkra mánuði við framleiðslustörf, að það skuli eiga að greiða þessa vöru hærra verði en aðrir, bara fyrir það að hafa fengið fæði sem nokkurn hluta kaupgreiðslu nokkurn tíma af árinu. Ég hélt, að nemendur úr sveitum landsins, sem verða að koma sér fyrir í kaupstöðum, hefðu nógu miklu erfiðari aðstöðu en þeir, sem í kaupstöðum eiga heima, og hefðu nógan kostnað að greiða, þó að ríkisvaldið þyrfti ekki að setja sérstök ákvæði í l. um það, að þeim skyldi mismunað þannig, að þeir yrðu að kaupa þessa vöru dýrara verði en þeir, sem í bæjunum búa. Mér er líka sagt, að ekki sé óalgengt hér, þar sem matsala er, að spurt sé um það, hvort maður hafi unnið í sveit. Því að það er ekki talið álitlegt að taka mann í fæði, sem hefur starfað í sveit, nema með því að setja honum skilyrði um að borga hærra verð fyrir fæðið en öðrum. Og ég skil ekki yfirleitt réttlætistilfinninguna hjá þeim mönnum, sem eiga að vera fulltrúar utan úr dreifbýlinu og eru kosnir sem slíkir, ef þeir vilja hlíta slíkum ákvæðum fyrir sína umbjóðendur, að það sé í raun og veru verið að hegna þeim fyrir það, að þeir hafa unnið fyrir kjötframleiðendur.

Ég tel þetta frv. meingallað í eðli sínu og l. og sennilegast, að enginn sparnaður verði að þeim. En af því að þetta eru brbl., geri ég ráð fyrir, að stjórnarliðið vilji ekki fella þau beinlínis. Hins vegar tel ég, að fulltrúar bænda og þeirra, sem unnið hafa hjá bændum, geti vel reynt að rétta hlut sinna umbjóðenda. Og þess vegna vildi ég koma með brtt., sem verður að vera skrifl., vegna þess að maður fær ekki frv. í hendur fyrr en þau eru tekin til umr. oft, eins og líka hér er í þessu máli, en brtt. er um það, að úr 2. gr. verði numin burt orðin: „með undantekningum þeim, sem í 3. gr. segir", og um 3. gr., að hún falli niður með öllu. En í 3. gr. eru þessi ákvæði, sem valdið hafa mestum árekstrum í þessum efnum og ómögulegt er að sjá með nokkru skynsamlegu viti, hvaða röksemdir geta staðið á bak við annað en það, sem kemur fram í ýmsum frv., að reynt er að flokka fólkið eftir því, hvort það býr í kaupstöðum eða sveitum. Þau eru vissulega fleiri frv. en þetta, sem þessi stimpill er á, sem virðist vera eitt af verkum þeirrar nýsköpunarstjórnar, sem nú situr, að hafa sín frv. með þessum stimpli. Og við 4. gr. frv. er þessi brtt. um, að fyrri málsgr. hennar falli niður, sem er ákvæði um allt þetta starf og vafstur við að draga fólk í dilka og þá skriffinnsku, sem því fylgir. Þessar skrifl. brtt. vildi ég mega leggja fram fyrir hæstv. forseta.

En svo vildi ég aðeins minnast á þessi orð hæstv. landbrh., þegar hann hrósaði hér sinni ágætu nefnd, verðlagsn. landbúnaðarafurða, og sagði, að kjötverðlagsnefnd hefði aldrei verið betur skipuð en nú. Mig undrar ekkert, að honum finnist svona vera, þar sem hann hefur skipað alla mennina í n. eftir sínu höfði, og þegar hann segir, að hann geti ekki skilið annað en að n. hafi unnið sérstaklega með hag bændanna fyrir augum. Ég hef aldrei setið í nokkurri verðlagsn. landbúnaðarafurða. Hitt vil ég segja hæstv. landbrh. afdráttarlaust, að ef ég hefði verið settur í þá n., þá hefði ég talið mér skylt að sjá hagsmunum þess aðila borgið, sem hefði sett mig í n., og þar hefði ég talið mig trúnaðarmann þess aðila, sem hefði tilnefnt mig til að vera í nefndinni. Og ég teldi sviksamlegt að vera útnefndur fyrir einhvern sérstakan mann í n. og hugsa ekki um hagsmuni þess, sem setti mig í nefndina. Þess vegna er það sjáanlegur hlutur, að þar sem hæstv. landbrh. hefur útnefnt þessa nm. í verðlagsn., þá eru þeir hans trúnaðarmenn, en ekki bændastéttarinnar. Þess vegna er það líka, sem hæstv. landbrh. telur þessa nm. svo góða sem verðlagsnefndarmenn, að aldrei hafi n. verið betur skipuð en nú, „enda hefði þessi n. verið skipuð bændum" sagði hæstv. ráðh. En hefði þessi n. verið skipuð *af* bændum, hefðu þeir nm. ekki látið verðlag bænda vera lægra en áður, eftir að búið var að svíkja bændur um það verð, sem þeir áttu að fá. — Ef hæstv. landbrh. t. d. teldi sér sæma að taka af mér ráðin um að ráða til mín hjú, þá mundu þau líta á hann sem yfirhúsbónda og fremur húsbónda en mig. Og það er hliðstæða við þetta, sem gerzt hefur í þessu efni, skipun verðlagsnefndar. Þess vegna er það í raun og veru vantraustsyfirlýsing hjá hæstv. landbrh. á sína trúnaðarmenn, sem hann hefur tilnefnt, ef hann heldur, að hann hafi ekki getað treyst þeim til þess að framkvæma starf sitt nokkurn veginn í samræmi við það, sem hann hefur helzt kosið. Og þessir menn, sem hæstv. landbrh. hefur valið í þessa n., væru ekki meiri menn í mínum augum fyrir það, ef þeir brygðust hans trausti, þar sem vitað er hins vegar, að fjöldi manna í bændastétt hefði aldrei sýnt þessum mönnum traust. Þetta vil ég segja í sambandi við það, sem hæstv. landbrh. var að tala um, að verðlagsn. hefði aldrei verið betur skipuð en nú, þegar áður voru t. d. í kjötverðlagsnefnd forstjóri Sláturfélags Suðurlands og Jón Árnason, sölustjóri íslenzkra afurða hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem höfðu unnið af trúmennsku að sölu afurða bænda undanfarna áratugi, og að maður gleymi ekki vini okkar hv. 2. þm. N.-M., sem ég tel víst, — a. m. k. hefur mér heyrzt það á þeim, sem hafa verið á fundum með honum, — að hafi séð hagsmunum bænda vel borgið. Ég hygg, að það megi segja nokkuð mikið um þá menn, sem nú eru í kjötverðlagsnefnd, ef á að segja meira þeim til ágætis sem slíkum en þessum mönnum, sem ég taldi nú, sem áður voru trúnaðarmenn bænda í þessu efni.

Mér er áhugamál að þurrka í burt þann niðurlægingarstimpil, sem hæstv. ráðh. með hverju frv. sínu á fætur öðru, og ekki sízt með þessu, sem hér liggur fyrir, er að reyna að setja á fólk, sem erfiðasta aðstöðu hefur í landinu, sem býr í sveitum og vinnur við framleiðslustörf og er meir og meir að flýja frá þeim. Og ef fulltrúar þessa fólks hér á Alþ. hafa ekki manndóm til að taka af málunum þennan stimpil, hygg ég, að fólkið telji þá svíkja sinn málstað og sinn heiður.

Forseti (BG): Hv. þm. V.-Sk. hefur lýst þeim skrifl. brtt., sem hann flytur við frv. — Tvenn afbrigði þarf fyrir brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 905) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að hæstv. atvmrh. (ÁkJ) hefði sagt, að ekki hefði verið hægt að ákveða á síðasta hausti kjötverðið fyrr en ríkisstj. hefði verið búin að koma sér saman um það. En hv. þm. sagði, að maður, sem héti Áki Jakobsson og ætti sæti í landsstjórninni, en hann vissi ekki með hvaða mál færi, hefði sagt þetta. Ég vil nú spyrja hv. þm., hvort þeir álíti, að það verði tekið ákaflega mikið mark á því, sem maður fer með, sem er ekki meira með sjálfum sér en það, að hann veit ekki, hvaða ráðuneyti hver ráðh. fer með. Enda dettur engum í hug, að nokkur ráðh. hafi sagt þetta. Jafnvel þó að þetta hefði verið satt, sem enginn trúir, þá hefði ráðherrann aldrei verið svo heimskur að játa þetta fyrir öllu þinginu. Og þó að hv. þm. séu með þessar stöðugu yfirlýsingar um það, að ríkisstj. hafi í raun og veru ráðið verðlaginu á kjötinu á síðasta hausti, þá er það náttúrlega eitt af þeim málum, sem þýðir ekki að endurtaka eins oft og gert hefur verið. Því að það er ekki algild

regla, að lyginni verði trúað, ef hún er nógu oft endurtekin. Það eru í verðlagsn. nú menn, sem ekki láta nota sig gegn þeim hagsmunum, sem þeim er trúað fyrir.

Hv. 2. þm. N.-M. getur ekki gert ráð fyrir, að ég svari hér, án þess að mér sé gert aðvart fyrirfram, sögum, sem hann kemur með utan af landi. Það hafa ekki komið til mín kvartanir um þetta, og meðan svo er, getur hann ekki búizt við, að ég geti svarað, hvernig sé háttað um þetta og þetta. Hv. 2. þm. N.-M. veit, hvaða hámarksverð var sett á þessar vörur í haust. Og ef menn úti um land hafa ekki farið eftir því hámarki, er það ekki mín sök, en þeir hafa heimild til að fara í það hámark, sem ákveðið var. En ég játa, að ég frétti ekki eins mikið af sögum víðs vegar utan af landi og þessi hv. þm. gerir.

Þá minntist hv. 2. þm. N.-M. á smásöluálagninguna á kjöti á s. l. hausti. Hann sagði, að þessi 1%, sem bætt var við, skipti ekki miklu máli, en aðalatriðið væri, að álagningin væri miðuð við hærra verðlag en hefði verið á síðasta hausti þar áður. Þetta er rétt. Hún var miðuð við hærra verðlag, af þeirri einföldu ástæðu, að kjötverðið hækkaði. En ef hv. 2. þm. N.-M. heldur, að sú hækkun á verði á kjöti þýði einungis hagnað fyrir þá, sem selja kjötið út úr búðum, þá er hann verr að sér í þessum málum en hann hefur leyfi til að vera sem gamall form. kjötverðlagsn. Kaupmenn segja, að rýrnun á kjöti verði því meiri sem verðið er hærra fyrir það. Ég skal ekki fullyrða um, hvort kaupmenn eru betur settir með álagninguna eftir að kjötverðið hækkaði. Það getur verið. En hitt þýðir ekki að reyna að telja mönnum trú um, að hækkunin sé einvörðungu þeirra hagnaður.

Þá skal ég svara örfáum orðum því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði. Hann byrjaði á því að kyrja þá gömlu sögu, sem oft er búið að svara hér í hv. þd. og annars staðar, að með l. um áhrif kjötverðs á vísitölu sé þegnunum mismunað, af því að sumir fái niðurgreiðslu, en aðrir ekki. En þessi hv. þm. er of greindur til þess að hann skilji þetta ekki, að ef ekki hefði verið farin þessi leið, sem farin var í þessu atriði, þá hefði mönnum verið mismunað. Kjötið er borgað niður til þess að þeir, sem atvinnu reka, geti sloppið við að borga það hækkaða kaupgjald, sem hækkun á vísitölunni hefur í för með sér. Og ef þeir fengju með því að sleppa við að hækka kaupgjald nákvæmlega það, sem greitt er niður kjötið með, og keyptu svo kjötið með lægra verðinu, fengju þessir menn tvöfaldan gróða, sem felst í því að sleppa við að hækka kaupgjald, og þann gróða, sem í því felst að fá kjötið við lægra verði keypt en ef það væri ekki greitt niður. Hvað kjötframleiðendur snertir í þessu efni, þá verða þeir að sæta sömu örlögum og aðrir atvinnurekendur. En hv. þm. hlýtur að skilja það, að það hefði verið óframkvæmanlegt, ef bændur hefðu átt að fá niðurgreiðslu á verði kjöts, sem þeir sjálfir neyttu, vegna þess að það er alveg ómögulegt að hafa eftirlit með því, hvað þeir leggja til sinna eigin heimila af kjöti.

Hv. þm. V.-Sk. kvartar yfir því, að þm. hafi fengið málið svo seint, að þeir kæmust ekki til að bera fram brtt. fyrr en á síðustu stundu. Nú vil ég síður en svo mæla þessu bót. En þetta frv. hefur legið alllengi fyrir þessari hv. þd., svo að það hefur verið nægur tími til þess að athuga það.

Ef hv. þm. hefur lesið frv., þá misskilur hann það gersamlega. Hann talar um, að það fólk, sem verst sé sett, eins og t. d. skólafólk, fái engar niðurgreiðslur, enda þótt aðrir, sem betur eru settir, fái þær. En þetta er hinn mesti misskilningur. Í 3. gr. 3. lið segir, að þeir, sem fá laun sín greidd að öllu eða nokkru leyti með fæði, hafi ekki rétt til niðurgreiðslu, og vitanlega er engin skynsemi í því, að þeir, sem fá laun sín greidd í fæði, fái rétt til niðurgreiðslu, af þeim ástæðum, að fæðið hækkar ekki neitt, en um leið og menn hætta að taka kaup í fæði, fá þeir niðurgreiðslur eins og verið hefur. Hitt er svo annað mál, að fólk getur orðið eitthvað eftir á, vegna þess hvernig hagar til með skattstigann, en það er ekki hægt að fara aðra leið en að semja kjötskrá eftir skattaskýrslum. Ef breyt. verður á kjörum manna á því tímabili, geta þeir kært og fengið sig tekna inn á kjötskrána, og ef menn ætla að taka kaup í fæði, þá er þess getið þegar skattskráin er samin. Þetta hafa hundruð og þúsundir manna gert. En það er ekki hægt að kenna þeim, sem l. setja, um það, þó að einhverjir missi rétt sinn af vangá, það hefur sjálfsagt komið fyrir, að einhverjir hafi ekki athugað þetta og þar af leiðandi ekki kært sig inn á kjötskrána. Ég segi það eins og það er, að ég nenni ekki að vera að stæla mikið lengur um verðlagsn. landbúnaðarafurða, þetta er svo margendurtekinn söngur hér í þessari hv. d., að það er tilgangslaust að svara því öllu meira. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði skipað alla verðlagsn. Þetta er náttúrlega misskilningur hjá honum, sem kemur af því, að hann hefur ekki athugað lögin. Við munum, að búnaðarráðið er 25 menn, skipaðir af landbrh., en verðlagsn. er kosin af búnaðarráði. Ég held, að óhætt sé að segja, að síðan hið opinbera fór að skipta sér af verðlagningu landbúnaðarafurða, hafi aldrei verið búið eins vel að landbúnaðinum og gert er með skipun búnaðarráðs, það er skipað valinkunnum bændum úr flestum héruðum landsins, sem svo eiga að velja þá menn, sem eiga að verðleggja landbúnaðarafurðirnar. En þetta hefur ekki verið gert fyrr en núverandi ríkisstj. hlutaðist til um það á s. l. sumri, og ég veit, að hv. þm. skilur það vel, að það er ekki sama, hvort landbrh. velur alla mennina sjálfur í verðlagsn. eða það er slíkt 25 manna ráð, sem kýs menn í þá nefnd. En hvað sem þessu líður, er dálítið vafasöm sú siðferðiskenning, sem fram kemur hjá honum, að slíkri n. sem þessari sé skylt að hlýða því, sem húsbóndinn segir henni. Til hvers er þessi n. skipuð? Hún er skipuð til þess að sjá um hagsmuni bænda, en ekki hagsmuni ríkisstj. Hennar hlutverk gat ekki verið annað. Og ég vil illa trúa því, að þessi hv. þm. sé í rauninni þannig hugsandi, að hann mundi undir þeim kringumstæðum skilmálalaust hlýða húsbónda sínum, ég held, að hann sé of skapstór maður til þess.

Hins vegar kom það fram hjá öðrum þm., að verðlagsn. hefði ákveðið lægra verð á landbúnaðarafurðum en rétt hefði verið, og þessa umkvörtun heyrir maður daglega hér á þingi. En það merkilegasta er, að ég hef varla heyrt einn einasta bónda á öllu landinu, sem ekki annaðhvort unir mjög vel eða sæmilega verðlagsákvörðuninni, sem gerð var á s. l. hausti. Ég efast ekki um það, að hv, þm. geti vitnað í ræðumenn á fundum úti um landið, ræðumenn, sem tala í sama tilgangi og með sama hugarfari og þeir, sem hafa talað hér í hv. deild. En þegar bændur segja hug sinn allan, held ég, að það séu ekki skiptar skoðanir um það hjá þeim, að verðlagningin hafi tekizt vel. Hv. þm. segir, að bændur hafi verið sviknir um það verð, sem þeir áttu að fá 1944. Ég ætla, að það fari ekki vel í hans munni að tala um svik við bændur í því efni, því að ég ætla, að aðrir hafi ekki verið öllu framar í flokki um þá verðlagsákvörðun en hann. Ég er ekki að segja hv. þm. það til lasts, því að ég álít, að sú verðlagsákvörðun, sem gerð var 1944, hafi verið skynsamleg.

Umr. frestað.

Á 113. fundi í Nd., 17. apríl (að loknum 112. fundi, kl. 1,35 árdegis), var fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Ég verð að lýsa undrun minni á þeim vinnubrögðum, sem hér eru höfð, og sé satt að segja ekki, hvar þetta ætlar að lenda. Þetta mál er eitt af brbl. hæstv. ríkisstj. síðastliðið haust. Nú eru komin sumarmál, og menn sitja hér heilar nætur yfir þessum málum. En það, sem kom mér einkum til að standa upp, voru ummæli, sem féllu hjá hæstv. fjmrh. hér í kvöld. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert athugavert, þótt álagning á kjöt í smásölu hefði hækkað um 1%. Ég verð að segja, að ég tel varla sæmilegt að hafa slík ummæli, einkum þegar þess er gætt, að nú var lagt á miklu hærri upphæð en áður. Mun láta nærri, að það séu um 58 aurar á kg, sem hæstv. ráðh. gat ráðið hvert rynni, og hann kaus heldur að láta það renna til millilíða en til bænda. Hann sagði þetta gert af því, að sölubúðir í Reykjavík hefðu hótað sölustöðvun og kvað Sláturfélag Suðurlands hafa verið þar í broddi fylkingar. Ég hefði nú haft gaman af að spyrja hv. þm. Borgf. um þetta, en forseti hefur nú þjarmað svo að þm., að jafnvel þm. Borgf. er farinn af fundi; má telja furðulegt að bjóða þm. upp á að sitja hér á fundi kl. 3—4 að morgni. Ég veit, að þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. eins og hann túlkaði það. Hins vegar mun vera sá flugufótur fyrir þessu, að Sláturfélagið er í félagi kjötkaupmanna.

Þá sagði hæstv. ráðh., að svo oft mætti endurtaka lygi, að menn tryðu henni sjálfir. En hvað sem hæstv. ráðh. segir um þetta, þá vita það allir, að búnaðarráð var sett til þess, að hæstv. landbrh. gæti ráðið verðinu og sett það lægra en 6 manna samningurinn stóð til. Hjá þessu kemst hæstv. ráðh. aldrei.

Það er fáránlegt hneyksli, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að halda því fram, að það séu hagsmunir bænda, sem bornir eru fyrir brjósti. Ef svo hefði verið, hefði bændasamtökunum verið falið verðlagningarvaldið í hendur. Hitt kann að vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki þurft að segja þessum mönnum í búnaðarráði fyrir verkum. Þeir hafa skilið hlutverk sitt.

Þá beit hæstv. ráðh. höfuðið af skömminni, þegar hann sagðist ekki hafa hitt einn einasta bónda, sem væri óánægður með skipun búnaðarráðs. Hefur hæstv. ráðh. ekki talað við neinn bónda nema hv. þm. A.-Húnv.? Ef svo er, þá getur hann verið viss um, að sá hv. þm. talar ekki fyrir munn bændastéttarinnar. Það er vart haldinn svo bændafundur, að þessum lögum sé ekki mótmælt, og mér þykir satt að segja ótrúlegt, að hæstv. ráðh. hafi ekki orðið var við þetta.

Ég vildi einungis taka þetta fram, vegna ummæla hæstv. ráðherra.

Sveinbjörn Högnason: Vegna ummæla hæstv. landbrh. um, að ég væri ekki læs, að ég læsi frv. ekki rétt, þegar ég legði þann skilning í það, að þeir menn, sem vinna um stundarsakir að landbúnaðarstörfum, eigi ekki rétt á uppbótum, vil ég upplýsa hæstv. ráðh. um það, að hann lætur prenta eftir sér ólæsileg orð, ef þetta er ekki réttur skilningur. Hér stendur í 3. gr. frv.: „Þeir, sem taka laun sín að nokkru“ o. s. frv. Ég viðurkenni, að ég er ekki læs, ef þetta stendur hér ekki. Annaðhvort fer hæstv. ráðh. með vísvitandi rangt mál eða þá hann veit ekki, hvað hann segir. Ég skal játa, að erfitt getur verið að komast fyrir, hverjir fá kaup í fæði, en þetta skapar fjölda af skólafólki hér í bænum mikil óþægindi, en það fólk má sízt vera án þess, er því ber.

Ég hlýt að ákæra framkvæmd þessara l. fyrir hönd minna umbjóðenda, og satt að segja furða ég mig ekki á, að hæstv. stjórnarlið vilji hafa næturverk á þessu, en þá ættu þessir herrar ekki að hlífa sér við því að vaka með hjúunum. Það er bæði, að þessi ráðstöfun bitnar á fjölda fólks, sem ekki eru framleiðendur, og svo fær sá rökstuðningur alls ekki staðizt, að bændur eigi ekki einnig að fá uppbætur. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta yrði svo að vera, vegna þess að ekki væri hægt að hafa neitt eftirlit með kjötneyzlu bænda. En ég veit ekki til, að neitt eftirlit sé haft með kjötneyzlu neins staðar, enda ákveðið að miða við 40 kg á mann. Þetta er því tóm vitleysa hjá hæstv. ráðh.

Ég skal þá loks koma að því, sem hæstv. ráðh. kallaði vafasama siðfræði. Hæstv. ráðh. ber hér ekki saman við Pál postula, og þótt Pétur hafi nú líka postuli heitið, þá hygg ég, að það sé álit flestra, að mönnum beri að halda þann trúnað, sem maður hefur tekið við. Og ef það rekst á, sem manni finnst rétt, annars vegar, og vilji þess, sem hefur trúað manni fyrir einhverju verki, hins vegar, þá er ekki um annað að velja en annaðhvort að breyta á móti betri vitund, þ. e. því, sem manni finnst rétt, eða segja af sér því trúnaðarstarfi, sem manni hefur verið falið, ef maður vill koma hreint fram. Ég held, að þetta sé alveg skýlaust, eftir því sem vestræn

menning hefur viðurkennt sem siðferðiskenningu í þessum efnum. En það er óneitanlega orðið mikið af þeirri skoðun í okkar þjóðfélagi, að ef einhverjum trúnaðarmönnum eru falin einhver störf, þá megi þeir eins hugsa um sína hagsmuni eins og það, sem þeim er trúað fyrir. Því miður hefur mikið af þessu komið á daginn hjá okkur í seinni tíð. Og það er ekki að undra, þegar maður heyrir hæstv. fjmrh., viðskmrh. og landbrh. segja, að það sé úrelt kenning orðin, þessi gamla kenning vestrænnar menningar um þessi efni, sem ég tók fram, og að eiginhagsmunir eigi að sitja fyrir í þessum efnum, hvað sem yfirboðarar segja. Mig undrar að heyra þetta frá þessum manni hér hjá okkur, og sýnir það, hvert los er komið á hér hjá okkur í þessum efnum, fjárhags- og viðskiptaefnum, og skilning manna á trúnaðarstörfum í okkar þjóðfélagi. Enda hefur það skýlaust komið fram, að fleiri líta á þessi mál eins og ég, því að það voru vissir menn, sem neituðu alveg að taka við þessu trúnaðarstarfi. En þeir, sem tóku við því, töldu sér skylt að fara eftir því, sem hæstv. ríkisstj. var hagkvæmast í þessum efnum. Það er nákvæmlega eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði um þetta efni áðan, að þessi tilnefning er gerð af hæstv. landbrh. þannig, að hann útnefnir sína trúnaðarmenn til þess að gera þetta á þann hátt, sem niðurstaðan varð, af því að það var vitanlegt, að bændastéttin mundi aldrei ganga inn á verðlagninguna, sem var sett nú síðast á landbúnaðarafurðum. Það var viðurkennt af okkur hér, sem gengum inn á 9,4% eftirgjöfina, að það væri aðeins til eins árs. Og þess vegna er það líka skylda þeirra manna, sem samþ. 9,4% eftirgjöfina í fyrra, til þess að reyna að fá eitthvert bráðabirgðasamkomulag um að reyna að knýja niður dýrtíðina, — það er skylda þeirra manna, sem samþ. þetta fyrir bænda hönd þá, að sjá um, að þeirra hlutur verði réttur, því að annars svíkjast þeir líka um sín trúnaðarstörf, sem þeim hafa verið falin af bændum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta miklu lengra. Aðeins þótti mér broslegt, að hæstv. landbrh. var mjög sakleysislegur og sagði: Það var öðru nær en að ég hefði útnefnt nefndina til þess að ákveða verðlagningu á landbúnaðarafurðum, það gerði búnaðarráð. Og það var svo að skilja, að það væri sama og hann segði: Ég er alls ekki útnefndur af mínum kjósendum, það er bara þetta þingmannaráð Sjálfstfl., sem ég ber ábyrgð gagnvart. En ég hélt, að hæstv. ráðh. bæri ábyrgð gagnvart þjóð sinni og þeim kjósendum, sem hann er kosinn af. Og það er vitanlegur hlutur, að inn í þetta búnaðarráð að miklum meiri hluta voru ekki tilnefndir aðrir menn en þeir, sem hæstv. landbrh. vissi, að mundu verða þægur ljár í þúfu um að koma fram vilja ríkisstj. í verðlagsmálum. Það var ekki gert vegna bænda og hagsmuna bænda að beita þessu einræðisvaldi, sem hæstv. landbrh. gerði, heldur af því að ríkisstj. vildi sitja á rétti bænda til þess að geta hangið við völd á því nokkrum mánuðum lengur. Það er vitanlegt, að ef bændur hefðu ekki gefið eftir þessi 9,4% í fyrra, þá hefði þessi ríkisstj., sem nú situr, ekki getað setzt í stólana. Og hún vissi líka, að hún hafði stjórnað þannig, að ef hún launaði ekki bændum þannig að níðast á þeim í verðlagsmálum, þá gat hún heldur ekki haldið áfram að sitja að völdum, án þess að dýrtíðin í landinu yxi stórum og atvinnuvegirnir stöðvuðust. Og þá þótti hæstv. ríkisstj. rétt að launa þann drengskap, sem bændur einir höfðu sýnt af stéttum í þessu þjóðfélagi haustið 1944, með því að níðast nú á þeim einum ári seinna með því að lækka verðlag hjá þeim einum fyrir vinnu þeirra frá því, sem þeir höfðu gengið inn á 1944, eða menn fyrir þeirra hönd. Því að fyrir hönd bænda var ekki samið um, að þessi 9,4% hækkun skyldi niður falla undir öllum kringumstæðum, heldur með því móti, að útflutningsuppbætur kæmu í staðinn og að hvers konar hækkun á framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða yrði greidd. Og nú hefur þessi áníðsla á bændum gengið lengra en að taka þessi 9,4% af verði landbúnaðarafurða bænda, og af ríkisstjórninni algerlega í heimildarleysi, af verði landbúnaðarafurða, til þess að bæta upp útflutningsafurðirnar. Og hæstv. landbrh. situr í sínum ráðherrastóli fyrir drengskap bænda á sínum tíma, sem vildu reyna að hjálpa til við það, að við gætum komizt inn á rétta braut aftur í atvinnumálum okkar. Þetta vill hann sjá við bændur með því að níðast á þeim áfram og setja þá í hlekki um sín mál, jafnhliða því, að allar aðrar stéttir í þjóðfélaginu fá stórfelldar hækkanir fram fyrir sig. Því að það er ekki aðeins Dagsbrún, sem búin er að hækka grunnkaup að nýju, heldur hafa öll félög hér í bæ, sem hafa samningagerðir miðaðar við 1. maí, sagt upp samningum og farið fram á stórhækkanir. T. d. þeir, sem starfa við mjólkursölu hjá framleiðslufyrirtækjum bænda, fara fram á um 40% hækkanir. Þetta á víst að ganga fyrir sig þegjandi. En við bændur á að segja: Þið skuluð kaupa ykkar vörur dýrara verði en aðrir, en það á að lækka verð á framleiðsluvörum ykkar — og allt til þess að þessi blessuð stjórnarfleyta geti flotið dálítið lengur, til þess að hún geti komið þjóðmálunum í öngþveiti. Ég held, að aldrei hafi verið meir misnotaður trúnaður manna en trúnaður bænda í þessu efni af hæstv. ríkisstjórn. Og ég skil ekki í því, að hv. þm. séu svo sljóir, að þeir sjái ekki, að ef á að beita einhverja stétt slíkum þrælatökum, ekki aðeins í verðlagningu afurða hennar til sölu, heldur líka í verðlagi á því, sem sú stétt á að kaupa, að það skuli vera við hærra verði en til annarra stétta, þá hlýtur að koma að því fyrr eða síðar, að upp úr logar í þjóðfélaginu, ef slíkum tökum er beitt. Það má brýna deigt járn svo, að það bíti, og þó að bændastéttin hafi verið friðsamasta stétt þessa lands og sú stétt, sem haldið hefur jafnvæginu gegnum aldirnar, þá má herða svo á þrælatökunum gagnvart þeirri stétt, að bændum þyki ekki sætt undir lengur, ef þeir eigi að halda uppi heiðri stéttarinnar og þeir eiga að geta haldizt við í sveitunum og ræktað þær fyrir sig og afkomendur sína. Það er þess vegna sjáanlegt, að það eru byltingarmenn, sem hér ráða mestu. Því að þetta mun runnið frá þeim flokki í ríkisstj., sem er yfirlýstur sem byltingarflokkur. Þeir vilja gera óánægjuna sem mesta, til þess að geta síðan

hrært upp gruggið í þjóðlífinu, sem kann að vera til einnig í sveitinni. En ég hygg, að það megi treysta því, að þjóðin sjái muninn á þessum byltingarsinnuðu mönnum annars vegar og svo hinum, sem bezt hafa rutt brautina í landsmálum okkar og þjóðfélagsmálum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég hef lagt fram skrifl. brtt. við frv., þar sem afmáð er þetta misrétti úr frv. Og ég er sannfærður um, að þeir hv. þm., sem ríkisstj. styðja, mega telja sig mjög heppna með því að losna við hneyksli þessa frv. á sæmilegan hátt, með því að afnema það úr frv. samkv. minni brtt., þannig að þeir, sem úti í dreifbýlinu búa, megi búa nokkurn veginn við sama rétt — hvað sem annars má um frv. segja — eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja í sambandi við þessar umr., sem hafa nú farið á þann veg sem vænta mátti, vegna þess að þetta hefur virzt vera mjög viðkvæmt mál, og ætla ég mér ekki að blanda mér sérstaklega inn í það, sem farið hefur hér á milli flokka í þessu máli, heldur það eitt, sem hér hefur verið rætt um eitt einstakt atriði. Þó vil ég taka það fram, að mér finnst, að þeir hv. þm., *sem látið hafa* falla þung orð í garð hæstv. landbrh., viti það fyrirfram, að þar hafi þeir ofmælt, af þeirri ástæðu, að hæstv. landbrh. er þekktur maður bæði meðal bænda og allrar þjóðarinnar fyrir annað en ósanngirni. Hygg ég, að hann hafi ekki verið grunaður um það af bændastéttinni að vilja níðast á bændum. Tel ég því nú hafa verið óverðuglega mælt í hans garð, og það því fremur sem hæstv. landbrh. er hér ekki viðstaddur.

Hv. þm. V.-Húnv. hefur skilað mjög ýtarlegu nál. á þskj. 841, og kemur þar inn á atriði, sem komið hefur allmikið inn í þessar umr. hjá hér um bil öllum hv. Framsfl þm., sem talað hafa. Það er um smásöluverð eða um verðlagningu og dreifingu á kjötinu hér. Hv. þm. V.-Húnv. hélt því fram, og jafnvel fleiri hv. þm., sem ræddu um það, að þarna hefðu verið allt að 3 millj. kr., sem hefði verið kostnaður til milliliðanna svo kölluðu. En mig vantar það í þessar upplýsingar frá hv. þm., að ég býst við, að þessi upphæð fari að nokkuð miklu leyti aftur til bændanna sjálfra. Því að það mun ekki vera rétt að kasta þessu þannig fram að miða þetta alltaf við kaupmenn, eins og hv. 2. þm. N.-M. talaði um og kom ávallt fram í umr. hjá fleiri hv. þm. En við vitum það, að dreifingin á kjötinu er framkvæmd af kaupfélögum eða samvinnufélögum bændanna að miklum meiri hluta. Svo að ég býst við, að við getum alveg í bróðerni talað um það, að þetta sé of hátt reiknað sem ágóðahluti til kaupmanna út af fyrir sig, eða til „nokkurra kaupmanna í Reykjavík." Hv. 2. þm. S.-M. taldi það náttúrlega óhæfu, að þetta rynni til milliliðanna, og taldi, að hæstv. landbrh. hefði átt að hindra það, en láta þetta renna til bændanna, og að það væru meðlimir í félagi kjötkaupmanna og kjötkaupmenn, sem hefðu átt frumkvæðið að þessari kröfu, og að t. d. sá maður, sem væri meðlimur í félagi kjötkaupmanna og um leið stjórnaði útsölunni á kjötinu fyrir samvinnufélög bænda, hefði fylgzt með vegna þess, að hann væri félagsmaður. Ég held, að það hefði verið réttara, áður en við hefðum dregið þessar umr. svo ákveðið fram á þingfundi, að leita upplýsinga hjá félagi kjötkaupmanna og þ. á m. og ekki sízt hjá þeim manni, sem að dreifingu kjöts hefur unnið trúlega fyrir hönd bænda um langt skeið. Og ég held, að það hefði verið skoðun hans, að það væri ekki hægt að gera minni kröfur en gerðar voru í þessu efni. En ég veit, að ef kröfurnar hafa verið ríflegar, þá mun ágóði milliliðanna í kjötsölunni líka að miklum hluta falla til bænda sjálfra gegnum félagsskap þeirra. Enda hefur það nú komið fram í umr., að ef það væri, þá mætti það litlu máli skipta, þó að upphæðin væri rífleg.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. talaði hér í dag og svaraði hv. 2. þm. N.-M., að það lægju enn ekki fyrir skýrslur um það, hve margir hefðu fengið niðurgreiðslur samkv. þessum l., og ekki heldur, hve háum fjárhæðum þær næmu í það heila. Eftir þessum upplýsingum hæstv. ráðh. lítur út fyrir, *að þrátt fyrir þau mörgu orð, sem búið er að* skrifa vegna þessara brbl. á ákaflega mörg eyðublöð, og þrátt fyrir alla þá miklu vinnu, sem búið er að leggja í framkvæmd l., þá sé enn eftir að gera ýmsar skýrslur varðandi málið. Enda kom mér þetta ekki á óvart, og er vandi fyrir að sjá, hvenær allri þeirri skýrslugerð verður lokið og hversu margir hafa þá komið þar til skjala og fengið ríflega eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu borgaða fyrir þessa skýrslugerð ríkisstjórnarinnar. Þar eru áreiðanlega ekki öll kurl komin til grafar og verða ekki um sinn. — Hæstv. ráðh. sagði í dag í þessari sömu ræðu um verðlagsn. landbúnaðarafurða, að hún hefði aldrei verið betur skipuð en nú. Mér finnst þetta ákaflega grálega mælt og kaldranalega í garð hv. 2. þm. Rang., sem einu sinni var form. kjötverðlagsn., einmitt sá maður, sem stendur nú í því að mæla með þessu ljóta frv. ríkisstj., þar sem svo freklegum rangindum er beitt við fjölmarga menn í þjóðfélaginu, og þá ekki síður við ýmsa þá, sem honum hafa veitt brautargengi, heldur en aðra. Ég held, að þessi góði og trúi þjónn hæstv. landbrh. hafi átt annað skilið af honum en þessi ummæli, þessar köldu kveðjur.

Þá var það um atvinnurekendurna. Hæstv. landbrh. segir, að flokkunin sé eftir því, hvort þeir græði á því eða ekki, að haldið sé niðri vísitölunni. Þetta eru alveg ný vísindi, sem ég held, að fæstir geti viðurkennt sem góða og gilda vöru. En hæstv. ráðh. sleppti því alveg að reyna að verja það, á hvern hátt hann gerir upp á milli atvinnurekenda í þessum lögum. Og það var reyndar von, að hann sleppti því að skýra þingheimi frá því, hvernig á því standi, að maður, sem hefur sinn atvinnurekstur í hlutafélagsformi, jafnvel þó að hann sé aðaleigandi hlutafélagsins sjálfur og kona hans og börn með honum og e. t. v. engir aðrir þar við riðnir,

hvernig stendur á því, að sá atvinnurekandi kemst á kjötskýrslu hjá hæstv. landbrh., en annar atvinnurekandi við hliðina á honum, sem ekki enn hefur breytt sínum rekstri í hlutafélagsform, heldur hefur atvinnureksturinn á sínu nafni, er útilokaður samkv. l. frá því að komast á kjötskýrslu. Það var alveg rétt af hæstv. landbrh. að fara heim að hátta, í staðinn fyrir að skýra þetta fyrir mönnum. Því að ég held, að ef það hefðu átt að vera fullnægjandi skýringar, þá hefðu þær tekið svo langan tíma, að það hefði verið ómögulegt fyrir hann að ljúka þeim áður en hann fór að sofa.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér nokkur orð áðan. Hann er nú meðnefndarmaður minn í fjhn., sem hefur verið lítt starfandi nú um skeið, bæði að þessu máli og öðrum, sem hún hefur átt að athuga. En hv. 3. þm. Reykv. sagði út af því, sem ég hélt fram í mínu nál., og út af orðum mínum hér í hv. d., að sú hækkun, sem ríkisstj. — því að það er vitanlega ríkisstj., en ekki þessi verðlagsn. landbúnaðarafurða, nema að litlu leyti — hefði látið kjötverzlanirnar fá, mundi hafa farið að miklu leyti til bænda. Þetta er vitanlega hin mesta villa. Það er ekki rétt hjá þessum hv. þm., sem ég veit, að mælir þetta ekki gegn betri vitund, heldur af því, að hann hefur ekki aflað sér greinilegra upplýsinga um málið. Það er ekki rétt, að samvinnufélög bænda hafi á hendi smásöluna á kjöti að meiri hluta. Og það nægir í þessu sambandi að vitna til þess, að það hefur áreiðanlega enginn bóndi á landinu óskað eftir því, að þessar 3 millj. kr., eða hvað sem það hefur verið, færu til kjötverzlananna. Þess hefur áreiðanlega enginn bóndi óskað — já, ég skal ekki segja, hvort slíkir bændur finnast innan búnaðarráðs — en áreiðanlega hafa ekki utan þess fundizt bændur, sem óskað hafa sérstaklega eftir því, að álagning verzlananna á kjötið hækkaði um 77% á sama tíma og verðið til bændanna er sett miklu lægra en þeim ber að fá fyrir vöruna. Mér dettur nú í hug, að ég hafi e. t. v. ofmælt. Ég sé nú hér einn bónda, hv. þm. A.-Húnv. Ég veit ekki um það, hvernig hann kann að líta á þetta mál.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. taldi, að smásöluálagning kaupmanna á kjötið mundi vera töluvert minni en hér hefði komið fram, því að smásalan á kjötinu væri að miklu leyti í höndum bænda sjálfra. Það mun vera um 87% af kjöti, sem til fellur á hverju hausti, sem selt er í heildsölu af samvinnufélögum. Meiri hluta af því kjöti selur Samband íslenzkra samvinnufélaga, sem ekki hefur neina smásölu. Þess vegna sér hv. þm. í hendi sér, að þetta er ekki rétt, sem hann sagði um smásöluna á kjötinu. Meiri hluti — mikill meiri hluti — af kjöti, sem selt er í landinu, er selt í Reykjavík. Hér í Reykjavík eru um 50 kjötbúðir, og eru 3 þeirra reknar af félagsskap bænda, hinar allar af smákaupmönnum. (*HB:* Við tölum um kjötmagnið). Ég sagði, að 87% af kjöti, sem til félli, væri selt af samvinnufélögum og langmestur hluti þess af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, sem enga smásölu hefur. En meiri hluti af kjötmagninu fer í gegnum hendur kjötkaupmanna og fá þeir 18—19 kr. á meðaldilkskrokk fyrir söluna.

Til gamans fyrir hæstv. landbrh. vil ég svo að lokum segja það, ef hann væri hér staddur í hv. þd., að á hverju einasta hausti, þegar ég var form. kjötverðlagsn., heimtuðu kjötkaupmenn hækkaðan hundraðshluta þann, er þeir fengu fyrir að selja kjötið. En ævinlega féllu þeir frá því, eftir að búið var að sýna þeim fram á, eftir þeirra eigin skattframtölum, að þeir hefðu eins miklar tekjur fyrir að selja kjöt og aðrir kaupmenn fyrir að selja aðrar vörur. Þá hættu þeir alveg við það. Og vafalaust hefðu þeir gert eins í haust, hefði það ekki verið sérstök kaupmannastjórn, sem hafði völdin og stjórnaði verðlagsnefndinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 114. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:8 atkv.

Brtt. 905,1 felld með 17:11 atkv.

2. gr. samþ. með 18:8 atkv.

Brtt. 905,2 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, PO.

nei: SEH, SK, STh, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, BG.

IngJ, JS greiddu ekki atkv.

3 þm. (SÞ, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 19:8 atkv.

Brtt. 905,3 felld með 19:10 atkv.

— 870 felld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÞB, ÁkJ, EOl, HelgJ, JörB, LJós, SigfS.

nei: SEH, SK, STh, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, JS, ÓTh, SB, SG, BG.

SkG, BÁ, BK, EystJ, GSv, PZ, PÞ, PO greiddu ekki atkv.

3 þm. (SÞ, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég er að hugsa um að hafa það þannig, og finnst það sanngjarnt, að ríkisstj. fái að ráða því án afskipta annarra, hvernig farið verður með þessa aura, sem menn fá eftir margra daga stjákl, og greiði ekki atkv.

4. gr. samþ. með 21:9 atkv.

5.—6. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:9 atkv.

Á 115. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Brtt. mínar, sem ég flutti við 2. umr. þessa máls,

fengu ekki náð, en ég ber fram brtt. við 3. umr. til þess að bæta úr, og vil ég ekki, að þetta mál verði afgr. svo fljótt, og ég óska þess, að afgreiðsla fari ekki fram með þessum hætti, því að það er erfitt að bera fram brtt., er 3. umr. málsins kemur strax á eftir 2. umr. Ég trúi því ekki, að það þurfi að hespa þetta mál af á einu kvöldi, þar sem mörg mál eru eftir á dagskránni.

Forseti (BG): Hæstv. ríkisstj. óskaði þess, að málið yrði tekið hér fyrir. Ég vil samt, vegna óska þessa hv. þm., gefa honum frest til að semja brtt. til kl. 11,30.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég er ekki búinn að hugsa hinar nýju brtt. minar, því að það er alveg nýbúið að drepa fyrri brtt. mínar, og ég vil því biðja hæstv. forseta um að leysa mig frá þingstörfum, og ég óska eftir lengri fresti.

Forseti (BG): Ég get ekki frestað afgreiðslu þessa máls fram yfir hátíðar, en ég mun gefa honum frí frá þingstörfum og biðja annan hv. þdm. að sinna ritarastörfum.

Sveinbjörn Högnason: Ég ætla að leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. við þessa síðustu umr. málsins. Við 2. umr. málsins hér í dag hafði ég borið fram brtt. um að fella niður 3. gr. frv., sem flokkar fólkið í sundur eftir því, hvaða hlunninda það á að njóta, og nú er búið að fá úr því skorið, að stj. og þeir, sem henni fylgja, geta ekki hugsað sér annað en að draga fólkið sundur í dilka að fernu leyti. Þessi skriflega brtt. mín miðar að því að draga úr misréttinu, því að það mun vonlaust, að hægt verði að fá því útrýmt algerlega. Fyrst ekki er hægt að fá misréttinu útrýmt, virðist mér a. m. k. sanngjarnt, að þeir séu teknir út, sem ekkert hafa til saka unnið í þessu efni, en það eru þeir, sem að einhverju leyti taka laun sín í fæði, eins og tiltekið er í þessu frv., eða atvinnurekendur, sem hafa 3 menn í vinnu, þó að þeir séu kannske fátækari en þeir, sem í vinnunni eru. Slíkt misrétti er óhugsandi að láta standa. Þeim, sem stunda sauðfjárrækt sem aðalatvinnu, er refsað, en ég get þó ekki séð, með hvaða rétti er hægt að halda því fram, að þeir eigi ekki að fá niðurgreiðslur eins og aðrir, og t. d. ef menn eiga eina eða tvær kindur sér til gamans, þá er þeim hegnt fyrir það með því, að þeir fá engar niðurgreiðslur. Slíkt nær auðvitað engri átt.

Ég vil því leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að bera fram svofellda skriflega brtt.: „Við 3. gr. Greinin orðist svo: Rétt til niðurgreiðslu samkv. 2. gr. hafa þó ekki þeir, sem stunda sauðfjárrækt sem aðalatvinnugrein.“

Vona ég, að hæstv. d. sýni þá sanngirni að gera þó þessa réttarbót á málinu, þó að ekki fáist hún að fullu gerð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 930) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 930 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BK, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH.

nei: ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SEH, SK, STh, GÞ.

8 þm. (ÁÁ, EystJ, GSv, JS, SG, SÞ, StJSt, BG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 931).

16. Skipakaup ríkisins.

Á 2. fundi í Nd., 4. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á l., sem út voru gefin 13. sept. s. l. Ríkisstj. hafði, eins og hv. þm. mun kunnugt, snemma í sumar ákveðið að láta byggja innanlands báta, og hafa nú verið gerðir samningar um smíði á 35 vélskipum, eftir að athugaður hafði verið áhugi manna og eftirspurn eftir þessum bátum, sem virtist vera mikil. Þar af eru 18 bátar 35 smálesta, 15 bátar 55 smálesta og 2 62 smálesta. Af þessum 15 skipum 55 smálesta eru 12 byggð samkv. samningi við Landssmiðjuna, sem er ríkisfyrirtæki, er ríkisstj. hefur í hendi sér, og getur hún ráðið, hvað hún lætur smíða marga báta. Það er ekki víst, að gerðir verði frekari samningar að sinni, vegna þess að viðhorf hefur dálítið breytzt. Bæði er það, að síldarvertíðin á síðasta sumri hefur orðið til þess að draga úr áhuga manna og skapað svartsýni í bili, og í öðru lagi voru fluttir inn til landsins nokkrir gamlir sænskir bátar fyrir miklu lægra verð en er á bátum, sem byggðir eru innanlands. Ríkisstj. vildi ekki banna innflutning á þessum bátum og vildi láta menn sjálfa reyna þetta, en grun hef ég um, að kaup þessi séu ekki eins góð og menn töldu, þegar þeir gerðu kaupin, og skilst mér, að sumir þessara báta verði orðnir nokkuð dýrir, þegar skipaskoðunin getur gefið þeim sitt samþykki. — Þá hefur loks komið á daginn, að menn hafa verið að bjóða báta frá Danmörku fyrir allmiklu lægra verð, og hef ég heyrt, að verð á 60 tonna bát væri 340 þús. kr. Veit ég ekki, hvort bátar þessir eru sambærilegir við íslenzku bátana, en eins og kunnugt er, gera Íslendingar hærri kröfur um styrkleika en ef til vill nokkur önnur þjóð og byggist þetta á því, að bátar okkar verða að sækja aflann um hávetur út á hinn erfiða sjó, sem hér er kringum land.

Vélar hafa verið keyptar í þá báta, sem fyrstir verða tilbúnir, svo að ekki þurfi að standa á þeim. Annars er fyrirkomulagið þannig við skipasmíðastöðvarnar, að þær leggja til allt

efni og áhöld í bátana að undantekinni aflvélinni, en hún verður svo keypt sérstaklega, og hafa nú verið keyptar nokkrar enskar vélar í bátana, sem fyrst eru tilbúnir. Samningsverðið á smíði þessara báta er sem hér segir: 35 smálesta bátarnir kosta 265000 kr., 55 smálesta bátarnir 423500 kr. og 62 smálesta bátarnir 477400 kr., en vélin kostar 80—90 þús. kr. í hvern bát.

Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. fjhn., og mun ég gefa n. allar frekari upplýsingar og eins svör við fyrirspurnum, sem kunna að verða bornar fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, sem er staðfesting á brbl., er breyt. eða viðauki við l., sem samþ. voru á síðasta þ. um skipakaup ríkisins, en þau l. voru sett í sambandi við kaup á bátum frá Svíþjóð, og var það lánsheimild handa ríkisstj. í sambandi við þau kaup og einungis miðuð við þau viðskipti. Nú hefur hæstv. ríkisstj. séð ástæðu til síðan að gera nýjar ráðstafanir í þessum efnum, eins og hæstv. atvmrh. hefur gert grein fyrir. Eru þessar ráðstafanir fólgnar í því, að gerðir hafa verið samningar af ríkisstj. um byggingu á nokkuð mörgum mótorbátum í landinu sjálfu, og til þess að útvega fjármagn til kaupanna hefur hæstv. ríkisstj. gefið út þessi brbl., sem hér liggur nú fyrir að gera að l. — Ég verð nú að segja það, að ég hefði kunnað betur við þá málsmeðferð að leita fyrirfram á síðasta þ. heimildar til þessarar lántöku fyrir þessa báta, því að hæstv. ríkisstj. mátti vita það fyrirfram, að þeim fyrirætlunum sínum að greiða fyrir því, að menn geti keypt báta, gat hún ekki komið í framkvæmd nema því aðeins að hafa til þess eitthvert fjármagn. Ég hefði því kunnað miklu betur við þá málsmeðferð, og hið sama gildir um hið síðara málið hér á dagskrá, að hæstv. ríkisstj. hefði fyrirfram aflað sér heimildar til lántökunnar, þannig að gengið hefði verið frá þessu áður en síðasta þ. lauk störfum. Afleiðingin af því, að þetta var ekki gert, hefur nú orðið sú, að ríkisstj. hefur orðið að gefa út stórkostlega lántökuheimild. Er ákaflega slæmt að hafa farið út á þessa braut, og hefði verið hægt að komast hjá því, ef meiri fyrirhyggja hefði verið viðhöfð um þessi efni.

Um efni málsins sjálfs vildi ég nú segja nokkur orð.

Það er eftir því samkomulagi, sem varð á milli stjórnarflokkanna, að gert var ráð fyrir því, að ríkisstj. hefði milligöngu um að útvega mönnum atvinnutæki og greiða fyrir því, að menn gætu fengið fljótt hentug atvinnutæki og þá með sem allra beztum kjörum, en spurningin er svo sú, hvort ríkisstj. ætlar að fara inn á þá braut að kaupa þessi atvinnutæki fyrir sinn eigin reikning, án þess að þau séu fyrirfram leigð eða seld öðrum og án þess að gerðir séu samningar við þá, sem tækin ætla að eignast, eða hvort hún ætlar aðeins að annast viðskipti fyrir þá, sem þess óska. Nú hefur niðurstaðan orðið sú, að hæstv. ríkisstj. hefur farið inn á þá braut að kaupa tækin fyrirfram — ég vil ekki segja upp á „spekulation“ — en hún hefur keypt tækin án þess að þau væru seld um leið eða frá því gengið, hverjir ætli að fá tækin eða hvort menn eru reiðubúnir til þess að gera kaupsamning við ríkisstj. um atvinnutækin. Eftir því sem hæstv. atvmrh. upplýsti og eftir því sem ég bezt veit, þá er það þannig með marga af þessum bátum, að þeir eru ekki seldir, að þeir eru ekki útvegaðir fyrir menn, heldur hefur ríkisstj. útvegað þá fyrir sig og ætlar síðan að ráðstafa þeim til annarra. Ég vil því í þessu sambandi gera fyrirspurn til hæstv. atvmrh, um það, hvernig þessu er háttað, m. ö. o. hvort margir af þessum bátum eru seldir einstaklingum eða félögum með föstum samningi, því að það er þetta, sem mestu máli skiptir, en ekki hitt, hversu margir hafa látið í ljós skoðun sína um, að þeir vildu eignast skip. Ég spyr um þetta vegna þess, að verð á þessum bátum er mjög hátt, eins og öllum er ljóst og hæstv. atvmrh. gat um, og sjálfsagt hærra en hægt er að fá báta fyrir frá útlöndum á næstunni eða jafnvel nú þegar eða hefði verið hægt, eftir því sem sumir telja. Ég hefði álitið, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að leggja sig fram um það, áður en hún gekk frá samningum um smíði báta hér innanlands, sem ekki voru kaupendur fyrir, að láta athuga alla möguleika erlendis til að fá ódýrari báta og t. d., hvort ekki væri hægt að fá smíðaða báta í Danmörku og hvort það væri ekki ódýrara en hér heima, sérstaklega þar sem ekkert rekur á eftir því og aðstaðan er þannig hér á landi, að það stendur á fagmönnum í þessari grein, t. d. smiðum, og er því engin ástæða til að binda menn við þessar bátasmíðar, sem sennilega er hægt að fá framkvæmdar ódýrar annars staðar. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að hafa þá stefnu að leitast fyrir og greiða fyrir einstökum bátafélögum um útvegun báta og skipa í samráði við þau við þeirra hæfi, en ekki að taka á sig að gera samninga án þess að hafa gengið frá því, hvort þeim væri þægð í því, sem síðar ættu að verða kaupendur að bátunum, eða hvort kaupendur væru til. Er enginn vafi á því, að ef þessi háttur væri við hafður, þá mundi ekki standa á mönnum að ákveða sig, hvort þeir vildu þetta, því að þeir menn, sem hér eiga hlut að máli og ætla sér að stunda þennan atvinnuveg, mundu gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir vildu sæta þeim boðum, sem fyrir hendi væru. En það, sem ég vildi sérstaklega koma inn í umræðurnar, er þetta: Hversu margir kaupsamningar hafa verið gerðir um báta smíðaða innanlands við einstaklinga, félagasamtök eða bæjar- og sveitarfélög?

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af fyrirspurn, sem fram hefur komið, tek ég það fram, að það hafa ekki verið gerðir neinir bindandi samningar um sölu neinna þessara báta. Í viðræðum við þá menn, sem hér koma til greina, er ekki enn búið að slá neinu föstu, og það er nú svo, að það er ekki tiltækilegt að smíða bátana svo að hagkvæmt sé, ef smíða á eingöngu fyrir hvern einstakan mann eftir hans ósk. Reynt hefur verið að fara þá leiðina að velja góða báta, sem eru við margra hæfi, og fylgja sömu teikningunum, að sínu leyti svipað og gert var

við smíði sænsku bátanna, og hefur það sýnt sig, að ekki er hægt að fara eftir þeim óskum einstaklinga, sem fram koma, heldur er reynt að semja nokkurs konar meðaltal af þeim bátum, sem reynsla er fyrir, að hafi verið nokkuð góðir, og eru þessar skipastærðir miðaðar við óskir, sem fram hafa komið. Einnig er annað, sem hefur mikið að segja í þessum efnum, og það er, að ef gerður er samningur við skipasmíðastöð um smíði t. d. 3 báta af sömu gerð, þá er hægt að komast að betri kjörum en ef gerður er samningur um smíði á einum bát, og hins vegar er ekki ástæða fyrir einstaklinga að ákveða að kaupa bát, sem ef til vill verður ekki byrjað á fyrr en eftir 1½ ár. Sennilega verða t. d. breyt. á vísitölunni, sem þá kemur fram í verðinu, og lækkar þá tilboðsupphæðin samkv. vissum reglum, og ekki ber að neita því, að viss áhætta fylgir því fyrir ríkisstj. að gerast milliliður um þessar bátasmíðar, en hins vegar býst ég við, að ekki sé framkvæmanlegt að gera samninga við kaupendur um smíði bátanna, fyrr en þeir eru fullgerðir, enda engin trygging í því fyrir ríkissjóð. — Enn sem komið er er ekki búið að gera neina fasta samninga við kaupendur að þessum bátum, en í undirbúningi er að gera fasta samninga um þá, sem fyrstir verða tilbúnir.

Eysteinn Jónsson: Þetta var eins og ég hélt, að það mundi ekki vera búið að gera bindandi samninga við menn um kaup á þessum bátum, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um smíði á hér innanlands, og ég fyrir mitt leyti tel hér ekki rétt að farið. Ég hefði talið hina aðferðina réttari, að fyrirfram hefði verið gert upp við þá menn, sem áhuga hefðu fyrir þessu, hvort þeir vildu gera samninga um þessa báta með þeim kjörum, sem hægt er að fá þá fyrir, eða hvort þeir vildu heldur, að aðrar leiðir væru farnar. Þannig tel ég, að hefði átt að halda á þessu máli, en tel misráðið að halda á því eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert, ekki sízt með tilliti til þess útlits, sem nú er á bátasmíðum á næstunni. — Ég átti ekki við það, að rétt væri að fara þannig með þetta mál að byggja sinn bátinn eftir hverri teikningu, nákvæmlega eins og sérskoðanir hvers og eins segðu til, heldur væri hægt á skynsamlegan hátt að reyna að samræma þetta sem mest og hafa nokkra báta af sömu tegund, en þó að það væri gert, þá væri alltaf hægt að hafa þá aðferð, sem ég vildi benda á, sem sé, að samningar séu gerðir jöfnum höndum við skipasmíðastöðvarnar og þá, sem ætla að kaupa bátana.

Pétur Ottesen: Mig langar til í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. um skipabyggingar, að bera fram eina fyrirspurn til hæstv. atvmrh. Hún er í sambandi við það, að jafnframt því sem hæstv. ríkisstj. er nú að láta auka við skipaflotann með því að semja um byggingar á bátum, þá hafa einstaklingar einnig og jafnframt upp á eigin spýtur verið að vinna að því sama. Mér er kunnugt um það, að útgerðarmenn og sjómenn á Akranesi eru búnir að gera samninga um byggingu á bátum í Danmörku. Styrkleiki bátanna er miðaður við þær kröfur, sem gerðar eru hér til slíkra báta, og eru þeir byggðir eftir teikningum, sem gerðar hafa verið hér heima, svo að þá er enginn munur á þeim bátum og þeim, sem ríkisstj. hefur samið um byggingu á innanlands. Þessar bátabyggingar eru því nákvæmlega hliðstæðar. Hitt er svo vitað, að þau kjör, sem samið hefur verið um við skipasmíðastöðvar í Danmörku, eru miklu hagkvæmari en þau kjör, sem ríkisstj. hefur samið um hér. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að meiri líkur séu til, að hægt verði að reka þá báta, sem byggðir eru fyrir hin hagkvæmari kjör, þó að breyt. yrðu á verðlagi því, sem nú er, en þá báta, sem smíðaðir eru með meiri kostnaði. Sú fyrirspurn mín til hæstv. atvmrh. er þessi, hvort þeim lánveitingum, sem aflað hefur verið fjár til samkv. 22. gr. fjárl. fyrir árið 1945, þar sem hæstv. ríkisstj. er heimilt að verja 5 millj. kr. til þess að veita viðbótarlán til bátabygginga, til viðbótar því, sem fiskveiðasjóður veitir til þeirra bygginga, — hvort hæstv. ríkisstj. hugsi sér ekki að haga þessum viðbótarlánveitingum þannig, að þau gangi jöfnum höndum til þeirra báta, sem byggðir eru fyrir framtak einstaklinga, og þeirra báta, sem byggðir eru fyrir framtak hæstv. ríkisstj. Ég vildi óska þess, að hæstv. ráðh. vildi gefa svör við þessu, sem ég get varla búizt við öðru en falli á þá lund, að bátarnir verði jafnrétthátt til að njóta þessara styrkja. Fyrirspurn mín er fram borin í þessu augnamiði, að fá það upplýst, hvort allir eigi að hafa sama rétt til þessara hagkvæmu lána, sem Alþ. hefur samþ. til að auka skipaflotann.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. vil ég taka það fram, að það er skoðun ríkisstj. að láta þetta ganga jafnt yfir alla, á meðan fé endist, hvort sem ríkisstj. eða einstaklingar standa að byggingunum, ef skipin eru forsvaranleg og sterk. Ég býst við, að fyrirspurn hv. þm. stafi af því, að bæjarstj. á Akranesi vinnur að því að koma á samningum um smíði á 8 bátum í Danmörku, 60 tonna bátum, og fór fram á, að ríkisstj. gæfi sér tryggingu fyrir styrktarláni, þegar bátarnir væru fullsmíðaðir. Ríkisstj. treystir sér ekki til að gera þetta, því að hún er þeirrar skoðunar, að erfitt mundi að binda sig fyrirfram í þessu efni, því að svo koma aðrir með sína báta tilbúna á stundinni. Það er ekki hyggilegt að binda sig fyrirfram, og hefur verið fylgt þeirri reglu gagnvart öllum að gefa engin loforð fyrirfram. En um þetta hefur ríkisstj. ekki hugsað sér að láta neina sérstaka menn ganga fyrir með þessi lán, heldur að þau gangi jafnt yfir alla.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. S.-M. tók sérstaklega fram, að hann hefði álitið réttara að leita eftir samþ. hæstv. Alþ. um lántöku til skipakaupa áður en síðasta þ. lauk en að hæstv. ríkisstj. gæfi út brbl. milli þinga. Ég skal benda þm. á það, að þegar síðasta þ. lauk, lá að vísu fyrir vilji hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún vildi gera, og það má segja, að einmitt þetta hafi verið þungamiðjan í því, að bundið

var fastmælum að hrinda fram bátabyggingum. Þetta sérstaka mál, bátabyggingar innanlands, var þá ekki komið á það stig, að unnt væri að ákveða, hve miklu þyrfti til að kosta. Og hæstv. ríkisstj. tók ákvarðanir um skipabyggingar í enn ríkari mæli, en það var gersamlega ómögulegt, eins og málið lá fyrir þegar síðasta þingi lauk, að gera sér grein fyrir, hvað gert mundi verða í þeim efnum eða hvað hægt væri að gera. Nú er vitaskuld ekki nema gott um það að segja, að í hvert skipti sem ríkisstj. gerir slíkar ráðstafanir, tryggi hún sig gagnvart hinum aðilanum, sem á að nota skipin. Og þó að hinum gætna fjármálamanni þyki miður stefnt, þá er enn þá hægt að sýna fram á það, að bátarnir eru byggðir eftir vísitölu. Verður talsvert óvisst um verðið, þar til smíði er lokið. Og þetta, að byggja eftir vísitölu, er ekki nýtt fyrirbæri, því að þeir, sem eiga skip í smíðum erlendis, hafa orðið að sætta sig við það, sem kallað er „slight scale". Þetta torveldar mönnum, sem óska að eiga mótorbáta, að gera fasta samninga, því að það er ekki hægt að slá neinu föstu um kostnaðarverð þeirra, fyrr en lokið er smíði þeirra. Um sama leyti eru um 11 bátar í smíðum í skipasmíðastöðvum hér á landi, sem einstaklingar standa að, og verðið á þeim er á engan hátt hagstæðara en það, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um. (*EystJ:* Verðið er hátt). Verðið er hátt, segir hv. þm., og er það satt.

Um Svíþjóðarbátana er það að segja, að það hefur verið fyrst og fremst unnið að því að athuga, hvað hægt væri að gera utan lands í þessum efnum. Það litur ekki út fyrir, að allar vonir uppfyllist með þá, og menn mega eiga von á vonbrigðum hvað snertir afhendingu þeirra. Og þessi skylda hæstv. ríkisstj. að leita fyrst og fremst út fyrir landið með skipabyggingar er kannske réttlætanleg, en ég er ekki alveg viss um og vil ekki taka undir það, að hæstv. ríkisstj. hafi fyrst og fremst átt að skyggnast um eftir því, hvað hægt hefði verið að gera með erlendum höndum, áður en litið væri til hinna myndarlegu skipasmíðastöðva, sem hér hafa komið upp á undanförnum árum. Þá benti hv. þm. á eina reglu, sem hæstv. ríkisstj. hefði átt að fylgja, að útvega báta og skip í samráði við einstaklingana, sem kaupa þau, og við þeirra hæfi. Hver á að dæma um það, hvaða bátur er við hæfi manns, sem óskar eftir bát? Gerum ráð fyrir, að það sé maðurinn sjálfur. Ég bendi á þetta vegna þess, að í málgagni hv. 2. þm. S.-M. var ráðizt heiftarlega á Nýbyggingarráð fyrir það, að það hafði einmitt farið út á þá braut, sem hv. 2. þm. S.-M. vildi og álítur, að hæstv. ríkisstj. ætti að fara. Það hafði verið sótt eftir því til Nýbyggingarráðs fyrir síldveiðitímann að flytja inn sænska báta. Og þessir menn komu með sínar óskir og vildu endilega kaupa notaða báta frá Svíþjóð. Munu sumir bátanna hafa verið gamlir eða frá 1 árs, flestir 2—3 eða 4 ára; einn var nokkru eldri. Þeir sýndu fram á það og þurftu ekki að færa sterk rök fyrir því, að það var nauðsynlegt að fá þá fyrir vertíðina. Þeir vissu ekki, að vertíðin mundi bregðast. Og það, sem gert var, var að framkvæma þetta í samráði við einstaklingana.

En hrópin og naggið í málgagni hv. 2. þm. S.-M. hafði um engan hlut verið argvítugra en út af þessu, svo að þessi hv. þm. gerði rétt í að bera sig saman við þann mann, sem skrifað hefur árásargreinarnar, og tala við hann um dóm kaupendanna og að bátarnir séu við hæfi þessara einstaklinga. Mér þykir rétt, úr því að hv. 2. þm. S.-M. heldur því fram, að þetta eigi að vera regla, að benda á það, hvað hans málgagn segir um þessa framkvæmd, því að hann segir einmitt, að hann hafi haldið, að hæstv. ríkisstj. mundi útvega skipin í samráði við einstaklingana og við þeirra hæfi. Ég hef lýst því líka, hvaða dóm slíkar ráðstafanir hafa fengið í málgagni þessa hv. þm.

Ég vil út af styrktarlánunum láta þá almennu skoðun í ljós út af fyrirspurn hv. þm. Borgf., að mér hefur skilizt svo, að styrktarlánin hafi verið veitt til að styrkja smíði á fiskiskipum á stríðstímum. Þau hafa verið veitt með sérstöku tilliti til hins óvenjulega dýrleika á þessum skipum, og ég man ekki betur en að sá hv. þm. Reykv., sem hér reifaði málið í öndverðu, hafi talið það vera grundvöll þeirra, að styrkt væru kaup hverra skipa, sem væru óvenjulega dýr, og jafnframt, að ef allir hefðu haldið að sér höndum í dýrtíðinni, þá hefði verið voði fyrir höndum með þennan skipastól, sem eru vélbátarnir. Styrktarlánin hafa hvílt á þeim grundvelli að styrkja vegna þess, hve skip eru dýr. Ég vil segja, að þessi röksemd eigi ekki við, þegar um er að ræða skip, sem byggð eru utan- eða innanlands á allt öðru verði og eru miklu ódýrari, heldur þau, sem eru í smíðum í Svíþjóð og innanlands á vegum einstaklinga, því að 11 einstaklingar eiga í smíðum skip innanlands af þessu tagi. — Ég vildi, að þessi skoðun kæmi fram, að þau miðast við það, hve dýr þessi skip reynast. Stutt er síðan vitað var, að Danmörk gæti leyst af hendi skipasmíðar fyrir Íslendinga. Og þegar gerð var ákvörðun um að láta smíða skip innanlands, þá hafði Danmörk verið í hershöndum, og vitanlega var þá ekki hægt að sjá fyrir, hvenær hún gæti smíðað skip fyrir Íslendinga. Það er ekki nema gott um það að segja, að hún getur leyst af hendi skipasmíðar. Og þegar séð er, að þeir menn, sem farið hafa fram á að fá báta smíðaða þar og ekki hefur verið synjað, fá þá miklu ódýrari, þá er það alls ekki sambærilegt, þegar metin er lánsþörfin, við þá báta, sem smíðaðir kunna að verða í Danmörku á miklu lægra verði.

Eysteinn Jónsson: Mér virðist liggja heldur illa á hv. þm. Vestm. Hann er að blanda inn í málefnið einu eða tveimur atriðum, sem lítið koma því við, sem hefur verið sagt.

Þessi hv. þm. sneri út úr fyrir mér, er hann sagði, að ég hafi haldið því fram, að það hefði átt fyrst og fremst að leita út fyrir landið með skipabyggingarnar. Þetta hef ég aldrei sagt. Hitt meinti ég, að ævinlega sé rétt að leitast fyrir um það, hvar hægt er að fá sem allra ódýrasta báta, vegna þess að íslenzkur sjávarútvegur hefur aldrei verið of vel stæður og veitir ekki af að fá sem ódýrasta báta. Þetta er það, sem ég meinti, og þetta sagði ég. Hitt er aldrei

gott, að stofna til bátabygginga í öðrum löndum, ef Íslendingar gætu leyst þær af hendi á jafnheppilegan hátt. Mundu menn þá gjarna vilja, að þeir bátar, sem smíðaðir væru hér á landi, gætu verið með sama verði og í Danmörku.

Þessi hv. þm. segir, að ég haldi því fram, að eðlilegast sé að gera þessar bátabyggingar í samráði við þá, sem eiga að nota atvinnutækin. Ég get ekki orðað þetta öðruvísi, en þetta er mín meining, að of lítið hafi verið að því gert undanfarið að hafa samvinnu í þessum málum við kaupendur bátanna. Ég verð að líta svo á, að það sé engan veginn óframkvæmanleg leið, þegar menn ætla að greiða fyrir báta- og skipakaupum, að gera þá tillögur um bátana og síðan að afla tilboða, og þegar þetta liggur fyrir, að menn séu þá spurðir að því, hvort þeir vilji kaupa þá. Og einnig, ef almennar óskir um breytingar koma fram, að taka þá tillit til þeirra, eftir því sem fagmenn telja heppilegast.

Hv. þm. Vestm. sagði, að þessi leið, sem ég stakk upp á, væri ekki fær, m. a. af því, að þegar um innanlandsbyggingu væri að ræða, væri það vísitalan, sem raskaði því, og ef dýrtíðin ykist meðan á smíði skipsins stæði, hækkaði verð þess í hlutfalli við það. Og mér skildist það á hv. þm. Vestm., að honum þætti það ekkert undarlegt, þó að menn vildu ekki gera slíka samninga um bátasmíði einstaklinga. Ég skal ekki segja um það, hvort það mundi fara þannig, ef mönnum væri boðið upp á fasta samninga, að sumir menn hrykkju frá, það getur verið, að sumir gerðu það. En ef þessu er á þann veg háttað sem hv. þm. Vestm. hefur gefið í skyn, þá er líka ástandið í verðlagsmálunum í landinu og öryggisleysið í fjárhagsmálunum svo mikið, að óviðunandi er, og mun þá líka reynast fjötur um fót þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, og þetta er nákvæmlega það, sem stjórnarandstæðingar hafa lagt áherzlu á frá því að núv. stjórnarmyndun átti sér stað, að ríkisstj. hefur alltaf vanrækt að skapa þann fjárhagslega grundvöll og öryggi í landinu, að það örvi menn til þess að leggja í þær framkvæmdir. (*Forsrh:* Hvað má þá segja um stj. í Bretlandi? Þar er sama ástandið). Ég tel það allt annað traust, sem Bretar hafa á sinni stj., en Íslendingar á þessari. Hvað sem má um þetta segja, þá vita allir landsmenn og er játað af stjórnarliðum sjálfum, að hér er allt í svo botnlausri óreiðu hvað snertir fjárhag og verðlagsmál, eins og líka hv. þm. Vestm. lýsti áðan í sinni ræðu, að menn þora ekki að gera samninga um bátakaup innanlands, og stj. verður að taka það á sig að gera samninga við skipasmíðastöðvarnar og bera þá áhættu, sem því fylgir, vegna þess að landsmenn treysta henni ekki í fjárhagsmálum. (*Forseti:* Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að hér átti að vera um aths. að ræða, en ekki langa ræðu). Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég tala hér aðeins örfá orð í annað sinn. Ég gerði ekki ráð fyrir því, að ráðizt yrði á mig eins og hv. þm. Vestm. hefur nú gert í sinni ræðu, og þess vegna verð ég að fá leyfi til að teygja örlítið úr þessari aths., en ég á ekki eftir nema eitt atriði.

Hv. þm. Vestm. blandaði svo inn í málið nýju atriði. Hann sagði, að 2. þm. S.-M. talaði um, að þetta eigi að vera gert í samráði við þá menn, sem ættu að nota atvinnutækin, og smíði báta og skipa verði við hæfi þeirra, sem eiga að nota þau. Og svo sagði hv. þm. Vestm., að þetta væri undarlegt ósamræmi við það, sem málgagn stjórnarandstæðinga hefði deilt á Nýbyggingarráð fyrir, að láta menn ráða því, hvernig þeir höguðu innkaupum sínum á notuðum bátum frá Svíþjóð.

Ég hef áður gert grein fyrir því, hvernig hefði t. d. verið heppilegast að koma þessum málum sem bezt fyrir, að ríkisstj. og þær stofnanir, sem mesta þekkingu hafa, hefðu látið gera fyrirmyndar uppdrætti og síðan hefði verið hlustað á álit manna og reynt að samræma það við álit þeirra, sem hlut eiga að máli. Ég álít það ekki viðunandi, að stofnun eins og Nýbyggingarráð, sem sett er til þess að hafa yfirumsjón með því, sem er kallað nýsköpun atvinnuveganna, leyfi mönnum að kaupa notuð skip frá öðrum löndum, án þess að sett sé einhver fullnægjandi almenn regla um það, hvaða kröfum eða skilyrðum þau þurfa að fullnægja. Ég álít, að það sé fullt samræmi í þeim eðlilegu kröfum, að það sé ekki leyft að kaupa frá öðrum löndum notaða hluti, án þess að sett séu um það almenn fullnægjandi skilyrði, hvernig þeir hlutir skuli vera úr garði gerðir til þess að geta talizt hæfur liður í nýsköpuninni, og þeim kröfum, að Nýbyggingarráð ráði þar ekki eitt um. Og hvað snertir kaup á þessum notuðu bátum, þá hefur mér skilizt á hv. þm. Vestm., að Nýbyggingarráð hafi einmitt hent það í sambandi við Svíþjóðarbátana og það hefði láðst að setja glögg skilyrði fyrir því, hvað þessir bátar yrðu að uppfylla til þess að vera talinn hæfur liður í nýsköpuninni, og niðurstaðan getur orðið sú, að þeir, sem kaupa bátana, kaupa þá í þeirri góðu trú til landsins samkv. leyfi frá Nýbyggingarráði, að þeir séu í góðu lagi. En þá eru þeir skyldaðir til að leggja stórfé í endurbætur á þeim, án þess að hafa hugmynd um það fyrirfram, að þess yrði krafizt. Að mínum dómi áttu þessir menn fullan rétt til þess að fá að vita um það fyrirfram, ef krafizt væri einhverra verulegra endurbóta á þeim frá því, sem þeir voru, þegar þeir lágu erlendis tilbúnir til þessarar sölu.

Ég þakka svo hæstv. forseta fyrir þolinmæðina, og læt ég þessu hér með lokið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það eru aðeins örfá orð út af þeim fullyrðingum, sem hv. 2. þm. S.-M. var hér með um fjármálaóreiðuna hér á Íslandi, sem auðvitað væri aðeins að kenna núverandi ríkisstj., eins og allt annað illt, og gæti truflað allan almennan atvinnurekstur í landinu og kæmi m. a. fram í því, að menn þyrðu ekki að festa kaup á bátum, sem ætti að byggja hér innanlands, vegna þess að endanlegt kaupverð bátanna miðaðist að lokum við vinnulaun í landinu. Maður hefur nú heyrt þennan són allt frá því að þessi hv. þm. datt úr ríkisstj., són, sem hann hefur hugsað sér að staglast á, ef honum og hans sinnum tækist ekki að girða

fyrir, að nokkur ríkisstj. yrði mynduð. Ef hann ætlar að hafa hér frammi í hv. d. sama rausið, þá má hann verða viss um það, að það verður sungið undir. Hann má taka sér það til inntekta, ef hann vill, að ég met þó meira það, sem hv. þm. segir um þetta, heldur en þann málgang, sem Tíminn lætur frá sér fara. Slíkur ritháttur á engan sér líkan, sem fyllir dálka sína með rógburði og öðru þess háttar. En hv. þm. talaði af mikilli vanþekkingu um þessi mál og fór alveg villur vegar. Hér ríkir ekkert sérstakt ástand í þessum efnum. Íslendingar hafa gert viðskiptasamning á sama sviði og nágrannaþjóðir okkar og orðið að sætta sig við það, sem þær hafa gert hvað snertir gerð skipa, og miðað við þær kröfur, sem þær gera. Hitt er vitað, að þessi almenna regla, sem hv. 2. þm. S.-M. talar um, að ekki megi festa kaup á neinum hlut nema full vissa sé fengin fyrir, að hann borgi sig, er eðlilegt sjónarmið þeirra manna, sem ekkert vilja gera, og þessi hv. þm. er orðinn umboðsmaður fyrir það róttækasta afturhald, sem ég hef hitt fyrir síðan ég kom hér á Alþ. Þetta er eðlilegt sjónarmið þessa fámenna flokks hér á þ., sem hefur unnið á móti aukinni hagnýtingu íslenzkra verðmæta á réttan hátt í því skyni að bæta kjör almennings í landinu að verulegu leyti, en það er rangt sjónarmið fyrir alla aðra og dautt sjónarmið fyrir þá, sem bera verulega fyrir brjósti hag almennings. En ég mun fara nánar út í þetta þegar næsta dagskrármálið verður tekið fyrir, því að þar kemur hið sama greinilega fram.

Ég hef ekki talið neina þörf að taka þátt í þessum umr., en vildi aðeins láta þessa aths. koma fram í tilefni af þeirri gagnrýni, sem fram kom hjá hv. 2. þm. S.-M. í síðustu aths. hans. Að öðru leyti læt ég ræðu hans fram hjá mér fara nú, og mun seinna gefast tækifæri til þess að sanna, að gagnrýni hans er á sandi byggð. Þótt hann fái væntanlega að segja nokkur orð í viðbót, sé ég ekki ástæðu til þess að deila meir á þennan hv. þm. en orðið er.

Pétur Ottesen: Ég vildi undirstrika það svar, sem hæstv. atvmrh. gaf hér áðan vegna fyrirspurnar minnar, sem sé, að þessari styrktarlánveitingu mundi verða hagað þannig, að styrktarlánið gegni jafnt yfir alla, miðað við, hversu bátarnir eru tiltækilegir til notkunar, og að það sé viðurkennt, að þeir uppfylli skilyrði, sem sett eru um styrkleika.

Hitt þykir mér miður, að hæstv. ráðh. skyldi ekki sjá sér fært að gefa mönnum af Akranesi, sem til hans leituðu, vilyrði fyrir því, að þeir fengju þessi styktarlán, því að ég geri ráð fyrir, að það verði færri, sem treysti sér til að nota hagkvæmari skilyrði, sem virðast fyrir hendi í Danmörku nú til að byggja báta, einmitt vegna þess, að það var ekki fyrir hendi nægjanleg trygging fyrir því að fá þessi styrktarlán til byggingana.

Jóhann Jósefsson: Það er fjarri því, að ég hafi snúið út úr orðum hv. 2. þm. S.-M., heldur aðeins benti ég á ósamræmi í þeim skoðunum, sem hv. þm. heldur fram hér í d. og vildi láta vera lífsreglu ríkisstj., og þeim skoðunum, sem blað hans heldur fram. Það getur verið, að þessum hv. þm. þyki það henta sér bezt að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.

Þá verð ég að víkja að því, sem hann sagði, að sér hefði skilizt, að Nýbyggingarráð hefði vanrækt, þegar veitt var lán fyrir sænska báta, að setja fullnægjandi ákvæði gagnvart styrkleikanum. Ég býst ekki við, að hv. þm. líti þannig á, að Nýbyggingarráð hafi sjálft getað séð, hvað þurfti að gera við báta, sem liggja úti í Svíþjóð, en hitt er víst, að þessum hv. þm. hefur skilizt þetta. Ef hv. þm. býr þetta ekki til sjálfur, þá hefur hann látið aðra búa það til fyrir sig. En satt að segja hélt ég, að hann og blað hans ættu svo innangengt í viðskiptaráð, að þeir gætu kynnt sér þetta, þar sem hvert bréf, sem Nýbyggingarráð skrifar, er sent til viðskiptaráðs, sem gefur þessi leyfi formlega út, því að það eru vélrituð á hvert einasta leyfi þau skilyrði, sem íslenzk l. setja um styrkleika skipa, og ætla ég, að það verði varla misskilið, hvað Nýbyggingarráð á við í þessu efni, hvað sem þessum hv. þm. hefur skilizt í þeim efnum. Það er hálfleiðinlegt fyrir jafngreindan mann og hv. 2. þm. S.-M. að tala svona, þar sem það er algerlega í mótsögn við staðreyndirnar, ef hann hefur hirt um að kynna sér þær.

Það er svo fjarri því, að ásökun hv. þm. um það, að ég hafi verið að gera gys að honum, sé rétt. Hann er, held ég, að gera gys að sér sjálfur með því, sem hann segir. Að hann, sem hefur staðið í broddi þeirrar fylkingar, sem virtist hafa því hlutverki að gegna að kippa öryggi undan hvers konar atvinnu, sem hvers konar áhætta fylgdi, skuli tala um það nú, að fyrsta skilyrðið sé fjárhagslegt öryggi af hálfu stjórnarvaldanna.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forsrh. taldi heldur lítið nýtt í þeirri gagnrýni, sem ég flutti um fjármálaástandið, þar sem ég undirstrikaði það, sem hv. þm. Vestm. hefur lagt mesta áherzlu á. Það getur verið, að þetta sé ekki nýr sannleikur, en jafngóður er hann fyrir því. En mörgum mun finnast heldur lítið nýtt í þeim skætingi, sem hann hélt fram í garð þeirra manna, sem ekki geta hér svarað fyrir sig, þegar hann er að tala um rógburðinn í Tímanum. Þá skildist mér hæstv. ráðh. hafa í hótunum, að ef ég vildi ræða fjárhagsmálin, þá yrði tekið á móti. Ég hef ekki og mun ekki skorast undan því að ræða við hann um fjármálin, hvort sem það væri hér á Alþ. eða annars staðar, svo að það dregur ekki úr mér, þó að hann lofi að verða liðlegur að ræða þessi mál hér.

Að lokum vil ég segja það, að í einu atriði reyndi hæstv. forsrh. að ræða málefnislega það, sem hér liggur fyrir, og vil ég undirstrika það, hvernig það var gert. Hann sagði, að 2. þm. S.-M. væri talsmaður þeirra, sem ekkert vildu láta gera í landinu, vegna þess að hann héldi fram, að það ætti að bera það undir einstaklinga og bæjarfélög, hvort eigi að kaupa atvinnutækin. Og aðaltalsmaður einstaklingsframtaksins á Íslandi heldur áfram og segir, að ef einstakir menn eigi að skera úr um það, hvort

eigi að kaupa atvinnutæki til landsins, þá sé það sama og dauðadómur yfir þeim framkvæmdum, þá verði ekkert gert. Ég held, að þessi mikli talsmaður einstaklingsframtaksins á Íslandi, hæstv. forsrh., geti huggað sig við það, að það er varla nokkur maður á Íslandi, sem tekur mark á því, sem hann segir, svo að hann getur verið rólegur, þó að hann segi aðra eins vitleysu og þetta.

Þá ætla ég aðeins að segja örfá orð viðvíkjandi því, sem hv. þm. Vestm. sagði. (*Forseti:* Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að þetta átti aðeins að vera stutt aths.). Ég vil benda hæstv. forseta á, að ef hann ætlar að sýna réttlæti, þá verður hann að sýna örlitla þolinmæði, og annað eins hefur komið fyrir og það, að þm. hefur talað oftar en einu sinni til þess að svara.

Hv. þm. Vestm. tókst litið betur en hæstv. forsrh. Ég benti á, að hann hefði viljað sýna fram á, að menn vildu ekki gera samning um bátakaup vegna öryggisleysis í verðlagsmálum, vegna áhrifa verðlagsvísitölunnar á samninga, og þess vegna yrði stj. að ganga fram fyrir skjöldu. Af þessu dró ég þá almennu ályktun um ástandið. Í stað þess að svara því fór hv. þm. Vestm. að tala um ástandið fyrir 10—12 árum, og skorast ég ekki undan að ræða það þegar tími vinnst til. En það var heldur lélegt innlegg í þær umr., sem hér hafa farið fram, og aðeins til þess að reyna að draga athygli frá því, hvernig er komið fyrir stjórnarmeirihlutanum nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Hv. 2. þm. S.-M. sagði um mína ræðu, að það væri mikið að heyra það af vörum þess manns, sem teldi sig vera aðalmálsvara einkaframtaksins á Íslandi. Ég þarf litlu við að bæta fram yfir það, sem ég sagði áðan, og get endurtekið það, að ef horfið hefði verið að hans ráðum um skipakaup landsmönnum til handa, þá hefði ekkert orðið úr neinu, og get ég tekið undir þau ummæli hv. þm. og einmitt sem umboðsmaður einkaframtaksins. Til þess hafa menn ríkisstj., að geta beitt henni fyrir sig, þegar nauður rekur til. Og eins og þessi mál liggja fyrir, þá veit hver maður, sem á annað borð vill kynna sér þau mál, að ef Íslendingar ættu ekki að sitja sig úr færi til þess að afla slíkra tækja erlendis frá, þá varð ríkisstj. að hafa þar forgöngu, eftir þó að hafa borið sig saman um, hvað heppilegast væri, við þá menn, sem dómbærir eru. Ef ríkisstj. hefði ekki tekið þennan kost, hefði einkaframtakið í landinu verið dauðadæmt með að afla slíkra tækja, en nú er einkaframtakinu meðal allrar þjóðarinnar opin leið til þess að hefjast handa til þess að eignast fullkomin tæki og efla atvinnuvegina, sem að öðrum kosti hefði verið ókleift. En nú fer saman máttur einstaklingsframtaksins, rétt hagnýting auðmagnsins og aukið öryggi fyrir alla menn í landinu til þess að njóta sæmilegra lífskjara. Eins og ég hef tekið fram, er þetta meginstefna núverandi ríkisstj., og það er gegn þeirri stefnu, sem hv. 2. þm. S.-M. hefur valið sér það auma hlutskipti að berjast gegn.

Hv. 2. þm. S.-M. þarf ekki að hugsa sér, að enginn taki mark á því, sem ég segi á meðan ég vinn fyrir þennan málstað, og meðan hann tekur jafnmikið mark á mér og því, sem ég geri, og hann gerir nú, því að hann eyðir allri sinni ævi og kröftum til þess að reyna að koma í veg fyrir það. Ég er ánægður, ef enginn tekur minna mark á mér í landinu en þessi hv. þm. (*EystJ:* Þá er hann lítilþægur).

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég get verið stuttorður, en það var í sambandi við styrktarlánin, sem ég vildi segja nokkur orð, til þess að forðast misskilning. Þessi lán eru til þess að hvetja menn, sem vilja leggja út í það á þessum dýru tímum að eignast fiskiskip og gera þau út, sem annars mundu ekki gera það vegna hins háa byggingarkostnaðar. Það væri alls ekki sanngjarnt, að maður, sem kaupir bát á 340 þús. kr. eftir að Danmörk opnaðist, og maður, sem kaupir bát á 500 þús. kr. innanlands, hefðu sama aðgang að styrktarlánum. En meiningin var með styrktarlánunum, að hafizt væri handa strax um smíði fiskibáta, áður en við vissum nokkuð um tilboðin frá Danmörku. Og vitanlega var það tilgangurinn að gera mönnum kleift að reka þessa báta. Hins vegar er nú búið að gera samninga um svo marga báta, að ríkisstj. hefur ekki viljað gefa nein skuldbindandi loforð um styrktarlán meira en búið er að gera. Það liggur í höndum þ., hvort meira verður veitt til þessara lána, en á meðan er ekki hægt að gefa loforð um þessi styrktarlán á þá báta, sem verið er að smíða nú og kann að verða samið um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 833).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram til staðfestingar á brbl., og hefur því dvalizt alllengi hjá n. og fullengi. N. hélt fund um þetta mál í dag. Fjórir nm. mæltu með því, einn með fyrirvara. Hins vegar lét einn nefndarmaður, hv. þm. V.-Húnv., þess getið, að hann óskaði upplýsinga um framkvæmd á þessum brbl., áður en hann tæki afstöðu.

Þetta frv. fjallar um að láta smíða eða kaupa fiskiskip utan lands eða innan. Og með því að láta smíða skipin innanlands, hefur verið unnið verk, sem er þarft fyrir okkar skipasmíðastöðvar. Það er ekki viðunandi fyrir þjóð, sem ætti að vera ein mesta fiskveiðaþjóð Evrópu, að geta ekki smíðað skip, a. m. k. hin smærri. Og það er ekki fært fyrir skipasmíðastöðvar okkar að láta smíða þessi skip öðruvísi en með því að tryggja afsetningu á þeim. Og ekki er hægt a. m. k. að tryggja afsetningu á þeim, nema með því að gera samninga um sölu á þeim fyrirfram, áður en þau eru smíðuð. Og samningar, sem ríkisstj. hefur gert við margar skipasmíðastöðvar okkar, hafa orðið til þess að ýta undir þessa

mjög þörfu grein innlendrar framleiðslu, og mun vafalaust sýna sig seinna meir, að þetta á mikinn þátt í því að skapa okkur hér skipasmíðastöðvar, sem síðar meir — ef ekki tiltölulega fljótt — verða samkeppnisfærar við erlendar skipasmíðastöðvar. — Fjhn. ákvað því að mæla með þessu frv., og legg ég því til fyrir hönd n., að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, mun vera samhljóða brbl., sem út voru gefin einhvern tíma á árinu 1945. Frv. þetta var til 1. umr. í þessari hv. d. hinn 8. dag októbermánaðar á því ári, og var því þá vísað til fjhn. Árið 1945 leið nú í aldanna skaut, án þess að málið væri nokkru sinni tekið fyrir í fjhn. Og enn liðu þrír mánuðir og hálfur af árinu 1946. En svo loks, mánudaginn 15. apríl á því ári, síðari hluta dags, þá var haldinn fundur í fjhn. og þá var mál þetta tekið fyrir. Ég óskaði eftir því þá, að n. leitaði nokkurra upplýsinga um það, hverjar framkvæmdir þegar hefðu verið gerðar samkv. þessum brbl., því að ekkert slíkt hafði borizt n. nokkru sinni. En aðrir nm. töldu, að ekki væri tími til þess að fá þær upplýsingar, og ákvað meiri hl. n. að mæla með frv., án þess að nokkrar skýringar lægju fyrir á frv. Ég sé mér hins vegar ekki fært að taka þátt í meðferð málsins, meðan engar upplýsingar liggja fyrir um framkvæmdir eftir þessum brbl. En ég geri ráð fyrir, að nál. mitt um þetta mál komi fljótlega, þó að ekki liggi það fyrir nú á þessum fundi.

En ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að bera hér fram spurningar, sem ég vænti, að annaðhvort hv. frsm. meiri hl. n. eða hæstv. atvmrh. geti gefið svör við, annaðhvort nú eða þá á næsta fundi. Í fyrsta lagi: Hvað hefur verið samið um smíði á mörgum skipum samkv. þessum brbl. og hjá hvaða skipasmíðastöðvum? Í öðru lagi: Hver er stærð þessara skipa og umsamið verð? Og í þriðja lagi: Er búið að selja nokkuð af þessum skipum?

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það hefur verið skýrt frá því í blöðum fyrir nokkru, að það er búið að semja um smíði á 35 skipum. Ég man ekki svo fyrir víst um allar stöðvar, sem samið hefur verið við um það. En hv. þm. V.-Húnv. getur fengið hér skrá yfir það, ef þess er óskað. Þessi skip eru 35 til 55 tonna skip. Þá hefur verið samið um smíði á 4 skipum 60 til 65 tonna. Það er ekki búið að selja neitt af þessum skipum, og nokkur þeirra verða þó tilbúin fyrir næstu síldarvertíð. Og þau verða seld strax er séð er fyrir endann á því, hvernig hægt er að lofa afhendingu á þeim. Það eru miklir erfiðleikar á því að selja skip áður en hægt er að lofa, hvenær þau verði tilbúin. Það sýndi sig í sambandi við Svíþjóðarbátana, að það eru miklir erfiðleikar, sem því fylgja fyrir menn, ef menn fá skip seinna en um hefur verið samið. Og miðað við þá reynslu í þessu efni í sambandi við Svíþjóðarbátana verða þessir bátar, sem hér er um að ræða í sambandi við þetta mál, ekki seldir fyrr en vitað er, hvenær þeir verða tilbúnir. Það eru komnar vélar í 4 bátana. Hins vegar hafa margir beðið um þessa báta, sem eru allir skráðir, og sumir þeirra hafa tjáð sig reiðubúna til að kaupa bátana strax. Ráðuneytið hefur svarað því, að það mundi ekki slá föstu um kaupin á þessum bátum, fyrr en víst væri, hvenær þeir væru tilbúnir. Ég vænti þess, að bráðlega verði hægt að ganga frá samningum um kaup á þessum bátum, sem búið er að fá vélar í, og hægt er að slá því föstu, að þeir verði tilbúnir fyrir næstu síldarvertíð. En ef óskað er frekari upplýsinga, get ég skýrt frá því á morgun.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég saknaði þess í ræðu hæstv. atvmrh., að hann gaf engar upplýsingar um verðið á þessum skipum. En e. t. v. er hann ekki við því búinn nú og ekki fyrr en á næsta fundi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég vildi vekja athygli bæði hæstv. forseta og hv. þdm. á meðferð þessa máls. Eins og hv. þm. V.-Húnv. gat um, þá er þessu máli vísað til fjhn. þessarar hv. d. í októbermánuði s. l., eitthvað um það bil 3 vikum fyrir veturnætur 1945. Það hefur legið í n. síðan og aldrei verið tekið þar fyrir — og er þetta þó stjfrv. — þangað til 9 nóttum fyrir sumar 1946, að mér skilst. Og þegar málið er svo tekið fyrir í n., þá er hafður á þessu slíkur skyndingur og flaustur, að það er ekki einu sinni tækifæri til þess fyrir minni hl. n., hv. þm. V.-Húnv., sem þó er kunnur að því að vera greiður í störfum, að gefa út nál. af sinni hendi, áður en málið er tekið fyrir til 2. umr., né heldur að koma á framfæri brtt., sem hann kynni að gera, sem mér er ekki kunnugt um, hverjar væru. En hann kann að hafa sérstöðu til málsins.

Út af þessu vil ég beina því til hæstv. forseta, að mér virðist þetta ekki sæmileg vinnubrögð. Mér sýnist því skynsamlegast að fresta þessari umr. þessa máls a. m. k. til morguns, þannig að mönnum gefist tóm til bæði að hlýða á þær upplýsingar, sem hæstv. atvmrh. þarf að búa sig undir að gefa, og eins til þess, að komið geti fram nál. af hendi hv. minni hl. n. og brtt., ef ástæða þætti til.

En viðvíkjandi efni málsins vildi ég gera fyrirspurn til hæstv. atvmrh. um eitt atriði, um það, hvað Landssmiðjunni — ég man það ekki frá því í haust — var ætlað að smíða marga báta. (*Atvmrh.:* 12). Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. sé bundin við samninga, sem hún hefur gert við óviðkomandi aðila um að koma þessum bátum upp, þó að þeir verði dýrir, og að í því verði engu breytt. En mér sýnist það vera mjög til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj. að láta ekki smíða a. m. k. alla þá báta, sem Landssmiðjunni hefur verið ætlað að gera, en leitast heldur við að fá ódýrari báta frá öðrum löndum í þeirra stað. Því að mér sýnist mikil ástæða til að óttast, að erfitt verði um sölu á þessum bátum fyrir kostnaðarverð, ef þær upplýsingar eru réttar, sem ýmsir hafa gefið um verðlag á bátum frá öðrum löndum. Það er náttúrlega ekki ástæða til að ætla, að menn kaupi miklu dýrari báta

hér en hægt er að fá þá annars staðar. Út af þessu vil ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort honum sé kunnugt um verðlag á bátum í Danmörku, og eins um hitt, hvort hægt muni verða á næstunni að fá þar smíðaða báta. Mér sýnist allt benda til þess, að rétt væri fyrir hæstv. ríkisstj. að draga úr þessum framkvæmdum, skipasmíðum Landssmiðjunnar, ef það væri auðið, frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir, að því leyti sem þær eru ekki komnar svo langt og samningar vegna þessara báta, að bindandi sé, en að hæstv. ríkisstj. ætti að snúa sér að því að fá ódýrari báta frá öðrum löndum og bjóða mönnum þá til kaups.

Forseti (BG): Út af ræðu hv. 2. þm. S.-M., þar sem hann beinir tilmælum til forseta um að fresta afgreiðslu þessa máls, þá verð ég að svara því til, að ég sé ekki beina ástæðu til þess að fresta umr. nú, vegna þess að málið er nú til 2. umr. Og forseti mun sjá til þess, að tóm gefist þeim, sem það vilja, til þess að bera fram brtt. við 3. umr. málsins.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Við Landssmiðjuna hefur verið gerður samningur um smíði 12 báta. En síðan hefur Landssmiðjunni verið tjáð, að óskað væri, að hún tæki ekki fyrir smíði fleiri en 4 báta, nema eftir sérstökum fyrirmælum ríkisstj. aftur. Það er þannig búið í bili að stöðva smíði á 8 bátum hjá Landssmiðjunni, þannig að það eru þá 27 bátar, sem bindandi er búið að gera samninga um smíði á. Nú er það þannig viðkomandi tilboðum frá öðrum löndum í smíði báta, að þau eru, þegar þau koma fyrst, oft stórlega mikið fyrir neðan tilboðin um íslenzku bátana. En þegar búið er að setja fram allar kröfur um að breyta bátunum frá upphaflegu tilboðunum frá útlöndum, setja inn allar kröfur Íslendinga um styrk og útbúnað bátanna og um hvers konar tæki, sem bátunum þurfi að fylgja, þá er verðmunurinn ekki svipað því eins mikill á þessum bátum og innlendu bátunum sem í upphafi, er tilboð hafa komið um smíði bátanna. Og þar við bætist svo það, að það er miklu meiri vissa fyrir því, að bátarnir verði tilbúnir á tilsettum tíma, ef bátarnir eru smíðaðir hér heima, og það er ekkert litið fjárhagsatriði. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að íslenzku skipasmíðastöðvarnar væru búnar að skila frá sér kannske langflestum sænsku bátunum, ef þeim hefði verið falið að gera það. Það kom að vísu ekki að sök, þó að þeir kæmu ekki fyrir síðustu síldarvertíð, af því að hún var svo ill. En hefði hún verið góð, þá hefði verið öðru máli að gegna um þetta. Þá hefði það verið mikilla peninga virði að fá bátana fyrir þá vertíð. Og enn er óvíst um helming þeirra báta og kannske meira, hvort þeir koma fyrir næstu síldarvertíð. En þannig er ástatt um bátana, sem smíðaðir eru hér heima, að það er hægt að segja um það svo að segja nákvæmlega fyrirfram, hvenær þeir verði tilbúnir. Það er því fyrir þessar sakir margt, sem mælir með því að smíða báta hér heima, jafnvel þó að það verði eitthvað dýrara en ef þeir væru smíðaðir erlendis. Og að líkindum er þó hagkvæmara að smíða þá hér. Ég er þess vegna ekki viss um, að rétt sé að hætta við að smíða báta hér, þó að burt sé horft frá því öryggi, sem það skapar okkur atvinnulega út af fyrir sig, að við gerum þetta upp á okkar spýtur. Það er að vísu nóg atvinna nú í landinu. En það getur komið sá tími, að við þökkum fyrir að geta gert sem allra mest sjálfir fyrir okkur. Enn fremur má geta þess, að við smíði bátanna í Svíþjóð hafa þeir á engan hátt neitt fullkomnari tæki til þess að smíða þessa báta en við. Þilskipasmíði er unnin sem handverk nær því um allan heim. Það er ekki hægt að koma við fullkomnum og afkastamiklum vélum við smíði þessara báta. Það er hægt fremur við smíði járnskipa. Ég tel þess vegna ekki, að að því liggi nægileg rök, að við ættum að hætta sem mest við smíði þessara báta hér hjá okkur. Þó hefur ríkisstj. ákveðið þetta, að láta ekki smíða hjá Landssmiðjunni, a. m. k. ekki strax, nema 4 báta, og sjá til, hvernig útkoman verður á þessu. Annars er eftirspurn eftir þessum bátum mjög mikil. Og ég tel miklar líkur til þess, að hægt verði að selja þá áfram.

Ég vil taka undir það með hæstv. forseta, að það er ekki ástæða til þess að fresta þessu máli við þessa umr. Það má alltaf koma að brtt. við 3. umr., sem væntanlega yrði þá á morgun. Og skal ég þá gefa þær upplýsingar, sem hér hefur verið óskað eftir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þó að meðferð þessa máls sé óneitanlega ábótavant og hún sé fáránleg, þá er það meira af annarra hendi en hæstv. forseta. Ég skal þess vegna ekki mikið segja út af því, þó að 2. umr. fari nú fram.

Ég álít, að það sé skynsamlegt, að frestað hefur verið framkvæmdum af hendi Landssmiðjunnar um smíði 8 af þessum bátum. Ég álít, að það sé alveg sjálfsagt að athuga mjög gaumgæfilega aðstæður allar, áður en haldið er lengra áfram á þeirri braut að smíða bátana þar. En ég sakna þess, að hæstv. atvmrh. hefur ekki á reiðum höndum skýrslu um verðlag á þessum bátum annars vegar og t. d. sams konar bátum frá dönskum skipasmíðastöðvum hins vegar. Því að óneitanlega væri gott að fá upplýsingar um það. Ég vænti þess, að hæstv. atvmrh. gefi slíkar upplýsingar við 3. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Á þessum fundi hefur verið útbýtt nál. frá minni hl. fjhn. á þskj. 868. Þar er skýrt frá þeirri óviðeigandi meðferð, sem málið hefur sætt í fjhn.

En ég sé hins vegar ekki ástæðu til að ræða um það frekar en þar er gert. Nál. þetta hafði ekki komið fyrir við 2. umr. málsins sökum þess, að þá var ekki hægt að fá nauðsynlegar upplýsingar. Þær lágu ekki fyrir, þegar meiri hl. n. ákvað að afgr. málið þaðan. Þá átti ég þess ekki kost að setja breyt. við frv. í nál., en mun nú eftir þær upplýsingar, sem ég hef fengið síðan, flytja eina brtt. við frv., og mun ég koma að henni síðar.

Ég hef fengið í dag nokkrar upplýsingar frá atvmrn. um þá samninga, sem ríkisstj. hefur gert um smíði á vélskipum hér innanlands. Samkv. þeim upplýsingum hafa upphaflega verið gerðir samningar um 35 vélskip, og er það í samræmi við það, sem hæstv. atvmrh. sagði hér við 2. umr. En hann gaf þær upplýsingar, að síðan hefði verið stöðvuð bygging 8 skipa af þessum 35, svo að búið er að gera bindandi samninga um 27 skip innanlands, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. Þessir samningar hafa verið gerðir við nokkrar skipasmíðastöðvar hér í Reykjavík, Akranesi, Akureyri, Vestmannaeyjum og tvær stöðvar á Austfjörðum. Skipin eiga að vera 35 smálesta, 55 og 62 smálesta. Segir hér, að ráðgert hafi verið, að 23 skip verði tilbúin árið 1946. En ekki kemur fram í þessum upplýsingum, hvort þessi 8 skip, sem hafa verið afturkölluð, séu í þeirri tölu. Eftir upplýsingum hæstv. ráðh. má skilja sem 23 skip eigi að vera tilbúin 1946, en 4 síðar. — Verðið, sem um hefur verið samið við þessar skipasmíðastöðvar, er 265000 kr. fyrir 35 smál. skipin, 423500 kr. fyrir 55 smál. og 477400 fyrir stærstu skipin. Þá er sagt frá verði skipanna með vélum, og virðist verð bátanna vera um 10 þús. kr. á hverja smálest. Við það leggst ýmis aukakostnaður ásamt hækkun á vísitölu. En nú er hins vegar ljóst, að einstakir útvegsmenn kaupa fiskiskip frá Danmörku, og frá því hefur verið skýrt, að eitt þeirra hafi komið til Hafnarfjarðar í gær, sbr. fréttir í blöðum í dag og í útvarpi. Þetta skip er 60—70 rúmlestir að stærð, og verð þess þar á staðnum er um 5—6 þús. kr. rúmlestin. Talið er, að þessi bátur sé í alla staði mjög vandaður og uppfylli allar þær kröfur til skipa, sem notuð eru hér við land. Sýnist því svo nú, að hægt sé að fá ágæt fiskiskip hingað frá Danmörku fyrir helmingi minna verð en það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert samninga um við skipasmíðastöðvar hér á landi, því að verð þeirra skipa verður um 10 þús. kr. pr. rúmlest. Ég held, að það sé álit margra, sem bera skyn á þetta, að illt væri að halda þessari stefnu ríkisstj. áfram, og lítur helzt út fyrir, að þessar skipasmíðar verði baggi á ríkissjóði eða kaupendum þeim, sem kynnu að kaupa þessa báta hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að ekki væri enn búið að selja neitt af þessum skipum, og enn þá mun ekki vera ljóst, hvenær þessi skip verða tilbúin.

Það er nú svo, að ekki er mögulegt að rifta eða breyta þeim samningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við skipasmíðastöðvar, en ég tel, að Alþ. ætti að gera breytingar á þessu í það horf, að fleiri samningar verði ekki gerðir en þegar er búið.

Ég leyfi mér því að leggja hér fram í þessari hv. d. skriflega brtt., þannig að við 1. gr. frv. bætist: Þó er ekki heimilt að láta smíða fleiri en 27 fiskiskip hér innanlands. — Þessi tala er samkv. upplýsingum hæstv. ráðh.

Ég afhendi svo hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 879) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. þm. V.-Húnv. gerir mikið úr því, að skip þau, sem ríkisstj. lætur smíða hérlendis, séu dýr, og ég get viðurkennt það. Hann dregur þá ályktun, að við ættum að láta smíða þessa báta erlendis. Hvað við kemur sænsku bátunum, þá verða þeir dýrari en tilboðaverð gefur til kynna, og ég dreg í efa tölur þessa hv. þm. Sænsku bátarnir verða líklega um það bil 25% ódýrari en þeir, sem byggðir eru hér.

Eigum við að láta smíða þessa báta hérlendis eða leita annað? Það er varla forsvaranlegt fyrir ríkisstj. að ganga alveg fram hjá okkar skipasmíðastöðvum. Við verðum að halda þeim gangandi, og má taka tillit til þess, að við þurfum á þeim að halda í sambandi við viðgerðir og vera viðbúnir að hafa þær eins fullkomnar í framtíðinni til þess og unnt er. Rétt er það, að þessir bátar eru dýrir, og ríkisstj. hefur ákveðið að gera ekki fleiri samninga að svo stöddu, og er því óþarfi að Alþ. setji hér nokkur l. um það, enda hefur ríkisstj. þetta í hendi sér þrátt fyrir það og gæti sett brbl., ef henni sýndist svo við horfa.

Hvað viðkemur sölu bátanna og þeim óákveðna tíma, sem þeir eru tilbúnir á, þá stafar sá dráttur aðallega af því, að við þurfum að flytja inn vélarnar, og kemur fyrir, að þótt vél hafi verið lofað í maí, þá kemur hún ekki fyrr en í október. Ýmsar aðrar ástæður koma til greina í sambandi við það, að ekki hefur verið unnt að ákveða, hvenær bátarnir yrðu tilbúnir, og er yfirleitt ekkert hægt að segja um þetta, fyrr en vélarnar eru komnar. Ýmsir menn hafa spurt um þessa báta, og hafa 47 umsóknir um þá borizt. Þessi tilboð eru ekki skuldbindandi, en þessar umsóknir sýna þó ljóst þann áhuga, sem er fyrir þessum bátum. Það er nú það ástand í landinu, að næg vinna er. En ef bátasmíðinni í landinu væri útrýmt, þá er líklegt, að að mundi þrengjast er versnaði í árum og við yrðum að vinna úr okkar efni sjálfir. Ég legg því áherzlu á að efla innlenda skipasmíði, enda er það öruggara upp á framtíðina.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að verð báta, er smíðaðir væru hér innanlands, næmi um 10 þús. kr. pr. rúmlest. Hins vegar efaði hann verð það, sem ég nefndi á danska bátnum. Ég las í einu stjórnarblaðinu í morgun, að verð þessa báts væri um 5 þús. kr., og einn af eigendunum sagði í morgun við mig, að verðið mundi nema röskum 5 þús. kr.

Hæstv. ráðh. segir, að ég hafi ályktað að það ætti alls ekki að smíða nein skip hérlendis.

Þetta er ekki rétt. En hvers vegna eru skipasmíðastöðvarnar hér ekki samkeppnisfærar? Það er fyrst og fremst verðbólgu- og dýrtíðarstefnu hæstv. ríkisstj. að kenna, það er því að kenna, að þessari stefnu er haldið uppi.

Hæstv. ráðh. sagði, að verðmunur sænsku og íslenzku bátanna næmi um 25%, og því sýnist mér svo, að hægt væri að gera íslenzka bátaiðnaðinn samkeppnisfæran, ef barizt væri fyrir því að halda dýrtíðinni niðri, en stjórnarliðið vinnur gegn þessu. Hér gildir sama um sjávarútveginn og landbúnaðinn. Við vitum vel, að hæstv. ríkisstj. reynir eftir fremsta megni að halda þessu á floti, og t. d. liggur hér á Alþ. fyrir í dag frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Dýrtíðin í landinu veldur því, að innlend skipasmíði er ekki samkeppnisfær.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það hefur margt komið hér fram í þessu máli síðan í nótt. Það er staðfest, að bátar, sem eru smíðaðir hér, eru helmingi dýrari en bátar, sem eru smíðaðir í Danmörku. Þetta var hæstv. ráðh. að reyna að breiða yfir, en ég held nú samt, að flestum öðrum en hæstv. ráðh. sé ljóst, hve erfitt það muni vera að vera í samkeppni á bátum hæstv. ríkisstj., sem eru nær helmingi dýrari strax og þeir koma á flot. Það er óhætt að slá því föstu, að ef hægt er að fá helmingi ódýrari báta, þá kaupi enginn maður báta hæstv. ríkisstj., nema hún greiði þá niður úr ríkissjóði, og ég tel það yfirsjón að festa kaup á öllum þessum bátum, en það getur verið eðlilegt að styrkja skipasmíðastöðvar til framkvæmda á viðgerðum. Enda er það viðurkennt af hæstv. atvmrh., að ríkisstj. hefur kippt að sér hendinni með þær bátasmíðar, sem hún gat hætt við, þ. e. a. s. við Landssmiðjuna. Af hverju var hætt við að smíða þessa báta? Var ekki sjálfsagt að láta smíða þá líka? Nei, þetta er viðurkenning á því, að hér hafi verið farið skakkt að. Nú segir hæstv. ráðh., að 47 menn hafi pantað báta af annarri tegundinni, og ég man ekki, hvað margir af hinni. En nú vildi ég spyrja: Hvað eru þessar umsóknir gamlar, og hafa þessir menn pantað báta án þess að gera tilboð um verðið? Mér er nær að halda, að þessar pantanir séu gamlar, að þeim fylgi engar skuldbindingar og að menn muni krefjast að fá bátana ódýrari en ríkisstj. hefur ákveðið. Og það er einnig önnur hlið á þessu máli. Það er enginn efi á því, að það, að ríkisstj. var búin að semja um 45 báta innanlands, hefur dregið úr bátakaupum erlendis. Það kemur gleggra í ljós, þegar nýju bátarnir koma frá Danmörku, hversu stjórninni hefur mistekizt með þetta. Það er alveg áreiðanlegt, að þessi staðreynd, að búið var að semja um smíði á svo mörgum bátum hér, hefur dregið úr því, að ríkisstj. reyndi að útvega ódýra báta erlendis.

Það vita allir, að ekki hefur verið lagt kapp á þetta eftir að búið var að ákveða bátasmíðarnar innanlands. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. ætlar að fara að tala um, hvað Nýbyggingarráð hafi lagt sig mikið fram í þessu, og það er satt, að það hafa verið veitt leyfi, en það er vegna þess að ríkisstj. hefur ekki þorað annað. En það hefur ekki verið gengið fram í því að útvega bátana erlendis og ekki verið gerðar ráðstafanir til að láta smíða báta á lager fyrir íslenzka útvegsmenn.

En nú er ekki hægt að hverfa frá þessu, því að það er búið að gera samningana, og þess vegna er ekki hægt að leggja til, að frv. verði fellt, því að samningarnir standa eftir sem áður, en verður nú skynsamlegast að fara eftir till. hv. þm. V.-Húnv. um að takmarka þetta við 27 báta. Annars finnst mér, að ríkisstj. hafi ekki haldið á þessum málum sem skyldi.

Frsm. meiri hl. (Einar Olgeirsson): Aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði. — Ég gæti nú trúað því, að honum og flokksmönnum hans þætti nóg um þessi skipakaup, því að þeir hafa ávallt sýnt fjandskap við sjávarútveginn, en reyna að dylja fjandskapinn og fara þar að auki með ósannindi. Ég álít skynsamlegast að láta smíða togara erlendis, en vélbáta hér heima. Og það er vegna aðgerða þessa þm. og annarra, að vísitalan er svo há, að íslenzku bátarnir eru dýrari. Og það hefur aldrei verið haft á móti því, er leitað hefur verið til Nýbyggingarráðs um að útvega mönnum báta utanlands frá, heldur þvert á móti. Það er líka slegizt um alla þá báta, sem smíðaðir eru innanlands, og ég veit ekki betur en að þessir bátar borgi sig á einni vertíð. Svo að það er misskilningur hjá hv. þm., að þessir bátar seljist ekki. Það er gjaldeyrissparnaður að smíða bátana hér, en auk þess yrðu þeir svo snemma til, og er því heppilegast að smíða bátana innanlands. Og þetta er meira en auglýsing hjá hæstv. ríkisstj., og á hv. þm. e. t. v. eftir að sjá það. Ég tel illa farið, ef íslenzkar skipasmíðar hefðu verið skildar eftir, og ég held, að því fari fjarri, að það eigi að telja úr ríkisstj. að leggja í þessa hluti, heldur hvetja hana til að gera meira. Íslenzkar skipasmíðastöðvar eru vel samkeppnisfærar við aðrar skipasmíðastöðvar. Og skipasmíðastöðvarnar verða að hafa öryggi um sölu á bátunum, svo að aldrei verði dauður tími hjá þeim, sem eru jafnframt viðgerðarstöðvar um vertíðar. Ég geri ráð fyrir, að í stað þess að semja um marga báta í Svíþjóð, þá hefði verið betra að semja um þá hér heima, svo að þeir hefðu verið fyrr tilbúnir og ekki orðið miklu dýrari.

Ég vil svo lýsa mig fylgjandi þessu frv. og tel algerlega skakkt af stjórnarandstöðunni að sýna þannig fjandskap við sjávarútveginn og skipasmíðarnar.

Eysteinn Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. talar um fjandskap við sjávarútveginn. En ég held, að þessi hv. þm. ætti að athuga það, að það er skrýtið vináttubragð, ef útgerðarmenn eiga að borga 10—11 þús. kr. fyrir tonnið í þessum bátum, sem hægt er að fá fyrir 5—6 þús. kr. tonnið. Þetta er undarlegur hugsunarháttur. Þessi hv. þm. veit lítið, hvað hann er að segja, og það er kunnara en svo, að það þurfi að taka það fram, hvaða gagn sjávarútveginum hefur verið af afskiptum þessa hv. þm.

Ég sagði aldrei, að Nýbyggingarráð hefði verið

gegn því að veita leyfi til að flytja báta inn, en mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. eða Nýbyggingarráð hafi gert ráðstafanir til að útvega ódýra báta erlendis, en í mesta lagi veitt leyfin. Það hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til að kaupa ódýra báta í Danmörku. Ef heil brú hefði verið í öllu þessu, þá hefði ríkisstj. óðara átt að senda mann til Danmerkur og semja um kaup á bátum. Það er ekki af ást til sjávarútvegsins, að ríkisstj. gerði þessa samninga um bátasmíði hér, og það er ekki hægt að hugsa sér gleggri viðurkenningu en þá, að þær einu framkvæmdir, sem ríkisstj. réði við, þessir 8 bátar hjá Landssmiðjunni, voru afturkallaðar.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að það sé misskilningur, að menn sæki ekki eftir bátunum. Hvers vegna selur ríkisstj. þá ekki bátana? Því semur hún ekki við þessa menn um kaup á þessum bátum? Ætlar hún að bíða, þar til það kemur betur í ljós, hversu þessir bátar eru dýrari en bátar erlendis? Nei, þetta er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. Bátana vantar, en menn vilja bíða, þangað til ríkisstj. eða ríkið verður að taka á sig skerf af þessum óheppilegu ráðstöfunum, og reynt er að fá ódýrari báta erlendis. Hitt, að það sé kapphlaup um bátana á þessu verði, er slúður.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að hægt væri að reka bátasmíðar hér í samkeppni við aðra. Ég tel, að bátasmiðir eða tækni til bátasmíða sé ekki verri hér en annars staðar, en það er vegna þess, að hér er haldið uppi verðbólgu af ráðnum hug, að nærri engin atvinnugrein getur keppt við aðrar þjóðir. Það er þessi verðbólga, sem haldið er uppi af ráðnum hug, sem veldur ástandinu í bátaiðnaðinum. Og ein aðaldriffjöðrin í því að halda uppi þessari dýrtíð er hv. 2. þm. Reykv. Ég álít, að það sé stórkostlegur skaði, ef hætt yrði að smíða hér báta, en ég tel, að ekkert vit hafi verið í að gera þessa samninga. Það er augljóst mál, að íslenzkur sjávarútvegur þolir það ekki, að þau tæki, sem hann þarfnast, kosti helmingi meira hér en annars staðar. Ég get fallizt á, að vit geti verið í því að styðja að slíkum iðnaði um stundarsakir, en að gera svo stórfelldan samning á þessum tíma nær vitanlega engri átt. Hér hefði átt að hafa svipaða aðferð og lagt var til í sambandi við togarakaupin. Fyrst átti að kynna sér eftirspurnina og vita, hvað þeir kostuðu, og síðan átti að spyrja þá, sem höfðu hug á að eignast báta, hvort þeir vildu í sínu nafni gera samninga með þeim kjörum, sem fáanleg voru. Ég hygg, að það sé sama, hvaða iðnaður það er í sambandi við sjávarútveginn, að hann geti ekki þrifizt, ef hann er dýrari en erlendur iðnaður. Sjávarútvegurinn á í svo harðri baráttu við erlendar þjóðir, að það má ekki íþyngja honum á nokkurn hátt. Ef ekki er hægt að fá tækin jafnódýr innanlands og erlendis, verður að kaupa þau erlendis frá.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég mun ekki eyða löngum tíma til að ræða þetta mál, en vil taka einungis eitt dæmi til að sýna, hve óhöndulega og óheppilega hæstv. ríkisstj. hefur tekizt að ráða fram úr þessum málum.

Núverandi ríkisstj. hefur samið við Landssmiðjuna um smíði á 12 bátum. Nú hefur tala þessara báta lækkað niður í 4, en að smíði þessara 4 báta vinna nú 10 útlendingar, og Landssmiðjan hefur orðið að fá gjaldeyrisleyfi fyrir launum þessara manna, um 5 þús. kr. á mánuði. — Hér hefur verið sýnt fram á, hve óheppilegt það væri að byggja hér miklu dýrari skip en hægt er að fá erlendis. En það tekur út yfir að flytja inn vinnukraft til að smíða báta og flytja þannig gjaldeyri úr landi. Vitanlega átti ríkisstj. að afturkalla smíði, ekki 8 báta, heldur 12, í stað þess að flytja inn vinnukraft.

Er ekki tími til kominn að reisa skorður við áframhaldi þessarar stefnu?

Sveinbjörn Högnason: Ég vildi einungis beina einni fyrirspurn til hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði hér áðan, að miklu meiri eftirspurn væri eftir hinum nýju skipum en hægt væri að fullnægja. Nú vil ég spyrja: Hvers vegna var hætt við smíði 8 báta hjá Landssmiðjunni? Var það af því að ríkisstj. vildi ekki unna mönnum að njóta þessara báta? Ég vildi gjarnan fá þetta upplýst, en ef til vill hafa stjórnarsinnar ekki tíma til að svara þessu frekar en að sitja á þingfundum, þótt þeir leitist við að ásaka okkur framsóknarmenn fyrir að tefja þingstörfin. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann komi þessari fyrirspurn áleiðis, þar sem hv. 2. þm. Reykv. virðist ekki sjá sér fært að sitja á þingfundi.

ATKVGR.
Brtt. 879 felld með 16:9 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, STh, SÞ, StJSt, EOl, FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, BG.
PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, JS greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÓTh, SK, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GSv) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 108. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 109. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 114. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 7, n. 967, 968).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, var frv. þetta borið fram til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s. l. hausti, um breyt. á l. nr. 48 frá 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

Fjhn. þessarar d. hefur athugað þetta frv. og aflað sér upplýsinga um það, hve langt komið er með þær framkvæmdir, sem frv. fjallar um, og eru upplýsingar um það birtar í nál. á þskj. 967. Það er, í fáum orðum sagt, þannig, að Nýbyggingarráð hafði aflað tilboða í smíði á 35 vélskipum innanlands, en atvmrh. síðan samið um smíði á samtals 27 vélskipum. — Ástæðan til þess, að þessi l. voru sett, var sú, að það þótti sýnt, að lög þau, sem áður er um getið, að í gildi voru um skipakaup ríkisins, mundu ekki fullnægja þörfinni á smíði skipa innanlands. Þau voru bundin við skipakaup erlendis. Þess vegna þótti líka nauðsynlegt að bæta þessum l. við, er semja átti um kaup á skipum innanlands.

Það kom fram það álit í n., að lækka mætti ábyrgðarheimild þessara l. úr 30 millj. kr. í 25 millj. kr., vegna þess að ekki væri þegar samið um kaup á nema 27 skipum, en upphaflega var gert ráð fyrir smíði 35 skipa. En ég bendi á það hér, að hér er aðeins um heimild að ræða, sem ekki verður notuð til fulls, nema samið verði um smíði á fleiri skipum en þegar er samið um smíði á, og það verður ekki gert nema kaupendur fáist að þeim skipum. Þessi lánsheimild eða þetta lán verður ekki heldur notað nema til þess að auka skipastól landsmanna í samræmi við óskir þeirra, sem þar eiga hlut að máli.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég held, að allir hljóti að vera sammála um það, að það sé dálítið varhugaverð braut, sem hæstv. ríkisstj. hefur gengið inn á í þessu máli, að veita sjálfri sér með brbl. stórfelldar lánsheimildir. Á þessu þ. voru staðfest brbl., þar sem ríkisstj. hafði veitt sér 60 millj. kr. lánsheimild. Og í þessu frv. er um sams konar lánsheimild að ræða fyrir 30 millj. kr. Þarna eru 90 millj. kr., sem hæstv. ríkisstj. hefur veitt sjálfri sér heimild til að taka að láni, fyrir utan annað smærra af svipuðu tagi, þó að það sé lítilfjörlegt í samanburði við þetta tvennt. Það, sem ríkisstj. hefur gert í þessu efni, að veita sjálfri sér slíka heimild í jafnstórum stíl og hún hefur gert, er með öllu fordæmislaust hér á þessu landi og ég hygg, þó að víðar sé leitað þar, sem þingræðisstj. er á annað borð. Og þetta verður athyglisverðara fyrir það, að það er ekki annað hægt að sjá en þetta hafi verið þarflaust með þessi brbl., sem hér er leitað staðfestingar á og gefin eru út 13. sept. s. l. En á síðasta þ. í fyrra vetur var hæstv. ríkisstj. margbent á það, að Alþingi þyrfti, vegna ýmissa aðkallandi mála, að koma fyrr saman en stjórnin lagði til. Ef hún hefði sinnt þeim bendingum, hefði hún ekki þurft að taka til slíkra ráða sem þessi brbl. eru. Og það er ekkert neyðarúrræði að kalla saman þing í byrjun september, og hefði vissulega verið eins hægt fyrir ríkisstj. að gera það eins og að taka sér þetta vald, sem hún hefur gert. Ég ætla þó ekki að fara að innleiða neinar almennar umr. um þetta. En ég get játað, að þetta lán, sem hér er um að ræða og átti að verja til þessara framkvæmda, tel ég, að heppilegt hafi verið og nauðsynlegt, og þetta, sem ég sagði, á meira við formið en efnið. Þess vegna er það, að ég með öðrum nm. í fjhn. legg til, að frv. verði samþ. En þó að ég leggi til, að frv. verði samþ., þá er það á engan hátt í neinni mótsögn við það, sem ég hef sagt um þessa starfsaðferð ríkisstj. og það, að ég vil á allan hátt vara við að ganga lengra á þessari braut en gert hefur verið. Ég sé ekki annað en ef þingið tekur þegjandi við slíku frá ríkisstj., að þá muni það smám saman missa fjárveitingarvald sitt og umráð yfir fjármálum ríkisins í hendur ríkisstj. En einmitt umráðin yfir fjármálum og fjárveitingarvaldið er hornsteinn þingstj. og þingræðis. Og það, að nauðsyn þótti til bera hjá öðrum þjóðum að löggjafarþing kæmi í staðinn fyrir einveldi, mun vera aðallega af þeirri ástæðu, að þegnarnir vildu einmitt hafa hlutdeild í því, hvernig því fé væri varið, sem á þá voru lagðir skattar til að ná inn. En það kom fram við athugun málsins í fjhn., þar sem m. a. hæstv. ráðh. var viðstaddur og gaf skýrslu um framkvæmd þessa máls, að ekki væri þörf á allri þeirri lánsheimild, sem brbl. fjalla um.

Ég held, að allir nm. hafi verið sammála um það, eftir að hafa heyrt skýrslu ráðh., og að ráðh. var einnig sammála um það, að ekki mundi vera nein þörf á að hafa heimildina hærri en 25 millj. kr. í staðinn fyrir 30 millj. kr. Þess vegna er það, að ég hef borið fram brtt. á þskj. 968, um það að lækka lánsheimildina um þessar 5 millj. kr. niður í 25 millj. kr. Ég hreyfði þessu í n., og ég heyrði enga mótbáru móti þessu aðra en þá, að þá þyrfti málið að fara aftur til Nd. og gæti þess vegna tafizt. Ég fyrir mitt leyti geri ekkert úr þeirri mótbáru, því að ég held, að það hafi alls enginn ágreiningur verið um þetta mál í hv. Nd. Og ég geri ekki ráð fyrir, að það þyrfti að taka nema 1—2 mínútur að ganga frá málinu þar, þó að það færi til þeirrar d. En ég verð að segja það, að þó að þetta kunni að virðast lítilfjörlegt, hvort lánsheimildin er 5 millj. kr. hærri eða lægri, þá legg ég töluvert upp úr þessu. Mér finnst, ef frv. er samþ. óbreytt, eftir að það er vitað, að ekki er þörf á þessu, að þá sé það yfirlýsing Alþ. um það, að í það minnsta núverandi ríkisstj. sé alveg einráð um það, ef henni dettur í hug, að veita sér svo miklar lánsheimildir sem henni þóknast, því að Alþ. muni undir öllum kringumstæðum staðfesta það allt saman. Ef aftur á móti sýnd er ofurlítil viðleitni, þó að í litlu sé, til þess að spyrna þarna við fótum, þá álít ég, að ríkisstj. muni skoða það sem ofurlitla áminningu um það, að hið raunverulega vald til þess að taka skuldbindingar á herðar ríkisins sé hjá Alþ., en ekki hjá ríkisstj. Hins vegar virðist mér, að það hefði nokkra þýðingu fyrir Alþ. að ganga þannig frá málinu eins og ég legg til.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það var aðeins út af ræðu hv. 1. þm. Eyf., að ég stend upp. En ég ætla þó ekki að fara langt út í umr. um það, hvort Alþ. hefði átt að koma saman einum mánuði fyrr s. l. haust en það gerði. Það er annað mál og nokkuð óskylt þessu.

En kjarni ræðu hv. þm. hné að því, að núv. ríkisstj. væri vægast sagt nokkuð óprúttin í því að veita sjálfri sér lánsheimildir með brbl. og þá sérstaklega í sambandi við það frv., sem ræðir um 60 millj. kr. til togarakaupa. Hins vegar hygg ég, að fleiri séu sammála því, að einmitt þetta frv., þar sem Alþ. heimilar ríkisstj. með brbl. að taka lán til þess að stækka atvinnuveg landsmanna og koma fénu í þau fyrirtæki, sem gefa beztan arð, eigi fullan rétt á sér. Og þetta viðurkenndi hv. 1. þm. Eyf. áðan í ræðu sinni. En hvað snertir þetta frv. og það, sem bar á góma í n., þegar hún ræddi þetta, að fram hafi komið, að ekki væri þörf á allri lánsheimildinni, þá er það að vísu rétt, að það kom fram í n., að ekki þyrfti alla lánsupphæðina, ef ekki yrði af smíði á öðrum skipum en þeim, sem samið hafði verið um. En ráðh. óskaði frekar eftir því, að n. gerði ekki till. um að lækka þessa lánsheimild, að mér skildist til þess, að opin leið væri til að semja um smíði á fleiri skipum. Og ég tel miklar líkur til þess, að óskað verði eftir þeim. Þá er hér um að ræða, hvort eigi að loka fyrir, að hægt sé að byggja fleiri skip en þau, sem samið hefur verið um, og þó að það sé sýnt, að það dragi úr því að veita fleiri mönnum, sem annars vilja kaupa vélskip, eða hvort eigi að halda því opnu, að ríkisstj. geti greitt fyrir slíkum aðilum, þegar þeir kunna að koma fram.

Það, sem líka kom fram síðar í ræðu hv. þm., var það, að í raun og veru vildi hann með þessari brtt. gefa ríkisstj. og hennar flokkum bendingu um það, að hér væri verið að fara inn á braut, sem ríkisstj. hefði ekki heimild til að gera.

Það mun vera ákaflega fátítt, að yfirleitt sé gerð breyt. á brbl., og það mun vera vegna þess að menn álíta, að slík breyt. á brbl. skoðist sem nokkurs konar vantraust á þá ríkisstj., sem gefur l. út. Ég get vel skilið, að hv. 1. þm. Eyf., sem er stjórnarandstæðingur, vilji gjarna fá slíkt vantraust samþ. Mér þykir það ekkert undarlegt. Hann hefur hreinar hendur með að bera það fram. (*GJ:* Það er í Sþ.). Já, það hefur verið lagt þar fram, og því er ekki þörf að koma með það nú. En ég vildi mælast til þess, að þeir hv. þm., sem styðja hæstv. ríkisstj., fari ekki að greiða atkv. með þessari brtt., þar sem lá fyrir nokkurn veginn bein yfirlýsing frá flm. brtt. um, að brtt. sé nokkurs konar vantraust á hæstv. ríkisstj.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er auðheyrt á ræðu hv. frsm. n., að hann hefur ekki lengi verið á Alþ. og þekkkir ekki vel, hvernig meðferð mála hefur oft verið hér á þingi. Hv. þm. sagði, að það væri fátítt, að brbl. væri breytt, það væri skoðað sem vantraust á ríkisstj., ef það væri gert. Ég get nú frætt hann um það sem eldri þm., að það er ákaflega algengt, að slíkum l. sé breytt. Þó að núv. ríkisstj. hafi verið lítið gefin fyrir það að láta breyta brbl., man ég ekki betur en svo hafi verið gert í hennar tíð. Og það hefur iðulega verið gert og ekki talizt neitt vantraust á ríkisstj., þó að svo hafi verið. Hitt er náttúrlega vantraust á ríkisstj., ef brbl. eru felld.

Þá taldi hv. þm., að það væri óskylt mál, sem ég hefði minnzt hér á í upphafi, að Alþ. hefði átt að koma saman fyrr en það gerði og þá hefði það getað afgr. þessi l. og veitt ríkisstj. þessa heimild, einnig heimilað lántöku vegna togarakaupa, og að það bæri ekki að ræða það í sambandi við þetta mál. Mér finnst töluvert hæpið að segja, að þetta komi ekki þessu máli við. Sú formlega hlið málsins kemur alveg eins málinu við og efnishlið þesss.

Hv. frsm. sagði, að þetta fé hefði verið vel notað, en það geta nú verið skiptar skoðanir um það, hvort svo hafi verið að öllu leyti. Því að ég geri ráð fyrir því, þó að þessari hæstv. ríkisstj. eða einhverri annarri ríkisstj. væri fengið einræði í hendur og Alþ. afnumið, að þá færi ekki hjá því, að hún notaði sumt af fé ríkisins vel. Þau rök, sem hv. þm. hefur viðhaft um þetta, voru eiginlega rök fyrir því, að þeir, sem væru andvígir ríkisstj. á hverjum tíma, gætu verið ánægðir á meðan, þó að hún tæki sér þetta vald, ef hún bara notaði það vel. Þetta eru þau rök, sem alltaf hafa verið höfð um það, að einræði sé bezt og þingið hafi ekkert að gera. Og það er ekkert á móti því að segja það í lok þessa lengsta þ., sem verið hefur á Íslandi, að það hefði verið nokkurn veginn sama, þó að þetta þing hefði annaðhvort ekki komið saman eða staðið einn dag, eins og síður var í Þýzkalandi fyrir stríð, og gerð ein samþykkt til þess að staðfesta allt, sem stjórnin hafði gert eða mundi gera. Og ódýrara hefði það verið fyrir ríkissjóð.

En út af því, sem hv. þm. sagði um það, sem fram kom í n. um málið og í sambandi við það, þá fannst mér hann nú ekki fara alls kostar rétt með. Það er rétt, sem hann sagði, að ráðh. hefði óskað eftir því, að málið yrði samþ. óbreytt. Sú eina ástæða, sem hann nefndi, var, að þetta mál þyrfti ekki að fara til Nd. aftur. Hitt, að það kynni að vera þörf á hærri lánsheimild vegna frekari framkvæmda, var ekki orðað og einmitt tekið fram, að þótt frekari framkvæmdir yrðu í þessu efni, væri ekki þörf á hærri lánsheimild, vegna þess að skipin væru greidd jafnóðum og þau væru keypt, og þá kæmi nýtt fé til að láta byggja ný skip. Ég varð alls ekki var við annað, sem væri því til fyrirstöðu að samþ. brtt. eins og þá, sem ég ber fram, heldur en þetta eina formsatriði, að málið færi ekki til Nd. aftur.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég held, að ég haldi mig við það, sem ég sagði áðan, að þótt það kunni að koma aðeins fyrir, að brbl. sé breytt, muni það vera sjaldgæft og í það minnsta fremur vera talið vantraust á þá aðila, sem hlut eiga að máli. Ég held, að hv. 1. þm. Eyf. mundi telja það, ef hann stæði að þeirri ríkisstj., sem þannig væri ástatt með.

Annars var fátt, sem kom fram í ræðu hans, sem ástæða er til að deila um.

Hv. 1. þm. Eyf. vildi segja, að það hefði alls ekki komið til orða í n., að það þyrfti að halda þessari lánsheimild, vegna þess að ef til vill yrðu byggð fleiri skip. Ég tók það ekki fram, að það hefði komið fram í n., en að það væri ósk ráðh.

En að fara að dæma um það, að þetta þ. væri svo lélegt í alla staði, að það stæði alveg á sama, hvort það hefði staðið í einn dag eða ekki, það mun flestum þykja nokkuð miklar fullyrðingar, eða það, hvort það hefði afgr. þau mál, sem séu afgr., eða ekki. Ég ætla ekki að fara að deila um það nú.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það kom alveg skýrt fram í n., að lánsheimildin væri ákveðin 30 millj. kr. vegna þess, að það hefði verið ráðgert að semja um smíði á 35 skipum. Svo var ekki samið um kaup eða smíði á nema 27 skipum. Og þar af leiðandi kom það alveg ljóst fram, að ekki var þörf á 30 millj. kr. lánsheimild. Og það var engin einasta ástæða nefnd fyrir því, að ekki mætti lækka þetta, önnur en sú, að þá færi málið til Nd. Og eins og ég sagði áðan og hv. þm. gekk fram hjá, þá hindrar það ekki á nokkurn hátt framkvæmdir, þó að frv. sé breytt. Það voru byrjunarframkvæmdirnar, sem þurfti lánsheimild til, en þegar farið er að selja skip, kemur nýtt fé til umráða. Og það er þess vegna aðeins það að hagga ekki neinu, sem ríkisstj. hefur gert, sem vakir fyrir hv. frsm. og samstarfsmönnum hans og stuðningsmönnum ríkisstj., en ekki að það sé nokkur minnsta nauðsyn á því eða málinu gagnlegt á nokkurn hátt, að þessu frv. sé ekki breytt, né heldur að brtt. mín geri nokkra hindrun á þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru.

Ég ætla ekki að fara út í að deila um störf þessa þ., en það verður áreiðanlega mismunandi dómur, sem það fær. Vitað er það, að það hefur afgr. mörg mál, en öll veigamestu málin eru nú þó afgr. þannig, að ríkisstj. var fyrirfram búin að ákveða, að þau skyldu afgr., og í höfuðdráttum, hvernig þau skyldu afgr. Það er ekki þingið í raun og veru, sem hefur afgr. þau nema að forminu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 968 felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, PHerm, BSt.
nei: BrB, EE, GJ, ÁS, LJóh, PM, StgrA.
HG greiddi ekki atkv.
6 þm. (BBen, GÍG, HermJ, JJ, MJ, ÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Í trausti þess, að þetta fé verði ekki notað nema kaupendur séu fyrirfram tryggðir, eins og lýst hefur verið af hv. frsm., segi ég nei.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1007).

---

17. Dragnótaveiði í landhelgi.

Á 10. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 37).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Eins og tekið er fram í ástæðum fyrir frv. og það ber með sér, er það flutt að beiðni atvmrh. Það hefur verið um langan tíma heimilt að veiða með dragnót alls staðar nema á hafnarsvæðum. Hins vegar hefur mörgum verið ljóst, að þörf væri á að friða ýmis svæði, þar sem flatfiskur er að alast upp. Einkum er þetta á innilokuðum fjörðum, en þar er smákoli oft drepinn í hundraðatali. Nú hefur komið í ljós, að allir, sem dragnótaveiði stunda, vilja fá þessi svæði friðuð, en þó að reynt hafi verið að mynda samtök, hafa þau ekki borið tilætlaðan árangur. Hér er því lagt til, eftir beiðni atvmrh., að heimilt verði að friða þau svæði, þar sem beztar eru uppeldisstöðvar fyrir flatfisk, ef fiskideild atvinnudeildarinnar mælir með því og sömuleiðis Fiskifélag Íslands.
Mér hefur skilizt, að hæstv. ráðh. óski eftir, að þessu máli verði hraðað í gegnum deildina.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Þetta frv. hefur nú verið afgr. frá hv. Nd. með nokkrum hraða. Af því að ég mun vera sá eini í hv. d., sem þekki tildrög þessa máls, vil ég lýsa þeim með nokkrum orðum. — Eins og menn sjá á frv., er atvmrh. veitt með því heimild til að friða einstaka staði fyrir dragnótaveiði. Orsökin til þess, að þetta mál er fram komið og því hraðað svo gegnum þingið, er sú, að syðst í Suður-Múlasýslu er fjörður einn, sem einu nafni er kallaður Álftafjörður. Að vísu eru þeir tveir, Álftafjörður og Hamarsfjörður, og er innsigling þröng. Hefur það mátt heita hrein undantekning, ef dragnótabátur hefur farið inn í firði þessa til veiða. En nú í sumar skeði það, að dragnótabátar fóru að sækja þangað veiði, ausa upp mjög miklu af kola, jafnvel svo að skipti hundruðum karfa á dag. En kolinn var allur smár, svo að úr hundrað körfum fengu menn oft og einatt aðeins 8—10 körfur, sem var markaðshæfur koli, og þó alveg á takmörkum. Þetta gekk nú svo langt, að sjómenn bundust samtökum á Austurlandi um það að veiða ekki á þessum slóðum. Mér er kunnugt, að það voru sjómennirnir sjálfir, sem gerðu þetta. Þessi samtök komust á að nafninu til, en voru ekki haldin. Þess vegna er það, að við þm. S.-M. fengum áskorun frá sjómönnum þar eystra um að reyna svo fljótt sem hægt væri að fá með sérstökum l. friðaðan Álftafjörð og Hamarsfjörð fyrir dragnótum.

Nú þótti líklegt, til þess að málið gæti gengið hratt fram, að bera það fram í því formi, sem það er nú, að veita atvmrh. heimild til þess að friða þau svæði, þar sem beztar eru uppeldisstöðvar fyrir flatfisk, því að búast mætti við, ef borið hefði verið fram sérstakt lagafrv. um að friða t. d. Álftafjörð, að ástæða þætti til að taka þetta til athugunar einnig á fleiri stöðum, sem gæti orðið til þess að tefja fyrir málinu eða jafnvel hindra framgang þess með öllu. Því var þetta ráð tekið, og því skaut atvmrh. á fundi með sjútvn. beggja deilda til að undirbúa þessi mál, og þar var till. einróma borin fram í þessu formi.

Það, sem menn kynnu hér helzt að óttast, væri það, að þessu yrði misbeitt af ráðh., en það er sleginn varnagli við því með því, að það er aðeins eftir till. Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, að ráðh. getur gefið út slíkt bann, og mér er persónulega kunnugt um það, að núv. fiskifræðingur Íslands nefur verið heldur tregur til að auka mikið hömlur á dragnótaveiði, og ég þykist vita, að hann muni ekki leggja til, að þessi heimild sé notuð nema þar, sem hann telur það brýna nauðsyn. Ég held, að sama megi segja um Fiskifélag Íslands, að bæði því og fiskideild atvinnudeildar háskólans sé vel trúandi til þess að hafa þetta ákvörðunarvald með höndum. Ég get sagt það persónulega og hef á því nokkurn kunnugleika, að ég álít, að það sé mjög víða, a. m. k. á Austfjörðum og Norðurlandi, sem hagar nokkuð líkt til, þó að hvergi sé um jafnstórar uppeldisstöðvar að ræða og á þessum fjörðum. Ég get nefnt til dæmis Lónsfjörð í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, þar sem hagar mjög líkt til. Það hefur að vísu ekki komið til, að dragnótaveiði hafi verið stunduð þar, en hitt er öllum vitanlegt, að þar er allmikið af smákola. Þá má líka nefna Nýpsfjörð og Vopnafjörð, þar sem alveg er víst, að stendur svipað á og í þessum tilfellum. Ég get þessa hér vegna þess, að mér þykir sennilegt, að þróunin verði í þá átt, að reynt verði að friða uppeldisstöðvar helzt allt í kringum landið. Ég held því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé mikið spor í rétta átt, og að því er snertir þetta einstaka tilfelli, sem veldur því, að þetta frv. er flutt og með því kappi að reyna að koma því gegnum þingið á sem stytztum tíma, er einmitt það, að það er alveg víst, að ef haldið verður áfram nú í haust þessum veiðum í Hamarsfirði, — því að þeim heldur áfram enn þá, — þá verður gersamlega þurrkað upp ungviðið og ekki til mikilla nytja meiri hlutinn af því, því að það er áreiðanlega ekki of mikið í lagt að segja, að allt að 9/10 af því, sem veiðist, fari forgörðum.

Ég vil svo fyrir hönd sjútvn. þessarar hv. d. mæla með því, að frv. verði samþ., og vænti þess, að hv. d. vilji afgr. það í dag, svo að það geti orðið að lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 45).

---

18. Innflutningur og gjaldeyrismeðferð (breyt. á l. nr. 1/1943).

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (þmfrv., A. 97).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og grg. þessa frv. ber með sér, er frv. flutt eftir ósk hæstv. viðskmrh., og mun hann að sjálfsögðu gefa um það þær upplýsingar, sem hv. þm. kynnu að óska. Annars er málið ákaflega einfalt. Í l. nr. 1 frá 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, stendur í 8. gr., að lög þessi falli úr gildi í síðasta lagi sex mánuðum eftir að núverandi Evrópustyrjöld er lokið. Og það hefur verið litið svo á, að þessi tími sé nú raunverulega kominn, og mætti jafnvel miða hann við daginn í dag, en vissar ráðstafanir, sem gera þarf áður en þessi l. féllu úr gildi, eru ekki fullkomlega komnar í höfn, og þess vegna hefur hæstv. ráðh. látið flytja frv. um að framlengja gildi l. út þennan mánuð.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið af hendi fjhn., sem flytur málið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta, sem hv. form. fjhn. hefur sagt um frv. Ég skal samt sem áður gefa þær upplýsingar, að um mánaðamótin sept. og okt. s. l. var skipuð n. til þess að gera till. um, hverri meðferð þessi mál, innflutningur og gjaldeyrismeðferð, skyldu sæta eftir að l. frá 16. jan. 1943 rynnu út, sem talið er, að verði 8. nóv. n. k. Þessi n. hefur starfað um nokkurt skeið, og hygg ég, að megi segja, að hún sé nú um það leyti að ljúka störfum, og ég vænti þess á morgun eða hinn daginn að fá uppkast frá henni að nýjum l. um innflutnings- og gjaldeyrismálin.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði mjög hörð átök um þessi mál hér á hæstv. Alþ. Þó að margir mundu að sjálfsögðu kjósa, að hægt væri að lina mjög á hömlum á innflutningi frá útlöndum, þá er augljóst, að meðan við verðum að kaupa vörur í kvóta sem kallað er, getum við ekki komizt hjá að hafa einhverjar hömlur á verzlun í því sambandi. Það, sem um er að ræða, er ekki annað en að hafa stjórn á þeim hömlum, og ég geri ráð fyrir, að frv., sem væntanlega verður lagt fram um þetta í þessari viku, ætti að geta fengið afgreiðslu á hæstv. Alþ. fyrir lok þessa mánaðar, og því er aðeins lagt til í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, að l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð verði framlengd óbreytt til 1. des. 1945.

Fleira hef ég ekki um málið að segja, en vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann héldi annan fund að loknum þessum fundi og hinn þriðja að þeim fundi loknum, þannig að frv. þetta gæti helzt fengið afgreiðslu í báðum þd. í dag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Í 8. gr. l. frá 16. jan. 1943 er ákvæði þess efnis, að l. skuli falla úr gildi, þegar 6 mánuðir séu liðnir frá lokum ófriðarins. Almennt mun talið, að honum hafi verið lokið 8. maí. Ættu l. þá ekki að falla síðar úr gildi en 8. þ. m. Nú var ljóst, að ekki yrði hjá því komizt að halda einhverjum hömlum áfram á innflutningi til landsins og sömuleiðis að reglur yrðu áfram um meðferð gjaldeyris. Um mánaðamótin sept.—okt. var skipuð 5 manna n. til þess að gera till. um, hvernig þessum málum skyldi skipað, eftir að l. frá 1943 féllu úr gildi. Þessi n. hefur starfað nokkurn tíma. Ég get upplýst, að von mun vera á till. frá n. í þessari viku, sennilega strax á morgun. Ætti því ekki að líða á löngu, áður en hægt er að leggja fyrir þingið till. um framtíðartilhögun á þessum málum. En þar sem ekki er hægt að komast hjá að hafa í gildi einhver ákvæði í þessum efnum, þá hefur verið gripið til þess ráðs, að ákvæði l. frá 1943 verði framlengd óbreytt til 1. des. næstkomandi, því að þess er vænzt, að fyrir þann tíma verði hægt að fá samþ. á Alþ. l. um framtíðarskipun þessara mála.

Ég vænti, að um þetta verði ekki ágreiningur á Alþ., og vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann að loknum þessum fundi haldi aðra fundi, svo að frv. geti náð fram að ganga.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar bara til að heyra það álit hæstv. fjmrh. greinilegar en kom fram í ræðu hans, hvort hann telji öruggt, að frv. það, sem von er á í þessu máli, verði afgr. fyrir 1. des. Tíminn er 3 vikur. Það hefur komið fyrir á Alþ. áður, að menn hafa talið öruggt, að búið yrði að afgr. fjárl. fyrir ákveðinn dag og sett í því sambandi l. til bráðabirgða, sem síðan hefur orðið að framlengja, af því að ekki tókst að afgr. fjárl. fyrir þann tíma, sem gert var ráð fyrir. Hæstv. ráðh. veit, hvað þessu nál. líður, og kannske líka, eftir hvað langan tíma má vænta, að hæstv. stj. hafi komið sér saman um málið, því að hún mun ekki verða

alls kostar einhuga um það, eftir því sem ég bezt veit, og svo hvað lengi Alþ. muni þurfa að hafa málið til meðferðar. Það er leiðinlegt, þegar maður gerir sér áætlun um að afgr. eitthvert mál fyrir vissan tíma og setur l., sem eiga að gilda á meðan, en verður síðan að framlengja þau á ný, vegna þess að ekki tekst að afgr. l. á tilsettum tíma. Ég bendi aðeins á þetta, og þó að ég hafi ekki sérstaka kunnugleika á þessu máli, þá yrði ég ekki fyrir vonbrigðum, þó að það yrði jafnvel kominn 10. des., þegar þetta væntanlega frv. væri orðið að lögum.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég get ekki gefið hv. þm. neina tryggingu fyrir, að það frv., sem væntanlega verður lagt fram seinni part þessarar viku, verði orðið að l. 1. des., en ekkert bendir til, að um það verði ágreiningur í þ., og innan n. hefur ekki verið teljandi ágreiningur nema um, á hvern hátt n., sem á að fara með þessi mál, skuli verða skipuð, og þetta er ekki það höfuðatriði, að maður geti hugsað sér, að þ. þurfi að sitja margar vikur við að velta fyrir sér, með hvaða hætti velja skuli menn í þessa n. Mér sýnist því, að allar skynsamlegar ástæður bendi til þess, að hægt verði að fá l. afgr. fyrir 1. næsta mánaðar. Ég skal annars láta þess getið, að upphaflega var gert ráð fyrir mánaðarframlengingu á l., en svo þótti að athuguðu máli eðlilegast að láta l. koma í gildi um mánaðamót. Hv. þm. verður að hafa á þessu þá skoðun, sem hann álítur skynsamlegasta. En ef ekki tekst að fá l. afgr. fyrir mánaðamót, þá verður að grípa til þess, þó að leiðinlegt sé, að framlengja l. á ný einhvern stuttan tíma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 108).

---

19. Strandferðaskip.

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um kaup á nýjum strandferðaskipum (þmfrv., A. 94).

Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, um kaup á nýjum strandferðaskipum, er flutt af samgmn. þessarar hv. d. eftir ósk samgmrh., eins og í grg. segir, en frv. er í sjálfu sér að óskum til gamall kunningi samgmn. Alþ., eða öllu heldur samvn. samgm. á Alþ., því að um fleiri ár samfleytt hefur það verið svo, að engin samvn. hefur fjallað um hin miklu og erfiðu mál í sambandi við strandferðir og flótabátagöngur, þó að hvað eftir annað hafi komið til, að ógerlegt væri að fullnægja þeim þörfum, sem þar knúðu á dyr, eða ráða flóabátasamgöngunum, sem eru hluti af strandsiglingunum, til farsælla lykta, nema hinni reglulegu strandgæzlu, eða strandferðum, sem eru á vegum Skipaútgerðar ríkisins með stærri skipum, væri komið í betra horf. Og það hefur ekki reynzt kleift að koma þeim siglingum í viðunandi horf nema á þann hátt, sem nú er fram komið frá þeirri mþn., sem var skipuð til að athuga málið og gera till. um það. Samgmn. varð því að sjálfsögðu við þeim tilmælum ráðh. að flytja þetta mál og styðja að framgangi þess, því að það er óhætt að segja, að það mun vera sameiginlegur áhugi allra hv. þm., sem af þessu máli hafa haft nokkur afskipti.

Ég tel, að sú grg., sem hér er prentuð með frv., sé fullnægjandi skýring á málinu með þessum formála, sem ég nú hef flutt um það, hvernig málið í upphafi er til komið, og vil ég því ekki lengja umr., en taka undir það, sem hæstv. ráðh. hefur farið fram á, að málinu verði af knýjandi ástæðum hraðað svo sem mest má verða. Að öðru leyti legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins þakka samgmn. og frsm. hennar fyrir það, hve fljótt og vel n. hefur tekið undir þær óskir mínar að koma þessu máli hér áfram. Ég skal ekki rekja gang þess, — það er öllum hv. þm. kunnugt. Það hefur nú í mörg ár verið mikil óánægja með rekstur skipanna, hve illa þau hafa sinnt því hlutverki, sem þeim er ætlað. Hefur stundum kveðið svo rammt að þessu, að erfiðara hefur verið að komast á milli hafna hér á landi en að komast frá Íslandi til útlanda. Samtímis þessu hefur svo þessi lélegi skipakostur valdið því, að flutningar og rekstrarútkoman hefur orðið óhagstæðara en ástæður hefðu þó verið til, ef skipakostur væri fyrir hendi í landinu. Þetta varð til þess, að Alþ. samþ. að skipa mþn. til þess að athuga þetta mál, og var það gert fyrir 2 árum. Sú n. hefur skilað áliti, sem er prentað sem fskj. með frv. og hv. þm. geta þar kynnt sér. Niðurstaða n.

hefur, þó að nm. skili áliti hver um sig, í raun-inni orðið á einn veg, þannig að vinna beri að því að fjölga skipunum og helzt á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir. Þegar ráðuneytinu hafði borizt þetta álit frá mþn., þá var þegar í stað samþ. að afla tilboða og upplýsinga um möguleika á því að fá þessi skip. Fór forstöðumaður Skipaútgerðar ríkisins til útlanda þessara erinda og ferðaðist um þau lönd og kom á þá staði, þar sem nokkrir möguleikar virtust vera á að afla þessara skipa, og hafði hann samband við þá staði, sem hann gat ekki ferðazt til sjálfur. Niðurstöðuna af þessum ferðalögum og tilboðum má lesa hér á fskj. nr. 2, þar sem talin eru upp þau tilboð, sem borizt hafa og eru raunar enn að berast, því að það eru ekki nema 2 dagar síðan síðasta tilboðið barst. En þessi tilboð eru með sama marki brennd og önnur tilboð, sem nú berast frá skipasmíðastöðvum, að þær gefa mjög stuttan frest til ákvarðana. Eftirspurnin eftir skipasmíðum er svo mikil í heiminum, að þær heimta, að sagt sé af eða á og tilboðunum tekið með stuttum fyrirvara. Eins og í þessu fylgiskjali segir, hefur eitt aðalfirmað, sem gerði tilboð, gert það að skilyrði, að tilboðinu yrði svarað fyrir 29. okt. s. l., en þetta var ekki hægt. Þá fékkst þessi frestur lengdur til 15. þm., en fyrir þann tíma verður ákvörðun að vera tekin, ef þessi tilboð eiga að standa. Ég vil nú, að allt kapp sé á það lagt að ná þessu tilboði, en það mundi þýða, að málið yrði að vera afgr. frá Alþ. um 10. þ. m. Ég tel mig hafa góðar heimildir fyrir því, að hugur þm. sé allmjög á einn veg um það, að eitthvað beri í þessu að gera og þá í þá átt, sem farið er fram á, svo að það ætti ekki að tefja fyrir framgangi málsins. Hér hefur verið prentað með frv. fskj., áætlun, sem Skipaútgerð ríkisins hefur gert um afkomu útgerðarinnar eins og hún mun verða, eftir að þessi skip hafa verið tekin til notkunar, og sýnir sú áætlun mun betri útkomu en rekstrarreikningarnir fyrir 1944 þrátt fyrir það, að skipunum hefur verið á þennan hátt fjölgað, svo að það fer saman, að Skipaútgerðinni verður með þessu gert kleift að sinna betur ætlunarverki sínu, svo að það komi að betri notum, og um leið minnkar tekjuhallinn mjög verulega.

Hvernig rekstrinum verður hagað í einstökum atriðum, þegar þessi skip eru fengin, liggur ekki endanlega fyrir, en það benda allar líkur til þess, að ef þessi skip fást, muni verða hægt að taka upp reglubundnar hraðsiglingar kringum landið, þannig að stóru skipin, sem þá verða tvö, geti farið á 10 daga fresti í kringum landið hvort á móti öðru og haft fasta áætlun, skilað farþegum, pósti og vörum á þær hafnir, sem beztar eru, en smærri skipin flutt vörur og farþega lítils háttar til þeirra staða, sem stærri skipin eiga erfiðara með afgreiðslu á. Með þessu yrði gerbreyting á strandsiglingunum kringum landið og komið á þær betra skipulagi, sem mundi gera það að verkum, að betra yrði fyrir fólkið að nota strandferðaskipin en áður.

Ég vona þess vegna, að hv. dm. geti fallizt á að flýta málinu eins og mögulegt er, og ég vildi vænta þess, að hæstv. forseti vildi taka málið til 2. umr. á morgun, til þess að hægt sé að uppfylla þessar tímatakmarkanir, sem ég hef getið um áður.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég stend upp aðeins til þess að láta í ljós ánægju mína yfir þeim stórfelldu skoðanaskiptum, sem orðið hafa hjá stj. og hennar fylgifiskum frá því í fyrravetur, þegar fram var borin till. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa strandferðaskip. Það var aðeins til að votta gleði mína yfir þessum sinnaskiptum ríkisstj., að ég tók til máls að þessu sinni. Ég vona, að ég fái mörg slík tækifæri til að láta í ljós gleði mína yfir sinnaskiptum hæstv. stjórnar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mér þykir leitt að verða að angra hv. 2. þm. N.-M., en hjá mér eða stj. hafa engin sinnaskipti orðið í þessu máli, það hefur verið stefna stj. (*PZ:* Það var nafnakall um till. í fyrra). Ég gerði þá grein fyrir atkv. mínu, að málið væri í athugun hjá mþn., og það voru ekkert annað en flokkspólitískir hagsmunir, sem ráku þennan hv. þm. til að hlaupa fram fyrir mþn. En það eina rétta í málinu var að bíða eftir áliti mþn. og taka síðan upp og fylgja stefnu þeirri, sem mþn. markaði. Ég vil mótmæla því, að nokkur skoðanaskipti hafi orðið hjá ríkisstj., þó að hún hafi ekki séð ástæðu til að hlaupa eftir þessum tækifærissinnuðu till. Framsfl., sem bornar voru fram í ákveðnu áróðursaugnamiði, áður en álit mþn. lá fyrir.

Páll Zóphóníasson: Ég er hræddur um, að hæstv. ráðh. sé eitthvað farinn að bila á minni. Á síðasta þ. fór fram nafnakall fyrst um heimild til stj. um að reyna að semja um kaup eða smíði á nýju skipi á stærð við Esju. Í annan stað voru greidd atkv. um að reyna að semja um kaup eða smíði á strandferðabát fyrir Austfirði. Þegar búið var að fella þetta hvort tveggja, var borin upp tillaga um að heimila hæstv. ríkisstj., þegar fyrir lægi frá mþn. álit, sem þá var von á að kæmi á hverri stundu, að verja fé til að fá byggt skip eða keypt til strandferðanna, eftir því sem n. þá lagði til. Stj. vildi ekki fá heimild frá Alþ. til þess að mega semja um kaup á skipunum, og þegar að nafnakallinu kom, kallaði forsrh. úr sæti sínu og sagði: „Við þurfum ekki að láta stjórnarandstæðinga segja okkur fyrir verkum og fellum tillöguna." Og um það stóðu þeir saman með nafnakalli, stjórnarflokkarnir. Þess vegna segi ég það, að það eru sinnaskipti að óska nú að fá heimild til að kaupa skipin. Ég vísa hæstv. ráðh. á að athuga orðalag till. og athuga nafnakallið, þá getur hann sjálfur dæmt um, hver sinnaskiptum hafi tekið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Að vísu getur verið, að ég hafi ekki eins gott minni og hv. 2. þm. N.-M., en það kemur málinu ekkert við, hversu gott minnið er. Málsmeðferð Framsfl. á þessu máli var ekki unnt að taka undir né afgr. þá till., sem hann mælti með að taka upp á síðasta þingi. Málið var í athugun hjá mþn., og allir voru sammála um að bíða eftir áliti n. og

taka þá ákvörðun, en hlaupa ekki af stað eftir meira og minna óákveðnum og óljósum till., áður en fyrir lágu upplýsingar frá mþn. Var það málinu mjög ósamboðið. Ég þarf því ekki að athuga nein nafnaköll í þessu sambandi. Það kemur ekkert málinu við sú málsmeðferð, sem Framsfl. ætlaði að hafa á málinu, áður en það var komið á það stig, að um það ætti að taka ákvörðun. Nú liggur fyrir að taka upp skynsamleg vinnubrögð og vinna að því að komast að endanlegri niðurstöðu. Ríkisstj. hefur tekið málið upp eins og það er afgr. inn í d. og óskar eftir því, að Alþ. segi sitt álit. Sinnaskipti og nafnakall kemur ekkert málinu við. Aðferðin, sem hv. 2. þm. N.-M. vildi hafa á því, var ekki málinu samboðin.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það getur verið, að það hafi ekki verið rétt af mér að bera það traust til ríkisstj. á síðasta Alþ. að ætla henni að geta samið um byggingu eða kaup á nýju skipi, er n. hefði lokið störfum. Ég viðurkenni, að það var skammsýni af mér að flytja till. og ætla að treysta stj. til að semja um skipakaup, ef n. kæmi fyrr með till., áður en næsta þ. kæmi saman. En að það hafi verið séð frá sjónarmiði ríkisstj., get ég ekki fallizt á. Það var ekkert annað í till. en það, að ríkisstj. heimilaðist að semja um kaup á strandferðaskipi, þegar nál. mþn. lægi fyrir. Að lasta mig fyrir það að hafa borið það traust til ríkisstj. að vilja fela henni þetta, getur vel verið rétt, en það situr ekki á hæstv. samgmrh. að gera það. Hitt er svo annað mál, að fyrst nál. kom ekki fyrr en þetta, getur verið, að þetta seinki ekki málinu verulega, en hefði nál. komið snemma á þessu sumri, átti heimildin að vera til, en hana vildi stj. ekki, því að hún drap það sjálf með nafnakalli.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta er náttúrlega að deila um keisarans skegg, að fara í kringum málið, nánar sagt snúa sig út úr málinu með því, sem hann kallar fyndni, að segja, að það hafi verið skammsýni af sér að hafa viljað treysta stj. til afgreiðslu málsins. Það er alls ekki það, sem um er að ræða. Þegar mþn. hafði lokið starfi sínu, var æskilegt og eðlilegt, að Alþ. fengi að segja um það sína skoðun, fengi að lesa nál. mþn. og mynda sér um það skoðun og taka svo sínar ákvarðanir, eftir að tilboð höfðu fengizt í skipin, en ekki gera það milli þinga. Þetta er stór lánsheimild, 7 millj. kr., og það var ekki hægt að segja fyrir um það á síðasta þ., hversu stór hún þyrfti að vera, og þess vegna var vafasamt, hvort það var heppilegra fyrir ríkisstj. að taka á móti ákveðinni heimild til þess án þess að hafa borið sig saman við Alþ. Það er því óvefengjanlegur sá gangur, sem á málinu hefur verið hafður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 8. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af samgmn. Nd. samkv. minni ósk og fer í stuttu máli fram á það, að stj. heimilist smíði þriggja strandferðaskipa erlendis fyrir reikning ríkissjóðs. Er gert ráð fyrir, að eitt af þessum skipum verði af svipaðri stærð og Esja, en hin tvö verði minni, um 300 rúmlestir, og verði þau aðallega notuð sem vöruflutningaskip.

Aðdragandi þessa máls og forsaga er í stuttu máli á þá leið, að gegn þrálátum og ítrekuðum óskum víða að um það, að bætt yrði úr skipun strandferðanna við landið, var borin fram og samþ. á Alþ. þáltill. fyrir 2 árum, sem fór í þá átt, að skipuð yrði mþn. til þess að gera athugun á þessum málum og leggja síðan till. sínar fyrir ríkisstj. Þessi n. hefur setið á rökstólum og skilað áliti, sem prentað er sem fskj. I. með frv. Nm. þessarar mþn. hafa nú að vísu skilað áliti að mestu hver í sínu lagi, en þó í meginatriðum mjög á einn veg, a. m. k. um byrjunarframkvæmdir. Þeir leggja þrír til, að skipakosturinn verði aukinn á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir í frv., en sá fjórði fer ekki lengra í sinni till. en það, að hann leggur til, að fyrst verði athugað, hvað þessi skip mundu kosta, en síðan verði gerð rekstraráætlun um rekstur strandferðaskipanna, bæði hinna væntanlegu skipa og eins þeirra, sem eru í eigu Skipaútgerðarinnar, og síðan verði teknar ákvarðanir, er þessar upplýsingar liggi fyrir. Þess vegna var það, að strax og ráðuneytinu barst þetta nál., voru gerðar ráðstafanir til, að aflað væri upplýsinga um, hvort hægt væri að fá þessi skip keypt og fyrir hvaða verð. Forstjóri Skipaútgerðarinnar fór utan þessara erinda og gerði ráðstafanir til, að erlendar skipasmíðastöðvar gerðu tilboð í skipin, og sömuleiðis voru gerðar ráðstafanir til að fá upplýsingar og verðtilboð frá Norðurlöndum. Þessar upplýsingar og verðtilboð liggja nú fyrir og er prentað á fskj. II., þar sem talin eru

upp nokkur af tilboðunum, sem bárust, eða 4 tilboð í farþegaskipið og 3 í strandferðabátana. Sömuleiðis er prentuð sem fskj. III. rekstraráætlun, miðað við það, að þessi skip verði fengin. Loks er svo fskj. IV., sem er rekstrarreikningur fyrir strandferðirnar 1944 eins og hann leit út eða aðalreikningur úr rekstrarreikningi strandferðanna.

Að öllu þessu athuguðu hefur stj. samþ. að óska eftir, að henni verði veitt heimild til þess að kaupa þau skip, sem hér um ræðir. Málið hefur einnig verið borið undir þann nm., sem ég gat um í upphafi, að vildi ekki að svo stöddu ganga lengra en það, að láta þessa athugun fara fram, og hefur hann leyft að hafa það eftir sér (þ. e. þm. Barð.), að hann hefði ekki, að þessum upplýsingum fengnum, neitt á móti því, að málið yrði flutt í þessari mynd. Það er ætlunin, þegar þessi skip eru komin, að þá verði hægt að taka upp skipulagsbundnara kerfi en verið hefur á strandferðum, þannig að farþegaskipin gengju frá Reykjavík á 10 daga fresti kringum landið hvort á móti öðru og flyttu aðallega farþega og póst, þó þannig, að vörur væru einnig fluttar til þeirra staða, þar sem afgreiðsluskilyrði eru bezt og skipin geta lagzt að bryggju. Aftur á móti eru smærri bátunum ætlaðar ferðir með vörur fyrst og fremst til þeirra hafna, þar sem stærri skipin geta ekki lagzt við bryggju, og einnig er í þeim nokkurt farþegapláss fyrir farþega til þeirra staða. Nú liggur málið þannig fyrir, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að erlendar skipasmíðastöðvar hafa mjög annríkt, og þess vegna hafa þær ekki viljað binda sig við að standa við tilboðin nema um stuttan tíma. Ein af skipasmíðastöðvunum setti það skilyrði fyrst, að sitt tilboð yrði annaðhvort samþ. eða því hafnað fyrir 29. f. m. og vildi ekki skuldbinda sig til að standa við það lengur. Nú hefur þessi tímafrestur fengizt framlengdur til 15. þ. m., og þess vegna er nauðsynlegt, ef að þessu ráði verður horfið, sem mér sýnist mörg rök hníga að og þingvilji virðist vera fyrir eftir undirtektum hv. Nd., að málinu verði hraðað sem mest, ef skipasmíðastöðvarnar eiga að standa við tilboð sín. Ég leyfi mér þess vegna að fara fram á það við hæstv. forseta þessarar d., að málinu verði hraðað eins og hann sér sér fært og því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og það fái afgreiðslu á næsta þingfundi, ef mögulegt er, þannig að samgmn. gæti athugað málið milli umr. án þess að því væri beinlínis formlega vísað til hennar. En ef sú n. telur það réttari málsmeðferð, þá hef ég ekki á móti því, ef unnt verður að tryggja það, að hægt verði að afgr. málið á næsta fundi d., væntanlega á morgun.

Eiríkur Einarsson: Ég skal aðeins taka það fram, þar sem málinu verður sennilega vísað til samgmn., að ég skal gera mitt til þess, að fundur verði kvaddur saman í kvöld eða í fyrramálið, *og hygg ég*, að ef *engin stifla* kemur í meðferð málsins á þeim fundi, ætti ekki að þurfa að verða nein töf á málinu, og ég skal gera mitt til, að því verði hraðað svo sem óskað er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 9 nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 124).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. Samgmn. hefur að vísu haft nauman tíma til þess að fjalla um frv. þetta, en einstakir nm. hafa fylgzt með málinu frá því er það var lagt fram í þinginu. Auk þess eru nm. mjög kunnugir forsögu málsins, svo að þótt tíminn hafi verið stuttur, sem samgmn. hefur getað notað til að fjalla um málið síðan það var til umr. síðast, hefur n. getað notað þann sólarhring, sem málið hefur legið fyrir hv. þd., til þess að ganga úr skugga um, að hér er á ferðinni nauðsynjamál og undirbúningur þess þannig vaxinn, að n. er einróma sammála um að leggja með því, að frv. verði samþ.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess fyrir mig fyrir hönd n. að hafa um mál þetta langa framsögu. Bæði var málið skýrt af hæstv. samgmrh. hér í hv. d. við 1. umr. og auk þess er þetta áhugamál flestra landsmanna og þá um leið sennilega áhugamál flestra eða allra hv. þm. Ég vil aðeins benda á, að það munu vera liðin hartnær 50 ár síðan upp var tekið svipað fyrirkomulag um strandferðir hér við land og gert er ráð fyrir í þessu frv., þannig að strandferðaskipin voru tvö, og gekk annað austur fyrir land og hitt vestur fyrir land. Okkur, sem munum þann tíma vel, hefur alltaf verið ljóst, að þetta fyrirkomulag reyndist þá og mun reynast heppilegasta fyrirkomulagið um strandferðir. Hitt er svo annað mál, að tímarnir eru breyttir, og mér er það alveg ljóst, að þetta fyrirkomulag verður að miða aðallega við fólksflutninga og þá vöruflutninga á þá staði, sem liggja vel við til uppskipunar og valda sem minnstum töfum skipanna við vöruflutninga þangað. Mér er því fyllilega ljóst, að til þess að fullnægja þörfum landsmanna um strandferðir, þá verða þessi tvö skip, þó að mjög æskileg séu og að mínu áliti alveg sjálfsögð, ekki nóg til þess að fullnægja flutningaþörfinni, og verður því að hafa fleiri skip í förum með ströndum fram og þá til vöruflutninga. Og samkv. frv. er ráðgert að byggja einnig smærri strandferðaskip til þess að annast vöruflutninga, en þó þannig, að þau geti tekið farþega eftir því, sem þörf krefur og ástæður leyfa.

Ég get sagt það sem mína skoðun, að ég hefði *fremur kosið, að stærð þessara flutningaskipa* hefði verið nokkru meiri. En þrátt fyrir það hygg ég, að þessi áform, sem hér eru ákveðin, geti komið að verulegum notum. Og þó að þessi vöruflutningaskip séu smærri en ég hefði óskað, tel ég, að það þurfi ekki að neinu leyti að tefja fyrir framgangi málsins, því að ég hygg, að fyrir þau skip, sem frv. gerir ráð fyrir, að byggð verði til vöruflutninga, verði með tímanum nægileg þörf, þó að reynslan sýndi, að stærri vöruflutningaskip þyrftu að vera í förum með

ströndum fram. — Ég læt þessa hugleiðingu fylgja með hér, ekki í því augnamiði að hafa nein áhrif á fyrirætlanir þær, sem ríkisstj. hefur með höndum og koma fram í frv., heldur til þess að benda á það, hvers ég hefði óskað í þessu efni. Og ég efast ekki um, að réttir aðilar muni hafa það í huga, að þetta kerfi, sem hér er sett upp, er ekki fullnægjandi. En hins vegar er haldið alveg í rétta átt, frá mínu sjónarmiði, og mjög æskilegt, að þessar framkvæmdir gætu komizt á sem allra fyrst.

Ég vænti þess, að hv. þd. verði samgmn. sammála um að greiða fyrir frv. þessu svo sem þörf er á, og samkv. upplýsingum hæstv. samgmrh. er nauðsynlegt, að málið geti orðið afgr. sem allra fyrst frá þinginu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og sést á fylgiskjalinu með frv. á þskj. 94, hefur mál þetta fengið allvíðtækan undirbúning. Það var í Sþ. á síðasta Alþ. borin fram till. um það að gefa ríkisstj. heimild til þess að kaupa eitt skip líkt og Esju. En henni var vísað frá með rökst. dagskrá, þar sem ekki lágu fyrir þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir í málinu.

Sú n., sem með þetta mál hafði að gera, þríklofnaði. En það má segja e. t. v., að það hafi verið nokkuð meira á yfirborðinu en í meginatriðum, því að þessi n. var sammála í meginatriðum um það, að það þyrfti að auka skipastól í strandferðum. Ég gaf út sérstakt álit, sem er prentað sér á þskj., og reyndi að gera mér grein fyrir, hver kostnaður mundi verða af þessu, þegar búið væri að kaupa þessi skip, og reiknaði með sex mismunandi aðferðum, eftir því hver skipastóll væri hafður í ferðum. Ég sé, að þegar þessi útreikningur er borinn saman við útreikning Skipaútgerðar ríkisins, þá skakkar þar að vísu nokkru, en ekki svo mjög frá mínum útreikningum, því að rekstrarhallinn, að óbreyttum ástæðum, er í útreikningum Skipaútgerðarinnar nálægt því, sem ég hafði gert ráð fyrir í mínum till. og útreikningum. En þar sést, að hagkvæmasti reksturinn mundi verða með tveimur skipum líkum Esju og 1—2 strandferðabátum af 300 tonna stærð, eins og hér er gert ráð fyrir í frv., en þá einnig gert ráð fyrir, að Súðin verði tekin úr ferðum. Að vísu kom þetta öðruvísi út, ef gert er ráð fyrir, að Súðin væri höfð í ferðum í staðinn fyrir þetta nýja skip og 2 nýir strandferðabátar hafðir í ferðum. En ég geri ráð fyrir, að með breyttum skilyrðum megi reka þetta svipað hagkvæmt eða hagkvæmara með því að reka þetta eins og gert er ráð fyrir í frv., með því að tveir minni bátar verði teknir með, einkum vegna þess, að þá væri frekar tækifæri til þess að afla annarra tekna, sem ekki er gert ráð fyrir hér í þskj., á þeim tíma, sem hægast er að afla tekna, með því að senda hið nýja skip eða Esju í ferðir, sem ekki beint koma strandferðunum við, en strandferðirnar þyrftu ekki að líða fyrir, til þess að bera kostnað af strandferðunum. — Það, sem ég lagði til í mínum till., var, að aflað væri fullkominna upplýsinga um það, hvað mundi kosta að fá skip byggt eins og Esju og 3—4 báta 300 tonna og hvernig væri hægt að afla þessa skipakosts. Þetta var aðalskilyrði mitt fyrir fylgi við málið. Nú hefur þetta verið uppfyllt. Það liggur fyrir, að það er hægt að kaupa skip og hvað þau kosta. Og með því að ég hef persónulega fullvissað mig um, að þau tilboð, sem fyrir liggja, séu eins hagkvæm og hægt er að búast við á þessum tíma, get ég að sjálfsögðu lýst fylgi mínu við málið eins og það er borið fram af ríkisstj. Ég vil þó benda á, að í rekstraryfirliti Skipaútgerðar ríkisins er ekki gert ráð fyrir, að Súðin sé rekin eftir að þessi skip koma, sem í frv. er gert ráð fyrir að kaupa. Mér sýnist vera gert ráð fyrir því, að eitthvað annað sé gert við hana, ef marka má áætlunina um strandferðir árið 1947, því að þar er aðeins gert ráð fyrir, að séu ein 2 skip rekin af líkri stærð og Esja og 2 bátar. Og vildi ég þá gjarnan heyra álit hæstv. samgmrh. um, hvort ekki væri nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að fá heimild til þess að selja þann skipakost, ef gert er ráð fyrir, að það eigi ekki að nota hana í strandferðir það ár, eins og yfirlitið ber með sér.

Viðkomandi aths. hv. frsm. n. um stærð bátanna vil ég taka fram, að það atriði var mjög rætt í milliþn. Og ég hygg, að það, sem mestu réð um ákvörðun á stærð bátanna, hafi verið sú viðleitni að reyna að tryggja, að skip, sem ættu að hafa flutning á hendi, gætu flotið að sem flestum bryggjum, sem verður komið upp sem höfnum og lendingarbótum víða um land, til þess að ekki þurfi að flytja á uppskipunarbátum frá skipunum til lands nema sem allra minnst. Það er a. m. k. 100 kr. kostnaður, sem kemur á hvert tonn af vörum, við það að flytja þær á uppskipunarbátum. Þetta held ég, að mest hafi vakað fyrir nm. í samgmn., þegar ákveðin var stærð bátanna, auk þess sem við höfum fengið nokkuð mikla reynslu af skipum, sem m. a. hafa haft Breiðafjarðarferðir og hafa sýnt sig að geta staðið mjög vel undir sér fjárhagslega, þó að stærðin hafi ekki verið meiri en þetta. — Að öðru leyti hef ég ekkert við þetta frv. að athuga.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins þakka hv. samgmn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á málinu og vona, að því megi koma til endanlegrar afgreiðslu í þessari hv. þd. helzt í dag, ef hæstv. forseti sæi sér fært.

Um frv. að öðru leyti hef ég ekkert að segja. Þær umr., sem hér hafa farið fram, gefa mér ekkert tilefni til neinnar orðræðu um frv. frekar, nema orð hv. þm. Barð. um Súðina. Það er öllum vitanlegt, sem þessi mál hafa kynnt sér, að rekstrarafkoma Súðarinnar og rekstrarafkoma Esju hefur á undanförnum árum verið ákaflega ólík. Esja hefur á undanförnum árum komið út með rekstrarafgang áður en reiknaður er sameiginlegur kostnaður, skrifstofukostnaður og annað, sem hefur verið frá 100—300 þús. kr. á ári, en í staðinn fyrir það hefur rekstrarhalli Súðarinnar verið frá 600—800 þús. kr. á ári. Hér í fskj. á þskj. 94 er tekið fram, að Súðin hefur verið rekin með 770 þús. rekstrarhalla, en Esja haft í afgang hátt á annað hundrað þús. kr., hvort tveggja miðað við afkomu áður en reiknaður er sameiginlegur kostn-

aður við rekstur strandferðanna, þannig að rekstrarafkoma Esju hefur verið upp undir 1 millj. kr. betri en rekstrarafkoma Súðarinnar. Það liggur því í hlutarins eðli og ég tel víst þegar á þessu stigi málsins, að Skipaútgerð ríkisins muni á einhvern hátt vilja losa sig við að reka Súðina, þegar þessi nýi skipakostur er fenginn. Það hefur ekki enn verið farið fram á að fá heimild til þess að losa sig við skipið, með því að ekki hefur verið athugað, hvort hægt er að fá nokkuð fyrir skipið eða hvort hægt er að selja Súðina til einhverra annarra hluta. Tel ég víst, að þegar þar að kemur, verði látnar fylgja þeim óskum um heimild til sölu upplýsingar um það, hvaða afsetningarmöguleikar væru fyrir hana, þegar þeir liggja fyrir.

Annað hef ég ekki um málið að segja á þessu stigi, en vildi aðeins endurtaka ósk um, að málið verði afgr. eins fljótt og mögulegt er.

Jónas Jónsson: Ég vildi aðeins segja fáein orð til þess að láta í ljós ánægju mína ekki aðeins yfir þessu frv., sem hér er um að ræða, heldur líka til þeirrar n., sem hefur undirbúið þetta og fleiri mál. — Mér finnst það ekki óskylt þessu máli að minna nú á það, að vegna þeirra miklu erfiðleika, sem hafa verið um strandferðir undanfarið, sérstaklega á Vestfjörðum og Austfjörðum, tókum við okkur saman nokkrir þm. fyrir 2—3 árum um að flytja þáltill. um tvö efni, annað, að sett væri nefnd til þess að undirbúa byggingu skipasmíðastöðvar í Reykjavík, og í öðru lagi, að undirbúið væri plan um strandferðir. Það er alveg óvenjulegt, að mál gangi svo fram sem hér hefur orðið raun á, því að þessi 4 manna n., einn maður úr hverjum flokki, var ekki aðeins búin að gera sína rannsókn á skipasmíðamálunum á einu ári, heldur var líka Alþ. búið að samþ. löggjöf, sem þar að laut, með góðu samkomulagi við Reykjavíkurbæ. Svo leið annað ár og sama lukka hefur fylgt þessu máli, því að nú ætla báðar hv. þd. að samþ. frv. um ráðstafanir til bættra strandferða.

Sú beina ástæða til þess, að þessi n. var skipuð, voru vandræði fólksins á Austur- og Vesturlandi, sem útilokað er frá bifreiðasamgöngum, bæði innan héraðanna — ekki aðeins að vetrinum, heldur einnig að sumrinu, — og einnig frá að geta komizt í samband við aðalþjóðvegi landsins með bifreiðasamgöngur. Og þá vildi ég leyfa mér að skjóta því til hæstv. ráðh., sem tekið hefur þetta með miklum dugnaði, að ég vildi vonast til þess, að Austfirðingar og Vestfirðingar fengju eins fljótt og við verður komið þá minni báta, sem þeim eru ætlaðir, og að þeir bátar yfirleitt færu ekki út úr fjórðungnum hvor fyrir sig. Ég veit, að það er rætt um það, að þessi skip gangi lengra. En ef á að vera mögulegt að nálgast þær samgöngur fyrir fólk austan lands og vestan, sem annað fólk hefur með bílum, þá er ekki um það að ræða, að þessi litlu skip megi þaðan fara. En af því að þetta liggur ekki fyrir nú, ætla ég ekki langt út í það, en þó finnst mér aðeins mega benda hæstv. ráðh. á það, að það eru alveg sérstaklega þessir erfiðleikar, sem hrundu þessu máli af stað, og það er æskilegt, að þetta fólk gæti notið þessara skipa til fulls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 128).

---

20. Sláturfélag Skagfirðinga.

Á 16. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín (þmfrv., A. 50).

Á 18. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Frv. þetta er flutt eftir ósk Sláturfélags Skagfirðinga. Reynslan hefur sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign manna í stofnsjóði félagsins, hafa glatazt. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjáreign sína í félaginu, verður að ógilda þau bréf með dómi, en það er allt of kostnaðarsamt. Félagið vill því fá leyfi til að innkalla bréfin með ákveðnum fyrirvara og ógilda þau bréf, sem koma þá ekki í leitirnar.

Frv. er sniðið eftir l. um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín. Ég vona því, að Alþ. sjái sér fært að verða við þessu, og óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 77).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það er mjög einfalt, og í nál. er frá því greint, að n. mælir með samþykkt frv. Og ég vil láta þá ósk í ljós við hv. d., að hún samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 137).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta mál kemur frá hv. Nd., og ég hygg, að það hafi verið samþ. þar ágreiningslaust. Það er, eins og menn sjá, flutt af hv. þm. Skagf. og fer fram á heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín. Og eftir því, sem hv. flm. segja, þá er ástæðan til þess, að þetta frv. er fram borið, einkum sú, að reynslan hefur sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign manna í stofnsjóði félagsins, glatist. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjáreign sína, verður að ógilda þau með dómi, og eins og allir vita, er það töluvert kostnaðarsamt og vafningar við það. — Sýnist ástæðulaust annað en heimila stjórn Sláturfélagsins að innkalla bréfin á þann hátt, sem lagt er til í frv., því að fyrirkomulagsreglur um stofnsjóðseignir manna, sem þá verða, ef frv. verður að l., eru nákvæmlega þær sömu og yfirleitt viðgangast í samvinnufélögum. Það er því till. allshn. þessarar hv. d., að frv. verði samþ. óbreytt. Þó er þess að geta, að tveir hv. nm. voru fjarstaddir, þegar n. tók ákvörðun um þetta mál, og get ég að sjálfsögðu ekkert sagt um þeirra afstöðu til málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að gera hér ofurlitla fyrirspurn til hv. frsm. Hvernig er hugsað að fara með þann mismun, sem kynni að koma fram milli bókaðrar stofnbréfaeignarupphæðar og þess, sem framvísað væri af stofnbréfum félagsins við innköllun. Ég sé ekki við fljótan yfirlestur, að í frv. sé gert ráð fyrir því, hver eigi að eignast þann mismun, sem þarna kynni að skapast, ef öll bréfin kæmu ekki fram, því að það er hugsanlegt, að eitthvað af bréfunum sé glatað og komi ekki fram við innköllun.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil benda hv. þm. Barð. á 3. gr. frv., þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Að innköllunarfresti liðnum skal sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.“ — Mér skilst, að þetta geti ekki farið á milli mála. Hver maður á sína stofnsjóðseign í félaginu, og komi bréf ekki fram að þeim auglýsta fresti liðnum, þá eru bréfin að vísu ógild, þannig að handhafi, sem kynni að hafa náð bréfi með einhverjum hætti, getur ekki gert kröfu til þeirrar innstæðu, sem bréfið hljóðar upp á, en sá skráði eigandi bréfsins á að sjálfsögðu stofnsjóðsinnstæðuna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 184).

---

21. Jarðræktarlög (frv. ÞÞ).

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er shlj. frv., sem lá fyrir á síðasta þingi og hefur oft borið á góma í Alþ. Mál þetta hefur verið svo þrautrætt hvað eftir annað hér í d. og í þinginu, að engin ástæða er til að fara að taka það upp aftur, sem um það hefur verið talað. Ég vil aðeins geta þess nú, að komið hefur fyrir atvik, sem minnzt er á í grg. frv. og gerir það enn sjálfsagðara að afnema þessa grein, en það er yfirlýstur vilji frá síðasta búnaðarþingi, og samkv. rökst. dagskrá, sem samþ. var á síðasta þingi, var eitt með öðru verið að bíða eftir áliti þeirrar stjórnar.
Ég vil því ekki vekja upp neinar umr. um þetta frv. hér í d., eins og sakir standa, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 56).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og nál á þskj. 56 ber með sér, þá hefur orðið samkomulag um, að 3 landbúnaðarnefndarmenn flyttu sameiginlegt nál. um þetta mál, einn þó með fyrirvara. Fjórði nefndarmaðurinn, hv. 3. landsk., var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr., en þar sem n. hafði haldið nokkra fundi um málið, þótti ekki rétt að tefja það, þótt einn nm. væri ekki viðstaddur.

N. lítur svo á, að allar þær verkanir, sem 17. gr. jarðræktarlaganna hefur haft í för með sér, eigi að hverfa. Þess vegna skuli fylgiféð verða eign jarðarinnar, en ekki haldið sérstöku, en það mundi m. a. orsaka, að prenta yrði upp fasteignamatsbókina.

1941 voru samþ. l. um byggingar- og landnámssjóð, og voru þar ekki tekin upp eldri ákvæði um að telja styrki til endurbygginga í sveitum, sem þá voru úr gildi numdir, sem fylgifé. Þess vegna er skakkt að telja þessa styrki heldur sem fylgifé. — Þetta er minn skilningur á þessu máli. N. lítur sem sagt svo á, að fylgiféð eigi að hverfa.

Þetta mál hefur, sem kunnugt er, valdið miklum deilum, og geri ég ráð fyrir, að hv. 1. þm. N.-M. hafi sínar aths. fram að færa, þótt mér hafi skilizt, að hann muni geyma þær að mestu til 3. umr.

Ég mun nú láta þetta nægja frá minni hendi að sinni.

Haraldur Guðmundsson: Ég hafði nú hugsað mér að gefa út minnihlutanál. um þetta mál, bjóst ekki við, að því yrði hraðað svo sem raun er á orðin. Ég vil þó ekki eiga hlut að því að tefja þetta mál, einkum þar sem það er gamall gestur hér í d. og þm. vel kunnugt.

Ég skal ekki deila við hv. þm. Dal., þann bókfróða mann, um það, hvort þörf sé nýrrar bókar vegna þessa fylgifjár. En hitt er mín skoðun, að nú sé enn meiri þörf þessarar greinar en þegar hún var sett. Annars hafði mér skilizt, að bíða ætti eftir ályktun búnaðarþings um þetta mál. Mér er engin launung á því, að ég er á móti þessu frv. og mun vinna það gegn því, er ég má, en tel annars þýðingarlaust að ræða það frekar nú.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og vil ég gera grein fyrir, af hvaða sökum.

Um sjálfa 17. gr. jarðræktarl. þarf ekki að ræða, enda ekki ágreiningur um hana í seinni tíð, eftir að stríðsins fór að gæta. Jarðarverð hefur margfaldazt og ákvæði þessarar gr. hafa ekki náð tilgangi sínum. Þess vegna vil ég ekki leggja neitt kapp á að halda í þessa gr., en ég hefði kosið, að ef þessi ákvæði og fleiri hliðstæð yrðu úr gildi numin, þá kæmu önnur í staðinn, sem reynast mundu haldbetri. Nú þótt engin slík ákvæði séu fram komin, þá vil ég ekki láta það standa í vegi fyrir, að þessi gr. sé úr gildi felld og önnur hliðstæð ákvæði í l. um byggingar- og landnámssjóð. Fyrirvari minn gildir fyrst og fremst um það, að þessi tvenn sams konar ákvæði verði látin fylgjast að. Ég teldi heppilegast, að þetta væri í einu og sama frv., en þar sem ég þykist sjá fram á, að svo muni fara, að bæði ákvæðin verði úr gildi felld, mun ég fylgja þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég sé ekki ástæðu til að hefja hér deilur við hv. þm. N.-M. um það, hvort þessi tvenn ákvæði skuli fylgjast að. En ég vil upplýsa það, að sú n., sem ég var kosinn í og hefur þessi mál til meðferðar, mun ekki skila áliti fyrr en næsta búnaðarþing kemur saman, og það mun ekki verða fyrr en næsta vetur. Það er þess vegna nokkuð seint að bíða eftir áliti þeirrar nefndar.

Haraldur Guðmundsson: Mér virðist, að þessar upplýsingar hv. þm. Dal. hafi spillt fyrir málinu. Það virðist allundarlegt að flýta svo mjög máli sem þessu, og það því fremur sem flm. þessa máls á sjálfur sæti í mþn., sem hefur þetta mál til meðferðar. En hv. þm. er svo brátt í brók, að þeir geta ekki beðið eftir því, að sú n. skili áliti sínu, og er það á allan hátt mjög undarlegt.

Ég skal annars ekki orðlengja þetta meira. Ég er sem sagt á móti þessu frv. og finnst, að í öllu falli ætti að bíða eftir áliti mþn.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Hann virðist nokkuð uppgenginn hérna við norðurhornið hjá hv. 3. landsk., en til þess liggja nú ýmsar ástæður. Ég vil upplýsa hv. þm. um, að mþn. sú, sem ég á sæti í, á ekkert sérstaklega að fjalla um 17. gr. jarðræktarlaganna, heldur að athuga möguleika á því í heild að halda niðri jarðaverði og mun vinna sjálfstætt að því verki, og það virðist fráleitt að láta það sitja í vegi fyrir því, að þetta mál hafi sinn gang. ..... Hann hefur gengizt fyrir að koma því til leiðar. Því miður hefur hann ekki haft skoðanaskipti, þó að málstaðurinn þyki slæmur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ.

nei: BrB, GÍG, HG, StgrA.

3 þm. (HermJ, JJ, KA) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 19. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það varð að samkomulagi í landbn., að þetta frv. og 23. mál, um byggingar- og landnámssjóð, skyldu ekki verða með öllu skilin að við afgr. hér í d., en enn þá hefur ekki unnizt tími til að afgr. nál. um það mál. Vil ég

nú fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá að þessu sinni.

Forseti (StgrA): Ég vil verða við þessari ósk hv. form. landbn. og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 10, 82).

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég á hér á þskj. 82 brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég ætla nú, að hún sé svo augljós, að það þurfi ekki að útskýra hana mikið. Hún fjallar um það eitt, að það skuli tekið fram í þessum l., að það fylgifé, sem hefur safnazt meðan 17. gr. jarðræktarl. var í gildi og verkaði, skuli falla til jarðanna aftur og verða eign jarðeiganda. Ég geri ráð fyrir, að allir, sem nú vilja fallast á að afnema 17. gr. jarðræktarl., verði sammála um það, að svona eigi þetta að vera með fylgifé. Það mundi verða að teljast ósamræmi og fálm, ef fylgifé, sem myndazt hefur þessi tiltölulega fáu ár, sem gr. hefur verið í gildi, félli ekki til jarðeigenda, fyrst hætt er við að láta þessa gr. verka og draga saman, eins og hún hefur gert um skeið, framlag ríkisins til umbóta á jörðunum sem fylgifé. Um hitt kynni kannske að verða einhver skoðanamunur, hvort það væri þörf á þessu lagafyrirmæli, og um það fullyrði ég ekki neitt, en mér þykir samt heldur líklegra, að svo sé. Og mér finnst það aldrei vera til baga, þótt sagt sé skýrt og tvímælalaust í l. það, sem löggjafinn meinar og ætlast til.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa brtt. nú. Mér þykir líklegt, að hún verði samþ., og ég tel það alveg rétt.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við þessa síðustu yfirlýsingu hv. 1. þm. N.-M. datt hér einum óvígðum manni í hug við hliðina á mér, þegar séð var um það, að 17. gr. jarðræktarl. er að andast og á að fara að kasta rekunum á hana, að moldin hverfur til jarðarinnar, þ. e. jarðeigenda, en andinn fer til Framsfl., sem gaf hann.

Við 2. umr. gat ég þess, að það hefði farið fram athugun á því, hvort bæta þyrfti þessu ákvæði, sem brtt. á þskj. 82 felur í sér, inn í l. við afnám 17. gr. jarðræktarl. Og álit helztu lögfræðinga, sem ég hef talað við um það, er, að enga slíka breyt. þurfi að gera á l., sem í brtt. hv. 1. þm. N.-M. felst. Og þá gat ég þess einnig, að það væri skoðun og álit okkar nm., sem stóðum að þessu máli, að öll höft, sem 17. gr. jarðræktarl. hefur lagt á fasteignir, hyrfu af sjálfu sér um leið og 17. gr. væri afnumin, og þess vegna væri slík breyt. sem þessi alveg ónauðsynleg og þyrfti ekki að koma hér fram till. um hana. En ég vil segja það líka, að auk þess er sú breyt., sem hér er lagt til á þskj. nr. 82, að gerð verði á l., dálítið afkáraleg, og ég veit ekki vel, hvar ætti að fella hana inn í jarðræktarl. Ég hefði þess vegna viljað fara fram á það við hv. flm. þessarar brtt., að hann vildi taka hana aftur, láta hana hverfa. En nú er það, að þessi brtt. er óskaðleg málinu og segir ekki annað en það, sem við flm. frv. ætlumst til að verði, ef frv. nær fram að ganga óbreytt. Og nú virðist svo vera, að flokkur hv. þm., sem brtt. flytur, sæki það svo fast að fá að koma inn einhverri breyt. á frv., að ég get hugsað það, að það gæti farið svo, að frv. næði ekki fram að ganga, ef farið væri að ýta við brtt. þessari, og þar sem hér er ekki nein hætta á ferðum, þó að brtt. verði samþ., þá mun ég ekki bregða fæti fyrir hana, til þess að það sé tryggt, að frv. komist þá út úr hv. d. og d. geri sitt til þess að varpa rekum á þessa blessaða 17. gr., sem svo illa hefur gengið að koma í jörðina, því að hún hefur brotizt um á hæl og hnakka, þó að hún hafi verið sokkin upp fyrir miðju og jafnvel upp að öxlum, og komið upp aftur. En nú vona ég, að Framsfl. geri krossmark yfir henni þegar hún er komin í moldina.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef aldrei dregið í efa, að sá spaki maður, hv. þm. Dal., kynni að sjá við refjum þeirra, sem vilja vinna fyrir annan málstað en hann sjálfur. En ég hygg, að í þessu tilfelli sé sú varfærni, sem fram kom í ræðu hans nú, óþörf. Ég fæ ekki séð, að þessi brtt. geti spillt fyrir málinu, hvort sem hún er samþ. eða felld. En það er sjálfsagt allur varinn góður og sjálfsagt fyrir hv. þm. Dal. að skyggnast nokkuð um, til þess að sjá við brellum framsóknarmanna. En ég get ekki neitað því, að mér finnst heldur kuldalega launuð liðveizlan, sem hv. þm. Dal. fær nú hjá hv. 1. þm. N.-M., því að fram hjá því verður ekki komizt, að það er fullkomin liðveizla, sem e. t. v. nægir til þess, að loksins endi nú þessi píslarganga með 17. gr. jarðræktarl. (*ÞÞ:* En hverjir hafa verið kvalararnir?). Ég hef eftir megni reynt að kvelja hv. þm. Dal. í þessu efni, og fyrir hönd hv. þm. Dal. er mér ánægja að sjá, að hv. 1. þm. N.-M. hefur flutt sig yfir á hinn bakkann, til hans.

Ég álít rétt að samþ. þessa brtt. hv. 1. þm. N.-M., ef frv. á annað borð gengur í gegn. Og það þarf ekki athugunar við, hvar ákvæði brtt. á að koma í jarðræktarl., því að þetta ákvæði gildir aðeins um það eina skipti þegar ákveðið er, hvað verði um fylgifé jarðanna, sem safnazt hefur. Ég kann ákaflega vel við það líka, að þetta sé beinlínis fram tekið, og ég vil undirstrika það, að það sé alveg tvímælalaust, hvaða mönnum þessar gjafir eru gefnar, sem hér er um að ræða. Þá liggur það skýrt fyrir, þegar borið er saman við fasteignabækur síðustu ára, og þá er fenginn glöggur listi yfir þá, sem hv. þm. Dal. (ÞÞ) gengst fyrir, að gefnar séu gjafir. Hv. 1. þm. N.-M. (PHerm) minnist þess, að fyrir meira en áratug kom fram till. um að gefa bændum upp skuldir langt umfram það, sem kreppulögin gerðu ráð fyrir. Ég ætla, að við höfum verið saman á fundi, þegar þessi mál voru rædd. Þegar búið væri að gefa bændum upp skuldir, átti að stofna fjársterkan banka, sem átti að veita lán að nýju. Mér finnst, að hv. 1. þm. N.-M., sem ekki virtist sérstaklega hrif-

inn af þeim till., sé nú farinn að taka upp svipaðar till.

Ég las í Tímanum ágæta grein um nýjar framkvæmdir til stuðnings við landbúnaðinn. Það á að halda áfram að veita styrki til jarðræktar og nýbýla og auka fé til stofnana, sem lána fé til landbúnaðarins, allt að ¾ hlutum af byggingarkostnaði, en vextir og afborganir eiga að vera samanlagt 3½ af hundraði. Og svo á að gefa eftir allt, sem búið er að leggja fram til bygginga og jarðræktar á undanförnum árum, eða í fám orðum sagt: Það á enga styrki að skerða, sem veittir eru, heldur á að veita styrki til viðbótar. Þegar þær till., sem ég ræddi um áðan, voru uppi, þá var öðruvísi ástatt í landbúnaðarmálunum en nú. Þá var basl og kreppa, jarðir og fasteignir lítils virði og erfitt um afkomu bænda. Ég hygg, að þessu sé ekki til að dreifa nú og að þetta muni bændur mjög litlu, en söm er gerðin, — ekki er því að neita.

Það er þýðingarlaust að halda uppi löngum umr. um þetta mál, en ég vildi aðeins benda á fáein atriði í sambandi við það og með því reyna, að sá óþokki og kuldi mætti eyðast, sem mér finnst hafa gætt svo mjög í ræðum hv. flm., og að samkomulag mætti verða betra að lokum.

Ég vildi mælast til, að hæstv. forseti viðhefði nafnakall um brtt. og frv., þegar þar að kemur.

Eiríkur Einarsson. Ég ætla mér ekki að ræða efni þessa frv. Það býr hver að sinni skoðun, og ég hef ákveðna afstöðu til málsins, eins og fram hefur komið. En það, sem hefur valdið því, að ég kvaddi mér hljóðs, er hitt, að mér finnst raunar, að að forminu til falli óviðkunnanlega saman frv. og brtt., sem fyrir liggur á þskj. 82.

Eins og frv. ber með sér, er 1. gr. stutt og laggóð, á þá leið, að 17. gr. falli burt. En brtt. við þessa 1. gr. l. hljóðar á þá leið: En fylgifé með hverri jörð, sem myndazt hefur vegna þeirrar lagagreinar, meðan hún var í gildi, skal verða eign jarðareiganda. — Ef þetta yrði nú að l. eins og það liggur fyrir, það er að segja, ef 1. gr. frv. sjálfs yrði samþ. og svo jöfnum höndum brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (PHerm), og ef við gerum ráð fyrir, að alltaf sjái betur augu en auga, hvernig því megi bezt verða fyrir komið, þegar um breytingu við ákveðinn lagabálk er að ræða, þannig að það sé fellanlegt inn í lagabálkinn sjálfan, þá verður það almennilegt. Ég vil, að menn veiti því athygli, að ég tala hér um form frv. og ekkert annað. Mér finnst, að það hefði farið betur á því, að jafnframt því, að 17. gr. l. falli niður, þá hefði beinlínis komið fram, hvað koma eigi í staðinn fyrir hana, en til þess má ekki koma, að það verði í beinu ósamræmi við lagabálkinn sjálfan. Ég vona, að hv. þdm. skilji, hvað ég á við.

Þegar málið var fyrir Nd., þá var gr. á þá lund, að hún var höfð sem sjálfstæð setning í frv. En fá l. sett í því formi, að frá ákveðnum tíma sé þetta fallið til jarðeigenda. Þó samrýmist það öllum textanum.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, því að það var bara ætlun mín að tala um formið, og ef þetta fengi áheyrn þeirrar n., sem þetta fær til meðferðar, að ég hafi haft rétt að mæla, þá vildi ég óska, að n. gæfist tækifæri á að taka þetta til endurskoðunar, og þá þyddi það það, að 3. umr. yrði að fresta. Ég veit þó ekki, hvort þetta er talið þess vert. Eins og þeir í sínum ljúflega skilningi hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Dal. hafa lýst svo fagurlega, þá ætti það ekki að valda misskilningi, þó að þetta yrði samþ. eins og það liggur fyrir. En bezt færi á að hafa þetta á líkan hátt og ég hef hagað orðum mínum.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég held, að ekki sé ástæða til þess að koma af stað löngum umr. um mál, sem svo mikið hefur verið rætt. Ég vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu. Þetta mál hefur verið hér til umr. í þessari hv. d., eins og ég minntist á áðan, og ég hef lýst því yfir, að þegar samkomulag lægi fyrir um það frá búnaðarþingi að afnema ákvæði þessarar lagagreinar, þá mundi ég greiða atkv. með því hér á Alþingi. Það er langt síðan ég lýsti þessu yfir og það var að sjálfsögðu að yfirveguðu ráði, bæði með tilliti til vilja bænda í þessu máli og með tilliti til þess, hvernig þessi lagagrein hefur reynzt í framkvæmd. Það þýðir ekki að neita því, að þetta lagaákvæði hefur ekki beinlínis náð tilgangi sínum. Það hefur ekki haft þau áhrif á verðlag jarða, sem gert var ráð fyrir og nauðsyn bar til. Reynslan liggur fyrir, ekki sízt nú eftir þessa verðhækkunaröldu, sem orðið hefur. Það er staðreynd, sem talar sínu máli, þrátt fyrir ákvæði greinarinnar. Þessa lagagrein er því eðlilegt að afnema, enda hafa þessi ákvæði og þær umr., sem um hana hafa farið fram, unnið sitt gagn, og að því leyti hefur þessi grein náð tilgangi sínum óbeinlínis. Ég efast um, að það hefði verið flutt frv. á Alþ. á þeim tíma, sem þessi lagagr. var samþ., af þeim mönnum, sem nú flytja frv. um að selja þjóðjarðir eingöngu með þeim skilyrðum, að ekki megi selja þær með hagnaði. Og það liggur skýrt fyrir frá þeim mönnum, sem andmæltu tilgangi þessarar gr., að halda jarðaverðinu niðri. Nú liggur jafnframt fyrir yfirlýsing þeirra um, að rétt sé að afnema gr., og þeir telja þess fulla þörf að setja lagaákvæði til að ná þeim tilgangi, sem gr. átti að ná. Að því leyti hefur þessi lagagrein náð tilgangi sínum óbeinlínis betur en nokkur lagaákvæði, sem sett hafa verið. Þá vil ég, að lagagreinin, sem ekki náði tilgangi sínum beinlínis, sé afnumin, og vil ég svo reyna að hafa samstarf við þá menn, sérstaklega bændur landsins, sem nú hafa almennt vaknað til skilnings, ekki sízt vegna umr. um þessa gr., um að koma á lagaákvæði, sem nær þeim tilgangi, sem lagagreinin átti að ná. Ég mun þess vegna greiða atkv. með afnámi þessa lagaákvæðis og að sjálfsögðu með brtt. hv. þm. N.-M., því að ég verð að segja það, að það væri mikil skyssa að afnema þessa lagagrein, en láta leifar hennar standa eftir óraskaðar, þar sem gert er ráð fyrir að setja lagaákvæði til að ná tilgangi hennar, því að ég hef skilið það svo, að þótt lagaákvæði sé afnumið, þá standi þær verkanir, sem gr. hefur haft, í gildi, sé ekki annað tekið fram. Held ég, að það geti ekki orkað tvímælis.

Mér þykir ákaflega leitt, að hv. þm. Dal., sem mikinn áhuga hefur fyrir þessum málum, skuli hafa viljað til svo alvarleg skyssa í þessu máli. En sem betur fer, verður það leiðrétt, ef hv. d. greiðir brtt. hv. 1. þm. N.-M. atkvæði.

Ég skal svo að tilefnislausu ekki segja fleira um þetta mál. Ég gerði aðeins grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að halda neina líkræðu yfir hinum framgengnu hér. Ég vil aðeins segja örfá orð út af ræðum tveggja hv. þm., hv. þm. Str. og hv. 3. landsk. Hv. þm. Str. hélt því fram, að ef þessi brtt., sem hér er á ferðinni, — innan gæsalappa sagt: ef hún hefði ekki komið fram, — þá hefði allt verið í ólagi með l. eftir afnám 17. gr. En ég vil spyrja hann: Hvernig var það þá? Leit hann ekki eftir því, að hv. þm. Mýr. (BÁ) hafði þessa brtt. hjá sér, þegar hann flutti sams konar frv. í Nd.? Það hafði hann vitanlega ekki gert, og honum hefði ekki dottið í hug að gera það fyrr en ég hafði lýst yfir afstöðu minni í málinu í þessari hv. d. Þá minntist hann fyrst á það, að þetta gæti orkað tvímælis, og taldi rétt að ganga eftir upplýsingum frá n. um það, hvernig skilja beri l., ef niðurfelling 17. gr. l. nær fram að ganga. Að síðustu vil ég geta þess, að ég hef borið þetta undir lögfróða menn, og þeir álitu, að það sé ekki neitt nauðsynlegt að ákveða þetta, og eru þeir menn þó miklu meiri lagamenn en hv. þm. Str., að honum ólöstuðum, enda hefur hann verið dómsmrh. og margt fleira, en hann getur ekki gert kröfu til að vera mestur að lagaviti á landi hér. (*HermJ:* Hvaða lögfræðingar sögðu þetta?) Það get ég sagt honum að umr. lokinni, og þá getur hann boðið þeim út í lagaglímu, ef hann óskar.

Hv. 3. landsk. (HG) talaði um, að hér væri verið að gefa gjafir. Hver er að gefa gjafir? Eftir því, sem þeirra sjónarmið eru, sem hafa verið í andstöðu við okkur um 17. gr., þá hafa þeir sagt, að ekki ætti ríkið þetta. En með þessu kemur það skýrt fram, ef ákveðið væri að gefa þetta eftir, að þá sé það ríkið, sem það gerði, að því er mér skilst. En um hv. 3. landsk. er það að segja, að hann kom fram, að því er hann segir sjálfur, eins og sá maður, sem eyðir kulda og elskar friðinn og vill draga úr deilum og leiða til sátta. En ég vil segja það, að ef verið er að gefa bændum gjafir með afnámi þessarar gr., þá er það ekki einstakt fyrirbrigði, að slíkar gjafir séu gefnar og það ekki síður kaupstaðabúum en sveitabændum. Um þetta atriði þarf í sjálfu sér ekki að tala, því að það er vitað, að ef maður er svo heppinn að eiga blett í Sogamýri, Fossvogi eða hér úti á Nesi, í nágrenni kaupstaðarins eða í öðrum kaupstöðum, þá kemst hann undan því, að nokkur kvöð sé lögð á hans ræktaða blett. Og ég vil segja, að útgerðarmenn hafa fengið bæði lán og styrki til bátakaupa. Og það er ekki svo lítið, sem lagt hefur verið fram í styrkjum til bygginga handa verkamönnum. Þetta má allt telja og sjálfsagt margt fleira, en ég tel ekki rétt að fara í neinn meting um þetta. Ég mótmæli, að þarna sé á nokkurn hátt farið betur með bændur en aðra, þótt þeir fái styrki úr ríkissj. til jarðræktarframkvæmda kvaðalaust eins og aðrir. Ég hef sagt það áður, að jafnframt því, sem þetta eru útgjöld fyrir ríkið, er þetta þó að vissu leyti tekjugrein fyrir ríkissjóð, þar sem hann fær meiri fasteignaskatt og fleira, ef þessar framkvæmdir eru sæmilega gerðar.

Ég þarf ekki að svara fleiru og mun ekki taka aftur til máls, nema sérstakt tilefni gefist til.

Páll Hermannsson: Ég gleymdi að taka það fram áðan, þegar ég talaði, að ég hef látið uppi það álit hér í d. og óskað eftir því, að þetta lagafrv. og breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð yrði sem mest samferða. Nú hefur landbn. athugað það frv., og gera má ráð fyrir, að meiri hl. n. verði sammála um afgreiðslu á því máli á þann hátt, sem ég get sætt mig við, en það er dálítið snúið að koma því á pappírinn, svo að það er ekki búið að því, en ég mun samt ekki láta það standa í vegi fyrir því að fylgja nú þessu frv. Mér sýnist, að þau geti orðið nokkurn veginn samflota þessi mál.

Ég þarf ekki mörgu að svara, sem hér hefur borið á góma. Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu, að hv. þm. Dal. væri lögfræðingur að nafnbót og líka starfandi lögfræðingur, en þegar hann var að prédika hér áðan, hefði ókunnugur getað trúað, að hér hefði guðfræðingur verið að tala. (*ÞÞ:* Það skaðar ekki að vera það líka). Hann talaði um, að hann ætlaði ekki að fara að halda líkræðu að jarðarfararsið. Nú sé ég, að honum muni farast vel að standa yfir moldum 17. gr. jarðræktarlaganna og að honum farist jafnvel að skíra eða halda undir skírn þeim nýju lagafyrirmælum, og ég vona og tel víst, að honum farist það vel. Hv. þm. Dal. sagði, að þessi brtt. mín væri afkáraleg, og bað mig að taka hana aftur. Ég get ekki komið auga á, að hún sé neitt afkáraleg, og sé þess vegna ekki ástæðu til að taka hana aftur.

Nú, hv. 3. landsk. (HG) er sammála þessari brtt., og þarf ég ekkert við hann að segja. Hér liggur ekki fyrir til umr. lagafrv. um það efni, sem hann les um í Tímanum, það kann að koma síðar.

Um hv. 2. þm. Árn. er það að segja, að hann hefði getað kynnt sér þessa brtt. og rætt hana við nm., því að það eru nokkrir dagar síðan hún kom fram, en vitanlega liggur það á valdi forseta, hvort hann sér ástæðu til þess að fresta fullnaðarafgreiðslu þessa máls nú. Það læt ég mér á sama standa.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki blanda mér almennt inn í umr. um þetta mál. Aðeins vildi ég segja nokkur orð um brtt. á þskj. 82. Ég hygg, að jafnglöggur maður og hv. 1. þm. N.-M. hefði séð það sjálfur, ef hann hefði lesið þetta mál og borið saman við sjálf l., að brtt. hans getur engan veginn fallið inn í l. eins og hún er borin fram á þessu þskj. Enn meira er ég undrandi yfir því, að lögfræðingi og það manni, sem hefur verið dómsmrh., skuli hafa sézt yfir þetta, því að þegar l. verða lesin, eftir að búið er að fella niður þessa 17. gr., þá er komin í staðinn fyrir þá

gr. önnur 17. gr., sem gjarnan gæti hljóðað þannig: „En fylgifé það með hverri jörð, sem myndazt hefur vegna þeirrar lagagreinar, meðan hún var í gildi, skal verða eign jarðeiganda.“ Þetta sér hver maður, og þarf ekki lögfræðing til, að hér kemur þetta alveg eins og skollinn úr sauðarleggnum, og sé gr. samþ., hlýtur hún að koma inn í l. í staðinn fyrir 17. gr. Mér skilst, að sú breyt., sem þarf að gerast, sé fyrst og fremst sú, að þegar 17. gr. er fallin niður, þá breytist greinatala l. við þá breyt., en ekki að hér ætti að koma inn það, sem talað er um í þessari brtt. — Ég hef hér skriflega brtt., sem ég legg fram við aðaltill., og vænti þess, að hún verði borin upp.

Forseti (StgrÁ): Mér hefur borizt svolátandi skrifleg brtt. við 1. gr. frv.: „Greinin orðist svo: 17. gr. laganna falli niður, og breytist greinatala þeirra í samræmi við það.“

Það þarf tvöföld afbrigði fyrir þessari till., því að hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 107) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi taka undir áskorun hv. 2. þm. Árn. um það, að umr. yrði frestað og að n. tæki þetta mál til endurnýjaðrar athugunar. Mér skilst það vera ákaflega klaufalegt, hvernig verður frá frv. gengið, ef brtt. hv. 1. þm. N.-M. verður samþ. Nú skilst mér að vísu, að hún sé óþörf vegna þess, að þegar 17. gr. er felld niður, þá falla niður þessi ákvæði, sem um er að ræða. En úr því að hún er komin fram, er ástæðulaust að greiða atkv. á móti henni, og tel ég sennilegt, að hún verði samþ., en eins og formið er, er það illmögulegt, og vil ég taka undir það, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að umr. verði frestað og n. reyni að setja þetta í skaplegt horf.

Haraldur Guðmundsson: Mér liggur við að halda, að hv. þm. Dal. hafi nú fullsnemma sett punkt við píslargöngu þessa máls hér, því að það er svo greinilega tekið fram hér við umr., að það eru margir, sem vilja bjarga bændunum nú á dögum. Er þá vonandi, að menn þurfi ekki að óttast, að fari fyrir þessu máli eins og segir í dönsku spakmæli, að ef kokkarnir eru margir, þá eyðileggist maturinn. Ég hef gert mitt bezta til að eyða allri sundurþykkju milli þessara ágætu samstarfsmanna, en ekki lánazt það betur en raun sannar. Ég held raunverulega, að það sé sjálfsagt, til að fyrirbyggja, að þetta fari í handaskolum, að samþ. báðar brtt., sem fram hafa komið, og fresta svo málinu. Það mætti verða til að lina þrautir hv. þm. Dal. í sambandi við þetta mál.

Við hv. þm. Str. vorum á sínum tíma sammála um 17. gr. þessara l. En hún átti að fyrirbyggja, að framlag ríkisins yrði til að hækka jarðir í verði, þannig að bændur yrðu ekkert betur settir, þótt þeir fengju góðar jarðir, því að þær yrðu þeim mun dýrari. Hv. þm. Str. sagði, að þessi tilgangur hefði ekki náðst að þessu leyti. En frá mínum bæjardyrum séð á ekki að nema þessi ákvæði úr gildi, heldur setja önnur haldbetri. Þm. Str. sagði þó, að þessi ákvæði hefðu að nokkru náð tilgangi sínum óbeint, og get ég fallizt á það. En nú er vitað, að á rökstólum situr n., sem skipuð var af búnaðarþingi. Hún hefur m. a. það ætlunarverk að finna leið, sem nær sama tilgangi og 17. gr. jarðræktarlaganna var ætlað að ná, og í þessari n. á hv. þm. Dal. sæti. Nú finnst mér það óskiljanlegt bráðræði að ætla að nema burtu þessa 17. gr., áður en ný ákvæði koma. Það er sá venjulegi háttur á lagabreyt. að láta eitt ákvæði koma í stað annars. Og svo á að gera þetta einmitt á þeim tíma, sem jarðabraskið er sem allra mest.

Ég sé annars ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en ég hefði heldur óskað, að hæstv. forseti tæki till. til afgreiðslu í réttri röð.

Páll Hermannsson: Það er einungis örstutt aths. út af till. hv. þm. Barð. Ég lít svo á, að þetta séu alveg sérstæð lög. En hann lítur svo á, að þau verði felld inn í jarðræktarlögin, þegar þetta frv. er orðið að lögum. — Það var aðeins þetta, sem ég vildi láta koma fram.

Hermann Jónasson: Ég vil aðeins lýsa því yfir, að mér virðist einsætt, að þetta séu sérstök lög. Það er ekki hægt að hafa eina gr. laga þannig, að 17. gr. sé felld úr gildi.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., 9. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 10, 82, 107, 125).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 125. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. tók þetta frv. til athugunar eftir frestun málsins hér í hv. d. og athugaði það ásamt brtt., sem þá lágu fyrir. Í n. varð ekki samkomulag um að senda neitt samhljóða álit frá n. í heild, en ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Barð. muni taka aftur sína brtt. En svo kom fram upp úr þessu skrafi n. brtt. frá hv. 2. þm. Árn. (EE), og ég verð að segja það sem mína skoðun á þeirri brtt., að hún er að vísu hér um bil alveg efnislega eins og brtt., sem einnig liggur fyrir við frv. frá hv. 1. þm. N.-M. (PHerm). Síðari brtt., frá hv. 2. þm. Árn., gengur þó heldur lengra, og það, sem sérstaklega er hennar kostur, er það, að hún er sett við aðra gr., og verður miklu áferðarbetra að hafa hana þar, ef frv. verður að l., heldur en við þá gr., sem brtt. hv. 1. þm. N.-M. er stíluð við. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti brtt. hv. 1. þm. N.-M., en með brtt. frá hv. 2. þm. Árn., vegna þess að bæði nær hin síðar talda nokkru lengra og um leið fer betur að hafa breyt. á l. þar, sem hv. 2. þm. Árn. leggur til, að hún komi inn í l.

ATKVGR.

Brtt. 107 tekin aftur.

Brtt. 82 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PM, BSt, HermJ, IngP, JJ.

nei: MJ, ÞÞ, BrB, EE, GJ, HG, StgrA.
4 þm. (KA, LJóh, BBen, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 125 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, EE, GJ.
nei: HG, BrB, StgrA.
BSt greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, JJ, KA, LJóh, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Ég ætla að segja já, því að eins og ég sagði áðan, er sama, hvor till. er samþ., en mér er sérstök ánægja að því, að fyrrv. kollega minn fái sína gr. samþ.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HermJ, IngP, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, EE.
nei: HG, BrB, StgrA.
BSt greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, JJ, KA, LJóh, BBen) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 127).
Á 32. fundi í Nd., 14 nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:3 atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. og 39. fundi í Nd., 23. og 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 127, n. 192).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi hér á Alþ., en það er um afnám 17. gr. jarðræktarlaganna, eins og kunnugt er. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Meiri hl. landbn. mælir með frv. Tveir nm. hafa skrifað undir með fyrirvara, og munu þeir væntanlega gera grein fyrir því. Þar sem hér hafa oft áður orðið allmiklar umræður um málið, vil ég vænta þess, að það fái nú greiða afgreiðslu eins og það fékk í Ed. — Ég legg svo til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég var ekki staddur á fundi, þegar n. afgreiddi þetta mál, en er þó samþykkur afgreiðslu þess í aðalatriðum og mun styðja það. En þótt ég fylgi þessu máli, er ég ekki alls kostar ánægður með meðferð þess. Ég tel, að grundvöllur þessa máls hafi verið lagður á síðasta búnaðarþingi, en þar var svo ráð fyrir gert, að öll hliðstæð ákvæði yrðu burtu felld samtímis. Eftir að frv. þetta kom fram í Ed., lagði ég fram frv. í Nd., þar sem öll þessi atriði voru tekin í einu lagi. Ég sé samt ekki ástæðu til að stimpast við framgang þessa frv., en mitt fylgi gildir aðeins þangað til vitað er um afgreiðslu hliðstæðra atriða, sem nú liggja fyrir. Þá finnst mér dálítið einkennilegur sá háttur að hnýta öðru aðalatriði frv. aftan við það og hefði kosið, að það væri öðruvísi.

Frsm. (Jón Pálmason): Út af þessum aths. hv. þm. Mýr. um afnám skyldra ákvæða, vil ég segja það, að ég hygg, að þeir, sem að þessu standa í Ed., hafi fullan hug á að sjá um afnám skyldra ákvæða í byggingar- og landnámssjóðslögunum. Hins vegar er það rangt túlkað, að þar sé alls kostar um hliðstæð ákvæði að ræða, síðan þeim l. var breytt.
Varðandi það, að öðru aðalatriði frv. sé hnýtt aftan við, þá er því til að svara, að þar sem þetta kom þannig frá Ed., sáum við ekki ástæðu til að fara að breyta því, og raunar fannst mér óþarft að taka þetta fram, þar eð það hlaut að koma af sjálfu sér, en eins og ég sagði áðan, þótti ekki ástæða til að breyta þessu.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil aðeins mótmæla þeim skilningi hv. þm. A.-Húnv., að atriðið um fylgiféð komi af sjálfu sér. Því að þótt hætt verði að reikna styrki sem fylgifé, þá er þar með alls ekki sagt, að það fylgifé, sem greitt hefur verið samkv. l., skuli hætta að teljast sem slíkt, og er alveg sjálfsagt að taka slíkt fram í l., og virðist mér óviðkunnanlegt að hnýta því þannig aftan í formsatriði, eins og hér er gert.

Frsm. (Jón Pálmason): Það mun ekki ástæða til að þræta um þetta við hv. þm. Mýr. En það mun hafa verið ætlun allra og annað ekki komið til mála en að þessi séreign félli aftur til jarðarinnar, þegar grundvellinum er kippt undan fyrri skipan þessara mála.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi aðeins beina því til hæstv. forseta, hvort hann sér sér ekki fært að fresta afgreiðslu þessa máls, þangað til frv., sem hefur að geyma hliðstæð ákvæði, er komið frá Ed., þannig að þau geti fylgzt að.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég vil eindregið mótmæla því, að þessu máli verði frestað lengur, enda er til þess engin ástæða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, EystJ, GÞ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SK, SÞ.
nei: LJós, PZ, SG, STh, StJSt, ÁS.
BK, SigfS, SkG, ÁÁ, BG greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOl, EmJ, FJ, GTh, ÓTh, SEH, SvbH, ÁkJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Björn Kristjánsson: Þar sem ekki hefur verið tekin til greina ósk hv. þm. V.-Húnv., greiði ég ekki atkv.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 256).

22. Innflutningur og gjaldeyrismeðferð (heildarlög).

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð* (þmfrv., A. 237).

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og sjá má á grg. frv., þá hefur fjhn. þessarar d. flutt þetta frv. að tilhlutan og ósk hæstv. viðskmrh. En eins og einnig má sjá þar, hafa nefndarmenn óbundnar hendur um málið, og stafar það af því, að n. vannst ekki tími til að athuga málið efnislega, heldur tók hún málið til flutnings aðeins til þess að greiða fyrir því inn í þingið. En eins og hv. þdm. er kunnugt, liggur þessu máli mikið á, því að löggjöf um þetta efni eða einhvers konar ákvæði verða að vera komin um mánaðamót næstu. Við þann tíma er nú gildandi löggjöf miðuð.— Ég get þó sagt það fyrir mitt leyti, að það hefur verið af sumum nm. gerð athugun á þessu máli, og ég og sjálfsagt einhverjir fleiri í n. erum því fylgjandi eins og það er, enda þótt verið gæti, að einhverjar breyt. mætti e. t. v. gera á því.

Að vísu veit ég, að hæstv. viðskmrh. mun að sjálfsögðu gera grein fyrir þessu máli. En ég vona, að ég valdi þó ekki allt of miklum endurtekningum, þótt ég skýri frá því, hverjar eru helztu breyt., sem þetta frv. gerir á núgildandi l. um þetta efni. Það er í fyrsta lagi það, að rýmkað er um verzlunarviðskiptin við útlönd að því leyti, að áður voru allar vörur háðar innflutningsleyfum, og ef einhverjar vörur áttu að vera frjálsar, varð að taka það fram með sérstökum ákvæðum, að vörurnar skyldu vera frjálsar. Þannig er í 1. lið 2. gr. frv. tekið fram, að viðskiptaráð skuli gera till. til ráðh. um það, á hvaða vörutegundum innflutningur skuli vera háður leyfisveitingum og frá hvaða löndum. En nú er svo ákveðið, að viðskiptaráð á að gera till. um það, á hvaða vörum innflutningur skuli ekki vera háður leyfisveitingum. Nú eru eftir þessu frv. allar vörur frjálsar um innflutning, nema það sé sérstaklega fram tekið af viðkomandi stjórnarvöldum. Það má segja, að á þessu sé nú ekki meiri munur en þegar sagt er annars vegar, að hús sé hálftómt, og hins vegar að það sé hálffullt. En þó er á þessu mikill prinsípmunur. Og mér finnst sjálfsagt, að þegar stríðsástandinu lýkur, verði einnig við það miðað, að viðskiptin séu frjáls, þó að ýmislegt valdi því, að hömlur þurfa að vera á viðskiptunum.

Þá er það annað í þessu frv., að nokkur hluti erlenda gjaldeyrisins verður óháður ákvörðunum viðskiptaráðs, þ. e. a. s. sá gjaldeyrir, sem ekki fer fyrir greiðslur á vörum, sem viðskiptaráð ákveður um, og verður þá sá gjaldeyrir aðeins háður þeim reglum, sem bankarnir, sem gjaldeyrinn eiga, setja. Það verður annað eftirlit með honum en það eðlilega eftirlit, sem bankarnir hljóta að hafa. En enginn má selja erlendan gjaldeyri, nema Landsbankinn og Útvegsbankinn, og svo póststjórnin innan þröngra takmarka. Mér virðist þetta sú eðlilega breyt., og það eðlilega eftirlit með erlendum gjaldeyri er það eftirlit, sem bankarnir framkvæma.

Þá er það enn breyt., að nú er ekkert ákvæði um það, að viðskiptaráð annist sjálft innkaup, enda mun því hætt í raun og veru, og því ekki ástæða til þess að hafa það í l. lengur.

Fjórða atriði frv. er, að rýmkað er um ákvarðanir um skiprúm. Áður voru ákvæði um, að viðskiptaráð skyldi ráðstafa farmrými á skipum. Og um tíma var skortur á farmrými á skipum aðalerfiðleikinn í sambandi við innflutning til landsins. En í staðinn fyrir þetta er nú í þessu frv. ákveðið, að viðskiptaráð skuli ráðstafa, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými á skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.

Fimmta breyt. leiðir af l. um nýbyggingarráð. Það er tekið tillit til þess í frv., sem kemur m. a. fram í 3. gr. þess, og svo nokkrum innskotum í öðrum gr. frv., og er mjög eðlilegt, því að nýbyggingarráð er orðin svo fyrirferðarmikil stofnun í þessu efni.

Þá sýnist mér, að ekki muni vera nema nokkuð smávægilegt eftir að telja, t. d., að það stendur á einstaka stað ráðherra í staðinn fyrir ríkisstjórn. Þó að það að vísu komi til kasta viðskmrh. að eðlilegum hætti, þá þótti samt skýrara, að það væri beinlínis fram tekið í l., að það heyrði undir hann, og gæti raunar í einstaka tilfellum haft þýðingu.

Loks er svo breyt. á skipun viðskiptaráðs og varamanna. Breyt. um varamenn er sú, að áður var ákveðin tala varamanna, og hefði þá komið fyrst inn 1. varamaður, svo 2. o. s. frv., en nú, eftir frv., skal beinlínis ákveða, hvaða varamaður skuli koma fyrir hvern aðalmann í ráðinu, að mér skilst, og er í raun og veru alveg sjálfsagt, að svo sé um hnútana búið, þó að viðskiptaráð sé skipað eins frjálst og nú er. Og enn þá sjálfsagðara hefði þetta verið, ef farið hefði verið að till. formanns viðskiptaráðs um að skipa fjóra menn í það að tilnefningu stjórnmálaflokkanna. Þá hefði það verið alveg sjálfsagt, að hver aðalmaður hefði sinn varamann. En þó að viðskiptaráð sé svona skipað eins og það er, álít ég þetta sjálfsagða tilhögun.

Það er prentvilla í 1. gr. frv., þar sem stendur: „við skiptingu varamanna". Þarna á vitanlega að vera: við skipun varamanna. Vil ég biðja hæstv. forseta að leiðrétta þetta.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Og þó að n. hafi ekki haft málið til meðferðar, þá vil ég, — ekki fyrir hönd n., heldur persónu-

lega — mæla með því, að frv. fái sem greiðastan gang í gegnum hv. þd., því að l. um þetta efni þurfa að verða samþ. fyrir mánaðamótin næstu.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég þakka hv. fjhn. fyrir að hafa tekið þetta mál til flutnings. Hv. form. og frsm. n. hefur nú gert svo skýra grein fyrir efni frv., að ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Hann hefur bent á allar aðalbreyt., sem gerðar eru í frv. frá núgildandi l. Og ef hv. þd. fellst á þær breyt., vildi ég mælast til þess, að hv. d. hraði afgreiðslu málsins. Ég get ekki sett mig á móti því, að málið verði athugað í n. til fyrramáls. En það er nauðsynlegt, að þetta frv. nái samþykki Alþ. á morgun, því að 1. desember falla l. um þetta efni úr gildi, og verður því í síðasta lagi 30. nóvember að staðfesta ný l. í staðinn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég tók það fram í fjhn., að ég hefði ýmsar aths. við þetta frv. að gera og mundi bera fram brtt. Ég hefði óskað, að málinu verði vísað til fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann hefði nokkuð á móti því, að gerð væri breyt. við annan lið 4. gr. frv., þannig að bankarnir fengju skipt jafnt á milli sín gjaldeyrinum, sem þeir kaupa. Það hefur verið nokkur reipdráttur á milli bankanna um þetta. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess, að Útvegsbankinn, sem hefur haft meginhlutann af gjaldeyrisinnflutningnum, eigi að sitja við lakari skilyrði en þjóðbankinn.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í frv. sjálft. En ég vildi spyrja, hvernig stendur á því á bls. 4 í aths. um frv. í nál., að vísað er þar til 8. gr. frv. og sagt, að á þann hátt vilji n. tryggja, að endurskoðun laganna fari fram innan eins árs. (*Fjmrh.:* Þetta á við 9. gr., en hér er prentvilla, 8. í stað 9.).

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Út af þessari aths. frá hv. þm. Barð. vil ég segja það, að ég álít, að það gæti ekki komið til greina að breyta ákvæðum 4. gr. frv. á þann veg, sem hv. þm. talaði um, að erlenda gjaldeyrinum yrði skipt jafnt á milli Landsbankans og Útvegsbankans. Slíkt kæmi ekki til greina, nema að undangengnum samningum milli bankanna. Þetta ákvæði um gjaldeyrinn er sett inn eftir að bankarnir hafa haft þetta mál til athugunar. Og ég held, að ég geti sagt með vissu, að samkomulag hafi orðið um það milli bankanna, að skiptingin á erlenda gjaldeyrinum verði eftir þeim hlutföllum, sem í frv. greinir. Ég hygg, að það sé á misskilningi byggt hjá hv. þm. Barð., að hallað sé á Útvegsbankann með þessu ákvæði frv. Ég ætla, að þessi skipting sé nokkurn veginn í samræmi við veltu bankanna og í samræmi við innstæðufé hvors bankans fyrir sig. Og það gengi a. m. k. í mjög öfuga átt við þróunina, sem hefur orðið annars staðar, — því að ég ætla, að mjög víða sé það orðið svo, að þjóðbankinn einn hefur gjaldeyrisverzlunina, — ef við færum að draga gjaldeyrisverzlunina meir en orðið er undir banka, sem þó er að nafninu til einkabanki. Þetta atriði mætti að sjálfsögðu athuga síðar meir, ef fram kæmi óánægja með þessa skiptingu, sem ég hef þó ekki orðið var við. Þá mætti ná nýju samkomulagi um þessa skiptingu. En ég efast um það, eins og sakir standa, að það væri hagkvæmt fyrir Útvegsbankann að breyta þessu þannig, að gjaldeyririnn skiptist jafnt á milli bankanna. A. m. k. er víst, að þegar l. um þetta voru sett, taldi Útvegsbankinn sér þetta fyrirkomulag, sem í frv. er miðað við, hagkvæmt.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég vil aðeins benda hv. þm. Barð. á það, auk þess sem hæstv. viðskmrh. hefur tekið fram, að l. binda ekki þetta hlutfall, ef frv. verður samþ., heldur er þar gert ráð fyrir því, að því hlutfalli, sem hvor banki fær af gjaldeyrinum, geti ráðh. breytt, ef báðir bankarnir samþ. það. Svo að þetta er í raun og veru frjálst, og verður að vera það. Þetta verður ævinlega meira og minna samningamál, en úrskurður í höndum ráðh.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Út af þessari till. um að vísa frv. til fjhn., spyr ég hæstv. forseta að því, hvort hann mundi gefa tíma til þess, að nefndarfundur yrði haldinn. Það er augljóst, að ef n. á að gefa út álit og e. t. v. brtt., þá verður hún að hafa fund um málið nú þegar, ef það álit á að geta legið fyrir fundi á morgun. Ef á að halda áfram fundi nú, verður þetta mjög erfitt fyrir n., hins vegar skal ég hafa fund í fjhn. nú þegar að þessum fundi loknum, ef honum lýkur fljótt.

Forseti (StgrA): Ég mun sjálfsagt verða við því að teygja ekki úr þessum fundi lengur.

Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 248 og 249).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hélt fund um þetta mál þegar í stað að afloknum fundi hér í hv. d. í gær. Var málið rætt allýtarlega, og varð ekki fullt samkomulag um það í n. Meiri hl. fjhn., fjórir nm., sem undirskrifa þetta nál., gera það án fyrirvara og mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, enda þótt mönnum hefði eins og gengur getað dottið í hug að hafa einhver ákvæði þess öðruvísi en þau eru, ef menn hefðu átt að semja það sjálfir. Tveir nm. í meiri hl. hafa hins vegar látið í ljós, að þeir áskilji sér rétt til að vera með brtt., sem fram kynnu að koma við frv. og rætt var um í n., en hvorugur hefur gert þetta að skilyrði fyrir samþykkt frv. og hafa þannig skrifað undir með meiri hl. n., sem mælir með samþykkt frv. Einn nm., hv. 3.

landsk. (HG), vildi ekki vera með í afgreiðslu málsins og kvaðst mundu bera fram brtt., sem væru skilyrði þess, að hann gæti gefið frv. samþykki sitt. Ég sé nú, að hv. 3. landsk. er ekki staddur hér í hv. d., og hefði ég annars viljað bíða eftir, að hann mælti fyrir sínum brtt. En það er skemmst frá þeim að segja, að þær ganga allar út á það að gera frv. að engu. Þau atriði, sem aðallega horfa til batnaðar frá núgildandi l., — en eins og ég gat um í gær, eru breyt. frá núgildandi l. ekki stórvægilegar, — vill hv. 3. landsk. breyta í sömu átt og var. Hann vill, að aftur verði allar vörur bannaðar til landsins nema þær, sem viðskiptaráð ákveður, og að allur gjaldeyrir verði háður eftirliti viðskiptaráðs. Og ef vörur eru gefnar frjálsar, á að gefa viðskiptaráði skýrslu um innkaupin. Hann vill meira að segja breyta því, að þar sem í frv. stendur, að ráðh. setji viðskiptaráði starfsreglur, þá vill hann, að ríkisstj. geri þetta. Hann vill sem sagt í smáu og stóru færa þessi mál í sama horfið og áður var, og hefði hann eins getað lagt til, að frv. væri fellt. Þó er eitt atriði, sem hann tekur upp úr till. hv. þm. Vestm., á þá leið, að viðskiptaráð skuli skipað 4 mönnum, tilnefndum af þingflokkunum. Nú virðist það ekki heppilegt að hafa jafna tölu í ráðinu, en hins vegar býst ég við, að ríkisstj. muni skipa í ráðið með tilliti til þingflokkanna. — Ég vil svo mælast til, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil biðja afsökunar á, að á mér hefur staðið. Mér var ekki kunnugt um, að þetta mál yrði tekið fyrir fyrr en á venjulegum fundartíma.

Ég gat ekki orðið sammála meiri hl. fjhn. um afgreiðslu þessa máls. — Ég vil fyrst minnast á það, sem kann að þykja aukaatriði, að samkv. núgildandi lögum er ætlazt til, að ríkisstj. öll annist þessi mál, en eins og þetta liggur hér fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkisstj. skipi viðskiptaráð, en viðskmrh. hafi alla framkvæmd á hendi. Þetta er nokkur breyting frá því, sem er. Þar er gert ráð fyrir, að öll meiri háttar mál séu borin undir ríkisstj. í heild. Ég tel nauðsynlegt, að tryggt sé, að ætíð geti komið fram þau sjónarmið, sem eru innan ríkisstj. allrar. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. skipi alla nm., en samkv. till. minni skal fara eftir tilnefningu þingflokkanna um skipun þessara manna. Í frv. er fellt niður ákvæði í 1. gr., þess efnis, að ekki megi eiga sæti í viðskiptaráði menn, sem þar geti átt hagsmuna að gæta.

Samkv. till. minni er gert ráð fyrir, að 4 menn eigi sæti í ráðinu, en ríkisstj. skipi formann, og ræður hans atkvæði úrslitum, ef atkv. eru jöfn, og er þetta samhljóða till. hv. þm. Vestm.

Aðalbrtt. mínar eru við 2. gr. frv., um það, hvort tímabært sé að gefa gjaldeyrisverzlunina meira frjálsa en nú er. Ef ég skil frv. rétt, þá skal meginreglan verða sú, að innflutningurinn verði frjáls, en einungis takmarkanir á sumum vörutegundum. Ég tel þetta ekki gerlegt. Það mun nú þegar vera farið að ganga á dollarainnstæðurnar í Bandaríkjunum, sem eru okkur þó nauðsynlegar í fyllsta máta. Hins vegar er það hættulegt að hampa því framan í landsmenn, að innflutningur sé frjáls, þar sem það yrði sýnd veiði, en ekki gefin. Í sjálfu sér gæti ég fallizt á, að gerlegt væri að veita frjálsan innflutning á vissum vörutegundum um takmarkaðan tíma og þá við ákveðin lönd. En ég tel ekki gerlegt að draga úr því eftirliti, sem nú er. Mér virðist það háskalegt að minnka á nokkurn hátt eftirlit með gjaldeyrisverzlun, á meðan svo er óráðið um okkar hag sem nú er og meðan þannig er háttað í Evrópu sem kunnugt er. Eina leiðin er sú að koma á vöruskiptaverzlun, og þótt sú leið sé ekki æskileg, þá hygg ég, að samkv. þeim upplýsingum, sem ríkisstj. hefur fengið, sé það hin eina leið. Ég hygg, að það sé blekking ein að gefa það í skyn, að hægt sé að gefa innflutning frjálsan, þegar bein vöruþurrð er í miklum hluta álfunnar. (*Fjmrh.:* Hvað gera Bretar?) Þeir hafa ekki gefið sína verzlun frjálsa. — Sem sagt, ég tel það mjög misráðið að taka þessa stefnu nú og hygg, að það yrði ekki til gagns, þar sem það yrðu mest ónauðsynlegar vörur, sem við gætum fengið í vöruskiptum annars staðar frá. Ég legg því til, að í aðalatriðum sé núgildandi fyrirkomulag látið haldast, en komið geti til mála að veita nokkra rýmkun um takmarkaðan tíma við ákveðin lönd, en að öðru leyti verði ekkert slakað til. Ég tel þó nauðsynlegt, að þeir, sem flytja inn á hinum frjálsa markaði, láti viðskiptaráði í té allar upplýsingar um vörutegundir og vörumagn.

Þá legg ég til, að verðlagsstjóri taki sæti í ráðinu, þegar það fjallar um mál, sem snerta verðlagseftirlitið.

Í núgildandi lögum er heimild fyrir ríkisstj. að láta viðskiptaráð annast kaup á nauðsynlegum vörum. Þetta er fellt niður í frv. Þessu ákvæði vil ég halda. En það er vitanlega á valdi ríkisstj., hvaða vörur hún vill láta flytja inn þannig.

Loks legg ég til, að síðari málsgr. 9. gr. falli niður. Mér finnst ekki ástæða til að tímabinda lög sem þessi. — Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Í rauninni virðist mér, að lítill efniságreiningur sé um þetta frv., og er undrandi yfir, að hv. 3. landsk. skuli nota sína miklu mælskulist til að reyna að láta líta svo út. Hann telur heppilegra, að framkvæmd þessara laga heyrði undir ríkisstj., en ekki viðskmrh. Um þetta er það að segja, að mér virðist þetta skipta litlu máli. Ríkisstj. skal skipa í ráðið, en vitanlega mundi framkvæmd þessara laga stöðugt falla undir verksvið viðskmrh., enda þótt svo væri orðað í frv., að ríkisstj. skuli hafa á hendi framkvæmd þeirra. Þess vegna tel ég, að þessi breyting skipti mjög litlu máli. — Þá finnst mér óviðkunnanlegt að láta atkv. eins nm. vera tvígilt eða að nm. séu fjórir.

Hv. 3. landsk. lét í ljós, að aðalágreiningurinn væri um 2. gr. frv., og er það e. t. v. rétt. Hann taldi, að það væri fremur sýnd veiði en gefin að gefa frjálsan innflutning nú, þar sem ríkjandi

eru viðskiptaörðugleikar og vöruþurrð í flestum löndum álfunnar. Allt er þetta hárrétt. Í þessu tilliti er raunar alveg sama, hvaða aðferð er valin. Þetta ákvæði frv. hefur fyrst og fremst gildi sem viljayfirlýsing. Þetta frv. er í rauninni ekkert annað en staðfesting á ríkjandi ástandi. Á meðan ófriðurinn stóð, var leyfður frjáls innflutningur frá þeim löndum, sem greiðslu taka í pundum, nema á skranvarningi. Að vísu hefur þurft að fá leyfi hjá viðskiptaráði, en það hefur fengizt í flestum tilfellum, og þær vörur, sem bannaðar hafa verið, mundu verða það áfram eftir ákvæðum þessa frv. Hér er þess vegna ekki um mikla breytingu að ræða. Það er ekki ætlunin með þessu frv. að slaka neitt til á gjaldeyriseftirlitinu, heldur á það að verða öruggara og fullkomnara; það er fullkominn misskilningur, að frv. stefni í aðra átt. Og vitanlega kemur ekki til mála að leyfa frjálsan innflutning frá nokkru þeirra landa, sem krefjast greiðslu í dollurum. Aftur á móti gæti maður hugsað sér að leyfa frjálsan innflutning á ákveðnum vörutegundum frá vissum löndum.

Ef til vill stafar ágreiningur okkar hv. 3. landsk. einkum af því, að hann vill hafa hömlur á verzluninni, en ég vil hafa hana frjálsa. Reynslan hefur sýnt hjá öðrum þjóðum, að frjáls verzlun lækkar vöruverðið. Þegar innflytjandinn veit, að öll varan selst, þarf hann ekki að keppast við að hafa lágt vöruverð.

Um önnur atriði þessa máls sé ég ekki ástæðu til að ræða. — Orkað getur tvímælis, hvenær þessi lög skuli falla úr gildi. Ákvæðið um 1. des. 1946 á einungis að tryggja það, að lögin verði þá endurskoðuð. — Um atkvæðisrétt verðlagsstjóra ætla ég, að skipti ekki máli. Hann hefur aðstöðu til að koma fram skoðunum sínum, og um þetta hefur ekki orðið neinn ágreiningur, svo að ég viti. — Ég efast um, að nokkur af þessum brtt. sé til bóta, og vil mælast til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Ég hef svo ekki meira um þetta að segja.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að ekki skipti miklu máli, hvort framkvæmd þessara laga heyrði undir ráðh. eða ríkisstj. í heild. Ég benti á það áðan, að á þessu er sá munur, að ef þetta heyrir undir ríkisstj., þá koma öll mikilsverð mál fyrir hana í heild, og ég tel eðlilegt, að fulltrúar allra flokka eigi sæti í slíkri nefnd sem þessari. Í frv. er sú meginregla tekin upp, að innflutningur skuli yfirleitt vera frjáls, nema á nokkrum vörutegundum. Hæstv. ráðh. hlýtur þó að viðurkenna, að fyrst um sinn getur þetta þó ekki orðið svo í framkvæmd.

Hæstv. ráðh. gat þess, að ágreiningur okkar mundi stafa af því, að við hefðum ólík sjónarmið á verzlun. Þetta mun rétt vera. Ég tel, að betur hefði farið á, að ríkið hefði ráðið öllum innflutningi á stríðsárunum, og ég hygg, að heppilegra verði, að ríkið hafi framvegis nákvæmt eftirlit með allri gjaldeyrisverzlun. Mitt álit á þeirri stétt, sem farið hefur með þessi mál á stríðsárunum, hefur ekki aukizt. Það er hæstv. ráðh. sjálfrátt að hafa aðra skoðun á þessu máli. En þótt það sé mín skoðun, að þessi mál séu bezt komin í höndum eins aðila, þá ber ekki að skoða þessar till. í því ljósi. Þær eru aðeins miðaðar við stundarástand.

ATKVGR.
Brtt. 249,1 felld með 9:2 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 249,2 felld með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 249,3 felld með 10:2 atkv.
4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 249,4 felld með 9:2 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 249,5 felld með 11:2 atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 249,6 tekin aftur.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Í þessum mánuði voru framlengd lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð til 1. des. n. k. Þegar það mál var til umr. í hv. deild, sagði ég frá því, að nefnd hefði verið skipuð til að athuga málið í okt. s. l., og hefur sú n. nú skilað áliti og till. um breyt. á lögunum, og eru þær á þskj. 237. Frv. þetta er algerlega shlj. frv. n., nema 3. gr. er bætt inn í, og er hún svo hljóðandi: „Nýbyggingarráð og viðskiptaráð skulu sameiginlega útbúa fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Mánaðarlega skulu ráðin hafa sameiginlega fundi til þess að endurskoða áætlun þessa og breyta henni svo sem nauðsynlegt kann að vera vegna viðskipta við útlönd og gjaldeyrisástands þjóðarinnar."

Það þótti rétt að halda þessum ákvæðum, og ef áætlun skyldi gerð, urðu nefndirnar að starfa saman. Og ætla ég, að um þetta verði ekki ágreiningur. Annars er hér ekki um miklar breytingar að ræða, en þó nokkrar, og vil ég

rekja þær hér nánar. Á 1. gr. er gerð sú breyt., að nú er það ákveðið, fyrir hvaða aðalmenn hver varamanna skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna. Þetta þótti réttara, því að í viðskiptaráði eru menn frá öllum flokkum og því rétt, að maður frá sama þingflokki taki við. Einnig skal 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga felld niður, um að ekki skuli skipa menn úr ákveðnum stéttum í viðskiptaráð, því að óþarfi er að hafa þetta ákvæði, þar eð engar líkur eru til, hvaða stjórn sem situr við völd, að hún taki upp slíkar reglur. — Í 2. gr. eru aðalefnisbreytingarnar. Í núgildandi lögum segir, að viðskiptaráð ráði, hvaða vörur séu fluttar inn, en nú á það að gera till. um, hvaða vörur skuli fluttar inn og hvaðan. Nú er það ljóst, að fyrst í stað skiptir ekki máli, hvor leiðin er farin. Því að það er ekki hægt að komast hjá meiri og minni hömlum á vörum frá nágrannalöndunum, þar eð vörur eru þar skammtaðar. Gjaldeyrismálum er nú svo háttað, að mjög hefur gengið á dollarainnstæðu okkar, og ekki kemur til mála að gefa innflutninginn frjálsan. Innflutningur frá Bretlandi er að mestu frjáls, þar sem enginn hörgull er á £, en þó eru innflutningshömlur á skranvörum. Það má segja, að sú stefnubreyting, sem kemur fram í þessu ákvæði frv., sé fremur viljaatriði en praksis. Reynslan hefur sýnt, að hömlurnar hafa hækkað vöruverðið, og líklegasta leiðin til að lækka það er að gefa verzlunina frjálsa. En nú er þó ekki gert ráð fyrir, þó að innflutningurinn eigi að teljast frjáls, að slakað verði á gjaldeyriseftirlitinu, og því má ekki gefa hann alveg frjálsan, því að slíkt gæti leitt til fjárflótta, sem hver þjóð vill fyrirbyggja. Í sömu gr. eru einnig ákvæði, sem eru afleiðing þess, sem á undan er komið um, að viðskiptaráð skuli ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis og úthluta til innflytjenda innflutningi á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og eru þessar breyt. aðeins til að samræma þetta við lög um nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944. Einnig er í þessari gr. breyt. um ráðstöfun á farmrými. Í 2. gr. er svo ákveðið, að viðskiptaráð skuli annast ráðstöfun farmrýmis, en þessu er nú svo breytt, að það skuli gera það, ef nauðsyn krefur. Hér er einnig lagt til, að 5. tölul. 2. gr. í núgildandi lögum verði felldur niður, þar sem innkaupastarfsemi viðskiptaráðs þegar er að mestu hætt og ekki þykir sennilegt, að slík innkaup verði nauðsynleg á næstunni.

Á 3. gr. frv. hef ég þegar minnzt, og er hún nýmæli.

Breytingin á 4. gr. er eðlileg afleiðing af breyt. á 2. gr. Þó er hér orðabreyt., þannig að ráðh., en ekki öll ríkisstj., skuli setja reglugerð um starfsemi viðskiptaráðs. Þetta er aðeins orðabreyt., því að vitanlegt er, að sá ráðh., sem þetta heyrir undir, hefur úrskurðarvald í stjórninni, ef ágreiningur verður. Þá er í 5. gr. ákvæði um verkaskiptingu viðskiptaráðs og nýbyggingarráðs, þar eð ágreiningur hefur verið um þetta. Eru hér sett skýr og ótvíræð ákvæði til að fyrirbyggja, að slíkt geti komið fyrir. — Í 6. gr. er ákvæði um, að viðskiptaráði skuli greitt frá hverjum þeim, er innflutningsleyfi fær, ½% af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. — Í 9. gr. er ákvæði um það, að lögin skuli falla úr gildi í síðasta lagi 1. des. 1946. Þetta ákvæði er sett til að tryggja, að endurskoðun fari fram í tæka tíð. — Um fleiri efnisbreyt. mun ekki vera að ræða frá gildandi lögum. Og þar eð núgildandi lög falla úr gildi 1. næsta mánaðar, þá er nauðsynlegt, að frv. þetta verði samþ. eigi síðar en á morgun. Ég vildi því beina því til hæstv. forseta, að hann sjái um, að málið fái lokaafgreiðslu í dag.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég er sammála hæstv. ráðh. um að flýta afgreiðslu þessa máls, en mun gera grein fyrir brtt. mínum við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, 253).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 253. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. hef ég leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við þetta frv., og skal ég nú gera grein fyrir þeim.

1. brtt. varðar 1. gr. frv., og skal hún orðast svo: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist viðskiptaráð. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn eftir tilnefningu hvers flokks. Skipa skal jafnmarga varamenn með sama hætti. Ríkisstjórnin skipar einn nefndarmanna formann, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði verða jöfn."

En það, sem þó aðallega er lögð áherzla á af minni hálfu í þessu sambandi, er það, að fella ekki niður að öllu leyti eftirlit með ákveðnum hluta af útlendum gjaldeyri. En í frv. hæstv. viðskmrh. er gert ráð fyrir, að svo geti farið, að a. m. k. verði tekinn úr höndum viðskiptaráðs einhver verulegur hluti af yfirráðum yfir erlendum gjaldeyri, þannig að vissir vöruflokkar og viðskipti jafnvel við viss lönd verði gerð algerlega frjáls án íhlutunar viðskiptaráðs, og viðskiptaráð hafi ekki heldur nein afskipti af því, hvort veitt er gjaldeyrisleyfi til slíkra innkaupa eða ekki. Að vísu tók hæstv. viðskmrh. fram, að þetta gjaldeyriseftirlit — eftir að l. koma í gildi og eftir að gefinn hefði verið út eins konar frílisti til kaupa á vörum frá útlöndum, án íhlutunar viðskiptaráðs, — mundi verða um nokkurn hluta gjaldeyrisins í höndum bankanna. Ég álít, að slíku eftirliti verði miklu verr við komið, og að minni hyggju minni trygging í því fólgin um það, að erlendur gjaldeyrir verði ekki misnotaður. En það er víst, að þó að við eigum nú mikinn erlendan gjaldeyri, þá er okkur full þörf á því, jafnvel þó að um pundainnstæður sé að ræða, sem er gjaldeyrir alls staðar, að fara svo með hann, að tryggt sé, að honum sé ekki varið nema til vörukaupa eða einhverra slíkra útgjalda erlendis, sem samþ.

séu af trúnaðarmönnum ríkisvaldsins. Það getur alltaf legið nokkur hætta í því, að menn hafi nokkra tilhneigingu til þess að flytja gjaldeyri úr landi og eiga hann í inneignum annars staðar. Og ef slævað er það eftirlit, sem haft er með notkun erlends gjaldeyris, frá því sem nú er, má frekar búast við því, að nokkru af gjaldeyrinum verði komið í slíkar inneignir erlendis. Að þessu miðar eitt höfuðatriði brtt.

Annað atriði brtt. er skipun sjálfs viðskiptaráðs. Ég legg til, að viðskiptaráð verði skipað í samræmi við till. minni hl. n. þeirrar, sem starfaði að undirbúningi þessa máls, þ. e. form. nýbyggingarráðs, hv. þm. Vestm. En hann lagði það til, að viðskiptaráð væri skipað fjórum mönnum, þar sem einn nm. væri tilnefndur af hverjum hinna fjögurra stjórnmálaflokka, sem skipa nú Alþ., og að ef ágreiningur yrði eða jöfn atkv., þá réði úrslitum atkv. form., sem skipaður væri af ríkisstj. En í sambandi við þetta bendi ég á, að í 6. tölul. 2. brtt. geri ég ráð fyrir, að verðlagsstjóri taki sæti í viðskiptaráði, þegar það ákveður verðlagningu á vörum. Eftir núgildandi l., nr. 3 frá 1943, á verðlagsstjóri ekki atkvæðisrétt um ákvarðanir um verðlag, heldur er það eingöngu viðskiptaráð og þá eftir þeim l. á þann veg, að það er rutt tveimur mönnum, er ella sitja í viðskiptaráði, og tveir menn skipaðir til atkvgr. um þau atriði, sem fjalla um verðlagningu, og þá er verðlagsstjóri ráðunautur n., en hefur ekki atkvæðisrétt. Í framkvæmd mun þetta hafa verið þannig með ruðning þessara manna úr viðskiptaráði, að þeir hafi setið alla fundi, sem fjallað hafa um verðlagningarmálefni, en ekki haft atkvæðisrétt um að úrskurða verðlagið. Hafa þannig setið þá fundi sjö menn úr viðskiptaráði, og auk þess hefur verðlagsstjóri verið til staðar til þess að gefa upplýsingar og gera till. Það virðist því augljóst, að verðlagsstjóri eigi að eiga sæti í viðskiptaráði, þegar um slík mál er fjallað, og færi vel á því, að hann sæti þar, ef samþ. yrði sú brtt. mín, að fjórir menn væru að öðru leyti í verðlagsráði í stað fimm.

Þá er hér ofurlítil brtt. um heimild fyrir innkaup ríkisins. Það er lagt hér til í 5. lið 2. brtt., að viðskiptaráð geti annazt innkaup og innflutning á þeim vörum, sem ríkisstj. telur nauðsynlegt eða hagkvæmt vegna viðskipta- og gjaldeyrisástands eða af öðrum ástæðum, að inn séu fluttar með þessum hætti. Það er hér ekki lagt fyrir ríkisstj. að gera þessar ákvarðanir, en hún hefur eftir till. heimild til þess. Og ég fyrir mitt leyti teldi nauðsynlegt og hagkvæmt fyrir hverja ríkisstj. að hafa slíka heimild. Og jafnvel gæti svo farið í nánustu framtíð, að full þörf væri á að notfæra sér hana að töluverðu leyti.

Þá er enn eitt atriði, sem ég vil nefna, án þess að rekja alla brtt. lið fyrir lið, sem er smábreyt., að í stað „ráðherra", sem í frv. er gert ráð fyrir, að málið varði, komi: ríkisstjórn. Hæstv. ráðh. sagði, að breyt. með frv. í þessu efni væri mjög lítil, þar sem það aðallega félli undir valdsvið viðskmrh. að hafa framkvæmd þessara málefna yfirleitt, og væri eðlilegt, að gert væri ráð fyrir honum einum um framkvæmd þessara mála, en ekki ríkisstjórn. En segja má með sanni, að þarna sé nokkur munur á. Því að ef gert er ráð fyrir, að þetta sé í höndum ríkisstj., þó að hlutaðeigandi ráðh. hljóti að hafa með höndum daglegar framkvæmdir, þá er það svo, að ef þetta á að vera á valdi ríkisstj., þá geta hinir ráðh. fjallað um einhver stærri atriði þessara mála, en viðskmrh. er þá rétt og skylt, ef um stærri atriði er að ræða, að ræða við samstarfsmenn sína í ríkisstj. Og innflutningsmálin eru ákaflega stór mál. Fer því vel á því, að ríkisstj. öll fjalli um meginatriði þeirra mála, ekki sízt þar sem ríkisstj. er skipum mönnum af þremur mismunandi stjórnmálaflokkum. Og í hinum stærstu málum, sem hér hafa verið á ferð síðan núv. ríkisstj. kom til valda, sem er nýbyggingarráð og innkaup á togurum, þá er einmitt gert ráð fyrir því, að ríkisstj. öll fjalli um þau málefni. Og heimildarl. um innkaup á togurum voru — sem samkv. eðlilegum hætti falla undir atvmrh. — látin falla að þessu leyti undir alla ríkisstj., og hafði forsrh. forgang og fyrirsvar þeirra mála á Alþ., en það var af því, að málið var talið svo stórt og umfangsmikið, að rétt væri, að öll ríkisstj. fjallaði um það saman, en ekki einn ráðh. — Ég tel, að gjaldeyris- og innflutningsmálin séu svo stór og viðamikil, að ekki veiti af, að löggjafinn gefi um það bendingar, að öll ríkisstj. taki um þau ákvarðanir í stærri atriðum. Þetta er ekki vantraust á viðskmrh., sem ég þekki að glöggskyggni og réttdæmi yfirleitt, heldur er þetta eftir eðli málsins rétta aðferðin að mínum dómi, sem að nokkru leyti e. t. v. gæti breytt framkvæmd mála.

Þá er loks lagt til í frv., að l. þessi falli úr gildi í síðasta lagi 1. desember 1946. Hæstv. viðskmrh. hefur bent á, að það hafi slæðzt inn í frv., að það væri í síðasta lagi 1946, sem l. féllu úr gildi, og get ég verið sammála hæstv. ráðh. um, að þetta leiðinlega ákvæði ætti að samþ., ef mín brtt. verður ekki samþ. En því aðeins legg ég til, að þetta frv. verði ekki ákveðið tímabundið eins og í frv. getur, að ég er þess algerlega fullviss, eftir útliti að dæma hér á landi og í heiminum yfirleitt, að hér á landi verði að vera löggjöf um gjaldeyris- og innflutningsmálefni einnig að ári liðnu. Það er margt, sem bendir til þess, því miður, að upp verði nú tekin með verzlunarsamningum endurnýjun á hinum gömlu, ég vil segja illræmdu clearingsamningum, þ. e., að ástandið í heiminum sé nú þannig, að það verði að einhverju leyti að fara aftur í þann gamla farveg, sem vel var þekktur og oft ekki að góðu, að hafa clearing-viðskipti eða tví- eða þrískiptingu á sölu milli landa. Þær athuganir, sem farið hafa fram um markaðsmálin og innkaup á vörum erlendis, ekki sízt á meginlandi Evrópu, benda til þess, að upp verði að vera tekin einhvers konar clearing-viðskipti við þessi lönd. Af þessu leiðir þá og það, að löggjöf hlýtur að verða að gilda að þessu leyti, sem heimili ríkisvaldinu afskipti af viðskiptunum, til þess að beina viðskiptum landsins inn á ákveðna farvegi, vegna nauðsynjar á að selja íslenzkar vörur, þannig að það verði að einhverju leyti að kaupa erlendar vörur frá vissum löndum vegna sölu okkar á erlendum markaði, þ. e. frá þeim

löndum, sem líklegust væru til þess að kaupa afurðir okkar.

Ég læt þess getið, að þessar brtt. mínar eru algerlega shlj. brtt. við frv., sem hv. 3. landsk. þm. flutti í hv. Ed. við þetta frv., en allar voru þar felldar. Og Alþfl. hefur áður sagt hæstv. viðskmrh., að flokkurinn áliti þessar breyt. nauðsynlegar á frv., en þær voru ekki til greina teknar. Og við Alþfl.-menn munum því láta þær koma undir atkv. á hæstv. Alþ. í báðum deildum. Og ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til að greiða atkv. með frv., ef þessar brtt. mínar á þskj. 253 verða felldar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég undrast dálítið, að hv. 4. þm. Reykv. lætur atkv. sitt um frv. velta á því, hvort brtt. hans verða samþ. eða ekki, því að satt að segja er skoðanamunur um þetta mál mjög veigalítill. Ég er þeim hv. þm. alveg sammála um það, að það eru engar líkur til þess, að unnt verði eftir eitt ár hér frá, þ. e. 1. des. 1946, að láta falla niður öll lagaákvæði um innflutning og gjaldeyrismeðferð og gefa það allt frjálst. Ég er sannfærður um það, að það verður óhjákvæmileg nauðsyn fram yfir þann tíma og líklega langt fram yfir þann tíma að hafa einhverjar hömlur á verzlun gildandi hér á landi. Og þetta ákvæði 9. gr. frv. er alls ekki við það miðað, að engin ákvæði eigi að gilda um þetta efni eftir 1. desember 1946, heldur er þetta sett inn til þess að minna Alþ. á að fylgjast með þeim breyt., sem kunna að verða á viðhorfinu í þessum efnum, og gera þær breyt., sem heppilegar kunna að verða taldar, þegar að því kemur, að l. eiga að falla úr gildi. Það má segja, að þetta skipti ekki miklu máli, en ég hygg þó, að ekki sé óheppilegt að veita Alþ. þetta aðhald. Ef svo verður litið á, að l. eigi að vera óbreytt eins og þau verða nú, kostar það hvorki mikinn tíma né fyrirhöfn að samþ. þau óbreytt.

Hvort heppilegra sé að nota orðið ríkisstjórn eða ráðherra í þessu sambandi, það er náttúrlega fyrst og fremst málsmekksatriði og hefur litla þýðingu, og skal ég ekki ræða um það sérstaklega.

Viðkomandi brtt. við 2. gr. frv., sem er shlj. brtt., sem hv. 3. landsk. flutti í hv. Ed., virtist hv. 4. þm. Reykv. út af fyrir sig ekki hafa neitt á móti því, þótt stefnt væri að því að gera verzlunina frjálsari en hún hefur verið. En það, sem hann setti fyrir sig, skilst mér vera það, að hann taldi, að gjaldeyriseftirlitið mundi verða minna, ef l. væri breytt á þá leið, sem ætlazt er til í þessu frv., og hann komst svo að orði, að eftirlitið yrði eftir því eftirleiðis í höndum bankanna. Ég ætla, að þessi skoðun hans sé á misskilningi byggð. Ákvæði frv. gera enga breyt. á gjaldeyriseftirlitinu. Það hefur verið í höndum bankanna og verður í höndum bankanna eftir að lagabreyt. er gerð. Það er alveg misskilningur hjá þessum hv. þm., að það létti gjaldeyriseftirlitið, þó að innflutningsleyfi séu veitt samtímis og gjaldeyrisleyfi. Innflutningsleyfi veita ekki tryggingu fyrir, að vara sé flutt inn í landið. Og gjaldeyriseftirlit getur ekki komið að gagni nema því aðeins, að samanburður fari fram á innflutningi og gjaldeyrisleyfum, og það verður að bera saman hjá tolleftirlitinu og bönkunum, hvað flutt er inn og að hverju leyti gjaldeyrisleyfi hafa verið notuð. Þegar þetta tvennt er tekið saman og athugað, kemur í ljós, hvort allur gjaldeyririnn kemur aftur fram, þ. e. hvort viðskiptamenn bankanna nota gjaldeyrinn til þess, sem þeir gefa upp, þegar þeir fá gjaldeyrinn keyptan. Því að vitanlegt er það, að þó að valdið til þess að selja gjaldeyri sé flutt frá viðskiptaráði til bankanna, verða viðskiptamenn samt sem áður að gera grein fyrir því, til hvers þeir nota þennan gjaldeyri. — Það er síður en svo hugsunin að slappa eftirlitið, eins og hv. þm. komst að orði. Það er þvert á móti tilætlunin — og það er verið að vinna að því nú — að koma á strangara gjaldeyriseftirliti en verið hefur. Það eru náttúrlega vissir erfiðleikar á því að koma gjaldeyriseftirlitinu í það horf, að það verði fullkomið, en að því verður keppt, það má hv. þm. vera viss um, hvor skipunin sem verður á þessu höfð.

Þá veik hv. þm. að því, að eðlilegt væri að skipa viðskiptaráð á þann hátt, að láta þingflokkana fjóra tilnefna menn í ráðið. Það er álitamál, hvað viðkunnanlegt er í þessu. Ég get ekki séð, hvað vinnst með því að lögfesta slíkt ákvæði. Innflutningurinn er ekki neitt flokkspólitískt mál, og því er ekki ástæða til að reyra þetta sem allra föstustum böndum við pólitísku flokkana. En hins vegar geri ég ráð fyrir því, að hver ríkisstjórn, sem með þetta mál færi, mundi hafa menn úr öllum þingflokkum í viðskiptaráði, ekki af því, að innflutningurinn sé flokkspólitískt mál, heldur af því, að það er sjálfsagt að skapa þann frið um þessi mál, sem unnt er. Og hann fæst bezt með því að hafa menn úr öllum flokkum í viðskiptaráði. Niðurstaðan mundi því að þessu leyti verða ákaflega svipuð, hvort sem brtt. hv. 4. þm. Reykv. um þetta er samþ. eða ekki. — Aftur á móti má segja, að það skipti nokkru, hvort viðskiptaráðsmennirnir eru hafðir fjórir eða fimm. Það eina, sem að mínu áliti mælir með því, að þeir séu fjórir, er það, að við það sparast lítils háttar kostnaður. Ég játa, að ég geri ekki ráð fyrir, að störf viðskiptaráðs verði það mikil, að fjórir menn komist ekki yfir þau. Hins vegar er sá galli á því að hafa fjóra menn í viðskiptaráði, að þá er tæplega hægt að komast hjá því að láta einn manninn, form., hafa tvö atkv., ef jöfn eru atkv. annars, og held ég, að það sé óheppileg tilhögun. Það þekkja nú allir, hve mikill styrr stendur yfirleitt um þessi innflutnings- og gjaldeyrismál og hve vanþakklátt verk það er að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, og hve mjög þeir menn, sem við þessi störf fást, eru tortryggðir, stundum kannske með réttu, en þó miklu oftar með röngu. Það mundi ekki verða til þess að draga úr þessari tortryggni og óánægju, sem yrði með skipun þessara mála, ef einn maður í ráðinu, og það eftir vali hlutaðeigandi ráðh., hefði þar tvöfaldan atkvæðisrétt. Það má segja, að þetta komi nokkuð í sama stað niður, því að hlutaðeigandi ráðh. mundi skipa mann, sem honum væri handgenginn, og þá mann úr sama flokki sem hann sjálfur er í, sem

form. í ráðið, þótt fimm menn séu þar. En það mundi þó yfirleitt verða betur séð, að meiri hluti atkv. réði niðurstöðum í ráðinu en að einn maður, sem skipaður væri af ríkisstj., hefði það vald að ráða úrslitum, þegar jöfn atkv. væru um mál.

Þá veik hv. 4. þm. Reykv. að því, að óeðlilegt væri, að verðlagsstjóri hefði ekki atkvæðisrétt um verðlagsmálefni, þegar viðskiptaráð fjallaði um verðlagsmál. Það hefur ekki verið svo eftir gildandi l., og mér er ekki kunnugt um, að það a. m. k. hafi valdið neinum árekstrum eða óánægju. Verðlagsstjóri á venjulega sæti á fundum viðskiptaráðs, þegar það fjallar um verðlagsmál. Hann hefur tillögurétt þar, og ég ætla, að í framkvæmdinni hafi það verið svo, að það hafi verið hrein undantekning, að till. hans hafi ekki náð fram að ganga. Ég er ekki viss um, að það skapaði verðlagsstjóra á nokkurn hátt þægilegri aðstöðu, þó að hann með atkv. sínu ætti að skera úr um það, hvort hans eigin till. skuli ná fram að ganga eða ekki.

Það er ekkert, sem bendir til þess, að innflutningsnefnd verði tekin upp aftur. Þvert á móti eru viðskiptin meira og meira að færast í það horf, að ástæðulítið er að endurreisa þá stofnun, sem vissulega gerði þó gagn á vissu tímabili, en virtist að síðustu óþörf. Og það var að nokkru leyti eftir bendingu frá amerísku stjórninni, að innflutningsn. var lögð niður.

Fleira í ræðu hv. 4. þm. Reykv. sé ég ekki ástæðu til að ræða hér, enda hef ég gert ofurlitla grein fyrir frv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. sagði, að skoðanamunur á milli hans og mín væri mjög veigalítill. Það kann vel að vera, að það gæti orðið svo í framkvæmdinni, en fyrir því hefur maður enga tryggingu. En um formið á þessum ákvæðum er skoðanamunur verulegur okkar á milli. — Hæstv. ráðh. talaði um það, að það væri málsmekksatriði, hvort í l. eigi að standa ríkisstjórn eða ráðherra, þar sem um er að ræða yfirstjórn þessara mála. Ég minntist á það í fyrri ræðu minni, að það væri efnisatriði og ég teldi og mundi telja það mikils virði að hafa það tryggt fyrirfram, að öll ríkisstj. stæði að því að ákveða um það, hvaða vörur t. d. yrðu settar á frílista. Og slíkur háttur yrði að sjálfsögðu á hafður, ef mínar brtt. um það verða samþ.

Hæstv. ráðh. sagði, að ákvæði frv. gerðu eiginlega enga breyt. á gjaldeyriseftirlitinu, og ég undrast, að hann skuli segja það. Því að svo var ákveðið í gjaldeyrisl. áður, og ég legg til, að það verði óbreytt, að engan gjaldeyri megi láta af hendi án leyfis viðskiptaráðs. En nú er gert ráð fyrir í frv., að kannske verulegur hluti af gjaldeyrinum verði látinn af hendi án leyfis viðskiptaráðs. Það er settur út úr starfi ríkisstj. mikill þáttur gjaldeyriseftirlitsins kannske að verulegu leyti, sem er viðskiptaráð, því að það ákveður, hvort ráðlegt er fyrir þjóðarheildina að verja gjaldeyrinum til þessarar eða þessarar vörutegundar eða ekki. Það hefur aldrei verið veitt leyfi fyrir neinni greiðslu nema ganga fyrst úr skugga um, að þar sé um nauðsyn að ræða, sem hún hefur talið sig geta samþykkt.

Um skipun n. vil ég aðeins segja, að ég tel, að henni sé bezt komið á þann veg, sem ég legg til, af þeirri einföldu ástæðu, að með því teldi ég skapað öruggara skjól um viðskiptaráð, þar sem hver flokkur fyrir sig ákvarðaði, hvaða menn skyldu skipa ráðið. Nú er gert ráð fyrir því, að ráðh. hafi þetta vald í sínum höndum, jafnvel þó að gera megi ráð fyrir, að hann mundi hafa ráðagerð við aðra flokka að einhverju leyti um skipun ráðsins, þá er þó aldrei fyrirfram vitað um það, hvernig það yrði, en það er alltaf öruggast, að flokkarnir geti ráðið því sjálfir, hvaða menn þeir setja til slíkra starfa.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál framar, ekki sízt þar sem hæstv. forseti hefur í huga að ljúka umr., áður en venjulegur fundartími er á enda, og þar sem ég geri ráð fyrir, að þessi umr. kunni helzt að breyta um niðurstöðu í d., þá sé ég ekki ástæðu til að tefja tímann með lengri umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vil aðeins benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að hann ruglar þarna saman réttinum til að láta af hendi gjaldeyri og gjaldeyriseftirlitinu. Rétturinn og valdið til að láta gjaldeyri af hendi hefur verið hjá viðskiptaráði. Nú er ætlazt til, að nokkuð af þessu verði flutt yfir á bankana, en gjaldeyrisn. veiti innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi, en veit svo ekkert um, hvernig þau eru notuð, en svo eru það bankarnir, sem eiga að kontrollera það, að gjaldeyririnn hafi verið notaður eins og til hefði verið ætlazt.

ATKVGR.
Brtt. 253,1 felld með 14:8 atkv.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 253,2 felld með 13:8 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 253,3 felld með 14:5 atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 253,4 felld með 12:9 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 253,5 felld með 14:6 atkv.
9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 253,6 felld með 15:4 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, STh, ÁÁ, ÁS, GÞ, GSv, GTh, HB, JPálm, JS, BG.

nei: StJSt.

PZ, PÞ, SÞ, SkG, EmJ, EystJ, FJ, HelgJ, JörB greiddu ekki atkv.

10 þm. (SEH, SK, SvbH, ÁkJ, BÁ, BK, EOl, IngJ, JJós, LJós) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 260).

23. Sýsluvegasjóðir.

Á 7. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (þmfrv., A. 22).

Á 8. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Með því frv., sem hér liggur fyrir, fylgir nokkur grg., og þarf ég þess vegna ekki að fara ýtarlega út í efni þess. Með frv. er lagt til, að hámark sýsluvegasjóðsgjalda, sem ríkissjóður leggur fé á móti, hækki úr 6 af þúsundi af landverði jarða samkv. fasteignamati í 10 af þúsundi og af húsum úr 3 af þúsundi í 6 af þúsundi.

Þessi l., sem hér um ræðir, eru raunar að mestu leyti frá 1923. Þau eru þess vegna meira en 20 ára gömul, og þetta hámark 6 af þúsundi hefur gilt allan þann tíma. Er óhætt að segja, að miðað við þær aðstæður, sem þá voru, var þetta ákvæði mjög ríflegt, enda var það svo, þar sem ég þekkti til, að vegum fleygði mjög ört áfram á þeim árum. En síðan l. þessi voru sett, hafa orðið stórfelldar breytingar. Í fyrsta lagi eru komin ný tæki til sögunnar, sem krefjast betri vega og sérstaklega miklu meira viðhalds á vegunum en áður var. Af breyttum búnaðarháttum hefur jafnframt leitt það, að fólkið krefst miklu meiri vegalagninga en áður. En það, sem mestu hefur skipt í þessu máli, er það, að kaupgjald í vegavinnu hefur í mörgum héruðum tífaldazt eða meira á þessu tímabili, og er því auðsætt, að sú upphæð, sem nægði fyrir 20 árum, hrekkur skammt eins og nú er komið.

Eins og getið er um í grg. fyrir frv., hefur af þessu leitt tvennt. Í fyrsta lagi það, að sú upphæð, sem sýslunefndirnar hafa heimild til að verja úr sýsluvegasjóði, hrekkur engan veginn fyrir þeim sýsluvegagjöldum eins og þau nú eru, og í öðru lagi hefur þetta leitt til vaxandi krafna almennings um, að fleiri og fleiri sýsluvegir verði teknir í tölu þjóðvega. Þetta þekkjum við þm. utan af landi mæta vel, og þessar kröfur verða háværari og háværari með hverju árinu, sem líður, ekki sízt þegar nú er svo komið, að árlega verða margir hreppar að leggja á sig mjög mikil gjöld aukreitis til þess að viðhalda sýsluvegunum, því að framlag sýsluvegasjóðanna hrekkur ekki á nokkurn hátt til þess. Þetta gildir sérstaklega í þeim héruðum, þar sem verður að halda uppi daglegum mjólkurflutningum og slit á vegunum verður þar af leiðandi miklu meira en ella. — Mér hefur verið sagt, að þegar ein sýslunefnd kom saman í vor í sýslu einni hér í nágrenninu, hafi hún ekki séð neina leið til þess að komast fram úr þessum vegagjöldum fyrir sýslunnar hönd með þeim ákvæðum, sem í gildi eru, og að hún hafi þess vegna sent nefnd manna með sýslumann í broddi fylkingar til þess að fá undanþágu frá l. og að það hafi tekizt, því að ríkisstj. hafi beygt sig fyrir þeirri óumflýjanlegu nauðsyn, sem þessir sendimenn gátu sýnt fram á, að væri hér til staðar. Þegar svo er komið, að sýslurnar sjá sér engin úrræði, þá verð ég að telja og býst við, að allir séu um það sammála, að eðlilegra sé að breyta l. en að verða að senda slíkar sendin. til Reykjavíkur, með þeim kostnaði og þeirri tímatöf, sem því fylgir.

Með frv. er engan veginn vikið frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í þessum málum síðastliðin 20 ár. Þessi breyting er aðeins eðlileg afleiðing þess, að á þessu tímabili hafa komið til sögunnar flutningatæki, sem krefjast bættra vega og aukins viðhalds á þeim, og ekki hvað sízt hitt: breytt gildi peninga, sem gerir ókleift að komast af með sömu upphæð og gert var ráð fyrir, þegar þessi l. voru sett fyrir 20 árum. Það eina, sem hefur staðið í stað, er framlag ríkissjóðs á móti framlagi sýslnanna, enda þótt sýslurnar leggi fram margfalt meira fé en áður.

Vænti ég svo, að hæstv. Alþ. taki með velvilja á þessu máli, og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 111).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Þessu máli, sem er frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, var á sínum tíma vísað til samgmn. frá þessari hv. d., og samgmn. hélt um það nokkra fundi og athugaði þær aðstæður, sem hér lágu til, og sendi málið að öðru leyti, eins og venja er til um slík mál, til umsagnar vegamálastjóra. Eins og sést á nál., hefur vegamálastjóri orðið við þessari málaleitun og gefið nokkuð ýtarlega skýrslu um það, sem hér kemur til umr. í sambandi við þetta, eins og ástæður sýslufélaganna til vegagerðar, sérstaklega hvernig ástatt hefur verið um þau héruð, sem hafa hjá sér samþykktir um sýsluvegasjóði. Frv. fer fram á, að það hámark, sem í 3. gr. l. segir að megi ekki vera hærra en 6 af þúsundi, sem lagt er þar fram vegna fasteignaskattsinns, megi fara upp í 10 af þúsundi, hámarkið megi hækka. Í grg. fyrir frv. sjálfu eru færð nokkur rök fyrir því, hvernig á þessu stendur. S. l. ár hefur hvergi nærri hrokkið til það fé, sem samkv. þessu 20 ára gamla ákvæði á þennan hátt má veita úr ríkissjóði til móts við það, sem hreppunum fellst til á annan hátt. Stafar þetta bæði af því, að kröfur um vegagerð í sveitum voru þá miklu minni en nú og miklu minna um bifreiðar, en sérstaklega stafar þetta þó af því, að kaupgjald við vinnu sýsluvega og alla vegavinnu yfirleitt hefur komizt langt fram úr því, sem nokkur gat ímyndað sér,

þegar þessi lagaákvæði voru sett. Hins vegar hefur fasteignaskatturinn mjög lítið hækkað í landinu, og er ekkert um það að segja nema skaplegt allt, því að það gefur að skilja, að fasteignaskattur yfirleitt getur ekki fylgzt með jafnóeðlilegri verðbólgu og hefur átt sér stað, en einmitt þess vegna hefur það, sem miðað er við fasteignaskattinn, ekki stefnt til hækkunar eins og verðlag í landinu. Af þessum ástæðum hefur orðið að draga saman seglin, og vinna og aðgerðir hljóta mjög að takmarkast í þessum héruðum, *sem hér um 'ræðir, ef ekki verður hafizt handa*, og í sumum héruðum er nú þegar komið í fullt óefni. Fyrir því er þetta frv. borið fram.

Ég tel ekki þörf á að ræða þetta frekar. Ef hv. þm. hafa kynnt sér, hvaða breyt. hér er um að ræða, þá held ég, að þeir muni allir vera á sama máli um framgang þessa frv.

Páll Zóphóníasson: Í sambandi við þetta mál óska ég nú eftir að sjá þá umsögn vegamálastjóra, sem getur í nál. *Hafi hann þar rakið*, hve margar sýslusamþykktirnar eru og hvernig ástæðurnar eru í hinum ýmsu sýslum, væri það mjög mikils virði fyrir mig, sem ekki er að þessu leyti alls kostar kunnugur í öllum sýslum, *hvernig* þar er ástatt, áður en ég greiði atkv. með þessu frv. Annars skil ég ekki, hvernig á því getur staðið, að þetta plagg kemur ekki í dagsins ljós. Af sparnaði held ég, að það geti ekki verið.

En það, sem kom mér til þess að standa upp, var ekki þetta, heldur hitt, að samkv. þessu frv. er sýslusjóðsframlagið hækkað og þá hækkar það, sem ríkissjóður þarf að greiða á móti. Hins vegar hefur hæstv. Alþ. aldrei áætlað svo mikið fé til sýslusjóðsvega nú seinni árin, að ríkið hafi getað greitt lögskilið framlag móti framlagi sýslusjóðs, og því verður að hækka það, ef á að ná því marki, sem því er hér ætlað, og fá meira fé frá ríkissjóði móti framlaginu heima fyrir. — Á þetta vildi ég benda hv. fjhn.

Jón Sigurðsson: Ég leyfi mér að þakka hv. samgmn. fyrir undirtektir í þessu máli. Ég veit með vissu, að þessar undirtektir verða héruðum og héraðsstjórnum mjög kærkomnar.

Það er raunar rétt hjá hv. 2. þm. N.-M., að veita verður miklu meira fé til sýsluvega en gert hefur verið, enda er það ekki sæmilegt, hvernig búið hefur verið að sýsluvegunum, hve lítill styrkur til þeirra hefur verið veittur. En hitt er ekki rétt hjá hv. þm., að skort hafi fé, þar sem komnar eru á sýsluvegasamþykktir. Mitt kjördæmi hefur búið undir þessu skipulagi, og mér er ekki kunnugt um, að nokkru sinni hafi skort á, að ríkissjóður hafi greitt það fyllsta, *sem honum bar að greiða á móti* framboðnu fé úr sýsluvegasjóði. Ég hygg, að það liggi í þessu og þori að fullyrða, að við Skagfirðingar höfum alltaf fengið greitt móti þessum 6 af þúsundi, sem l. heimila, og að þar hafi aldrei staðið upp á ríkissjóð.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá. Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 204).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): N. hefur orðið sammála um að mæla með þessu frv. eins og það er komið frá hv. Nd. Það er óþarft að fara *mörgum orðum um þetta*. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eftir allar þær mörgu og margvíslegu breyt., sem átt hafa sér stað á þessum 20 árum síðan l. þessi voru sett, er hámark sýsluvegasjóðsgjalda, sem ríkissjóður leggur fé á móti, orðið svo allt of lítið, að til vandræða hefur horft og horfir enn, þegar um framlagsþörfina er að ræða. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, í því skyni að ráða bót á þessu, að hámark sýsluvegasjóðsgjalda, sem ríkissjóður leggur fé á móti, hækki úr 6 af þúsundi af landverði jarða samkv. fasteignamati í 10 af þúsundi og af húsum úr 3 af þúsundi í 5 af þúsundi. Raunar stendur hér í grg. fyrir frv., að lagt sé til að breyta hámarkinu í 10 af þúsundi af fasteignamati jarða og 6 af þúsundi af fasteignamati húseigna, en það lítur út fyrir, að prentvilla hafi slæðzt inn í grg. í ógáti, því að l. sjálf, nr. 102 1933, segja, að það skuli vera helmingi lægra hámark af húseignum en jarðeignum. Þessi skýring kemur fram af sjálfu sér á l., með þeirri breyt., sem hér kemur *til greina*, en stendur af ógáti í grg. Ég álít um þessa nauðsyn að öðru leyti, aðgerðir á sýsluvegum, að taka verði því með réttum skilningi, að afleiðingin af þessari breyt. á framlagi heiman úr héruðunum og svo framlagi ríkissjóðs á móti fullnægir engan veginn brýnustu viðhaldsþörf, hvað þá nýbyggingarþörf vega út um sýslufélögin, þó að ég geri ráð fyrir, að ef rýmkað verður til á þennan hátt, sem hér er farið fram á, þá geti það orðið til þess að koma nokkrum sýsluvegum á landinu í þjóðvegatölu og að tala sýsluvega mundi lækka vegna þessara aðgerða. Ég vil því fyrir hönd n. mælast til þess, að hv.

d. sæi sér fært að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Gísli Jónsson: Ég vil skjóta til n., hvort ekki hefði verið eðlilegra og einfaldari aðferð að láta þetta standa óbreytt, 6 af þús., en setja aftur, að það skyldi greiða eftir vísitölu á hverjum tíma. Það mun vera raunverulegt, að fasteignamat hefur ekki hækkað og því ekki búizt við, að það raskist mjög þar af leiðandi það gjald, sem greiða á til sýsluvega. Mér finnst því eðlilegt, að málið hefði verið tekið þannig, að ofan á fast, lögbundið gjald yrði greidd verðlagsvísitala, eins og hún er á hverjum tíma. Ég set mig ekkert upp á móti þessari breyt., en vil skjóta þessu fram til n. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt að hækka gjöldin, en mér finnst eðlilegt, að þau hækki þannig.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég get skilið rökin fyrir því, sem hv. þm. Barð. hafði orð á. Það má vel vera, að það gæti farið vel á því, að þetta væri haft eins og hv. þm. benti á. En á hitt er að líta, að þó að fest yrði þessi lágmarkstala með frv., að færa hámarkið úr 6 af þúsundi í 10 af þúsundi, þá held ég, að það verði aldrei notað nema á sanngjarnan hátt og eftir því, sem ýtrasta nauðsyn krefur, því að enginn sýslusjóður er fús til þess að nota hvert sinn hærri upphæð úr sínum sjóði en hann þarf, þó að framlag komi frá ríkissjóði á móti. Þetta er náttúrlega dálítið rýmra en verið hefur, en eins og ég hef sagt, verður það ekki notað nema eftir frekustu nauðsyn, og sú nauðsyn skapast frá ári til árs eftir verðlagi að nokkru leyti, þar sem það fer eftir verðlaginu, hvað mikið fæst unnið fyrir þá upphæð, sem kemur til greina. Annars get ég fallizt á, að till. hv. þm. Barð. verði athuguð milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð seint að ræða þetta mál við 3. umr. Ég vildi þó gera nokkrar aths., sem ég hef ekki getað komið fram með fyrr, þar sem ég hef ekki átt kost á að vera við umr. Vil ég biðja þm. afsökunar, ef ég skyldi koma með eitthvað, sem áður hefur verið sagt.

Ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður samþ., þyrfti að minni hyggju að áætla mun hærri upphæð í fjárl. til vegamála en nú er gert. Undanfarið hafa borizt beiðnir frá ýmsum sýslufélögum um að hækka framlög til sýsluvega. Þetta hefur verið gert, en þó þannig, að hlutföll hafa ekki raskazt. Ef að því ráði væri horfið, sem hér er lagt til, sem ég tel ekki óeðlilegt, þá vildi ég mega vænta þess, að ekki yrði tekið svo og svo mikið af vegum af sýslusjóðunum yfir í þjóðvegatölu. Hér hefur komið fram frv. um að taka allmarga vegi í þjóðvegatölu. Það er eðlilegt, að kröfur manna um vegi vaxi, en útgjöld ríkisins til vegamála eru að verða það há, að vafasamt er, hvort hægt er að gera hvort tveggja í senn, að hækka framlög til sýsluvega og taka marga nýja vegi í þjóðvegatölu. Ég er ekki með þessu að mæla gegn þessu frv., en vil, að hv. þdm. geri sér þetta ljóst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls minntist ég á, að í þessu efni hefði verið heppilegra að fara að á annan hátt, eða þannig, að sýsluvegasjóðsgjöldin yrðu innheimt með verðlagsvísitölu. Kæmi þá einungis til mála, að ríkissjóður hækkaði framlag sitt samkv. því. N. hefur ekki tekið þetta til greina. En úr því að hæstv. ráðh. hefur minnzt á þetta, vildi n. e. t. v. athuga þetta. Ég vil einnig benda á, að þótt þessar kröfur í vegamálum séu miklar, þá ber ekki að líta á þær allar sem fjárhagsspursmál, heldur sem réttlætiskröfur. Þau byggðarlög, sem sett hafa verið hjá til þessa, vilja eðlilega ekki una því, að þau verði sett hjá framvegis.

Ég vildi beina því til hæstv. ráðh., hvort ekki væri vert að athuga, hverjir væru aðalvegir, áður en gengið er á rétt þeirra, sem hingað til hafa ekkert fengið. Nú þegar framlög til nýrra vega munu nema um 4½ millj. kr. og til viðhalds 9 millj. kr., þá er sannarlega kominn tími til að koma þessu í fast form, þannig að það sé ekki eingöngu komið undir fylgi á Alþingi. — 1942 var ákveðið að gefa út línurit um vegi. Ríkisstj. átti að annast um þetta, en það er ókomið. Vildi ég nú mælast til, að hæstv. ráðh. sæi um, að fjvn. fengi þetta í hendur, áður en næstu fjárl. verða afgreidd. Ég vil því beina því til samgmn., hvort ekki væri rétt, að hún tæki þetta til athugunar, áður en málið verður endanlega afgreitt.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Í sambandi við það, sem hæstv. samgmrh. sagði hér áðan, get ég vel skilið það, að það er illa samræmanlegt, sérstaklega af hálfu fjármálavaldsins og ríkissjóðs, ef farið er inn á þá braut að auka greiðslur úr ríkissjóði til sýsluvega og taka síðan sýsluvegi upp í þjóðvegatölu. En þegar á allt er litið, þá held ég, að með samþykkt þessa frv. og með þeirri rýmkun, sem það felur í sér, muni það síður en svo stuðla að fjölgun þjóðvega. Sýslusjóðir sjá þá fremur úrræði til bóta og munu auka framlög sín, er þeir fá aukinn styrk hjá ríkinu. Þeir standa þá ekki eins ráðþrota og verið hefur, er fé á að fá til slíkra framkvæmda.

Ég held, að ekkert sé að óttast, þó að heimildin hækki upp í 10 af þúsundi, því að þetta verður ávallt notað af fyllstu varúð, því að þetta er fyrst og fremst skattur á sýslubúum, en verður hins vegar notað eins og þörf krefur, og sýslunefndirnar sjálfar ræða enn þá nánar, hvar skórinn kreppir harðast að. Vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geri sér þetta alveg ljóst og taki þessu með fullum skilningi, um leið og ég

vona, að frv. þetta nái fram að ganga. — Hitt er svo annað mál, eins og hv. þm. Barð. vék að, hvort ekki væri rétt að hafa ekki breytilegt tölugjald af þúsundi, en í þess stað vísitöluna. Samgmn. Ed. hefur tekið þessa till. hv. þm. til athugunar, og leiddi sú athugun í ljós, að sitthvað mælti með henni, en þó sá n. ekki ástæðu til að breyta frv. eins og það liggur nú fyrir. Til grundvallar heimildinni liggur hreint og ákveðið tölukerfi, en ef nota ætti vísitöluna, yrði útreikningurinn miklu flóknari. Niðurstaðan mundi einnig verða svipuð. Útkoman verður því sú, að því minna sem fæst fyrir krónuna, því meiri þörf er að nota heimildina og gagnstætt, því að þegar meira fæst fyrir krónuna, hlífast menn við að nota heimildina til fulls.

Að lokum vil ég segja það, að samgmn. Ed. og fjhn. og samgmn. Nd., sem afgr. hafa málið, hafa gert sér algerlega ljóst, hvað þessi rýmkun þýðir fyrir ríkissjóð, en dæmi ekki, hvað komið hefur til athugunar frá þeim, sem flytja nú frv. um fleiri og fleiri þjóðvegi. Þar verður hver að svara fyrir sig um þá nauðsyn, sem krefst þess. Ég vildi aðeins taka þetta fram út af ummælum hv. þm. Barð., að frv. þetta hefur verið athugað af samgmn. beggja þingdeilda.

Vænti ég svo þess, að frv. þetta verði samþykkt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eins og ég hef tekið fram, gat ég ekki verið viðstaddur 2. umr. þessa frv., og vegna þess hef ég ekki heyrt fyrr en núna þessa till. hv. þm. Barð. um það að taka framlagið með vísitöluálagningu, sem mér finnst vel þess verð að taka til athugunar.

Mér virðist, að aðalútgjaldaliðirnir við vegina séu kaupgjald og svipaðir liðir, og hefur hækkun á þeim liðum orðið í samræmi við vísitöluna. Virðist mér því nokkuð unnið við það, ef samgmn. vildi ganga inn á till. hv. þm. Barð., og skyldi ég fúslega koma til viðræðna við n. um þetta mál. Mætti þá einnig ræða um þjóðvegi.

Ég vil geta þess, að eins og l. eru núna og ef heimildin, sem í l. felst, er notuð að fullu, verður framlag ríkissjóðs og héraðs jafnt. En ef frv. þetta verður samþ., leggur sýslusjóður 5 kr. á móti hverjum 7, sem ríkissjóður leggur. Mér virðist þetta svo við lauslega athugun nú á þessari stundu. Ég leyfi mér því að taka undir till. hv. þm. Barð. og þetta verði athugað, áður en málið verður afgr., og vildi ég gjarnan ræða við samgmn. áður.

Þá vil ég minnast á línuritið um vegi landsins, sem hv. þm. Barð. spurði mig um. Þetta er í fyrsta skiptið, sem ég heyri um þetta, en þó man ég óljóst eftir því, er till. þessi var samþ. hér á þingi. Ég mun ekki geta látið í té neinar upplýsingar nú um línuritið, en mun gera það seinna, er ég hef fengið að vita, hvað þessu máli líður.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Þetta er nú 3. og síðasta umr. frv. En úr því að tilmæli eru komin fram frá ráðh. um það að taka til athugunar till. hv. þm. Barð., finnst mér sjálfsagt að verða við því, en til þess verður að fresta umr. nú og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., 4. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Þegar síðast var horfið frá þessu máli í þessari hv. d., er því var vísað til 3. umr., var svo ráð fyrir gert, að samgmn. skyldi taka frv. til athugunar á milli umræðna. Þetta hefur nú verið gert, og er hv. dm. ljóst, hvað kom þar til greina. Var því m. a. hreyft af hæstv. samgmrh. við 2. umr., að þar sem hér væri um breytingu að ræða úr 6 af þús. og upp í 10 af þús. og tilsvarandi helmingi minna af húsamati, þá væri í nokkuð mikið ráðizt með þessum kvöðum á ríkissjóð og hér væru lagðar tvöfaldar gjaldskyldur á ríkissjóð. Þetta er auðvitað alveg rétt. En þar sem hér er um knýjandi nauðsyn að ræða fyrir byggðir landsins og sýslunefndir, sem eiga að miðla fé til sýsluvega, koma venjulegast að tómum hirzlunum, þá er það ljóst, að hér er um mikla nauðsyn að ræða. Vegna þessa vænti ég þess, að hæstv. ráðh. taki þessu með skilningi og góðvild og setji sig ekki á móti því, að frv. nái fram að ganga.

En hitt er kunnugt, að fyrir Alþ. liggja brtt. á vegalögunum um það að bæta nýjum vegum í þjóðvegatölu. Ég vil nú ekki eyða mörgum orðum um þetta efni, en vil þó segja það og hygg, að ég mæli þar fyrir munn meðnm. minna í meginatriðum, að ef frv. þetta og sú réttarbót, sem í því felst, nær fram að ganga, munum við beita áhrifum okkar þannig, að ekki verði bætt nýjum vegum í þjóðvegatölu nema mikil nauðsyn krefjist þess. En þetta frv. er svo mikilvægt, að ég tel, að það eigi að ganga fyrir öðrum um slík efni. Ég hygg líka, að ef þetta frv. nær fram að ganga, muni það sporna yfirleitt við því, að bætt verði nýjum vegum í þjóðvegatölu.

Þá tók n. einnig til athugunar þá uppástungu hv. þm. Barð. að haga þessari rýmkun þannig, að ekki komi ákveðin hækkun á þúsundhluta, heldur verði farið eftir vísitölu. Eftir að hafa athugað þetta, þótti ekki vert að breyta þessu í frv., því að n. fannst sú aðferð, sem nú er höfð í frv., eins og áður hefur verið bent á, hreinni og skiljanlegri. Því mæli ég með því, að frv. þetta á þskj. 22 verði samþ. óbreytt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., vakti ég máls á því, að ekki væru aðeins hækkuð þau gjöld, sem ríkissjóður ætti að leggja til sýsluvega, heldur einnig það gjald, sem ríkissjóður ætti að greiða á móti til þessara héraða. Einnig vakti ég máls á því, að nú þegar á þessu þingi kæmu fram tvö frv. um það að taka ákveðna vegi upp í þjóðvegatölu. Allt þetta leiddi af sér aukin gjöld fyrir ríkissjóð til þessara vega, en þó nokkuð sitt í hvora áttina, annars vegar framlag ríkissjóðs til héraðanna og hins vegar aukin útgjöld af hálfu ríkisins. Ég óskaði, að þetta yrði athugað í samgmn., hvort rétt væri að samþ. frv. þannig eða gera á því skynsamlegar breytingar. Hv. form. n. hefur nú skýrt frá því, að n. telji rétt að samþ. frv. óbreytt, enda hefur hann rætt um það við mig og gefið í skyn, að minna mundi þá verða sótt

á að koma vegum í þjóðvegatölu. Ég hafði kosið heldur, að þessu yrði eitthvað breytt, en með hliðsjón af því, sem hv. form. samgmn. þessarar d. hefur sagt, mun ég ekki setja mig á móti frv. Ég vísa einnig til umsagnar vegamálastjóra, þar sem hann fellst á þetta í trausti þess, að kröfunum fækki um, að nýir vegir verði teknir upp í þjóðvegatölu. Í trausti þess, að frv. þetta miði að því, að ekki verði þjóðvegatölu fjölgað til muna nema sérstök efni standi til, mun ég ekki mæla á móti frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 285).

24. Happdrætti.

Á 28. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (þmfrv., A. 129).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur flutt þetta frv. fyrir tilmæli hæstv. fjmrh., sem aftur af sinni hálfu hefur komið því á framfæri eftir ósk háskólaráðs, og fylgir hér með sem fskj. bréf frá rektor háskólans um það.

Efni frv. er ákaflega einfalt. Það er um það eitt, að í stað þess, að nú fer dráttur fram í happdrætti háskólans 10 sinnum á ári — þ. e. a. s. happdrættið fer fram í 10 flokkum — þá er nú farið fram á í þessu frv., að dráttur fari fram í 12 flokkum og verði því dráttur í hverjum mánuði ársins. Þegar upphaflega var ákveðið að hafa aðeins 10 drætti á ári, þá var það meðfram vegna þess, að reynslu vantaði alveg um rekstur slíks fyrirtækis, og var þá litið svo á, að ekki mundi veita af að hafa um það bil 2 mánuði til þess að gera happdrættið alveg upp og búa undir næsta ár. Og þetta fyrirkomulag kom sér vel til að byrja með, meðan alla reynslu vantaði, t. d. til að koma sér fyrir með prentun á hlutarmiðum og koma þeim út á land. En það kom fljótt í ljós, að þetta fyrirkomulag var ekki alls kostar hentugt. Og ein meginhætta fyrir happdrættið var einmitt þetta hlé, sem var á milli drátta. Það var að vísu svo ákveðið, að þeir, sem ynnu í happdrættinu í síðasta, þ. e. 10. drætti, væru skyldir til þess að endurnýja viðskipti sín við happdrættið næsta ár. En vinningar eru nú ekki nema ⅛ dráttanna og ekki svo margir í 10. flokki, og það var alls ekki hægt að framfylgja þessu ákvæði í raun og veru, að skylda menn á þennan hátt til þess að endurnýja viðskiptin við happdrættið, því að ekki var hægt að lögsækja menn til þess að þeir gerðu það, og þar að auki voru vinnendur í happdrættinu náttúrlega ekki nema nokkrir af viðskiptamönnum happdrættisins.

Það hefur verið skoðun þeirra, sem mest hafa unnið við happdrættið, að bezt væri, að happdrætti háskólans hefði rekstur sinn þannig, — eins og öll happdrætti önnur, sem við þekkjum til, — að viðskiptin við það væru allt árið, og á því eru engir tæknilegir örðugleikar, eins og nú er komið. Og sérstaklega er dálítið freistandi að gera þetta vegna þess, að það er hægt að framkvæma þetta, að því er virðist, án þess að auka starfslið happdrættisins nokkuð. Eins og nú er, kemur aðeins þarna fram óþarft hlé, þegar lítið er að gera, en er samt ekki hægt að fækka starfsfólki fyrir það, því að allir hinir mánuðir ársins taka upp þeirra starfskrafta, sem hjá happdrættinu vinna. Það er beinlínis heppilegra fyrir happdrættið að starfa svona, eins og gert er ráð fyrir í frv. En sú þörf og aðalástæðan fyrir till. um þessa breyt. er, að með þessari breyt. er hægt að hækka verulega tekjur happdrættisins. Að vísu hefur verð happdrættismiðanna hækkað um helming, en það er alkunnugt, að það er langt frá því, að sú hækkun hafi bætt upp þá stórkostlegu hækkun, sem orðin er á öllum kostnaði við þær framkvæmdir, sem tekjur happdrættisins eiga að standa undir. Og hve væg sú hækkun var, kom skýrast í ljós í því, að það hafði engin áhrif á viðskipti happdrættisins, því að náttúrlega sköðuðust viðskiptamenn happdrættisins á engan hátt við þetta, því að hækkun vinninganna hélzt í 70% af gjaldi fyrir selda miða, eins og var frá upphafi. En þessi aukning á greiðslum fyrir happdrættismiða, sem mundi leiða af breyt. á l., sem hér er frv. um, er með nokkuð öðrum hætti, þannig að þær einstöku mánaðarframlengingar haldast nú jafnháar, en það eru heildarviðskiptin á árinu, sem hækka um 20%, þannig að mánaðargjaldið fyrir fjórðungsmiða, sem oftast er miðað við, er 3 kr., eins og áður, en verður, ef þessi lagabreyt. er samþ., tólf sinnum á ári, sem eru 36 kr. alls, en var áður greitt tíu sinnum á ári, með 30 kr. alls. Og að sjálfsögðu verður vinningum fjölgað alveg í hlutfalli við þessa greiðsluhækkun og samin þá ný vinningaskrá með tilliti til þess.

Ég held, að ég þurfi ekki að bæta miklu við það, sem stendur í bréfi rektors um það, hvernig fjárhagurinn stendur í þessu sambandi. Tekjur af happdrættinu hafa á árabilinu frá 1934 og þangað til í árslok 1944 numið hér um bil 2 millj. og 670 þús. kr., og hefur það skipzt milli háskólans og ríkissjóðs þannig, að ríkissjóður hefur haft 20% af tekjunum. Fyrir ríkissjóðs hluta af þeim hefur verið reist Atvinnudeild háskólans og síðan hafa runnið jafnan 20% af tekjum happdrættisins í ríkissjóð. Reikningar háskólans standa þannig, að í árslok 1944 var byggingarkostnaður háskólans nálega greiddur upp. En við það er það að athuga, að það er ákaflega kostnaðarsamt verk enn þá eftir við háskólann, vegna þess að það er eftir að gera við lóðina það, sem er ákaflega kostnaðarsamt. Það var fyrst lögð áherzla á það að greiða áfallnar skuldir vegna byggingar háskólans og vegna atvinnudeildarinnar. Og vegna þess, hvernig kapphlaupið hefur verið um vinnuaflið, þótti ekki rétt að koma inn sem einn keppinauturinn um vinnuaflið, og vegna þess hefur þetta

dregizt. En það er til óhagræðis og jafnvel vanvirðu fyrir háskólann að láta lóðina standa eins og hún er nú. Er nauðsynlegt a. m. k. að laga lóðina fyrir framan háskólann, þar, sem ekki er ætlazt til, að neitt verði byggt. Það er sök sér með lóðina til hliðar og bak við háskólann, vegna þess að þar eru í framkvæmd tvær nýjar byggingar, og má búast við fleiri á næstu árum. En fyrir framan húsið er nauðsynlegt að lagfæra lóðina nú, sem mun kosta ákaflega mikla peninga. Sömuleiðis munu kosta mikið þær girðingar, sem e. t. v. þætti nauðsynlegt að gera umhverfis þessa miklu lóð.

Það þarf ekki að taka fram, að tekjur ríkissjóðs af happdrættinu aukast að sama skapi og tekjur háskólans, ef þessi breyt. verður gerð að l. Og þar sem áreiðanlega eru fyrir hendi nóg þörf verkefni hjá ríkinu til þess að leysa með þessu fé og hægt er að afla þess með svo hentugum hætti, að nálega engu meira þarf að kosta til til þess að fá þessar auknu tekjur fyrir ríkissjóð en nú er gert við happdrættið, þá vonast ég til þess, að hv. þdm. finnist ekki ósanngjarnt að verða við þeirri ósk að samþ. þetta frv.

Um afgreiðslu málsins nú á þessu þ. vil ég segja það, að það er ekki enn til fulls rannsakað eða athugað, hvort möguleikar væru á því að láta þetta breytta fyrirkomulag, sem í frv. getur, koma til framkvæmda þegar á næsta ári. Ég býst varla við, að það gæti orðið. Á hitt er svo aftur að líta, að reynslan sýnir, að það gæti orðið eitthvað óvisst um þinghald í vetur, og það gæti orðið svo, að því þinghaldi yrði frestað eða flýtt eins og unnt væri. En það væri mjög hentugt fyrir framkvæmd þeirrar fyrirkomulagsbreyt., sem þetta frv. miðar að, að þessi breyt. á l. yrði afgreidd eins rúmum tíma fyrir fram og mögulegt væri vegna undirbúnings happdrættisins fyrir breyt. á fyrirkomulaginu. Ef slík breyt. sem þessi er afgreidd að haustinu og á að koma til framkvæmda strax um næstu áramót, þá þarf að koma allri prentun t. d., til þess að geta byrjað þetta, á þann tíma þegar mest er að gera í prentsmiðjunum. En prentun er gróflega mikill liður í kostnaði happdrættisins. Ef því þessi breyt. á að komast á, álít ég mjög hentugt, að hún verði afgreidd á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 243).

Frsm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Máli því, sem hér er um að ræða, var vísað til fjhn., og n. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ekki mun þurfa að gera nákvæma grein fyrir þeirri till., sem í frv. felst, sérstaklega þar sem hv. þm. hafa fyrir sér þann mjög svo góða rökstuðning rektors háskólans, Ólafs Lárussonar, fyrir téðri brtt.

Í upphafi var nokkur andstaða gegn peningahappdrætti, eins og kunnugt er. Þótti mönnum þá nokkur hætta á, að spilling yxi í skjóli slíks happdrættis, en reynslan sýndi, að svo hefur ekki farið. Hins vegar er það almenn skoðun, að háskólanum hefur farið stjórn happdrættisins hið bezta úr hendi.

Þær breyt., sem hér er farið fram á, raska á engan hátt þeim heilbrigða grundvelli, sem happdrættið hefur verið rekið á, heldur að í stað þess, að happdrættið hefur aðeins verið rekið 10 mánuði ársins, verði það rekið 12 mánuði ársins. Mun það eðlilega hafa í för með sér 20% hækkun á iðgjöldum fyrir þá, sem taka þátt í happdrættinu allan ársins hring, en samhliða því munu vinningarnir nú verða miðaðir við 70% af iðgjöldunum í öllum 12 flokkunum í stað þess, að áður var miðað við 10 flokka. Vinningarnir sjálfir verða ekki fleiri, enda var sú breyt. nýlega gerð á l., að vinningum var fjölgað úr 5 þús. í 6 þús. auk þess sem fjölgun vinninga er ekki svo mikilvæg, sé það ákveðið, hve mörgum % vinningarnir skuli nema af heildartekjum happdrættisins. Það sýnist þannig engin hætta vera fólgin í því að gera happdrættinu kleift að auka nokkuð tekjur sínar, þar sem þátttakendur í öllum flokkum fá endurgreitt 70% af framlögum sínum eftir sem áður. Og hér er auk þess um það að ræða að afla nauðsynlegri stofnun fjár til að halda uppi starfsemi sinni. Það blandast engum hugur um, að ríkinu ber skylda til að sjá svo um, að háskólinn hafi við slík skilyrði að búa, að hann geti eflzt. Það var raunverulega skylda ríkisins að leggja fram fé til byggingar háskólans og atvinnudeildarinnar, og það er enn fremur skylda ríkisins að leggja fé

til íþróttahúss og náttúrugripasafns. Þessari skyldu hefur verið af ríkinu létt með happdrættisl., án þess að rýrðir séu aðrir tekjustofnar ríkisins, heldur skapast ríkinu og beinar tekjur. Brtt. þær, sem frv. geymir, miða að því að létta enn frekar af ríkinu skyldu þeirri, sem það hefur gagnvart háskólanum, og skapa ríkinu um leið nokkrar beinar tekjur. Ég vænti því, að hv. d. taki þessu frv. vel.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 300).

25. Húsaleiga (frv. BBen).

Á 19. fundi í Ed., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (þmfrv., A. 84).

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 138).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, og þeir þrír nefndarmenn, sem tóku þátt í afgreiðslu málsins, voru allir sammála um, að frv. horfði til stórra bóta og væri óumflýjanlegt eftir hæstaréttardóm, sem nýlega er fallinn í gagnstæða átt við það, sem frv. gerir ráð fyrir. — Af þessum ástæðum leggur n. til, að frv. verði afgr. óbreytt út úr hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 238).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Þessu frv., sem er frá Nd., var vísað til allshn., og mælir n. með, að það verði samþ. óbreytt.
Eins og hv. þm. vita, þá er nú skylt að leggja alla leigusamninga fyrir húsaleigun. til staðfestingar. Einnig er í l. ákvæði um það, að heimilt sé að hækka húsaleigu samkvæmt húsaleigu-vísitölu, en hún mun nú vera 137 stig. Hins vegar er því jafnframt slegið föstu, að skilyrðið til, að hægt sé að innheimta þessa auknu húsaleigu, er það, að leigumálinn sé staðfestur af n. Nýlega hefur fallið dómur um það í hæstarétti, að leigutaki, sem hafði á leigu húsnæði ákveðinn tíma og greiddi húsaleigu samkvæmt vísitölu, endurkrafði leigusala um þessa hækkun og fékk hana tildæmda. Það er kunnugt, að hér í bæ eru gerðir leigusamningar svo að þúsundum skiptir og leigutakar eru bæði einstaklingar, félög og fjölskyldur, og margir þessara aðila, sérstaklega einhleypingar, skipta um húsnæði mjög oft. Það er því vitað mál, að það er látið undir höfuð leggjast að leggja þessa leigumála fyrir n. Þetta frv. gengur þannig út á, að það sé ekki hægt að endurkrefja leigusala um húsaleiguvísitölu, þó að leigumáli hafi ekki áður verið staðfestur af n., en hins vegar verður leigusali að leggja húsaleigumálann fyrir húsaleigun. eftir á og fá staðfestingu n. á því, að grunnleiguhækkunin hafi verið hófleg að hennar dómi. Reynslan hefur verið sú, að það er ekki hægt í framkvæmdinni að fá alla leigumála lagða fyrir húsaleigun., og þess vegna þótti ekki rétt að hafa þau viðurlög við því, að hægt væri að endurheimta vísitöluna. N. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

---

26. Sala spildu úr Kjappeyrarlandi.

Á 10. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi (þmfrv., A. 35).

Á 14. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það þarf ekki mikla framsögu fyrir þessu máli, þar eð grg. skýrir frá því, hvers vegna frv. er fram komið, sem sé að fyrirsjáanlegt er, að Búðakauptún muni byggjast inn á þá lóðaspildu, sem þar er gert ráð fyrir, að þorpið fái kaupandarétt á. Þetta hefur verið auðséð nokkuð lengi, og síðast þegar jörðin var leigð af hendi ríkisins, þá er þessi sama landspilda undanskilin í byggingarbréfinu, en gert ráð fyrir því, að ábúendur hefðu hennar not, meðan landið yrði ekki notað í bryggjulóðir eða á annan hliðstæðan hátt, og ætlumst við að sjálfsögðu til þess, að ábúendur haldi þeim sama rétti, sem þeir hafa nú, hjá hreppnum eins og þeir höfðu hjá ríkinu, unz landið yrði tekið til afnota.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 95).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál með höndum og hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. Þó hefur n. gert þá breyt., að hún leggur til, að eftir fyrstu gr. komi ákvæði um það, að námuréttindi skuli undanskilin. Það mun vera regla, þegar ríkið selur jarðeignir, og telur n. sjálfsagt, að svo verði einnig hér. — Fleira sé ég ekki ástæðu til að segja um þetta, en vísa til álits n. á þskj. 95.

ATKVGR.
Brtt. 95 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 29. og 31. fundi í Nd., 9. og 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 112, 119).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hélt, að hv. form. landbn. mundi taka til máls um þetta atriði, vegna þess að hann hefur undanfarið staðið í sambandi við þá aðila þar austur frá, sem standa að þessu máli. Það hafa sem sé komið mótmæli frá oddvita og hreppstjóra Fáskrúðsfjarðarhrepps gegn þessari sölu, og landbn. fól form. sínum að hafa viðræður við þá um málið, og hann hefur upplýsingar að gefa í því efni, sem hann ætlaði að skýra frá hér á deildarfundi, en hann er ekki viðstaddur, og vil ég óska þess, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess, að hann yrði við umr., áður en málinu er lokið. Ég býst við, að það breyti ekki því áliti, sem landbn. hefur lýst yfir áður, að hún telji þetta eðlilega og rétta meðferð málsins, að frv. verði samþ., en ég tel mig mega skýra frá, að brtt., sem borin hefur verið fram við þetta frv., verður breytt þannig, að n. flytur sérstakt frv. um efni brtt. Henni fannst betur fara á, að þessi mál yrðu afgr. frá þinginu hvort í sínu lagi. Ég hygg, að hv. flm. sé samþykkur þessari meðferð, að brtt. verði tekin aftur, en n. mun sérstaklega afgr. hana frá sér. Sem sagt, það var hv. þm. A.-Húnv., form. landbn., sem ætlaði að tala um þetta mál af hálfu n.

Pétur Ottesen: Með skírskotun til þess, sem hv. þm. Mýr. hefur sagt um brtt. á þskj. 119, lýsi ég hér með yfir, að hún er tekin aftur.

Eysteinn Jónsson: Það er eins og hv. þm. Mýr. gat um, að það hafa komið skeyti frá oddvita og hreppstjóra Fáskrúðsfjarðarhrepps, þar sem þeir láta í ljós óánægju sína yfir þessu máli. Landbn. mun hafa falið form. sínum að hafa samband við þessa menn til að heyra ástæður þeirra. Við flm. teljum það eðlilegt, og þess vegna er ég heldur meðmæltur, að umr. sé frestað, þar til hv. þm. A.-Húnv. hefur gefið þær upplýsingar, sem hann hefur að gefa.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að ég hef fengið skeyti frá hreppstjóra Fáskrúðsfjarðarhrepps, þar sem hann mótmælir þessari sölu á þeim hluta Kjappeyrarlands, sem þar er um að ræða. Sams konar skeyti hefur komið til hv. flm. frá oddvita þessa hrepps. Ég talaði við oddvitann í gær, því að þessi mál heyra fyrst og fremst undir hreppsn. Hann tjáði mér, að íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps væru yfirleitt andvígir, að þessi sala færi fram, og ef hún færi fram, óskuðu þeir eftir kauparétti á þessari landspildu.

Það, sem hann færði til, var, að þeir höfðu hugsað sér, að þar væri mjög hentug aðstaða til sveitaverzlunar.

Nú er það að segja um þetta mál, að það er sama eðlis og mjög mörg önnur mál, sem Alþingi hefur áður haft með að gera varðandi landakaup til handa þorpum, sem eru í landþröng og óska eftir landi frá nærliggjandi hreppi, og það er í sjálfu sér ekki nýtt, að ágreiningur verði um það milli viðkomandi hreppa, því að þetta er hagsmunamál beggja. Hins vegar er það svo, að þrátt fyrir þessi mótmæli hreppstjóra og oddvita í Fáskrúðsfjarðarhreppi hefur landbn. álitið, að hér væri um mál þess eðlis að ræða, að það væri ekki ástæða til annars fyrir Alþingi en að verða við þeirri beiðni, sem hér liggur fyrir frá Búðahreppi, því að ef farið væri inn á þá braut, sem er gagnstæð því, sem þingið hefur fylgt að undanförnu, og neita þorpinu um nauðsynlegt land, sem það þarf á að halda, út úr öðru sveitarfélagi, án þess að það séu einhver alveg sérstök rök, sem mæli gegn því, þá verð ég að segja, að þessi rök frá viðkomandi oddvita, sem hann hefur borið fram, eru að áliti landbn. ekki það sterk, að ástæða sé til að stöðva frv. þeirra hluta vegna. Hins vegar hafa hv. þm. þessa héraðs, sem þarna eiga hlut að máli, að sjálfsögðu tækifæri til að ræða málið nánar við hlutaðeigendur, og ég veit, að þeir munu, þó að málið haldi áfram, áður en það verður að l., leitast við að koma á samkomulagi.

Sem sagt eru þessar upplýsingar, sem ég hef fengið, og mótmælin, sem fela ekki í sér annað en þetta, þannig, að ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til að stoppa frv. af þeim orsökum á þessu stigi.

ATKVGR.
Brtt. 119 tekin aftur.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 254).

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu í hv. Nd. Það fjallar um það að veita ríkisstj. heimild til að selja Búðahreppi eða Búðakauptúni landspildu úr þjóðjörðinni Kjappeyri. Þetta er tiltölulega lítil spilda og liggur fast að kauptúninu og liggur öll við hina löggiltu höfn kauptúnsins. Þessi landspilda hefur ekki beinlínis verið byggð ábúandanum á Kjappeyrarlandi að undanförnu, en þó mun hann eiga þar rétt til einhverra nytja, og er ætlazt til þess, að þær haldist, þó að landspildan verði seld. — Það er talið, að Búðaþorp þurfi á þessari landspildu að halda, m. a. vegna þess, að dráttarbraut, sem á að koma upp í þorpinu fyrir báta, verður varla sett annars staðar en á þessari landspildu.

Það hefur að undanförnu verið venja að gefa kaupstöðum og kauptúnum kost á að fá keypt land, sem liggur í námunda við þessa staði og þorpin eða kauptúnin þurfa á að halda.

Landbn. þessarar hv. d. hefur kynnt sér þetta mál og sér ekki ástæðu til þess að bregða út af þessari venju, sem venjulega hefur átt sér stað um það að heimila slíka sölu lands, þegar svona stendur á. Þess er þó sérstaklega að geta, að þessi landspilda liggur í öðrum hreppi en Búðahreppi, nefnilega Fáskrúðsfjarðarhreppi, og hef ég orðið þess var, að íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps vildu kaupa þessa landspildu, ef hún annars verður seld. En landbn. þessarar d. leit svo á, að Búðakauptúni mundi vera miklu meiri þörf á að fá þessa landspildu keypta en Fáskrúðsfjarðarhreppi, og leggur n. til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 303).

---

27. Ábúðarlög.

Á 19. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (þmfrv., A. 76).

Á 21. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. ábúðarl. frá 1933, sem er flutt af hv. landbn., er í aðalatriðum shlj. breyt., sem samþ. voru á síðasta búnaðarþingi og sendar voru landbn. af Búnaðarfélagi Íslands. Þessi l., ábúðarl., eru nú að vísu ekki nema 12 ára gömul, en eigi að síður hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er að breyta þeim að þessu leyti, til frekari tryggingar því en orðið er, að eigendur jarða, hvort sem er það opinbera eða einstaklingar, hafi ekki tækifæri til þess að beita leiguliða þeim tökum eða að haga sér að öðru leyti þannig, að mikil hætta sé á því, að jarðir fari í eyði. Og aðaltilgangurinn með þessu frv. er að gefa hreppsnefndum í hverri sveit aukið vald

til þess að vinna gegn því, að jarðir sveitarfélaga fari í eyði, ef á annað borð er hægt að halda þeim í byggð.

Ég þykist vita, að hv. þdm. hafi lesið frv. og grg. þess, og sé ég því ekki á þessu stigi málsins ástæðu til þess að hafa langa ræðu um það. Það er landbn., sem flytur frv., og þarf því ekki sérstaklega að vísa því til n. nema brtt. komi fram, og mun þá landbn. taka þær til athugunar. Vil ég einungis óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég var að lesa þetta frv. yfir og komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi tæplega vera hægt að afgreiða það frá hv. þd. eins og það nú er. Ég hef ekki svo mikið að athuga við efni þess, en mér finnst aðalformið að sumu leyti nokkuð öðruvísi en vera ætti. Ég vil benda á til dæmis í 1. gr. frv., að 5. málsgr. hefst á þessum orðum: „Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun ....“ o. s. frv. Þessi málsgr. skilst mér, að ætti að koma annars staðar inn í frvgr. — Í 2. gr., upphafi hennar, er talað um kröfu sveitarstjórnar, er um ræði í 2. málsgr. 1. gr. Þetta getur ekki staðizt, vegna þess að 1. gr. ábúðarl. er aðeins ein málsgr. og um annað efni en hér er vísað til. Mér þykir líklegt, að þetta eigi að vera 3. gr. l., eftir að búið er að breyta henni á þann hátt, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. — Eitthvað fleira finnst mér við frv. að athuga, t. d. það, að í því finnast aðeins 8 gr., þó að talið sé, að gr. séu 9.

Ég vil því beina því til hv. landbn., hvort hún vill ekki taka málið til athugunar, áður en það er afgreitt frá hv. þd., ef hæstv. forseti vildi fresta umr. á meðan.

Umr. frestað.
Á 30. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 76, 130).

Bjarni Ásgeirsson: Vegna þess að hv. frsm. n. var fjarverandi milli umr., tók landbn. sig til og gerði smáleiðréttingu á þessu frv. í sambandi við það, sem hv. þm. V.-Húnv. benti á þegar málið lá fyrir d. seinast. Það hefur fyrir vangá orðið ofurlítill ágalli á formi málsins, sem hv. þm. benti réttilega á. Annað var óskýrt upphaf á einum málslið gr., og er það leiðrétt á þskj. 130. Sömuleiðis við 2. gr., sem er nánast leiðrétting og kom af því, að þegar frv. var samþ., var það í nokkuð öðru formi en þegar það var borið fram í þinginu. Ég held, að með þessum breyt. sé leiðréttur sá ágalli, sem hv. þm. V.-Húnv. benti á, og vil ég því bera fram fyrir hönd landbn. þessar breyt., af þeim ástæðum, sem ég hef getið um.

ATKVGR.
Brtt. 130,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 130,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 142).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 244).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú gengið í gegnum hv. Nd. og var þar til umsagnar hjá landbn. þeirrar hv. d., og hefur sama n. þessarar hv. d. einnig farið höndum um frv. og getað mestmegnis fallizt á að mæla með samþ. þess eins og það liggur fyrir. En þó hefur landbn. talið rétt að gera nokkrar brtt. við frv., og eru þær alls ekki verulegar, heldur aðallega til nokkurrar skýringar og samræmingar. — Það er tilgangur þessa frv. að reyna að stemma stigu fyrir því, að byggilegar jarðir fari í eyði, til skaða og alls konar leiðinda fyrir viðkomandi sveitarfélög, hvort sem ástæðan er aðstöðuleysi viðkomandi manna eða það er af völdum brasks með jarðirnar. Ég geri ráð fyrir, að frv. þurfi ekki frekari skýringa við. Yfirlestur frv. ásamt þeim brtt., sem hér liggja fyrir, skýrir þetta mál, og virðist að öllu leyti í hóf stillt um þær skyldur, sem frv. skapar eigendum jarða um uppbyggingu o. s. frv. og um þann rétt, sem sveitarfélög fá jafnframt, til þess að fyrirbyggja, að jarðir leggist í eyði.

Ég vænti þess, að þessi fáu orð nægi til skýringar á tilgangi frv. og þá brtt. um leið, sem nm. bera hér fram, að áskildu því, að einn hv. nefndarmanna hefur áskilið sér óbundnar hendur gagnvart þessari brtt. Hygg ég, að frv., að brtt. meðtöldum, sé þannig, að ekki þurfi að rísa neinn ágreiningur um það, heldur vænti ég, að það fái samþykki hv. þd. eins og það liggur fyrir, að athuguðum og samþ. brtt.

ATKVGR.
Brtt. 244 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 274).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur þegar 2. umr. um mál þetta fór fram, en sé, að það hefur verið afgreitt samkvæmt till. frá landbn., og geri ég ráð fyrir, að örlög þess séu ákveðin og ekki þýði þess vegna að koma með andmæli eða breytingartillögur. En ég vil skjóta þeirri fyrirspurn til hv. landbn., hvort breyting sú, sem hér er gerð, snerti bæði ríkissjóð sem landeiganda og eins einstaklinga. Sé það rétt skilið, mun ríkissjóður missa mikið af sínum jarðeignum undir hamarinn nema hann uppfylli þau skilyrði, sem fram eru sett í frv. þessu. Mér er það nokkuð kunnugt, að víða í sveitum eru húsakynni, sem ekki mundu talin fullnægja þeim ákvæðum, sem í frv. þessu eru sett fram. Það verður þó kannske minna deilt um þær jarðir, sem eru í eign hreppanna, en hinar, sem ríkissjóður á. En hart væri það þó, ef hreppsfélag, sem ætti jarðir, færi að beita þessum ákvæðum gegn öðrum jarðeigendum, til dæmis einstaklingum, en uppfyllti þau ekki sjálft.

Ég vil einnig benda á, að sum ákvæðin virðast óþarflega hörð, eins og það sem um er rætt í fyrstu grein. Það er nokkuð hart, að héruðunum skuli vera heimilt að ráðstafa jörðunum upp á lífstíð, en með því ákvæði er fyrirbyggt, að afkomendurnir geti notið þeirra, og sannast hér það, sem í biblíunni stendur, að „syndir feðranna koma niður á börnunum". Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vildi óska svars við fyrirspurn þeirri, sem ég bar fram í upphafi máls míns.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það skal játað með hv. þm. Barð., að margt er bæði í frv. þessu og ábúðarlögunum, sem er ábótavant. Ég geri ráð fyrir því, að þótt frv. þetta verði að lögum, geti bráðlega borið nauðsyn til þess að endurskoða ábúðarlögin. Ég geri ráð fyrir, að hv. þingdeild sé kunnugt, hvers vegna frv. þetta er fram komið. Það er tilraun til þess að afmá verstu annmarka ábúðarlaganna. Í mörgum sveitum eru vel byggilegar jarðir, sem fallið hafa í eyði, og er ekki alltaf hægt að kenna landsdrottni um það. En með hertum ákvæðum laga ætti stundum að vera hægt að koma í veg fyrir, að svo fari. Það fer að vísu mikið eftir því, hvernig sveitarstjórnirnar vilja beita lögunum, hversu næma tilfinningu þær hafa fyrir því að gera það rétta. Sem svar við fyrirspurn hv. þm. Barð. (GJ) vil ég segja það, að ekki verður annað lesið út úr frv. þessu en að hið sama gildi um opinbera eign og einkaeign. Það er ekki mikið um það að segja. Þegar séð er fyrir nauðsynlegum skilyrðum til þess að byggð geti haldizt, þá sé ég ekki ástæðu til annars en að ríkissjóður haldi sínar skyldur á sama hátt og einstaklingarnir.

Ýmislegt getur komið til athugunar vegna legu jarðanna, eins og það, hvort til greina getur komið að skipta þeim eða þess háttar.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, en vænti þess, að frv. fái að halda sína leið til samþykktar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég skal játa, að þetta er mál, sem ég hef litla þekkingu á, en við fljótlegan yfirlestur virðist mér, að sumt í þessu frv. sé varhugavert og þörf væri á að ganga betur frá því. Mér skilst, að samkvæmt ákvæðum frv. sé sveitarstjórn heimilt að neyða eign af eiganda með kröfu um, að betur sé byggt á jörðinni, og man ég ekki eftir neinu ákvæði í lögum, sem gengur í svipaða átt. Það verður að sjá fyrir því, að ekki sé gengið á hluta eigandans. Ég gæti trúað, að þessu ákvæði yrði oft beitt gegn eigendum, sem búa utan sveitar, og er það varhugavert, að þeir eigi í þessu efni að sækja undir innansveitarmenn. Mér virðist því, að komið geti til álita, að utansveitarmenn hefðu hér einhvers konar málskotsrétt, þar sem til mætti kveðja matsmenn t. d. frá hæstarétti. Það sýnist svo sem sveitarstjórn geti náð eignum af mönnum, án þess að þeir hafi nokkur tök á að bera hönd fyrir höfuð sér. Minnsta krafa virðist mér sú, ef eigendur eiga að láta eign sína af hendi, að þeir, sem fá hana, setji jafnskjótt tryggingu fyrir því t. d., að byggt yrði innan einhvers ákveðins tíma á jörðinni. Það er varhugavert að setja svona róttæk ákvæði í lög án mikillar nauðsynjar, og þarf að setja trygg fyrirmæli gegn því, að þeim sé misbeitt. Má í þessu sambandi minna á, að á „mjóum þvengjum læra hundarnir að stela." Mér finnst fara mjög fjarri því, að hér sé tryggilega gengið frá því, að ekki sé stolið af eigendum jarða, og vildi ég óska að fá upplýsingar varðandi þetta atriði.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég get ekki að svo vöxnu máli talað um þetta nema frá eigin sjónarmiði, en það er víst, að því ríkara sem manni er í hug, að jarðir leggist ekki í eyði og maður hyggst koma því í lag með breyttri lagasetningu, því betur þarf að vera á verði gegn því, að nokkrum sé misgert. Mér finnst fullkomin ástæða vera til þess að taka það, sem hv. síðasti ræðumaður (BBen) drap á, til fullrar athugunar, þótt mér virðist málskotsréttur í þessu sambandi vera takmörkum bundinn. Það er ærið vandasamt að sigla svo krappan sjó og hér er um að ræða, en viðleitni til þess að fara rétta leið er sjálfsögð.

Brtt. hafa verið gerðar við þetta frv. hér í hv. deild, og hef ég ekkert við það að athuga, þótt gerð sé aths. um þetta efni, ef það sætir ekki mótmælum frá hinum nm., að málið verði tekið út af dagskrá vegna þessarar fyrirspurnar til frekari athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil benda hv. frsm. landbn. á, hvort ekki væri rétt að leita upplýsinga hjá þeim manni í ráðuneytinu, sem hefur með þessi mál að gera, Friðgeiri Björnssyni, um það, hvað það mundi kosta ríkissjóð, ef hann ætti að uppfylla þær kröfur, sem gerðar

eru til hans samkvæmt þessu frv. sem landeiganda. Það er viðurkennt af hv. landbn., að þetta snerti jafnt eignir ríkissjóðs eins og einstaklinga. Og mér eru svo vel kunnug þessi mál, að ég veit, að ef ekki verður látið stórfé í byggingar á jörðum ríkisins um land allt, verða þessi ákvæði ekki uppfyllt. Og ég vildi, að hv. n. fengi upplýsingar um þetta hjá Friðgeiri Björnssyni, sem er fulltrúi ríkisins um þessi mál og er þessum málum kunnugur. Og hann mun geta gefið upplýsingar um það, hvernig ástandið er um byggingar á jörðum ríkisins. Ég segi ekki þetta til þess að draga úr því, hverjar skyldur ríkisins eru um að byggja upp á jörðum sínum, heldur til þess að vekja athygli á þessu, áður en frv. fer í gegnum þessa hv. d. — Ég vil einnig benda á, að hv. landbn. gæti á ýmsan hátt tryggt þann rétt sveitarfélaganna, sem hún hyggst að gera með þessum l., án þess að þannig sé farið að eins og hér er stefnt að. Það er ekki nema sjálfsagt, að sveitarfélög vilji tryggja sig gegn því tjóni, sem af því hlýzt, ef jarðir fara í eyði, ef það er fyrir trassaskap. En það er hægt að gera á mildari hátt en hér er farið fram á og með miklu meira réttlæti. Mér finnst réttlátt, að þegar kröfur koma fram út af því, að sveitarfélag bíði hnekki af því, að jarðeigandi heldur illa við húsum á jörð sinni, þá eigi sveitarfélagið forgangsrétt að jörðinni, ef hún er seld fyrir þeim kröfum, ef ekki er hægt að ná samkomulagi um, að jörðinni verði betur við haldið. Ég hygg, að hægt sé að ná sama takmarki á miklu mildari hátt með því móti og á réttlátari hátt en með því að samþ. það, sem hér liggur fyrir um þetta atriði.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort breyt. á 4. gr. ábúðarl., sem hér er miðað að, er eins róttæk og hv. 6. þm. Reykv. virtist telja. Ég veit ekki, hvort hann hefur athugað, að eins og l. eru nú, hafa sveitarstjórnir allvíðtækt vald til þess að ráðstafa jörðum, ef þær byggjast ekki. Að vísu er það ekki söluréttur, en í mörgum tilfellum getur það orðið þannig fyrir eiganda, að hann verður að losa sig við jörðina, ef hann getur ekki byggt hana. — En ég kvaddi mér hljóðs aðeins til þess að drepa á, hvert viðhorf ríkissjóðs mundi verða til þessara mála, ef á að setja strangari reglur en hingað til hafa gilt um skyldur landsdrottna til þess að byggja upp jarðir og halda þeim í góðu lagi. Það er ekki vafi á, að það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að mörgum af þeim jörðum, sem ríkið á nú, er ekki viðunanlega við haldið. Samkv. ábúðarl. hefur ríkissjóður í raun og veru alveg sömu skyldur nú um jarðir eins og hver annar landsdrottinn til þess að byggja upp jarðir sínar. En í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að fjárveitingarvaldið hefur ætlað tiltekna fjárhæð á ári hverju undanfarið, 100 þús. kr., til þess að byggja upp á jörðunum. Um eitt skeið fjölgaði mjög þeim jörðum, sem komust í eigu ríkissjóðs, þannig að allmargir notuðu sér rétt þann, er þeir höfðu til þess að koma jörðum sínum í eigu ríkissjóðs, sérstaklega þegar jarðir voru yfirhlaðnar af skuldum. Og afleiðingin af þeirri fjölgun þjóðjarða er sú, að það þyrfti að síauka framlög ríkisins til þess að halda þessum jörðum í því horfi, að líkindi væru til, að þær yrðu byggðar framvegis. Þessar 100 þús. kr. hafa hvergi nærri hrokkið til þess að gera það, sem nauðsyn var að gera í þessu efni á jörðum ríkissjóðs. Það hefur verið farið fram á að hækka þessa fjárveitingu upp í 200 þús. kr., og ég ætla, að hv. fjvn. leggi með því, að sú krafa verði tekin til greina. En jafnvel þó að þetta framlag, sem veitt hefur verið til þessa, verði tvöfaldað, er mér fullljóst, að það hrekkur hvergi nærri til þess, að ríkissjóður geti orðið sæmilegur landsdrottinn, eins og ætti þó að mega gera kröfu um, að hann væri. Það er því alveg ljóst, að ef á að herða á þessum kröfum, þá er ekki nema um tvennt að ræða fyrir ríkissjóð, annaðhvort að leggja fram stórfé — sem væntanlega yrði að gerast með lántökum — til þess að byggja upp þær jarðir ríkissjóðs, sem byggingar eru nú ekki viðunandi á, eða að öðrum kosti að hefjast handa um sölu á jörðunum. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta sé að færast í sama horf eins og það var, þegar við munum fyrst eftir, sem nú erum á fullorðinsárum, að það var hægt að fara um sveitirnar og benda á, hvaða jarðir væru í eigu hins opinbera. Þær þekktust úr á því, að þær voru verr setnar að öllu leyti en aðrar jarðir, bæði að byggingu og ræktun. Þær voru a. m. k. svo í þeim byggðarlögum þar sem ég þekkti bezt til, og hygg ég, að ekki væri erfitt að fá staðfestingu á því hér í hv. d. Og það er ekki æskilegt, að þetta fari aftur í sama horfið. Mér er ákaflega ósárt um, þó að ákvæði væru sett í l. um það, að hafizt væri handa um að koma jörðum sem mest í eign einstaklinga í landinu. Sú breyt., sem varð þegar kirkjujarðir voru seldar árin 1908 til 1912 og var geysimikil, var augljós hverjum manni, sem hafði opin augu. Og ég ætla, svo framarlega sem íslenzkur landbúnaður á einhverja framtíð fyrir höndum, að eins mundi fara í annað sinn, ef hafizt væri handa um sölu á jörðum ríkisins. Menn hafa nú yfirleitt rúm fjárráð. Margir hafa góð skilyrði til að kaupa ábýlisjarðir sínar, og margir hafa viðunanleg fjárráð nú til þess að reisa á þeim viðunanlegar byggingar og laga þær að öðru leyti. Og ég get hugsað, að það væri heppilegur tími nú til þess að hefjast handa um að koma jörðum í sjálfsábúð. — Hin leiðin, að ríkissjóður færi að taka stórlán til þess að byggja jarðir upp, gæti náttúrlega komið til álita líka, en að mínu áliti þó tæplega nema því aðeins að jarðirnar væru þá settar í erfðaábúð og viðhaldsskyldan og endurbyggingarskyldan færðist alveg yfir á ábúanda. Það þekkist í framkvæmdinni, að það eru yfirleitt bæði gerðar meiri kröfur til ríkissjóðs og líka minna skeytt um, þó að eigur ríkissjóðs gangi úr sér og fari forgörðum en á sér stað gagnvart eigum einstaklinga.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja. Ég vildi benda á það, hverjar afleiðingar samþykkt þessa frv. gæti haft. Og ég vildi undirstrika það, sem hv. þm. Barð. sagði, að ef ríkissjóður á að vera undir sömu sökina seldur eins og aðrir um skyldur til endurbygginga á jörðunum, þá verða hv. þm. að gera sér grein fyrir því,

að það mundi kosta ærin fjárframlög úr ríkissjóði.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég sé satt að segja ekki, að þetta frv. sé svo ægilegt eins og þeim virðist það hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Barð. Ég heyrði reyndar ekki ræðu hv. þm. Barð. til hlítar. En eftir því, sem minnzt var á úr henni, virtist honum þykja þetta ægilegt frv. Í 1. gr. frv. kemur ekkert nýmæli fram. Ef maður les 3. gr. l. nr. 87 frá 1933, þá er þetta tekið, a. m. k. tvær fyrstu málsgr., hér um bil orðrétt upp úr l. En þá kemur 3. málsgr. 1. gr. frv., um að sveitarstjórn geti krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki o. s. frv. En í 11. gr. í gildandi ábúðarl. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna."

Nú er það einnig í ábúðarl. heimilað, að ef ekki eru nægileg hús á jörðum, svo sem ef hús fellur, þá er landsdrottni skylt eitt af tvennu, annaðhvort að byggja upp nægileg jarðarhús eftir mati úttektarmanna eða, ef hann ekki vill gera það, þá má leiguliði gera það, og síðan skulu húsin metin af úttektarmönnum og það framlag, sem leiguliða ber fyrir það frá landsdrottni, því að landsdrottinn þarf ekki að kosta rif húsanna eða flutning á innlendu efni, en hitt verður hann að kosta að mestu eða öllu leyti. Og þetta verður landsdrottinn að greiða eftir mati úttektarmanna til leiguliða, sem í slíku tilfelli byggir upp. Svo að það er hér um bil sama og það, sem hér er á ferð í þessu frv. Í frv. þessu er aðeins talað um, að nauðsynleg hús og mannvirki skuli vera á þessum jörðum ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi, sem jörðin er í, að dómi úttektarmanna, miðað við landverð jarðarinnar. Svo að þetta virðist vera mjög svipað ákveðið í þessu frv. eins og er í gildandi ábúðarl. — En aftur á móti er öðru máli að gegna um 2. gr. frv., um það, ef jarðeigandi þrjózkast við að láta jörð, sem hann á, á leigu, eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, ef sveitarstjórn vill taka hana til þess eftir mati úttektarmanna, þ. e. ef jarðeigandi vill ekki á neinn hátt láta jörðina í annarra hendur, þá geti komið til þeirra kasta, sem 2. gr. talar um, að uppboð fari fram á jörðinni eða því um líkt, ef jörðin er ekki nytjuð eða haldið við eins og tilskilið er.

Annars eru ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er borið fram, þ. e. þessa breyt. er lagt til að gera, sú, að ýmsir utansveitarmenn, sem hafa gert það sér til ágóða eða skemmtunar að kaupa jarðir, hafa svo ekki hugsað verulega um að yrkja þær. Þeir hafa þá kannske lánað eitthvað það bezta af slægjum jarðanna mönnum í sveit eða kaupstað, selt burt hey af túni eða þess háttar, en notað jörðina að öðru leyti til leikvalla eða lax- eða silungsveiði. Þetta mun vera það, sem hefur komið hv. flm. af stað til þess að reyna að fyrirbyggja þetta.

Annars er ekki hætt við því, að sveitarstjórnir gerist leigjendur jarða til þess svo að framleigja þær nema nauðsyn beri til. Þess vegna segi ég, að frá mínum bæjardyrum séð sem form. landbn., þó að hv. þm. Barð. vilji ekki kannast við mig sem slíkan, verður engu um bætt með því að vísa þessu máli aftur til nefndar. Ég held, að það sé þá bezt að láta skeika að sköpuðu um það, hvort frv. þetta verður fellt eða samþ. Því að það er búið að eiga svo mikið við þetta mál, bæði á Alþ. og utan þings, að það verður að ég hygg ekki til mikilla umbóta fyrir málið að vísa því nú aftur til n. *(BBen:* Vill hv. form. n. ómerkja orð hv. frsm.?) Hann sagði: Ef aðrir nefndarmenn mæla ekki á móti því. Og mér dettur ekki í hug að ónýta orð þessa heiðursmanns, síður en svo. En ég tek eftir því, sem hann segir, og reyni að fara rétt með hans orð, en ekki snúa þeim og afbaka þau, eins og sumir vilja fara með þetta frv., sem hér liggur fyrir n. — Ég vil helzt, að gengið verði til atkv. um þetta mál nú þegar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. Dal. hefur nú tekið af mér ómakið, því að ég er honum sammála um það, að þetta frv. sé ekki stórhættulegt. En um það atriði, sem hér hefur verið mest talað um, þ. e. kröfur á hendur ríkissjóði vegna byggingar á jörðum, sem hann á, er það að segja, að það er ekki farið fram á annað um það atriði hér í þessu frv. en það, að ríkissjóður standi í því efni jafnt að vígi og aðrir landeigendur, sem ekki búa á jörðunum sjálfir. Og ég verð að segja það út af því, að mér finnst það ríkinu tæplega sæmandi — eins og reyndar gert hefur verið undanfarið vegna breyt. á ábúðarl., sem komust inn hér á hæstv. Alþ. á sínum tíma, þegar ábúðarl. voru sett, því að þá var því frv. breytt, sem upphaflega var fyrir þingið langt — að gera hærri kröfur til þeirra þegna þjóðfélagsins, sem eiga jarðir í leiguábúð, heldur en ríkið gerir í þessu efni til sjálfs sín. Það kann að vera alveg rétt, sem hv. form. fjvn. segir, að ef ríkið á að fullnægja þeim skyldum í þessu efni, sem það leggur á aðra, þá þurfi að veita meira fé til þess en undanfarið hefur verið gert. En ég sé ekki annað en að það sé skyldugt til þess og því sjálfsagt að gera það.

Hæstv. landbrh. sagði áðan, hann er nú að vísu ekki við hér nú, að þegar hann hefði verið ungur og þeir, sem væru á svipuðum aldri og hann, þá hefði alveg mátt þekkja þær jarðir úr í sveitunum, sem hefðu verið í opinberri eigu, vegna þess, hve þær hefðu verið illa setnar. Ég er nú svo að segja nákvæmlega á sama aldri og hæstv. landbrh. er, og ég kannast nú ekki við þetta úr þeim byggðarlögum, þar sem ég er kunnugastur. Það voru aðrar jarðir, sem mátti þekkja úr þar og þá, vegna þess, hve illa þær voru setnar, sem voru þær jarðir, sem voru í leiguábúð, en í eigu einstaklinga. Þær mátti alveg þekkja úr í þá daga, vegna þess, hve allt drafnaði þar niður. En nú, síðan ábúðarl. komu og þær kvaðir, sem lagðar voru með þeim á landsdrottna, þá er þetta töluvert að snúast við, þannig að það er víða svo, að það er ekki lífandi leið fyrir ábúendur á ríkisjörðum að fá nauðsynlegar umbætur gerðar á húsum, vegna þess að ríkið þrjózkast við að leggja fram fé til þess. Nú væru náttúrlega fleiri leiðir færar til þess

að ríkið byggði upp á jörðum sínum en það, að ríkið beinlínis legði fram fé í þessu skyni, og gengi það nokkuð í þá átt, sem hv. þm. Barð var að tala um, og það var það, að ríkið væri frjálslyndara en það nú er um það að veita ábúendum þessara jarða veðleyfi í jörðunum til lántöku, svo að þeir gætu tekið lán til framkvæmda, sem nauðsynlega þarf að gera á jörðum ríkisins, og það veðleyfi þyrfti að sjálfsögðu að vera ríflegt. Því að ég þekki til þess um marga ábúendur opinberra jarða, að þeir mundu hiklaust ráðast í lántöku, ef þeir fengju leyfi til þess að veðsetja jörðina að fullu, þó að þeir yrðu þá sjálfir að kosta einhverju til, til þess að geta byggt upp á þessum jörðum. Því að það er auðvitað, að ef svo atvikaðist, að þeir flyttu burt af þessum jörðum, þá væru þeir lausir við lánið, því að það hvíldi á jörðinni, og þeir þyrftu þá ekki að eiga meira á hættu en það, sem þeir legðu fram af eigin fé. En eins og nú er, þarf leiguliði oft að eiga það á hættu að tapa mestöllu því fé, sem hann kann að hafa lagt í umbætur á jörðinni, ef hann flytur þaðan. Þetta álít ég m. a. til athugunar, sérstaklega ef þetta frv. verður samþykkt.

Þessar þjóðjarðir eru nú með tvennum hætti, eins og menn vita. Það eru annars vegar þær gömlu þjóðjarðir með þeim gamla leigumála, sem var áður fyrr. Hins vegar eru aftur bæði þær þjóðjarðir, sem voru keyptar af ábúendum og eigendum nú fyrir nokkru, og fleiri, sem leiguliðarnir hafa fengið í erfðaábúð. Eins og menn vita, gilda um þær jarðir sérstök ákvæði, og ábúendum þeirra er heimilt að taka lán út á jarðirnar. En það er ekki nema sem svarar helmingi landverðs, sem er lántakendum náttúrlega allt of lítið. Og ég vil gjarnan beina því til hv. landbn. um leið og þetta frv. er samþ., að hún athugi ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt hvað þetta snertir. Ég leit svo á, þegar þau lög voru sett, og gerði tilraun til að laga það þá, að þessi heimild til veðsetningar jarða í erfðaábúð væri allt of lág.

Ég, sem sagt, tel, að þar sem ríkið hafi verið með beztu landsdrottnum þegar við hæstv. landbrh. og ég vorum unglingar, þá sé það nú orðið með þeim lökustu. Enda eru nú fáir landsdrottnar reyndar að verða nema ríkið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hv. þm. Dal. kvartaði undan því, að menn hefðu gleymt forsetatign hans í landbn. Kom það illa við hans skap, sem von var. Enda vildi hann sýna, hver völd hann hefði og tók völdin sem form. n. og mótmælti því, að n. tæki málið til athugunar. Það má segja: Ólíkt höfumst við að. Við hv. þm. Barð. höfum dyggilega fylgt hv. þm. Dal. í að fá af létt því ákvæði, sem var í 17. gr. jarðræktarl., og hefðum við þess vegna vænzt hans forustu, hv. þm. Dal., áfram um að standa á móti þessu óþurftarmáli. En nú sækir hv. þm. Dal. það svo fast, að ákvæði þessa frv. gangi fram, að hann neitar jafnvel rækilegri athugun málsins.

Það er annars eftirtektarvert, að bæði hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Eyf. kunnu ekki annað fram að færa þessu frv. til ágætis en það, að það væri ekki hættulegt eða ekki mjög hættulegt. Og sýnist þar nú orðin heldur lítil ástæða til lagabreyt., ef ekki er annað en það, að breyt. hafi ekki stórkostlega hættu í för með sér. Heldur hafa menn talið, að lagabreyt. ættu að vera réttarbót en að eina vörnin væri sú fyrir þær, að þær hefðu ekki mjög mikið óhagræði eða tjón í för með sér. Hins vegar kom fram í ræðu hv. 1. þm. Eyf., að hann taldi þörf á í sambandi við þessa löggjöf, að breytt yrði fleiri l., ef þessi löggjöf ætti að hafa þau áhrif, sem vekti fyrir hv. flm. Og það sýnist mér enn benda til þess, að það sé ástæða fyrir hv. landbn. að athuga þetta mál frekar. — Ég vil þess vegna vonast til þess, að hv. form. n. fallist nú á þau góðu orð hv. frsm., sem ég þakka honum fyrir, að sanngjarnt væri, að málið yrði tekið til frekari athugunar, ekki sízt vegna þess, að í ummælum hv. form. n. kom berlega fram það, sem ég hafði hugsað, að þessari löggjöf væri sérstaklega beint gegn utansveitarmönnum. Nú vefengi ég alls ekki, að það kunni að vera ástæðan til þess, að frv. er fram komið, og get fallizt á, að það kunni ástæður að vera til þess, að utansveitarmönnum líðist ekki að láta jarðir fara í eyði. En hinu tjáir alls ekki að neita, að það verður þá að vera séð fyrir öruggum dómstólum á milli sveitarfélaga annars vegar og utansveitarmanna hins vegar. Mér finnst ekki nema sanngjarnt, að landbn. taki til athugunar, hvort ekki sé hægt að finna meira öryggi í þessum efnum en frv. enn sýnist hafa upp á að bjóða, ef hv. þm. Dal. vill nú taka upp sams konar ofbeldisaðferðir, sem hann vitti svo mjög í sambandi við 17. gr. jarðræktarl., og vill ekki hlýða góðra manna ráðum í tíma, heldur innleiða hér nýja kúgun. En það gæti tekið nokkurn tíma að fá þessari kúgun af létt aftur. Og til þess að spara hv. þm. margra ára baráttu gegn þessu, sem hv. þm. Dal. vill nú flaustra af, vil ég benda honum á, að n. taki þetta til athugunar á ný, til þess að vita, hvort ekki er hægt að fá nýtt fyrirkomulag á því, sem frv. þetta stefnir að og á að tryggja, þó að fast væri haldið við ákvæði frv. að öðru leyti.

Ég get nú látið máli mínu lokið með þakklæti fyrir það, að ræða mín hefur nú haft svo blíðkandi áhrif á hv. þm. Dal., að mér virðist, að hann vilji fallast á að láta á ný athuga þetta mál.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég bjóst varla við umr. um þetta frv., þó að það sé merkilegt að ýmsu leyti og geti gefið nýja réttaraðstöðu ríki og einstaklingum, þar sem það er nú komið til 3. umr. í síðari d. Því að þegar málum er svo langt komið, fer maður venjulega að eygja lendingarstaðinn. En mér finnst sanngjarnt, úr því að till. hefur um það komið, að frv. verði tekið til nokkurrar athugunar enn af landbn. Segi ég það ekki af því, að ég sé ekki óbreyttrar skoðunar um meginefni frv. Ég hef fyrirvaralaust skrifað undir nál. og meira og minna tekizt á hendur framsögu í því og segi með því, að ég sé með frv. En hins vegar hefur komið hér fram kritík um það, að hér sé ekki vel um hnúta búið. Og einmitt af því, að frv. er ætlað að verða til

réttarbótar, þá þarf sú n., sem fjallar um málið, því fremur að vanda athugun á því.

Hv. 6. þm. Reykv. hefur haft orð á því, að þó að útteltarmönnum megi yfirleitt treysta, þá sé ekki einhlítt, að ekki geti út af borið, og þá megi allir vita, að lög þessi hafi opnað dyr fyrir okkur til þess að áfrýja því, sem gert er eftir þeim, til æðri dómstóla. Og með þetta fyrir augum vildi ég, að málið væri athugað á ný af landbn., en hins gat ég, að það væri lagt til af mér því aðeins, að það mætti ekki mótmælum frá gildum stöðum, þar sem ég átti sérstaklega við hv. form. landbn., því að hv. þm. Dal. er form. landbn., og því er það hann, sem kalla þyrfti saman fund til þess að taka þetta mál til athugunar, en ekki ég. Þetta er minn einkavilji í þessu, að mér finnst málinu ekki spillt með því, að það fari til athugunar á ný í n., og að með því mætti taka mýkra og sanngjarnara á því, án þess þó að vera nokkuð reikandi um álit mitt á meginákvæðum frv. Ég vil því láta athuga frv. betur, ef ekki koma mótmæli gegn því frá gildandi stað, það er hv. form. landbn.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að mér virðist hér í hv. d. gæta nokkurs misskilnings um þetta frv. Það hefur verið rætt um það eins og það ætti að gilda um jarðir yfirleitt. En þetta er alls ekki svo, heldur á þetta frv. aðeins við um jarðir, sem eigendur búa ekki á og annaðhvort nytja að einhverju leyti sjálfir eða nytja ekki og þess vegna níðast niður, þannig að hús falla og að því rekur síðast, að þær verða ekki byggilegar. Ákvæði þessa frv. eiga við þessar jarðir, en ekki þær, sem í ábúð eru. Ég vil vekja athygli hv. þdm. á þessu.

Mér fannst hv. 6. þm. Reykv. halda því fram, að hér væri verið að leggja kvaðir á jarðeigendur, sem ekki hafi þekkzt áður. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég held, að ábúðarl. leggi vissar kvaðir, að vísu vægar, á eigendur jarða um að húsa þær, og á það hefur verið drepið af öðrum hv. þm. hér. Og það er kunnugt, og þekkja sjálfsagt margir, að það er að verða svo meira og meira nú, að einhverjir menn einhvers staðar, hingað og þangað um landið, eiga jarðir, en hirða ekki um að hafa þær í ábúð. Þessar jarðir rýrna og verða að engu, sveitarfélagi og þjóð til lítils gagns og eigendum sjálfum vitanlega líka. Og mér finnst sjálfsagt að setja ákvæði til varnar því, að þetta verði svona áfram. Það er ekki víst, að þetta sé rétta ráðið, sem ákveðið er í þessu frv. til þess að varna þessu, en mér finnst þetta reynandi.

Ég hygg, að að sumu leyti hafi eitthvað verið til í því, sem hæstv. landbrh. sagði, að þegar hann var ungur, hafi verið auðvelt að þekkja úr jarðir, sem ekki voru í sjálfsábúð, vegna þess, hve þær voru illa setnar. En ég býst við, að sú breyt., sem gerð var á ábúðarl., að nú á að byggja jarðir til lífstíðar, hafi haft alvarlega þýðingu um það, að sú breyt. er á orðin, að minni munur er á jörðum annars vegar, sem eru í leiguábúð, og hins vegar í sjálfsábúð.

Ég læt mig engu skipta, hvort þessu frv. verður vísað til landbn. aftur. Það má vel vera, að nm. hafi við þessa umr. tekið eftir einhverju, sem mætti taka til yfirvegunar, þó að ég búist ekki beint við því.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst, að hv. 6. þm. Reykv. og aðrir soldátar í liði hæstv. ríkisstjórnar ættu sízt af öllu að taka sér í munn orðið ofbeldi í sambandi við landbúnaðarmálin. Það hefur nú sýnt sig á undanförnum árum viðkomandi sölu jarða og annarra ráðstafana viðvíkjandi þeim, að allur útreikningur Sjálfstfl., þar á meðal hv. þm. Dal., út af 17. gr. jarðræktarl., hefur ekki haft við neitt að styðjast. Og mér þætti fróðlegt að heyra, ef nokkur maður gæti bent á nokkurt ofbeldi í sambandi við það mál. Hitt er vitað, að hér stendur til á Alþ. af stjórnarliðinu að beita alla bændastétt landsins því ofbeldi að taka af henni allan umráðarétt yfir afkomumöguleikum sínum og atvinnu. Skal ég svo ekki fara frekar út í það, því að það er ekki hér á dagskrá.

Það var hv. 6. þm. Reykv., sem minntist á þetta mál hér. En hann gat ekki haft rétt eftir mér það, sem ég sagði áður. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það eina, sem ég og hv. þm. Dal. hefðum að segja þessu máli til gildis, væri það, að það væri ekki hættulegt. Ég tók einmitt fram atriði, sem mér fannst mjög þýðingarmikið, kost, sem ég taldi vera á frv., sem sé þann að leggja sömu skyldur í vissum efnum á ríkissjóð, sem á jarðir, eins og hafa verið lagðar á einstaka menn, sem eiga jarðir í leiguábúð.

Það er að vísu rétt, að ég tók fram, að frv. þetta mundi ekki vera hættulegt í þeim efnum, sem um hafði verið talað. En þetta, sem ég nefndi, taldi ég sem kost á frv. Ég get alveg gengið inn á það, að það sé ekki ástæða til þess að samþ. frv. þetta fyrir það eitt, að það sé ekki hættulegt, ef það gerir engar umbætur frá fyrra ástandi. En ég benti á þessa umbót, sem ég nefndi, alveg sérstaklega. Og auk þess eru það fleiri umbætur, sem í frv. felast. Það kveður skýrar á um það en áður hefur verið í ábúðarl. að hindra menn í að láta jarðir fara í eyði að þarflausu. En aðrir höfðu talað um það, og ég sá ekki ástæðu til þess að taka það fram.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil bara taka það fram, úr því að hv. frsm. málsins leggur áherzlu á og óskar sérstaklega eftir, að málið verði athugað betur hjá landbn., að þá fyrir mitt leyti hef ég ekki á móti því og tel ég það rétt, ef hann hefur eitthvað fram að færa til endurbóta á málinu, að landbn. taki málið til athugunar, sem hún getur á fundi á morgun. Vænti ég þá, að ekki standi á svörum. En ég vil ekki neitt karpa við þá menn, sem hér hafa staðið upp. Og sérstaklega læt ég mig litlu skipta, hvort hv. 6. þm. Reykv. kallar mig form. n. eða ekki, eða hvort hann kallar hv. þm. Barð. það. En ég læt mig miklu skipta, hvort sú Gláms-náttúra á að ríkja í landinu að brjóta niður hús og setja jarðir í eyði, sem eru byggilegar og vel hæfar til ábúðar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Dal. fyrir það, að hann hefur fallið frá

sínu fyrra harðræði og vill nú fresta málinu. Hitt er óþarfi, finnst mér, að gefa mönnum aðeins 24 tíma frest til þess að athuga þetta mál. Mér finnst hann vilja beita þar nokkru einræði, þar sem hann vill setja um þetta nokkurs konar ultimatíma, eins og stórþjóðir gera þegar um minni þjóðir er að ræða. — En ég hef alltaf munað eftir formannstign hv. þm. Dal., og hann þarf ekki að víta mig fyrir að gleyma henni, heldur var það hv. þm. Barð., sem gerði það.

Í ummælum hv. 1. þm. Eyf. kom fram sú gremja, sem mjög hefur komið fram hjá hv. þm. Framsfl. vegna þess að þeir hafa misst völd í landinu, og fór sá hv. þm. að blanda því inn í þetta mál. — Ég kannast ekki við, að ég eða aðrir stuðningsmenn núverandi hæstv. ríkisstjórnar hafi á nokkurn hátt viljað beita bændastéttina ofbeldi. Því fer alveg fjarri. Löggjöf sú, sem sett hefur verið af hæstv. ríkisstjórn um mál þeirrar stéttar, hefur á allan veg gengið í þá átt að veita landbúnaðinum tryggingar, sem hann ella hefði ekki haft, ef þessi löggjöf hefði ekki verið sett, og að fá bændum í hendur völd, sem áður voru í höndum annarra manna. Svo að ég verð að segja, að það er fullkomið öfugmæli, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur um það mælt. Hinu tjáir ekki að neita, að aðalstuðningsorð hans í hans fyrri ræðu um frv., sem hér liggur fyrir, var, að það væri ekki til mjög mikils tjóns. Og varðandi það efni, sem sá hv. þm. tók fram nú, þá tók hann fram, að hann áliti, að það þyrfti að breyta öðrum lögum til þess að frv. komi að fullu gagni. Og það er þess vegna, sem ég álít, að frv. þetta þurfi frekari athugunar við. Ég tel það góðan tilgang, sem fyrir mönnum vakir með þessari lagasetningu, en að hún sé þess eðlis, að það þurfi að gæta varúðar um þau ákvæði, sem þar eru sett. Og um þetta virðist mér hv. 1. þm. Eyf. geta verið mér sammála og það því koma úr hörðustu átt, ef hann deilir á mig af þessu tilefni.

Bernharð Stefánsson: Það er náttúrlega tilgangslaust að ræða við menn eins og hv. 6. þm. Reykv., sem býr til ræður, sem hann segir, að aðrir menn hafi flutt, alveg eftir því, sem honum hentar, og leggur svo út af því. Ég aðeins tók undir þau ummæli hv. þm. Dal., form. landbn., að frv. þetta mundi ekki vera að neinu leyti hættulegt. Á hinn bóginn gerði ég að aðalumtalsefni kost, sem ég taldi vera á frv. Það var mitt aðalumtalsefni. — Það var ekki ég, sem innleiddi hér umr. um ofbeldi, heldur hv. 6. þm. Reykv., sem fór að tala um ofbeldi í sambandi við 17. gr. jarðræktarl., sem ekki kom þessu máli við. Ég aðeins anzaði þessum ummælum hans og benti honum á það, sem hann getur ekki neitað með nokkrum rökum, að hér stendur til að beita bændastétt landsins meira ofbeldi en þekkzt hefur hér á landi og í nokkru lýðræðislandi, sem sé, að tekin verða af henni öll ráð um sölu afurða hennar og lífsafkomu. — Meira hef ég ekki við þennan hv. þm. að segja.

Bjarni Benediktsson: Það mætti e. t. v. beina því til hv. 1. þm. Eyf., hvernig stendur á því, að margir flokksmenn hans og sennilega hann sjálfur voru með því að afnema 17. gr. jarðræktarlaganna. (*BSt:* Af því að hún var þýðingarlaus og hefur alltaf verið).

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Eins og ráð var fyrir gert síðast er frv. þetta var hér til umræðu, tók landbn. málið til athugunar milli funda vegna orða þeirra, sem féllu á síðasta fundi hér í d., þegar mál þetta var rætt. Ég lét þá svo um mælt vegna aths., sem fram komu, að ég væri fremur hlynntur málskotsréttarákvæðinu. N. komst að þeirri niðurstöðu á fundi sínum, að hún sæi sér ekki fært að hreyfa við málskotsákvæðinu og yrði að láta sitja við það ákvæði ábúðarlaganna. Frá minni hálfu kom það fram á fundinum, að ef einhver dm. vildi koma fram með málskotsréttarákvæðið, vildi ég hafa óbundnar hendur um atkvgr. Að öðru leyti fékk þetta ekki undirtektir á fundinum.

Um fyrirspurn hv. þm. Barð. á síðasta fundi, um það, að hve miklu leyti jarðeignir ríkisins kæmu hér til greina, þá sá n. ekki ástæðu til að leita upplýsinga um það efni. Taldi n. eðlilegt, að sama gengi yfir hið opinbera og yfir einstaklinga, þegar um væri að ræða byggingu á jörðum.

Ég get fallizt á, að frv. verði samþ. að því athuguðu, sem ég hef tekið fram.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi eiga þess kost að bera fram brtt. við þetta frv. og vil fara þess á leit, að málinu verði frestað til mánudags. Mun ég þá koma með brtt. mína.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Á síðasta fundi kom upp deila, sem minnti mig á deilu þá, sem nú stendur um Pétur konung í Júgóslavíu. Hún var um það, hver væri formaður landbn. Hv. þm. Dal. er form. hennar, og er það hans að ákvarða, hvort málinu verður frestað.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram, að ég tel mál þetta ekki svo flókið, að ekki sé hægt að ljúka því nú á þessum fundi. Ég verð að segja, að mér finnst enga nauðsyn bera til þess að fresta þessu að nýju, þar sem landbn. hefur látið það álit sitt í ljós, að rétt væri að endurskoða ábúðarlögin. En um málskotsréttinn er það að segja, að varla er ástæða til að taka það atriði sérstaklega. Ábúðarlögin bíða endurskoðunar, og þar sem þetta er bráðabirgðaráðstöfun, tel ég enga ástæðu til að fresta málinu vegna þessa eina atriðis. En ég sætti mig við úrskurð hæstv. forseta, þótt ég sé á móti frestun málsins.

Forseti (StgrA): Þessu máli hefur áður verið frestað, og samkvæmt áliti hv. form. landbn. tel ég ekki rétt að fresta því lengur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Enda þótt Ed. hafi breytt þessu frv. nokkuð frá því, sem það var, þegar það var til meðferðar í þessari d., þá vil ég f. h. landbn. leggja til, að frv. verði samþ. eins og það er.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

---

26. Lestagjald af skipum.

Á 17. fundi í Ed., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum (þmfrv., A. 64).

Á 18. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Fjhn. flytur þetta frv. að beiðni hæstv. fjmrh. Það er ekki flókið né mikið um það að segja. Frv. felur aðeins í sér þá breyt., að lestagjald af skipum verði innheimt um leið og önnur gjöld af svipuðu tagi, vegna þess að það mun auðvelda framkvæmd þeirrar innheimtu.
Þetta gjald var áður, samkv. l., innheimt á manntalsþingi, en með þessu fyrirkomulagi verður það innheimt nokkru fyrr. Annars þarf ekki að orðlengja þetta frekar. N. telur það svo sjálfsagðan hlut að breyta þessu. Það er ekkert til óhagræðis fyrir útgerðarmenn, en til mikils hægðarauka fyrir alla innheimtu, og kemst greiðslan fyrr til ríkissjóðs en ella.
Ég legg til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 64, n. 236, 258).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta er stjfrv., og við það er gerð brtt. á þskj. 258, eftir beiðni tollstjóra og skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Þessar breyt., sem gerðar eru á lestagjöldunum með þessum hætti, koma eingöngu við innheimtunni, og það er sameiginlegt álit tollstjóra og skrifstofustjórans, að það muni gera ráðuneytinu miklu hægara fyrir um innheimtu þessara gjalda, ef þau eru innheimt á sama tíma og önnur skipagjöld.
Fjhn. leggur til einróma, að frv. og brtt. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 258,a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 258,b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 290).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefur áður verið hér í d. og samþ. þar, að það yrði sent Nd., en hún hefur samþ. það, þó með einni breyt., og má þó að vísu segja tveim breyt. Önnur þeirra er ekki breyt. á l., heldur það, að það eigi að fella frv., þegar það er orðið að l., inn í meginmál heildarlaga. Hin breyt., sem orðið hefur í Nd., er sú að fella niður úr 4. gr. l. frá 1921 þessa setningu, með leyfi hæstv. forseta: „Ef skip ferst eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu, greiðist fullt gjald." Þegar þetta hefur verið fellt niður, ber að skilja það þannig, eftir því sem hv. flm. hafa sagt, að ef skip ferst á árinu, þá er lestagjald greitt á árinu hlutfallslega eftir því, hve lengi það hefur gengið um árið. Ef það hefur gengið í þrjá mánuði, þá verða það 25%, og ⅓ af öllu lestagjaldinu, ef um 4 mánuði er að ræða. Þetta vil ég taka fram, svo að ekki komi til misskilnings um þetta. Annars sá fjhn. ekki ástæðu til að breyta þessu aftur. Í þetta skipti varð fjhn. annars sammála um að mæla með því eins og það hefur komið frá Nd., að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

29. Aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Á 26. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945 (þmfrv., A. 105).

Á 29. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 105 er, eins og í grg. segir, flutt fyrir tilmæli hæstv. atvmrh. Forsaga málsins er nokkuð löng, og ég mun þess vegna ekki fara langt út í hana, en aðeins geta um helztu atriðin, sem urðu þess valdandi, að þetta frv. er fram komið. Það þótti sem sé bersýnilegt í lok ágústmánaðar s. l., að síldarvertíðin mundi bregðast að verulegu leyti. Og auk þess sem hæstv. atvmrh. sýndist, að þörf mundi vera einhverra aðgerða til þess að koma í veg fyrir vandræði í framtíðinni vegna aflabrests, þá sýndist einnig, að aflabresturinn á þessari vertíð gæti haft svo alvarleg vandræði í för með sér fyrir ýmsa útvegsmenn, að það gæti haft nokkur áhrif á rekstur skipanna í framtíðinni. Þótti því ekki fært, að ríkið sæti aðgerðarlaust hjá, þegar svo stæði á. Þess vegna skipaði hæstv. atvmrh. 5 manna n. til þess að rannsaka og gera till. um þessi mál. Eftir þeirri skipun, sem n. fékk, var verk hennar tvíþætt. Í fyrsta lagi var n. ætlað að gera till. um að verja útgerðina áföllum, sem orsakast af óviðráðanlegum orsökum, svo sem aflabresti, og í öðru lagi skyldi hún gera till. um aðstoð við þá útvegsmenn, sem væru illa staddir eftir vertíðina í sumar. N. hefur nú ekki skilað áliti um fyrra atriðið eða gert till. um það. N. komst hins vegar að þeirri niðurstöðu, að það hefði alvarlegar afleiðingar, ef ríkið veitti ekki útvegsmönnum áframhaldandi rekstrarlán. Og margir síldarútvegsmenn verða að stoppa, ef ríkið hleypur ekki undir bagga með þeim að einhverju leyti.

Hæstv. atvmrh. sendi sjútvn. þetta frv. ásamt bréfi, þar sem hann fór fram á, að n. flytti frv. Sjútvn. þessarar d. ræddi þetta við sjútvn. Ed., og varð niðurstaðan sú að flytja frv. nokkuð breytt, en breyt. tryggja ríkið fyrir skakkaföllum. N. bar þetta undir ráðh. og féllst hann á það.

Ég tel svo, að ekki þurfi að ræða þetta nánar. Útvegsmenn bíða með óþreyju eftir því, hvaða afstöðu Alþ. tekur til þessara mála. Þetta er ekki beiðni um styrk, heldur lán, og í frv. er gert ráð fyrir, að vextir verði fremur lágir. Í frv. er líka reynt að tryggja, að þeir, sem lánanna njóti, setji tryggingar fyrir þeim. Það má e. t. v. segja, að þeir þurfi ekki lán, ef þeir geti sett tryggingar, en þessu er þó öðruvísi háttað. Hér verður miðað við tryggingar, sem bankarnir telja ekki fullnægjandi. Það er algengt, þótt maður eigi verðmætar eignir, að maður fær ekki lán í banka nema að vissu marki.

Ég vil svo ekki lengja þessa framsögu. Þetta er ekki ölmusubeiðni, heldur aðstoðarbeiðni, og vona ég, að litið verði á það með skilningi, og einnig vildi ég mælast til þess, að það verði sem minnst tafið, því að það var þegar orðinn dráttur á því áður en það kom til Alþ., því að rétt þótti að ræða það vel, svo að það yrði sem bezt undirbúið. — Ég óska svo eftir, að þessu máli verði vísað til 2. umr.

Eysteinn Jónsson: Vegna þess að ég er ekki flm. þessa frv., en á þó sæti í sjútvn., þá vil ég segja fáein orð.

Ég taldi, að betur hefði farið á því að fara aðra leið í þessu máli, en það þýðir ekki, að ég sé því mótfallinn, þetta er mjög svo merkilegt mál. En þannig er nú málum komið, að strax þegar atvinna stöðvast, þrátt fyrir gott verðlag, þarf að grípa til þess að stofna lánasjóð til þess að bjarga afurðunum. Ég álít, að undirbúningur þessa máls hefði átt að vera annar, og ég tel neyðarúrræði að stofna sérstakan lánasjóð út af óhappi í sumar. Þetta er þýðingarmikið fordæmi og allt á fremstu nöf að því er varúð og fyrirhyggju viðkemur. N., sem rannsakaði efnahag manna, hefði átt að athuga betur allar aðstæður og kynna sér afkomu allra þessara manna, hvaða tryggingar þeir hefðu og möguleika til að útvega ábyrgð, er til þyrfti. N. hefði ekki aðeins átt að starfa sem rannsóknaraðili, heldur einnig sem leiðbeinandi. Margir eða flestir — ég þori ekki að segja allir — hefðu getað fleytt þessu áfram án þess að stofna kreppulánasjóð, en þá hefði verið mikið unnið fyrir þingið og útgerðarmennina, því að þá langar ekki í slíka lánsstofnun. Ég fullyrði, að ef þessi aðferð hefði verið höfð og þeir fengið fyrirgreiðslu í bönkum, þá hefði það hjálpað

mjög mikið, þótt ekki væri alveg hægt að komast hjá sjóðsstofnun. Ég talaði við nm. og stjórnina um þessa aðferð. Það var að vísu orðið nokkuð seint, en þó mætti enn komast að mestu hjá þessum kreppulánasjóði — ég þori ekki að segja alveg. Ég játa, að þetta áfall hafi verið erfitt fyrir byrjendur, en með fyrirgreiðslu og aðstoð bankanna hefði verið hægt að komast hjá svona lánum.

Mér er ljóst, hversu þýðingarmikið þetta mál er, og vildi ég láta athuga það betur, og ef það kæmi í ljós, að það væri ekki unnt að fara áður nefnda leið, þá er ekki á móti leið þeirri, sem í frv. er lagt til, að farin verði. Ég álít, að enn sé hægt, ef ríkisstj. vildi setja í það röska menn, að rannsaka þetta, hvort ekki væri hægt að fara aðra leið en þá, sem í frv. er gert ráð fyrir, sem væri betri bæði fyrir Alþ. og útgerðarmenn. Gert er ráð fyrir, að menn fái lán, en með minni tryggingum en þeim, sem bankarnir taka gildar, því að annars væri frv. auðvitað tilgangslaust. Nú er þess að gæta, að ef farið verður út á þessa braut, þá vil ég, að sett verði í frv., að þessir menn, sem lán fá, leggi fram allar sínar tryggingar. Það kemur ekki til mála að lána áhættulán nema eigendur fyrirtækjanna komi með allar sínar tryggingar. Ríkið getur ekki gengið í ábyrgð fyrir útgerðarfyrirtæki nema eigendur þess vilji leggja sjálfir fram það, sem þeir hafa til tryggingar. — Ég óska svo eftir, að þetta verði rætt áður en málið fer fram hjá 2. umr. Það er því fullkominn neyðarkostur að verða að grípa til kreppulána eða annarra lána með ríkisábyrgð. Þá koma þar að bæði verðugir og óverðugir, oft prýðismenn, sem lagt hafa dugnað og atorku í ýmiss konar framkvæmdir. Sumpart er þá hlaupið undir bagga með þeim, sem hafa hagað sér skynsamlega, og er það auðvitað gott, en sumpart er einnig hlaupið undir með þeim, sem hafa sóað og hagað sér óskynsamlega, og er það auðvitað miður.

Það er vitanlega ekkert fagnaðarefni að verða að setja kreppulánalöggjöf. Allar slíkar löggjafir letja menn til að sýna varkárni og forsjá. Þessar og þvílíkar ráðstafanir tel ég óheppilegar, og bezt, að þ. gæti komizt hjá því að setja þær. En ef reynslan sýnir, að ekki er hægt að hlaupa undir bagga svo að um muni með öðru móti, þá verða menn að neyðast til að fara inn á þessar sérstöku lánveitingabrautir.

Að lokum vil ég segja þetta: Ég mun ekki beita mér á móti frv., þótt ég hafi bent á, hvaða aðferð ég vildi fara. Ég hef gert grein fyrir, hvers vegna ég var ekki með í flutningi frv. Ég vænti svo, að frv. verði tekið fyrir í sjútvn., og getum við þá athugað nánar einstök ákvæði frv., t. d. tryggingarákvæðin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JS, LJós, PZ, PÞ, PO, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, BK, KTh, BG.

13 þm. (GÞ, GTh, JPálm, JörB, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SvbH, ÞÞ, ÁkJ, BÁ) fjarstaddir.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SB, SG, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁS, BK, EystJ, GÞ, HB, JJós, JörB, LJós, BG.

GSv, IngJ, JS, PZ greiddu ekki atkv.

12 þm. (SigfS, SEH, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, HelgJ, JPálm, ÓTh) fjarstaddir.

3.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 105, 205).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 205. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Ég vil segja nokkur orð út af brtt. minni á þskj. 205. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður láni síldarútvegsmönnum nokkra fjárfúlgu, eftir því sem nánar er tilgreint í l. Mér finnst eðlilegt, að þegar ríkið gengur í ábyrgð fyrir slíkum lánum, þá komi það fram í l., að ætlazt sé til þess, að eigendur þeirra útgerðarfyrirtækja, sem koma til greina við lánveitingarnar, taki ábyrgð gagnvart ríkinu á þessum lánum. Þetta kemur af sjálfu sér, þegar einstaklingar gera út skip, og það er það algengasta. En svo er það einnig til, að hlutafélög hafa verið stofnuð til að reka bátaútveg. Þegar þannig er ástatt, er engin skylda fyrir eigendur að taka þess háttar ábyrgð á lánum, en mér finnst rétt í þessu tilfelli að gera ráð fyrir, að löggjafinn heimti það. Það má segja, að sé opið eftir frv. óbreyttu að gera þá kröfu, að lántakendur gangi í þess háttar ábyrgð, en þó er ekkert um það sagt, og finnst mér réttara að taka það þá berlega fram, nema þá að aðrar tryggingar séu fyrir lánunum, því að svo góðar tryggingar geta verið boðnar fram, að ástæðulaust sé að heimta slíka ábyrgð. Nú getur verið, að einn hluthafi skerist úr leik og vilji ekki taka á sig ábyrgðina og setji félagið þar með í vandræði, og þess vegna hef ég talið rétt að hafa þetta skilyrði ekki alveg fast bundið.

Ég flyt þessa brtt. af því, að sjútvn. gafst ekki tími til að bera hana fram, en mér leikur grunur á, að félagar mínir í n. hafi ekkert á móti henni. Hæstv. atvmrh. er líka kunnugt um hana og mun ekki hafa á móti því, að hún sé sett í lögin.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Það var út af þessari till. Mér finnst þetta mikils vert atriði og geta komið félögunum í vanda við að taka lán, og mér finnst því, að ætti að fresta umr., þar til n. sem slík hefði sett sig inn í till. Eins og hv. flm. gat um, þá er vel hugsanlegt, að einstakir hluthafar neiti að taka persónu-

lega ábyrgð á slíku láni, hluthafar, sem hugsa sem svo, að þeir vilji ekki stofna sínum persónulega fjárhag í neina sérstaka hættu, sem vel gæti verið, ef þeir gengju í persónulega ábyrgð. Og þegar ráðh. ætti síðan að úrskurða, hvort komnar væru fullkomnar tryggingar, þá gæti svo farið, að tryggingarnar yrðu ekki úrskurðaðar nægar, og þannig gæti þessi eini hluthafi orðið til þess, að félagið fengi ekki slíkt lán, auk þess, sem ég tel prinsipielt, að hér sé verið að taka upp varhugaverða reglu. Eins og fram hefur komið frá n., þá er gert ráð fyrir, að þessi lán séu ekki veitt nema fullnægjandi tryggingar séu settar, en að einskorða það við persónulega ábyrgð hluthafa álít ég ekki rétt, heldur mundu fyrirtækin reyna að finna þær tryggingar með veði eða ábyrgðum, sem lánveitandi léti sér nægja.

Nú er það þannig, að útgerðarfyrirtæki eru smátt og smátt að færast nær því að hafa takmarkaða ábyrgð. Það hefur sína galla, mér er það ljóst, en ég held samt, að við ættum ekki með slíkri samþykkt sem þessari að setja stein í götu þess, að svo megi áfram verða.

Án þess að leggja á það mikla áherzlu geri ég það að till. minni, að sjútvn. fái tóm til að athuga málið, því að þetta liggur ekki alveg eins ljóst fyrir og virðist koma fram hjá hv. flm.

Eysteinn Jónsson: Ég hef hugsað talsvert um þetta mál. Mér er ljóst, að það getur verið örðugt að koma þessu fyrir. Ég vil þó slá því föstu sem eðlilegri meginreglu, að ekki geti komið til mála, að ríkið fari að ganga í ábyrgð fyrir hlutafjárútgerð, sem væri þannig varið, að eigendurnir sjálfir vildu ekki taka ábyrgð á lánum. Þetta hlýtur að vera sjálfsögð meginregla. Og ef við sleppum þessari meginhugsun, hvar getum við þá fótað okkur? Alls hvergi. Þá er hægt að stofna hlutafélög í öllum mögulegum atvinnugreinum með sama sem engu hlutafé, og svo ef út af ber, þá er hægt að færa áhættuna yfir á það opinbera. Mér skilst, að allir séu sammála um, að koma verði í veg fyrir, að fyrirtæki þurfi að stöðvast. Mér skilst, að allir séu sammála um, að það verði að koma í veg fyrir, að framleiðslufyrirtæki stöðvist vegna óhagstæðra aðstæðna yfir sumarið, en þá er eðlilegt, að eigendurnir gangi ekki verr fram en ríkissjóður í því að sjá fyrirtækjunum borgið. Hitt er annað mál, eins og ég gat um og hv. 2. þm. Eyf. kom inn á, að það er hugsanlegt, að einn sérvitringur, sem ekkert vill á sig leggja, geti sett félagið í vanda, og þess vegna hef ég ekki viljað hafa þetta skilyrði alveg fortakslaust, því að það gætu komið aðrar ábyrgðir í staðinn, sem sjóðsstjórnin mæti gildar. Eins er það ekki meiningin, að stjórnarvöldin einskorði trygginguna við persónulega ábyrgð. Fyrst koma hlutafélögin með þær tryggingar, sem þau hafa, og má búast við, að í mörgum tilfellum verði þær lélegar. En ef sjóðsstjórninni finnst þær ekki nægar, þá kemur persónuleg ábyrgð til.

Mér er kunnugt um, að hæstv. atvmrh. hefur áhuga fyrir, að þetta mál verði afgr. til Ed. fyrir helgi, en ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að málinu verði frestað, en það mætti alveg eins athuga í Ed., ef einhverjir formgallar væru á þessu, sem ég held, að sé ekki. Aðalatriðið er prinsipið, hvort menn vilja, að ríkissjóður láni félögum með takmarkaðri ábyrgð, nema eigendurnir komi með ábyrgðir sínar, en það finnst mér, að allir geti verið sammála um.

Garðar Þorsteinsson: Hv. síðasti ræðumaður hefur ekki getað sannfært mig. Mér virðist till. með öllu óþörf, í fyrsta lagi af því að þar er ekki skilyrðislaus krafa, heldur aðeins ef aðrar tryggingar eru ekki fullnægjandi. Í 4. gr. segir, að lánið skuli veitt, ef settar séu þær tryggingar, sem n. metur gildar. Mér skilst, að þetta sé nægilegt, því að ef eigendur geta ekki sett veð, sem n. telur hægt að veita lánið út á, þá getur hún krafizt ábyrgðar hluthafa, og það veit hv. flm., að er algengt fyrirbrigði, sérstaklega þegar fór að halla undan fæti hjá útgerðinni, því að þá neyddust hluthafarnir til að ganga í persónulega ábyrgð. Mér skilst því, að það sé óþarft að setja inn í l., að það skuli vera höfuðskylda. Við verðum að hafa það í huga, að það fer ekki alltaf saman, þeir, sem eiga hlutafé, og þeir, sem lifa á fyrirtækjunum. Það er ekki óalgengt, það vita hv. þm., að viss fjölskylda skjóti saman fé sem hlutafé, sem sé síðan skráð sem eigendur og hluthafar í fyrirtækinu, en það eru allt aðrir menn, sem lifa á rekstrinum og hafa sína lífsafkomu af honum. Það er því dálítið hart, ef slíkir hluthafar þurfa að ganga í persónulega ábyrgð frekar en þeir sjálfir vildu, það þarf enga sérvitringa til. Svo er þess að gæta, að hlutafjárupphæðirnar eru ákaflega mismunandi miðað við reksturinn. Sum útgerðarfyrirtæki hafa mikinn rekstur, en tiltölulega lítið hlutafé, en önnur lítinn rekstur og mikið hlutafé, svo að þetta getur komið misjafnlega niður.

Mér virðist, að eins og 1. gr. er orðuð, þá sé opið svið fyrir n. að óska eftir, að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir lánunum og þá þar á meðal að eigendurnir séu gerðir ábyrgir persónulega. Þetta gera bankastofnanir iðulega, og þetta mundi n. að sjálfsögðu gera, þegar svona stendur á, og því óþarft að setja það sem skilyrði í löggjöfina sjálfa. Ég mun því greiða atkv. á móti þessari till., því að mér finnst eðlilegt, að sá aðili, sem um þetta mál á að fjalla, sjútvn., ætti að láta frá sér heyra um málið áður en endanlega er gengið frá því.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 26. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Máli þessu var frestað, eftir beiðni hv. 2. þm. Eyf. Tilefnið var brtt. á þskj. 205, og óskaði hv. þm., að sjútvn. athugaði málið nánar. Nú hefur sjútvn. orðið sammála um eftirfarandi:

N. vill breyta 2. gr. frv., þannig að orðin „þeirra íslenzku skipa" falli niður. Ástæðan er sú, að við athugun málsins hefur komið í ljós, að nokkrir hafa stundað hér sjósókn með leiguskipum og ýmsir þeirra eiga mikið af veiðarfærum. Það hefur því ekki þótt rétt að hafa þessa menn alveg afskipta, þó að þeir verði hins

vegar ekki lagðir til jafns við aðra útgerðarmenn. N. hefur því komið sér saman um, að það skuli falið úthlutunarn. að ákveða um þetta og hún hafi heimild til að lána góðum útgerðarmönnum, þó að þeir hafi leiguskip.

Þá hefur n. samþ., að í stað orðsins „4" í fyrstu málsgr. komi: 5. Það þótti ekki heppilegt, að nm. væru 4, því að ef ágreiningur risi, yrðu málin ekki útkljáð og auk þess ekki mikill kostnaðarauki, þó að mennirnir væru 5. Þá kem ég að brtt., *sem olli því, að málinu var frestað, en* efni hennar er það, að ábyrgð lánsins skuli vera persónuábyrgð hluthafa, ef ekki er um aðra ábyrgð að ræða. Nú hefur komið til athugunar hjá n., að einstakir hluthafar gætu stöðvað lánveitinguna með því að skerast úr leik. Það er oft leitað til manna, sem ekki eru í þessum atvinnurekstri, um fé, og oft láta menn nokkurt fé í þessi fyrirtæki, en ætla sér ekki að koma þar nærri á annan hátt og hyggja ekki á gróða með þeim aðgerðum. Það er því ef til vill ekki réttmætt að knýja þessa *menn til persónulegrar* ábyrgðar í sambandi við þau lán, sem hér er um að ræða. N. hefur því komið sér saman um að flytja hér sameiginlega till. nokkuð breytta frá þeim fyrri, og er innihald hennar, sem koma skal á eftir 2. mgr. 4. gr.: Nú sækir hlutafélag eða annað félag um lán, og skal þá sett það skilyrði, að aðalhluthafar séu í sjálfsábyrgð fyrir lánum, ef ekki er um aðrar tryggingar að ræða.

Ég vona svo, að enginn frekari ágreiningur verði um þetta mál og legg þessa till. n. fram sem skriflega brtt.

Eysteinn Jónsson: Ég vil aðeins lýsa yfir því, að ég tek aftur brtt. mína á þskj. 205, með því að það, sem fyrir mér vakti, er fólgið í þessari till. sjútvn.

Forseti (BG): Hér þarf afbrigði við, svo að skrifl. brtt. frá sjútvn. megi koma til atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 227) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 205 tekin aftur.

— 227,1 samþ. með 17:1 atkv.

— 227,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 227,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 228).

Á 39. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 338).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður um þetta mál, þar sem fundartími er svo mjög hlaupinn.

Eins og þm. er kunnugt, eru tildrög þessa máls þau, að eftir að síldarvertíðin s. l. sumar hafði brugðizt svo sem raun varð á og ýmsir af síldarútvegsmönnum komust í fjárþröng, var nefnd manna skipuð til þess að rannsaka það mál og komst hún að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að veita þeim mönnum sérstaka aðstoð, og var þetta frv. flutt í því skyni að veita þá aðstoð. Sjútvn. Nd. hafði þess vegna flutt þetta frv. að beiðni atvmrh., og hefur það verið afgr. frá Nd. með lítilli breyt., sem miðar að því að tryggja enn betur, að þeir aðilar, sem koma til greina, *fái þau lán, sem hér um ræðir, og leggi sjálfir* fram sem mest af sínu eigin fé í tryggingu. Sjútvn. þessarar d. hefur einnig rætt þetta mál og hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem um getur í áliti n. á þskj. 338. Það kom að vísu fram í n., að í því gæti falizt nokkur fjárhagsleg áhætta fyrir ríkissjóð að veita þessi lán, en eins og ég sagði, var samkomulag um það í n., að nauðsynin væri þó það mikil, að það væri rétt að gera þetta. Lánsupphæðin, sem frv. *gerir ráð fyrir, er allt að 4 millj. kr. og* það er ætlazt til, að kosin verði af Alþ. 5 manna n., sem hafi með höndum að meta ástæður þeirra, sem um lánin sækja, og ákveða síðan lánsupphæðina til þeirra, og sjútvn. Ed. hefur einnig gert till. um það, að þessi n. verði látin ákveða lánstímann, en í frv. var ákveðið, að hann skyldi vera 5 ár. Við teljum æskilegt, að lánstíminn væri sem allra stytztur, og teljum heppilegt, að n. geti ráðið því og haft lánstímann mismunandi langan eftir ástæðum lántakanda, geti ráðið því, að hann sé stuttur, *ef möguleikar eru fyrir* viðkomandi aðila að ljúka þessu á skemmri tíma, en hámarkslánstími sé 5 ár. Þessi breyt. felst í 1. brtt. á þskj. 338, þannig að 6. gr., sem fjallar um lánstímann og vexti, er felld niður, en bætt við 4. gr. ákvæði um þetta atriði.

Þá töldum við einnig rétt, að í 7. gr. væri sett, eins og áður var í frv., ákvæði um það, að innheimta megi lánin að meira eða minna leyti eftir að seldar væru þær tryggingar, sem stóðu fyrir láninu, en í 7. gr. er þetta, eins og ég sagði, aðeins látið ná til þess, *ef lántakandi selur skip* sitt. En við teljum sjálfsagt, þar sem gert er ráð fyrir, að fleiri eignir og annarra tegunda mundu verða veðsettar fyrir þessum lánum, að þá geti ákvæðið einnig um það, ef skyldan að hafa veð fyrir lánunum er ríkari á þann hátt.

Vegna þess, hvað áliðið er orðið fundartímans, skal ég ekki að svo komnu fara um þetta fleiri orðum. Geri ég ráð fyrir, að þar sem hv. dm. er svo kunnugt um nauðsyn þessa máls, og þar sem n. hefur orðið sammála um afgreiðslu þess, þá muni vonandi heldur ekki verða það *mikill* ágreiningur hér í d., að þörf sé á að halda um

það langar ræður. Ég vil svo aðeins leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. leggur til á þskj. 338.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál, ég vil aðeins greina afstöðu mína til málsins í n. Þó að ég hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara, hef ég ekki verið að öllu leyti fús að fylgja málinu óbreyttu. Það, sem mér er kunnugt um málið, er það, að stj. hefur verið sammála um, að það nái fram að ganga, þó því aðeins, að tryggt væri, að ríkissjóður þyrfti ekki að bera fjárhagslegt tjón af þessu máli. Afstaða mín hefur því miðazt við það eitt að tryggja það, að ríkissjóður þyrfti ekki að bera fjárhagslegt tjón af þessum lánum. Hér er gengið inn á að tryggja ákveðnum aðilum lán með miklu lægri vöxtum en þeir gætu fengið í bönkunum, og er það út af fyrir sig talsverð hjálp, þó að ekki sé einnig farið á sama tíma inn á þá braut að gefa áhættulaust — sem ríkið kannske sæi aldrei — það fé, sem hér á að lána. Þess vegna er það, að ég hef beitt mér fyrir því að fá breyt. á 6. gr. frv., þannig að lánstíminn yrði aldrei yfir 5 ár og það væri metið á sama tíma og lánin væru veitt, hvað lánstíminn þyrfti að vera langur. Ég teldi réttast, að slík rekstrarlán, sem hér um ræðir, væru ekki veitt til lengri tíma en eins árs, en til samkomulags mun ég ekki gera ágreining út af þessu atriði.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að það stendur hvergi beinlínis í þessu frv., að lánin skuli veitt vegna tapa á síldveiðunum 1945 og með hliðsjón af því tapi. Hins vegar ber grg. þessa frv. það greinilega með sér. Mér virðist, að þetta hefði legið ljóst fyrir, ef í 4. gr. hefði verið sagt, að n. teldi, að vegna tapa á síldveiðunum 1945 skyldi þetta gert. Þetta stendur ekki í frv. Ég er ekki viðbúinn að flytja brtt. nú, en vildi láta mér nægja að þessu sinni að spyrja hv. frsm., hvort það sé ekki tvímælalaust skoðun n. í þessu efni, að lánin skuli eingöngu veitt vegna tapa á síldarútgerð 1945 og til þess að afstýra erfiðleikum, sem þau töp mundu valda. Ég óska eftir að fá skýringu hv. frsm. um þetta atriði.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ég skal í tilefni af fyrirspurn hv. 3. landsk. segja, að þetta var alveg ákveðið skilningur n., og ég hygg, að ég megi segja, að frv. er flutt beinlínis í þeim tilgangi að hjálpa aðeins þeim mönnum, sem hafa orðið fyrir töpum á síldveiðunum 1945, svo að þeir geti haldið áfram að gera skip sín út. Hins vegar gæti n. tekið það til athugunar milli umr., hvort ástæða er til að orða þetta greinilegar en gert er í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 338,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 338,2 (6. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.
— 338,3 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
8.—10. gr. (verða 7.—9. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Það er nokkuð langt síðan þetta mál kom fram, og hafa verið gerðar á því breyt. í Ed., en þó aðeins smávægilegar, og ég held ekki svo verulegar, að sú n., sem um þetta fjallar hér í Nd., ætti að þurfa að taka það til endurskoðunar. Sjútvn. Ed. hefur litið svo á, að lánstíminn ætti að vera 5 ár, og hefur sett ákvæði um, að lánveitinganefnd skuli ákveða lánstímann og skuli hann vera í mesta lagi 5 ár. Þá hefur líka verið bætt ákvæði inn í 7. gr., og orðast hún nú þannig: „Selji lántakandi skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið sem trygging fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.“ — Þetta eru aðeins óverulegar breyt., og vil ég mælast til þess við hv. d., að hún samþ. frv. án þess að það fari til nefndar.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég sé enga ástæðu til þess að frv. fari til n., því að það er efnislega óbreytt. Breyt. Ed. eru frekar til þess að brosa að þeim en taka þær alvarlega, og er þetta sú allra minnsta brjálun, sem orðið hefur á málum, sem hafa farið til þessarar sérgáfuðu n. í Ed., og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 349).

---

30. Fyrirhleðsla Héraðsvatna.

Á 14. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum (þmfrv., A. 46).

Á 17. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í aðalatriðum shlj.

l. um fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts, að því leyti, sem þar gat átt við. Um efni frv. að öðru leyti skal ég taka það fram, að það er með Héraðsvötn eins og ýmis önnur jökulvötn, að þau hafa bylt sér um héruðin frá alda öðli, hlaðið undir sig og flutt sig til. Það er vitanlegt öllum, að ekki þarf annað en að líta í Sturlungu til þess að sjá, að vatnsföllin hafa fallið annars staðar en þau falla nú. Um langt skeið hafa Héraðsvötnin fallið austan megin héraðsins, en fyrir 40 árum fluttu þau sig til og hafa fallið síðan vestan við Steinsstaðahólminn meðfram Reykjatungu og Vindheimabrekkunum. Þegar þetta gerðist, voru meðfram brekkunum breiðir og sléttir bakkar og allvíðáttumikið sléttlendi, en nú er svo komið, að Vötnin hafa brotið nær allt þetta land undir sig og eru komin upp undir klappir og brotna þar á bergi. Norðar tekur við Vallhólmurinn, sem eins og kunnugt er er marflöt slétta með sendnum valllendisbökkum, sem ekki veita hina minnstu fyrirstöðu, og mylja Vötnin þetta land niður takmarkalaust, og hefur það aukizt ár frá ári. Norðan við Vindheimabrekkurnar eru fornir farvegir Héraðsvatnanna, og stefna þeir í tvær áttir. Liggur aðalfarvegurinn og sá, sem stafar mest hætta af, vestur með Vindheimabrekkunum og vestur í Svartá. Þessi farvegur er hættulegri að því leyti, að hann er með flughalla alla leið vestur í Svartá. Hinn farvegurinn eða fleiri en einn stefna allir norður Vallhólminn, og eru þeir ekki með eins miklum halla, en gætu þó engu að síður orðið hættulegir, ef mikill hluti vatnanna félli í þá. Okkur þm. Skagfirðinga hafði verið skýrt frá því, hve hættan hefði aukizt mikið á þessum slóðum, og fórum við því fram eftir til þess að sjá þetta með eigin augum. Verð ég að segja það, að mér hefur ekki oft brugðið eins í brún og er ég kom þangað, því að þar, sem ég reið um fyrir tveim árum eftir sléttum bökkum, var nú ekkert annað en aurar. Urðum við allir stigvélafullir og urðum að gæta þess í sumum kvíslunum, að hestarnir færu ekki á sund, en vötnin eru þarna komin fast að vestasta varnargarðinum. Ég vil taka það fram, að Skagfirðingar í þeim sveitum, sem hér eiga hlut að máli, hafa ekki horft á þetta aðgerðalausir. Það eru meira en 20 ár síðan byrjað var að hlaða fyrir Vötnin, og hafa alls verið byggðir þarna 4 varnargarðar. Tvo þeirra eru Vötnin búin að brjóta, en hafa nú brotizt fyrir endann á þeim þriðja, og er nú loks eftir síðasti varnargarðurinn, er liggur frá Arnarbergi í Vindheimabrekkum þvert yfir aðalfarveginn, sem áður er um getið, og norður á Vallhólminn. Takist Vötnunum að brjóta þennan garð, geta þau fallið með öllum sínum þunga vestur í Svartá. Hins vegar mundi Svartá ekki taka nema ¼ af því vatnsmagni, en hitt mundi falla norður yfir Vallhólminn, sléttlendið og alla leið til sjávar. Við þetta mundi ekki aðeins Vallhólmurinn og sú blómlega byggð, sem á honum er, breytast í aura og sanda, heldur einnig öll beztu engjalönd héraðsins. — Þetta er hliðin, sem snýr að bændum héraðsins, en þetta mál hefur einnig aðra hlið, sem sé, að þjóðvegurinn norður til Eyjafjarðar liggur yfir Vallhólminn, en þegar svo er komið, að Vötnin hafa brotið vestasta garðinn og flæða yfir Hólminn, mundi vegurinn verða með öllu ófær. Þetta mundi hafa það í för með sér, að flytja yrði veginn og byggja tvær stórbrýr á Svartá og Héraðsvötn, sem mundi kosta mikið fé og lengja leiðina. En þetta mál snertir ekki aðeins Skagfirðinga, því að hér eru mikil og þýðingarmikil mannvirki í húfi, sem mundu kosta ríkissjóð of fjár, ef illa færi. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. verið ljóst, og viljum við flm. fyrir hönd Skagfirðinga votta þeim þakkir okkar fyrir það, sem þær hafa til þessara mála lagt fyrir hreppinn, sem þar hefur verið gert á undanförnum tímabilum. Nú er þetta hins vegar að verða svo þungur baggi á bændum þarna, að þeir treysta sér alls ekki til að standa undir þessu á sama hátt og verið hefur. Mig minnir, að framlagið úr ríkissjóði hafi verið ¼ og mest upp í ½, að ég ætla, en þetta eru nú að verða svo geysimikil árleg útgjöld, að þetta er orðin há upphæð á margar jarðirnar, ef því er jafnað niður á þær. Þetta er ástæðan fyrir því, að við þm. Skagf. flytjum þetta frv., og einnig til þess að tryggja það, að þessi fyrirstaða verði undir opinberu eftirliti, vegna þess hve mikið er þarna í hættu. Við þm. Skagf. teljum, að það sé ekki eðlilegt og ekki forsvaranlegt, að það sé algerlega háð samkomulagi einhverrar stjórnar innan héraðsins, hvað mikið er gert á hverjum tíma. — Ég skal taka það fram, að við flm. höfum borið þetta frv. undir vegamálastjóra, og er það því flutt að því leyti í samráði við hann. Hafði hann ekkert við frv. að athuga. — Vegna þess, hve hættan er nú sérstaklega yfirvofandi, var byrjað í haust á þeim aðgerðum, sem taldar voru nauðsynlegar. Vegamálastjóri lét athuga þetta, og lét hann flokk manna fara að vinna þarna við garðinn, og verður væntanlega unnið að því áfram í vetur að treysta garðinn svo sem unnt er. Að sjálfsögðu verður að halda þessu verki áfram, þótt því fylgi að sjálfsögðu mikill kostnaður, því að hér er í rauninni það sama að gerast og manni skilst hafi verið í Rangárvallasýslu, þegar Markarfljót brauzt vestur yfir Þverá til forna.

Svo ætla ég ekki að eyða frekari orðum um þetta mál, en óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. og þá líklegast til landbn., því að mér skilst, að svona frv. hafi verið hjá þeirri n. áður, þótt það gæti líka heyrt undir samgmn., því að þetta er mál, sem snertir mjög samgöngur og sérstaklega þjóðvegi landsins, en finnst samt eðlilegra að því verði vísað til landbn., því að sams konar mál hefur verið þar áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 161).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það var gerð allýtarleg grein fyrir þessu máli við 1. umr., og ég sé ekki ástæðu, fyrir hönd n., að fara um frv. mörgum orðum. Landbn. hefur

athugað þetta frv. og kynnt sér aðstæður, sem þarna eru, og hún er sammála um það, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, sem ekki þolir neina bið. — Frv. þetta hefur verið borið undir vegamálastjóra, og hann hefur ekkert við það að athuga. Sömuleiðis hefur landbn. borið þetta saman við gildandi l. um fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts og fullvissað sig um, að ákvæði þessa frv. eru í fullu og eðlilegu samræmi við ákvæði þessara nefndu laga.

Landbn. mælir því með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 46, 186).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er hérna brtt., sem landbn. hefur flutt við frv. í samráði við landbrh.

Það hefur verið unnið að þessari fyrirhleðslu fram á haust, og vegamálastjóri sagði, að hann hefði látið gera hana, þó að héraðið hefði ekkert lagt af mörkum, en lagt fram fé til þess úr ríkissjóði, vegna hinnar miklu nauðsynjar verksins. — Ég orðlengi þetta svo ekki nánar, en vildi aðeins vekja athygli á þessu og vona, að brtt. fáist samþ.

ATKVGR.
Brtt. 186 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 195).

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Ed., 11. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 195, n. 291).

Frsm. (Páll Hermannsson) [Upphaf ræðunnar vantar í hndr.]: Það hafa verið gerðir garðar, að ég ætla 4, með framlagi eingöngu frá héraðsbúum. Vötnin hafa þegar eyðilagt tvo garðana og eru komin fyrir endann á þeim þriðja, og er þá í hættu allt undirlendið innan við Skagafjarðarbotn, Hólmurinn og engjalöndin. Þessi lönd geta eyðilagzt, ef vötnin eru látin afskiptalaus. Í hættu er þarna líka þjóðvegurinn, sem liggur þvert yfir Skagafjörðinn, eins og vita má, þegar stórvötn brjótast svo út úr farvegi sínum. Þm. Skagf. hafa flutt þetta frv. í Nd., sem er um það, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við að verja vötnin frá því að brjóta upp nytjalönd í líkum hlutföllum og áður hefur verið ákveðið um fyrirhleðslu á vatnasvæðum Þverár og Markarfljóts. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 7/8 kostnaðar, sem verða mun af fyrirhleðslunni, en aðeins ¾ kostnaðar, sem verða mun af flóðgáttum, sem hér er um að ræða. Þetta er alveg sama hlutfall og á vatnasvæðum Þverár og Markarfljóts, þó að því undanteknu, að nokkuð af framkvæmdunum við Markarfljót er að öllu leyti kostað af ríkinu, sem talið er, að standi sérstaklega í sambandi við samgöngumál. Þar verður þetta enn meira samgöngumál en í Skagafirðinum. Frv. þetta hefur hlotið einróma fylgi í Nd. Ég ætla, að það hafi ekkert mótatkvæði fengið, að ég held, þeirra, sem þá voru á fundi, og ætti það að sýna, að sú hv. d. hefur talið málið tímabært.

Landbn. þessarar d. hefur athugað frv. og sýnist það vera sanngjarnt að öllu leyti og eðlilegt og leggur einróma til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 354).

---

31. Ullarmat.

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat* (þmfrv., A. 153).

Á 35. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér er flutt af landbn., er flutt að beiðni hæstv. landbrh. og hefur það eitt að geyma að færa borgun yfirullarmatsmanna til samræmis við aðrar greiðslur eftir launal., og er það um það bil þriðjungs hækkun frá því, sem verið hefur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv.

Landbn. flytur það sameiginlega, og ég álít, að það þurfi ekki að vísa því til n. aftur. Óska ég, að frv. gangi áfram sína leið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Ed., 11. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 153, n. 294).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Frv. þetta er komið frá hv. Nd., og var samþ. óbreytt. Efni frv. er að ákveða, að árslaun ullarmatsmanna verði 1200 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna 600 til hvers þeirra auk dýrtíðaruppbótar. Laun þessi eru nú 800 kr. til ullarmatsformanns, en 400 til yfirullarmatsmanna. Er þetta vitanlega í ósamræmi við hin bættu launakjör, sem starfsmenn ríkisins hafa öðlazt á yfirstandandi ári. Samkv. l. nr. 3. 1936 hafa yfirkjötmatsmenn 600 kr. á ári í laun, og verður að teljast eðlilegt, að yfirullarmatsmenn hafi sömu laun. Einnig er lagt til, að ullarmatsformaður hafi tvöfalt hærri laun. — Landbn. hefur athugað frv., og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 355).

---

32. Sala Staðarhöfða.

Á 34. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri-Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða (þmfrv., A. 157).

Á 35. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir þá afgreiðslu, sem hún hefur sýnt þessu máli. Landbn. taldi hagkvæmara og eðlilegra að flytja um þetta sérstakt frv. en að tengja það við annað frv. um hliðstætt efni, sem þá lá fyrir hv. landbn. Í grg., sem frv. fylgir, er færð fram ástæðan fyrir því, hvers vegna fram á þetta er farið, en ég vil aðeins bæta því við, að litlar umbætur hafa verið gerðar á þessari jörð að undanförnu, og er ætlun hreppsn. með því að fá jörðina keypta að hefja ræktun á jörðinni og gera þar verulegar umbætur frá því, sem nú er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil geta þess f. h. landbn., að við munum flytja brtt. við 3. umr. til þess að fyrirbyggja, að jörðin lendi í braski eða hreppurinn selji hana.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 157, 194).

Jón Pálmason: Hæstv. landbrh. er ekki við, en landbn. hefur flutt brtt. um, að sett verði sömu skilyrði og gagnvart öðrum, að jörðin megi ekki fara í brask, þ. e. að hreppurinn megi ekki selja hana, sbr. þskj. 194.

ATKVGR.
Brtt. 194 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 209).

Á 38. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Ed., 11. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 209, n. 293).

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 209 er um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri-Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða. Þetta frv. er flutt af landbn. Nd.

Það hefur verið leitað eftir kaupum á þessari jörð fyrir hreppsfélagið, en ekki einstaklinga, og í því augnamiði, að hægt væri að hefjast handa um ræktunarframkvæmdir. Landbn. d. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 356).

---

33. Byggingarsamþykktir í sveitum.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir (þmfrv., A. 189).

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Jón Sigurðsson: Þetta frv. er samið af milliþn. búnaðarþings og samþ. af búnaðarþingi, en var síðar sent landbn. Nd.

Það er langt síðan heimildarl. voru gefin út til byggingarsamþykkta. Engum mun blandast hugur um, að á því var þörf, þó að það mætti á sínum tíma nokkurri andúð. Meðfram voru þessi lög nauðsynleg vegna skipulagningar og brunahættu. Nú eru aftur á móti engin lög sem heimila sveitarfélögum að setja byggingarlöggjöf eða byggingarsamþykktir. Það má segja, að ekki hafi verið þörf á slíku meðan hús voru almennt byggð úr torfi og timbri. En með nýju byggingarlagi, eins og nú tíðkast, er slíkra samþykkta þörf, því að það er augljóst, þar sem nú er mest byggt úr varanlegu byggingarefni, að það skiptir ekki litlu máli, hvernig hús eru sett, bæði með tilliti til landslags og annarra húsa. Það er ekki óalgengt að sjá heim á sveitabýli, þar sem hús eru sett niður eins og hrossatað sitt í hverri áttinni og auk þess hornskökk; slíkt er mjög leiðinlegt og hefði mátt komast hjá því, ef leiðbeiningar hefðu verið gefnar um þessi mál.

Þetta er þó sem betur fer ekki mjög algengt, því að víðar eru hús vel sett, en hitt stingur menn illa.

Nú er miklu fé varið til bygginga í sveitum, en bændastéttin hefur yfir takmörkuðu fé að ráða, en þörfin mikil. Þess vegna er nauðsynlegt, að þær byggingarframkvæmdir, sem gerðar eru, komi að sem beztum notum. Eftirlit byggingarsjóðs og nýbýlastj. hefur verið mjög takmarkað og ófullkomið. Býlin, sem byggingar hafa verið reistar á, eru dreifð um landið og því erfitt að framkvæma eftirlitið, enda hafa eftirlitsmennirnir oft ekki komið á staðina fyrr en eftir á, og þá engu verið hægt um að þoka. Það er því þörf á auknu eftirliti. Auk þess hefur ekkert tillit verið tekið til jarðskjálftahættu, sem þó er víða mjög mikil. Ég var ekki alls fyrir löngu á ferð austanfjalls. Þar var verið að byggja hús við veginn. Það var byggt úr steinum, en sáust ekki merki um neina járnbindingu. Ef harður jarðskjálftakippur kæmi, gætu slík hús kostað mörg mannslíf. Á Dalvík reyndist það svo fyrir nokkrum árum í jarðskjálfta, að steinhús, sem ekki voru járnbent, hrundu, og var sérstakt lán, að ekki varð manntjón að. Og ef jarðskjálftar kæmu eins og voru 1896, mætti búast við miklu tjóni og jafnvel manntjóni. Það er því fyllilega tímabært að taka til athugunar, að mönnum sé ekki leyft að byggja í algerðu hugsunarleysi um þessi mál. Gömlu torfbæirnir voru hættulegir, en þó verða ójárnbent steinhús mun hættulegri, því að þeir voru með löngum veggjum og fóru sjaldnast allir í einu, svo að fólk hafði tíma til þess að forða sér.

Þó að ekki væri annað en þetta, væri ríkástæða fyrir sýslunefndir að gera samþykktir um þessi mál.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að starfandi sé byggingarfulltrúi, sem getur verið sameiginlegur fyrir tvær eða fleiri sýslur, eftir því hvað verkefnið er mikið. Er það gert með tilliti til kostnaðar og að slíkur maður hafi ávallt nægilegt að gera. Þá er einnig gert ráð fyrir, að byggingar- og landnámssjóður og nýbýlasjóður taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, sem af þessu hlýzt. Er það gert með tilliti til þess, að þessi maður taki að sér það eftirlit, sem verið hefur með þeim húsum, sem byggð hafa verið með stuðningi frá þessum sjóðum, en þetta eftirlit hlýtur að verða miklu fullkomnara með þessu skipulagi heldur en eins og nú er, að maður sé sendur einhvern

tíma sumarsins að líta eftir byggingunum. Einnig á þessi maður að geta haft eftirlit með ýmsu öðru, sem ég hirði ekki að fara út í, sem frv. greinir.

Þetta frv. varð eiginlega til, þegar n., sem ég gat um áðan, var að ræða um húsagerðarsamþykktir. Þá var n. ljóst, að þarna vantaði lið inn í, og til þess að þetta væri í lagi, þyrfti eftirlitið að vera meira en nú er. Ég geng þess ekki dulinn, að einstaka manni kann að þykja, að hér sé gripið fram fyrir hendurnar á sér og sum ákvæðin séu of ströng. En ég vil benda á, að ákvæðum slíkrar samþykktar er ekki ætlað að ná til annarra húsa en þeirra, sem byggð eru fyrir framtíðina, ekki aðeins þá, sem eru að byggja, heldur líka fyrir komandi kynslóðir, og þá tel ég, að nokkur ástæða sé til að hafa þetta eftirlit, svo að byggingarnar verði þannig, að komandi kynslóðir geti notað þær.

Að endingu skal ég geta þess, að þetta frv. hefur verið borið undir húsameistarana Hörð Bjarnason og Þóri Baldvinsson, og hafa þeir tjáð sig geta mælt með frv. í bréfi, sem þeir hafa skrifað n. á sínum tíma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi og 48. fundi í Ed., 11. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 189, n. 318).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv., ef að l. verður, heimilar sýslunefndum að gera byggingarsamþykktir fyrir sýslurnar, hver fyrir sig, og þannig koma því til leiðar, að meiri samvinna og samtök verði um það að koma upp húsum innan héraðanna en áður hefur verið. Það verður heimtað með þessum samþykktum, svo að hægt sé að löggilda þær, að það verður að vera viss fjöldi og meiri hluti alls staðar á samþykktasvæðunum, en fyrir því verða þær einnig að fá samþykki í sýslunefnd, og þaðan koma þær undir úrskurð stjórnarráðsins.

Þetta frv. kemur frá Nd. og hefur gengið þar í gegn án þess að nokkur brtt. hafi komið fram við það. Þetta mál var á búnaðarþingi lauslega rætt og athugað, og eftir því sem ég hef kynnzt þessu máli, bæði á búnaðarþingi og nú aftur í n., þá get ég ekki annað séð en það geti orðið til mikilla bóta, enda ekki verið að knýja neitt upp á neinn, heldur er hér aðeins um heimild að ræða. Ef héruðin vilja, þá geta þau hafizt handa um þetta og framkvæmt það. — Yfirleitt var landbn. sammála um að mæla með, að þetta frv. fái samþykki eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 357).

---

34. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 20. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (þmfrv., A. 79).

Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eftir beiðni hæstv. félmrh. hefur allshn. þessarar d. flutt þetta frv., sem skýrir sig alveg sjálft. Það er lagt til, að niður verði felld ákvæði varðandi bæjarstjórnir, að ákvæði l. frá 1936 um það, að það sé bannað, að í bæjarstjórnum sitji á sama tíma hjón og menn skyldir að niðjatali. Engin sérstök rök virðast mæla með því, að þetta ákvæði gildi fyrir bæjarstjórnir, ekki sízt eftir að bæjarstjórnir eru orðnar mannmargar, svo að minni hætta ætti að vera fyrir hendi um það, að einstakar fjölskyldur verði látnar ráða lögum og lofum í bæjarstjórnum, þó að þetta ákvæði væri ekki lengur í l. — Hins vegar hefur ekki verið lagt til að breyta ákvæðunum hvað snertir hreppsnefndir, sem eru fámennar. Ég hefði getað fallizt á, að svo hefði verið gert, og n. áskilur sér rétt til, ef breyt. kæmu fram í þá

átt að láta þetta einnig ná til hreppsnefnda, að fylgja því er fram komi.

Að öðru leyti er ekki þörf á að rökræða þetta mál, því að mér virðist ljóst, að það mæli engin sérstök rök með því, að hjónum eða mönnum skyldum að niðjatali sé meinað að sitja saman í bæjarstjórn yfirleitt. Við vitum, að þar sem vagga þingræðisins stendur, í Bretlandi, hefur verið altítt, að t. d. feðgar sitji saman á þingi. Og hvers vegna skyldi það ekki einnig vera á samkomum, sem fjalla um bæjarmálefni yfirleitt? N. leggur til, að þetta frv. gangi áleiðis eftir þingsköpum, og þar sem það er flutt af n., er ekki ástæða til, að því verði vísað til n. En ég vil taka það fram, að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um breyt., sem fram kynnu að koma, sérstaklega í þá átt, sem ég hef skýrt frá.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 86 brtt. í þá átt, sem hv. frsm. gat um, að hann og aðrir nm. gætu fellt sig við. Ég þarf ekki að tala fyrir till., hv. frsm. hefur gert það. Ég sé enga ástæðu til að það sé fellt úr l., að hjón eða menn skyldir að niðjatali megi ekki sitja saman í bæjarstjórn, ef þetta er ekki einnig látið ná til hreppsnefnda. Og ég verð að segja, að ef brtt. mín, sem fer í þá átt að rýmka þetta í l., þannig að mönnum, sem skyldir eru að niðjatali sé heimilt að sitja í hreppsnefnd og bæjarstjórn, ef hún verður ekki samþ. af hv. þd., þá mun ég greiða atkv. á móti frv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég get ekki fallizt á brtt. hv. 11. landsk. og vísa í því tilefni til grg. Í hreppsnefnd eru 3—7 menn, og er því ekki trygging fyrir því, að einn fjölskyldumaður gæti ekki ráðið öllu, ef leyft væri, að náin skyldmenni ættu samtímis sæti í henni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, 86).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. málsins, að ég fyrir mitt leyti gæti fallizt á, að þessi breyt., sem í frv. felst, næði einnig til hreppsnefnda. Hv. 11. landsk. þm. hafði þá þegar flutt brtt. í þá átt og gerði grein fyrir henni við 1. umr. málsins, en hún kom þá að sjálfsögðu ekki til atkv. Á milli umr. hefur allshn. haldið fund um þetta atriði, og fellst n. á það einróma að mæla með því, að samþ. verði brtt. á þskj. 86 frá hv. 11. landsk. þm., er hann gerði grein fyrir við 1. umr. málsins.

Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar, en læt þess getið, að allshn. mælir með því, að frv. verði afgr. á þá leið hér við þessa umr., sem greinir í þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 86 samþ. með 13:6 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, SigfS, SG, SEH, STh, StJSt, ÞG, ÁÁ, BÁ, KTh, BG.
nei: EystJ, GSv, HelgJ, JS, PZ, PÞ, PO, SB, SK, SÞ, SkG, SvbH.
7 þm. (FJ, GÞ, GTh, JörB, ÓTh, ÁkJ, BK) fjarstaddir.

Við nafnakallið gerðu 2. þm. svo grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Ég sé ekki, að stafað geti hætta af því að samþ. þetta frv., þar sem fólkið ræður sjálft, hvaða menn það kýs í sveitarstjórnir, og segi því já.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki hringja rösklega, þar sem sýnt er, að menn skipta sér í harðsvíraða flokka um þetta mál, en láti ekki tilviljun ráða um afdrif þessa máls, sem flutt er að beiðni hæstv. ríkisstjórnar, en ég segi já við 1. gr. frv.

2. gr. samþ. með 15:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:8 atkv.

Á 30. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 123, 149).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 149, og skal gera grein fyrir henni. Brtt. þessi fer fram á það, að kjörgengi manna til sveitarstjórnarkosninga sé nokkuð rýmkað frá því, sem nú er samkv. l. Samkvæmt gildandi l. eru menn ekki kjörgengir í sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir nema þeir hafi verið teknir á kjörskrá við næstu kosningar á undan, sem í kaupstöðunum er gert 11 mánuðum fyrir kjördag og í hreppunum með nokkru lengri fyrirvara. Af þessu leiðir það, að menn, sem flytjast inn í sveitirnar eða á milli sveitarfélaga, eru ekki kjörgengir, þótt þeir séu orðnir heimilisfastir fyrir nálega ári síðan. Þetta er í ósamræmi við kjörgengi manna til Alþingis, því að þar geta menn ekki aðeins orðið frambjóðendur, þótt þeir hafi verið stuttan tíma í kjördæmi, heldur geta þeir verið frambjóðendur, þótt þeir eigi heima í öðru kjördæmi. — Þessi brtt. mín er á þá leið, að menn skuli öðlast kjörgengisrétt, ef þeir hafi verið búsettir í þrjá mánuði fyrir kjördag í kaupstaðnum eða hreppnum. Ég sneið þetta með tilliti til þess, að ekki þyrfti að breyta kjörskrá út af þessari breytingu. En það má nú heita svo, að menn, sem hafa kosningarrétt í öðru sveitarfélagi, séu í raun og veru ókjörgengir, ef þeir eru annars staðar á landinu, ef þetta ákvæði helzt óbreytt, þ. e. a. s., ef menn flytja milli sveitarfélaga, því að engum dettur í hug að hafa menn á kjörskrá í bæjum eða hreppum, sem hafa búið þar áður, en eru nú fluttir búferlum frá. — Ég hygg, að hv. dm.

muni fallast á þessa brtt., því að hún skerðir ekki rétt neins, en er í raun og veru ekkert annað en leiðrétting. Ég greiddi atkv. móti þeirri breyt., sem samþ. var hér við næstu umr. á undan á þessari sömu gr. í l., en lít svo á, að hv. d. hafi þar sýnt vilja sinn, er hún samþ. þá breyt., og hef þess vegna tekið hana upp, þar sem líklegt er, að hún standi áfram.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Brtt. á þskj. 149, sem nú hefur verið mælt fyrir, var útbýtt nú á þessum fundi, og hefur allshn. því ekki átt þess kost að athuga hana. Vildi ég því beina því til hv. flm. og forseta, hvort ekki væri rétt að málið væri athugað milli umr. af allshn., sem hefur það til athugunar. Ég get sagt það strax af minni hálfu, að mér virðast öll rök mæla með þessari brtt. Ég vil þó skjóta því til hæstv. forseta, að málinu verði frestað til morguns, svo að allshn. gæti átt þess kost að athuga brtt. áður en málið kæmi til endanlegrar atkvgr. hér í hv. deild.

Sigurður Kristjánsson: Ég hef ekkert á móti því, að málinu sé frestað og hv. allshn. athugi till.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 19. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Máli þessu var frestað, síðast þegar það kom fyrir hér í hv. d., vegna þess að ég óskaði eftir, að allshn. gæfist kostur á að athuga fram komna brtt. á þskj. 149. Allshn. hefur athugað þessa brtt. og getur fyrir sitt leyti mælt með því, að hún nái fram að ganga. Okkur virðist, að það sé ekki nema eðlilegt, að sá, sem í raun og veru er orðinn búsettur alllöngu fyrir kosningar til sveitarstjórnar og hugsar sér að vera búsettur áfram í þeim sama kaupstað eða hreppi, eigi þess kost að vera á lista, ef þess er óskað af kjósendum í hreppnum eða kaupstaðnum. — N. mælir sem sagt með því, að brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 149 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 180).

Á 35. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. og 47. fundi í Ed., 6. og 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 180, n. 278).

Áður en gengið væri til dagskrár mælti

Bjarni Benediktsson: Ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti taka 7. málið á dagskránni fyrst. Frv. er þannig, að það þarf að fá skjóta afgreiðslu, ef það á að koma til framkvæmda við þær kosningar, sem fram eiga að fara á þessum vetri eða vori. En þar sem ég hygg, að meiri hluti þm. sé samþykkur frv., teldi ég rétt, að það yrði afgr. áður en þingi verður frestað.

Forseti (StgrA): Ég mun reyna að sjá um, að málið fái afgreiðslu á þessum fundi, og hef ég hugsað mér að taka það fyrir að afgreiddu fyrsta dagskrármáli.

Á sama fundi var frv. tekið til meðferðar.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en ekki orðið á einu máli um það. Þó hefur meiri hluti n. samþ. frv. eins og það er, en einstakir menn hafa áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur varðandi brtt., sem fram kynnu að koma. Einn nm. leggur til, að frv. verði fellt, en fimmti nefndarmaðurinn var fjarverandi.

Frv. hefur að geyma breyt. á 7. gr. laga nr. 87. Þar er ákvæði um, hvernig og með hvaða hætti menn séu kjörgengir til sveitarstjórnar. Í 2. mgr. 7. gr. núgildandi l. um sveitarstjórnarkosningar er bannað, að hjón og menn skyldir að niðjatali sitji samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Þar sem bæjarstjórnir eru skipaðar allt að 15 fulltrúum, virðist engin réttmæt ástæða til þess að banna með lögum, að hjón eða menn skyldir að niðjatali sitji samtímis í bæjarstjórn og jafnvel líka í hreppsnefnd. Þeir, sem að þessu frv. standa, telja rétt að afnema slíkar kvaðir úr lögum, en láta kjósendur sjálfa ráða um slíkt. Um fyrra atriðið, að kjörgengi miðist við kosningaaldur, er það að segja, að það virðist ekki líklegt, að menn sækist eftir að kjósa í hreppsnefnd aðra en þá, sem hafa verið búsettir það lengi, að þeir séu orðnir kunnugir málum sveitarinnar. Hins vegar getur staðið þannig á, að maður, sem er vel að sér um málefni sveitarinnar og kjósendur vilja fá í hreppsnefnd, flytji í sveitarfélagið eftir að kjörskrá hefur verið samin og hafi því ekki öðlazt kosningarrétt.

Fyrri brtt. miðar að því, að menn geti fengið kjörgengi, þó að þeir hafi ekki kosningarrétt, enda hafi þeir verið búsettir í sveitarfélaginu minnst 3 mánuði. — Um síðara atriðið er nokkuð svipað og það fyrra, eða að veita kjósendunum sem frjálsastar hendur í vali á forustumönnum. Ákvæðið í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 81 hefur miðað að því að koma í veg fyrir, að einstakar fjölskyldur fengju óeðlilega mikil áhrif í sveitarstjórn, en slíkt virðist eðlilegt að láta kjósendur ráða um. Og það yrði að teljast óréttlæti, ef t. d.

faðir og sonur stæðu framarlega í tveimur mismunandi flokkum. Nú vildu báðir þessir flokkar bjóða fram til sveitarstjórnar þessa forustumenn sína, en vegna þessara ákvæða í lögum væri það ekki leyfilegt. Meiri hluti n. hefur fallizt á, að þetta ákvæði verði fellt niður og sett í vald kjósendanna.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meir um þetta að svo stöddu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

---

35. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 18. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 66).

Á 19. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið rætt hér áður í þessari hv. d. og er því mönnum allkunnugt. Heimild sú, sem í gildi er fyrir vátryggingarfélög vélbáta, fellur úr gildi bráðlega, og hér er aðeins farið fram á framlengingu um óákveðinn tíma. Ég þarf víst ekki að minnast á það, að þetta er mikið hagsmunamál fyrir vélbáta.

Mælist ég til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 66, n. 163).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt þessa frv. með þeim breyt., sem greinir á þskj. 163 og eru á þann veg, að framlengingin verði veitt til tveggja ára, þ. e. til ársloka 1948.

ATKVGR.
Brtt. 163 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 181).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér sýnist, að þörf geti verið á því að athuga þetta litla frv. nánar, áður en það verður afgr. Í 1. gr. er ákvæði um breyt. á 1. nr. 15 24. marz 1944, en í 2. gr. er sagt, að l. nr. 15 24. marz 1944 falli úr gildi, um leið og þessi öðlist gildi. Virðist því lítill árangur af því að samþ. frv. svona. Ég vildi nú beina því til sjútvn. að taka frv. til nánari athugunar og legg til, að umr. verði frestað.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 181, 203).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 203 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 210).

Á 38. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 340).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Efni þessa frv. er framlenging á bráðabirgðaákvæði um vátryggingar vélbáta, þar sem vélbátafélagi Vestmannaeyja er veitt nokkuð sérstök aðstaða. Þetta félag er orðið gamalt og stjórn þess hefur verið til fyrirmyndar. Þetta bráðabirgðaákvæði var sett í því trausti, að sá mismunur, sem er í þessu frá fyrri lögum, mundi minnka og ákvæðið þar af leiðandi falla í burtu, en reynslan hefur orðið önnur, því að Vestmanneyingar vilja halda þessu ákvæði, en rétt þykir þó að hafa það áfram bráðabirgðaákvæði. Frv. er komið frá Nd. Sjútvn. þessarar d. hefur athugað málið og ekki séð ástæðu til að kippa þessu bráðabirgðaákvæði um Vestmannaeyjafélagið úr lögum og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 375).

---

36. Gjaldeyrissjóður og alþjóðabanki.

Á 56. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni (þmfrv., A. 365).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Mér er sagt, að fresta verði þessum fundi um kl. 3, svo að ég skal ekki vera langorður. — Þessu frv. var ekki útbýtt fyrr en á síðustu stundu, en í skýrslu þeirri, sem þingmenn hafa fengið í hendur, er útdráttur úr skýrslu alþjóðabankans, og sáum við því ekki ástæðu til að birta hana aftur.

Í fyrstu gr. frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað fyrir hönd Íslands að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkv. tillögum, sem samþ. voru í júlí í sumar á fundi hinna sameinuðu þjóða í Bretton Woods í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum sættu stofnanir þessar andstöðu frá hinum sterku einkabönkum, þar sem búizt var við, að eftirspurn eftir dollurum í öðrum löndum mundi orsaka kröfu um aukna dollaraútgáfu. Í Englandi var það einkum fundið til, að ef þetta næði fram að ganga, yrði að hverfa frá þeirri stefnu, að brezka heimsveldið væri viðskiptakerfi út af fyrir sig. En því var til svarað, að Bretland gæti horfið að fyrri aðferðum, ef þetta reyndist ekki vel. Nú er svo komið, að bæði Bretland og Bandaríkin hafa samþ. eða munu á næstunni samþ. þátttöku í þessum stofnunum. Vitanlega er hér mest undir stórþjóðunum komið, en öllum hinum sameinuðu þjóðum og þeim, er þær styrkja (United and Associated Nations), er gefinn kostur á að vera með. Kostnaður sá, sem verða mundi af okkar þátttöku, mun vera um 1¾ millj. kr., og er lagt til í þessu frv., að ríkisstj. sé heimilað að taka þessa upphæð að láni til að annast skyldugreiðslur til þessara stofnana. Nú er heimilt að kalla eftir þessu fé, en almennt er þetta einungis skoðað sem ábyrgð, svo að okkar kostnaður yrði raunverulega ekki annað en vextir af 1¾ millj. kr.

Þá er lagt til, að úr gildi séu felld lög um gjaldeyrisvarasjóð, en 4. og 5. gr. þeirra laga eru teknar upp í þetta frv. Gert er ráð fyrir, að stofnunin sjálf greiði ferðakostnað fulltrúa þeirra, sem sæti eiga í stjórn hennar, svo að útgjöld vegna þátttöku í þessum félagsskap geta ekki talizt mikil. En hins vegar fylgir þátttökunni sá kostur, að við eigum kost á að ráðgast um alþjóðamál og fá þar atkvæðisrétt. Sú kvöð fylgir þessu, að við megum ekki breyta okkar gengi um meir en 10% í einu nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. En ef við verðum ekki ánægðir, er okkur heimilt að segja okkur úr þessum félagsskap. Tilgangurinn með þessari kvöð er aðallega sá að koma í veg fyrir gengislækkanir í samkeppnisskyni, og vil ég heldur telja þetta til kosta. Alþjóðabankanum er fyrst og fremst ætlað að lána til framkvæmda og aukinnar framleiðslu. Hann er ekki skyldur að veita öllum hluthöfunum lán, en engir aðrir en þeir hafa lántökurétt. Ekki er skylt að greiða nema hluta af hlutafénu til bankans í gulli, eða um 18%. Það, sem við þurfum að greiða þannig, verður um 250000 dollarar.

Aðallega er bankanum ætlað að hjálpa með ábyrgðum, og ákvarðast lánstraust hverrar þjóðar við það eitt, hvað bankastjórnin telur heppilegt. Þótt svo standi á hjá okkur nú, að við þurfum ekki á slíkum lánum að halda, þá getur alltaf komið fyrir, að þær þjóðir, sem við vildum selja vörur, gætu ekki greitt þær öðruvísi en í gegnum alþjóðabankann. Yfirleitt er það markmiðið að auka viðskipti þjóða á milli eins og var fyrir 1914, meðan gullfóturinn gilti.

Ég sé að svo stöddu ekki ástæðu til að taka fleira fram. Hér er ekki um mikinn kostnað að ræða, en hins vegar hægt að hafa mikið gagn af þátttökunni. Enn fremur má vera, að það yrði ekki vel séð af öðrum þjóðum, ef við tækjum ekki þátt í þessu, og er þess þá líka að gæta, að þrengra getur orðið um inntöku síðar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ef hv. Alþ. lízt á, að Ísland taki þátt í þessum stofnunum, þarf þetta frv. að fá afgreiðslu fyrir þingfrestun. Vildi ég því mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr. nú þegar, þótt mér þyki hins vegar eðlilegt, að hv. þm. vilji kynna sér þetta mál.

Forseti (BG): Gert er ráð fyrir, að fundur verði haldinn hér í fyrramálið kl. 10, en kl. 12 er ákveðinn ríkisráðsfundur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi deildarinnar, s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég hef lítið um þetta mál að segja umfram það, sem stendur í greinargerðinni. Það er flutt í neðri deild af hv. fjhn. eftir beiðni minni. Aðalefni frv. er það, að lagt er til, að ríkisstj. sé heimilað að taka þátt í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkv. tillögum, sem samþ. voru á fundi hinna sameinuðu þjóða í Bretton Woods í Bandaríkjunum síðastliðið sumar.
Í fylgiskjali er gerð grein fyrir hlutverki þessarar stofnunar, en það er að efla alþjóðaviðskipti og styðja að aukinni framleiðslu eftir stríð og beita til þess aðferðum, sem þessi alþjóðafélagsskapur á yfir að ráða. Ætlazt er til, að gjaldeyrissjóðurinn kaupi gjaldeyri, sem lítil eftirspurn er eftir, og komi í veg fyrir gengisbreytingar, sem stafa af samkeppni.
Það mun mega fullyrða, að bæði gjaldeyrissjóðurinn og alþjóðabankinn verði stofnaðir fyrir lok þessa mánaðar. Nágrannaþjóðirnar hafa undanfarið verið að samþ. lög um þátttöku í þessum stofnunum, og hafa borizt um það fréttir frá Noregi og Danmörku.
Fundinn í Bretton Woods sátu 44 þjóðir, en vafalaust eiga margar þjóðir eftir að bætast við, sem ekki áttu kost á að sækja þá ráðstefnu. Ég býst við, að ekki séu skiptar skoðanir um, að þetta mál hafi þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Þessar stofnanir geta hjálpað okkur til að leysa gjaldeyrisspursmál okkar og hjálpað öðrum þjóðum til að hafa verzlunarviðskipti við Ísland, en á því hafa verið nokkrir erfiðleikar.
Ekki verður hjá því komizt, að nokkur útgjöld verði af þessu fyrir ríkissjóð, en þetta er ekki glatað fé, og má miklu fremur búast við, að það gefi góða vexti a. m. k. óbeint. Gert er ráð fyrir, að sú upphæð, sem við verðum að greiða, nemi alls einni millj. kr. til hvorrar stofnunarinnar. Þetta fé skal þó ekki allt leggja fram í reiðu fé. Í gulli eða dollurum þarf ekki að greiða nema sem svarar ísl. kr. 1756350,00 og á ríkissjóður ekki að þurfa að greiða vexti af hærri upphæð vegna þátttökunnar. Kr. 6049650,00 þurfa að vera handbærar í íslenzkum bönkum, en sem svarar 800 þús. kr. til alþjóðabankans er eingöngu ríkisábyrgð á skuldbindingum bankans.
Þá vil ég benda á, að samkv. 6. gr. frv. eru með þessu frv., verði það samþ., úr gildi felld lög um gjaldeyrisvarasjóð, þar sem þessi stofnun mun gegna hinu sama hlutverki. Hins vegar þótti mér rétt að halda ákvæði því, sem tekið er í 4. gr. frv. um, að bönkum sé óheimilt að taka lán erlendis án vitundar ráðherra. Undanþeginn þessu er þó Landsbanki Íslands. Enn fremur er haldið ákvæðinu um að gefa ársfjórðungslega skýrslu til hagstofunnar um skuldir í erlendum gjaldeyri.
Í frumdráttum að reglugerð fyrir gjaldeyrissjóðinn og alþjóðabankann er gert ráð fyrir því, að hver þjóð hafi einn fulltrúa í fulltrúaráði gjaldeyrissjóðsins og bankaráði alþjóðabankans. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðherra skipi þessa menn ásamt varamönnum til 5 ára í senn.
Ég vænti, að hv. þdm. hafi haft svo góð tækifæri til að kynna sér þetta mál, að þeir telji ekki nauðsynlegt, að það fari til nefndar. Frv. hefur verið svo athugað, að ekki ætti að vera hætta á mikilli missmíði. Vildi ég því mælast til, að frv. verði samþ. án þess það fari til n., þar sem það þyrfti helzt að fá fulla afgreiðslu í dag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 387).

---

37. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 58. fundi í Nd., 20. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (þmfrv., A. 378).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur litið á þetta mál. Hér er eingöngu um að ræða framlengingu á löggjöf, sem áður hefur gilt, og leggur n. til, án þess að gefa út nál., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Þetta frv. er einnig flutt af fjhn. neðri deildar eftir beiðni minni, en það er gamall kunningi. Lög sama efnis, sem hafa verið í gildi, falla úr gildi í lok þessa árs. Ég býst ekki við, að um það séu skiptar skoðanir, að framlengja þurfi þessa heimild, en því þarf að hraða svo, að þetta öðlist lagagildi fyrir áramót. Ég vil því mælast til, að þetta verði samþ. án þess að málið fari til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 388).

---

38. Nýbyggingarráð (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 55. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð (þmfrv., A. 347).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af nýbyggingarráði. Í raun og veru hefði þetta átt að tilheyra lögum þeim, sem upphaflega voru sett um nýbyggingarráð. Þegar ákveðið var, að 350 millj. kr. skyldi varið til nýsköpunarinnar, var það ætlunin, að ekki skyldi á nokkurn hátt dregið úr þeirri eðlilegu nýsköpun, sem alltaf fer fram á hinum ýmsu sviðum. Þetta frv. á að tryggja, að alltaf sé notuð viss prósenttala af innstæðum landsmanna til kaupa á atvinnutækjum. Og hafði þó ekki verið gert ráð fyrir þeim hluta upphaflega, sem nemur svo og svo miklu af endurnýjun á tækjum. Þess vegna er nauðsynlegt, að til sé ákvæði í l. um nýbyggingarráð, sem tryggi þetta. Þetta er sparsemisákvörðun hjá þjóðarbúinu sem heild, að þjóðin ákveður að lifa ekki eingöngu á stríðsgróða og eyða honum upp, heldur skuli þjóðin leggja svo og svo mikið til hliðar árlega af andvirði útflutningsins og nota það til nýsköpunar eða endurnýjunar tækja atvinnuveganna, en taka sérstaklega til nýsköpunar þessar 300 millj. kr., sem gert er með ákvæðum í sambandi við nýbyggingarráð, án þess að hugsa sér, að þeim sé varið til venjulegrar árlegrar endurnýjunar atvinnutækja. — Ég vænti þess, að hæstv. Alþ. verði sammála um að samþ. þetta frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á þessu þskj., sem hér liggur fyrir, stendur, að þetta mál sé flutt af fjhn. þessarar d. Mér kom það nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir, þegar ég sá þetta, því að um flutning málsins hafði ekki verið rætt við mig, þó að ég eigi sæti í þeirri n. Ég er út af fyrir sig ekki að finna svo mikið að því, vegna þess að í grg. frv. stendur, að nefndarmenn séu óbundnir um afstöðu til frv. Er því ekki stór skaði skeður, þó að þetta hafi ekki verið tekið fyrir á fundi. En af því að mér er málið ókunnugt og ég hef ekki lesið grg., sem því fylgir, ætla ég ekki að ræða það frekar við þessa umr., en e. t. v. verður ástæða til þess við 2. umr.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég skal játa, að það hafa orðið nokkur mistök um framlagn-

ing þessa máls, sem stendur í sambandi við það, hve langt er áliðið þingtímans. Ég hafði ekki heldur séð þetta frv. áður en það var prentað. En þó hafði verið sagt við mig í síma, að þetta frv. yrði prentað og vænzt þess, að fjhn. vildi flytja frv. Það er því ekki hægt að segja, að eftir strangasta formi hafi fjhn. gert það, því að enginn nefndarmanna hafði lesið frv. Við fjhnmenn munum taka frv. þetta til athugunar milli 1. og 2. umr., og nm. eru allir óbundnir viðkomandi fylgi við málið, eins og í grg. frv. segir. En ég vona, að hv. þm. virði þetta á betri veg og leyfi frv. að fara gegnum atkvgr. nú til 2. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir þetta reyndar nokkuð einkennilegt, sem kom fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf., form. fjhn. Ég hafði búizt við, að hv. form. n. hefði af einhverjum ástæðum ekki getað náð til mín, en hann og nokkrir aðrir nm. hefðu tekið ákvörðun um að flytja frv. En nú skilst mér, að svo hafi ekki verið. Mér þykir það einkennilega að farið af hæstv. ríkisstj. að setja nafn einhverrar n. eða þm. sem flm. á frv. í staðinn fyrir að flytja þau sjálf. Þetta kann ég hálfilla við og tel, að hæstv. ríkisstj. ætti heldur að kannast við sín börn og bera þau hér fram sjálf.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér skilst, eftir því, sem nú er upplýst um þetta mál, sem það sé ekki þingmál, og þurfi þess vegna ekki að ræða það. Þetta mál er komið hér inn í þingið, án þess nokkur sé raunverulega flm. þess. En það er eitt af þeim ákvæðum l. um það, hvernig háttað skuli störfum á Alþ., að ef mál skuli tekið fyrir, þá gerist einhver flm. þess. Nú er upplýst, að enginn flm. er að þessu máli, og er þess vegna nokkuð áfátt um meðferð þess, þar til úr því er bætt.

Ásgeir Ásgeirsson: Eins og ég sagði áðan, hafði verið talað við mig í síma um það, að þetta mál yrði lagt fram, og ég amaðist ekki við því, að það yrði lagt fram. Hins vegar hefur ekki verið hægt að halda fund í n. um það. Og ef einhver fjhnmaður skyldi skorast undan því að teljast flm. þessa máls eins og það nú er fram komið, mætti prenta þetta frv. síðar og leggja fram. En mér var fullkomlega kunnugt um þetta frv., að það stóð til að leggja það fram og að það var um að taka 15% af erlendum gjaldeyri, andvirði útflutnings, og leggja til hliðar eftir á fyrir hvert ár samkv. því, sem stendur í frv. En grg. frv. hef ég ekki lesið fyrr en nú á fundinum. Ef mönnum þætti formlegra og þess vegna æskilegra, skal ég ekki amast við því, að umr. um þetta frv. verði frestað. En ég tel ekki ástæðu til þess.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Að ég bað um orðið, var ekki sérstaklega vegna þess, hvernig þetta frv. hefur komið hér fram í hv. d., heldur vildi ég benda á það, að mér þykir það ákaflega einkennilegt, að það skuli koma fram að heita má samtímis tvö frv. um breyt. á sömu l., og auk þess eru þessi frv. borin fram sitt af hvorri n. Ég veit að vísu ekki, hvort hægt er að segja, að þetta frv. sé hér til umr. Það virðast fáir vilja við það kannast. En eins og orðanna hljóðan er á þskj. þessu, sem hér liggur fyrir, eru þessi tvö frv., sem miða að því að breyta l. um nýbyggingarráð, borin fram sitt af hvorri n. Þetta þykir mér mjög einkennileg aðferð, þar sem sýnilega hefði verið hægt að koma þessu fram í einu og sama frv., eða þá bera þetta, sem hér liggur fyrir, fram sem brtt. við frv. það, sem komið er fram frá sjútvn., því að það var mjög eðlileg og þingleg aðferð að fara þannig að. Ég held þess vegna, að til þess að gera ekki hv. þm. erfiðara fyrir en þörf er á, hefði verið langeðlilegast, að þetta frv. hefði verið dregið til baka nú og borið fram sem brtt. við það frv., sem fyrir þinginu liggur frá sjútvn. um breyt. á l. um nýbyggingarráð.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Um frv. það, sem við vorum að ræða næst á undan þessu, nr. 5 á dagskránni, er það að segja, eins og hv. þm. vita, að það stendur í sambandi við frv. til l. um fiskveiðasjóð, og er í raun og veru óaðskiljanlegt frá því frv., þó að það verði að flytjast sem sérstakt frv. Frv. til l. um fiskveiðasjóð er eðlilega flutt af sjútvn. Og vegna þess, að hitt frv., nr. 5 á dagskrá, um nýbyggingarráð, tilheyrir að efni til frv. um fiskveiðasjóð, þá varð sjútvn. að athuga það, svo að þessi tvö frv. þurfa að fylgjast að í sömu n. Hins vegar er formlega rétt, ef ríkisstj. óskar eftir breyt. á l. um nýbyggingarráð, að forsrh., sem hefur með nýbyggingarmálin að gera, snúi sér til fjhn. um flutning frv. til breyt. á þeim l. Og þess vegna er ekki nema rétt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé flutt að tilhlutan ríkisstj. af fjhn.

Þessi tvö frv., sem eru um breyt. á l. um nýbyggingarráð, eru þannig fram komin, að þau eru ekki fram komin á sama tíma, sem er af ástæðum, sem ekki er hægt að ráða við. Frv. um fiskveiðasjóð og frv. það um breyt. á l. um nýbyggingarráð, sem í sambandi við það var flutt, voru bæði undirbúin fyrir 6 mánuðum. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, 6. dagskrármálið, hefur hins vegar verið undirbúið miklu síðar, og þess vegna er það ekki komið fram fyrr en nú. Og þar sem ég býst ekki við, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, verði deilumál, vonast ég til, að hv. þm. fallist á að afgr. þetta mál nú frá 1. umr., þó að svona hafi tekizt til, að ekki var hægt að hafa fund í fjhn., eftir að hæstv. ráðh. bað n. að flytja málið þar til það var lagt fram.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Mér virðist það vera fram komið í þessu máli, að það sé augljóst, að það verði að prenta þskj. upp og flytja málið síðan formlega í hv. d. Það er upplýst, að rangt er frá skýrt í grg. frv., og er grg. þá röng heimild, ef hún er tekin þannig í Alþt. Og það er einnig játað af hv. form. fjhn., að frv. þetta hefur aldrei verið borið upp í fjhn. og aðeins samþ. gegnum síma af form. sjálfum, að n. flytji það. Og það er ekki upplýst enn, hve mikið af hv. fjhn. stendur að frv. Ég tel það því óumflýjanlegt, að hæstv. forseti fresti meðferð

málsins nú með öllu og taki það af dagskrá og að þskj. verði svo prentað upp, og það síðan formlega borið upp í fjhn., hvort hún vill flytja frv. eða ekki. Því að ef á að fara að taka upp þær starfsaðferðir hér í hv. d., að menn fari að flytja frv., sem þeir aldrei hafa séð, og menn bendlaðir við flutning frv., sem þeir hafa aldrei samþ. að vera flm. að, þá eru það slæm vinnubrögð, og með því yrðu heimildir Alþ. falsaðar.

Ásgeir Ásgeirsson: Ef hv. þm. V.-Sk. hefði verið í fjhn., hefði hann kannske haft ástæðu til að segja það, sem hann sagði nú. En þar sem hann er ekki í fjhn., og þeir hv. þm. úr fjhn., sem viðstaddir eru hér, hafa ekki séð ástæðu til að flytja ræðu eins og þá, er hann flutti, þá er þessi framkoma óþörf af honum. Hv. þm. V.-Sk. er kunnugt um, að lagabálkar eru bornir fram eða frv. um þá af nefndum, án þess að nm. lesi þau frv. áður. Hér er líka tekið fram, að nm. hafa óbundin atkv. um frv.

Hitt er svo annað atriði, sem ég legg ekki áherzlu á, hvort málinu er frestað nú. En ég tel það engan skaða, að málið verði afgr. á þessum fundi frá þessari umr. Það er bert, að meiri hl. fjhnmanna, ef ekki þeir allir, sem viðstaddir eru á þessum fundi, hafa ekkert á móti því, að þetta mál sé borið fram í sínu nafni, með því skilyrði, að þeir séu að öllu leyti óbundnir um afstöðu til frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi lýsa yfir, að ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að þessari 1. umr. málsins verði lokið nú og málinu vísað til n. Ég sé enga ástæðu til þess að fresta umr. málsins, enda þótt þessi háttur hafi verið á hafður að bera frv. fram í nafni n., án þess að haldinn hafi verið fundur í n. um það. En það er tekið fram í upphafi grg., sem fylgir frv., að nm. hafi um það óbundnar hendur. Nm. munu því taka afstöðu til frv. á næsta fundi, er málið liggur fyrir. Og ég skil ekki, hvers vegna er verið að koma hér með úlfaþyt út af flutningi þessa máls, og farið er fram á, að umr. um málið verði frestað. Afstaða hv. þm. kemur bert í ljós í umr. um frv. nú, og fjhn. tekur afstöðu til frv. á fundi, sem haldinn verður um þetta mál. Og það að fá þessari umr. frestað, sé ég ekki, að hafi neina praktiska þýðingu, ekki einu sinni sinni fyrir þá, sem kynnu að verða á móti frv. Því að tækifæri verður til að leggja orð í belg um frv., eftir að málið hefur verið tekið formlega til athugunar af n.

Sveinbjörn Högnason: Hv. form. fjhn., þm. V.-Ísf., hneykslaðist mjög á því, að ég skuli blanda mér í mál, sem fjhn. hefur haft með höndum eða hann sem form. n. hefur eitthvað skipt sér af. (*PZ:* Hefur ekkert skipt sér af). Já, hefur ekkert skipt sér af. Þó að hann sé form. virðulegrar n., þá má líka taka það fram, að ég veit ekki til þess, að áður hafi formenn nefnda kvartað yfir því, að aðrir alþm. slettu sér í mál, sem þeirra n. hefðu með höndum. Það er eins og eitthvert sérleyfi þurfi til þess að ræða þetta mál að áliti hv. þm. V.-Ísf. Hv. form. fjhn., þm. V.-Ísf., veit, að um þetta mál hefur verið farið á bak við þau form, sem ríkja í starfsháttum Alþ. Og það er sjálfsagt, að alþm. víti það og láti það koma í ljós alveg eins, þó að það sé hv. þm. V.-Ísf., sem í hlut á. Máske heldur hann, að hann sé eitthvað friðhelgur í þessum efnum. Ég læt hann vita, að svo er ekki eftir mínu sjónarmiði. Og ég tala um mál, sem koma frá hans hendi, alveg eins og frá öðrum hv. þm. Það er upplýst mál, að hér hafa verið viðhafðar rangar starfsaðferðir, og ég sé ekki, hvað er við það að athuga — það ætti raunar að telja það sjálfsagt mótmælalaust, — að þskj. þetta verði prentað upp og frv. síðan flutt á réttan hátt.

Skúli Guðmundsson: Það hefur verið upplýst, að það sé nú dálítið óðruvísi en venjulegt er um flutning þessa máls. Og af því að ég hef í dag verið bundinn við umr. um önnur mál, skal ég ekkert um það segja, hvort ég vil gerast flm. þessa frv., sem rætt hefur verið um hér, eftir að hafa kynnt mér það. En að svo stöddu vil ég vera laus við að flytja það. Því að það hefur verið venja undanfarið, ef komið hefur verið með mál til n., að nm. hafa haft tækifæri til að kynna sér málin, áður en þeir hafa gerzt flm. að þeim. Og ég mælist til þess við hæstv. forseta, að málinu verði ekki fram haldið sem fluttu af allri fjhn. a. m. k., fyrr en mér gefst tækifæri til að athuga það nánar.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hef átt tal við þrjá fjhnmenn, sem allir eru því samþykkir, að mál þetta sé flutt í þeirra nafni, og ég er sá fjórði. Og eftir fyrri ræðu mína skoraðist hv. þm. V.-Húnv. ekki undan því að teljast flytja málið. Nú hefur hann hins vegar helzt úr lest með það, að því er virðist út af málflutningi hv. þm. V.-Sk., og vill nú ekki láta telja sig með í að flytja frv. En það kostar það, að það verður að prenta upp frv., eins og oft hefur verið gert á þessu þingi, og setja í staðinn fyrir að það sé flutt af fjhn., að það sé flutt af meiri hl. fjhn.

Til þess hef ég aldrei ætlazt að verða friðhelgur fyrir hv. þm. V.-Sk. hér, því að það er enginn hv. þm. í þessum sal.

Skúli Guðmundsson: Út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. vil ég geta þess, að það var hans fyrri ræða, sem ég aðallega byggði það á að gerast ekki flm. að þessu frv. Því að þar kom það fram, að þetta frv. hefði verið sett í prent sem flutt af fjhn. allri, áður en talað var við form. n. og hann talaði við aðra. Og það er sú óvenjulega aðferð, sem ég get ekki fallizt á, að upp verði tekin í flutningi þingmála.

Forseti (GÞ): Ég verð að telja, eftir þeim upplýsingum, sem hér hafa fengizt, að það muni ekki vera óalgengt, að n. séu send frv., sem þær bera svo fram f. h. ríkisstj., þó að nm. hafi óbundnar hendur um þau.

Það er líka yfirlýst, að fjórir af fimm hv. fjhnmönnum þessarar hv. d. eru samþykkir því, að frv. þetta sé talið flutt af meiri hl. fjhn. Og með því að það að telja frv. flutt af meiri hl. fjhn. mundi ekki krefja nema leiðréttingu að

þessu leyti á frv., virðist mér ekki ástæða til þess að fresta þessari umr., heldur vísa málinu til 2. umr. um leið og tekið skal fram, að þskj. verður prentað upp og það leiðrétt, sem hér hefur verið sagt, að ekki sé rétt prentað hér á þskj. um flm. frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Fjhn. hefur tekið þetta til athugunar og fallizt á það. Þetta mál hefur verið rætt áður, svo að ekki er þörf á því nú. Aðalatriðið er, að 15% af andvirði framleiðslunnar skuli lagt til hliðar til kaupa á framleiðslutækjum. Það á að halda áfram nýsköpuninni og leggja ákveðinn hundraðshluta til þessara mála. Þetta er framkvæmanlegt, meðan útflutningurinn er hagstæður og þjóðin á í sjóðum erlendis, en ef þeir ganga til þurrðar eða verzlunarjöfnuðurinn verður óhagstæður, þá verður að spara til að geta aflað þessara tækja. Þessu gengu menn alltaf út frá. — Ég vona svo, að málið fái fljóta afgreiðslu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Efni þessa frv. er að leggja 15% af verðmæti útflutningsins á sérstakan reikning og verja því til kaupa á framleiðslutækjum. En þótt slíkt verði sett í lög, er það engan veginn tryggt, að þetta fé verði tiltækt í þessu skyni. Hvað mikið af tækjum verður flutt inn, skal ég ekki segja um, en á meðan verzlunarjöfnuðurinn er óhagstæður um 30—40 millj. kr., þ. e. útflutningurinn minni en innflutningurinn, þá bendir það til, að meira þurfi að gera en að setja slík lög, til þess að afgangur verði. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu í sambandi við málið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Frv. þetta er samið af nýbyggingarráði og flutt af fjhn. samkv. ósk minni. Ég get vísað til ræðu hv. frsm. meiri hl. n. Þegar lög um nýbyggingarráð voru samin, vakti fyrir Alþ. að taka af innstæðum þjóðarinnar og auk þess tekjum hennar og verja því til kaupa á framleiðslutækjum. Hv. þm. V.-Húnv. drap réttilega á, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir, til þess að sjóðirnir ætust ekki upp, og liggur fyrir að taka þau mál til athugunar á sínum tíma. Ég hef ekki gögn um það í dag, hvernig þessi mál standa, en þjóðin hefur haft miklar tekjur og safnað miklum fjárfúlgum erlendis. En þetta er e. t. v. breytt að miklu leyti. Ég skal ekkert fullyrða um þetta, en sú mynd, er fram kom hjá hv. þm., er ekki rétt af gjaldeyrisöflun og eyðslu þjóðarinnar, því að hér dvaldi her, sem hefur eflaust skilið eftir mikið fé.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta frv. mælir svo fyrir, að 15% af andvirði útflutnings landsmanna fyrir hvert ár skuli lagt á sérstakan reikning, eins og þegar hefur verið gert um 300 millj. kr., sem samkv. ákvörðun Alþ. voru teknar frá í því skyni, að þeim verði varið einvörðungu til svonefndrar nýsköpunar. Meginhugsun þessa máls er sú, að þegar Alþ. ákvað að leggja 300 millj. kr. af fé landsmanna til hliðar í því skyni að afla nýrra tækja til framleiðslunnar, var það ætlun manna, að sú fjárfúlga yrði tekin af þeim sjóðum, sem þá höfðu safnazt. Hins vegar hefur það að sjálfsögðu verið venja að undanförnu, sem skapazt hefur af eðlilegri þörf og nauðsyn þjóðarinnar, að nokkur hluti þess fjár, sem þjóðin aflar á hverju ári, gangi til þess að kaupa fyrir ný tæki. Og í samræmi við það og þá grundvallarhugsun, sem vakti fyrir hæstv. Alþ., þegar nýbyggingarsjóður var stofnaður, þá er nú lagt til, að með sérstökum l. verði tryggt, að þessari venju verði fylgt, þannig að handbært fé liggi fyrir í þessum sjóði, sem hæstv. Alþ. ákvað, að myndaður skyldi á síðasta ári. Þetta er þá, sem sagt, gert til þess að tryggja það, að eftir því sem auðið er, og svo lengi sem unnt er, verði árlega tekin frá fjárfúlga umfram það, sem upprunalega var lagt í þennan sjóð, til þess að kaupa fyrir ný tæki.

Að svo stöddu er ekki hægt að segja um það, hve lengi hægt er að framfylgja slíkum ákvörðunum eða hvaða ráðstafanir kynni að þurfa að gera varðandi eyðslu manna á öðrum sviðum, til þess að hægt verði að fullnægja þessari ákvörðun. En það er þá þess þings, sem á hverjum tíma um það fjallar, að velja um, hve hart það vill ganga að þjóðinni viðkomandi fjár-

eyðslu til daglegra þarfa annarra en aukningar á framleiðslutækjum. En hv. nýbyggingarráð, sem samið hefur þetta frv., og ríkisstj., sem um það hefur fjallað, eru á einu máli um það, að það sé þó sjálfsagt að lögfesta þetta ákvæði, til þess með því að lýsa þeim vilja Alþ., að þjóðin freisti þess að haga svo starfsemi sinni og rekstri þjóðarbúsins, að ekki verði af því, sem þjóðin árlega aflar, meiru eytt en svo til eyðsluþarfa, að afgangs verði hæfileg fjárfúlga til aukningar á framleiðslutækjum.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. frv., sem í meginatriðum færir fram þau rök, sem að þessu hníga. Ég leyfi mér að mælast til þess, ef þetta frv. sætir ekki andmælum, að það mætti verða afgr. nú, áður en þingfrestun fer fram.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta frv. með umr. hér. Ég álít, að þetta frv. sé meinlaust, en gagnslítið. Það er, alveg eins og hæstv. forsrh. tók fram, viljayfirlýsing um það, sem við vildum gjarnan geta gert. En sannleikurinn er sá, að eins og gjaldeyris- og innflutningsmálum okkar er háttað nú og gjaldeyrismálin hafa verið eftir styrjöldina, og jafnvel eins og nú horfir við, þá eru ekki ýkja miklar líkur til þess, að hægt sé að framkvæma ákvæði þessa frv. En það skilst mér þó, að verði að gera, ef það er samþ. sem lög. Og út af fyrir sig er ekki nema gott um þessa viljayfirlýsingu að segja, eins og hæstv. forsrh. tók fram. En ég vildi benda á í viðbót við þetta, að mér virðist þessi löggjöf koma þvert á þá fyrirætlun ríkisstj. að gefa út frílista yfir ýmsar vörur, sérstaklega þær, sem keyptar eru frá Englandi. Það er kannske byggt á misskilningi, en ég fæ ekki séð, að þetta tvennt geti farið saman. Ef tryggja á, að í árslok verði eftir 15% af útflutningsverðmætinu, þá er það auðsætt mál, að mjög sterkar innflutningshömlur verða að vera. Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að ég greiði ekki atkv. um það af ástæðum, sem ég gat um í upphafi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er rétt, sem hv. þm. Str. sagði, það verður að hafa sérstaka gát á gjaldeyrinum, en það hefði orðið að gera, þótt þetta hefði ekki komið til. Það út af fyrir sig þarf ekki að koma í bága við frílistann. Það getur að minni hyggju farið saman, þótt ótakmarkaður gjaldeyrir sé ekki til umráða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 390).

---

39. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1946.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1946 (þmfrv., A. 361).

Á 56. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. 2. þm. Eyf. (GÞ) er ekki staddur hér í deildinni, en hann átti að fylgja frv. þessu úr hlaði fyrir hönd meiri hl. allshn. Allshn. tók að sér að flytja frv. þetta fyrir hæstv. ríkisstjórn. Að öðru leyti skýrir frv. sig sjálft.

Eins og stendur í grg., er lagt til, að fundum Alþingis sé frestað til 1. febrúar n. k., en framhaldsfunda þess bíða talsverð verkefni. Alþfl. hefði kosið, að hægt hefði verið að afgr. húsnæðismálin, sem nú liggja fyrir, áður en fundum þess er frestað, en af því gat ekki orðið. Alþfl. hefði og kosið, að Alþingi hefði komið saman þegar eftir nýár til þess að afgreiða þetta mál, en af því að frestun til 1. febr. er að vilja meiri hl. þingmanna, vill flokkurinn ekki setja sig þar á móti. Um frestun samkomudags hins nýja Alþingis er það að segja, að það getur varla komið saman fyrr. En ef eitthvað sérstakt kemur upp, er þó hægt að kalla það saman fyrr. Ég vildi láta þessi orð falla af hálfu Alþfl. í trausti þess, að húsnæðislöggjöfin verði afgr. þegar í febrúar.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur tekið fram, er frv. þetta flutt af meiri hl. allshn. Ég óskaði ekki eftir að flytja þetta mál eins og það er. Eins og kunnugt er, ber næsta þingi, sem ætti samkv. lögum að koma saman 15. febr. n. k., að sinna fjárlögum, og það á að falla í hlut þess Alþingis að afgreiða fjárlög fyrir árið 1947. Nú get ég gert ráð fyrir, að eins og ástæður eru, sé erfitt að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár í vetur, og það má ætla, að þegar kemur fram á útmánuði verði og nokkuð óljóst um framtíðina, það sé því allmikil ástæða til þess, að ekki verði gengið frá fjárlögum fyrir næsta ár. Úr því að í ráði er að afgreiða meiri háttar mál eftir áramót, er sýnt, að Alþingi, sem nú situr, yrði ekki lokið fyrir 15. febr. n. k., og þess vegna eðlilegt, að samkomudegi þess sé nokkuð seinkað. Eins og stendur í frv. er lagt til, að samkomudagur næsta reglulegs Alþingis verði 1. október, en vitaskuld er heimilt að kalla það saman fyrr á árinu. Nú finnst mér ekki rétt að fresta samkomudeginum svo langt fram í tímann, þrátt fyrir það, þótt kosningar eigi að fara fram á komanda vori. Eðlilegast hefði verið, að hið nýkjörna þing hefði það meira á valdi sínu, hvenær það kæmi saman. En ríkisstjórnin hefur það gersamlega á sínu valdi að fresta þingi til 1. október, hvernig sem öllu er háttað. Fyrir

þessar sakir óskaði ég ekki að vera meðflm. að frv. þessu og held ég, að öllu viðfelldnara hefði verið að haga málsmeðferð allri með dálitið öðrum hætti.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Eins og tekið hefur verið fram, fjallar frv. þetta um frestun samkomudags næsta reglulegs Alþingis til 1. okt. n. k. Mér virðist sú braut, sem með þessu er farið inn á, allvarhugaverð, og eins og nú er ástatt, ástæðulaust að haga máli þessu á þennan veg. Það varð ekki úr því ekið við hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokka hennar, að Alþingi því, sem nú situr, yrði frestað skemur en til 1. október. Fór það og svo, að ríkisstj. komst í sjálfheldu og varð að gefa út bráðabirgðalög, sem eigi er líklegt, að þurft hefði að vera, ef Alþingi hefði komið saman mánuði fyrr, eða 1. september. Vil ég nú beina því til hv. þm., hvort eigi mundi hægt vera að ljúka þingi því, er nú situr, væri enn mánuður til starfa, eða hvað þeir færa fram í móti því. Ber í því efni að líta á það, að nú eru fjárlög að algerast, eða hver hv. þingmanna vill voga að mótmæla þeim rökum, sem ég nú hef fram flutt? Þar eð ég tel einn mánuð mundu til þess nægja að ljúka störfum þingsins, og munu hv. þm. geta á það fallizt, vil ég fara fram á, að 1. september verði ákveðinn sem samkomudagur næsta reglulegs Alþingis, nema fyrr væri. Ríkisstjórnin hefur það á valdi sínu samkv. þessu að kveðja Alþingi eigi fyrr saman til funda en 1. október, en það vald er tekið af Alþingi. Kosningar til Alþingis eiga, sem kunnugt er, fram að fara á næsta vori. Mætti ætla, að þær kosningar hefðu þær breytingar í för með sér á skipan þess, að hið nýkjörna Alþingi æskti þess að koma saman fyrr en tilskilið er í þessu frv. En það er, eins og ég áður tók fram, í hendi hæstv. ríkisstjórnar. Hún hefur það á valdi sínu að fresta samkomudeginum þar til takmarkið er komið, 1. október. Hæstv. ríkisstjórn getur sagt á þá leið, að þetta mundi hún ekki gera, væri þörf að kveðja þingið fyrr til setu, en ég sé ekki ástæðu til þess, að hún hafi svo mikið vald í þessu efni. Það getur orðið svo ástatt, að kalla verði þing saman þegar eftir kosningar, svo sem vegna stjórnarmyndunar. Ég tel eðlilegast, að Alþingi sjálft hafi fullt vald í þessu efni, en selji engri stjórn eindæmi.

Nú er 1. september ekki rétt eftir kosningar. Þá hafa þegar liðið tveir sumarmánuðir frá kosningum. En sú tímaákvörðun er þó öllu nær lagi en 1. október. Ég vil þess vegna beina því til hv. nefndar, að hún, í samráði við hæstv. ríkisstjórn, athugi á milli umræðna möguleika á því, að 1. september verði valinn samkomudagur næsta reglulegs Alþingis.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv.

Á 58. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hafði búizt við, að allshn. mundi eiga tal um þetta mál, en ég þykist sjá af þessu að það mun ekki vera meiningin, svo sjálfsagt sem það þó hefði verið. Þetta þing hefur látið undir höfuð leggjast að vinna nema fjórða hluta þess, sem því bar að inna af höndum. Hitt á að bíða hins nýkjörna þings þar til seinast á árinu. Meginviðfangsefni þess þings verða þess vegna að bíða hausts, og við því er ekki mikið að segja. En hitt er svo allt annað, að það eigi að vera á valdi hæstv. ríkisstj., hvenær hið nýkjörna þing kemur saman. Verði breyting á skipan Alþingis, þannig að önnur sjónarmið verði þar ráðandi, þá á sá vilji að fá að njóta sín strax að afloknum kosningum. En ef engin breyting verður þar á, þá hefur ríkisstjórnin í hendi sér sem áður, hvenær það kemur saman. Mig undrar stórum þessi starfstilhögun þingmeirihlutans. Með þessu sýnir hann greinilega manndóm sinn og lundarfar. En ég hélt, að hann vildi ekki koma svo berstrípaður fyrir augu þjóðarinnar og sýna svona ljóslega, hvernig hann er innrættur. Ef þing kemur ekki saman fyrr en 1. október, má búast við, að ríkisstj. þurfi að grípa til þess að setja bráðabirgðalög, eins og gert var á s. l. hausti, en Alþingi ætti ekki fyrir fram að gera gyllingar til slíks. Lagasetningin frá því í september í haust ætti að vera hv. þm. í of fersku minni til þess.

Ég á ekki annars úrkosta, fyrst málið er svona hespað af, en að bera fram skrifl. brtt. við frv. Hún er við 1. gr. þess og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir „1. dag októbermánaðar" komi: 1. dag ágústmánaðar."

Það ber enga nauðsyn til þess, ef svo vill verkast, að þingið hafi langa setu, þótt það kæmi saman á þeim tíma, sem ég legg til. En það er rétt, að hinir nýkjörnu þingmenn eigi þess kost að hafa hönd í bagga með því, hvernig störfum þingsins verður hagað. — Ég vil að svo mæltu afhenda hæstv. forseta hina skriflegu brtt. mína til þess að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 384) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara þessari gamanræðu, sem hv. 1. þm. Árn. var að flytja hér. Þetta voru talsverð gífuryrði, og undrar mig, að svo vanur þingmaður skuli láta slíkt frá sér fara, því að ég trúi ekki, að hann hafi eins vont álit á innræti stjórnarinnar og hann vildi vera láta.

Það mætti athuga till. hv. 10. landsk. (GSv) um að þingið komi saman 1. september. En af öllu, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, var eitt atriði, sem máli skiptir og sjálfsagt er að fara eftir, en það er, ef það kemur í ljós, að vilji þingmanna stendur til þess að þing komi saman fyrr en ákveðið kann að verða. Mér finnst ákaflega líklegt, að farið yrði eftir vilja þingsins í þessu efni, þegar þar að kemur. Ég get því ekki tekið undir mál þeirra hv. 1. þm. Árn. og hv. 10. landsk. í ræðu þeirri, sem hinn síðarnefndi flutti hér í gær. Ég held, að það sé haft eftir hv. 2.

þm. S.-M. (EystJ), að Framsfl. væri ekki ráðinn í því, hvort hann yrði á móti þessu frv. Hv. formaður allshn. sagði mér frá þessu. (*EystJ:* Ég held, að hæstv. forsrh. ætti að venja sig af því að vera að bera slúður á milli). Það kann að vera, að betra sé að hafa slíkt skriflegt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. forsrh. skal ég geta þess, að hv. 2. þm. Eyf. spurði mig að því, hvort Framsfl. mundi flytja þetta mál, en ég sagði honum, að flokkurinn mundi ekki gera það, og ræði ég þetta ekki frekar.

Í dag er 20. desember, og er í ráði að fresta fundum Alþingis til 1. eða 2. febrúar. Mér er þess vegna óskiljanlegt, hvers vegna þarf að ákveða nú þegar, hvenær reglulegt Alþingi kemur saman. Mér hefði þótt það heppilegri vinnuaðferð að láta það bíða þar til síðar í vetur að ákveða samkomudag næsta reglulegs Alþingis. Það er aldrei hægt að vita, hvað fyrir kann að koma, en ef beðið væri þar til síðari hluta vetrar með að taka ákvörðun um þetta atriði, þá værum við þó nokkru nær því að geta séð, hvenær heppilegt væri að ákveða samkomudaginn. En nú eigum við, sem nú sitjum á Alþingi, að *láta það á vald stj., hvenær hið* nýkjörna Alþingi kemur saman. Það ætti að koma saman í vor, þegar að loknum kosningum, en nú verður það kannske ekki fyrr en 1. október. Ég álít okkur alls ekki heimilt að leggja það á vald nokkurri ríkisstjórn að láta það dragast svo lengi, að Alþingi kæmi saman að afloknum kosningum. Þetta er bara principmál, sem undarlegt er, að allir skuli ekki geta verið sammála um. Það þarf að gæta þess, að ekki verði gengið á grundvallarreglur þingræðisins. Það er ómögulegt að segja, hvernig svona fordæmi yrði notað, til dæmis af þingmeirihluta, sem teldi hæpið, að hann gæti haldið stjórnartaumunum áfram. Það er ýmislegt, sem slík stjórn gæti verið búin að gera með bráðabirgðalögum, áður en þing kæmi saman. Ég er engu að spá og er ekki að segja, að þessi stjórn muni fara svona að ráði sínu. En eðlilegasta meðferð þessa máls væri sú, í fyrsta lagi að ákveða ekki frestunina fyrr en þing kemur saman aftur, og í öðru lagi að ákveða frestunina ekki nema rétt fram yfir kosningar. Það er ákaflega langt frá því, að við stjórnarandstæðingar séum ánægðir með þá reynslu, sem við höfum orðið fyrir í þessu efni. Stjórnin hefur notað sér heimild þingsins til hins ýtrasta, hún hefur ekki kallað það saman fyrr en hún mátti til. Það er ekkert vit í því að fresta nú að kalla þingið saman lengur en til 1. september. En stjórnin vill ekki, að það komi svo snemma saman. Það liggja þau mál fyrir til úrlausnar í þeim mánuði, sem stjórnin vill ganga frá áður en þing kemur saman. Í september verður tekin ákvörðun um mál, sem stjórnin veit, að hæpið er, að hún fái þingmenn til að standa með, og þess vegna vill hún ganga frá því með bráðabirgðalögum. Ég dreg í efa, að lögin um búnaðarráð hefðu komizt í gegn, ef þau hefðu verið borin fram á þingi. Þar sem það mál er, höfum við sönnun þess, hvernig núv. stjórn hefur notað þingfrestunarheimild sína í haust. Hún notaði sér hana til þess að vera laus við þingið sem lengst, eins lengi og kostur var. Hún gefur út lög einum eða tveimur dögum áður en þingið kemur saman. Þetta sýnir glöggt virðingu hennar fyrir þinginu. En jafnvel þótt við hefðum góða reynslu í þessu efni, væri það allt að einu ekki rétt né verjandi að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Með því að samþ. það mundum við gefa illt fordæmi um, að þing geti verið ósamankvatt marga mánuði eftir kosningar. Við hljótum að vera tortryggnir. Hvers vegna er miðað við 1. október? Hvers vegna ekki 1. september? Það er af því, að stjórnin vill hafa aðstöðu til að leika sama leikinn og í september s. l. Þetta er ætlunin.

Það má segja, að nógur sé tíminn til starfa frá 1. október. En hver er útkoman? Nú er 20. desember, og að undanförnu höfum við rembzt við með næturvökum að ljúka nokkrum þeim málum, sem mest kölluðu að, þótt mörg séu óleyst, og er ekki óeðlilegt, þótt stjórninni sé ekki rótt. En þó lét hæstv. forsrh. sem ekkert lægi á. Það fer nú bráðum að verða eins hjá okkur og í Frakklandi á árunum. Við verðum að fara að lengja árið til þess að koma þinghaldinu af. Það vita allir, hvað hér liggur á bak við. *En ef stj.* verður lífs auðið, ætti hún að geta komið þessum vilja sínum fram á þingi og fresta þinginu nú aðeins þar til kosningar hafa farið fram. Það er ónauðsynlegt og ekki sæmandi fyrir stjórnarmeirihlutann að vera með nokkrar baktjaldaráðagerðir í þessum efnum.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Mér þykir fyrir því, um leið og ég tel það óskýranlegt og óskiljanlegt, hvers vegna ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafa ekki getað fallizt á það, sem ég sagði hér við 1. umr. þessa frv., um að velja 1. september fremur sem samkomudag næsta reglulegs Alþingis en 1. október. Þetta er næsta óskiljanlegt, og vil ég ekki gera hæstv. ríkisstj. meiri getsakir en hún gæti unnið til. En hún vekur á sér meiri grunsemdir með þessari framkomu sinni en áður virtist ástæða til. Í þessu efni mætti vel fara milliveginn og velja 1. september. Það mælir allt með þeim degi sem samkomudegi næsta reglulegs Alþingis, nokkuð mælir með 1. ágúst, en ekkert með 1. október. Í september þarf að taka miklar og afdrifaríkar ákvarðanir um mál, sem hér hefur verið minnzt nokkuð á í þessum umræðum. Það verður að segja, að hæstv. ríkisstjórn hefur svikið í því máli, og getur hún ekki gert sínar ráðstafanir nema með bráðabirgðalögum. Ég er viss um, að þetta er eðli málsins, og er vissulega undarlegt, að hæstv. landbrh. skuli ekki finna orðið, hvað hann rak sig óþyrmilega á í september s. l. Verð ég að segja, að ég hefði vel getað unnað honum þess, að honum yrði ekki annað eins á aftur. Af þessum ástæðum vil ég miðla málum og benda á annan samkomudag Alþingis. Þegar taka þarf örlagaríkar ákvarðanir, má ekki koma inn í meðferð mála á Alþ. slíkt kæruleysi, að mönnum sé alveg sama. Almenna hliðin á málinu er þessi, að við vitum, að þing kemur saman bráðlega aftur eftir nýárið, en það er sama sem að þingið standi allan veturinn. Nú er það

vitað mál, að slíkt þinghald kostar mikið fé, og það verður áreiðanlega talið og reiknað, er tímar líða fram. Líkurnar eru miklar fyrir því, að ljúka hefði mátt öllum störfum þingsins fyrir jól, ef það hefði komið saman 1. sept. Ef nú væri heill mánuður til stefnu, mundu allir segja, að gerlegt væri að ljúka þingstörfum. Mér er vægast sagt alveg óskiljanlegt, að ríkisstj. skuli ekki fallast á það. Ríkisstj. hefur að vísu vald til að kalla þingið saman fyrr, ef sérstakar ástæður gefa tilefni til. En við eigum að hafa hönd í bagga með þessum og þvílíkum ráðstöfunum. Ég fæ ekki séð, að það sé neitt hrós fyrir ríkisstj., þótt hún fái lið til að fylgja þessu máli. Þetta er atriði, sem ekki á að snerta neina stjórnmálastefnu. Illt er, ef slíkt kæruleysi um þjóðmál er komið inn í meðferð mála á Alþ. En ég vona, að samkomulag náist, og því leyfi ég mér að leggja fram skrifl. brtt., að í stað 1. okt. komi 1. sept.

Forseti (BG): Svo hljóðandi skrifleg brtt. hefur borizt frá hv. 10. landsk.: „Við 1. gr. Fyrir orðin „1. dag októbermánaðar" komi: 1. dag septembermánaðar." — Ég mun nú leita afbrigða fyrir till. þessa.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 385) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég verð að lýsa undrun minni yfir látalátum og skrípalátum, sem hér hafa verið höfð í frammi af hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Árn. Ég skil ekki þau ummæli hv. 10. landsk., að það sé af kæruleysi, sem við veljum 1. okt., og ég skil ekki þann hugsunarhátt frá sjónarmiði hans, sem vill 1. sept., en ekki 1. ág. Það má kannske færa einhver rök fyrir því, að það sé gott að kalla þing saman 1. sept., þó að ég geti ekki fallizt á þau rök, en hitt, að vilja 1. ág., eru bara skrípalæti.

Ég vil gera mitt til þess að lengja ekki þessar umr. og reyni því að vera fáorður, og það vita allir, að það verður gengið frá þessu núna áður en þingi verður frestað. — Ég hef heyrt öll þessi gífuryrði áður, sem eiga ekki neina stoð í veruleikanum. Andstæðingar okkar brýna raustina og hrópa hátt, að hér sé um eitthvert ógurlegt brot á þingræðinu að ræða. Þetta gerist snemma morguns í sölum Alþ., en þeir hrópa eins og þeir væru á kosningafundum. Mig minnir, að hv. 2. þm. S.-M. hafi orðið ráðh. kornungur og þetta gerðist einu sinni ekki á þingi. Eða man ég þetta kannske ekki rétt? Mig minnir líka, að hinn 9. des. 1933 hafi verið ákveðið, að næsta þing skyldi koma saman 1. okt. 1934. Ég fór að hugsa um það, hver hafi verið hinn eiginlegi verndari þingræðisins hér í þessari hv. deild. Það var hv. 1. þm. Árn. þáv. forseti Nd. Hvað sagði hann þá? Ekki eitt einasta orð. Í Nd. var málið rætt, þ. e. a. s., um það voru sögð 22 orð. Þá fannst engum þessara manna vera traðkað á þingræðinu. Nei, — þessir menn meina ekki neitt með þessu hjali sínu. Hv. 10. landsk. færir þó nokkur rök fyrir máli sínu, sem ástæða er til að athuga, þó að ég fyrir mitt leyti vilji ekki fallast á þau. Ég álít, að það megi ljúka þingi fyrir jól, sem kemur saman 1. okt., ef fullur vilji er á því. En svo eru menn að halda ræður og tala um það, að verið sé að afnema lýðræðið, þegar maður reynir að feta dyggilega í fótspor fyrirrennara sinna undir forustu 1. þm. Árn. Þá voru einnig kosningar framundan og ný öfl komust til valda. 2. þm. S.-M. komst í ráðherrastól án þess að þing kæmi saman. Hér þarf ekki að kalla þingræðið til vitnis. Það er leiðinlegt, að svona þingvanir menn skuli vera með svona gjálfur, — að verið sé að traðka á þingræðinu — og það að morgni dags. Þess konar skrípalæti falla ekki mér í geð. Það er margt annað, sem ástæða væri til að rifja upp, en ég sé ekki ástæðu til þess, þar sem ég vil ekki gera neitt til að tefja þessar umræður, en ég vil aðeins benda þessum lýðræðisvinum, hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Árn., á, að hér er fylgt þeirra eigin fordæmi.

Jörundur Brynjólfsson: Í sjálfu sér er ekki ástæða til að fjölyrða svo mjög um þetta mál, ef ekki hefði gefizt tilefni til hjá hv. síðasta ræðumanni. Hafi hæstv. forsrh. fundizt ég segja fullmikið í ræðu minni, þá held ég, að hann hafi ekki síður sagt fullmikið. — Hafi það dæmi, sem hæstv. forsrh. nefndi, verið svona, eins og hann lýsir því, þá held ég, að það sé ekki eftirbreytnisvert. Sé um einhverja skuld að ræða, þá heldur forsrh., að það hljóti að vera á mína ábyrgð. Enda þótt ég stjórnaði fundum hér í hv. deild þá, skiptir það ekki miklu máli, en auðvitað hafði ég mínar þingmannsskyldur eins og aðrir hv. þm. En það er annar maður, sem hefur hér ríkari skyldur, og það er hæstv. forsrh. Þetta mál heyrir fyrst og fremst undir hann, og það er hans sómi, að því sé vel skipað. — Ég vil ekki fullyrða, hvort það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan um þingfrestunina 1933, því að langt er um liðið, og maður má ekki treysta um of á sjálfan sig. En sé þetta rétt, veit ég ekki, hvort æskilegt sé að styðja mál sitt með slíku dæmi. Ekki dregur það úr furðu, er hæstv. forsrh. viðurkennir rök hv. 10. landsk., að störfum þingsins væri betur farið, ef þing kæmi fyrr saman, og þarf ég ekki að endurtaka það. Hæstv. forsrh. var að tala um það, að ég hefði verið stóryrður. Um þetta atriði vil ég ekki mikið segja, en ég býst við, að ef aðrar stéttir hefðu verið teknar svipuðum tökum og bændastéttin, mundu fulltrúar þeirra ekki hafa viðhaft vægari orð en við fulltrúar bænda.

Eysteinn Jónsson: Ég vil segja hér nokkur orð út af ummælum hæstv. forsrh. Þessi hæstv. ráðh. gerðist nokkuð stóryrður, er hann sagði, að ég og hv. 1. þm. Árn. hefðum verið með skrípalæti, látalæti og gjálfur. Við þekkjum það allir, að þetta er einmitt háttur hæstv. forsrh. að grípa til svona orðaskaks, er hann er illa staddur hvað rök snertir, til að draga athygli manna frá aðalefninu, og svo bætir hann við, að andstæðingar hans hafi engin rök fram að færa. Þetta er ekki nýtt hjá ráðh., því að þetta þekkjum við mæta vel. — Ráðh. reynir að leita fordæma til þess að fegra þessa ákvörðun sína, og hann finnur fordæmið frá 1933, og úr því að það er

til, þá á ekki að vera hægt að finna neitt að því, sem nú er gert. Hæstv. ráðh. heldur sig hafa fengið þarna feitan drátt, en ég held honum skjátlist. Þessi veiði hæstv. ráðh. er víst eitthvað álíka og blágómudráttur. Blágóma er í fyrstu fagur fiskur, en eftir að hún er úr sjó dregin, líður ekki á löngu, þar til hún þornar upp og verður að engu. Ég held, að framburður hæstv. forsrh. sé eins og blágómudráttur. — Ég veit nú ekki, hvort þetta er alveg rétt eins og hæstv. forsrh. lýsir þingfrestuninni 1933, en hafi það verið svo, þá sýnir þessi framkoma hæstv. forsrh., á hversu hættulega braut við erum komin. Ef við gerum okkur ekki ljóst, hvaða afleiðingar slík fordæmaendurtekning getur haft, mun verða haldið áfram á þessari braut og sífellt vitnað í ný og ný fordæmi. „Ég feta dyggilega í fótspor fyrirrennara minna," sagði ráðh. En svo koma aðrir á eftir og vilja ganga svolítið lengra, og munar þá ekki um, þótt þeir traðki svolítið á þingræðinu. Ef einhver fordæmi hafa orðið hættuleg, þá á ekki að endurtaka þau, heldur eiga þau að vera okkur til varnaðar. En nú hefur það sýnt sig, að til eru þeir menn, sem misnota sér heimildina um þingfrestun. Engin þingfrestun hefur verið misnotuð eins og sú síðasta, er þingi var frestað. Það er hægt að sýna, hvað af því getur leitt, þegar þingi er frestað, í misjöfnum stjórnarhöndum. Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði engin rök fært fram fyrir mínu máli. Ég kalla það rök, er ég benti á, hvernig hæstv. ríkisstjórn notaði sér þingfrestunarheimildina síðast, en það var þannig, að gefin voru út furðuleg bráðabirgðalög. Þingfrestun hefur verið misnotuð af núv. ríkisstjórn. Fordæmið, sem hæstv. forsrh. benti á, verður lítils virði, þegar þess er gætt, að þá voru engin dæmi til um misnotkun á þingfrestun, svo mér sé kunnugt.

Þá væri fróðlegt að heyra af munni hæstv. forsrh. svör við rökum mínum og hv. 10. landsk., að 1. okt. sé ekki heppilegur. Hæstv. forsrh. hefur ekki enn fært fram nein rök. Nú er fengin fullkomin reynsla fyrir því, að tímabilið frá 1. okt. til jóla muni ekki nægja til að ljúka þingstörfum. Fyrst sat þing þetta í heilan mánuð án þess að starfað væri að fjárlögunum. Sum mikilvægustu málin eru ekki lögð fram fyrr en rétt síðustu dagana, og svo komast margir þingmenn ekki heim fyrir jól. Og síðan verður að fresta þinginu til 1. febrúar og taka 6—8 vikur á næsta ári til þess að nota til að ljúka við aðalþingið 1945. Þannig hefur þetta farið úr hendi undir forustu hæstv. forsrh., og honum er bent á þetta. Og þess vegna er einkennilegt, að hann skuli binda sig við 1. október sem samkomudag reglulegs Alþ. 1946. Hann segir bara: Hv. þm. hafa engin rök — dómurinn er fallinn — það hafa engin rök komið fram, og þarf því ekki frekar því að sinna. — En miðað við reynsluna er ekki hægt að finna nein rök fyrir því að slá föstum 1. október sem samkomudegi Alþ. á næsta ári. Og það er full ástæða til þess að tortryggja hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi alveg sérstaklega vegna þess, sem þarf að gerast í september á næsta ári, og vegna þess, sem gert var í s. l. september, og vegna þess, að hæstv. forsrh. getur engar ástæður fært fyrir því, að rétt sé, að þinghaldið eigi að byrja 1. október. Því að hann vill ekki segja, að þetta eigi að miðast við 1. október til þess að endurtaka sama leikinn og í haust s. l., af því að hann veit, að það mundu ekki þykja ánægjuleg tíðindi að lýsa því yfir, að þetta væri gert til þess að gera sömu ráðstafanir og í fyrra. Og það er kannske varla láandi, þó að hæstv. ríkisstj. líti svo á, að það mæltist illa fyrir, að stefnt sé að þessu. En í þessum umr. er þó þetta, sem fram hefur komið, nokkur bögull vottur um það, að hæstv. ríkisstjórn veit, hvað álítið er um hennar framkomu í sambandi við frestun á samkomudegi Alþ. og bráðabirgðal. á síðasta hausti.

Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að það skuli vera ætlunin að reka þetta mál áfram, ekki meira athugað en það er, og að það skuli ekki neitt tillit vera tekið til þeirra raka, sem fram eru færð í málinu. Þetta mál verður sjálfsagt að hafa sinn gang. En ekki finnst mér það vera til sóma fyrir hæstv. ríkisstjórn, að hún skuli ekki leita eðlilegs samkomulags um mál eins og þetta.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 2. þm. S.-M. lauk máli sínu með því að segja, að það væri ekki til sóma fyrir ríkisstjórnina að leita ekki samkomulags um þetta mál. Það var á þinglegan hátt, að mál þetta var tekið fyrir til meðferðar og leitað samkomulags. Og ég hef fyrir mér orð hv. form. n. um horfur á því. Það tókst ekki samkomulag um málið. En ég hygg, að hv. 2. þm. S.-M. hafi sjálfur, með sinni málsmeðferð hér í þd., gert það, sem hægt er, til þess að tryggja það, að það er ekki auðið að ganga til samkomulags um þetta mál. Hann hefur flutt málið þannig. Það er ekki ráð, ef ná á samkomulagi um eitthvert mál, að fara með öðrum eins ofsa í mál eins og hv. ræðumenn Framsfl. hafa gert.

Ég nenni ekki að fara út í almennar eldhúsumr. út af þessu máli. En út af rökunum, sem hv. 2. þm. S.-M. er að tala um, þá vil ég minna á það, — þótt ég telji það óþarft, — að varðandi löggjöf slíka sem þessa, sem sett var í fyrra áður en þing kom saman, hafði ríkisstj. tryggt sér þingfylgi, áður en hún setti bráðabirgðal. Og ef ríkisstj. hefði gengið illa að fá það þingfylgi, þá hefði verið kallað saman þing til þess að skera úr um það efni. — En annars er það svo enn sem fyrr, að aðalmergur þessarar sóknar er sá, að sagt er, að hér sé skapað óheppilegt fordæmi. En það er skjallega sannað og það er vitað, að eitthvað hefur verið gert í áttina við þetta fyrr. En það er verið að gefa í skyn, að hér sé verið að gera eitthvað verra. Og svo er sagt, að á eftir komi svo einhverjir, sem taki tilefni af þessu, sem hér er verið að gera, og geri eitthvað enn verra. — En það voru 9. des. 1933 samþ. lög, sem ákváðu, að samkomudagur reglulegs Alþ. 1934 skyldi verða hinn 1. október, „hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu." En nú er það lagt á vald ríkisstj., hvenær samkomudagurinn skuli vera, en hann má þó ekki vera síðar en 1. október. Nú má það ekki vera síðar, heldur má það vera fyrr. Ég vil

minna á það, að hv. 2. þm. S.-M. fékk árið 1933 alveg sérstakt tækifæri til að láta álit sitt í ljós um frv. það, sem þá var á ferðinni um frestun á samkomudegi Alþ., sem er að því leyti verra en þetta frv., sem hér er á ferðinni og hann berst á móti eins og einhverju ódæði, að það var bindandi, en þetta er aðeins um, að hámarkið um frestun samkomudagsins er til tekið. Og um það frv. sagði þessi hv. þm. þá, að hann legði til, að frv. það yrði samþ. óbreytt, er hann skrifaði undir nál. um það. Það er gott að hafa sannfæringu, ef hún væri einhver hjá hv. 2. þm. S.-M. í þessu máli, en það er ekki alveg eins gott að hafa fortíð. (*EystJ:* Það hefur hæstv. forsrh. fundið óþyrmilega). Það er kannske óuppgert mál, ef hv. þm., sem fram í greip, á við það, sem hann hefur lesið hér upp eftir mig. Því að við getum báðir lesið upp úr þingræðum og hvorugur haft mikið um annan að segja eftir þær umr. (*EystJ:* Lítið hefur hæstv. ráðh. lesið). Mér varð litið í bók áðan, og það gerði þetta gagn, að ég rak mig á fortíð hv. 2. þm. S.-M. Það er erfitt að nota roðið eitt. — Ég vil segja þessum hv. þm., að það dugir ekki að berja sér á brjóst með háværum ummælum um það, að af öllu vondu sé fortíðin verst. En svo, þegar þeir eru sjálfir dregnir fram í dagsljósið og skjallega sönnuð myndin af þeim frá 1933, að þeir eru þar að gera verra en það, sem gert er hér, þá segja þeir, að það sé ekki að marka fordæmin. Og ef þeir halda svona áfram þá held ég, að ekki sé meira eftir af þeirra rökum en roðið eitt.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. taldi, að þær umr., sem hér hafa farið fram, væru gjálfur að morgni dags, og er það náttúrlega mjög virðulega sagt úr þessum stóli(!), þegar rætt er mjög mikils varðandi mál á Alþ., og ég hygg, að það orðalag sé svo að segja hæstv. núv. forsrh. einum samboðið. En það má segja, að það sé meira en gjálfrið eitt að morgni dags, sem kemur úr hans átt, sem sé ónot í garð hv. þm. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að það þýddi ekkert að ræða þetta mál til lengdar, því að það yrði gengið frá þessu máli á einn veg, hvað sem hver segði, það yrði samþ. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð, sem honum geðjast.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á, sem ekki hefur komið glögglega fram í þessum umr., — viðvíkjandi fordæminu, sem hæstv. forsrh. er að ræða um, þegar hæstv. ráðh. bendir á, að svipað hafi verið gert árið 1933 og stefnt er að með þessu frv., sem hann sagði, að það hefði verið borið undir forseta deildarinnar, sem þá var hv. 1. þm. Árn., — að hann gleymdi, hver var í stólnum, sem hann er nú í, að það var einn af tryggustu fylgismönnum forsetans, sem þá snerist til fulls á aðra hlið upp úr þeim kosningum. Ég veit ekki betur en að það hafi verið hv. þm. V.-Ísf. (*Forsrh.:* Kunnasti lýðræðismaður á þingi. Þið voruð flokksbræður þá. Var það ekki?). Og það er tvennu ólíku saman að jafna, annars vegar 1933 í íslenzkum stjórnmálum og hins vegar því, sem á sér stað árið 1945, mjög ólíku. Nú er vitað, að í landinu gildir löggjöf um einn aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sem varðar bændastétt landsins, sem verður að taka til meðferðar í september n. k. Átti nokkuð slíkt sér stað 1933? Ekki mér vitanlega. M. ö. o., þegar ákvörðunin var árið 1933 tekin um frestun á samkomudegi Alþ., fyrir forgöngu hv. núv. þm. V.-Ísf., þá var ekki vitað, að neina löggjöf yrði að afgreiða í september það ár, sem frestun samkomudags þingsins gilti fyrir, eins og þó nú er, þar sem vitað er, að löggjöf, sem snertir bændastétt landsins, verður að vera afgr. fyrir 15. sept. n. k. Þess vegna er frestun á samkomudegi Alþ. nú til 1. október ekkert annað en það að ákveða, að bændur skuli ekki fá tækifæri til þess að taka þátt í þeirri afgreiðslu á þingræðislegan hátt, heldur skuli sú afgreiðsla framkvæmd með setningu bráðabirgðalaga með einræði ríkisstjórnarinnar. Var nokkru slíku til að dreifa árið 1933? Ég vil spyrja hæstv. forsrh. og hv. þdm. um það. Því að ef það var ekki, þá er það vitanlega ekki annað en fleipur eða gjálfur að morgni dags að vera að bera þetta saman. — Það hefur verið hér talað um starfsaðferðir vissra ofbeldismanna undanfarið og jafnvel vakað yfir því mikinn hluta nætur. En ég vil nú biðja hæstv. ríkisstjórn, sem sérstaklega hafði forgöngu í þeim umr., í allri einlægni að bera saman þessi vinnubrögð, hvort þau eru ekki eitthvað svipuð vinnubrögðum þeirra manna, sem eru versta fordæmið í heiminum um einræði, sem sé nazistanna þýzku. Stjórnarlið þeirra kom saman og fól ríkisleiðtoganum að gefa út bráðabirgðalög um það, að hann þyrfti ekki að kalla þingið saman, nema honum sýndist. Og svo kom það saman, hvenær sem hann vildi. — Hér er nákvæmlega stefnt að því sama. Því að það er vitað, að í september n. k. verður að setja bráðabirgðalög, ef þing verður þá ekki starfandi, og hv. þm. eru að segja ríkisstj. bara að gera það, og svo skuli þeir segja já og amen við því. — Það væri líka þörf á að minnast á vinnubrögð hér á hæstv. Alþ. nú síðustu nótt, sem ég hygg, að séu ákaflega svipuð við afgreiðslu mála gagnvart andstæðingum þeim, sem nazistar höfðu, sem eru í fangabúðum nú. — Það hefur verið lögð hér fram till. til þál. sem vikið er að í grg. með, að rannsaka þurfi hugarfar manna fyrir styrjöldina með tilliti til nazistiskrar einræðishneigðar fyrir styrjöldina. Ég held, að það ætti að bæta því við, að æskilegt væri að rannsaka, hvernig menn eru staddir um slíkt hugarfar, sem ráða nú í okkar stjórnmálum. — Það getur ekki búið nema tvennt hér á bak við, ef hæstv. ríkisstjórn er ófáanleg til að taka til annan dag en 1. október sem samkomudag Alþ. á næsta ári, eftir þau rök, sem fram hafa verið færð í þeim efnum. Annaðhvort, að hæstv. ríkisstjórn ætli að tryggja sér að sitja a. m. k. til 1. október, hvað sem þjóðin segir í kosningunum, eða þá hitt, að afgreiða ein hin þýðingarmestu lög, sem verður að gera í sept., á sama hátt og hún gerði s. l. haust, án þess að fulltrúar þeirrar stéttar, sem mest á undir því máli, hafi tækifæri til þess að segja eitt einasta orð um þau áður eða fái þar neinu um að ráða. Það getur ekki verið nema annaðhvort þessara mála, nema hvort tveggja sé. Og ég verð að segja, að það er talsvert lágt risið á Alþ. Íslendinga, ef á að fara að taka upp þessi vinnubrögð,

sem eru a. m. k. mjög í áttina við þau vinnubrögð, sem unnin voru í Krollóperunni í Berlín 1934—1937. Og ég tel það mjög einkennilegt, ef svo fast er staðið á þessu frá hendi stjórnarliðsins, því að það auglýsir betur en allt annað, að um þau vinnubrögð er hér að ræða, sem drepið hefur verið á, sem stjórnarliðið hefur í hyggju, og ekkert annað í þeim efnum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að minnast á eitt eða tvö atriði. — Hæstv. ráðh. var nú að tala um þetta fordæmi sitt, sem hann er svo hrifinn af, og sagði, að það væri að því leyti frá okkar sjónarmiði sennilega lakara fordæmið frá 1933 en það, sem nú stæði til að samþ. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og sagði hæstv. ráðh., að þá hefði verið ákveðið fortakslaust, að þingið skyldi koma saman 1. október, en nú væri hámarkið 1. október. Þetta er einkennilegur frásagnarmáti hjá hæstv. ráðh., og ætla ég nú að lesa lagagr. um þetta frá 1933 og frv., sem nú er á ferðinni hér, með leyfi hæstv. forseta. Lagagr., sem samþ. var á þinginu 1933, hljóðar svo: „Reglulegt Alþingi skal árið 1934 koma saman hinn 1. dag októbermánaðar, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.“ En frv., sem hér liggur fyrir, hljóðar svo: „Reglulegt Alþingi 1946 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.“ — Þetta þarf ekki skýringar við. Þó að þetta sé smátt atriði, þá er það nóg til að sanna frásagnarmátann hjá hæstv. forsrh., því að auðvitað er þetta tvennt hliðstætt að forminu til, og að því leyti hefur hæstv. forsrh. rétt fyrir sér, að þetta er fordæmi, sem samþ. var 1933. En hitt er slúður, að hér í frv., sem fyrir liggur, sé skemmra gengið en gert var 1933. — En það, hvernig hér er að farið, sýnir, hvernig óhlutvandir menn fara að, sem skortir þolinmæði til þess að fara rétt í hlutina, vilja losa sig við stjórnarandstöðuna á einfaldan hátt, hvernig óhlutvandur meiri hluti á Alþ. getur leiðzt út í að fara lengra og lengra á snið við þingræðið. — Það eru rök, sem alltaf eru notuð of mikið, við skulum bara segja af okkur öllum, að tala um eitthvað, sem áður hefur verið gert og undir allt öðrum kringumstæðum, og yfirleitt að halda því fram, að þó að menn hafi gert eitthvað fyrir áratugum undir öðrum kringumstæðum, þá geti þeir ekki sóma síns vegna lagt til, að öðruvísi sé haldið á málum löngu síðar. Þetta eru ekki rök, heldur óviðurkvæmilegt skraf. Því að ef menn hafa gert skyssur, þá á að leiðrétta þær, en ekki endurtaka, — auk þess, sem hv. þm. V.-Sk. (SvbH) hefur mjög greinilega bent á það hér, að það er bara allt annað ástand um starfsemi þingsins nú heldur en var á árunum 1933 og 1934. Þingið er nú orðið miklu nátengdara fjárhagsmálum og atvinnumálum þjóðarinnar en þá var. Þannig hefur þróunin gengið í þá átt á þeim tíma, sem liðinn er síðan, og þess vegna er það höfuðvilla að fela ríkisstj. að hafa alveg vald á þinghaldinu.

Að lokum vil ég aðeins benda hv. þm. á, að hæstv. forsrh. hefur ekki gert neina tilraun til þess að færa fram ástæður fyrir því, að 1. október er valinn sem samkomudagur Alþ. Og þó að hér hafi farið fram umr. um þetta mál í tvo klukkutíma, þá hefur hann ekki reynt að finna ein einustu skynsamleg rök fyrir því, að skynsamlegt og rétt sé að velja einmitt 1 október, og ekki treyst sér til eða a. m. k. ekki gert tilraun til þess að mótmæla rökum þriggja þm., sem glögglega hafa sýnt, að það er mjög illa valinn tími 1. október sem samkomudagur Alþ. í haust, eins og á stendur, og að einmitt sá tími er valinn, gefur tilefni til þess, að menn tortryggi hæstv. ríkisstjórn alveg sérstaklega. Hæstv. forsrh. hefur sem sé ekki gert tilraun til að rökstyðja það frv., sem hér liggur fyrir, heldur segir bara: Þetta er ákveðið. Þetta verður gert, hvað sem þið viljið. — Svo talaði hæstv. forsrh. um það, að ég hefði farið ógætilega að honum. Það er eins og hann eigi við, að það þurfi að fara að honum eins og styggum hesti, þannig að ef ekki er farið gætilega að honum í fyrsta skipti, er reynt er að ná honum, geti hann fælzt, svo að ekki verði auðið að höndla hann að sinni. Og hæstv. ráðh. sakar mig um að fara ekki gætilega að honum í þessu máli. En áður en ég hafði sagt mikið, hafði hann, hæstv. forsrh., lýst yfir með miklum hroka, að þessu yrði ekki breytt, sem í frv. er tekið fram, heldur samþ. þannig. Ef hæstv. forsrh. því hefur komizt eða er kominn í eitthvert styggðarástand, sem sagt kominn á það stig að fælast, þá hefur það ekki verið mér að kenna.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. V.-Sk. minntist víst eitthvað á þingfrestunina 1934. Þá var enginn ágreiningur um 1. október sem samkomudag reglulegs Alþ. 1934. Í þá daga heyrði maður hins vegar oft talað um það, innan Framsfl. aðallega, að það væri mjög óþægilegt fyrir bændur og aðra þm. utan af landi að þurfa að mæta á Alþ. fyrr en 1. október, og bezt væri, ef hægt væri að komast hjá því. Stjórnmálaráðstafanir utan þings tíðkuðust þá oft. Ríkisstjórn var mynduð árið 1934, án þess að kallað væri saman þing, og árið 1927 var líka mynduð ríkisstjórn án þess að kalla saman þing. Slíkar stjórnarráðstafanir geta verið gerðar hvenær sem er, og ég hef ekki heyrt, að það sé talið einræði að gefa ríkisstjórn heimild til að kalla saman þing ákveðinn dag. Því að þessi lög ákveða, ef frv. verður samþ. óbreytt, að ekki megi kalla Alþ. saman síðar en 1. október, en ef ríkisstj. sér ástæðu til að kalla það saman fyrr á árinu, þá gerir hún tillögu til forseta Íslands um það.

Ef svo færi, að stj. bærust kröfur frá meiri hl. Alþingis að kosningum loknum, að þing yrði þá kallað saman, þá er vitað, að hæstv. stj. mundi taka það til greina. En ef svo ólíklega kynni að vilja til, að hæstv. stj. hagaði sér þannig, að það væri í ósamræmi við okkar þingræði, þá felur það í sér skyldu fyrir forseta til að taka þar í taumana.

Það eru nokkuð mikil gífuryrði, þegar í sambandi við svona hluti er haldið fram af kristilega sinnuðum mönnum að öðru leyti, að með því að samþ. þetta frv. sé alveg eins að farið og nazistarnir þýzku gerðu í Krollóperunni. Um

leið og hv. þm. heldur því fram, afsannar hann sitt mál, því að í Kroll hefði aldrei verið leyft að halda slíka ræðu á móti stj. sem hann hélt nú, því að þá hefði hann aldrei fengið að fara frjáls þaðan út, en hér vill hann fá að sleppa út bakdyramegin, þó að hann hafi ekki viljað segja „Heil" fyrir ríkisstj.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala mörg orð, en get ekki látið hjá líða að svara því með örfáum orðum, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði hér síðast, áður en fundi var frestað. Hann sagði meðal annars, að enginn ágreiningur hafi verið um það árið 1933 að fresta þá þingi til 1. okt. og að sérstaklega hafi menn innan Framsfl. talið óþægilegt að láta þing koma saman fyrr að haustinu en þá. Það er vitanlegt, að þeir, sem stunda landbúnað, vildu helzt vera lausir við það að þurfa að koma til þings á mesta annatíma ársins, þegar ekki liggur neitt sérstakt fyrir svo sem að ákveða löggjöf í mjög mikilvægu og merku máli, sem verður að vera lokið í sept. og áður en 1. okt. kemur, og er það þá vitanlega ekki nema eðlilegt, að þeir þingfulltrúar, sem eiga heima úti á landi og stunda landbúnaðarstörf, óski þess að geta lokið þeim störfum á heimilum sínum áður en þeir hverfa til þingsetu. En þegar komin er löggjöf, sem snertir atvinnuveg þeirra sérstaklega og taka verður fyrir til meðferðar í septembermán., þá hygg ég, að það sé enginn fulltrúi á Alþ. frá landbúnaðinum, sem ekki óski eftir því að fá að taka þátt í afgreiðslu mála, og vilji heldur hverfa frá heyskap heima og gegna þeirri skyldu, sem þeim er falin í þessu efni, en að farið sé að dæmi nazista, að binda fyrir munninn á þessum þm., eins og mér virtist hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) vera að minnast á. Hann sagði hér nokkur gífuryrði, sem enginn munur er á og á starfsaðferðum nazistanna. Það mundi áreiðanlega enginn annar en hann taka sér þau orð í munn hér. Ég segi hér, því að það, sem hér skeði, er að ýmsu leyti líkt þeim starfsháttum, sem viðhafðir voru í Krollóperunni í Þýzkalandi 1934, og er jafnvel enginn munur á, og enn verður munurinn minni eftir þá ræðu, sem hv. þm. V.-Ísf. flutti hér áðan. Hann reyndi ekki að mótmæla dæmunum, sem ég hafði tekið, að þau líktust nazistaflokk og nazistalöggjöf, en þó sagði hann einn mun á, sem ég hafði ekki minnzt á, að þannig væri engum leyft að tala hjá nazistum, og mér var bent á að komast út um bakdyrnar, og þar með er auðheyrt, að þessi hugsun er farin að bærast í huga hv. þm. V.-Ísf., sem hann ræddi um, og þó lýsti hæstv. forsrh. (ÓTh) því yfir, að þetta væri bezti lýðræðissinninn í stjórnarliðinu. Við skulum svo athuga þetta svolítið betur. Er ekki einmitt frv., sem hér er á ferðinni, sú eina leið, sem stjórnarliðið hefur til að binda fyrir munninn á andstæðingunum í máli, sem miklu skiptir og þeir eru kjörnir til að fjalla um á Alþ. Stjórnarliðið hefur ekki stormsveitir eins og nazistarnir og fangabúðir til að láta her flytja andstæðingana í til að þagga niður í þeim, svo að ef stjórnarliðið vill þagga niður í andstæðingunum, svo að þeir fái ekki að ræða þau mál, sem þeir eru kjörnir til að leysa, þá er það eina leiðin að fara þingræðisleiðina til þess að útiloka þá frá því að geta tekið þátt í meðferð mála, og það er sú leið, sem verið er að fara hér. Ég sé ekki, með hverjum ráðum stjórnarliðið ætti að geta bundið fyrir munn andstæðinganna á annan veg en þennan. Ég sé það ekki. — Við erum kjörnir hér sem sérstök stjórnarandstaða fyrir hönd bændastéttarinnar yfirleitt, til þess að fjalla um þau mál, sem hana varðar mestu, og við eigum skv. löggjöf að fjalla um þau mál með því að annaðhvort framlengja þau brbl., eins og gert var á s. l. hausti með þeim endemum, að stjórnarandstaðan fékk ekkert um þau að segja, eða að setja ný lög um þetta efni. Og með því að ákveða, að Alþ. megi ekki koma saman fyrr en 1. okt., þá er beinlínis verið að gera ráðstafanir til að binda fyrir munn stjórnarandstöðunnar með því að leysa þau mál, sem hún hefur mestan áhuga á og á beinlínis að skipta sér af. Er verið að gera þessa ráðstöfun af því, að stjórnarliðið hefur ekki möguleika til þess að beita okkur ofbeldi á Alþ., með því að láta leysa málin á þeim vettvangi, sem við höfum ekki aðgang að, og í staðinn fyrir að leysa málin hér á Alþ. á að flytja þau upp í stjórnarráð, þar sem stjórnarandstaðan hefur ekki aðgang að, en loka Alþ. á meðan. Þar af leiðandi er það berlegt, að þessi hugsun, sem hv. þm. V.-Ísf. var að reyna að tala um áðan, um að mér hefði ekki verið leyft að tala eins og ég hafði gert áðan, ef þeir hefðu verið svipaðs sinnis og nazistarnir hefðu verið í þessu efni, — það er bersýnilegt, að þessi hugsun og þessi aðferð, sem þeir eru nú að beita, er sú eina leið, sem þeir hafa til að geta fetað í fótspor nazistanna til að binda fyrir munn andstæðinganna, þegar um aðaláhuga- og hagsmunamál þeirra er að ræða. Og þegar svona er orðið um hið græna tréð, hv. þm. V.-Ísf., sem hæstv. forsrh. sagði um, að væri bezti lýðræðissinninn í stjórnarliðinu, hvernig mun þá orðið um hin? — Það kemur að sjálfsögðu vel í ljós við atkvgr. um þetta frv. Það er ekkert annað, sem farið er fram á með þessu frv., en það, að fulltrúar bændanna skuli hvergi koma nærri, þegar tekin eru til meðferðar samkv. lögum aðalhagsmunamál bændastéttarinnar, og að þeir skuli engin afskipti hafa af því, hvernig þau eru leyst, heldur sé það gert með brbl. að hætti einræðisstjórna, og að Alþ. skuli loka á meðan það er gert í stjórnarráðinu, þar sem stjórnarandstaðan hefur engan aðgang að. Ég get ekki ímyndað mér, hvað annað geti legið til grundvallar þessu, að velja 1. okt., og það hefur aldrei skeð fyrr en á s. l. ári, að fresta að kalla saman Alþ. fram yfir þann tíma, sem mikilvæg löggjöf varð að fá meðferð fyrir á s. l. ári, og hefur sjálfsagt þótt svo ágætt þá, að þeir vilja nú halda þeirri aðferð áfram á ný. Ég hygg, að það séu fáar stéttir í þjóðfélaginu, sem mundu sætta sig við það að vera beittar slíku ofbeldi eins og bændastéttin var beitt á s. l. hausti og nú er stefnt að, að gert verði aftur. Hvað mundu verkalýðsfélög landsins segja, ef löggjafinn setti á stofn gerðardóm, sem ákvæði kaup og vinnutíma? Við skulum segja, að þetta gilti til 1. sept., og við skul-

um líka ganga út frá því, ef slíkt væri, að þá ætti að taka málið til meðferðar aftur. Hvað mundu verkalýðsfélögin segja, ef bannað væri, að Alþ. kæmi saman, þegar fjalla ætti um málið, og fulltrúar verkalýðsins væru útilokaðir frá því að láta álit sitt uppi á því, sem um er rætt? Og ég vil spyrja fulltrúa verkalýðssamtakanna á Alþ., hvort þeir óska eftir því að skapa slíkt fordæmi, því að þeir vilja mjög oft vitna til fordæmanna. Og ef þetta er ekki tilgangurinn með frv., þá er mér algerlega óskiljanlegt, hver hann getur verið, því að það er með fullum rökum búið að sýna fram á, að það er ekki hægt frá 1. okt. til jóla að ljúka öllum þingstörfum, en eigi að fara að taka upp þá venju að láta þing, sem halda á þetta ár, koma að miklu leyti yfir á næsta ár á eftir, þá eru það furðuleg vinnubrögð, ef engar sérstakar ástæður eru til þess. Og ég vildi mega fá að heyra einhver önnur rök en þessi, ef þau eru til. Ég hef lýst því, að þetta frv. er beinlínis gert til þess að reyna að varna fulltrúum bændastéttarinnar á Alþ. þess að geta haft nokkra íhlutun um aðaláhugamál og hagsmunamál bændastéttarinnar, sem ákveðið er að leysa samkv. lögum. En ríkisstjórnin ætlar þrátt fyrir kosningar að sitja til fyrsta okt., nema hvort tveggja sé. Ef önnur rök eru fyrir þessu frá stjórnarliðinu, þá væri mér mjög kært að heyra hver þau væru.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég skal vera stuttorður um þetta mál. — Hv. þm. V.-Sk. hefur svarað mér allýtarlega í sínu áliti. Hann færir það fyrst fram, að það sé hætt við því, að stj. reyni að sitja áfram, þó að hún tapi við kosningarnar. Ég get bent á það, að 1934 var stj., sem hans flokkur treysti ekki nema í meðallagi, og sú stj. skildi við og ný stj. kom án þess þingið væri kvatt saman. Ég efast ekki um, að þessari reglu muni oftar hafa verið fylgt, t. d. 1927. Nú er þetta alveg eins. Þegar úrslitavaldið um þinghaldið er lagt í hendur forseta íslenzka lýðveldisins, þá á engin hætta að vera á misnotkun í því efni. Þá telur hv. þm. ótækt að draga frestunina til 1. okt. En þetta var gert líka 1934 og þá með samþykki allra framsóknarmanna. Nú heitir þetta, að bundið sé fyrir munninn á mönnum. En þetta er það, sem þm. hafa þurft að gera alla tíð, að fá ekki að tala allan ársins hring. Nú segir hv. þm., að þá hafi þetta horft öðruvísi við, því að þá hafi ekki legið fyrir mál, sem þingið þurfti að hafa til umr., að mér skilst, engin landbúnaðarmál, hvorki afurða- né verðlagsmál hafi legið fyrir á sama hátt og nú. En vill það ekki einkennilega til, að sú stj., sem kom á þessu sumri, kveður ekki saman þing, heldur gefur út bráðabirgðal. 1. ágúst 1934 um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum á sláturfjárafurðum og verðlagi á þeim? Og gefur hún ekki út önnur bráðabirgðal. 10. sept. það sama sumar, bráðabirgðal. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma og verðlag á þeim? Þeir töldu enga nauðsyn á því að kalla saman þing af þessu tilefni. Það var ekki fyrr en mánuði síðar, að forsrh., sem þá var, gat þess í byrjun sinnar framsöguræðu um þessi mál, að hann teldi ekki ástæðu til að tala langt mál um þessi bráðabirgðal. o. s. frv. Þarna var ekki um að ræða breyt. á eða framlengingu gildandi l., heldur var þarna um að ræða stofnlög, fyrstu lögin, sem sett voru í landinu um þessi efni. Ég verð að segja, að mér finnst hv. þm. hafa gengið nokkuð langt í því að líkja framferði okkar hér á þessu þingi við framferði nazista í Krollóperunni. Það var miklu nærtækara að líkja okkar framferði nú við allt þetta framferði 1934, því að það er nákvæmlega eins í öllum atriðum. Nú getur hv. þm. haldið áfram að kveða upp harða dóma, vegna þess að hann fellur sjálfur undir hvern þann dóm, sem hann kveður upp. Ég þarf ekki að tala meira í þessu máli, vegna þess að hv. þm. hittir sig sjálfan fyrir, hvar sem hann leitar útgöngu.

Sveinbjörn Högnason: Ég skal ekki tala langt mál. Ég get ekki látið hjá líða að segja það, að mig furðar á því, að jafnreyndur þm. eins og hv. þm. V.-Ísf., sem kom svo mjög við sögu stjórnarforustunnar 1933 og stjórnaði þeim atburðum, sem þá fóru fram, skuli ekki geta fengið opin augun fyrir því, hver eðlismunur er á þessum málum þá og nú. Mér dettur ekki í hug að halda, að hv. þm. V.-Ísf. sé svo skyni skroppinn að hann sjái ekki þann eðlismun, heldur er hann kominn í þann félagsskap, þar sem það er talið heppilegt að haga málflutningi eftir því, sem henta þykir, en ekki eftir því, hvernig staðreyndirnar eru, eins og hann gerði jafnan, það skal ég viðurkenna, 1933, meðan hann var í okkar hópi. En hann er kominn í félagsskap, þar sem hann veit, að vinnubrögðin eiga að vera öðruvísi, þess vegna segir hann ósatt öðru hverju um það, sem gerðist í hans eigin flokki 1933—1934. Ég vil spyrja hv. þm. V.-Ísf. um það, hvort það hafi legið fyrir, þegar ákveðin var þingfrestunin til 1. okt. 1934 að hans undirlagi, að það skyldi verða sett löggjöf um landbúnaðinn, sem þyrfti að framlengja í sept. það ár. En það liggur fyrir nú, það veit hver einasti þm. Vissi þessi hv. þm. það þá, að í sept. mundu liggja fyrir slík úrlausnarefni, eða lágu fyrir slík úrlausnarefni þá fyrir augum allra þm.? Ef svo var ekki, hvers vegna er þá hv. þm. V.-Ísf. að fara með þær blekkingar, sem hann fer með hér nú? Í öðru lagi er það vitað, að þegar þessi bráðabirgðal. um afurðasöluna voru sett, þá var um það barizt í kosningunum 1934, þannig að það lá opið fyrir öllum kjósendum í landinu, hvernig skipulagið skyldi vera, og meðal annars tók hv. þm. V.-Ísf. þátt í því í kosningunum, og kosningarnar ultu að mjög verulegu leyti á því, hvort þessi löggjöf yrði sett eða ekki. Kosningarnar sýndu, að þjóðin vildi, að slík löggjöf yrði sett, og þess vegna var hún sett af þeim meiri hl., sem þjóðin skapaði í kosningunum 1934. Liggur þetta fyrir hér nú? Hefur verið kosið um þessa löggjöf, sem stj. setti sem bráðabirgðal. um sölu landbúnaðarafurða á s. l. hausti? Hefur stj. lagt fram fyrir þjóðina áætlun um það, sem kosningarnar skuli

aðallega snúast um og hvaða löggjöf hún ætlar að setja á næsta hausti í þessu efni? Ef svo er ekki, þá eru það fullkomin ósannindi, að það standi nákvæmlega eins á nú og 1934, svo ekki sé meira sagt. Og mig furðar á því, eins og ég sagði, að hv. þm. V.-Ísf., sem stóð einmitt í fararbroddi 1933 um þingfrestunina og þá atburði, sem þá urðu, skuli geta fengið sig til þess að koma þannig fram á Alþ. eins og hann hefur nú gert. Þetta getur ekki verið nema fyrir þá sök, að hann sé orðinn öðruvísi andlega innréttaður en hann var fyrir kosningarnar 1934. Af hverju sú breyt. stafar, get ég ekki sagt um, en vitanlega sér hver maður, að sú breyt. hallar mjög í áttina til þess einræðis, sem nú er fallið í Þýzkalandi. Ég hefði gjarnan viljað óska hv. þm. V.-Ísf., af því mér er frekar vel til hans frá gamalli tíð, annars samfélags og annars jólamatar nú heldur en þess, sem hann bersýnilega nú hefur.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég þakka fyrir góðar jóla-óskir. En hv. þm. var að spyrja mig um það, hvort 1934 hefði legið fyrir að setja löggjöf um landbúnaðarvörur um sumarið. Hann svaraði sér sjálfur með því að segja, að um þessa landbúnaðarlöggjöf hefði verið barizt um vorið. Hann sagði, að hér stæði öðruvísi á, vegna þess að þá hefði verið kosið á milli. Ég veit ekki betur en kosningar eigi að fara fram í byrjun júlí í sumar, og það verður því sá meiri hl., sem þá skapast, sem ræður samkomudegi Alþingis. Það verður því einnig hér kosið á milli. Það stendur hér heima upp á hvert einasta atriði, sem saman er borið nú og 1934.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil þakka hv. þm. V.-Ísf. fyrir það að hafa með þögninni viðurkennt, að það var fullkomlega rétt, sem ég hef sagt um þessi efni. Þegar menn endurtaka, án nokkurra raka, sömu fullyrðingarnar, þegar búið er að sýna þeim fram á það rétta, er það líkt og manni væri sýnt ofan í tjörukagga og hann tryði því, að það væri hvítt, ef búið væri að segja honum það áður. Það er vitanlegt, að hv. þm. gat ekki borið fram neina minnstu sönnun fyrir því, að nokkuð svipað væri ástatt nú, þegar núv. hæstv. forsrh. ákveður þingfrestun til 1. okt., eins og þegar hv. þm. V.-Ísf., þáv. forsrh., ákvað að fresta til 1. okt. 1934. Það eru allt aðrar ástæður, sem við blasa, og er þar af leiðandi ekki neinu svipuðu saman að jafna.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég varð að fara á ríkisráðsfund í morgun, þegar umr. stóðu yfir um þetta mál. Ég get vel við unað þessar umr. Aðalárásin á stj. út af þessu máli var sú, að hér væri um ægilegt fordæmi að ræða. En minnugur maður vakti athygli mína á því, að 1933 hefði nákvæmlega sama till. verið lögð fyrir þingið 9. des., og var hún þá samþ. með öllum atkv. framsóknarmanna undir forustu þess manns, sem hér hóf andróður í nafni þingræðisins móti þessari till. Annar framsóknarmaður, hv. 2. þm. S.-M., hafði sig í morgun mjög í frammi, sjálfsagt einnig óhræddur um það, að hans yrði getið þegar þessi saga yrði skráð, fordæmið um að þingræðið væri troðið undir fótum á Íslandi. Á þinginu 1933, í desember, var þetta mál ekki talið meira þingræðisbrot en svo, að um það voru töluð 22 orð í þessari hv. d. Þá höfðu örlögin hagað því svo, að þessi hv. þm., 2. þm. S.-M., gat látið ljós sitt skína, því að í þeirri n., sem fjallaði um málið, lagði hann til, að málið yrði samþ. óbreytt. Hv. 1. þm. Árn. sagði í morgun, að það hefði verið allt öðru máli að gegna í des. 1933, því að nú ætti að kjósa í vor, en ég veit ekki betur en að þá hafi líka átt að kjósa, það stóð til í des. 1933 að kjósa á miðju árinu 1934, og það var gert. Sem sagt, hv. 2. þm. S.-M. var svo lánsamur að eiga fortíð í málinu, og sá veldur miklu, sem upphafinu veldur. Mér er sagt, að hv. þm. V.-Sk. hafi sérstaklega slegið á þann streng í ræðu, eftir að ég var farinn, að 1933—1934 hafi staðið öðruvísi á, og varpað því fram, hvort þá hefði átt að setja veigamikla löggjöf eins og vitað sé, að nú muni eiga að gera. Hv. þm. V.-Ísf. benti honum þá á, að einmitt frumlöggjöfin um þetta efni er sett sem bráðabirgðal., án þess að kalla saman þing, og eins og hv. þm. V.-Ísf. sagði, þá stendur svo nákvæmlega eins á nú um þessi landbúnaðarmál og önnur aðaldeilumál, og um þau verður sjálfsagt talað í kosningunum. Ég held þess vegna hvað málefnaaðstöðu áhrærir, þá sé frekar sjaldgæft, að menn séu svo gersamlega króaðir inni í sinni eigin fortíð eins og framsóknarmenn í þessu máli. — Ég vil svo ekki fara út í önnur atriði, þetta er kjarni málsins, og þar sem ég vil ekki tefja þennan stutta tíma þingsins, læt ég þetta nægja.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég á reyndar ræðurétt framsögumanns. Það er klofin n., sem að þessu máli stendur, ég tala fyrir minni hl., en ég þarf ekki á því að halda. Hæstv. forsrh., hans aðalbjargræði er að vitna til þess fordæmis, sem til er í þingsögunni fyrir þessu máli. Hann leggur það að jöfnu, eins og þá stóð á, þegar þetta var gert, eins og nú. Þetta er þó mjög rangt, en látum það vera. En víst er um það, að þegar þetta frv. er flutt, þá er þetta fordæmi ekki haft í huga, því að það er komin fram játning fyrir því, frá hæstv. forsrh., að honum hafi verið bent á það í þessum umr., sem fram fóru um málið, að slík frestun hafi áður átt sér stað, svo þá fyrst hefur það því komið til, að vitna til þess, sem áður hefur gerzt í þessu efni. Það er misminni hjá hæstv. ráðh., að ég hafi haldið því fram, að það hafi að því leyti staðið öðruvísi á, að nú eigi að kjósa en ekki hafi átt að kjósa 1933, þegar frestað var. Það sér maður vel haustið 1933, að kjósa átti 1934, svo slíku er ekki til að dreifa. En hér er sá mikli munur á, að 1933, þegar þessi frestun var ákveðin, þá að vísu mun ekki hafa verið til staðar fordæmi um það að fresta þingi, og má vel vera, að óvarlega hafi verið að því farið og þeirri ábyrgð, sem á mér hvíldi sem þm., hitt er minna um vert, sem hæstv. forsrh. benti á, þó að ég stjórnaði fundum hér í deildinni. Ég hafði fyrst og fremst mínar þingmannsskyldur, alveg eins og aðrir, og ekki síður fyrir það, að ég

átti þá vald á fundarstjórn hér í d. En sem betur fór ætla ég, að framkvæmd þessarar frestunar hafi á engan hátt gefið neitt vont fordæmi, því að sú bráðabirgðalöggjöf, sem sett var áður en Alþ. kom saman, hún var, eins og búið er að vekja athygli á, bein afleiðing af þeim kosningum, sem fram fóru þá um sumarið. Þessi mál voru þá rædd meðal þjóðarinnar, og kosningar féllu þannig, að stjórnarskipti urðu og sú löggjöf, sem sett var, var fyrirfram þjóðinni kunn og meiri hl. henni fylgjandi. Hefði þetta verið í annað sinn sem frestað var á þennan hátt, þá hefði mátt með meiri rétti en nú vitna til þess fordæmis. Það kann að vera, að meiri hl. Alþ., sá er að stj. stendur, vilji láta svo sem ekkert hafi gerzt síðan, en ég hygg, að þeir verði allmargir meðal landsmanna, sem eru á öðru máli um það. Því að beinlínis fyrir þingfrestunina á s. l. ári notaði stj. sér þann frest, sem gefinn var, til þess að kveðja ekki þing saman fyrr en bráðabirgðal. um sölu landbúnaðarafurða höfðu verið sett, með þeim einstaka hætti, sem engin dæmi eru til í okkar þingsögu, og vonandi verða ekki fleiri, að ein stétt manna er svo gersamlega svipt mannréttindum, og í framhaldi af því er svo nokkur hluti annarrar stéttar manna einnig settur skör lægra en nokkrir aðrir þegnar þjóðfélagsins. Þetta allt var gert í skjóli þeirrar þingfrestunar, sem gefin var og látin í té fyrir þetta ár. Nú er stofnað til þess sama hvað þingfrestun áhrærir, landbúnaðarlöggjöfin endar í miðjum sept., alveg eins og var nú í haust. Er það þá ekki nokkurt vorkunnarmál þeim, sem hafa andúð á þessari löggjöf og þeim ákvörðunum, sem gerðar hafa verið gagnvart öðrum þegnum þjóðfélagsins, þó að við viljum ekki á það fallast, að þetta endurtaki sig, ef möguleikar eru á því, að það endurtaki sig? En því sækir hæstv. stj. þetta svona fast, að Alþ. þurfi ekki að koma saman fyrr en 1. okt.? Af hverju allt þetta kapp? Eða er það bara til að storka þeim hluta Alþ. og þeim hluta þjóðarinnar, sem ekki veitir stj. brautargengi, að þetta er haft svona? Það hefði ég viljað vona, þó að þykkja okkar fari ekki saman, að stj. gerði sér þó ekki leik að því beinlínis að ögra þeim hluta þjóðarinnar og forsvarsmönnum hennar hér á Alþ. með því, að það, sem hún flytur, það skuli ekki hagga svo miklu sem „kommu“ frá því. Það kann að þykja gott í dag, en vel má vera, að hæstv. forsrh., sem ber ábyrgð á þessu máli, sjái það síðar, að betur hefði hann ekki sótt þetta mál svo fast. Vel má líka vera, að hann sjái það síðar, að betur hefði hann ekki sótt þetta mál af slíku ofurkappi, sem mér virðist nú að hann ætli að gera.

ATKVGR.

Brtt. 384 felld með 18:10 atkv.

— 385 felld með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, BÁ, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG.

nei: ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, JPálm, GB, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, BG.

2 þm. (BK, JS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Þar sem þessi till. er shlj. till., sem ég flutti á síðasta Alþ., og ég taldi þá 1. sept. heppilegan samkomudag, þá segi ég já.

1.—2. gr. samþ. með 20:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:9 atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20:8 atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki séð ástæðu til að taka til máls, nema út af því, sem gerðist við 2. umr., og út af orðum hæstv. forsrh.

Þeir, sem flytja málið, hafa ekki reynt að færa rök fyrir málinu, að miða þingfrestunina við 1. október. Þeir hafa bara talað um liðna tíð og það, sem áður hefur gerzt, og rökin eru þessi: Af því að þessi heimild var veitt fyrir 11 árum, þá er rétt að veita hana nú! — Það á að endurtaka bráðabirgðalagaleikinn frá því síðast í september. Og ég undirstrika það, að það var ekkert hliðstætt 1934 og haustið 1945 um afurðasölumálið, nema formið. 1934 var búið að kjósa um afurðasölumálið. Og ég verð að segja það, að mér þykir nokkuð langt seilzt til raka hjá hv. þm. V.-Ísf., ef ég hef skilið það rétt, að hann hafi helzt líkt því, sem þá gerðist, við það, sem gerðist í Krollóperunni í Berlín. — Hv. þm. V.-Sk. átti þátt í þessu þá. Og ég fullyrði, að það var aðeins gert vegna þess, hvernig málið var undirbúið.

Ég gat ekki komizt hjá því að taka eftir því, að hæstv. forsrh. hreyktist upp við ræðu hv. þm. V.-Ísf., og fannst honum víst þar lyft undir sinn málstað. En hv. þm. V.-Ísf. sýndi fram á það, sem honum fannst hliðstæður. Hann varði bráðabirgðal. 1934 og svo aftur það, sem ég talaði um, bráðabirgðalöggjöf vegna landbúnaðarins áður en þing kæmi saman. En mér sýnist samt sem áður ekki ástæða fyrir hæstv. forsrh. að hreykjast upp af þessu, því að náttúrlega gagnrýndi hann setningu bráðabirgðal. 1934 með hinu mesta offorsi og m. a. það, að sú löggjöf skyldi vera gerð með bráðabirgðal. En þó hafði þá allt öðruvísi verið um hnútana búið en nú. Ég sé því ekki, að hæstv. forsrh. geti talið þetta gott innlegg fyrir sig, heldur gefur þetta tækifæri til að minna á, hve tækifærissinnaður hæstv. forsrh. er, fyrst honum þykir það góð latína að setja bráðabirgðalög um þessi landbúnaðarmál nú, en gagnrýndi að setja bráðabirgðalögin þá.

Hvað hefur gerzt hér? Hæstv. forsrh. hefur reynt að notfæra sér atburði, sem gerðust fyrir 11 árum, til þess að klóra yfir það, að nú kemur hann með annað mál, sem að ytra formi er dálítið svipað, en í eðli sínu allt öðruvísi vaxið mál. Og ég dreg ekki í efa, að ef nú verður haldið áfram á þessari braut, sem menn virðast vera ráðnir í, þá koma kannske aðrir menn

eftir ekki 11 ár, heldur 1—4 ár, sem toga og teygja á allar lundir það, sem nú er gert, til þess að ná út yfir það að vera fordæmi fyrir því, sem þeir hyggjast að gera, kannske allt annars eðlis en það, sem nú virðist eiga að gerast hér. Þetta, að talið er, að fyrir 11 árum hafi verið gefið fordæmi fyrir því að setja bráðabirgðalög um landbúnaðarmál, og þess vegna sé það sjálfsagt, eins og það var gert á s. l. hausti, það gefur ástæðu til þess að fara gætilega í að vitna í fordæmi. Það er svo ákaflega freistandi — við skulum segja bara fyrir menn yfirleitt — að snúa út úr og misnota með öllu móti fordæmi, ef nokkurs staðar er hægt að ná fangstaðar á því.

Þetta vil ég segja út af þeirri gagnsókn, sem hafin hefur verið í sambandi við þetta mál, að það er náttúrlega alveg tómt mál að ræða í þessu sambandi, sem gerðist fyrir 11 árum, af því að efnislega lá þá fyrir allt annað en það, sem hér á að gerast. Og í öðru lagi, þó að eitthvað hefði gerzt hliðstætt þá, hefur það sýnt sig, að það er hættulegt að gera það, og því á það ekki að endurtaka sig. Hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt, hversu hættulegt það er að veita ríkisstj. slíkt vald. Slíkir atburðir höfðu aldrei gerzt, þegar formlega líkar ráðstafanir voru gerðar fyrir 11 árum, og menn voru þá grandalausir og ætluðu mönnum yfirleitt ekki slíkt, sem nú er fram komið. Það má kannske álasa mönnum fyrir það, að þetta form var á haft, sem gat verið hættulegt. En nú hafa menn engar afsakanir lengur, því að nú þekkja menn til þess allt of vel það, sem gerzt hefur fyrir skömmu síðan.

Að lokum vil ég segja það, að mig undrar mjög, að hæstv. forsrh. og stjórnarliðið skuli sýna þá óbilgirni og frekju að geta ekki gengið inn á þann miðlunarveg að ákveða samkomudaginn ekki síðar en 1. september. Og ég get ekki litið öðruvísi á þetta en þannig, að það sé vegna þess, að þeir vilji hafa þann möguleika opinn og ætli sér að nota hann, að gera ráðstafanir eftir sínu höfði í hinum þýðingarmestu málum.

Það er harla léleg röksemd að bera það, sem í þessum efnum gerðist fyrir 11 árum, saman við það, sem virðist eiga að gerast í þessum málum nú. Því að þá var kosið um þessi landbúnaðarmál, en nú dettur mér ekki í hug, að hæstv. forsrh. og aðrir, sem með honum standa, láti það uppi fyrir eða um kosningar í vor, hvað þeir ætli í haust að gera í landbúnaðarmálunum. Það verður ekki kosið um það í vor, hvað á að gera í landbúnaðarmálunum. Því verður haldið vandlega leyndu. Hitt er það, að það verður talað um það þá, hvað gert hefur verið í því efni. En á því, sem af stjórnarliðinu verður í vor sagt um það, hvað stjórnin ætlist fyrir í landbúnaðarmálum, verður varla mikið byggt. — En í stað þess að vera með skraf um það, sem gerðist í landbúnaðarmálum, dálítið líkt að formi til því, sem nú var gert á s. l. hausti og virðist eiga að endurtaka, í stað þess hefði óneitanlega verið eðlilegra, að færð hefðu verið af stjórnarliðinu rök fyrir því að ákveða samkomudaginn 1. október. En það eru búnar tvær umr. um þetta mál, og það er ekki enn búið að sýna fram á það með einu orði, að þessi samkomudagur þingsins sé sá heppilegasti, og ekkert heldur búið að færa fram gegn þeim tveimur brtt., sem hér voru fluttar við þetta frv. og felldar án þess að það þætti viðeigandi að ræða þær. Hér hefur verið gizkað á, að það gæti vakað fyrir stjórnarliðum, að mönnum væri þægilegt að koma saman til þings 1. október, og einnig hitt, að að þeirra áliti væri nógur tími til þinghalds með því móti. Það hefur hins vegar verið bent á það, að reynslan hefur sýnt, að það hefur ekki reynzt nógur tími til þinghalds á árinu með því að þingið kæmi saman þá. Svo að ríkisstj. getur ekki miðað við það. Við hvað er þá miðað? Hvers vegna er þetta ofurkapp um að ákveða, að þingið skuli helzt koma saman 1. október? Svari þeir, sem geta svarað. Ríkisstj. hefur ekki svarað þessu. Og þá verður hver að hafa sínar hugmyndir um þetta, miðað við reynsluna. Og þær hugmyndir geta ekki orðið nema á einn veg.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er nú talað allmikið um þetta frv., og mig undrar satt að segja þrautseigjan hjá hv. 2. þm. S.-M. við að endurtaka það, sem hann er búinn að margsegja hér áður. Hv. þm. gat um það, að það væri eitthvað öðru til að dreifa nú heldur en hefði verið, þegar hann mælti fastast með því á þingi 1933, að samkomudagur Alþ. væri færður til haustsins. Og hann gat alveg sérstaklega um það, að það væri náttúrlega annað, þó að þeir, hann og þeir, sem með honum voru í stjórn, settu bráðabirgðalög um landbúnaðarmál, — um það hefði verið kosið o. þ. l.

Ég hygg, að það megi fullyrða, að þegar kjósendur gengu að kjörborðinu 1934, hafi ekki legið neitt lagafrv. fyrir þeim um þá landbúnaðarlöggjöf, sem svo var sett með bráðabirgðalögum, heldur einhverjir frumdrættir. Þó efa ég, hvað þeir hafi verið greinilegir. Svo voru bráðabirgðalögin sett, og þingið kom ekki saman. Hvernig voru þau bráðabirgðalög? Og þingviljinn, sem stóð á bak við þau bráðabirgðalög? Ég hygg, að það hafi verið 25 menn af 49 þm. Og ef ég man rétt, var, til þess að halda utan um þessa lagasetningu, sendur maður upp í hv. efri deild, sem að vísu var úr öðrum flokki en ríkisstjórnin, sem þar var svo tekinn á mála hjá hv. Framsfl. (*EystJ:* Var hann ráðinn hjá hæstv. núv. forsrh.?). Já, hann var fastráðinn hjá mér. Kosinn sem uppbótarþm. Bændaflokksins og fastráðinn hjá mér, en gekk úr skiprúmi. (*HelgJ:* Honum hefur ekki líkað vistin). Það hlýtur að vera, eða þá að hann hefur fengið meiri aflahlut á hinum staðnum. Svona var þjóðarviljinn og þingmeirihlutinn fyrir þeirri lagasetningu þá. Það er þess vegna þannig, að því meira sem hv. 2. þm. S.-M. talar um þetta mál, því minni verður vegur hans í sambandi við það. Það er eins og örlögin hafi elt ykkur, hv. framsóknarmenn, og sýnt ykkur fortíð ykkar, því að allt, sem þið vitið nú, hefur komið fyrir ykkur og miklu verra. (*GSv:* Er það betra fyrir það, þó að framsóknarmenn hafi hent það? — *HelgJ:* Það er fyrirmyndin hjá hæstv. forsrh. alltaf). Og það er í raun og veru meira en formið, sem

ber á milli hér í öllum þessum efnum. Við göngum skemmra nú en þið gerðuð þá, sem mest fettið fingur út í þetta.

Mér finnst ekki hægt að finna nein rök á móti því, sem við erum að gera, önnur en þau, ef menn vilja halda því fram, sem hv. 10. landsk. segir, að nægilegt sé, að þingið komi saman 1. september, til þess að ljúka þinginu fyrir jól, en hitt nægi ekki til þess, að setja þingið 1. október. En ef þingið getur ekki lokið störfum fyrir jól, þó að það komi saman 1. október, þá er heldur engin vissa fyrir því, að það geti það, þó að það komi saman 1. september.

En út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, vil ég segja það, að við erum ekki að miklast af þessum fordæmum, sem minnzt hefur verið á frá 1933. En það var farið að tala um þetta af því, að byrjað var að tala um, að við værum að skapa hættulegt fordæmi. Og af þessum ástæðum leiðum við þessa menn svolítið aftur í tímann og sýnum þeim ofurlitinn kafla úr þeirra ævisögu og segjum: Herrar mínir! Þetta þótti ykkur ágætt þá. Þá var það góð latína, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði, hjá þessum mönnum. En nú á það að vera eitthvert ódæði að gera það, sem er hliðstætt. En hvað er aðalefni þessa máls? Efni þessa máls er þetta — Náttúrlega getum við slitið þingi á morgun og kallað það saman 1. febrúar, látið það þing sitja eins og þörf þykir til þess að afgreiða nauðsynleg mál, rofið það síðan og stofnað til kosninga. En að fresta þessu þingi, sem nú situr, er til þess að spara tíma og prentun og er yfirleitt heppilegri vinnubrögð. — Hvað gerði hv. Framsfl. í desember 1933? Hann ákvað að slíta þingi þá og láta það koma saman 1. október. Hvað er svo það, sem hv. þm. Framsfl. þykir vera goðgá nú? Við ætlum að fresta þingi því, er nú situr, til 1. febrúar, til þess að afgreiða mál, sem fyrir þinginu liggja og kunna upp að koma. Og ef þetta gefur höggstað á ríkisstj. og er hneykslanlegt einræði, þá er hægt að fella sig undan allri sök með því að segja: Á morgun verður þinginu slitið, en ekki frestað. Það er búið að afgreiða fjárlög, og þingið verður svo kvatt saman 15. febrúar og haft þá eins lengi og þurfa þykir. Þetta er hægt að gera, en virðist ekki vera þau heppilegustu vinnubrögð. En ef hv. framsóknarmenn leggja ákaflega mikið upp úr því, þá má náttúrlega ræða þennan möguleika við flokkinn.

Hv. 2. þm. S.-M. hefur ráðizt hér á mig margsinnis í ræðum sínum með svívirðingum, eins og hann alltaf gerir, ef hann ræðst á mig. Ég svara honum stundum. En ég nenni ekki að svara honum nema einstöku sinnum. Eitt, sem hann sakar mig fyrir, er það, að ég taki ekki nógu mikið tillit til stjórnarandstöðunnar. Ég álít, að mér beri að taka það tillit til stjórnarandstöðunnar, sem ástæða er til. En ég álít ekki rétt að taka það tillit til stjórnarandstöðunnar að kalla ekki saman þing 1. október. En ef hv. 2. þm. S.-M. er ákafur fylgismaður þess að slíta þinginu á morgun, þá mun ég tala um það við ríkisstj. og flokkana, sem að henni standa. En hvað vinnst við það, sé ég ekki, — annað en það, að ég felli mig undan ámæli um það að hafa viljað beita hér einræði, en brjóta niður þingræði og lýðræði. Það er ekkert af þessu ásetningur minn, sem er verið að nudda manni upp úr hér. Og satt að segja tek ég ekki hátíðlega þær umr., sem hér hafa átt sér stað gegn þessu frv., þegar talað hefur verið um þessar hvatir eða dróttað að mér, að ég hefði þær eða stjórnarliðið, eins og heyrzt hefur hér, af því að ég hélt, að hv. framsóknarmenn vissu vel, að það stendur ekkert illt bak við flutning þessa máls. En ég fer að halda, að þeir hafi ekki áttað sig á kjarna málsins, og þess vegna læt ég þessi orð falla.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði verið mjög hæpinn meiri hluti, sem hefði verið fyrir setningu l. um verðlagsmálin á árunum. Það kemur náttúrlega ljtið þessu máli við. Hann sagði, að 25 þm. hefðu verið með þeim af 49. Hingað til hef ég haldið, að tvisvar sinnum tuttugu og fimm væru fimmtíu. Og 25 þm. voru meiri hlutinn af 49 þm. Enn fremur vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það mun ekki vera rétt alls kostar, sem hann sagði, því að 26 munu hafa staðið að þessum l. þá. Enda liggur það í augum uppi, því að mér skildist, að þann þingmannafjölda hafi þurft með málinu, til þess að hafa meirihlutafylgi með því í báðum deildum.

Hæstv. ráðh. bar sig illa yfir því, að maður hefði farið úr skiprúmi hjá honum eftir kosningarnar 1934, af því að sá þm. hafi verið ráðinn hjá honum. Það er gaman að heyra þessa játningu af vörum hæstv. forsrh., sem hann á sínum tíma mótmælti svo mjög. Því að í kosningahríðinni héldum við framsóknarmenn þessu fram, að Bændaflokksmenn væru ráðnir hjá hæstv. núv. forsrh. En þá linnti ekki mótmælum gegn þessu af hendi sjálfstæðismanna. Þeir Bændaflokksmenn hefðu svo sem frjálsar hendur, sögðu þeir þá. Nú vill hæstv. forsrh. viðurkenna, að þeir hafi verið ráðnir.

Annars er tónninn í þessum umr. hjá hæstv. forsrh. þessi: Framsóknarmenn gerðu það, þess vegna er það sjálfsagt. — Það er að sumu leyti ánægjulegt fyrir framsóknarmenn að hlusta á þetta innan um allar svívirðingarnar. En heldur er þetta lélegt innlegg í rökræður um mál. Því að ef samanburð á að gera þannig, verður að bera saman sambærileg málsatriði. — Hæstv. forsrh. sagði, að allt þetta tal um fordæmi hefði komizt inn í umr. þessar vegna þess, að við, sem mótmælum frv. þessu að ýmsu leyti, hefðum talað um, að hér væri skapað svo ákaflega hættulegt fordæmi með þessu máli. Ég hef áður bent á, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er ekki hliðstætt því, sem hæstv. forsrh. telur, að hafi verið fordæmi fyrir því, nema að forminu til, og alls ekki að efni til. En ég lagði aðaláherzluna á það, að þetta væri hættulegt af prinsipástæðum. Og það ætla ég, að eftir því sem þetta er oftar gert, liggi í því meiri hætta, með því að það verði endurtekið og vísað til fyrri aðgerða ríkisvaldsins í því efni. Og slíkar tilvitnanir eiga sér oft stað með hæpnum röksemdum.

Hæstv. forsrh. sagði, að fyrst menn endilega vildu rökræða þetta, væri rétt að hann tæki þátt

í því, og sannast að segja mátti það ekki seinna vera en við 3. umr. málsins, að hann gerði tilraun til þess að ræða um kjarna málsins. En þá hefði ég búizt við, að hæstv. ráðh. færði rök fyrir því, að hann vildi endilega hafa ákvæði í l. um, að samkomudagurinn skyldi vera 1. október. En það hefur hann ekki gert enn. Og þá hefði ég gert ráð fyrir því, að hann færði rök gegn því, að 1. september eða 1. ágúst væri heppilegri tími sem samkomudagur Alþ. Það gerði hann ekki heldur. Í þess stað fór hæstv. forsrh. að tala um það að slíta þessu þingi á morgun og setja nýtt þing 1. febrúar, ef það væri það, sem menn vildu. Það er því aðferð hæstv. forsrh. nú að ræða alls ekki það, sem hér liggur fyrir. Það lágu fyrir brtt. um það, hvernig þessu skyldi fyrir komið. Og það er búið að fella þær tvær leiðir til miðlunar í þessu efni. Mín till. er sú að fresta að ganga frá þessu máli þangað til 1. eða 2. febrúar. Það liggur ekkert á því fyrr. Og þá getum við notað þann tíma, sem líður til 1. febrúar, til þess að vita, hvort ekki næst samkomulag um þetta. Það liggur ekkert á að afgr. þetta mál með afbrigðum fyrir jólin. Það er leikur einn að afgreiða það á tímabilinu milli 1. og 15. febrúar.

Svo mótmæli ég því, sem hæstv. forsrh. sagði, að ég talaði aldrei svo til hans orð hér í þinginu, að ég ekki kastaði til hans svívirðingum (*Forsrh.:* En þetta með blágómuna?). Það er ekki svívirðing, af því að ég átti alls ekki með því við hæstv. forsrh. persónulega, heldur átti ég við þetta dæmi, sem hæstv. ráðh. var að tala um. Ég mótmæli þess vegna algerlega, að þetta hafi verið meint persónulega til hæstv. forsrh., og skírskota til þess, sem hv. þm. er kunnugt um, að þetta er algerlega út í bláinn sagt hjá hæstv. forsrh.

Ég sé ekki ástæðu til að halda þessum umr. áfram. Ég vildi aðeins benda á, að til er sú eðlilega leið í þessu að gera út um þetta mál, þegar þing kemur saman eftir frestun í byrjun febrúar. Það er nú þegar búið að fella tvær miðlunartill. í þessu máli. Og ég sting upp á, að endanlegri afgreiðslu málsins verði frestað þangað til eftir þingfrestun.

Pétur Ottesen: Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, áður en það fer endanlega út úr hv. d. Það er búið að bera hér fram tvær brtt. við frv., sem telja má, að séu miðlunartill. í málinu, eða a. m. k. má svo að orði komast um aðra brtt., sem miðuð var við það, að Alþ. komi saman ekki seinna en 1. september. Þessar brtt. hafa nú báðar verið felldar, svo að það er sýnt, að málið á að ganga fram í þeim búningi að þessu leyti, sem því var valinn í upphafi. — Það lá hér fyrir síðasta þingi frv. um þingfrestun. Og það tímatakmark, sem þá var sett, olli þá ágreiningi, eins og þetta tímatakmark veldur enn ágreiningi. Ég studdi þá till., sem fram kom um það, að þingið kæmi ekki seinna saman en 1. sept., og þá var það með sérstöku tilliti til þess, að á tímabilinu á milli 1. september og 1. október hlyti að verða að taka ákvörðun um mjög mikilsvarðandi löggjöf, sem snerti annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sem sé landbúnaðinn. Og ég taldi miklu eðlilegra, að það félli í skaut Alþ. að taka þessa ákvörðun heldur en að ríkisstjórnin gerði það upp á sitt eindæmi og væntanlega með stuðningi þeirra manna, sem bak við hana standa. — Nú olli þessi ákvörðun, sem ríkisstj. tók, mjög miklum ágreiningi í landinu, bæði hvað snertir þá aðferð, sem þar var viðhöfð, auk þess sem ágreiningur varð um hina málefnislegu hlið.

Þar sem gera má ráð fyrir, að líkt standi á á næsta hausti, að gera þurfi ráðstafanir í þessu efni fyrir þann tíma, sem samkv. þessu frv. er ákvarðaður sem endatakmark þess, að þing komi saman, þá finnst mér, að það hefði verið rétt af hæstv. ríkisstjórn og þeim, sem hana styðja, með tilliti til þeirra árekstra, sem þetta hefur valdið á síðasta hausti, að gengið hefði verið það *langt til samkomulags* við þessa óánægðu menn að halda því ekki til streitu að hafa sama tímatakmark í þessu efni og þá var.

Ég held, að það hefði verið hyggilegt af hæstv. stj. að taka þetta tillit til þeirra manna, sem hafa látið í ljós óánægju út af þessari ákvörðun síðasta haust. Þetta hefur hæstv. stj. ekki talið sér fært að gera, og tel ég það mjög miður farið. Og með tilliti til þess, að ég lít á þetta sömu augum og ég gerði, þegar sams konar ákvörðun var tekin um þetta síðast, þá mun ég greiða atkv. á móti þessu frv. nú, þegar það kemur til endanlegrar afgreiðslu, og það er af þessari ástæðu, sem ég hef nú lýst, sem ég greiði atkv. á móti þessu frv. Ég vildi láta þetta koma fram hér, af því að það er svo margt annað, sem blandað hefur verið inn í þessar umr. og er þannig, að ég vil ekki láta líta svo út, að mín afstaða markist neitt af því, heldur eingöngu af þessu eina atriði.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ef Framsfl. og aðrir, sem mæla á móti þessu frv., vilja, að þau vinnubrögð verði viðhöfð, sem ég gat um, þá verður að láta það í ljós tafarlaust svo að það verði athugað, áður en frv. verður afgr. til Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Eins og grg. þessa frv. ber með sér, þá er lagt til í þessu frv., að samkomudagur reglulegs Alþingis á árinu 1946 verði 1. október, vegna þess að ætlað er, að þetta þing, sem nú stendur yfir, haldi áfram, en því verði einungis frestað til 1. febrúar n. k., en þá hefjist það að nýju. Og þegar það kemur þá saman, verður að sjálfsögðu reynt að ganga frá sem flestum mikils varðandi málum, sem nú liggja fyrir þinginu, jafnframt því, eftir því sem auðið verður, að bera fram að sjálfsögðu hverja þá

nýja till., sem Alþ. óskar eftir eða breyttar kringumstæður kunna að krefjast.

Um þetta mál hafa staðið nokkrar deilur í hv. Nd., og ég þóttist taka eftir því, að hv. Ed.-þm. voru þar viðstaddir, er þær umr. fóru fram þar.

Sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um frv., enda er ekkert annað að segja um það en það, að þessu yfirstandandi þingi hefur ekki verið hægt að ljúka nú fyrir jólin og því verður þinghald að verða áframhaldandi á fyrri hluta næsta árs, þannig að þessu yfirstandandi þingi verði þá fram haldið. Og af þeim ástæðum þykir nauðsynlegt að fresta aðalþinginu 1946 til 1. október. Nú er þó frestunin að því leyti ekki ákveðin, að það er eingöngu lagt á vald ríkisstj., hvort þing verður kallað saman fyrr á árinu, en þó á það ekki síðar að koma saman en 1. október. Má vera, að fyrr verði að kveðja það saman. En úr því sker reynslan.

Það hafa komið fram óskir í hv. Nd. um það, að Alþ. skuli koma saman í síðasta lagi 1. ágúst eða 1. september. Hv. Nd. vildi ekki fallast á það. Ég fyrir mitt leyti sé ekki heldur ástæðu til þess. Og fyrir því má færa rök, að það gæti verið heppilegt, en þó ekki svo sterk frá mínu sjónarmiði, að ástæða sé til að taka þau til greina.

Ég vildi mælast til þess, að þetta mál gæti fengið fljóta afgreiðslu, þannig að ekki þætti ástæða til að tefja þingið vegna þessa máls, ef menn á annað borð vilja fallast á það. En ef allt fer með felldu eins og gert er ráð fyrir, er meiningin, að þinginu verði frestað á morgun.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég sé alls ekki ástæðu til að tefja þetta mál með umr. hér í þessari hv. d. Það hefur verið rætt um þetta mál í hv. Nd., og hafa komið þar fram, að ég hygg, flest þau rök, sem mæla gegn þessu frv., og þá einnig þau rök, sem aðrir telja, að mæli með því, að það gangi fram.

Það, sem ég hef við þetta frv. að athuga, er það sama, sem kom fram í hv. Nd., að ég tel, að það hefði verið heppilegra að ákveða samkomudaginn 1. september, og að tvær ástæður séu til þess. Sú í fyrsta lagi, að fjögurra mánaða tími, frá 1. september til áramóta, er engan veginn of langur tími til þess að það þing, sem þá kæmi saman, gæti lokið störfum fyrir áramót. Undanfarandi reynsla bendir til þess, að ekki veiti af fjórum mánuðum til þess að aðalþing geti lokið störfum. Og af þeim ástæðum væri eðlilegt, að þingið kæmi saman 1. sept. — Í annan stað tel ég, að með þessu frv. sé gefið fyrirheit um það, — sem ég tel ekki gott fyrirheit, — að það eigi að gera út um verðlagsmál landbúnaðarins með bráðabirgðal., eins og gert var s. l. haust, og sé með ákvörðun þessa samkomudags Alþ. reynt að koma í veg fyrir, að þau mál komi fyrir þingið. Rökin fyrir því, að slík vinnubrögð séu óeðlileg, hafa verið færð fram áður, og ég er þeirrar skoðunar, að engin ástæða sé til að endurtaka þau hér.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. gangi fram. Hæstv. ríkisstjórn hefur sjálfsagt mikið meirihlutafylgi fyrir því hér á hæstv. Alþ. Það má gera ráð fyrir, að það verði að ákvörðun að kalla þing ekki saman fyrr en 1. október, einmitt af þeim ástæðum, sem ég nú síðar nefndi, nema einhverjar aðrar ástæður yrðu því valdandi, að ríkisstj. vildi kalla saman þing fyrr á árinu, sem er ekki hægt að segja um nú.

Ég mun af þessum ástæðum greiða atkv. gegn frv., án þess að halda uppi frekari umr. en orðið er. En ég verð að segja það, að ég tel þetta mjög misráðið, að miða samkomudaginn helzt við 1. október. Hins vegar mun ég ekki gera tilraun til þess að koma í veg fyrir þessi vinnubrögð frekar en þegar hefur verið gert, því að stjórnin mun sjálfsagt í þessu efni, eins og öðrum, fara sínu fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 391).

---

40. Þjóðjarðasala og kirkjujarða.

Á 19. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða (þmfrv., A. 74).

Á 21. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Við hv. 2. þm. Skagf. höfum leyft okkur að bera þetta frv. fram.

Það hefur sýnt sig, að leiguliðar æskja þess að verða eigendur þessara jarða. En nú er svo, að það kostar ábúendur töluverða fyrirhöfn og einnig skriftir fyrir það opinbera að breyta lögunum í það horf, og því höfum við flutt frv. þetta til að greiða götu ábúenda. Við hv. 2. þm. Skagf. óskum þess, að hv. d. geti orðið sammála um að hrinda úr vegi þeirri fyrirhöfn, sem er

samkvæmt núgildandi lögum fyrir þá, sem þetta vilja. Ábúendur eiga að hafa aðstöðu til þess nú að eignast þessar jarðir og reka þar búskap sem einkaeign.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til landbn., mér skilst, að þessi mál hafi sætt þeirri meðferð áður hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:3 atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 74, n. 166).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Nefndin hefur athugað þetta frv. og borið það saman við l. um ættaróðul og erfðarétt. Það eina atriði, sem n. vildi breyta, var það, að í frv. er svo til ætlazt, að til þess að ábúandi geti fengið ábúðarjörð sína keypta þyrfti hann að hafa búið a. m. k. eitt ár, en í breyt. n. er farið fram á, að frestur þessi verði hækkaður upp í 3 ár.

Hitt atriðið er þannig, að eftir gildandi l. hefur ábúandi rétt á að fá jörðina keypta, ef hann hefur áður fengið erfðaábúð. Í frv. þessu er þetta fellt niður, enda hefur það komið í ljós, að ábúendur taka erfðaábúð aðeins sem form til þess að öðlazt þannig kauparéttinn og kaupa jarðirnar svo rétt á eftir. Slík breyt. hefur mikið umstang í för með sér. En það er þetta umstang, sem menn vilja gjarnan losna við á þennan hátt, og þær mörgu umsóknir, sem liggja fyrir hverju þingi um, að ríkið heimili að selja jarðir, eru allar frá mönnum, sem geta öðlazt þennan rétt með því að taka jörðina fyrst í erfðaábúð, en það væri bæði sparnaður og hagræði bæði fyrir búendur og það opinbera, ef hægt væri að losna við þessa krókaleið. Að fenginni þessari reynslu hefur meiri hl. n., einn nm. hefur ekki getað fallizt á það, fallizt á, að eðlilegast væri að vera ekki að hanga í þessu, heldur veita mönnum þennan rétt, sem þeir geta öðlazt hvort sem er, og þar með er þá þingið leyst undan því að þurfa alltaf að vera að fjalla um þessi sömu mál á hverju einasta þingi. Við væntum svo, að eftir að hafa gert þessar breyt. og fært frv. til samræmis við það, sem er í l., geti hv. d. fallizt á frv. Ég skal aðeins geta þess, að seinni brtt., að fyrir umsókn komi umsögn, er aðeins leiðrétting á prentvillu.

Svo hef ég ekki fleira um málið að segja, en vænti aðeins, að það nái fram að ganga.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég gat ekki orðið samferða hv. meðnm. mínum í afgreiðslu þessa máls og hef því skrifað undir nál. með fyrirvara, og er það í fyrsta lagi af því, að ég er mótfallinn þjóðjarðasölu, en með þessu frv. er verið að gera greiðari aðgang að sölu jarða. Í l. um ættaróðul og erfðaábúð er gert ráð fyrir, að menn öðlist rétt til að kaupa jarðirnar, þegar þeir hafa fengið á þeim erfðaábúð, en það verður þó að fara gegnum þingið með þetta. Ef það hefur verið meiningin að setja þetta ákvæði í l. um ættaróðul til að koma í veg fyrir brask, þá er leiðinlegt, að strax eftir örstuttan tíma skuli vera komið með smábreyt. eingöngu til að gera auðveldari þau form, sem þarf að hafa fyrir þessum kaupum, og þar sem um er að ræða ríkisjarðir, álít ég, að ekki megi vera minna en að þingið fái að fjalla um þau mál í staðinn fyrir það, að eftir þessa breyt. kemur þjóðjarðasala þinginu ekkert við og þarf ekki einu sinni að koma jörðunum í erfðaábúð, heldur geta menn fengið jarðirnar keyptar með því að gera þær að ættaróðali. Ég er á móti því, að þetta sé gert þannig auðveldara, af því að ég er alveg á móti þjóðjarðasölu, og þess vegna mun ég greiða atkv. á móti frumvarpinu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er eitt atriði, sem ég vildi minnast á í sambandi við þetta frv. Í fyrri málsgr. 2. gr. segir svo: „Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 1. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.“ Ég er hræddur um, að eftirgjald það, sem nú er greitt eftir jarðir, sem eru almannaeign, sé ekki í öllum tilfellum öruggur mælikvarði, þegar ákveða skal söluverð jarðanna. Ég hef hugmynd um, að eftirgjald jarðanna sé ákaflega langt frá að vera hlutfallslega það sama miðað við dýrleika jarðanna. Ég hygg, að það sé þannig, að sumar af þessum jörðum séu byggðar eftir ábúðarl. frá 1933, en margar aðrar byggðar eftir eldri ákvæðum og leigumáli sé þess vegna þar annar. Ég hygg, að það sé svo, að sumar af þessum jörðum séu leigðar samkvæmt gildandi samningum fyrir minna eftirgjald en sem svarar 3% af fasteignamatsverði, en aðrar aftur fyrir hærra verð. Sérstaklega mun það vera þannig, þar sem ákveðið er í byggingarbréfi, að landskuld skuli greidd í fríðu, sem kallað er, að þá sé eftirgjaldið samkvæmt núverandi verðlagi nokkuð hátt.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að í l. um ættaróðul og erfðaábúð frá 1943 er kafli um erfðaábúð, sem ákveður, að afgjald af þeim jörðum, sem leigðar eru samkvæmt þeim l., skuli vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa. Í sömu l. er ákveðið, að ábúandi, sem hefur fengið erfðaábúð á jörð, geti fengið hana keypta með því að gera hana að ættaróðali fyrir þetta verð, þ. e. a. s. fasteignamatsverð. Mér finnst þarna ósamræmi, þar sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að söluverðið skuli miðað við eftirgjald, sem nú er greitt, en í l. um ættaróðul er því slegið föstu, að fasteignamatsverð skuli gilda. Ég skal ekki dæma um, hvort heppilegra er, en ég vil aðeins benda á, að þessi l. ættu að vera betur samræmd en hér er gert. Mér virðist óeðlilegt, að ákvörðun söluverðs sé með öðru móti en gert er ráð fyrir í l. um ættaróðul og erfðaábúð.

Eins og vikið er að í grg., þá geta þeir, sem búa á jörðum hins opinbera, fengið þær keyptar, ef þeir hafa fyrst fengið á þeim erfðaábúð, og hefur í þeim tilfellum fasteignamatsverð gilt, en mér skilst, að ef þetta frv. verður að l., þá fái

menn jarðirnar með allt öðrum kjörum samkvæmt þeim. Ég vil því beina því til n., hvort hún vilji ekki taka þetta atriði sérstaklega til athugunar fyrir 3. umr. málsins.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði, vil ég aðeins benda á það, að raunverulega er enginn eðlismunur á frv. og l. eins og þau eru nú. Mér skilst, að það, sem okkur skilur á um, sé aðeins það, að hann óskar eftir, að þingið fjalli um þessi mál í hverju tilfelli, en ég álít ástæðulaust að draga þingið inn í það um hverja einstaka jörð, heldur ætti að nægja að fela ráðherra að fara með það umboð eins og í svo mörgu öðru. Mér virðist, að okkur skilji ekki á um annað.

Að því er snertir aths. hv. þm. V.-Húnv., þá er það alveg rétt aths. hjá honum, að segja má, að fram komi þar nokkurt ósamræmi. N. hefur lítils háttar minnzt á þetta, en þess er þá að gæta, að þeir menn, sem falla undir það, eru einmitt þeir, sem hafa búið mjög lengi á sömu jörð, kannske marga tugi ára og eiga því mikið af öllu því, sem á jörðinni er, t. d. meginið af öllum húsum. Ég persónulega lít svo á, að menn, sem eru búnir að búa þannig á jörðunum, séu vel að því komnir að fá einhverja uppbót fyrir það með lægra kaupverði, því að það getur orðið erfitt og enda ómögulegt að fara að gera það upp, hvað ríkissjóður á í jörðinni og hvað ábúandi. Mér virðist því, að þessir menn mættu gjarnan fá ábýlisjarðir sínar keyptar eitthvað lægra verði en þeir, sem hafa ekki búið á jörð sinni nema stutta stund. Annars skal ég lýsa yfir því, að n. er fús til að athuga þetta nánar fyrir 3. umr.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég býst ekki við, að tjói að tala um þetta mál, það mun eiga að fara gegnum þingið, en ég álít, að í 1. gr. sé eitt athugavert atriði. Hv. flm. hafa gert ráð fyrir því, að námuréttindi verði skilin undan sölu þjóðjarða. En það eru til önnur réttindi, sem eins ætti að undanskilja, en það eru vatnsréttindi og jarðhitaréttindi. Ég vil þess vegna, af því að ég geri ráð fyrir, að hv. flm. hafi yfirsézt að undanskilja þau, skjóta því til n., hvort hún vilji ekki taka til athugunar milli umr., hvort ekki sé hægt að setja ákvæði um þetta inn í frv. Annars mun ég flytja brtt. um þetta við 3. umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil aðeins gera grein fyrir, hvers vegna ég greiði atkv. gegn þessu frv.

Í fyrsta lagi tel ég farið inn á alranga braut með því að selja kirkjujarðir, sérstaklega á þessum tíma, þegar fyrir dyrum kann að standa einhvers konar nýskipun og athugun á breyttum búnaðarháttum á Íslandi, því að þeim mun meira sem flyzt af jarðeignum hins opinbera í eigu einstaklinga, þeim mun erfiðara kann að verða að framkvæma þá nýskipun, sem fyrir dyrum kann að vera. Það eru bætur á íslenzkum landbúnaði og einhvers konar nýtt skipulag, sem helzt gæti orðið til þess, að íslenzkur landbúnaður yrði stundaður með betri árangri en nú er án þess að þurfa að fara þær neyðarbrautir, sem farið hefur verið inn á undanfarin ár út af sölu landbúnaðarafurða. Ég vil því alvarlega mæla gegn því, að slík heimild yrði veitt, og tel, að það yrði mjög mikið víxlspor, ef það yrði samþ.

Sömuleiðis vil ég hvað efni frv. snertir mjög taka undir það, sem fram kom hjá hv. 11. landsk. og hv. þm. V.-Húnv. Ég álít, að það komi ekki til mála, ef frv. er samþ., sem ég mun ekki ljá liðsinni til, að ekki verði undanskilin vatns- og jarðhitaréttindi, svo mikil nauðsyn sem á því kann að verða, að þau séu notuð í almannaþágu, þegar verið er á ferðinni með frv. til nýrra raforkulaga, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið sjálft hafi aðalforgöngu og framkvæmd í raforkumálum. Því tel ég mjög mísráðið, ef nú yrði opnaður vegur til þess, að einstaklingar, sem búa á þjóð- og kirkjujörðum, gætu fengið þessar jarðir keyptar, án þess að undanskilin væru þessi miklu verðmæti, sem án efa verða mikið notuð í framtíðinni í almannaþágu.

Ég vil líka taka undir það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að mér skilst, að eftir 2. gr. muni koma fram mikið misrétti hvað snertir verðlag á þjóð- og kirkjujörðum, ef þar á að fara eftir því, hver leigumálinn er á þessum jörðum. Það er ekki fullnægjandi skýring fyrir mig, sem hv. 2. þm. Skagf. hefur fram borið út af 2. gr. frv. Mér skilst, að eftir ýmsum gömlum leigumálum muni ábúandi geta fengið jörðina fyrir svo lítið verð, að óviðunandi er að láta hana af hendi fyrir svo lítið verð. Ég vil því taka undir þær raddir, sem fram hafa komið í umr., að ef farið er inn á þá háskalegu braut að leyfa sölu á þjóð- og kirkjujörðum, jafnvel þótt sú kvöð fylgi, að jarðirnar eigi að falla undir gildandi reglur um ættaróðul og erfðaábúð, þá sé nauðsynlegt að endurskoða frv. nánar, áður en það er gert að l., til að koma í veg fyrir, að þeir vankantar, sem bent hefur verið á, verði lögfestir.

Ég mun því, eins og ég hef skýrt frá, fyrst og fremst greiða atkv. gegn frv., en ef meiri hl. d. er því meðmæltur, sem hér á að slá föstu þvert ofan í þá meginreglu, sem hingað til hefur gilt í íslenzkri löggjöf, og opnar öll hlið fyrir því, að allar þjóð- og kirkjujarðir verði seldar einstaklingum, þá ættu þeir, sem vilja breyta þeirri meginreglu, samt að athuga, að breyta þarf frv. mikið til bóta, ef afgreiðsla þess á ekki að verða okkur til lýta.

Pétur Ottesen: Ég á dálítið bágt með að skilja þann úlfaþyt, sem þetta frv. hefur vakið hér í d., og þær stefnuyfirlýsingar, sem fulltrúar tveggja stjórnarflokka hafa fundið sig knúða til að bera fram í sambandi við þetta frv. Það er vitanlega alkunnugt fyrir löngu síðan, að kommúnistar og jafnaðarmenn eru á móti því, að einstaklingar þjóðfélagsins hafi það olnbogarými í þjóðfélaginu, að þeir megi eiga það ábýli, sem þeir búa á og hafa lífsframfærslu sína af og þar sem þeir starfrækja þá framleiðslu, sem er vitanlega undirstaða þess að verulegu leyti, að þjóðfélag okkar getur staðizt. Þetta er alkunnugt, og þess vegna virtist mér það út af fyrir sig

gersamlega óþarft í sambandi við þetta frv., að fulltrúar þessara flokka færu hver í kapp við annan að bera hér fram stefnuyfirlýsingar sínar. Mér virðist einnig, að þeir leggi allt of mikið í þetta frv., því að ef þeir vilja setja þær skorður í löggjöfina, að enginn bóndi, sem býr á jörð ríkisins, geti átt þess kost að eignast þessa jörð, þá er árás á þetta frv. út af fyrir sig alveg þýðingarlaus. Maður skyldi ætla, að þessi stefna þeirra kæmi þá fram í því að flytja till. um að nema gersamlega úr l. þá heimild, sem þar er til þess, að einstakir bændur geti fengið ábýlisjarðir sínar keyptar, því að þetta frv. felur ekkert í sér annað en það að taka af þeim bændum, sem óska að fá jarðir sínar keyptar, það ómak, sem í því felst að fá erfðaábúð á jörðunum, og þá um leið að hrinda úr vegi þeirri fyrirhöfn, sem þetta er fyrir þá menn, sem með þessi mál fara fyrir ríkisvaldið, því að þetta er gersamlega þýðingarlaus og óþörf krókaleið. Ekkert annað felst í þessu frv., ekki nokkur skapaður hlutur. Ég sé því ekki, hvernig þetta frv. getur verið grundvöllur fyrir eða gefið ástæðu til almennra umr. um, hvort jarðirnar eigi að vera ríkiseign eða eign einstaklinga. Um þetta gætum við rætt. Við, sem lítum svo á, að mesta öryggið fyrir framþróun og velfarnað landbúnaðarins sé í því fólgið, að allar jarðir í landinu komist í sjálfsábúð, getum fært fram fyrir þessari skoðun okkar rökstuðning með mörgum og áþreifanlegum dæmum að fornu og nýju, eins og þeir geta borið fram rök fyrir sinni þjóðnýtingarskoðun, en þessi hlið málsins liggur alls ekki fyrir. Andstaða gegn þessu frv. getur því ekki byggzt á öðru en því, að þeir geti ekki unnað bændum þess að losna við þessa fyrirhöfn og vilji ekki horfa í það í þessu sambandi, þó að ríkissjóður verði að bera nokkur útgjöld, sem eru því samfara að skipta um leigumála á jörðum. Svona horfir þetta mál við.

Ég vil aðeins út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um þetta mál, að það gæti orðið mikill þröskuldur í vegi fyrir nýsköpun í landbúnaðinum, — þeir halda sig við það heygarðshornið, — ef þetta frv. yrði samþ., taka fram, sem ég hef áður skýrt frá, hvað í þessu frv. felst samanborið við það, sem er í l. um erfðaábúð og óðalsrétt, — ég vil aðeins segja það: Hvernig heldur hann, að þessi nýsköpun fari fram á landbúnaðinum? Á hverju á að byggja, og hver verður grundvöllurinn undir þessari nýsköpun? Skyldu það ekki verða þeir, sem stunda búskap á jörðunum, sem verða þátttakendurnir í þessari nýsköpun? Mér finnst, að eigi að standa fyrir framkvæmdum einmitt þeir menn, sem eru beinir þátttakendur í nýskipaninni. Heldur háttv. 4. þm. Reykv. (StJSt), að ekki þurfi annað en að stofna nýbyggingarráð og samþykkja lög á Alþ. til þess, að láta gróa 2 strá þar, sem eitt greri áður í þessu þjóðfélagi. Nei, það þarf að taka höndunum til í sveitum landsins og þá vitanlega að hagnýta alla nýjustu tækni, sem til er. Og ekkert nýsköpunarráð hefur þurft, því að ég tel bændurna ganga langt á undan með þær framkvæmdir. Undir eins og raknaði úr með þeirra fjárhag, þá sneru þeir sér að því að fá sér nýjar vélar, auka ræktunina, bæta húsakostinn og í því sambandi hafa þeir gert mjög mikilsverðar samþykktir, sem eru ræktunar- og húsagerðarsamþykktir, sem hlotið hafa viðurkenningu Alþingis. Það þarf ekkert að reka á eftir þeim með þetta, því að þeir hafa verið í þessum efnum í fararbroddi. Það, sem veldur því, að ekki er lengra komið í þessu efni, er, að þeir hafa að litlu og ekki nema takmörkuðu leyti getað aflað sér þeirra véla og annarra stórvirkra tækja, sem og auk þess, að ekki hefur verið þess kostur nema að litlu leyti að flytja þessi landbúnaðartæki inn í landið. Það liggja fyrir svo miklar pantanir á slíkum vélum. Og það er búið að verja miklum tíma til undirbúningsstarfsemi í landinu, til þess að geta notað þessar vélar þegar þær koma. Það verður að ganga að því af fullum krafti og með oddi og egg að framkvæma þá nýsköpun, sem svo mikið er talað um nú, en bændur voru búnir með ýmsum ráðstöfunum og í verki líka að sýna, að þeir höfðu hafið áður en hið mikla nýsköpunarumtal hófst með okkar þjóð. Ég vildi aðeins benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að ef hann heldur, að fólkið, sem býr og enn þá heldur tryggð við sveitir þessa lands, ef það með þeirri skipan að vera eigendur þessara jarða standi í vegi fyrir nýsköpuninni, þá er það mikill misskilningur hjá honum. Og ég get sagt það sem mína skoðun, ég skal ekki segja um, hve mikið hann leggur upp úr minni skoðun, að því fyrr náum við því takmarki, sem við keppum að og lagður hefur verið grundvöllur að í lögum um ræktunar- og húsagerðarmál, því fyrr og auðveldar sem fleiri af jörðunum eru í einkaábúð. Þetta er mín skoðun í þessum efnum. — Það getur vel verið, að það sé fullkomin ástæða til að taka til athugunar þá bendingu, sem hv. þm. V.-Húnv. (SkG) gerði hér í sambandi við þann útreikning, sem er á söluverði þessara jarða, því að það er alveg rétt hjá honum, að þegar jarðir eru leigðar í erfðaábúð, þá er í sambandi við þá breytingu ákveðið eftirgjald eftir jörðina, og við sölu á þessari jörð á svo að leggja það eftirgjald, sem þá hefur verið ákveðið, til grundvallar fyrir söluverðinu. Nú getur það verið, og ég vil skjóta því til landbn., að sambandið í þessu efni sé ekki eins náið á um ákvæðið, sem um þetta er í l., og þess, sem hv. þm. V.-Húnv. telur, að sé í þessu frv., og því væri ástæða til, að taka þetta út af fyrir sig til athugunar. En það er líka sú eina aths. við þetta frv., sem fram hefur komið í umr. og ég álít, að beri að taka sérstaklega til athugunar í sambandi við afgreiðslu þess.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það eru aðeins örfáar aths. við ræðu míns ágæta sessunautar, hv. þm. Borgf. (PO). Mér skilst, sem hann vilji gera allt of lítið úr þeirri breytingu, sem fram kemur í þessu frv. miðað við það ástand, sem áður hefur verið. Eins og hv. þm. Borgf. veit, er yfirleitt ekki hægt að selja þjóð- og kirkjujarðir nema með sérstökum l. frá Alþ. En með því að samþykkja frv. það, sem fyrir liggur, þá opnast sú almenna leið inn á þá braut, eftir reglum, sem fyrir er mælt í þessu frv., með því eina skilyrði, að það sé ábúandi sem setið hefur jörðina

tiltekinn tíma og hafi meðmæli hlutaðeigandi hreppsnefndar og hann fær jörð þessa eftir reglum, sem ákvæði gilda um í l. um erfðaábúð og ættaróðal. Það er farið inn á nýja braut í þessu efni, og ég veit, að hv. þm. Borgf. finnur það sjálfur, og þess vegna hefur hann flutt þetta frv. Hann vill breyta til og fá reglur um það, að ekki skuli þurfa sérstök l. um sölu hverrar jarðar til ábúanda eða á annan hátt. Þetta er stórkostleg breyting frá því, sem hefur verið. Hvað varðar nýsköpunina og annað í því sambandi, þá skal ég geta þess, að ef hið opinbera, ríkið, sæi ástæðu til þess að leggja fram að einhverju leyti verulega aðstoð sína til þess að breyta landbúnaðinum með beinum fjárframlögum eða á annan hátt, þá fyndist mér eðlilegt, að sú skipan haldist, sem verið hefur, að þær jarðir, sem hafa verið eign ríkisins og kirkjunnar, sem lítill munur er á hvort er, að þær verði það áfram, svo að þær jarðir geti notið þeirra hlunninda með því að vaxa í verði við aðgerðir þess opinbera, en að það falli ekki í skaut þeirra einstaklinga, sem kynnu að hafa fengið jarðirnar áður en slíkar aðgerðir hefðu verið gerðar fyrir atbeina eða tilkostnað sjálfs ríkisins. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara inn á það, í hverju nýskipanin í íslenzkum landbúnaði gæti orðið. Ég dreg ekki í efa það, sem hv. þm. Borgf. segir, að það sé mikill áhugi meðal íslenzkra bænda til að notfæra sér nýjustu tækni, sem aukizt hefur á síðustu tímum, til að gera atvinnuveginn líklegri til betri árangurs. Og Alþ. hefur ekki heldur látið sitt eftir liggja til þess að hvetja og styrkja, að slíkar framkvæmdir yrðu gerðar. Ég vil ekki draga úr þeim orðum, sem hv. þm. Borgf. sagði, og ég finn líka, að mikill áhugi er meðal bænda í þessu efni. En vera má þó, að setja þurfi nánari heildarreglu, — til þess að þær framfarir eða nýskipan, sem kynnu að verða í landbúnaðarmálunum, yrðu gerðar eftir öruggum áætlunum, þannig að þær næðu betur tilgangi sínum. En að opna allar gáttir, til þess að einstaklingar geti eignazt ríkis- og kirkjujarðir, er sízt til þess fallið að örva löggjafar- og ríkisvaldið, eftir að búið er að selja þessar jarðir, til að leggja fé af mörkum til þess að bæta jarðir, sem eru algerlega í einkaeign.

Sigurður Guðnason: Út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði hér um ágreining minn og afstöðu mína til þessa máls þegar landbn. hafði þetta frv. til meðferðar, vil ég aðeins segja örfá orð. Það er alveg rétt, að ágreiningur minn stafar einfaldlega af þeirri ástæðu, að ég er mótfallinn allri sölu á jörðum, sem eru í félagseign, bæði kirkju- og þjóðjörðum. Þar af leiðir, að ég hlýt að vera á móti því að auðvelda sölu þeirra á nokkurn hátt.

Það er réttilega tekið fram hjá hv. þm. Borgf. (PO), að andstæðingar þessa frv. væru á móti því vegna þess, að það gerir greiðari aðgang með að selja þjóðjarðirnar. Og það þarf engan að undra, að þeir, sem eru á móti þeirri málsmeðferð, sem lagt er til í þessu frv., greiði atkv. á móti því.

Um það atriðið, hvort jarðir eru betur setnar í einkaeign en ef þær eru í eign ríkisins, er það að segja, að ég veit mörg dæmi þess, að illa er farið með jarðir, sem eru í einkaeign, og ég gæti varið löngum tíma í það að telja upp þær jarðir, sem betur hefðu verið komnar í eigu ríkisins en í einkaeign.

Ég vil svo að lokum ljúka máli mínu með því að ítreka enn einu sinni þá skoðun mína, að ég vil ekki og tel ekki heldur rétt að auðvelda einstaklingum að kaupa hvorki þjóð- né kirkjujarðir.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 11. landsk. (STh) sagði, þá tel ég sjálfsagt að taka hans aths. til greina og tel víst, að landbn. verði fús til að flytja brtt. um hana. Um þetta frv. er það að segja, að það er algerlega sniðið eftir ákvæðum, sem eru í gildandi l., og þar er þetta ekki tekið fram og því ekki heldur tekið upp í frv., en úr því að bent hefur verið á þetta, tel ég rétt, að það verði tekið með.

En út af því atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. (StJSt) kom inn á, og þar sem hann segir, að verið sé að opna upp á alla gátt, þá vil ég leyfa mér með leyfi hæstv. forseta að lesa nokkur orð úr gildandi l., það er úr l. um ættaróðal og erfðaábúð. Í 34. gr. l. segir svo: „Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eigu ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (Kristfjárjarða, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal, þegar þær losna næst úr ábúð eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum.“ — Og enn fremur segir svo í 47. gr. sömu laga: „Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfðaábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum: —“ Lögin mæla svo fyrir, að það skuli byggja á erfðaábúð og hafi ábúandi sjálfur ekki erfðaábúð, þá skuli hann fá hana næst þegar jörðin losnar úr ábúð eða þegar hann óskar þess. Og skv. 47. gr. l. skulu þeir menn, sem hafa erfðaábúð, eiga rétt á að fá jarðirnar keyptar, ef fullnægt er vissum skilyrðum. Ég sé ekki, að hægt sé að segja, að með þessu sé verið að opna upp á gátt, þegar allar sölur í heild eru háðar sömu skilyrðum, sem fyrst og fremst eru þetta, að gera jarðirnar að ættaróðali til að fyrirbyggja, að þær lendi í braski. Ég get ekki skilið, að þetta sé nýtt og að verið sé að opna allt upp á gátt.

ATKVGR.
Brtt. 166,a samþ. með 18:1 atkv.
— 166,b samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:7 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv.

Á 39. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 220, 211).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Landbn. ber fram tvær brtt. við frv. Eru báðar í samræmi við óskir, sem komu fram við 2. umr. Fyrri brtt. er við 1. gr., að til viðbótar við námuréttindi verði vatnsréttindi og jarðhitaréttindi undanskilin við sölu þessara jarða. Síðari brtt. er gerð með tilliti til þess, að það munu vera mjög breytileg leigukjör á þessum jörðum, og það hefur verið upplýst, að sums staðar er greitt eftir jarðirnar í friðu, en það hefur þær afleiðingar, að eftirgjaldið er kannske óeðlilega hátt, sé það reiknað í peningum. Það þykir því eðlilegt að breyta þessu á þann veg, að fasteignamat skuli ráða að viðbættu álagi, sem kann að fylgja jörð, þegar sala fer fram. Er þá lagt til grundvallar sama og gert er, þegar metið er eftirgjald, um leið og jörð er færð úr lausri ábúð í erfðaábúð, og er þá komið fullt samræmi á milli. Um þetta urðu nokkrar umr. við 2. umr., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það nú, ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. hafi áttað sig á, hvernig þessu er varið.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil beina því til hv. frsm. landbn., hvort ekki muni vera fulllangt gengið að undanskilja svo gersamlega sem mér skilst, að gert sé í brtt., afnotarétt af jarðhita og vatnsréttindi. Eftir þessari till. skilst mér, að eigandi hafi ekki leyfi til að nota jarðhita til heimilisþarfa og ekki heldur vatnsréttindi, því að það er gersamlega undanskilið, og sá, sem jörðina kaupir, hefur þá alls engin not af þessum hlunnindum. Ég þykist vita, að það hafi ekki verið meining n., að slíkt skuli eiga sér stað, en þar sem þetta er sett í sambandi við námuréttindi, þá er það skýlaust ákvæði og hefur ætíð verið skilið svo, að ef námur finnast í jörð, þá séu þær eign ríkisins, að öllu leyti óskorað, og mér skilst, að eftir orðalagi till. eigi alveg eins að fara með vatns- og jarðhitaréttindi. Ég hefði gjarnan viljað bera fram brtt. um þetta, en satt að segja láðist mér að koma því í framkvæmd, því að þegar ég sá brtt., þá hjó ég eftir þessu, og vil ég gjarnan heyra, hvað hv. frsm. segir.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er alveg rétt athugað hjá hv. 1. þm. Árn., að það var alls ekki ætlun n., að þetta væri tekið svo bókstaflega, en það má vera, að það yrði gert eða að liggi fyrir möguleikar um það. Því kom mér til hugar, að bera mætti fram skrifl. brtt. um að bæta aftan við till. „önnur en til heimilisnota.“ Ég hef ekki borið mig saman um það við meðnm. mína, en fyrir engum okkar vakti að gera jarðeiganda svo harðkeypt, að hann fengi ekki slík hlunnindi til heimilisþarfa.

Sigurður Thoroddsen: Till. þessi er flutt vegna tilmæla minna við 2. umr. Ég verð að taka undir það með hæstv. frsm., að ég ætlaðist ekki til, að þetta næði yfir þessi hlunnindi, ef þau væru svo lítil, að það skipti ekki máli. Ég fyrir mitt leyti vil fallast á þá brtt., sem hv. frsm. gat um.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir það, sem hv. 1. þm. Árn. beindi til hv. frsm. þessa máls um það, að mér finnst í alla staði óeðlilegt að undanskilja skilyrðislaust öll afnot af vatni og jarðhita. Þá mætti náttúrlega, ef þessu væri fylgt bókstaflega, segja, að undanskilið væri allt vatn til heimilisnota. Mér finnst, að ákvæði, sem grípa yfir svona öfgar og fjarstæðu, eigi ekki undir nokkrum kringumstæðum að koma fram í löggjöfinni. Ég andmælti þess vegna þeim bendingum, sem komu fram við 2. umr. í þessa átt, og ég stend við það. Um námuréttindi er allt öðru máli að gegna, því að það er almennt viðurkennt, að þau séu undanþegin, og mér finnst engin ástæða til að ganga lengra í þessu frv. Ég vil þess vegna gera það að minni till., að ekki verið gengið lengra í þessu frv. en að undanskilja námuréttindi.

Sigurður Thoroddsen: Mér finnst satt að segja gæta ósamræmis hjá hv. þm. Borgf., ef hann vill undanskilja námuréttindi, því að eftir skilningi hans á ákvæðinu um vatnsréttindin ætti að banna mótak í landinu. Þetta, sem hann sagði um, að banna ætti vatn til heimilisnota, er hégómi, því að það er alltaf leyfilegt að taka vatn til almenningsþarfa, og ef einhverjir annmarkar eru á því, má taka það lögnámi. Það er ætlazt til að undanskilja námuréttindi, og af hverju á þá ekki að undanskilja vatnsréttindi og jarðhitaréttindi, ef þau eru einhvers virði, og þau eru miklu frekar einhvers virði en námuréttindi, það vítum við allir, en það er undantekning, ef vitað er um námuréttindi, sem eru nokkurs virði hér á landi, en allir vita, hvers virði vatnsréttindi og jarðhitaréttindi eru. Öðru máli gegnir að samþ. brtt. um að leyfa slík afnot til heimilisþarfa.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hér er um tvær stefnur að ræða, sem er geysilega langt á milli. Hér er um það að ræða, hvort ríkið eigi að afhenda einstaklingum verðmæti eins og vatnsréttindi og jarðhitaréttindi og þar með tryggja, að einstaklingar geti grætt á því stórfé beinlínis til tjóns almenningi. Það verður ekki um það deilt, að jarðhiti og vatnsréttindi, þar sem um mikið vatnsafl er að ræða, eru geysilega miklir tekjustofnar fyrir þá einstaklinga, sem hafa yfirráð yfir þeim, og það getur kostað fjölda manna, sem þurfa að fá afnot af þeim, mikil útgjöld, ef þau komast í eigu einstaklinga. Þess vegna er rangt að opna leið til þess, að ríkið láti slíkar jarðir af hendi til einstaklinga, ég álít, að það komi alls ekki til mála. Ég vil í því sambandi minna á það út frá því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að það mun hafa komið fyrir ekki fyrir löngu síðan í hans eigin sveit, að jörð, sem hafði geysilega verðmæt jarðhitaréttindi, var seld út úr hreppnum, og sá, sem fékk þessi réttindi, hefur svo selt öðrum af þeim fyrir stórfé. Um þetta hafa orðið blaðadeilur meðal

sveitarmanna sjálfra. En þar sem ekki er nema sáralítill jarðhiti eða vatnsafl, sem væri til afnota fyrir jarðareiganda sjálfan, þar er öðru máli að gegna. En ég tel fjarstæðu, sem hefur verið drepið á, að það að undanskilja vatnsréttindi geti þýtt það, að bannað sé að veita vatni í bæinn, það tekur enginn alvarlega. Hér er um það stóra atriði að ræða, hvort eigi að gefa einstaklingum kost á að fá frá ríkinu stór verðmæti, sem þeir geta síðan notað sér til tekjuaukningar á kostnað annarra, sem þurfa að njóta þeirra líka.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 220, 211, 234).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að landbn. hefur flutt hér brtt. í tilefni af þeim umr., sem urðu hér við þessa umr. áður en henni var frestað. Vænti ég, að þessi till. sé svo orðuð, að menn geti sætt sig við fyrri brtt. n. eins og hún verður með þessari breyt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að fá upplýsingar hjá hv. frsm. landbn. um það, hvað hann eða hv. landbn. á við með orðunum: „umfram heimilisþarfir" í brtt. á þskj. 234, þar sem talað er um vatns- og jarðhitaréttindi. Það eru nú orðin til nokkur býli hér á landi, þar sem lifað er eingöngu á jarðrækt í sambandi við heitt vatn. Og þessir staðir þurfa mikið vatn, og sumir þeirra hafa mjög mikið vatn. Sumir þeirra hafa meira en hektara undir gleri og hitalögnum. — Ég get hugsað mér, að það geti orðið talsvert umdeilt mál, hver hitaþörfin er fyrir heimili, þegar um það er að ræða, hvað miða skuli hér við í sölunni. Og þó að þetta sé álitið ljóst, þá er það þó ekki svo ljóst til tekið hér, að að gagni komi, þegar til framkvæmda kemur í lífinu.

ATKVGR.

Brtt. 234 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 211, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 252).

Á 43. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 8. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 252, n. 341).

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur hlotið afgreiðslu í hv. Nd., og að því er ég bezt veit er nokkurn veginn fullt samkomulag um frv. sjálft, þ. e. þau fyrirmæli, sem í þessu frv. felast, þó að ágreiningur væri í hv. Nd., eins og víðar, um jarðasölumálið í heild, hvort selja eigi ríkissjóðsjarðir eða ekki.

Það er svo um þetta mál nú, að ábúendur þjóð- og kirkjujarða eiga rétt á því að fá jarðir sínar keyptar, ef þeir búa við erfðaábúð, ef ábúðarrétturinn á jörðunum er arfgengur. Fyrir þessu eru sett sérstök skilyrði í l. um ættaróðal og erfðaábúð, þar á meðal það, að jarðir, sem þannig eru keyptar, skuli gerðar þá strax að ættaróðulum. Þetta frv. gerir ráð fyrir þeirri breyt., að ekki aðeins þeir ábúendur, sem búa við erfðaábúð, heldur allir ábúendur opinberra jarða, skuli geta fengið þær keyptar með sömu skilyrðum. Hv. þdm. kannast við það, að þegar átt hefur að selja opinbera jörð ábúandanum og ábúandinn hefur ekki búið við arfgenga ábúð, þá hefur orðið að setja um þá sölu sérstök lög. En verði þetta frv. að l., þá hverfur sú fyrirhöfn, og það gilda þá sömu reglur um ábúanda að þessu leyti, hvort sem hann hefur búið við arfgenga ábúð eða ekki. Aðeins hefur í þessu frv. einu atriði verið breytt, sem sé því, að að undanförnu hefur það verið eitt af höfuðskilyrðunum fyrir sölu, að ábúandi hefði búið á ábýli sínu samfleytt í 5 ár, en nú er þetta ábúðartímaskilyrði lækkað í 3 ár. Að öðru leyti eru söluskilyrðin hin sömu og áður. Hér er að vísu í 2. málsgr. 2. gr. bætt við einu varúðarákvæði viðvíkjandi sölu á þessum jörðum, sem sé því, að ef ábúandi kaupir ábýlisjörð sína og gerir hana að ættaróðali, eins og vera ber, en svo kemur til sölu á þeirri jörð síðar, þá á ríkissjóður forkaupsrétt.

Það hefur ekki orðið fullt samkomulag um þetta mál í landbn. En 3 nefndarmanna, sem skrifa undir nál. á þskj. 341, leggja það til, að þetta frv. verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat ekki orðið samferða hv. meðnm. mínum í því að mæla með, að þetta frv. verði að l. Í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að ég álít, að það sé alveg röng og óheppileg braut, sem haldið er inn á með því að selja þær jarðeignir, sem enn eru í eigu hins opinbera. Það er meginástæðan til þess, að ég get ekki greitt þessu frv. atkv. mitt. Þau ákvæði, sem í þessu frv. er vísað til í l. um ættaróðal og erfðaábúð, að þeim ábúendum þjóð- og kirkjujarða, sem hafa erfðaábúð á ábýlisjörðum sínum, er veittur réttur til að fá þær keyptar með sérstökum skilyrðum, voru sett í lög án þess að ég væri samþykkur því, svo að ég get ekki í afstöðu minni tekið tillit til þess ákvæðis. En það er svo skammt síðan þau lög voru sett, að ég álít, að vafi sé á því, að þeim beri að fulltreysta sem heppilegum ákvæðum. Ég álít, að það þurfi að taka þá löggjöf til athugunar fljótlega.

Ég skal ekki hafa langa ræðu um þetta frv. Þetta mál er margrætt og afstaða mín til þess, þ. e. jarðasölumálsins, er hv. þdm. kunn. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á eitt ákvæði í frv., sem berlega sýnir, að minni hyggju, að hér er stefnt að óheppilegu ráði. Það er ákvæði 2. gr. um, að jarðir, sem seldar eru samkv. 1. gr. frv., skuli vera seldar fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu álagi, sem kann að fylgja jörð, o. s. frv. Nú er vitað, að fasteignamatsverð á jörðum er svo langt undir sannvirði, að það er bókstaflega að gefa jarðir að selja þær fyrir fasteignamatsverð. Og að bæta því að selja þær þannig ofan á það að gefa það, sem lagt er fram af ríkisfé til jarða sem styrkur, gefa fyrst styrkinn og bæta því svo ofan á að gefa jarðirnar á eftir, það er gersamlega óafsakanleg ráðstöfun, þegar þess er líka gætt, hvað styrkina snertir, hvað verðlag hefur breytzt stórkostlega síðan þessir styrkir voru veittir. Sú kvöð væri alveg hverfandi fyrir ábúendur jarða að standa undir, þó að styrkirnir væru ekki gefnir þeim, en hins vegar dregur það nokkuð fyrir ríkissjóð að gefa þá eftir. — Þess vegna greiði ég atkv. á móti þessu frv., af því að ég álít, að það stefni inn á ranga braut.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, EE, GJ, HermJ, IngP, JJ, ÞÞ.

nei: BrB, HG.

6 þm. (PM, StgrA, BSt, BBen, GÍG, KA) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 7:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Forseti (ÞÞ): Ég vil reyna nafnakall og bið því hv. þm. að hlaupast ekki af fundi. Fundur hefur nú staðið í aðeins 20 mínútur, og ætti að vera hægt fyrir þm. að halda sig inni ekki lengri tíma. Ég vil því biðja þá hv. þdm., sem vilja, að málinu sé vísað til 3. umr., að gera svo vel að segja já.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ.

nei: HG.

7 þm. (BSt, BBen, BrB, GÍG, KA, PM, StgrA) fjarstaddir.

Á 63. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, IngP, LJóh, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, EE.

nei: HG, StgrA.

7 þm. (GÍG, HermJ, JJ, KA, MJ, BBen, BrB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 414).

---

41. Landnám ríkisins.

Á 13. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins (þmfrv., A. 307).

Á 51. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af landbn. Nd., en aðalatriði þess höfðu áður verið samþ. af búnaðarþingi, sem hafði fengið málið til meðferðar að gefnu tilefni frá efri deild Alþingis, sem hafði tekið mál þetta fyrir og vísað því síðan til búnaðarþings til umsagnar. Mþn. búnaðarþings svo og búnaðarþing fjölluðu um málið og gerðu þær breyt., sem hér liggja fyrir, á l. um landnám ríkisins. Landbn. hefur nú yfirfarið þessar breyt. og er nú ásátt um að bera frv. fram.

Aðalbreyt. samkv. þessu frv. eru tvær. Önnur er sú, að í núgildandi l. er gert ráð fyrir 250 þús. kr. greiðslu á ári hverju til framkvæmda um landnám ríkisins, en þó að þessi l. séu orðin nokkurra ára, þá hefur ekki verið neitt lagt af hálfu ríkisins til framkvæmda málsins, og af skiljanlegum ástæðum hafa framkvæmdir verið litlar stríðsárin. Vinnukraftur og athygli þjóðarinnar hefur beinzt að öðru. Þessi hækkun, sem hér er farið fram á, er til þess m. a. að bæta upp það, sem áfátt hefur orðið um afgreiðslu þings og stj. þann tíma, sem l. hafa verið í gildi, og sömuleiðis er okkur ljóst, að þegar um hægist eftir umrót styrjaldarinnar og aftur verður farið að vinna af fullum krafti að venjulegum framkvæmdum í landinu, þá mun verða mikil þörf fjár í þessu efni.

Hin aðalbreyt. er sú, að í l. eins og þau eru nú er svo fyrir mælt, að landnám ríkisins geti ekki farið fram á öðru landi en því, sem ríkið á. Við leggjum til í frv., að það megi einnig fara fram á landi, sem bæjarfélög og sveitarfélög eiga. Okkur þykir það sjálfsagður hlutur, að ef bæjar- og sveitarfélög vilja leggja hönd á plóginn, þá styrki ríkið þau ekki síður en þó að það þyrfti að kaupa landið sjálft. Þetta er að vissu leyti hagnaður fyrir ríkið, því að þá þarf það ekki undir öllum kringumstæðum að kaupa það land, sem þessar framkvæmdir eiga að fara fram á, og í öðru lagi álítum við, að það geti verið málefninu styrkur, að bæjar- og sveitarfélög komi sem aðili inn í þessar framkvæmdir líka til viðbótar við það, sem l. greina.

Það er rétt að skýra frá því, að eitt sveitarfélag hér ekki alllangt frá hefur þegar hafizt handa um nýbýlamyndun og nýbýlahverfi. Þar er gert ráð fyrir 7—8 býla hverfi, en allur stuðningur af hálfu ríkisins hefur strandað á því, að ekki er gert ráð fyrir, að framkvæma megi landnám á landi bæjar- og sveitarfélaga.

Þetta eru aðalatriðin í breyt., sem frv. felur í sér, og vænti ég, að d. taki því með skilningi.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. Ég tel óþarft að vísa því til n., þar sem það er flutt af n. samhljóða og hefur fengið þar sínar athuganir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 404).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 307, er lagt fram af landbn. neðri deildar, en upphaflega komið frá búnaðarþingi. Frv. fór í gegnum Nd. án umræðna eða nokkurrar andstöðu og með samþykki allra deildarmanna.

Breyting sú, er frv. felur í sér, er, að tillag ríkissjóðs hækkar úr ½ millj. í ½ millj. kr. En í rauninni er það ekki hækkun, þar sem áður var gert ráð fyrir, að atvinnubótafé yrði varið í þessu skyni, en nú er ekki líklegt, að um það verði að ræða. Þetta er aðalbreytingin, sem frv. felur í sér, en svo er einnig nokkur breyting í 4. gr. frá því, sem áður var, þar sem þá mátti einungis vinna á landi, sem var eign ríkisins, en nú er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög geti einnig látið vinna, og gæti það orðið vísir til nýbýlahverfa í sveitum.

Við nefndarmenn vorum sammála um að telja þessar breytingar til bóta og mælum með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 433).

---

42. Byggingar- og landnámssjóður (frv. ÞÞ og EE).

Á 3. fundi í Sþ., 16 okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð (þmfrv., A. 23).

Á 8. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er að vísu ekki stór lagabreyt., en efni þess er það að nema úr gildi nokkur ákvæði, sem enn hefur verið haldið og eru orðin eftirlegukindur við ákvæði um byggingarstyrk til sveitabæja. Þegar þau l. voru að nokkru leyti tekin upp í byggingar- og landnámssjóðsl., þá urðu eftir nokkur ákvæði, sem voru látin fylgja heimild um styrk úr þeim sjóði. Yfirleitt hefur lítið komið til, að gætt hafi þessara hafta, sem eru í því fólgin að banna að selja jarðir, sem hafa fengið styrk úr byggingarsjóði, fyrir hærra verð en fasteignamatsverð. Einnig varð að fá leyfi sjóðsstjórnar til þess að selja jörð. Þetta ákvæði mun líka hafa verið lítið eða ekkert haldið við sölu og er þetta því hálfdauður bókstafur og ekki nema til erfiðleika fyrir þá, sem vilja láta jarðirnar af hendi eða selja þær. Því er farið fram á í þessu frv., að þessu ákvæði verði breytt og það fellt niður. Ég get verið fáorður um þetta atriði, því að það hefur verið rætt í hv. d. og hv. þdm. hafa fylgzt vel með því, hvað hér hefur verið rætt.

Ég vil svo að endingu óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 155 og 160).

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég tel, að af hálfu meiri hl. landbn. sé óþarft að fjölyrða mjög um afstöðu til þessa máls. Hér er um að ræða það grundvallaratriði, sem ég þykist vita, að sé nokkur ágreiningur um, hvernig eigi

að líta á og þar með hvernig eigi að taka á þessu frv. Það er mjög keimlíkt máli, sem hefur verið rætt í d. og afgr. frá henni um afnám 17. gr. jarðræktarl., og þau málsrök, sem voru því frv. til stuðnings, eiga að ýmsu leyti við að því er þetta frv. snertir frá sjónarmiði mínu og annarra, sem líta líkt á, og þar til hygg ég megi telja meiri hl. landbn., þó að einn af þremur nm. meiri hl. hafi skrifað undir með fyrirvara, en fyrir þeirri sérstöðu, sem ég vænti, að snerti ekki markmiðið, heldur annað, sem er formlegs eðlis, mun hann sér á parti gera grein nú eða við 3. umr.

Það er meginatriðið hér, að þessar hömlur, sem lagðar eru á fasteignir landsmanna, hvort sem það eru jarðir, og það er um að ræða í 17. gr. jarðræktarl., eða fasteignir í heild eins og um er að ræða, þar sem styrkur hefur verið veittur samkv. ákvæðum byggingar- og landnámssjóðs, þá er þetta álit okkar, að þessar kvaðir hafi fengið þá reynslu að sumu leyti, að þær geti ekki komið í veg fyrir verðhækkun á jörðum, og svo hins vegar það, sem er kannske aðalatriðið, að ef þessi hjálp er yfirleitt veitt til þess að auka kjark og bæta aðstöðu til að bæta jarðir og húsakynni í sveitum, sem meðal annars á að verða til þess að vernda þann stofn, sem sveitirnar eiga heima fyrir, þá sé annaðhvort að gera það eða gera það ekki, og til þess að geta bætt jarðir sínar kvaðalaust, þá eigi ekki að setja því hömlur með annarri hendinni, sem búið er að veita með hinni.

Það var líka svo með þá lagagr. byggingar- og landnámssjóðsl., sem mælir fyrir um þetta, sem er sú 47. í þessum l., að þar er svo ákveðið, að jörð, sem hefur orðið þessara hlunninda aðnjótandi, megi ekki selja hærra en á fasteignamatsverði með nánari ákvæðum, sem þar segir. Ef þetta ætti að varðveitast og haldast í l. til að koma í veg fyrir svonefnda handahófssölu eða brasksölu á fasteignum, þá álít ég, að þetta sé ekki réttlætanlegt til að koma í veg fyrir þess konar handahófssölu og brask, það yrði að taka þar til annarra og almennari ráða en að reyna að fyrirbyggja það með sérstökum takmörkunum, sem settar væru á þær jarðir, sem hefðu notið styrks úr byggingar- og landnámssjóði. Ég get vel skilið afstöðu þeirra hv. þm., — enda hefur hún verið margskýrð og liggur ljós fyrir, — sem halda því fram, að jarðir í landinu eigi að vera eign ríkisins, en ekki einstaklinga, þó að ég skilji enn þá betur, að á því þróunarstigi, sem nú er hér um að ræða hér á landi um meðferð slíkra eignargæða, að það hefur hingað til verið heldur hvatning til aðgerða og starfa, að menn hafi verið á sjálfseign heldur en leiguliðar, en þá reynslu, sem fengin er um þetta, tel ég mikils verða. En þar er annaðhvort að sleppa eða halda, meðan það er viðurkennt, að þessar eignir skuli hafa frjálsan viðskiptarétt á sér. Ég býst við, að þeir blessuðu kaupstaðaborgarar, sem eiga sínar húseignir með hömlulausum lóðaréttindum, mundu syngja mjótt, ef ætti að leggja sams konar hömlur á þær húseignir, sem hefðu notið einhverra hlunninda á einn eða annan veg. Ég vil, að sú varðveizla, sem eignargæðum er yfirleitt veitt, sé samræmanleg til sjávar og sveita og henni sé fylgt og hún útfærð á samræmanlegan hátt.

Ég get í þessu sambandi nefnt t. d., að það er sveitabóndi, sem hefur mjög hlynnt að jörð sinni, aukið hana og eflt, við skulum segja, að það sé ekki einn, heldur tveir bændur, sem hafa mjög líka aðstöðu. Nú eru þeir uppgefnir menn og börnin komin í kaupstaðinn, og þeir eiga ekki annars úrkosta en að koma eignum sínum í peninga og flytja í kaupstaðinn, — því miður er þetta það, sem oft er um að ræða. Við skulum segja, að annar, sem hefur ekki fengið neina hjálp hjá byggingar- og landnámssjóði, geti selt jörð sína, sem virt er á 20 þús., á 40 þús. kr., og þá fær hann það hömlulaust, en hinn, sem hefur jafndýra jörð, verður að láta sér nægja hálfu minna verð, ef hann hefur fengið liðsinni byggingar- og landnámssjóðs. Þetta segi ég til að teikna, lauslega að vísu, en þó á þann hátt, sem gæti átt sér stað, að hér er um herfilegt misrétti að ræða milli tveggja manna, sem eru jafnt að sínum jarðargæðum komnir. Þetta er handahófskennt, hvernig sem á það er litið, og það er þetta handahóf, sem við viljum láta nema burt úr l. og láta þá, sem eiga jarðeignir, njóta sömu ráðstöfunarheimildar með sömu hömlum eða hömlulaust, meðan það stendur. En ef ætlunin er að skerða þennan rétt og koma á öðru eignarvarðveizlukerfi, þá á að gera það gagngert, en þetta, sem nú er, gerir ekkert annað en að skapa handahóf og misrétti um meðferð eignargæða manna, sem kemur fram í þessari takmörkun, sem fyrir liggur um 47. gr. þessara l. Þetta hafa bændur séð, hef ég ástæðu til að ætla, þar sem samþykkt búnaðarþings mun liggja fyrir um það, að þetta skuli ekki lengur haldast í l., og það er hver sínum hnútum og aðstæðum kunnugastur að þessu leyti.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þau ákvæði, sem hér er um að ræða, en það, sem hefur orðið því valdandi, að ég gerðist meðflm. að þessu frv., er sama ástæðan og ég hef tekið fram og var þess valdandi, að ég hef viljað styðja að því, að 17. gr. væri numin úr gildi, en það er, að eignargæðaaðstaða bænda sé samræmd, en þeim sé ekki misjafnað um eignarumráðarétt sinn, heldur séu þeir allir sameiginlega hvattir til að efla eign sína og stöðva þar með að einhverju leyti þá, sem vilja flýja úr sveitinni, en þeim flótta virðist því miður ekki vera lokið enn, og ég vil ætla, að ef breytt yrði til, þá yrði það gert á annan hátt en með þessari handahófsíhlutun, sem hér er um að ræða og okkar till. eiga að fella úr lögum.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég hef ekki getað orðið samferða samnm. mínum í þessu máli. — Ég þarf ekki að tala langt mál til að skýra sérstöðu mína, því að eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, er þetta mál sama eðlis og breyt. á jarðræktarl., sem nú hefur verið hér til umr., og höfuðrökin með og móti að sjálfsögðu þau sömu í báðum málunum.

Ætlunin með þessu frv., sem hér er um að ræða, er sú að fella burt úr l. þær kvaðir, sem 47. gr. l. um byggingar- og landnámssjóð felur í

sér, sem til eru orðnar vegna þess styrks, sem það opinbera hefur lagt til þeirra býla, sem um er að ræða, en þau ákvæði voru sett fyrst og fremst í því skyni að koma í veg fyrir, að hægt sé að selja þessar eignir með langtum hærra verði en þær hafa kostað eiganda. Ég álít, að þetta hafi verið gert í því skyni að sporna við slíkri verðhækkun á fasteignum. Ég álít alrangt að nema nú burt allar slíkar hömlur við að jarðeignir hækki í verði, en setja ekkert í staðinn.

Ég tók eftir, að hv. frsm. meiri hl. sagði, að það mundi syngja í tálknunum á kaupstaðabúum, ef svipaðar kvaðir yrðu lagðar á hús þeirra og nú væru lagðar á þau býli, sem frv. fjallar um. Mig furðar, að hv. frsm. skuli segja þetta. Ég veit ekki annað en að ekki sams konar kvaðir, heldur miklu ríkari, séu lagðar á húseignir í kaupstöðum. Ég veit ekki betur en að almennt sé bannað að selja íbúðir í verkamannabústöðunum eða hús, sem byggð eru samkvæmt þeim l., fyrir hærra verð en þau kosta, þegar búið er að draga það frá, sem er fastákveðið fylgifé, og mér er ekki kunnugt, að ein einasta íbúð í verkamannabústöðunum hafi verið seld án þess að þetta hafi verið gert. Þó er þess að gæta, að styrkur til verkamannabústaða er sama og styrkur sá, sem greiddur er samkv. þessum l., og styrkurinn til verkamannabústaðanna er eingöngu í því falinn að greiða vaxtamismun á lánum, sem veitt eru til byggingarinnar. En samkv. þessum l. er ekki aðeins um greiðslur vaxta að ræða, heldur beinan styrk. En hv. frsm. og þm. Dal. voru í þessu sambandi að halda því fram, að ekkert slíkt ætti sér stað um eignir kaupstaðarbúa eins og þessi l. ákveða. En því fer alls fjarri. Og ég veit ekki betur, hvað verkamannabústaðina snertir, en að þetta ákvæði hafi reynzt botnþétt. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur íbúð hafi verið seld hærra verði en vera ber, þótt verðlag á þeim hafi breytzt mjög mikið. — Ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. og vísa til þess, sem ég hef áður fram borið í sambandi við það. Og ég vil endurtaka það, að ég álít, að það þurfi að færa ákvæði l. í það form, að það nái tilgangi sínum, og það ætti að vera hægt, eins og reynslan sýnir með verkamannabústaðina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Af ræðu hv. frsm. meiri hl. er það ljóst, að hann fylgir þessu frv. einungis vegna þess, að hann misskilur það, ef taka á orð hans alvarlega viðkomandi dæmi því, sem hann tók. Hann tók sem dæmi tvær jarðir, þar sem önnur hafði ekki fengið styrk og þá var hægt að selja hana fyrir fullt verð, en hina taldi hann, að yrði að selja samkv. fasteignamati, ef þetta ákvæði verður ekki fellt burtu úr l. En það er misskilningur, að þetta ákvæði hljóði upp á það, að ekki megi selja eða leigja þessa jörð hærra verði en fasteignamat leyfir eða að l. yfirleitt ákveði nokkuð um það. Ákvæðið í l. hljóðar aðeins upp á það, að ef fasteignin er seld eða leigð hærra en fasteignamat hljóðar upp á, þá falli lánið í gjalddaga fyrirvaralaust. Ég get fullvissað hv. frsm. meiri hl. og hv. þm. Dal. um, að það ber enga brýna nauðsyn til að fella þessa gr. niður úr l. Það er alveg frjálst fyrir hvern sem er að selja jörð sína á hvaða verði sem hann vill. Það eina, sem hann þarf að gera, er að endurgreiða lánið. Það er engin nauðsyn að afnema þetta ákvæði, þótt 17. gr. hafi verið numin úr gildi. Mér er persónulega kunnugt um, að það eru ýmsar jarðir, sem seldar hafa verið miklu hærra verði en l. leyfa. Viðkomandi hefur sem sé tekið þann kostinn að selja jörðina á frjálsum markaði og endurgreiða lánið. Og ég sé ekki ástæðu til að gera upp á milli manna, þótt 17. gr. hafi verið felld úr gildi. Ef viðkomandi getur selt jörðina með ágóða, er hann ekkert of góður að endurgreiða ríkinu aftur lánið, sem hann fékk til að byggja upp jörðina. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessu frv.

Ég sé enga ástæðu til þess, að ríkissjóður fari að gefa þessum mönnum fé vegna þess, að þeir komust í þá aðstöðu, að byggingarnar eru orðnar margfalt meira virði en þær voru á þeim tíma, sem fénu var varið til þeirra.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég sé, að hv. 1. þm. N.-M., sem hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, er ekki staddur hér. Ég býst við, að hann ætli að geyma að bera fram brtt., ef hann ætlar að gera það. Þar sem svo stendur á, get ég fallizt á að láta það, sem hreyft hefur verið hér til andmæla, liggja niðri, þangað til það verður endurrætt við 3. umr.

Eins og hv. frsm. minni hl. taldi þetta misskilning hjá mér, eins tel ég vera um misskilning að ræða hjá honum. Hann taldi þessa reglu einnig ná til takmarkana á sölu verkamannabústaða í Reykjavík. En þess ber að gæta, að fasteignamat Reykjavíkur er allt öðrum reglum háð að þessu leyti. Og það er eitt, hvaða styrkur er veittur til bygginga verkamannabústaða, og annað, hvað er veitt til bygginga samkv. l. um byggingar- og landnámssjóð. Það er matsatriði, hvernig menn líta á þá hluti.

Það er óþarfi að svara hv. þm. Barð. Hv. þm. er nokkuð óvær orðinn, og hann hefur sínar lagaskýringar, en það hef ég líka og það heilan lagabálk. Ég veit um endurgreiðsluréttinn á styrknum. En ég vil mælast til, að hv. þm. athugi það, hvort honum finnst rétt, að það sé tekið með annarri hendinni, sem er búið að gefa með hinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð. Það kom fram hjá hv. þm. Barð., að því er mér skildist, að hann hefur ekki skoðað þetta mál nægilega niður í kjölinn. Það, sem við, sem flytjum þetta frv., viljum fá afnumið með afnámi þessarar gr., er, að sá, sem fengið hefur styrk samkv. byggingarl., hefur engan rétt til að selja fasteignina nema með leyfi sjóðsstjórnar, og hann hefur ekki leyfi til að selja hana nema eftir fasteignamati að viðbættu því, sem jörðin hefur hækkað við millimat. Þess vegna lítur nýbýlasjóðsstjórnin alltaf eftir því, að jörðin sé ekki seld hærra en fasteignamat ákveður, og hún hefur líka leyfi til að banna að selja hana.

Ég held því, að ef þetta mál er athugað, þá

sjái menn, að þetta muni geta betur farið, og mig langar til að æskja þess, að minn ágæti sessunautur, hv. þm. Barð., athugi þetta betur og greiði atkv. með frv. nú til 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. Dal., að afstaða mín til málsins byggist á því, að ég hafi ekki kynnt mér frvgr. Mér er þetta mál svo vel kunnugt, að ég þekki dæmi þessu viðkomandi úr lífinu undanfarin ár. Mér er kunnugt um það, að sótt hefur verið til stjórnar nýbýlasjóðs, þar sem formaður Búnaðarfélagsins er alls ráðandi, um að fá að selja jarðir, sem heyra undir þetta ákvæði. Sjóðsstjórnin hefur ekki haft neitt við það að athuga, ef seljandi endurgreiddi styrkinn. Og samkv. 1. getur hún ekki haft neitt við það að athuga.

Það er sérstök lagaskýring, sem hv. þm. Dal. leggur í þessa gr. frv. En honum er kunnugt um það eins og mér, að þess vegna eru málafærslumenn og lögfræðingar, að menn skilja l. á mismunandi hátt. Það hefur aldrei verið neitað um söluleyfi, ef styrkur hefur verið greiddur og salan verið hærri en fasteignamat. Þetta er þungamiðja þessa máls. — Í þessu sambandi vildi ég benda á, að til eru mýmörg dæmi um það, að menn hafa látið jarðir falla í eyði 1—2 ár til þess að geta svo fengið styrk, sem mun nema allt að 3500 kr. um jarðir, sem liggja við kaupstaði, t. d. Skagaströnd og víðar. Ein jörð var látin falla í eyði í Suðurfjarðahreppi, og maðurinn fluttist inn í kauptúnið, en ræktaði jörðina og lét öll hús falla, sem sagt nýtti jörðina þannig, að hann hafði upp úr henni mikla peninga. Síðan byggði hann þarna stórt hús og fékk til þess 3000 kr. í styrk og 3500 kr. lán. Nú mundi jörðin leggja sig á 70—80 þúsund kr. að minnsta kosti. Ég sé því enga ástæðu til þess, að menn endurgreiði ekki styrkinn nú, ef þeir selja eða leigja jarðirnar. Ég held því fast við það, sem ég hef sagt, og skora á hv. þdm. að fella frv. eins og það liggur hér fyrir.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég vil taka það fram viðkomandi því, sem hv. þm. Barð. sagði nú, að ég get ómögulega fellt mig við það að álíta, að það sé í þessum l. ákvæði, sem hindri það, að stjórn byggingar- og landnámssjóðs geti tekið í taumana, ef henni sýnist svo. Það er 3. málsgr. 47. gr., sem fjallar um þetta. Þar stendur, að ef jörðin er seld eða leigð hærra verði en hér um ræðir, þá falli í gjalddaga það, sem fram hefur verið lagt, eins og málsgr. segir til um. En það stendur ekkert í l. um, að stjórn sjóðsins hafi ekki rétt til að taka í taumana, ef henni sýnist svo. En auðvitað er svo hverjum leyfilegt að draga þær ályktanir af þessu, sem honum sýnist. Það er annað mál, en rétt skal vera rétt.

ATKVGR.
Brtt. 155 (ný 1. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BBen, EE, HermJ, IngP.
nei: GJ, HG, StgrA.
5 þm. (BSt, BrB, GÍG, JJ, KA) fjarstaddir.

Á 34. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 185, 219).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 219. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 219 tvær brtt. Fyrri till. er um það, að 30. gr. í l. um byggingar- og landnámssjóð falli niður, en sú síðari er á þá leið, að aftan við 2. gr. frv. bætist, að fylgifé hvers býlis, sem hefur orðið til vegna ákvæða þeirra, sem felld eru úr gildi með l. þessum, verði kvaðalaus eign eiganda býlisins. Mér finnst eðlilegt, að þessi ákvæði öll verði samferða, og skal ég geta þess, að ég hef auk þess þann óbeina tilgang með því að bera fram þessa brtt., að því fleiri sem felld eru burtu af svona ákvæðum, því brýnni verður nauðsynin á að hraða því að setja ný og betri og fullkomnari ákvæði í staðinn. — Skal ég svo ekki rökræða þetta meira að svo komnu.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi aðeins segja það, að ég tel frekar litlu máli skipta fyrri brtt. hv. 1. þm. N.-M. Ég hef þó ekki hugsað mér að svo stöddu að berjast á móti því, að þessi brtt. nái samþykki, en læt skeika að sköpuðu, hvernig það fer. En hitt vil ég minna hv. þm. á, að ég sé nú, að hann er kominn á þá skoðun, sem ég hef haft um afnám þessara illræmdu laga. Hann lítur auðsjáanlega þannig á, að um leið og þau l. eru úr gildi numin, hverfa allar þær kvaðir, sem þau l. hafa áður verið búin að leggja á fasteignirnar. Ég vil taka það skýrt fram hér, hvaða skilning ég legg í þetta, og ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. N.-M. hafi þar sömu skoðun, svo að ekki sé um það að villast, hvað er álit þingsins í þessum efnum. Það er þetta, að um leið og framlag ríkisvaldsins til sveitabýla er numið úr gildi, þá hafa og um leið verið afnumin öll þau höft, sem þau l. lögðu á fasteignir í landinu.

Þetta vildi ég benda á, til þess að ekki verði misskilningur um það, hvernig þetta mál horfir við.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Þar sem svo er ástatt, að n. sú, hv. landbn., sem hefur frv. þetta til athugunar, hefur nú skilað álitsgerð og ekki átt þess kost að ræða þessa brtt. hv. 1. þm. N.-M., vil ég mælast til þess við hæstv. forseta og þm., að n. sé gefinn kostur á að kynna sér og ræða þessa brtt., áður en tekin er endanleg afstaða til málsins, og verði það því tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Ég vil aðeins segja hér örfá orð í sambandi við brtt. á þskj. 219, frá hv. 1. þm. N.-M. Till. þessi hefur verið athuguð í n., og komst hún að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða að mæla gegn till., en hins vegar hefur hver nm. frjálsar og óbundnar hendur um atkvgr.

ATKVGR.
Brtt. 219,1 samþ. með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BSt, EE, GJ, IngP.
nei: GÍG, HG, KA, StgrA.
LJóh, ÞÞ greiddu ekki atkv.
6 þm. (MJ, PM, BBen, BrB, HermJ, JJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Mér virðist brtt. þessi eðlileg, eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á l. þessum, sérstaklega með tilliti til styrkja og endurgreiðslu, og segi því já

Brtt. 219,2 samþ. með 6 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 7:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 263).
Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 263, n. 405).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur gengið í gegnum Ed. og kemur nú frá landbn. Nd. N. hefur ekki orðið sammála. Við 3 nm. viljum samþykkja frv. óbreytt, en 2. nm. ekki. — Hér er farið fram á að afnema þær kvaðir á eignarrétti jarðeigna, sem felast í 30. og 47. gr. byggingar- og landnámssjóðsl., í tilefni af styrkveitingum og lánum til bygginga og nýbýlamyndunar. Deilan um þetta mál hefur verið bendluð við 17. gr. jarðræktarl. Við, sem höfum verið andvígir þeirri gr., hyggjum, að þessar gr. í þessu frv. ættu einnig að falla niður, og ætti að geta orðið samkomulag við þá menn, sem vildu afnema 17. gr. jarðræktarl. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég vænti þess, að hv. þm. hafi gert sér ljóst frv. og hvort þeir eru með eða móti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SK, SÞ, SkG, SvbH, BK, EystJ, GSv, GTh, HB.
nei: LJós, PZ, STh, StJSt, ÞB, EOl, FJ, BG.
10 þm. (JJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, GÞ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 16:3 atkv.
3. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

---

43. Girðingar kringum hveri og laugar.

Á 11. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um girðingar kringum hveri og laugar (þmfrv., A. 41).

Á 14. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Á þskj. 41 hef ég leyft mér að flytja frv. um girðingar kringum hveri og laugar, þar sem eigendum er skylt að girða af hveri og þær laugar, sem hafa yfir 50 gráðu hitastig eða þar yfir. Frv. er ekki fyrirferðarmikið, og í grg., sem fylgir, held ég, að tekið sé fram allt, sem um það þarf að segja. Öllum er ljóst, að svo eru vítin að varast þau, og mörg slys og það dauðaslys hafa orðið fyrir það, að fólk hefur fallið í hveri, auk þess sem fjöldi af skepnum hefur skaðbrennt sig í þessum uppsprettum, og er ekki vansalaust, að það skuli vera látið viðgangast eins og gert hefur verið hingað til.
Ég ætla ekki að hafa lengri framsögu um þetta, en leyfi mér að óska eftir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að girða kringum hveri og laugar, sem eru 50 stig eða heitari. Ég hef því miður ekki í höndum gögn um, hvað víða á landinu þetta mundi vera, en rannsóknaráð ríkisins mun nú í sumar hafa rannsakað þetta allýtarlega. Ég var í gær að renna huganum yfir landið og mundi fljótlega eftir yfir 200 stöðum, þar sem heitar laugar eru. Mér varð þá ljóst, að margir af þessum stöðum liggja þannig, að engu kvik-

indi stafar hætta frá þeim, þær eru uppi á öræfum og óbyggðum, sumar þar sem skepnur koma hér um bil aldrei. Þess vegna hygg ég, að ekki sé fært að samþ. frv. í þeirri mynd, sem það hefur nú. Það er algerlega óþarft og kemur ekki til mála að fara að girða þær heitar laugar, sem eru uppi í óbyggðum og engum stafar hætta af, enda mundi enginn fara þangað árlega til að líta eftir, hvort girðingarnar héldu sér. Ég gæti trúað, að ef gera ætti ráðstafanir sem þessar, af því að þær teldust nauðsynlegar, á þeim stöðum, sem umferð er veruleg, þá verði aðalvandinn að greina á milli, hvar þess sé þörf og hvar ekki. Víða þarf ekki neina girðingu, t. d. er lengst inni við jökulrætur í Austur-Skaftafellssýslu heit laug í eyðihrauni, þar sem aldrei kemur skepna. Hvaða ástæða er til að girða hana? Í Reykjanesfjallgarði eru laugar hér og þar og þangað koma skíðamenn og menn á skemmtigöngu. Á Vestfjörðum eru sömuleiðis laugar, sem engin hætta er á, að menn komi að, svo að þeir taki skaða af. Yfirleitt er þörf á aðila, sem skeri úr, hvar þörf sé að girða og hvar ekki, og til eru nokkrir staðir, sem vafi leikur á, hver eigi og hverjum bæri skylda til að girða um. (*PO:* Hver á að girða Hveravelli?). Já, hver á að girða um þá, og þar er þó fremur þörf að girða en sums staðar annars staðar, því að þeir eru þó í alfaraleið, þó fáförult sé. Ég hygg, að rannsóknaráð ríkisins, sem nú í tvö sumur hefur látið rannsaka hitasvæði í landinu, sitji inni með bezta þekkingu á hitasvæðunum og sé því helzt dómbært um, hvaða hveri þarf að afgirða og um hvaða hveri sé engin þörf á að girða.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Ég skal ekki lengja mikið umr.

Það er lítil ástæða til að hræða menn með kostnaðinum, en vitanlega hlytu þessar girðingar að kosta eitthvað.

Ef það er rétt, að af hverum og heitum laugum stafar stórhætta, sem ekki sé rétt að láta afskiptalausa, þá á ekki að horfa í kostnaðinn. Líka má taka það til greina, að margir hverir eru notaðir í opinbera þágu og einstaklinga, svo að það margborgar sig að eiga þá, þó að gengið sé svo frá þeim, að hvorki mönnum né skepnum stafi hætta af.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 53., 55. og 64. fundi í Nd., 14. og 17. des., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 41, n. 327).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af hv. þm. Ak. og heitir það: Frv. til l. um girðingar kringum hveri og laugar. Efni þess er um það, að skylda skuli eigendur hvera og lauga að afgirða þessa staði og gera það þannig, að hvorki mönnum né skepnum stafi hætta af heita vatninu. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er fram komið, er sú, að nokkrum sinnum hafa hlotizt alvarleg slys vegna þess, að menn og unglingar hafa skaðbrennt sig og jafnvel hlotið bana af í hverum og laugum, sem ekki hafa verið afgirt. Þessu máli var vísað til allshn. og hefur hún athugað það og fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um þetta efni vegna slysa, sem orðið hafa, og slysahættu framvegis. N. leggur til, að örlitlar breyt. verði gerðar á frv., og eru þær á þskj. 327. Frv. gerir ráð fyrir, að allir hverir og laugar, sem væru 50 gráðu heitar og þar yfir, skyldu vera girðingarskyldar. N. taldi ekki ástæðu til að láta þessi ákvæði ná lengra en til hvera og lauga, sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af. Aðra hveri og laugar sá n. ekki ástæðu til að skylda menn til að girða. Í öðru lagi er um orðalagsbreyt. að ræða. Í frv. stendur: „Skal girðingin vera svo traust, að hvorki mönnum né skepnum geti stafað hætta af hinu heita vatni.“ Þessu var breytt þannig: „.... að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu ....“ Skepnum stafar ekki hætta af þessu, þær forðast hveri svo, að varla eru til dæmi þess, að tjón hafi orðið á skepnum af þessum sökum. — Þá eru sett ákvæði um það, að sveitarstjórnir skuli meta það, hvort hverir séu svo nærri byggð, að mönnum stafi hætta af fyrir líf og limu. Við 2. gr. bætist ákvæði, þar sem það er skýrt tekið fram, að girðingarskylda hvíli á eiganda hvers og laugar.

Allshn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég nú hef lýst.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls gat ég þess, að frv., eins og það þá lá fyrir, þyrfti breyt. við. Ég benti á, að margir hverir og laugar væru fjarri öllum mannabyggðum og allri almennri umferð og engin þörf væri á því að girða í kringum þær. Nú sé ég, að hv. n. hefur tekið tillit til þessarar aths. minnar. En samhliða því, sem hún hefur gert það, hefur hún skemmt frv. svo, að það er nú einskis virði. Það er sett í 1. gr. frv., að skylda sé að girða kringum hveri og laugar, en ekki er þar einn stafur um það, hver eigi að sjá um, að það sé gert. Sveitarstjórnir eiga að dæma um það, hvaða laugar það eru, sem þörf sé að girða af þeim, sem í byggð eru. En hver er það, sem á að biðja sveitarstjórn um að dæma um það? Á hún að taka það upp hjá sjálfri sér? Ef sveitarstjórn tekur þetta þó upp hjá sjálfri sér og segir eiganda að girða hverinn, en eigandi segir nei, þá skilst mér, að við það muni sitja, því að engar sektir liggja við slíku. Frv. hefur því stórversnað, því að áður var í frv. ákvæði um, að lögreglustjóri héraðsins léti í slíkum tilfellum girða á kostnað eiganda. (*GTh:* Það ákvæði stendur enn). Ef svo er, þá er það að vísu stór bót. En hver á að biðja um úrskurð hreppsnefndar um, hvaða hveri skuli girða og hverja ekki? Nú er það gefinn hlutur, að niðri í byggð eru margir hverir, sem engum dytti í hug að biðja um að girða í kringum. Í slíkum tilfellum vantar einhvern aðila til að taka það

mál upp frá fyrsta grundvelli og láta ákveða það. Náttúrlega gætu hreppsnefndir í hverjum hreppi búið út lista yfir alla hveri og laugar í sínum hreppi og flokkað þær eftir því, hvort þurfi að girða þær eða ekki. En ég held, að annar aðili sé betri, bæði vegna þess, að hreppsnefndir eru svo margar, og hjá þeim geta komið ýmiss konar sjónarmið til greina vegna kunningsskapar og þess háttar. Það er sá aðili, sem hefur skrá yfir alla heita hveri og laugar og veit, hvar þær liggja, það er rannsóknaráð ríkisins. Ég er ekki viss um nema betra væri að láta einn aðila hafa þetta með höndum, þótt ég sé ekki á móti, að hreppsnefndir hafi þetta líka, en þá þurfa þær að semja skýrslu um málið. Ég legg sem sagt áherzlu á það, að þannig verði gengið frá, að frv. verði að gagni.

Sigurður E. Hlíðar: Ég sé ekki, að þetta frv. þurfi að sæta löngum umræðum. Það hefur fengið ýmsar leiðréttingar frá allshn., og þakka ég n. fyrir þær.

Mér finnst ekki þurfa neina gagnrýni, það liggur ljóst fyrir, hvað fyrir mér vakir með frv., en það er, að girt verði af hættuleg hvera- og laugasvæði til að forða því, að menn og skepnur verði fyrir slysi af þess völdum, eins og oft hefur komið fyrir.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Ég vil gera örfáar aths. út af ræðu hv. 2. þm. N.-M. Hann sagði, að allshn. hefði stórskemmt frv. Hann mun eiga þar við 2. gr., að hún var felld niður. En þessi ályktun hv. þm. mun vera á misskilningi byggð. — Hann spyr, hver eigi að hafa frumkvæðið að því, sem gera þarf. Mér virðist, að það eigi að vera sveitarstjórnir, en lögreglustjóri eigi að bera ábyrgðina.

Um hina aths. hv. 2. þm. N.-M., að það sé heppilegt að láta rannsóknaráð ríkisins hafa umsjón með þessu, það get ég vel fallizt á, að sé gott, og ég vænti, að hægt sé að koma því inn í frv. fyrir 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Mér skilst, að rétt sé að bæta við 1. gr. frv. svo hljóðandi: Hreppsnefndir verði látnar gera skrá yfir hveri og laugar í hreppnum. — Ég ætla ekki núna að koma með brtt., en tel nauðsyn, að þetta verði ákveðið áður en frv. er afgr., og vona, að allshn. taki þetta til athugunar.

ATKVGR.

Brtt. 327,1 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

— 327,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, og 3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 14. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 403).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Allshn. flytur brtt. við þetta frv., sem því miður er ekki komin úr prentun enn þá, en það er hægt og líklega rétt að leggja hana fram skriflega. Brtt. sú, sem allshn. hefur orðið ásátt um að flytja við þetta mál, er við 1. gr. frv., að aftan við gr. komi ný málsgr.: „Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum.“ Það komu fram raddir um það hér, síðast þegar málið var til umr., að ekki væri nógu skýrt fram tekið í frv., hver ætti að hafa frumkvæðið í þessu efni, þó að allshn. þætti það koma nógu skýrt fram í frv., að sveitarstjórn ætti að hefjast handa um þetta og lögreglustjóri ætti að hafa eftirlit um þetta og annast framkvæmd, ef hún drægist um of. — Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) var með brtt., sem hann lét n. í té, og er aðalefni hennar tekið upp með brtt. n. Hins vegar þótti n. ekki fært að ákveða, að þessu skyldi lokið svo snemma, að þetta yrði lagt fram á manntalsþingi nú í ár. Það er allt of skammur frestur.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifl. brtt., sem hv. þdm. hafa heyrt. Ég ber það undir hæstv. ráðh. og atkv. hv. dm., hvort leyfð skuli afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 420) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Brtt. sú, sem hér hefur verið lýst, er vafalaust til bóta á þessu frv. En ég vildi aðeins, að það kæmi fram í þessum umr., sem beinlínis er ekki tekið fram í frv. og ekki heldur í þessari brtt., sem hér liggur fyrir, að það er vitanlega sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem hverir og laugar eru í á hverjum stað, sem á að skera hér úr, og ég vildi gjarnan, að hv. frsm. vildi staðfesta það, svo að það taki af allan vafa um það, að sveitarstjórnir færu ekki að skerast í málefni annarra sveitarstjórna um þessi atriði.

Annað atriði er hér, sem ég vildi vekja athygli á, að í niðurlagi 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.“ Hins vegar er þess ekki getið, hvaða aðili á að skera úr um það, hvort girðing, sem upp er sett, sé svo traust, að þessum tiltekna tilgangi sé náð, sem í frv. getur. Ég held, að það væri miklu réttara að láta það koma skýrt fram í frv., hvaða aðili það á að vera, sem metur styrkleika þessara girðinga, sem hér um ræðir, hvort þær séu nógu traustar, því að við þekkjum það, að svo ákaflega erfitt sem það er að girða svo, að aldrei komi fyrir, að búpeningur, bæði sauðfé og stórgripir, komist í gegn, er þó sýnu erfiðara að girða þannig fyrir mannfólkið, að það geti ekki komizt yfir girðingar — það er mjög alþekkt fyrirbrigði. Þess vegna gæti það vel hent sig, að þrátt fyrir það að búið væri að girða á einhverjum stað, þá gætu slys viljað til, eftir sem áður, á mönnum. Skilst mér því, að réttara væri að ákveða í þessum l., hvaða aðili það á að vera, sem ákveður í hverju tilfelli, hvort girðing er

svo traust, að þessum tilgangi verði náð, sem ná á með þessum l. Ég vil skjóta því til hv. n., hvort ekki er rétt að setja ákvæði um þetta í frv., því að það, sem hér er ákveðið, að sveitarstjórnir skeri úr um, er aðeins að ákveða, hvaða hverir og laugar teljast svo hættuleg, að setja þurfi girðingar þar í kring.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég get samkv. ósk hv. þm. Borgf. tekið fram, að tilgangurinn er vitaskuld sá, að það sé sveitarstjórn, þar sem hverinn eða laugin er, sem framkvæmir þetta mat, og ég tel ekki þörf á að breyta frv. til þess að gera það skýrara. — Að því er það snertir, hver eigi að skera úr um það, hvort girðing, sem sett er eftir þessum l., ef frv. verður samþ., er nógu traust, þá vil ég álíta, að það sé lögreglustjóri, sem sker endanlega úr um það, hvort slík girðing er nógu traust, því að það segir svo í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri láta setja þær upp á kostnað eigenda. ....“ Mér virðist það því koma nægilega skýrt fram í frv., að það er þó ákveðinn aðili, sem um þetta á að fjalla.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég get ekki alveg gengið inn á það með hv. frsm. allshn., að þessi skýring sé einhlít, af því að þessi aðili kemur því aðeins til, að vanræksla verði á framkvæmd hjá þeim, sem skylda hvílir á um að setja upp þessar girðingar. Og ég býst við, að það verði aðeins undantekningar, að lögreglustjóri þurfi þannig að skerast í málin, heldur verði hlutaðeigendur við því, sem í þessum l. verður ákveðið, og setji girðingar kringum hveri og laugar, sem sveitarstjórnir álíta nauðsynlegt að setja girðingar í kringum. Þess vegna álít ég, að réttara sé að setja ákvæði um þetta, sem ég hef greint, og mætti það þá vera sveitarstjórn, sem ákveður bæði um þörfina á að setja upp girðingar þessar og líka, hvernig þær skuli vera úr garði gerðar, til þess að þessum tilgangi, sem í frv. getur, verði náð. Ég veit, að hv. frsm. er enga stund að bera fram brtt. til þess að koma þessu svona fyrir, því að ég álít undir öllum kringumstæðum öruggara að hafa þennan háttinn á.

Garðar Þorsteinsson: Það er eitt, sem ég veit ekki, hvort hv. þm. Borgf. hefur gert sér ljóst, og ég vil benda hv. þm. á, að ég hef það eftir manni, sem mun nú um tíma hafa verið mesti dýravinur þessa lands, Jón heitinn Pálsson, að hann vissi ekki dæmi þess, að fé eða skepnur yfirleitt hefðu farið í heita hveri eða laugar. Hvort þefurinn, sem hverinn gefur frá sér, eða eitthvað annað, aðvarar dýrin, veit ég ekki. Styrkleiki girðinganna þarf því ekki að miðast við annað en það, að þær séu nægileg aðvörun fyrir menn. Til þess ætti að nægja einn strengur, nema þar sem börn geta komið nálægt. Þar þurfa strengirnir að vera fleiri. Ég tel því ástæðulaust að miða girðingarnar við það, að skepnur geti ekki komizt undir eða yfir þær. — Ég vildi aðeins láta þetta álit mitt koma hér fram, en eins og hv. frsm. n. sagði, er það í höndum lögreglustjóra að ákveða þetta.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Ég lít svo á, að lögreglustjóraeftirlitið taki bæði til þess, hvort girðingar eru gerðar kringum hveri og laugar, og einnig til þess, hvort girðingarnar, sem reistar eru, eru nægilega traustar. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. Borgf., að það getur verið hagkvæmara, að sveitarstjórnir kveði einnig á um gerð girðinganna um leið og þær gera skrá yfir hverina. Ég mun því hér með flytja viðbótarbrtt. við þessa brtt., og hef ég ekki getað borið hana undir n. Legg ég til, að á eftir brtt., „Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum,“ komi þessi viðbót: Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga. — Og er þá komið nálægt hugsunarhætti hv. þm. (*PO:* Þetta tel ég nægilegt).

Forseti (BG): Hv. þd. hefur hlýtt á upplestur brtt. við brtt., sem áður var lesin upp. Ég mun nú leita leyfis hæstv. ríkisstj. og atkv. hv. dm. um þau afbrigði frá þingsköpum, að hin nýja skrifl. brtt. megi koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 423) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 423 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 420, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 15. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 424).

Á 66. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 430).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta. Það er búið að fara í gegnum Nd. og hefur lítið verið breytt, eða a. m. k. er það komið hingað til Ed. með einni lítils háttar breyt.

Í 2. gr. frv. stendur: „Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.“ N. áleit, að frestur þessi ætti ekki að vera miðaður við gildistöku laganna, heldur aðvörun af hreppstjóra. Verið getur, að nokkuð sé liðið á frest þann, sem tiltekinn er í frv., áður en hlutaðeiganda berst ákvörðun sveitarstjórnar, svo að tæplega sé nægur tími til að koma upp girðingunum. N. þótti því rétt að miða frestinn við það, hvenær landeiganda berst tilkynning hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Um efni frv. er ekki ástæða að fjölyrða. Til-

gangur þess er að koma í veg fyrir slys, en þess munu mörg dæmi, að slys hafi orðið af þessum sökum.

Ég vil fyrir hönd allshn. mælast til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem nál. ber með sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 430 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 447).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 488).

44. Lax- og silungsveiði.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði* (þmfrv., A. 400).

Á 66. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta er smámál, og þarf því ekki langa grg. með því. Í laxveiðil. er svo fyrir mælt, að til þess að koma á fót fiskiræktarfélagi, þurfi að vera búið að koma í fiskihverfi, en það eru allar sveitir og ár, sem liggja að sama vatnahverfi. Skagafjörður er eitt fiskihverfi. Reynslan hefur orðið sú, að þar hefur reynzt árangurslaust að stofna fiskiræktarfélag, vegna þess að ekki hefur fengizt nógu sterkur meiri hluti. Vitanlegt er, að bergvötnin, sem undir það falla, liggja undir uppþurrkun fiskjar. Ábúendum við þessar ár er umhugað um að fá þær friðaðar með lagabreyt. Ég hef borið þetta frv. undir veiðimálanefnd, og mælir hún eindregið með því, að þetta sé gert.

Ég vænti þess svo, að frv. gangi greiðlega í gegnum hv. deild, og óska, að því verði vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 422).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Landbn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Ég hef áður gert grein fyrir frv., en það er mjög óbrotið. Nefndin og menn, sem kunnugleika hafa á þessu máli, leggja til, að það verði afgr. óbreytt.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 70. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 477).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að efni til aðallega um það, að ef ekki verði samkomulag í fiskihverfi um að stofna þar fiskiræktarfélag og tilraun til þess hefur verið felld, þá hafi samt sem áður eigendur árinnar, einn eða fleiri, eða fiskifarvegar hennar til sjávar, rétt, þegar þannig stendur á, til þess út af fyrir sig að stofna fiskiræktarfélög fyrir þau fallvötn, sem þeir ráða yfir. En því aðeins leyfist þetta, að það sé hætta á, að það rýrni eða hverfi fiskigengd í þeim fallvötnum, sem friða á. Einnig er þessi heimild bundin því skilyrði, að veiðimálanefnd veiti samþykki sitt til þess, að slík félög séu stofnuð, þegar þannig stendur á.

Þetta frv. hefur verið borið fram í hv. Nd. Og 4. þ. mán. hefur veiðimálanefnd lýst yfir, að hún legði til, að breyt. væru gerðar á l. um lax- og silungsveiði í þessa átt. Landbn. hv. Nd. hefur öll verið sammála um, að þetta frv. ætti að samþ., og mun frv. hafa verið samþ. mótatkvæðalaust í hv. Nd. — Hér í hv. Ed. hefur landbn. orðið einhuga um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. án breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 508).

---

45. Eyðing svartbaks.

Á 38. fundi í Ed., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu svartbaks (þmfrv., A. 224).

Á 41. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera orðmargur um þetta frv. Fyrir 2 árum lá fyrir sams konar frv. um framlengingu á lögum um eyðingu svartbaks. Reynsla tveggja ára sýndi nauðsyn þessa, þar sem augljóst var, að þetta hafði haft mikil áhrif og æðarvarp hafði aukizt mikið, en áður var svo komið, að ungi sást varla orðið í mestu varpeyjunum. En þar sem l. hefur verið beitt, hefur orðið mikil breyting til batnaðar, þar sem ég þekki til bæði í Dala- og Barðastrandarsýslu. Kostnaðurinn við þetta hvíldi að nokkru leyti á sýslusjóði og nokkru leyti á ríkissjóði, og hafa sýslunefndirnar ekki kvartað undan kvöðum, sem af þessu leiddu, en það sýnir, að þeir telja frv. til bóta fyrir samhérunga sína, sem vilja koma sér upp varpi.
Þetta er einn alskemmtilegasti atvinnuvegur hér á landi, vegna þess að hér er fuglinn ekki alinn upp í þeim tilgangi að drepa hann að einu ári liðnu, heldur til þess að gera hann að skemmtilegu húsdýri. Í þeim tilgangi hafa menn laðað fuglinn að sér, heim í gluggagættir húsa sinna og strokið honum sem hverju öðru húsdýri. En fuglinn hefur tekið það sem sína öruggu vernd.
Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Ed., 11. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 224, n. 287).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Í grg. fyrir þessu frv. og í þeim orðum, sem ég sagði um það við 1. umr., er í raun og veru falið það, sem nauðsynlegt er að segja um það í þessari d. Hv. þdm. eru svo kunnugir þessu máli, að það þarf ekki að skýra það frekar. Hér er aðeins um að ræða framlengingu laga, sem hafa reynzt allvel að þeirra dómi, sem reynt hafa. Það er ekki farið fram á, að það verði lengri en þriggja ára tími, sem þau verða framlengd, svo að þetta er bráðabirgðaráðstöfun. Landbnm., sem viðstaddir voru, þegar málið var afgr. frá n., voru sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. — Ég sé svo ekki ástæðu til að tefja hér með langri ræðu, þar sem mörg mál eru á dagskrá, sem þarf að afgreiða, auk þess sem það yrði að nokkru leyti ekki annað en endurtekning á því, sem ég hef áður sagt um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 224, n. 484).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur fengið til meðferðar þetta mál, sem er komið frá hv. Ed. og hafði verið samþ. þar óbreytt, og afgr. n. það á fundi sínum. En á þeim fundi voru tveir hv. nefndarmenn fjarverandi, þannig að það eru ekki nema þrír þm., sem standa að þessu nál. Er mér ekki kunnugt um afstöðu hinna tveggja nefndarmannanna. En meiri hl. n., sem málið afgreiddi, leggur eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed. Og ég hygg, að það muni vera reynslan yfirleitt, að sú löggjöf, sem hér er um að ræða, hafi komið að töluverðu liði um að útrýma eða eyða þessum vágesti í varplöndum, sem svartbakurinn er. Tel ég, að rétt sé að

halda þessu ákvæði í l. enn um skeið. — Að svo mæltu legg ég málið fyrir hv. þd.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 14:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 81. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 521).

---

46. Raforkulög.

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til raforkulaga (þmfrv., A. 72).

Á 26. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af meiri hl. iðnn. að beiðni samgmrh. Þó áskilja þessir menn sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Fimmti nm., 1. þm. Skagf. (SÞ), sá sér ekki fært að taka þátt í flutningi málsins.

Lagasetning um mál það, sem hér um ræðir, á sér ekki langa sögu, sem ekki er von á. Það var fyrst árið 1915, að sett voru hér á landi l. um rafveitur. Í þeim l. var sveitarfélögunum gefinn einkaréttur til þess að veita rafmagni um sveitirnar. Enn fremur voru landeigendur skyldaðir til þess að leyfa hvers konar raforkuver í landi sínu, ef nauðsyn bæri til. Næsta skrefið, sem stigið var í þessu máli, er vatnal. frá 1923, sem voru mikill lagabálkur, og felldu þau helztu ákvæði raforkul. og þá fyrst og fremst l. frá 1915 úr gildi, því að þau slógu því föstu, að landeigendur eigi vatnsréttinn, en ríkið fær nú rétt til að taka sérstök fallvötn landnámi, til þess að vinna úr orku til heimilisþarfa, ef nauðsyn þykir til þess að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði. Enn fremur var ráðh. með þeim l. veittur réttur til þess að framselja þennan rétt áfram til héraðsstjórnanna. Enn fremur voru ákvæði í vatnal., þar sem eigendum þeirra landa, sem nota orku, er heimilað að mynda með sér félag og beita sér fyrir orkuframkvæmdum að fengnu leyfi ráðh. Þetta ákvæði hefur sýnt sig að vera óheppilegt, þar sem það hefur aldrei komið til nota. Næsta skrefið í þessari lagasetningu eru l. frá 1925 um vatnsorku. Með þeim er takmarkaður vatnsréttur landeigenda til virkjunar, þannig að þeim er ekki heimilað að virkja fallvatn án þess að fá sérleyfi ríkisstj., ef um meira afl er að ræða en til eigin rekstrar. Þó er félagsstjórnum heimilt að virkja meira, ef um er að ræða virkjun til þess að fullnægja raforkuþörf almennings. Árið 1926 voru sett l. um raforkuvirki og enn 1932. Enn fremur er það aukin heimild ríkisstj. til alls konar öryggisráðstafana til þess að draga úr slysahættu af völdum rafmagns. Breytingar á þessum l. eru gerðar 1939, og lúta þær allar að auknum öryggisráðstöfunum. Með þeim l. er Rafmagnseftirlit ríkisins stofnað og þar með skipaður eftirlitsmaður með þessum málum.

Þá komum við næst að l. um rafveitur ríkisins frá 1942, og eru þau í öllum meginatriðum tekin upp í það frv., sem hér er til umr., en þar var ríkisstj. veitt heimild til þess að setja á stofn rafveitur ríkisins, en í frv. því, sem hér liggur fyrir, er munurinn aðeins sá, að ákveðið er með l., að ríki setji á stofn rafveitur og starfræki þær. Með l. frá 1942 var og stofnaður raforkusjóður til þess að stuðla að því að koma upp orkuverum handa sveitunum og hinum smærri kaupstöðum. Raforkusjóður er nú samkv. l. um hann frá 1942 11 millj. kr., og var með þeim l. svo fyrir mælt, að árlegt framlag ríkissjóðs til hans væri 500 þús. kr., en með þessu frv. er lagt til, að árlegt framlag til sjóðsins sé hækkað upp í 2 millj. kr. Jafnframt er tekið fram, að ekki megi verja fé úr sjóðnum, fyrr en Alþ. hafi sett ákvæði um fjárveitingar úr honum. Þá hafa og verið sett ýmis l. um virkjanir, t. d. Sogsvirkjunina, Ljósafossvirkjunina og Andakílsvirkjunina og frá síðasta þ. um ýmsar raforkuframkvæmdir. Árið 1942 var skipuð mþn. í raforkumálum, sem átti að gera till. til fjáröflunar til slíkra framkvæmda. Komst hún brátt að því, að nauðsynlegt væri að taka raforkumálin í heild til athugunar. N. þessi klofnaði, og skilaði meiri hl. n. frv. til raforkul., sem flutt var hér á síðasta þingi. Ég gat ekki fellt mig við það frv. og skilaði séráliti, þar eð ég vissi um, að Rafmagnseftirlit ríkisins hafði í fórum sínum frv. um þetta mál, sem langt var komið og ég gat í öllum aðalatriðunum fallizt á. Frv. þetta er nú hér til umr. næstum að öllu leyti óbreytt og er hér flutt að beiðni samgmrh. Það er tilætlunin, að í þessu frv. verði saman tekin öll löggjafarákvæði, sem sérstaklega varða raforkumál. Þó hefur — eins og segir í grg. — verið reynt að komast hjá því eins og hægt er að hrófla við vatnal. Grg., sem fylgir frv., er svo ýtarleg, að ég þarf engu þar við að bæta og get því farið stutt yfir sögu. — Skal ég þá í stuttu máli gera grein fyrir aðalinnihaldi frv. og fylgi grg. í öllu.

Fyrst er þá að geta þess, að ríkið setur á stofn fyrirtæki, sem nefnast rafveitur ríkisins, og eiga þær að annast vinnslu á rafmagni handa öllu landinu og flutning orkunnar milli héraða og landshluta. Ríkið áskilur sér jafnframt einkarétt til þess, að þetta fyrirtæki, rafveitur ríkisins, skili orkunni til annarra fyrirtækja, sem hér í frv. eru kölluð héraðarafveitur, og eiga þær að sjá um að dreifa orkunni innan héraðs til notendanna. Ákvæði eru í frv. um, að ríkisstj. eigi að ákveða orkuveitusvæði hverrar héraðsveitu og takmörk þess svæðis, sem henni er ætlað að veita raforku um. Þá er og tekið fram í frv., að kaupstaðir og kauptún, sem eru að

íbúatölu ¾ hlutar orkuveitusvæðis eða meira, hafi rétt á að hafa héraðsveituna í sínum höndum og að ráðh. geti þá veitt þeim einkarétt til sölu á raforku innan takmarka orkuveitusvæðisins. Þá er enn ákveðið að setja á stofn fyrirtæki, sem nefnist héraðsrafveitur ríkisins. Þær eiga að hafa það verkefni með höndum að koma upp og reka héraðsrafveitur alls staðar þar, sem svo háttar til, að annar aðili er ekki fyrir hendi til að taka þetta að sér, eða þar sem það er sérstökum erfiðleikum bundið að veita orkunni til neytenda, t. d. þar, sem um strjálbýli er að ræða. Það segir sig sjálft, að slíkar veitur eiga fjárhagslega erfitt uppdráttar, og þess vegna gerir frv. ráð fyrir því, að þeim verði veitt nægilega mikið styrktarfé til þess að þær verði hægt að reka sem fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki. Tekið er fram í frv., að ríkissjóður leggi fram af þessu styrktarfé allt að ⅔ hlutum, en að ⅓ skuli koma úr héraði. — Þá eru í frv. tekin upp öll núgildandi ákvæði um eftirlit af hálfu ríkisins með raforkuvirkjun til öryggis gegn tjóni og hættu af þeim að heita má óbreytt og án viðauka. Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að ríkið láti fara fram fullkomna rannsókn á skilyrðum til vinnslu og notkunar raforku. — Gert er ráð fyrir nýrri skipan á raforkumálunum og er hún í aðalatriðunum sú, að skipaður verði raforkumálastjóri, sem hefur öll þessi mál með höndum undir yfirstjórn þess ráðh., sem með þessi mál fer; enn fremur verður honum til aðstoðar og ráðuneytis raforkuráð, skipað 5 mönnum, og eftir því sem stendur í grg., eru 4 þeirra kosnir eftir tilnefningu fjögurra félagssamtaka, en sá 5., formaður ráðsins, er kosinn af Alþ. Þessu raforkuráði er ætlað að fylgjast með stjórn raforkumálanna og framkvæmd og gera till. til ríkisstj. þeim viðvíkjandi. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir sérstökum framkvæmdastjóra, sem skipaður verði til að stjórna rekstri og byggingarframkvæmdum rafveitna ríkisins, og að annar framkvæmdastjóri verði skipaður til að stjórna framkvæmdum rafmagnseftirlits ríkisins; báðir verði þeir undir yfirstjórn raforkumálastjóra.

Þá eru ákvæði í frv. um raforkusjóð, sem er eign ríkisins, og skal honum varið til að koma upp mannvirkjum rafveitna ríkisins og héraðsveitna ríkisins, þó þannig, að fé sé veitt úr sjóðnum í þessum tilgangi aðeins sem lán, en ekki sem styrkur, og endurgreiðist fé með vöxtum. Enn fremur má kosta úr sjóðnum rannsóknir og undirbúning virkjunarframkvæmda, og skal endurgreiða þennan undirbúningskostnað í sjóðinn, ef í framkvæmdir er ráðizt.

Þetta er aðalinnihald þessa frv., sem hér liggur fyrir, og tel ég ekki þörf á að fara út í einstakar gr. þess. Hér er um geysimikið mál að ræða, og gefst sjálfsagt tilefni til að ræða það nánar við 2. umr. þessa máls, þegar málið hefur fengið undirbúning í n. Skal ég þó benda á helztu nýjungar, sem þetta frv. hefur að geyma. Ég gat um það áðan, að með l. frá 1942 var ríkinu heimilað að setja á stofn rafveitur, en frv. eins og það er nú kveður á um, að rafveitur ríkisins skuli settar á stofn. Þetta er grundvallaratriði og að ríkið taki að sér alla raforkuvinnslu og flutning orkunnar um héruðin. Það er líka grundvallaratriði, að ríkið — það fer þó ekki lengra, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir, — heimilar kaupstöðum, kauptúnum og öllum, sem nú eiga orkuver, að halda þeim. Enn fremur gerir það ráð fyrir, að sveitarfélögin taki orkuna og annist dreifingu hennar til neytenda. Enn fremur er það nýjung í frv., að héraðsveitur eru skilgreindar og svo ákvæðin um orkuveitusvæði. Önnur nýjung í frv. er um héraðsrafveitur ríkisins, sem áður er á minnzt, sem hafa það verkefni að koma upp og reka rafveitur, þar sem annar aðili var ekki fyrir hendi til þess að taka þetta að sér, t. d. þar, sem það er erfiðleikum bundið að dreifa orkunni. Það verður verkefni þessara veitna að dreifa raforkunni um sveitir landsins. Það er auðvitað segin saga, að það verður fjárhagslega erfitt að dreifa raforkunni um þær, svo að slíkt geti svarað kostnaði, og er tekið svo djúpt í árinni hér í grg., að það muni ekki geta komið til, að veiturnar í heild geti borið sig, jafnvel þótt orkuver eða spennistöð liggi miðsveitis. Það er eftirtektarverður samanburður í grg. um héraðarafveitur, sem hér eiga að koma, og á rafveitum í sveitum í Bandaríkjum Norður-Ameríku. — Þá er í frv. valin sú leið um notkun raforkusjóðs að verja fé hans fyrst og fremst til að koma upp rafveitum ríkisins, þó þannig, að sjóðurinn haldist áfram sem sérstakur sjóður og starfi eingöngu sem lánsstofnun fyrir rafveiturnar, og er það nýjung. Enn fremur er framlag til sjóðsins aukið, þannig að í hann renni 2 millj. kr. á ári úr ríkissjóði. Önnur notkun sjóðsins verður að kosta nauðsynlegar rannsóknir, og þarf ekki að skýra frá því, að nauðsynlegt er, þegar undirbúningsrannsókn fer fram, að fé sé fyrir hendi, því að það hefur of oft viljað brenna við, að það hefur ekki verið til staðar.

Ég hef nú í stuttu máli minnzt á þær nýjungar, sem þetta frv. hefur að flytja, en ætla nú með nokkrum orðum að gera grein fyrir þeim meginmismun, sem er á þessu frv. og því frv., sem flutt var hér á síðasta þ. fyrir hönd meiri hl. raforkumálan. Þegar frá er skilið það grundvallaratriði, sem sameiginlegt er báðum frv., sem sé að ríkið setji á stofn rafveitur ríkisins og hafi einkarétt á raforkuvinnslu, þá verður munurinn þessi: Í fyrsta lagi gerði frv. frá síðasta þ. ráð fyrir, að rafveitur ríkisins hefðu á hendi alla dreifingu orkunnar og selji orkuna beint til neytenda, en hér er gert ráð fyrir, að héraðsrafveitur annist söluna til neytenda en að rafveitur ríkisins selji þeim raforkuna í heildsölu. — Í öðru lagi gerði frv. frá síðasta þingi ráð fyrir, að raforkan yrði seld á sama verði um allt landið án tillits til staðhátta, en hér er gert ráð fyrir, að verð raforkunnar geti verið mismunandi, og er byggt á því, sem hagkvæmast verður til þess, að hver veita geti borið sig og út af fyrir sig verið sjálfstæð. — Frv. frá í fyrra gerði engan mismun á dreifingu orkunnar í þéttbýli eða dreifbýli, en hér í þessu frv. eru þessi 2 ólíku verkefni aðskilin. — Í fjórða lagi voru í frv. raforkumálan. ákveðnar sérstakar rafveitur um landið og gert ráð fyrir sérstökum virkjunarstöðum, en hér er gert ráð

fyrir, að ríkið láti fara fram rannsókn á virkjunarmöguleikum, þannig að hægt sé að fá skorið úr um, hvaða staðir séu heppilegastir til virkjunar. Í 5. lagi var gert ráð fyrir því í frv. raforkumálan., að raforkusjóður ætti að greiða nokkurn hluta stofnkostnaðar þeirra veitna, sem ekki gætu borið sig, en hér er gert ráð fyrir, að sjóðurinn verði notaður til að styrkja veitur sem lánsstofnun, og auk þess ætlazt til, að þær endurgreiði honum undirbúningskostnað, ef í framkvæmdir er ráðizt. — Þetta er í meginatriðunum sá munur, sem er á frv. því, sem hér liggur fyrir, og frv. því, sem flutt var hér á síðasta þingi af raforkumálan.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta mál, en tel brýna þörf fyrir að samþ. eitthvað um það, svo að föst skipun komist þar á.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. samgmrh. fyrir velvild hans í þessu máli og vona, að hæstv. Alþ. afgreiði málið. Ég legg svo til, að því verði vísað til 2. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um, að frv. þetta skuli vera hér fram komið. Og ég fagna því vegna þess, að viss atriði þess eru mjög mikilvæg, ef samþ. verða, og geta hjálpað til þess að koma á góðri skipan í þessum málum. Og sízt mun of mikið úr því gert, hve mál þetta er þýðingarmikið fyrir þjóðina í heild. Það varðar því nokkru, að þar verði komið góðri skipan á sem fyrst og að í fyrstu séu ekki stigin nein óheillavænleg spor eða neitt framkvæmt, sem yrði til þess að hindra framkvæmdir.

Ég hef frá upphafi verið þeirrar skoðunar, að því aðeins sé vel fyrir þessum málum séð, að ríkið hafi þar yfirstjórn og framkvæmdir, og þótt við séum hér skammt komnir enn þá, virðist sú skoðun ótvírætt rétt. Ég þakka þann skilning, sem hæstv. ráðh., er hefur mál þetta með höndum, hefur sýnt, og staðfesting hans á nauðsyn þess. Enda þótt frv. uppfylli ekki allt það, sem ég hefði helzt kosið, eins og með undantekningar frá því, að ríkið reisi virkjanir upp í 100 hestöfl og í vissum tilfellum upp í 500 hestöfl, verður maður að ætla, að til þeirra undantekninga verði ekki gripið nema í einstaka tilfelli. En frv. leyfir ekki stærri virkjanir nema undir yfirstjórn ríkisins, og er það kjarni málsins. En vissulega ræður alltaf miklu skilningur þeirra manna, sem stjórna málunum.

Annað atriði er það, að í frv. er ekki gert ráð fyrir, að allir njóti sömu kjara, heldur fari það eftir aðstæðum. Nú get ég látið það í ljós, að mjög er mismunandi, hvað ganga má langt í því að neyta aðstöðu. Þó að í frv. sé allmikið gengið til móts við þá, sem hafa erfiða aðstöðu, eiga þeir stundum erfitt með að fá rafmagn. Auðvitað eru sumir staðir útilokaðir frá rafmagni, vegna óhentugrar legu, en vonandi eru þeir sem fæstir. Frv. gefur vonir um, að nokkuð verði komið til móts við þá, sem erfitt eiga, hvernig sem sú framkvæmd verður, það eð ríkið á að leggja til ⅔, en héraðið ⅓ kostnaðar. Þó vantar mikið á, að hér sé fullkomið jafnræði. Því að á það verður að líta, að þar, sem aðstæður eru beztar, hefur ríkið gert þeim mun auðveldara fyrir, vegna opinberra stofnana og ýmissa stórra fyrirtækja, sem standa að þeim virkjunum. Slíkur stuðningur er mjög mikilvægur, en honum er alls ekki til að dreifa í strjálbýli. Ég drep á þetta hér, ekki til þess að telja eftir, heldur til þess að benda á, að það er ekki að öllu óverðskuldað, sem lagt er til strjálbýlisins. En þó að þetta sé svona í byrjun, stendur það til bóta. Sennilega verða bornar fram brtt. til þess að auðvelda einstökum byggðarlögum þetta. En hvernig sem frv. þetta verður úr garði gert, veldur alltaf mjög miklu skilningur þeirra, sem síðar fara með málið í framkvæmd.

Hv. frsm., sem hafði orð fyrir hv. iðnn., drap á mismun þann, sem er á þessu frv. og því, sem meiri hl. mþn. flutti. Ég þarf ekki að fara út í þann samanburð, en mismunurinn er einmitt á sölu orkunnar til hinna einstöku neytenda, og er það vitanlega mjög mikilvægt atriði og varðar miklu, hvernig framkvæmt verður. Um önnur atriði, eins og meðferð raforkumálasjóðs og fyrirkomulag stjórnarinnar, er ekki svo mikið að segja, það getur verið skoðunarmál, en skiptir ekki miklu. Ætíð varðar mestu, hvaða menn stjórna, hver skilningur þeirra er og jafnvel, hverjum mannkostum þeir eru búnir. Um þá embættismenn, sem hér er gert ráð fyrir, ætla ég ekki að ræða mikið, en þeir eru hér áætlaðir fleiri en í frv. á síðasta Alþ. Það er sízt mikilvægt, hvort embættismennirnir eru 2 eða fleiri, sem sjá um stjórn málsins. Hitt er höfuðatriðið, að undirbúningurinn sé góður og framkvæmdirnar styrkar. Í grg. er vikið að mikilvægi málsins. Ekki get ég samt að öllu leyti lýst ánægju minni yfir umsögn grg. á því, hvers sveitirnar megi vænta. Mér skilst, að afskekktustu staðir muni ekki fá rafmagn, og á einum stað er sagt, að töluverður hluti sveitanna sé svo strjálbýll, að rafmagn komi þar ekki til greina. Þar er vitnað til Ameríku og talið, að þar standi ólíkt á. En mætti ég þá spyrja, hvort sum lönd, þar sem raforka er komin út í sveitirnar, t. d. Noregur, Svíþjóð og England, stæðust í þessu efni samanburð við Ameríku. Ég minnist í þessu sambandi ummæla eins af núv. ráðh. brezku stj., þar sem hann talaði um það í brezka þinginu, að það væri mjög mikilvægt að koma raforku út í sveitirnar, enda þótt það væri erfiðleikum bundið. Starf sveitafólksins væri svo mikilvægt, að það ætti alls ekki að njóta minni þæginda en fólkið í borgunum. Mér þykir vænt um svona hugsunarhátt. Og ég vildi óska þess, að íslenzkir stjórnmálamenn litu svona á, ef þeir líta þá ekki smáum augum á störf fólksins úti á landi. Ég tel, að í framtíðinni muni störf þess engu lítilvægari en fólksins við sjávarsíðuna. Annað mál er það, að takmörk eru því sett, hvað hægt er að mæta óskum fólks, ef aðstæður eru erfiðar.

Að vísu er sagt í grg.: „Í öllum sýslum landsins þarf auk þess hið allra fyrsta að sjá miðstöðvum atvinnu- og menningarlífs sveitanna og kjarna byggðanna fyrir rafmagni.“ Þetta er góðra gjalda vert. En hver er þessi kjarni byggðanna? En ef þeir menn, hvort sem þeir eru á Alþ. eða ekki, sem vilja þjappa fólkinu saman

í þorp og á kragabúskap, telja kjarnann samanþjappaða hópa eða þorp, en allt þar fyrir utan hismi, þá er ég hræddur um, að hismið verði meira en hismi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða svo mjög um frv., en vildi aðeins láta í ljós skoðun mína á ýmsum meiri háttar atriðum þess. Mér finnst 20. gr., einkum niðurlagið, ekki nógu ákveðin. Æskilegra væri að kveða skýrar á, til þess að ekkert valdi misskilningi. Það ætti a. m. k. ekki að spilla fyrir. Á grg. viðvíkjandi þessu ákvæði er ekki mikið að græða. En á þessu má auðveldlega ráða bót, ef mönnum finnst þess þörf, eins og mér finnst.

Þetta frv. er flutt af iðnn., og í sjálfu sér skiptir það ekki miklu máli, hvaða n. flytur málið. En mér finnst þetta mál eiga hvergi heima nema hjá fjhn. Þetta er fjárhagsmál, þó að það geti gripið inn í iðnaðinn síðar. Fjallar þetta einungis um fjárhagsleg atriði og getur því aldrei orðið annað en fjárhagsmál.

Nú geri ég það alls ekki að till. minni, að málinu verði vísað til annarrar n. en þeirrar, sem flutti það. Ég hugsa þarna meir fyrir framtíðina og það, sem vera á.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um málið. Ég vil þakka hæstv. ráðh., sem að frv. þessu stendur, þó að allt sé ekki eins fullkomið og ég óska, og er það sérstaklega eitt atriði, er ég vildi hafa öðruvísi, en vona, að um það náist fullt samkomulag. Ég vona, að frv. þetta nái lögfestingu á þessu þ., því að þetta er mikið nauðsynjamál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar til að þakka meiri hl. iðnn. fyrir að taka að sér flutning þessa máls á þ. þessu. Ég tel, eins og aðrir, mál þetta svo þýðingarmikið og nauðsynlegt, að það verði að fá einhverja afgreiðslu á þessu þ., og vegna þessarar nauðsynjar vænti ég, að samvinna takist, þó að misjafnra sjónarmiða kunni að gæta.

Ein ástæða um nauðsyn þessa máls er sú, að nú þegar er byrjað á framkvæmdum, sem byggjast á grundvelli þessara till. og valda óþægindum, ef frv. þetta verður ekki að lögum. Ég get getið þess, að t. d. er hafin rafveita um svo að segja allan Reykjanesskaga, eða nánar tiltekið í langflest þorp skagans. Eins er hugsað að leiða rafmagn til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar og enn fremur til Húsavíkur frá Laxárvirkjuninni. Og meira að segja hefur verið aflað töluvert mikils efnis til þessara framkvæmda. Nú er eðlilegt, að fé til þessara framkvæmda sé fengið úr raforkusjóði, en það er ekki hægt, nema löggjöf sé sett þar að lútandi, og er því þetta mikil nauðsyn og hverjum ljóst. Það sjá allir, hversu sjálfsagt er að nota raforkusjóðinn til slíkra framkvæmda. Ég hygg, að ekki hafi þó verið varið miklu fé til vaxtagreiðslu, en í það munu þó vera komnar 2 millj. kr. og fer mjög vaxandi, og er því mjög aðkallandi, að á þessu þ. finnist úrlausn þessara mála.

Þegar þessi mál voru til umr. á síðasta þ., lýsti ég því yfir, að ég fyrir mitt leyti gæti ekki sætt mig við eitt ákvæðið í frv. meiri hl. n., en það var, að verðið á rafmagni skyldi vera jafnt alls staðar á landinu. Þá hefði orðið að hækka gjaldið hjá þeim, sem búa við góða aðstöðu. Eftir að ég hafði kynnt mér frv. þetta, var þess óskað a. m. k. af minni hálfu, að fundinn yrði samkomulagsgrundvöllur í málinu, svo að hægt yrði að komast að einhverri lausn á málinu, sem allir gætu unað við, og féllst ég á samvinnu um þetta.

Ég þarf nú ekki að lýsa frv., því að frsm. hefur lýst, hvað á milli ber.

Þetta er að mínu áliti frv., sem hægt er að ræða og finna eitthvað að, en frv. þetta er borið þannig fram, að allir geti við unað.

Hv. 1. þm. Árn., sem er form. raforkun. ríkisins, lagði á það höfuðáherzlu, að afskipti ríkisvaldsins yrðu á þann hátt, að ríkið hefði yfirstjórn þessara mála á hendi sinni og fengi þar með einkasöluaðstöðu. Önnur leiðin er sú, að *ríkið hefur íhlutun án þess að eiga og selja* vöruna. Ég held, að bezta lausnin verði sú, að ríkissjóður annist heildsölu á rafmagni, en einstök héruð eða sveitarfélög sjái hins vegar um dreifinguna. Sumir telja aftur á móti, að það verði ómögulegt, að ríkið hafi nokkur afskipti af sölunni. Af þessu sést, að þetta er óútkljáð og umdeilt mál. Ég vil þó beina því til hv. n., hvort rétt sé að einskorða eða hafa ekki neina heimild eins og í 1. gr. um einkarafveitur. Ég tel þó, að sú heimild, sem veitt er, sé rétt, því að ég get vel hugsað mér, að þótt ríkið vilji ekki ráðast í framkvæmdir, þá geti vel verið, að viðkomandi bær vilji leggja út í þær, og þess vegna gæti það verið gott að hafa eitthvert ákvæði, er lýtur að þessu, því að þetta einkaréttarákvæði ríkisins gæti torveldað illilega framkvæmdir annarra.

Þá kem ég að þeirri hlið málsins, er hv. 1. þm. Árn. ræddi mest um. En það er, hve langt á að fara út í það að leiða rafmagn út í hinar strjálu byggðir landsins. Ég get vel fallizt á það, að starf og framleiðsla íbúa strjálbýlisins séu mikilsverð fyrir þjóðarheildina og afkoma þjóðarinnar byggist að miklu leyti á þessu, en að það endilega þurfi að þýða, að leiða skuli rafmagn út á hvert annes og inn í hvern afdal, get ég ómögulega skilið. Fyrir því eru takmörk og mér liggur við að segja ákveðin takmörk, hve langt er hægt að leiða rafmagnið út í hinar strjálu byggðir, en sjálfsagt er að leiða það um allar hinar frjósamari byggðir.

Ég drap á það í fyrra í umr. um þetta mál, að gerð hefði verið kostnaðaráætlun um rafveitu fyrir Mývatnssveit. Sú sveit hefur, sem kunnugt er, góð skilyrði til slíks, er nálægt orkuveri, sem reist var fyrir styrjöldina á lágu verði, og Mývatnssveit er þéttbýl. Samkv. kostnaðaráætluninni varð ríkið að borga allan stofnkostnað og rúmlega það (160%), til þess að hægt væri að reka rafveituna, og það jafnvel þótt um gamalt orkuver væri að ræða. Þetta sýnir nógu greinilega, hversu erfitt er að koma á rafveitum í strjálbýli, þar sem aðstaða er erfiðari. Þetta er að vísu viðkvæmt mál og verður ekki leyst nema allir aðilar sýni fullan skilning, en ekki einstrengingslegt sjónarmið.

Í frv. er gert ráð fyrir tvenns konar héraðsrafveitum. Annars vegar eru héraðsrafveitur,

sem reknar eru af sjálfum héruðunum, og hins vegar héraðsrafveitur, sem ríkið rekur. En mér finnst eðlilegast, að ríkið eigi orkuverin, en héruðin reki þau. Þessum héraðsrafveitum er gert mishátt undir höfði, því að hjá þeim, sem ríkið rekur, verður kostnaðarverð og rekstur greiddur að einhverju leyti af ríkinu. Mér finnst því réttast, að brúað verði djúpið á milli héraða- og ríkisrafveitna, og heppilegast sé, að héruðin reki sjálf viðkomandi rafveitur.

Þá vil ég minnast á meðferð raforkusjóðs. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 2 millj. kr. árlega. Um þessa upphæð má deila. Sumum finnst hún of lág, öðrum of há. Þessa hlið málsins bið ég hv. n. að athuga, því að enda þótt ríkissjóður geti greitt þessa upphæð nú, er ekki víst, að hagur hans verði ávallt nægilega góður til þess. Þessar 2 millj. eru ekki það eina, sem ríkið leggur til þessara mála, því að auk þeirra skal styrkja verulega héraðarafveitubyggingar. — Þá orkar það tvímælis, hvort einungis á að veita lán úr þessum sjóði eða einnig styrki, og bið ég n. að athuga það einnig.

Þar sem frv. þetta er aðeins komið fram vegna nauðsynjar og mikilvægis þessa máls, vil ég mælast til, að það verði afgr. á þessu þingi, því að ég legg það fram í þeirri von, að það ráði verulega bót á málum þessum.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar umr. var frestað síðast um málið.

Ég sé á þessu frv., sem hér hefur verið lagt fyrir Alþ. nú að tilhlutun hæstv. samgmrh., að þar er í verulegum atriðum fylgt þeirri stefnu, sem fólst í því frv., sem lagt var fyrir síðasta Alþingi og flutt þá af nokkrum hv. dm., sem þá jafnframt höfðu verið í þeirri mþn., sem hafði haft þessi raforkumál til meðferðar. Að vísu er að sumu leyti einnig brugðið frá þeirri stefnu, sem þar kom fram, sérstaklega að því er snertir verð raforkunnar, sem samkv. því frv. átti að geta orðið sem jafnast um land allt, en hins vegar í því frv., sem hér liggur fyrir, fer það eftir atvikum og aðstöðu, hvaða verð verður á rafmagninu á hverjum stað. Sem sé í þessu frv. er lagður sá grundvöllur, sem þar var, að ríkið taki í sínar hendur að heita má, frá þeim tíma að þessi l. yrðu staðfest, alla framkvæmd þessara mála með þeim undantekningum, sem felast í 7. gr. þessa frv., að fjórir kaupstaðir þessa lands, sem komið hafa upp hjá sér rafvirkjunum, fái undanþágu að því er snertir þær rafvirkjanir, sem þegar eru komnar í framkvæmd hjá þeim, en frekari útfærsla á rafvirkjunum hjá þessum kaupstöðum falli undir ríkið eða að það taki hana í sínar hendur.

Nú sé ég ekki í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að sé að neinu leyti miðað við þær aðstæður, þar sem svo stendur á, að hafnar hafa verið framkvæmdir að byggingu rafveitu, eins og á sér stað í sambandi við Andakílsárvirkjunina. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur Alþ. veitt því fyrirtæki mikinn stuðning með því að ganga í ábyrgð fyrir stóru láni til þessara framkvæmda, og þessar framkvæmdir eru nú komnar það vel á veg, að á síðasta vori var byrjað á þessari virkjun, og ráð er fyrir gert, að virkjuninni í því formi, sem hún er hugsuð, verði lokið fyrir áramót 1946. Þess vegna virðist það vera í alla staði sjálfsagt, að í þeirri löggjöf, sem sett verður um þetta efni, verði fullkomlega mörkuð afstaða til þessa fyrirtækis, sem er þetta vel á veg komið, með hvaða hætti sem það svo verður gert. Mér skilst, að samkv. því, sem felst í 7. gr. þessa frv., þá hefði verið ákaflega eðlilegt, að gerð hefði verið svipuð undantekning um Andakílsárvirkjunina og um sams konar framkvæmdir hjá Reykjavíkurbæ, Akureyri, Siglufirði og Ísafjarðarkaupstað, þó að sá stigmunur sé á þessu, að þessir bæir hafi lokið þessum framkvæmdum, þ. e. a. s. þessum áföngum í framkvæmdum sínum, því að þar verður að sjálfsögðu haldið áfram, en Andakílsárvirkjuninni sé ekki lokið enn, þó að henni sé þetta vel á veg komið. Ég vil þess vegna í sambandi við þetta bera fram þá fyrirspurn til hæstv. samgmrh. og þeirrar n., sem hefur tekið að sér þessi mál og hefur alla þess velferð í sínum höndum, hvort þeir vilji ekki athuga þetta mál og gefa skýringu á því, hvernig viðhorf þessarar löggjafar eða frv. yrði gagnvart þessu fyrirtæki. Ég skal svo ekki fjölyrða um það frekar út af fyrir sig, fyrr en ég hef fengið svör við þessu frá þeim aðilum, sem ég hef beint máli mínu til.

Um frv. þetta að öðru leyti vil ég segja það, að mér finnst það svífa ákaflega í lausu lofti um það, hvaða vonir megi gera sér um framkvæmdir samkv. þessu frv. í rafveitumálum út um hinar dreifðu byggðir landsins. Eins og ég sagði áður, hefur sú breyt. verið gerð frá fyrra frv., að nú er ekkert ákvæði, sem tryggir það beinlínis, að svipað verð verði á rafmagni eða geti orðið úti í dreifbýlinu og í kaupstöðum og kauptúnum eða þéttbýli landsins. Í frv. því, sem fyrir lá á síðasta þingi, var þó viðleitni gerð til að tryggja þetta með þeim ákvæðum, sem þá stóðu um, að verðlag yrði sem jafnast. Og ef slík ákvæði hefðu hlotið staðfestingu, hefði orðið að miða allar framkvæmdir þessara virkjana við, að svo gæti orðið. Í þessu frv. er þessi stefna aftur á móti með allt öðrum hætti en þar var, sem sé þannig, að gert er ráð fyrir að veita nokkurn fjárstuðning til þeirra rafveitna, sem geta ekki staðið undir sér fjárhagslega, og er í 25. og 26. gr. þessa frv. nánar rætt um það, hvernig þessi stuðningur verði af hendi látinn af hálfu ríkisvaldsins, en hins vegar fer það vitanlega eftir vissum hlutföllum, þar sem ákveðin er þátttaka ríkissjóðs og héraða, til þess að þessar rafveitur geti borið sig. Hins vegar eru engin ákvæði sett í frv. um, við hvaða verð á raforkunni á að miða, þegar reiknað er út, hvað mikinn stuðning rafveitan þurfi, til þess að hún geti borið sig. Það er ekki t. d. sagt, að miða skuli við það verð, sem er í kaupstöðum landsins eða annars staðar, svo að þótt þetta hlutfall sé sett um þátttöku ríkisins, þá fer framlagið eftir því, hvaða verð á rafmagninu er lagt til grundvallar, þegar reiknað er út, hvað það óendurkræfa framlag þurfi að vera mikið. Þetta stendur opið

og er alveg háð því mati, sem verður sett af þeim stjórnarvöldum, sem þetta hafa með höndum á þeim tíma, þegar í þessar framkvæmdir verður ráðizt. Að þessu leyti virðist mér, að frv. tryggi í tiltölulega litlum mæli þá framkvæmd á raforkumálunum, sem allir þrá og nauðsynleg er, að nokkuð hlutfallsleg dreifing rafmagnsins út um byggðir landsins geti orðið til þéttbýlli hluta landsins.

Nú er það svo, að með aukinni tækni, sem við erum alltaf að fá meiri og meiri kynni af, er hagnýting rafmagnsins og verður sennilega einhver allra stærsti og öflugasti þátturinn í því nýja landnámi, sem hugir manna í þessu landi stefna að, en það er að nema óræktaða landið út um byggðirnar og breyta því í ræktunarland og framleiðsluland með mjög margvíslegum hætti. Þess vegna virðist mér, að við megum fullkomlega hafa hliðsjón af því við setningu þessarar löggjafar, og ef það er virkilega meiningin, sem ég efast ekki um að sé, að verja verulegu fjármagni til nýs landnáms og aukinnar ræktunar, þá er höfuðatriðið, að rafmagn geti dreifzt sem allra fyrst út um hinar viðáttumiklu byggðir þessa lands, og með tilliti til þessa finnst mér, að þessu sé engan veginn eins vel gaumur gefinn og engan veginn eins vel tryggt í þessu frv., að þetta geti orðið, eins og ég álít, að gera ætti, en vitanlega stendur þetta allt til bóta, þar sem þetta frv. er aðeins að hefja göngu sína á þessu þingi.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, þó með sérstöku tilliti til þess, að í grg. frv. virðist ekki að þessu leyti vera hærra stefnt en það, að rafmagn komist inn í það, sem kallað er kjarni byggðanna hér á landi, en sá kjarni, sem þar yrði um að ræða, er fólginn í jarðargróða og öðrum gæðum viðs vegar út um byggðir þessa lands, þegar rafmagn og aðrar aðstæður eru fyrir hendi til hagnýtingar til að framleiða þessi gæði úr skauti náttúrunnar. En grundvöllurinn til, að slíkt geti orðið víða annars staðar, er engu síður þar fyrir hendi. Þar vantar aðeins þá bættu aðstöðu til að leysa þau mörgu verkefni, sem þar bíða. Þess vegna virðist mér að þessu leyti hvað dreifbýlið snertir markið vera sett allt of lágt í þessu frv., svo að það út af fyrir sig þurfi verulegra umbóta við frá því, sem hér er. Hitt vil ég mjög gjarnan taka fram, að ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir að hafa lagt fullkomna rækt við þetta mál og látið undirbúa þetta frv. vel í hendur Alþ. En þótt ég sé hæstv. ráðh. ekki að öllu leyti sammála um ákvæði frv., þá er það mál út af fyrir sig. Auk þess tók hæstv. ráðh. það fram í síðustu ræðu sinni um þetta mál, að hann væri fullkomlega reiðubúinn til viðræðna um ýmsar breytingar á þessu frv. frá því, sem nú er.

Hæstv. samgmrh. tók fram, að sá munur, sem gerður er á aðstöðu ríkisins og einstaklinga til að koma rafveitum út um byggðir landsins, er geysimikill. Þar er ætlazt til, að einstaklingar fái engan styrk, ef þeir hafa þessar framkvæmdir með höndum. Þetta er eitt af því í frv., sem stendur til bóta, og benti hæstv. samgmrh. á, að hann teldi þetta þurfa breyt. við.

Skal ég svo ekki á þessu stigi málsins láta frv. fylgja fleiri orð. En ég óska að fá svör við því, hvað hæstv. samgmrh. og n. hafa hugsað sér varðandi aðstöðu Andakílsárvirkjunarinnar í sambandi við þetta frv. Því að eins og frv. liggur fyrir, þá geta að mér skilst ekki þeir aðilar, sem að henni standa, haldið þessu verki áfram, og er því sennilega meiningin, að ríkið taki við þeim framkvæmdum. En þetta þarf að liggja ljóst fyrir, því að hér er um áþreifanlegt dæmi að ræða. Ég vil svo ljúka þessum orðum með því að leggja til, að þeim aðilum, sem standa að Andakílsárvirkjuninni, verði sköpuð svipuð aðstaða og þeim aðilum, sem um getur í 17. gr. frv. Ég hef talið það eðlilegt, þótt það sé meiningin samkv. þessu frv., að verkið á þessu stigi falli undir ríkið, þannig að það taki nú við og ljúki verkinu. En úr þessu þarf að skera, því að ekkert hik má koma á framkvæmd verksins, ef sú áætlun á að standast, sem gerð hefur verið, að virkjunin á að geta orðið tilbúin um áramótin 1946—47.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. viðkomandi virkjun Andakílsár, þá skal ég játa það, að frv. gerir ekki ráð fyrir því, hvað þar verði gert. Þetta er verk, sem þegar er komið af stað. Verði frv. samþ., verður ekki um annað að gera en láta koma til kasta Alþ. og láta það skera úr um, hvort rafveita ríkisins skuli reka stöðina eða veita undanþágu og leyfa að reka hana sjálfstætt. Ég tel sjálfsagt, að iðnn. taki þetta til athugunar og hafi um þetta atriði samvinnu við hv. þm. Borgf.

Eins og ég hef áður sagt, tel ég mikinn kost, að þetta frv. er komið fram, og tel nauðsynlegt, að það verði afgr. á þessu þingi.

Ég skildi hv. þm. Árn. þannig, að hann teldi þetta frv., sem hér liggur fyrir, frekar líklegt til samkomulags. Og benti hann á, að með styrkákvæðinu væri gengið til móts við þá, sem erfitt eiga með að afla sér rafmagns. Hv. þm. Árn. gengur þess ekki dulinn, hve miklir erfiðleikar eru á því að afla strjálbýlinu raforku, og tók það fram, að takmörk væru fyrir því, hve langt væri hægt að ganga í því efni. En hvorki hann né ég komum til með að segja til um það. Rannsókn verður að skera úr um það.

Hv. þm. Borgf. taldi, að í þessu frv. svifi það í lausu lofti, á hvern hátt ætti að styrkja veiturnar eða út frá hvaða verði ætti að ganga, þegar áætluð yrði styrktarþörf rafveitnanna og eins áætlunin um það, hvort ein rafveita gæti borgað sig eða ekki. Þetta er að vísu rétt. En nú er það svo, að þegar gerðar eru áætlanir um verk og þar með rekstraráætlanir og fleira, þá hefur maður allajafnan ekki á öðru að byggja en þeirri reynslu, sem fyrir liggur. Sérfræðingar vita til dæmis, hvað verðið má vera hátt, til þess að það seljist svo og svo mikið. Út frá öðru verður ekki gengið.

Í fyrra var rætt um það, hvort hentugra væri, eins og ákveðið var í því frv., að gera ráð fyrir að binda verðið þannig, að sama verð væri á raforku alls staðar á landinu, eða eins og í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hafa það óákveðið og láta ákveða það á hverjum stað eftir því, sem

bezt hentaði. Þetta er meginmunurinn á frv. Ég er persónulega á þeirri skoðun, að ekki nái nokkurri átt að binda sama verð við allt landið. Ég tel, að það yrði til þess, að sá mikli kostnaður, sem fylgir rafveitum í strjálbýlinu, hljóti að leggjast að miklu leyti á þéttbýlið og jafnvel verða til þess að draga úr framkvæmdum þar. En ég get ekki farið frekar inn á þetta hér.

Hæstv. samgmrh. sló því föstu í ræðu sinni um þetta mál, að hann hefði lagt þetta frv. fram til samkomulags og eiginlega stæði ég að því. Ég lýsti yfir því í fyrra, að ég væri í meginatriðum fylgjandi frv., sem forstjóri rafmagnseftirlits ríkisins væri að semja, en það er einmitt þetta frv. Ég get staðfest þetta nú, að ég get í öllum aðalatriðum fylgt þessu frv. Þar fyrir segi ég það ekki, að ég gæti ekki, eins og hæstv. ráðh., fellt mig við einhverjar breytingar, ef betur mætti fara. Þessi afstaða hæstv. ráðh. kom flatt upp á mig, en hún er þó að mér finnst í alla staði réttmæt. Eftir því sem hæstv. ráðh. talaði, virðist frv. vænlegt til samkomulags. Hæstv. ráðh. benti á einstaka atriði, sem hann taldi geta orkað tvímælis, og er það í samræmi við fyrri afstöðu hans. Hann kvað það vera sérstaklega einkaréttarákvæðin í 1. gr. Máli sínu til stuðnings benti hann á, að Samband íslenzkra rafveitna hefði samþykkt mótmæli gegn þessu einkaréttarákvæði á síðasta ársþingi. Þetta er ekki alls kostar rétt. Þar kom að vísu fram ályktun, sem gekk í þessa átt, og skal ég lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

Aðalfundur S.Í.R. 1945 ályktar út af framkomnum álitsgerðum og frv. til raforkulaga á síðasta Alþ. að lýsa yfir því, að fundurinn telur ótímabært, að ríkissjóður taki að sér einkarétt á vinnslu á raforku í landinu, og varhugavert fyrir áframhaldandi þróun raforkuvinnslunnar, að réttur sá, er héraðsstjórnir hafa nú skv. vatnalögunum, sé af þeim tekinn, enda með öllu óþarft, þar sem ríkissjóður hefur þegar samkv. sömu l. víðtækan rétt til að skipuleggja og taka að sér vinnslu raforku með almenningshag fyrir augum.

Þessi ályktun var lögð fyrir fundinn, en kom aldrei til atkv. Og ég sel það ekki dýrara en ég keypti, að ósýnt hefði orðið um afdrif hennar, ef hún hefði komið til atkvæða. Þess vegna er það ekki rétt hjá hæstv. ráðh., er hann segir, að þessi fundur hafi samþ. ályktunina. En það er rétt, að ályktunin kom fram, og um þetta atriði voru skiptar skoðanir á þessum fundi.

Hvað ályktuninni sjálfri viðvíkur, þá er það ekki rétt, að með þessu sé verið að taka rétt af einhverjum sérstökum, því að samkv. vatnalögunum hefur ríkið þann rétt, og þarf því leyfi ríkisstj. Þá taldi hæstv. ráðh. undanþáguákvæði 1. gr. ekki nógu rúmt. Það má vitanlega deila um það, við hvaða hestaflatölu ætti að miða. En þó litið væri svo á, að það mætti hækka það upp fyrir 500 hestöfl, eins og nú er háttað hér á landi, eða hærra, þá væri það að gefa og taka í sömu andránni. Þá taldi ráðh., að frv. gerði héraðarafveitum ríkisins hærra undir höfði en öðrum, og taldi líkindi til þess, að endirinn yrði sá, að allt yrði héraðarafveitur ríkisins. Hver kaupstaður verður að velja um það út af fyrir sig, hvort hann vill hafa sína veitu eða ekki.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil benda á, að það er nauðsynlegt, að málið fái lausn á þessu þingi.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem mig langar til að segja við þessa umr. og að nokkru leyti vegna þess, sem fram hefur komið. Ég skal játa það, að ég er ekki fræðimaður til þess að ræða um þetta mál eins og vert væri. En um eitt atriði, sem borið hefur á góma, vildi ég leggja orð í belg.

Það eru skiptar skoðanir hv. frsm. og hæstv. samgmrh. um héraðaveitur almennt. Ég vildi biðja hv. n. að athuga þetta mál frá sjónarmiði okkar, sem búum í strjálbýlinu. Óttast ég mjög, að með því skipulagi, sem ætlazt er til, að verði á þessu, þá sé nokkur hætta á því, að þeir kaupstaðir og kauptún, sem fjölmennust eru og því auðvelt að láta rafveitur bera sig í, fái leyfi eða verði teknir alveg sérstaklega út úr. Samkv. ákvæðum 3. kafla verður ráðh. að veita einkarétt fyrir viss orkusvæði, sem oft og einatt geta verið kauptún eða kaupstaður. Færi svo, er það bersýnilegt, að sveitirnar í nágrenninu yrði ríkissjóður að taka upp á sína arma, því að þær mundu eðlilega bera sig miklu verr fjárhagslega. Og gerum ráð fyrir, að ríkið leggi fram fé til virkjunarinnar, þá er ávallt nokkur hætta á því, að orkan til þessara staða mundi verða nokkuð dýrari en hún þyrfti að vera. Ég tel eðlilegt, að þegar þessi mál verða leyst, þá sé leitazt við, eftir því sem hægt er, að héraðsbúar, hvort sem þeir eru í sveit eða kaupstað, beri byrðarnar hver með öðrum, eftir því sem fært þykir að leiða raforkuna. Ég óttast, að með þessari skipan geti að því leitt, að sveitirnar fái rafmagn miklu síðar en annars þyrfti að vera. Hitt tel ég aftur eðlilegt, að meðan verið er að koma þessu í kring, þá verði t. d. kaupstöðum eða kauptúnum leyft til bráðabirgða að hafa orkuveitur á tilteknum svæðum, en hitt sé samt hugsað, að veitan verði fyrir héraðið allt síðar meir. Þá krafta, sem þarna eru og þurfa á raforku að halda, þarf að sameina til eins öflugra átaka og mögulegt er, en ekki deila þeim í tvo eða fleiri hluta. Ég vildi mælast til, að hv. n. taki þetta nánar til athugunar.

Ég álít það fjarri lagi, þótt þessir styrkir séu veittir, þá sé horfið að því, að allt verði að héraðaveitum ríkisins. Ég býst fastlega við því, að ýmsir staðir sækist eftir því að hafa sínar eigin orkuveitur út af fyrir sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31., 33., 34., 35. og 36. fundi í Nd., 13., 15., 16., 19. og 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 72, 171, 175).

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Milli umr. hefur iðnn. haldið einn fund um þetta mál, og varð samkomulag um það hjá öllum í

n. að mæla með framgangi þessa máls, en þó áskildu allir nm. sér rétt til að hafa óbundnar hendur um breyt. Við 1. umr. þessa máls benti hv. þm. Borgf. á það, að ekki hafi verið gert ráð fyrir, þegar frv. var samið, hvar skyldi skipa Andakílsárvirkjuninni. Hv. þm. Vestm. hefur einnig bent á það, að Vestmanneyingar eiga líka orkuver í smíðum. Iðnn. varð sammála um að hafa samráð um það við þessa hv. þm. að flytja brtt. við frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að þessar stöðvar, Andakílsárvirkjunin og rafveita Vestmannaeyja, komi einnig undir ákvæði 1. og 7. gr. frv. Í 7. gr. frv., þar sem kaupstöðum er heimilt að selja raforku frá orkuverum sínum, þótti ekki þurfa að taka Vestmannaeyjakaupstað með, því að honum er þannig í sveit komið, að ekki þykir ástæða til þess. Þessi brtt. er á þskj. 175, og leggur iðnn. til, að hún verði samþ. Aðrar brtt. flytur iðnn. ekki.

Hv. 1. þm. Skagf. (SÞ) kom með brtt. á fundinum, sem prentaðar eru á þskj. 171, og hann skýrði frá þeim, en meiri hl. n. gat ekki fallizt á þær og gat ekki tekið þátt í að flytja þær till. og leggur til, að þær verði felldar. — Ég skal ekki á þessu stigi málsins orðlengja frekar um þetta. Ég vona, að hv. flm. brtt. fái tækifæri til að gera grein fyrir þeim, og læt nægja að benda á álit meiri hl. iðnn.

Forseti (BG): Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. þm. Skagf., hvort hann hugsi sér að flytja langa ræðu, því að þessum fundi verður að slíta eftir 15 mínútur.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. Varla mun það nógur tími, en þó mun ég á það hætta.

Þegar þetta raforkulagafrv. var sent iðnn. til flutnings af samgmn., vannst n. ekki tími til þess að ræða efni þess til hlítar. Ég óskaði því ekki eftir að gerast meðflm. þess, og því er það flutt af meiri hl. n. Hins vegar hafa allir iðnnm. óbundnar hendur um að flytja og fylgja brtt., sem fram koma við frv. Iðnn. ræddi líka um málið á einum fundi, eftir að það hafði verið lagt fram hér í hv. d. Lýsti ég því þá yfir, að ég mundi bera fram brtt. við frv., en samnm. mínir töldu sig ekki geta léð þeim fylgi sitt að svo komnu máli. Brtt. mínar, sem prentaðar eru á þskj. 171, eru samdar og bornar fram í samráði við flm. að raforkumálafrv., sem flutt var á síðasta þ. og samið var af mþn. í raforkumálum. Ég stend því ekki einn að þeim, þótt ég flytji þær einn.

Fimm fyrstu brtt. miða allar að því sama, að fella niður úr frv. ákvæði um fjárframlög úr sýslusjóði til stofnkostnaðar við héraðsrafveitur ríkisins. 6. brtt., sem er aðalbrtt., er við 30. gr. frv. Er hún um það, að söluverð raforkunnar til neytenda skuli vera hið sama hvarvetna á landinu og íbúar stærstu kaupstaðanna þurfa að greiða á hverjum tíma að meðaltali. 7. brtt. er um það að hraða sem allra mest rannsókn á því, hvernig bezt verði fullnægt raforkuþörf landsmanna og að sett verði það markmið, að á næstu 10 árum verði því náð, að hver íbúi hverrar sýslu eða kaupstaðar geti keypt raforku innan kaupstaðarins eða sýslunnar, er fullnægi raforkuþörf þeirra flestra um sinn. Þetta er aðalinnihald brtt. minna.

Vildi ég þá fara örfáum orðum um till. til frekari skýringar. Um niðurfellingu á fjárframlögum úr sýslusjóðum til héraðsrafveitnanna er það að segja, að þar sem frv. gerir ráð fyrir, að þær séu reknar algerlega sem ríkisfyrirtæki og ríkið áskilur sér einkarétt til þess að stjórna þeim og starfrækja þær að öllu leyti án íhlutunar viðkomandi héraða, þá liggur beint við að álykta, að ríkið eigi þá að sjá um stofnkostnaðinn að öllu leyti án fjárframlaga frá héruðunum. Alkunnugt er og, að sýslusjóðir hafa ekki mikla gjaldstofna upp á að hlaupa til þess að geta innt háar greiðslur af höndum.

Þá er að minnast á aðalbrtt., um það, að söluverð raforkunnar til neytenda skuli vera hið sama hvarvetna á landinu. Allir munu viðurkenna, að þetta væri bezta og réttlátasta lausn málsins, en sumir munu halda því fram, að kostnaðarins vegna muni þetta vera óframkvæmanlegt. En er það víst, að það sé óframkvæmanlegt að skipa svo þessum málum með sameiginlegu átaki alþjóðar, að hægt verði að selja raforku jöfnu verði í öllum héruðum landsins, þar sem byggð er sæmilega samfelld? Ég tel mig bresta þekkingu til þess að leggja fram fullkomin rök fyrir því, að þetta verði hægt að gera á næstu árum, en ég hef þá trú, að það muni reynast mögulegt, og ég byggi þær vonir á umsögn þeirra manna, sem mér eru fróðari um þessa hluti og hafa haft með höndum rannsókn í þessum efnum, og er þá nærtækast að vitna til hv. mþnm. í raforkumálum, þeirra, er báru fram frv. til raforkulaga á síðasta þingi. Svo vill nú svo vel til, að fyrir liggur yfirlýstur vilji Alþ. í þessu máli. Hinn 4. sept. 1942 var samþykkt í Sþ. svo hljóðandi ályktun um raforkumál: „Alþ. ályktar að kjósa 5 manna n., er geri till. um fjáröflun til þess að byggja rafveitur í því skyni að koma upp nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar í allar byggðir landsins á sem skemmstum tíma, enda verði raforkan ekki seld hærra verði í sveitum landsins en stærstu kaupstöðum á hverjum tíma.“

Mþn. í raforkumálum, er kosin var af Alþ. 8. sept. 1942, hagaði vitanlega störfum sínum samkv. þessum yfirlýsta vilja Alþ., en ef til vill mætti þó segja, að einum manni undanteknum, er seinna var bætt við í nefndina.

Nú vil ég vona, að enn sé það í fullu gildi, að hver maður eigi að virða sín orð og þá ekki síður hæstv. Alþ. Fyrir því geri ég mér örugga von um það, að þessi brtt. verði samþ., því að hún er í samræmi við vilja og fyrirmæli Alþ. samkv. ályktun þess frá 4. sept. 1942. En verði þessi brtt., mót von minni, felld, þá verður það ekki af skafið, að Alþ. hefur í þessu máli gengið gegn orðum sínum og ályktunum, og þá mun þjóðin spyrja, hverju treysta megi, ef svo skjótt skipast veður í lofti hjá löggjafarsamkomu ríkisins. Ef nú Alþ. breytir um stefnu í þessu máli og afgreiðir lög, sem ráðgera, að raforka verði seld hærra verði út um sveitir landsins og í smákauptúnum en í stærstu kaupstöðunum, þá verður manni að spyrja: Hvað hefur breytzt frá

1942, svo að nú þurfi að gera upp á milli landsmanna í þessum efnum?

Aðstreymi fólks til Reykjavíkur eykst því hraðar sem lífskjör verða ójafnari í landinu, og ekki hefur sá straumur minnkað síðan 1942. Enginn er hér að tala um að íþyngja Reykjavík eða stærri bæjunum um rafmagnsverð. Heldur er hér um það að ræða, að fólki út um hinar dreifðu byggðir landsins séu einnig boðin sæmileg lífsskilyrði með sameiginlegu átaki alþjóðar. Verði raforkan seld hóflegu verði, þá verður miklu meira keypt af henni en ella. En þegar hvort sem er verður að leggja í mikinn kostnað við orkustöðvar og leiðslur, þá er mjög áríðandi, að sem mest verði notað og keypt af rafmagni, til þess að fyrirtækin beri sig í heild. Þetta ber vel að athuga, þegar ákveðið er verð á raforku til neytendanna. Iðnaður ætti að geta vaxið upp og þrifizt úti um sveitir landsins, ef völ væri á ódýru rafmagni. Þar er ódýrara að lifa en í stærri bæjum og hollara lífsviðurværi. Iðnaðarhverfi ættu að geta stuðzt við margs konar ræktun, t. d. þar sem gnægð er af heitu vatni og jarðhita, og nokkra skepnueign, svo að fólkið geti framleitt næga mjólk handa sér. Þarna mundi verða hollara og affarasælla að ala upp börn og unglinga en í stærstu bæjum landsins, þótt allt sé þar gert með ærnum kostnaði, til þess að uppeldi fari sem bezt úr hendi. Nú er svo komið, fyrir óeðlilegt aðstreymi fólks til Reykjavíkur og húsnæðisleysi og okur á byggingarkostnaði, að þriggja herbergja íbúð hér kostar meira en höfuðbólsjarðir í sveitum landsins, sem eru með sæmilegum byggingum yfir fólk og fénað. Það sýnist því ekki vanþörf á því, að ríkið leysi þetta vandamál og jafni metin, taki af mesta áhallann og skapi sem jöfnust lífsskilyrði hvarvetna á landinu, en það verður bezt gert með því að leysa raforkumálið á þann hátt, sem hér er lagt til, því að raforka skapar óteljandi lífsgæði og bætta framleiðslu- og afkomumöguleika. Ég er þakklátur hæstv. ríkisstj. fyrir þetta raforkufrv., það sem það nær, en ég vona, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að fallast á brtt. mínar, því að þær eru vissulega til bóta og í fullu samræmi við áður yfirlýstan vilja Alþ. Um 7. brtt. þarf ég ekkert að ræða. Hún skýrir sig sjálf. En ég vil geta þess, að inn í hana hafa slæðzt villur á þskj. Þar stendur „kauptúns" á tveim stöðum í síðustu málsgrein, en á að vera kaupstaðar.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. N. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Hv. 1. þm. Skagf. gat ekki orðið samferða okkur hinum nm. Flytur hann brtt. við frv., sem eru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi er það, að framlag til raforkumannvirkja skuli ekki koma frá viðkomandi héruðum, heldur skuli mannvirkin að öllu leyti kostuð af ríkinu. Önnur brtt. er á þá leið, að söluverð á raforku skuli vera það sama um allt land, þar sem héraðsrafveitur ríkisins ná yfir. 3. brtt. er flutt í áróðursskyni og virðist varla eiga heima í þessu frv.

Ég skal nú víkja svolítið að þessum brtt. og sýna fram á, að þær beri ekki að samþ.

Hv. þm. taldi, að ríkinu bæri að standa straum af stofnkostnaði héraðsrafveitna ríkisins, og það einkum vegna þess, að þær yrðu reknar af ríkinu. Ég tel þetta ekki rökrétt hjá hv. flm., því að héraðsrafveiturnar verða fyrst og fremst settar á stofn þar, sem aðrir verða ekki til að virkja, og það, að ríkið gengst fyrir því, er gert að miklu leyti til að spara útgjöld við stjórn og þess háttar, þar sem gert er ráð fyrir, að þessar rafveitur eigi yfirleitt erfitt uppdráttar. Þess vegna hleypur ríkið þar undir bagga að því leyti að taka að sér stjórnina, leggur til verkfræðinga og sérfræðinga, sem rafveitan gæti ekki borið sjálf. Þetta er sem sagt gert í þeim tilgangi að létta undir með héraðsrafveitum ríkisins, en héraðsrafveitur ríkisins koma fyrst og fremst að gagni íbúum þess héraðs, sem rafmagninu er veitt um. Þess vegna er það ekki nema sanngirniskrafa, að ef ríkið leggur í að styrkja íbúa þessa héraðs til þess að koma upp rafveitu til aukinna lífsþæginda og betri afkomu, að íbúar þeir, sem verða aðnjótandi þessara hlunninda, taki þátt í þessu eftir fjárhagslegri getu sinni. Það er líka sanngirniskrafa, að fram komi tillag frá héraði, því að ef þess er krafizt, að viðkomandi hérað leggi fram nokkurt fé á móti í stofnkostnað, þá verður það til þess, að kröfum af hendi héraðsins verði meir stillt í hóf.

Þá er enn eitt atriði í sambandi við 26. gr., sem hv. þm. vill láta fella niður, en það er það, að sýslun. getur bundið framlag úr sýslusjóði við tiltekið mannvirki og þannig ráðið því, í hvaða mannvirki verður ráðizt. Þetta skapar þeim ábyrgð, og þeir sjá um það, að ekki verði lagt í annað en það, sem þeir hafa áhuga á og aðkallandi þörf er fyrir. Ég held, að brtt. hv. þm. verði ekki til að flýta fyrir, að rafveitur í sveitum komist upp, heldur þvert á móti. Í 26. gr. frv. er svo gert ráð fyrir, að áður en ráðizt er í héraðsrafveitur, skuli gera áætlanir um þessi mannvirki, en við þeirri gr. vill hv. þm. ekki hreyfa. Þar er gert ráð fyrir, að ekki megi leggja út í mannvirkið, nema sýnt sé, að það geti borið sig með þeim fjárframlögum, sem til mannvirkisins eiga að koma. En ef héraðsbúum er meinað að leggja fram fé til mannvirkisins, þá þarf meira að koma frá ríkinu og því ólíklegra, að í mannvirkið verði ráðizt. Það væri ekki ólíklegt, að héraðsbúar vildu einmitt leggja eitthvað af mörkum til að hrinda þessu máli af stað.

Önnur brtt. er sú, að verðið skuli ákveðið það sama um allt land. Þetta var einmitt þungamiðjan, eitt aðalatriðið hjá flm. raforkulagafrv. í fyrra. Flm. vildi leggja mikið upp úr því, að þetta atriði væri yfirlýstur vilji Alþ. frá því 1942. Og hv. flm. sagði, að þegar hver einstaklingur ætti að standa við orð sín, þá bæri ekki sízt Alþ. að gera það. Nú mun ég sýna fram á það, þótt ég hafi gert það í fyrra, að það er vont að binda verðið svona. En hvers vegna skyldi Alþ. standa við einhverja yfirlýsingu, ef reynslan sýnir, að annað er betra og réttara? Ég sé ekki, að þetta út af fyrir sig sé nokkur rök í þessu

máli. Till. gengur í þá átt, að verð raforkunnar skuli vera hið sama um allt land og ekki hærra utan kaupstaða en íbúar kaupstaðanna þurfa að greiða fyrir raforku að meðaltali. Samt er sagt, að eigi að semja gjaldskrá um raforkuna. Ég verð að segja, að það er þokkalegt verk, þegar það er vitað, að kaupstaðirnir hafa hver sína gjaldskrá, sem eru mjög mismunandi. Um þetta atriði verður að setja flókið reglugerðarákvæði, er sýni, hvernig reikna eigi þetta út. Hér er líka um tvö ólík orkukerfi að ræða, og krefjast þau ólíkra gjaldskráa. Það kemur til af því, hvernig vinnsla orkunnar er nátengd notkun hennar. Úr því búið er að tengja þetta við notkun raforkunnar, þá getur orkuverið ekki takmarkað orkuna á annan hátt en með gjaldskránni, sem getur leitazt við að beina orkunotkuninni inn á vissar brautir, hvar og hvernig orkan er notuð. Við skulum taka til dæmis Reykjavík og Akureyri annars vegar og Siglufjörð og Ísafjörð hins vegar. Þessir staðir hafa ólík orkuver að því leyti, að Reykjavík og Akureyri byggja ekki sín orkuver á miðlun, en hin gera það. Reykjavík hefur mest gagn af því að geta selt raforkuna sem jafnast allan sólarhringinn. En orkuverin á Siglufirði og Ísafirði byggja allt á miðlun og hafa því engan hag af að selja orku á næturnar. Þau orkuver geyma vatnið til næsta dags og selja orkuna þá. Og gjaldskrárnar bera þess ljós merki. Til dæmis selur Reykjavíkurbær rafmagn fyrir um 3½ eyri kw. á næturnar og Hafnarfjörður fyrir 3 aura og Akureyri fyrir 3 aura líka. En á Siglufirði er ódýrt rafmagn ekki selt á næturnar. Mér er ekki kunnugt um verðið á Ísafirði, en mér er kunnugt um, að takmörkunin er sú, að selt er til hitunar, en með reglugerð er leyfilegt að breyta því verði hvenær sem er. Ef litið er á gjaldskrárnar, þá eru þær afskaplega mismunandi. Í Vestmannaeyjum er ljósarafmagn selt á kr. 1,25, en í Reykjavík á 75 aura o. s. frv. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvernig hv. frsm. hugsar sér, að þetta landsverð væri ákveðið. Og hvers vegna á endilega að binda landsverðið í sveitunum? Hvers eiga Vestmannaeyjar að gjalda, sem selja rafmagnið á 1,25? Því ekki að binda kaupstaðina við sama raforkuverð? Það segir sig sjálft, ef á að ráðast í að gera mannvirki fyrir héraðarafveitur ríkisins, þá verður að byggja á einhverri gjaldskrá. Ef þessi héraðarafveita ríkisins er nálægt kaupstað, þá liggur í augum uppi, að verðið hlýtur að verða að vera svipað og í kaupstaðnum. Ef gjaldskráin er þannig úr garði gerð, að verðið væri hærra, mundi það leiða til þess, að fólk mundi draga við sig að kaupa rafmagnið, en það mundi það ekki gera, ef verðið væri svipað. Annars álít ég það líklegt, að verðið yrði jafnað með tímanum. Svo vil ég benda á eitt varðandi það, ef verðið er bundið það sama í sveitunum sem kaupstöðunum. Það er vitað, að veitur í þéttbýli eru ódýrari en í dreifbýli. Það segir sig því sjálft, ef binda á verðið viðkomandi veitum, sem um sveitirnar eru lagðar, þá yrði það til þess, að þær yrðu enn meir þurfandi fyrir styrk og því yrði síður ráðizt í að gera þær. Ég læt þetta nægja um þessa hlið málsins.

Síðasta lið brtt. vil ég svo leyfa mér að lesa með leyfi hæstv. forseta:

„Svo fljótt sem verða má, eftir gildistöku laga þessara, skal lokið rannsóknum á því, hvernig bezt verði fullnægt raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, og skal raforkumálastjóri gera áætlanir um framkvæmdir."

Þetta er fyrri partur till. og fjallar um undirbúning áætlunarinnar, sem frv. gerir ráð fyrir. Og við því er ekkert að segja.

Seinni parturinn hljóðar svo:

„Skulu áætlanir þessar miðaðar við það, að rafveitur ríkisins komi upp orkuverum og háspennulínum á árunum 1946—1955, er nægi til þess, að í lok þess tímabils geti sem flestir íbúar hverrar sýslu og hvers kauptúns fengið keypta raforku innan sýslunnar eða kauptúnsins, er fullnægi orkuþörf þeirra fyrst um sinn."

Þetta er hreinn áróður, sem ekki á heima í þessu frv. Það væri miklu réttara fyrir hv. flm. að búa til úr þessu þáltill., sem væri þannig úr garði gerð, að hún væri ekki brosleg, og flytja hana í Sþ. Sþ. hefur verið og er notað til þess að ræða áróðurstill., án þess þó að ég ætlist til, að hv. þm. geri þetta. Mér finnst þessi till. ekki eiga heima í þessu frv.

Sigurður Þórðarson: Hv. 11. landsk. hefur lýst málinu frá sínum bæjardyrum, og átti ég þess nokkra von, að hann talaði í þá átt, sem hann gerði. Ég hafði komizt á snoðir um það í iðnn., að hann leit svona á málið. Nú er ekkert við því að segja, þótt hér rísi upp ýmis sjónarmið í þessu máli sem öðrum málum. En ég verð að játa, að ég varð dálítið hissa á málflutningi hv. þm. Ég ætla að fara um þetta fáum orðum.

Hv. þm. minntist á framlög sýslusjóða til héraðaveitna og sagði, að hann liti svo á, að þau þyrftu að vera sem nauðsynlegur hemill á kröfur um framkvæmdir. Og í öðru orðinu er líka þess látið getið, að niðurfelling þessa framlags mundi tefja fyrir framgangi málsins í heild. Þessu er ekki hægt að koma heim og saman. En sleppum þessu. Það, sem ég sagði um niðurfellingu framlags sýslusjóða til rafveitnanna, var, að óviðkunnanlegt væri, að ríkið tæki að sér einkarétt á rekstrinum og héruðin hefðu ekkert með stjórn fyrirtækjanna að gera. Ég sagði, að mér fyndist það óvenjulegt og hjákátlegt, að ríkið gæti krafið héruðin um fjárframlag til héraðaveitnanna, þar sem þau hefðu ekkert með stjórnina að gera og um hreinan ríkisrekstur væri að ræða. Þegar ríkið tekur málið í sínar hendur, verður það að standa straum af kostnaði fyrirtækjanna. Allt samkrull í þeim efnum er óviðkunnanlegt. Það er einnig vitað, að sýslusjóðir hafa ekki yfir miklum gjaldastofnum að ráða, og það er augsýnilega fjárhagsgetu þeirra um megn að leggja fram stórfé í þessu skyni. Þetta mál hefur verið hugsað þannig, frá því yfirlýsingin var gefin 1942, að ríkið hlypi undir bagga og leysti málið með hagsmuni alþjóðar fyrir augum. Þannig stendur málið enn, og ég reyndi að undirstrika, að það væri óhugsanlegt, að Alþ. hlypi frá þessari yfirlýsingu. Hv. 11. landsk. sagði, að Alþ. ætti að standa við orð

sín, nema ef upplýstist, að annað væri réttara. Og hvernig getur annað verið réttara en að standa við orð sín? Mér skildist á hv. síðasta ræðumanni, að Alþ. væri leyst frá fyrri skuldbindingum sínum, og því væri rétt, að verðið væri misjafnt í landinu. Ég veit, að hv. þm. álítur það rétt, að raforkuverðið sé misjafnt í landinu, hærra þar, sem lífsbaráttan er erfiðari. En þetta er hans eigið sjónarmið. En flestir sanngjarnir menn, sem hugsa um málið frá þjóðhagslegu sjónarmiði, álíta, að réttast sé, að þessi lífsgæði séu seld með sem jöfnustu verði, hvar sem er á landinu. Það er óhugsanlegt, að Alþ. hlaupi frá yfirlýstum vilja sínum frá 1942, þar sem segir, að raforkan verði ekki seld hærra verði í sveitunum en í stærri kaupstöðum á hverjum tíma. Það hafa engar breytingar orðið síðan þessi yfirlýsing var gerð, sem valda því, að annað sé nú uppi á teningnum í þessu máli.

Hv. 11. landsk. sagði, að sér fyndist ómögulegt að selja raforkuna með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv. mþn. í raforkumálum, þ. e. að selja raforkuna út um land á sama verði og í stærstu kaupstöðunum. Þetta fyrirkomulag átti að vera svo flókið. Ég verð að segja það, að mér finnst einkennilegt, að nokkur maður skuli geta borið sér þetta í munn. Hvers vegna er þetta ekki hægt? Hvers vegna ætti ekki að vera hægt að selja raforkuna út um hinar dreifðu byggðir á sama verði og í kaupstöðunum? Ég get ekki skilið, að þetta þurfi að vera svo flókið. Hér er gert ráð fyrir einu kerfi, háspennulínum, sem tengdar eru um allt landið. Með því móti flýgur raforkan um allt landið eftir því, sem þörf er fyrir hana, og verður seld á jöfnu verði.

Ég kom inn á það í ræðu minni í gær, að það væri ákaflega hættulegt, að lífskjörin væru mjög mismunandi í landinu, því að þá hlyti fólkið að streyma þangað, sem mest er gert fyrir borgarana. Þetta mundi hafa það í för með sér, að stærstu kaupstaðirnir mundu vaxa meir og meir, en það hefur sínar skuggahliðar, eins og við vitum allir. Ég álít, að þetta beri að athuga, þegar þessi mál eru rædd. Ef hvergi eiga að vera ódýr lífsgæði nema þar, sem þéttbýli er, þá leiðir það til þess, að fólkið flýr dreifbýlið. Þá hefur ríkisvaldið vanrækt að veita þessu fólki hjálp til þess að það geti starfað og búið að sínu.

Þá sagði hv. 11. landsk., að síðasti liður brtt. minnar á þskj. 171 væri áróður, sem ekki ætti við að flytja í Nd., og benti á, að flytja ætti hana í Sþ. Til samkomulags við hv. 11. landsk. ætla ég að gefa honum þetta eftir, ef hann vill gerast meðflm. till. í Sþ. En þessi brtt. er flutt í sambandi við þetta mál og á heima í Nd. og er alls enginn áróður. Þetta er skipulagsatriði varðandi framkvæmd málsins. Ég skil ekki hv. 11. landsk., sem er einn í þeim hóp, sem dýrkar Rússa. Þetta er þó aðeins 10 ára áætlun, sem ég legg til, að gerð verði á sama tíma og útvarpið í Moskva segir frá 10 ára áætlun þar í landi. Það ber ekki á því, að hv. 11. landsk. sé neitt hneykslaður á 10 ára áætlunum í Rússlandi, þó að hann telji það óhæfu og áróður, að á slíkt sé minnzt hér í sambandi við mesta nauðsynjamál Íslands. Þetta tek ég sem gaman, enda færði hv. þm. engin rök til stuðnings því að þessi brtt. væri áróður. Það eru bara hans orð, hans sleggjudómur.

Það, sem hv. 11. landsk. sagði um framlög sýslusjóða, álít ég rétt, ég álít þau muni tefja málið. Það er mjög hæpið, að sýslusjóðir geti lagt mikið af mörkum. Hins vegar veit málið að Alþ., sem hefur yfir að ráða miklu meira fé í hlutfalli við sýslufélögin. Ég legg því til, að þetta verði fellt niður úr frv. Ég er sannfærður um, að málið gangi greiðara fyrir sig, ef þessi tvískipting er ekki látin haldast og ríkið taki þetta allt að sér vegna nauðsynjar alþjóðar.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég hef minnzt á öll atriðin, sem hv. 11. landsk. bar fram á móti þessum breytingum mínum, sem margir standa að, þótt ég kalli mínar. Hann hrakti ekki rök mín að nokkru leyti eða þeirra manna, sem líta á málið eins og ég. En það eru þeir menn, sem fluttu frv. til raforkulaga á síðasta þingi. Þeir hafa líka mest um þetta mál hugsað, og þeirra rök munu standa óhögguð bæði af hv. 11 landsk. og öðrum þeim, sem vilja mæla þessu í gegn. Ég sé ekki nokkrar líkur til þess, að hv. Alþ. hafi skipt um skoðun í þessu máli. Það lýsti yfir skoðun sinni 4. sept. 1942. Og hún hlýtur að standa. Ég trúi ekki öðru, fyrr en ég tek á því.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hér liggja fyrir tvær brtt. við þetta frv., önnur á þskj. 175 frá iðnn. og hin frá hv. 1. þm. Skagf. á þskj. 171. Um brtt. á þskj. 175, frá iðnn., get ég verið stuttorður, því í henni felst ekki annað en það, sem bent var á hér við 1. umr. þessa máls, að það þyrfti að setja ákvæði um stöðu þeirra raforkuvera, sem nú starfa eða eru í smíðum, og heimila þeim að starfa áfram, eftir að l. þessi væru sett.

Um brtt. hv. 1. þm. Skagf. vildi ég segja það, að ég tel miður fara, að hann skuli vilja slá því föstu, að ekkert framlag skuli koma frá viðkomandi sveitarfélögum til móts við þau stórkostlegu útgjöld, sem ríkissjóður hlýtur að leggja á sig við framkvæmd þessara l. Það hefur engin heildaráætlun verið gerð um, hvað það mundi kosta að tengja raforkuveitur um land allt. Við vonum allir, að þetta megi takast og það fljótlega. Og við erum allir sammála um, að það muni kosta mikið, ekki tugi milljóna króna, heldur hundruð. Ég skal viðurkenna, að aðstaða landsmanna til að hagnýta sér raforkuna er misjöfn, og þótt eytt væri stórfé til að jafna þetta, er ekki hugsanlegt að selja orkuna við sama verði um allt land, og það er ekki sanngjarnt, að þegar ríkissjóður leggur fram stórfúlgur til að jafna þessi met, þá skuli héruðin ekki vilja koma á móti. Það hljómar fallega, að allir eigi að fá orkuna við sama verði, og skal ég koma að því síðar. Varðandi brtt. hv. 1. þm. Skagf. um söluverð raforku, þá tel ég alls kostar óframkvæmanlegt að hafa einn taxta á allri raforku, og stafar þetta af tekniskum ástæðum. Til eru tvær leiðir til þess, að allir fái rafmagnið við sama verði. Annaðhvort að ríkið greiði mismuninn að fullu eða að þeir, sem betri hafa aðstöðuna, greiði fyrir hina, sem verri hafa aðstöðuna. Að þessum leiðum athuguðum tel ég

ekki fært að setja 6. tölul. á þskj. 171 inn í frv., og mun ég þess vegna ekki greiða atkv. með þessari brtt. Ég hef nú að nokkru getið um helztu brtt., en vil geta lítillega um tvö atriði frá 1. umr., sem ég hafði búizt við, að bætt yrði um og ég mun flytja brtt. við, ef aðrir gera það ekki. Í. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sveitarfélög eða einstaklingar geti fengið leyfi til að reka raforkuver allt að 500 hestöfl. Þetta tel ég eftir atvikum rétt að hækka upp í 1000 hestöfl, svo að ekki þurfi stöðugt nýjar lagaheimildir hér um. Hitt atriðið er, að mér finnst of mikill munur gerður á héraðsrafveitum, sem reknar eru af ríkinu, og öðrum héraðsrafveitum, þar sem ríkið veitir enga aðstoð í öðru tilfellinu, en leggur fram ⅔ stofnkostnaðar í hinu tilfellinu. Afleiðingin af þessu verður sú, sem þegar er farið að koma í ljós, að fram koma kröfur um ábyrgð ríkissjóðs fyrir því nær öllum kostnaði rafveitnanna. Ég hefði viljað slá því föstu, að ríkinu yrði heimilað að ábyrgjast ⅔ fyrir báða þessa aðila. Með því væri báðum gert jafnhátt undir höfði.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði hér áðan, að sýslusjóðirnir hefðu lítið fé til umráða. En ég vil benda á það, að hér í bæjunum er sá háttur hafður, að greitt er heimtaugargjald, þegar tengt er við í hverju húsi. Þannig mætti líka fara að í sveitunum og fá á þennan hátt verulega upphæð.

Viðvíkjandi því, að Alþ. hafi gengið á fyrri orð sín með því að ákveða ekki sama verð á raforku um land allt, þá segir svo í þáltill. 4. sept. 1942, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna nefnd, er geri till. um fjárframlög til þess að byggja rafveitur í því skyni að koma nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar í allar byggðir landsins á sem skemmstum tíma, enda verði raforkan ekki seld hærra verði í sveitum landsins á hverjum tíma ....“ o. s. frv. Í þessari till. fólst það, að n. ætti að gera till. um fjárframlög, en það gerði hún aldrei. Þær fjáröflunarleiðir, sem áttu að gera þetta mögulegt, fundust aldrei. Þess vegna tel ég, að ekki sé gengið á nein orð né samninga í þessu efni. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til, að ég blandi mér frekar í þessar umr. Mér þykir vænt um, að samkomulag hefur náðst um aðalatriði, þótt deilt sé um aukaatriði.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Ég þarf ekki að svara miklu ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hæstv. ráðh. hefur gert það, en ég vil taka það fram varðandi sum þau atriði, sem hann minntist á, að ég leyfi mér fyrir hönd iðnn. að heita því, að þessi atriði skuli rædd við hæstv. ráðh. Og ég skal jafnframt viðurkenna, að ég get fallizt á sum rök þessa hv. þm.

Sigurður Þórðarson: Hæstv. samgmrh. hélt fast við það ákvæði, að sýslusjóðirnir skyldu greiða ⅓ af stofnkostnaði rafveitnanna, og benti á heimtaugargjöldin í því sambandi. En þar er ólíku saman að jafna, og það vænti ég, að hæstv. ráðh. viti.

Það eru ekki neinir auðmenn, sem eru útverðir íslenzks landbúnaðar og berjast þar erfiðri lífsbaráttu. Það er óhugsandi, að nokkuð verulegt fé fáist á þennan hátt, og segi ég það ekki af því, að mér sé ekki ljóst, að hæstv. ráðh. og allir þm. vita þetta. Hér er um það að ræða að leggja rafmagn út um landið til að hamla því, að sveitirnar leggist í auðn. Alþ. hefur sjálft markað leiðina í þessu máli, eins og heyra mátti af því, sem hæstv. ráðh. las hér upp, þótt hann vilji nú víkja undan þeirri ákvörðun á þeim grundvelli, að mþn. hafi ekki bent á leiðir til fjáröflunar. En ég vil benda á það, að samkv. þessu frv. eru ekki farnar aðrar leiðir en þær, sem mþn. benti á. Þess vegna er óhugsandi að víkja sér undan þessu á þeim grundvelli. Enginn hefur enn þá borið fram gild rök fyrir því, að þessar framkvæmdir geti ekki borið sig í heild. Rafmagnið skapar óþrjótandi möguleika. Og jafnvel þótt hallarekstur yrði í fyrstu, þá er það svo um fleira, t. d. dómgæzlu o. fl. Á þetta mál ber að líta frá sjónarmiði alþjóðar, og þótt tölur kynnu í fyrstu að sýna halla, þá yrði samt sparnaður, þegar á allt er litið og metin eru lífsgæðin og framfaramöguleikarnir, sem þessu fylgja. Jafnframt er á þennan hátt hægt að afstýra þeim þjóðarvoða, sem stafar af því, ef sveitirnar leggjast í auðn. Ég hygg, að ómögulegt sé á nokkurn hátt að mæla því bót, að Alþ. skipti um skoðun í þessu máli, og vonbrigði manna yrðu mikil, ef svo færi. — Ég skal svo ekki orðlengja hér frekar, nema sérstakt tilefni gefist.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann telur, að heimtaugargjaldið yrði lélegur tekjustofn, en þetta gjald nemur einatt í bæjum þúsundum króna, og ég sé ekki ástæðu til, að heimtaugargjaldið verði haft lægra þar, sem kostnaðurinn við rafveiturnar er meiri. Um hitt atriðið, að söluverð raforku skuli alls staðar vera hið sama, þá vil ég endurtaka það, sem áður hefur verið bent á, að slíkt er ekki framkvæmanlegt af tekniskum ástæðum, en þetta fer einkum eftir því, hvernig orkuverðið er byggt upp.

Ég get ekki fallizt á, að Alþ. hafi slegið nokkru föstu um söluverð rafmagns til landsmanna. Samþykkt sú, sem gerð var, miðaði einungis að því, að rannsókn væri látin fram fara varðandi þessi mál.

Sigurður Þórðarson: Fáein orð vildi ég segja út af ræðu hæstv. ráðh. Ég get ekki komið auga á þá tæknisku örðugleika, sem eiga að vera því til fyrirstöðu, að sami taxti sé á öllu rafmagni. Og fram hjá því kemst hæstv. ráðh. aldrei, að Alþ. hefur samþ. ályktun hér um, sem hlýtur að gilda. En það er ætíð svo, þegar menn ætla að ganga á gefin heit, þá segja menn, að kringumstæður hafi breytzt. En síðan þessi samþykkt var gerð hefur ekkert breytzt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil bara svara hv. þm. Skagf. með því að spyrja hann, hvernig hann hygðist framkvæma sína till., ef hún yrði samþ. (*SkG:* Það stendur, að fara skuli eftir meðaltali.) Ég hygg, að erfitt gæti orðið að

finna það meðaltal. (*SkG:* Geti verkfræðingar ekki reiknað það út, þá geta aðrir það.) Ég hygg nú samt, að hv. þm. V.-Húnv. mundi veitast það fullerfitt, a. m. k. treysti ég mér ekki til þess.

ATKVGR.

Brtt. 175,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 175,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
8.—13. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
14.—21. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 171,1 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvbH, BK, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG.
nei: ÁS, ÁkJ, EOl, EmJ, GÞ, HB, JJós, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, STh, StJSt.
BG greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁÁ, BÁ, FJ, GTh, PO, SB, SK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Sveinsson: Ég hef, eins og áður hefur fram komið, verið fylgjandi allsherjar rafveitukerfi, en mér eru vonbrigði nokkur að þessu frv. og þykir það ekki uppfylla þær vonir, sem sá flokkur, er ég tilheyri, hafði gefið. Nú þótt þessar brtt. séu hvergi nærri fullnægjandi, sé ég mér ekki annað fært en vera með þeim og segi því já.

25. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 171,2—5 teknar aftur.
26.—29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 171,6 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvbH, BK, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG.
nei: ÁS, ÁkJ, EOl, EmJ, GÞ, HB, JJós, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, STh, StJSt, BG.
7 þm. (ÁÁ, BÁ, FJ, GTh, PO, SB, SK) fjarstaddir.
30.—31. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
32.—38. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
39.—43. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
44.—45. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 171,7 felld með 14:12 atkv.
46.—57. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 40., 41., 42., 46. og 47. fundi í Nd., 27. 28., 29. og 30. nóv., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 212, 213, 216, 226, 232, 233, 266).

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Það liggja fyrir margar brtt. til 3. umr. Kom iðnn. sér saman um að flytja nokkrar brtt. á þskj. 266, sem hún leggur til, að verði samþykktar. N. leggur einnig til, að samþ. verði brtt., sem flutt er af hv. 2. þm. Skagf. á þskj. 226, en um hinar brtt. varð ekki samkomulag.

N. hefur komið sér saman um að leggja til, að gerð verði breyt. á 1. gr. frv., þar sem ákveðið er, að ríkinu einu sé heimilt að reisa og reka orkuver, sem séu stærri en 100 hestöfl, en þeim, sem eiga og reka eða eiga í smiðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, sé þó heimilt að reka þau áfram og auka þau allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda er það skilyrði sett fyrir þessu, að eigendur sendi uppdrætti og greinargerð um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna. Ef þessi brtt. yrði samþ., mundi hún t. d. hafa það í för með sér, að Akureyrarkaupstaður gæti lokið við virkjun á þeim stað, sem nú er virkjaður í Laxá, eins og fyrirhugað hefur verið, t. d. með því að bæta við nýrri vélasamstæðu. Með því að uppfylla það skilyrði, sem ráðherra setur, væri þetta sem sagt leyft. Má segja, að þetta sé í samræmi við anda frv., því að yfirleitt hefur verið gert ráð fyrir því, að þeim stöðum, sem þegar hafa hafizt handa í þessum málum, verði leyft að halda áfram á þeirri braut.

Þá hefur n. enn fremur komið sér saman um að flytja einnig þá brtt. við 1. gr. frv., að ráðh. sé heimilt að fengnum till. raforkumálastjóra að veita sveitarfélögum, einstaklingum eða félögum leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja raforkuþörf sinni. Með því að hækka þetta leyfi upp í 2000 hestöfl er séð fyrir brýnustu þörfunum utan þeirra staða, sem meiri hafa virkjanir. En hins vegar er þetta því skilyrði bundið, að þetta megi aðeins leyfa, ef rafveitur ríkisins eða héraðsrafveiturnar geti eigi eða óska eigi eftir að láta rafaflið í té. Segjum t. d., að það geti komið fyrir, að kaupstaðir eða þorp vilji virkja segjum 2000 hestafla stöðvar, en stjórnarráðið og rafveiturnar sjá aðra betri lausn og vilja því frekar draga úr því, að þetta verði framkvæmt. Þá finnst mér allar líkur benda til þess, að rafveitur ríkisins gætu þarna nokkru ráðið, hvað gert yrði.

Þá er það önnur brtt., sem er við 7. gr. Hún er aðeins til samræmis við þá brtt., sem flutt er við 1. gr., þ. e. 1. brtt. á þskj.

Næsta brtt. er sú, að á eftir 21. gr. bætist ný grein, þar sem ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast allt að ⅔ stofnkostnaðar fyrir héraðsrafveitur, með því skilyrði, að fyrir liggi samþykki raforkumálastjóra á öllu fyrirkomulagi og högun verksins hverju sinni. Þessa till. hefur n. tekið upp fyrir tilmæli hæstv. samgmrh., og liggur í augum uppi, að hún á heima hér í l. Eins og hv. þm. muna, þá liggja hér fyrir Alþ. till. til þál., sem fara í þá átt, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast stofnkostnað fyrir héraðsrafveitur, svo að þessi brtt. er fullkomlega eðlileg og til þess að létta störf þingsins að miklum mun, því að með þessu móti yrði ríkisstj. heimilað í eitt skipti fyrir öll að ábyrgjast þennan hluta stofnkostnaðar.

Þá er enn ein brtt. Hún er við 26. gr. l. og er um það, að framlag til héraðsrafveitna ríkisins verði minnkað úr helmingi á móti framlagi ríkis-

sjóðs niður í ⅓. Á þskj. 213 flytja tveir hv. þm. brtt. um að flytja þetta tillag niður í ⅕ af tillagi ríkissjóðs. Þessi till. n. er hrein samkomulagstill., og ég fyrir mitt leyti hefði fremur kosið, að þetta hefði verið óbreytt. Eins og hv. þm. er kunnugt, er ekki mikil reynsla í þessum málum, en mér þykir þó rétt að benda á, að þegar hér er gert ráð fyrir helmingi tillags móti helmingi tillags úr ríkissjóði, þá er hér ekki um helming eða ⅓ af stofnkostnaðinum að ræða, nema veiturnar geti borið sig að fullu. En séu þær styrkþurfi, þurfi helming af stofnkostnaðinum í styrk, þá þurfa þær að fá annan helminginn að láni, en hitt sem óafturkræft. Sem sagt, ég hefði fullt eins vel kosið, að þetta hefði staðið óbreytt í frv., en get þó fallizt á þetta til samkomulags, og reynslan verður að sýna, hvað er bezt.

Síðasta brtt. á þskj 266 er hreint formsatriði, sem ég hirði ekki um að ræða.

Þá minnist ég á aðra till., sem iðnn. hefur getað fallizt á, brtt. á þskj. 226 frá hv. 2. þm. Skagf. Hún er um það að fella niður, að sú veita skuli ganga fyrir að jöfnu, sem hæst framlag fæst til. Mér fyrir mitt leyti finnst það ekki skipta miklu máli, hvort þetta er fellt úr frv. eða ekki, og n. leit einnig eins á það mál.

Þá hef ég rætt um þær till., sem n. gat orðið sammála um og mælir með, að verði samþ. Kem ég þá að brtt. á þskj. 233, frá 1. þm. Árn. og 2. hv. þm., um það, að heildsöluverð til rafveitna ríkisins skuli vera sama um allt land. N. var klofin um þessa till., meiri hl. vildi fella hana. Ég læt þetta nægja, en legg til f. h. meiri hl. iðnn., að till. verði felld.

Þá eru eftir 2 till., önnur á þskj. 216, en hin á þskj. 232. Brtt. á þskj. 232 er við brtt. á þskj. 216 frá hv. þm. A.-Húnv. (JPálm). N. gat ekki orðið sammála um þessar till. Meiri hl. vildi fella þær, en minni hl. samþ. Eins og till. bera með sér, þá er hér um það að ræða, að ef einstakir bændur eða fleiri menn saman vilja reisa raforkustöðvar til heimilisnota, þá skuli heimilt að veita allt að ⅘ kostnaðar að láni úr raforkusjóði, og er lánstíminn ákveðinn 30 ár. Þessar till. fara mislangt. Að því leyti fer till. á þskj. 216, frá hv. þm. A.-Húnv., lengra en hin till., að það er ekki tekið fram, til hverra tegunda raforkustöðva hún nær. Hún nær því yfir allar tegundir raforkustöðva, hvort sem um er að ræða vatnsorku eða mótorstöðvar, og eins nær hún yfir þær stöðvar, sem liggja innan við þau svæði, sem héraðsrafveitur ríkisins annars ná yfir. Að þessu leyti fer þessi till. lengra en hin, en á hinn bóginn skemmra, því að þarna er aðeins um heimild að ræða, en í hinni brtt. á þskj. 332 er ákveðið, að lán skuli veitt, ef farið er fram á það. Báðar till. eiga það sammerkt að því leyti, að vextir af lánum eru ekki í samræmi við 38. gr. frv., þar sem ákveðið er, að vextir megi vera allt að 2½% lægri en víxilforvextir í Landsbanka Íslands. Þarna gætir ósamræmis. Mér finnst satt að segja, að efni þessara till. eigi ekki heima í þessu frv. Mér finnst fyrst og fremst, ef þetta verður samþ., að það yrði ekki til þess, í bili að minnsta kosti, að ráðizt yrði í almennar veitur, heldur hitt, að einstakir bændur tækju til að virkja hjá sér einum saman, hver út af fyrir sig. Með því er ekki ýtt undir sameiginleg átök, heldur þvert á móti. Í öðru lagi finnst mér það sérstaklega athugunarvert, að það er alls ekki vitað, ef þetta verður samþ., hve langt það getur farið. Ef við athugum það, að á öllu landinu eru 6 þús. býli, og ef við hugsum okkur, að viss fjöldi þeirra, — og til að vera sanngjarnir skulum við segja, að ef 100 bændur hefjast handa um virkjanir, þá er hér orðið um allverulega upphæð að ræða, eða lauslega áætlað 2—2½ millj. kr., sem raforkusjóður yrði svo að lána til að ⅘ hlutum, eða um 1½ millj. kr. Ég hygg, að lítil not yrðu að raforkusjóðnum, ef hægt á að vera að opna hann upp á gátt. Ef bændur gætu gengið í sjóðinn, þá yrði hann fljótt étinn upp. Svo er það enn eitt, sem báðum þessum till. er sammerkt, að það er ekki ætlazt til þess í þeim, að tryggging komi fyrir lánum. Getur þetta stafað af yfirsjón hjá flm., en það er ekki getið um neinar tryggingar fyrir lánum úr sjóðnum. Það eina, sem talað er um, er það, að mannvirkið sé vel gert að dómi rafmagnseftirlits ríkisins. Mér finnst, að það, sem hér um ræðir, standi miklu nær því, að annar sjóður sæi fyrir þessum þörfum, sem kunna að vera fyrir hendi, t. d. einhver sjóður, sem lánar út á byggingar í sveitum, og mér er kunnugt um það, að nýbyggingarráð hefur á prjónunum frv., sem einmitt felur þetta í sér. Finnst mér rétt, að þetta yrði sérstakur sjóður, og auk þess tel ég, að ekki sé fullrannsakað, hve langt þetta getur náð, til þess að rétt sé á þessu stigi málsins að samþ. þetta. Ég vil benda á till. til þál., sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) flytur, þar sem farið er fram á, að ríkisstj. athugi, hvernig megi ráðleggja bændum að koma sér upp mótorstöðvum. Mér finnst miklu réttara, að þetta mál sé tekið upp á þennan hátt, því að hér vantar athugun, áður en lögbundið er að fara þessa leið, sem hér er um að ræða.

Pétur Ottesen: Ég vil byrja með því að þakka iðnn. þær till., sem hún gerði við 2. umr. þessa máls út af framkomnum óskum frá mér og hv. þm. Mýr. (BÁ). Við fórum fram á það við n., að hún breytti 1. og 7. gr. frv. þannig, að Andakílsárvirkjunin hlyti sömu réttindi eins og Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður, að því er tekur til þess, að þessir staðir fá sjálfir að reka áfram þau orkuver, sem þeir hafa komið upp hjá sér. N. tók þessi tilmæli til greina á þann hátt, sem við fórum fram á, og hv. d. samþ. þær till., sem n. bar fram hér að lútandi. Nú hefur iðnn. aftur breytt nokkuð þessum báðum greinum, 1. og 7. gr. þessa frv. Breyt. á 1. gr. raska engu um það, sem sett var inn í þá gr. við 2. umr., að því er Andakílsárvirkjunina snertir, heldur eru það breyt. almenns efnis, sem þeir leggja nú til, að gerðar verði. Aftur á móti virðist mér eða okkur hv. þm. Mýr. nú, að breyt., sem þeir eða n. leggur til, að niður séu felld orðin samkv. 2. brtt. á þskj. 266: „eiga nú, eða hafa þegar hafið byggingu á," en í þess stað komi: eiga og reka skv. 1. gr. — okkur virðist, að þessi breyt. sé ekki í samræmi við ákvæði 1. gr., að því er Andakílsárvirkjunina

snertir, því að sú virkjun er á því stigi, að það er aðeins verið að hefja byggingu hennar, og má segja, að hún geri hvorugt, að „eiga eða reka“ slíkt orkuver, sem um er að ræða, heldur sé verið að koma sér upp slíku orkuveri fyrir atbeina þess félags, sem að henni stendur. Því virðist okkur betra samræmi í því að orða þetta þannig, þegar miðað er við, hvernig ástatt er fyrir þessu fyrirtæki, þegar l. taka gildi, þá er réttara að orða þetta þannig í 2. lið brtt.: „eiga og reka, eða eiga í smíðum skv. 1. gr.“ Þá fellur þetta saman við ákvæði 1. gr., eins og þau eru orðuð nú. Við hv. þm. Mýr. höfum komið okkur saman um að bera fram skriflega brtt., sem hnígur í þá átt, sem ég hef nú lýst. Ég hef borið það undir hv. frsm. n. (STh), og virtist hann ekkert hafa við það að athuga, enda má segja, að þetta sé ekki efnisleg breyt., en að það falli betur saman við efni þessarar 2. gr. með því að orða þetta svo, þegar miðað er við það, hvernig framkvæmd Andakílsárvirkjunarinnar stendur á þeim tíma, þegar þessi l. taka gildi. Ég mun svo síðar afhenda hæstv. forseta þessa brtt., sem við hv. þm. Mýr. vonum, að geti orðið samkomulag um.

Ég skal nú ekki fara langt út í að ræða þetta mál eða einstakar brtt., sem hér liggja fyrir. Þær brtt., sem hér liggja fyrir, ganga aðallega í þá átt að rýmka nokkuð til og greiða fyrir framkvæmdum í raforkumálum einmitt úti um landsbyggðina, þar sem mestir erfiðleikar eru á því vegna kostnaðar að koma þessum málum í framkvæmd, auk þess sem þessar brtt. miða einnig að því, að þetta verði í rauninni að því leyti eitt og sama kerfi, og að þeir menn, sem búa við betri skilyrði til að hagnýta sér orkuna, láti nokkuð af mörkum til hinna, sem búa við erfiða aðstöðu og hafa vitanlega eins mikla þörf til að geta hagnýtt sér orkuna og þeir, sem búa nú í kaupstöðum og kauptúnum landsins eða í þéttbýlinu, eins og það er kallað, og liggja miklu betur við til að hafa not af raforkunni. Ég verð að segja það, að ég er með þessum brtt., því að þær eru mjög að mínu skapi, og ég mun þess vegna greiða þeim atkvæði og tel, að þær séu yfirleitt til mikilla bóta á því frv., sem hér liggur fyrir, og að með þeim sé stefnt í rétta átt til þess að koma á sem jafnastri hagnýtingu raforkunnar. Þó verð ég að segja, að mér finnst æðimikill munur á brtt. á þskj. 216, frá hv. þm. A.-Húnv. og brtt., sem þeir flytja 3 hv. þm., 1. þm. Árn., 1. þm. Skagf. og þm. V.-Húnv. á þskj. 232, því að þeir gera ráð fyrir því, að sá stuðningur, sem hér er um að ræða, sé miðaður við að koma þeim að haldi, sem eru utan þeirra svæða, sem ætlazt er til, að sú sameiginlega framkvæmd í þessum málum taki til. Mér finnst, að samkv. brtt. hv. þm. A.-Húnv., þá gæti það orðið til trafala og skaða fyrir þá menn, sem þar eru, ef farið væri að reisa mikið af sérstökum stöðvum, hvort sem það eru vatnsorkustöðvar eða mótorstöðvar, sem hv. frsm. n. taldi, að gætu rúmazt innan þessara till., þá gæti það orðið til þess að tefja fyrir framgangi þessa máls, þegar til framkvæmda ríkisins kæmi, því að þá væri búið að binda svo og svo mikið fé í rafstöðvum, sem reistar hafa verið fyrir einn og einn bæ. Það er hyggilegt að gera þetta á þeim grundvelli, sem hv. 1. þm. Árn. og fleiri leggja til með brtt. á þskj. 232. Mér finnst, að þeir menn, sem eru nú utan þeirra svæða, sem heildar-héraðsrafveitur verða lagðar um, eigi líka fullan rétt til þess, að það sé litið á þeirra nauðsyn, þó að það verði að framkvæmast með öðrum hætti en þeim, sem gert er ráð fyrir með héraðsrafveitunum. Þess vegna finnst mér líka eðlilegt, að jafnframt því, sem gert er ráð fyrir að greiða fyrir héraðsrafveitunum með sameiginlegu átaki ríkisins og viðkomandi aðila, að á þeim svæðum, sem eru þar fyrir utan, verði einnig sýnd veruleg hjálp þeim mönnum, sem þar búa, til að hagnýta sér rafmagnið skv. því, sem lagt er til í þessari brtt. Það getur vel verið rétt, sem hv. frsm. hefur bent á, að það eigi ekki heima í l. að ákveða vextina af þeim lánum, því að í heildarlöggjöfinni skilst mér, að ekki sé farið inn á það atriði, heldur að lánin skuli veitt úr raforkusjóði. Um þetta atriði skal ég ekki deila. En ég vil sem sagt leggja áherzlu á það, að jafnframt því, að heildarlöggjöf verður sett um þetta, þá sé sett inn í l. ákvæði um það, að sýnd verði viðleitni til að hjálpa þeim mönnum, sem búa á hinum afskekktu stöðum, og greiða götu þeirra til að geta hagnýtt sér rafmagnið. Það er enn fremur hér með tvenns konar hætti létt nokkuð undir skv. þessum brtt., með því að koma upp héraðsleiðslum út um héruðin yfirleitt. Það er fyrst og fremst gert með þessum brtt., því að eins og þetta frv. ber með sér, að þar er ekki gert ráð fyrir því, ef einstakir menn eða félög standa fyrir þessum héraðsveitum, að þeir fái neinn stuðning af hálfu ríkisins til þess að koma þessu upp. En skv. till. n. er gert ráð fyrir því, að þeir fái ríkisábyrgð fyrir ⅔ hlutum af stofnkostnaðinum, og er það vitanlega allmikilsverður stuðningur í þessu efni. Hins vegar er einnig gert ráð fyrir því með tvenns konar hætti í þessum brtt. að draga úr fjárframlagi, sem krafizt yrði af héruðum, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið hafi á hendi framkvæmd þessara héraðsveitna. N. leggur til, að í stað þess að héruðin leggi helming fram á móti ríkissjóði, þá leggi þau ekki nema ⅓ á móti, og skv. brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. A.-Húnv., er gert ráð fyrir, að þetta verði ⅕ á móti framlagi ríkissjóðs. Með báðum þessum brtt. er svo mikilsvert spor stigið í þá átt að greiða götu manna úti um sveitirnar til þess, að þessum málum verði hrundið í framkvæmd einnig hjá þeim. Mér skilst þess vegna, að þær brtt., sem fyrir liggja og vafalaust ganga fram og verða samþ. hér í hv. d., stefni að meira eða minna leyti til mikilsverðra umbóta á þessu frv. frá því, sem nú var gengið frá því við 2. umr., og ganga má einnig út frá því við þessa umr., að það verði betur úr garði gert að ýmsu leyti, að því er snertir hagnýtingu rafmagnsins úti um sveitir landsins, heldur en það var, þegar það var flutt hér í hv. d. Ég held þess vegna, að með þeirri löggjöf, sem vænta má, að verði sett um þetta efni, — og mér þykir sérstök ástæða til að þakka hæstv. samgmrh. fyrir lausn þessa máls, — að segja megi, að með því hafi verið

stigið giftudrjúgt spor til þess að hrinda áfram þessu mikla nauðsynjamáli okkar Íslendinga.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef ekki við meðferð þessa máls blandað mér í umr. eða tekið þátt í afgreiðslu þess að öðru leyti en því, að ég hef tekið þátt í atkvgr. við 2. umr. En mér varð það ljóst strax í fyrra, að þá yrði úr því skorið, þegar Andakílsárvirkjunin kæmi til meðferðar, hvernig meiri hl. lá hér á Alþ. varðandi þá stefnu, sem tekin var í frv., sem mþn. í raforkumálum flutti og hér var til meðferðar á síðasta Alþ. Nú hefði það náttúrlega verið eðlilegt og í samræmi við vilja þess meiri hl., sem að því stóð, að koma því frv., eins og það var úr garði gert, í það horf, sem var, og halda svo áfram á sömu braut. En það kom glöggt í ljós við 2. umr. þessa máls, að það voru drepnar allar þær till., sem voru í samræmi við stefnu þess frv., er mþn. hafði flutt og lagt til í tveimur höfuðatriðum, sem eru annars vegar það, að ríkið hafi með þessi mál að gera sem allra mest, og að hinu leytinu hitt, að rafmagnið yrði selt á sama verði hvarvetna á landinu. Nú hafa þær brtt. verið felldar hér, og gera má ráð fyrir því, að svo miklu leyti sem þær yrðu fluttar aftur, færi það á sömu leið með þær, og þess vegna gengur frv. fram, að brotin sé á bak aftur að miklu leyti sú stefna, sem lá til grundvallar fyrir okkar frv. Þar með er náttúrlega ekki úr því skorið, eða það vefengt, sem öllum má vera ljóst, að þrátt fyrir það, að frv. þetta, eins og það liggur fyrir, og ég legg til, að verði að l., er með því stigið mikilvægt spor í áttina til þess, að rafmagnsmálið komi til framkvæmda í okkar landi. En varðandi þessi atriðin, sem hér verður höfuðdeilan um, hvað snertir verðlag á rafmagninu og fjárframlög úr héruðunum, þá vil ég segja það, að mér er fyllilega ljóst, að þær framkvæmdir, eins og t. d. þjóðvegirnir og landssíminn, væru ekki komnar nærri því eins langt og þær eru, ef alltaf hefði átt að krefja ½ eða ⅓ af kostnaðinum frá héruðunum á móti ríkinu, og þó er þarna um dýrar framkvæmdir að ræða, þar sem eru þjóðvegir og sími, og þó er hitt víst, að framkvæmdir í rafmagnsmálunum eru það miklu dýrari, að enn minni von er til þess, að héruðin, eins og horfir um þeirra hag, verði vaxin því að leggja fram það fé, sem með þarf, til þess að anna því framlagi, sem farið er fram á eins og frv. er, og jafnvel þó að brtt. iðnn. yrðu samþ. Ég hef lagt fram eða stend að 2 brtt., annarri með hv. 2. þm. Rang. á þskj. 213 um að færa framlög héraðsveitnanna úr ½ niður í ⅓, og sé ég, að hún hefur þó haft þau áhrif á iðnn., að hún hefur til samkomulags gert till. um að flytja hlutföllin til þannig, að í staðinn fyrir ½ skal koma ⅓, og er það mikið spor í rétta átt, þó að það að mínu áliti fullnægi engan veginn til að mæta þeirri þörf, sem um er að ræða.

Hin till. mín er á þskj. 216, og hafa 2 hv. þm. talað að nokkru leyti á móti henni. Sé ég því ástæðu til að fara um hana nokkrum orðum. Þessi till. er beinlínis bundin við það, að búið er að brjóta þá stefnu, sem fyrir okkur vakti í mþn. í raforkumálum. Hún er bundin við þær vonir, sem menn geta gert sér úti á landsbyggðinni um að fá raforkuna frá almenningsveitum, en það lítur víða illa út með það, og má búast við, að þeim þyki langt að bíða eftir þeirri vissu, sem þeir í öllu falli ættu að fá um það, hvernig stefnt er að því í raun og veru, að fyrr eða síðar leggist meira og minna afskekktar byggðir blátt áfram í eyði, vegna þess að rafmagnið kemur ekki þangað. Nú vil ég segja það, að vegna þess að þetta stendur þannig, vegna þess að það fæst ekki fram, að raforkuframkvæmdum verði hagað eins og lagt var til við 2. umr., að aðalraforkuveitan verði miðuð við 10 ára framkvæmd, er augljóst, að þeir, sem einhverju ráða, hafa, hvort sem það eru einstaklingar eða heil héruð, farið að brjótast í því að útvega sér þessi lífsþægindi, ef þess er nokkur kostur, og þegar þannig er í pottinn búið, finnst mér mjög ósanngjarnt af hinu opinbera valdi að vilja ekki rétta þessum mönnum þá hjálparhönd að veita þeim lán með sæmilegum kjörum, betri en hægt er að fá í almennum lánsstofnunum, til þess að sinna þessum framkvæmdum. Hv. frsm. iðnn. var að tala um, að þetta gæti gengið nokkuð langt, ef þyrfti að lána í þetta kannske 1½ millj. kr., en ég segi, að þó að það væri 2½ millj. eða 3½ millj. kr., sem færi í slíkar framkvæmdir, þá gæti það borgað sig, ef slíkar rafveitur væru gerðar þannig úr garði, að þær gætu sinnt því hlutverki heimilanna, sem til er ætlazt. Ég hef fengið bæði bréf og skeyti frá samtökum og frá hinum og þessum mönnum víðs vegar að af landinu um það, að þeim þætti ákaflega óhyggilegt, ef farið yrði inn á þá braut, sem hér er farið inn á, og það væri engin hjálp rétt til þeirra einstaklinga, sem eru að brjótast í því að beizla raforkuna sér og sínum heimilismönnum og sveitum til gagns. Það er gefinn hlutur, að það er gert nokkuð minna að þessu nú, en mun verða því meira, þegar séð er sú stefna, sem verður ofan á hér á Alþ., svo sem nú horfir. Þess vegna held ég, að það sé ekki til sérlega mikils mælzt, þó að farið sé fram á, að þessi till., sem fer fram á lán að ⅔ hlutum til slíkra einkastöðva, verði samþ. Það má segja, að það skipti ekki ákaflega miklu máli, hvort mín till. verður samþ. eða sú till., sem hefur verið flutt sem brtt. við hana, frá hv. 1. þm. Árn. og fleirum, en það er þó að athuga í því sambandi, að þó að ég fyrir mitt leyti gengi inn á það, að þetta væri bundið við vatnsvirkjanir, þá á ég erfitt með að samþ. hitt, að það sé eingöngu bundið við það, að það þurfi að vera utan þeirra svæða, sem áætlað er, að einhvern tíma komi sameiginleg virkjun á. Það er það, sem ég hef við þá till. að athuga, enda er það svo, að ég flutti mína till. án þess að hafa samráð við þá, sem þarna eiga hlut að máli, og þessir 2 meðnm. mínir í mþn. höfðu ekki neitt samráð við mig um þá brtt., sem þeir flytja við mína till. Þetta atriði tel ég, að ekki skipti öllu máli, hvort þetta er bundið við vatnsvirkjun eða fleira kæmi þar til greina, en tel aðalatriðið, þar sem um vatnsvirkjun er að ræða.

Hv. frsm. iðnn. var að tala um það, að það væri með till. ekki gert ráð fyrir neinni tryggingu fyrir þessum lánum. En það er nú fyrir því

séð í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að það þarf að setja reglugerð um ýmis atriði, sem þar eru ákveðin, og þar á meðal kæmi það að setja ákvæði í reglugerðina um, að tryggingar skyldi krafizt í þessu sambandi, því að sjálfsögðu verður að setja mikla tryggingu fyrir þessum lánum, enda till. ekki orðuð á annan hátt en þann, að hún er heimild til ráðh. til þess að veita slík lán þar, sem um er að ræða, að rafmagnseftirlit ríkisins álítur, að stöðvarnar séu svo vel gerðar, að það sé þorandi að lána út á þær. Þess vegna verð ég að segja það, að ég tel ekki, að það ætti að vera nokkur hætta, þó að þessi till. þeirra hluta vegna væri samþ., án þess að í hana væri sett, að það þyrfti að setja sérstaka tryggingu fyrir þessum lánum, því að það mundi hvaða ráðh. sem yfir þessum málum hefði að segja sjálfsagt taka þær tryggingar gildar, sem hann teldi öruggar fyrir slíkri lánsheimild.

Þá skal ég aðeins segja það að lokum, að mér sýnist brtt. iðnn. hin fyrsta vera til þess fallin að stefna málinu í hið verra horf, frá mínu sjónarmiði, heldur en er í frv., eins og það er nú, og það er náttúrlega eðlilegt, að hv. síðasti ræðumaður, sem gerði kröfu um það á sínum tíma að fá frekari upphæð frá ríkissjóði en var í frv. upphaflega, vilji, að það væri tekið til greina. En með því að fara út á enn víðara svið, eins og gert er með 1. brtt. n., fer að verða nokkuð lítið eftir, að því er snertir hina stærri kaupstaði, að þetta sé einkarekstur til handa ríkinu til þess að stofna og starfrækja veitur til almenningsþarfa, og þá er um leið komið lengra frá því, að það sé ríkisvaldið, sem hefur þetta með höndum og að því sé þá um leið ætlað að jafna á milli, eins og ætlazt var til með þeim till., sem við lögðum til í okkar frv. Ég mun þess vegna ekki geta léð þessari 1. brtt. mitt atkv. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar brtt., en vænti þess, eftir því sem á undan er gengið, að hv. þm. geti sýnt þá sanngirni að samþ. mína brtt. á þskj. 216, eða þá a. m. k. brtt., sem við hana er flutt á þskj. 232.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér eina brtt. á þskj. 226. Hv. frsm. iðnn. hefur nú komið nokkuð að þessari brtt. í ræðu sinni, og er ég honum og n. þakklátur fyrir hennar undirtektir. En enda þótt hv. frsm. gerði nokkra grein fyrir þessari brtt., tel ég mér skylt að fara nokkuð nánari orðum um hana. Brtt. fjallar um það, að síðari málsgr. 28. gr. falli niður, en sú málsgr. hljóðar þannig:

„Þá skal og að öðru jöfnu sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem hæst framlag er veitt til úr héraði að tiltölu við framlag ríkissjóðs."

Ég vil fyrst og fremst benda á það, að það er í rauninni nýmæli í íslenzkri löggjöf, það hefur ekki tíðkazt, að greiðslugeta almennings væri sett undir nokkurs konar uppboðsþing, þar sem hæstbjóðandi ætti kost á því að fá þau gæði, sem um væri deilt. Það má líka benda á það, að þó að greiðslugeta almennings sé með meira móti nú, þá hefur ekki svo verið áður. Það er ekki ýkja langt síðan ábyrgðir sveitarstjórna og óskir um lán, og jafnvel héraðsstjórna, fengu litlar undirtektir hjá bönkunum, og jafnvel að það yrði að leita til einstakra efnamanna, ef þeir voru til innan sveitarinnar, til þess að ganga í persónulegar ábyrgðir fyrir lánum, sem þurfti að taka. Ég segi, það er ekki langt síðan svona var ástatt, og þó að betur sé ástatt nú, veit enginn, hvernig slíkt kann að takast. En þegar svo er komið, að framlög héraða og sveita fara að velta á því, hvort þau hafa nokkra efnaða einstaklinga, sem bjóða ábyrgð sína, og annað þess háttar á að vera mælikvarði fyrir því, hvort ríkið sér sér fært að leggja í framkvæmdir í héruðum og sveitum, þykir mér það vera vafasamt réttlæti.

Ég vil benda á það, að svipaðar till. og þessar lágu fyrir Alþ. í fyrra í sambandi við flugvallagerð, og þar var einnig þetta ákvæði tekið fyrir, og þá fór á þá leið, að Alþ. var sammála um, að þetta væri ótækt, og þetta ákvæði var þá fellt. Ég vænti þess vegna, að þetta ákvæði verði einnig í þessu frv. fellt niður, ég álít það ósanngjarnan mælikvarða á þörf almennings í þeim sveitum eða héruðum, sem þarna væri um að ræða. Ég álít það engan mælikvarða á þörf eða nauðsyn héraða eða sveita fyrir að fá raforku, hvort þau geti skrapað saman nógu mikla fjárhæð eða hærri en nágrannasveitin, það er allt annað, sem þarna hlýtur að liggja til grundvallar. Ég vil beygja mig fyrir því mati, sem skýrslur liggja fyrir um og fræðimenn á því sviði telja rétt vera, en vil alls ekki beygja mig fyrir því, að þetta sé bundið við slíka upphæð sem hér er gert ráð fyrir. Ég er þess vegna þakklátur hv. iðnn. fyrir undirstrikun hennar í þessu máli.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða einstakar brtt. Sumum þeirra hefur ekki verið talað fyrir enn þá, og mun ég láta mér nægja að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra við atkvgr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera langorður um frv. og brtt. þær, sem hér liggja fyrir, ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því, að iðnn. hefur orðið við þeim óskum, sem ég bar fram við síðustu umr., að taka upp þær 2 brtt., sem ég minntist á. Aðra þá að auka heimildina fyrir einstaklinga og sveitarfélög til virkjunar án samþykkis Alþ. upp í 2 þús. hestöfl, en hina um það, að gefa ríkisstj. heimild til að ábyrgjast ⅔ stofnkostnaðar fyrir héraðsveiturnar. Þessar 2 brtt. álít ég vera til bóta. Ábyrgðarheimildin kemur fram sem almenn heimild, og ættu þá að vera óþarfar þær þáltill., sem fram hafa verið bornar undanfarið um tímabundnar ábyrgðarheimildir, sem hafa verið öllu hærri en hér er farið fram á. En þetta tel ég, að ætti að duga sem almenn heimild fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast lán fyrir héraðsveitur. En út af orðum, sem hv. þm. A.-Húnv. lét falla hér varðandi einkarétt ríkisins til virkjunarinnar, þá hef ég við fyrri umr. málsins látið í ljós, að ég er síður en svo á móti því, að þessi einkaréttur verði gerður eins víðtækur og tök eru á, aðeins verður að tryggja um leið, að sú einkaréttaraðstaða ríkissjóðs stöðvi ekki neins staðar framkvæmdir, sem rafveita ríkisins hefur ekki aðstöðu til að gera á hverjum tíma. Það er

alveg vitað mál, að svo margar kröfur koma til rafveitu ríkisins á næstunni eða eftir að þessi l. hafa verið samþ., að það verður hvergi nærri hægt að fullnægja þeim öllum undireins. Það geta verið margir, sem vildu gera hjá sér ráðstafanir til að bæta úr brýnustu þörf, og ég tel, að það sé gert með brtt. þeim, sem iðnn. hefur borið hér fram, að ráðh. sé heimilt að leyfa orkuver allt upp í 2 þús. hestöfl. Ég vil í þessu sambandi láta koma fram, að mér hefur borizt frá rafmagnsstjóranum í Reykjavík mjög ýtarleg umsögn um þetta mál, þar sem hann lætur í ljós nokkurn vafa um það, meira að segja eins og nú er frá gengið, að undanþáguheimildin frá einkarétti rafveitu ríkisins sé nægilega rúm. Hann segir svo í sínu bréfi: „Væru lögin um raforkuvirki og vatnalögin látin halda sér óbreytt, yrðu rafveitur ríkisins hliðstæðar héraðsveitum gagnvart lögunum um raforkuvirki, en gætu haft forgang hvarvetna eftir vatnalögunum eftir ákvörðun ráðherra. Auk þess yrðu rafveitur ríkisins fljótt svo sterkar vegna miklu meiri fjárhagsgetu sinnar en einstakar héraðsveitur geta sýnt og svo af því, að rafveitur ríkisins koma til að starfa í miklu stærri stíl með margar héraðsveitur víðs vegar í landinu. Er því sérstakur einkaréttur til handa rafveitum ríkisins umfram núverandi löggjöf algerlega óþarfur. Samkeppni milli einstakra orkuveitna kemur hvort sem er ekki til greina, því að lögin ætlast til þess, að ráðherra setji hverri veitu slík takmörk, að hagkvæmt skipulag náist frá því sjónarmiði. En ef nú þykir nauðsyn til bera að veita rafveitu ríkisins slíkan forrétt sem í frumvarpinu felst, þá er nauðsynlegt að sjá um það, að ekki tefjist þær aukningar og framkvæmdir, sem kaupstaðir, kauptún og sýslufélög, sem nú reka héraðsveitur ásamt orkuvinnslu, hafa með höndum eða í fullum undirbúningi. En fyrir því er ekki séð í frumvarpinu. Þar er þessum aðilum aðeins leyft að reka orkuverin eins og þau eru. Þyrfti því annaðhvort að fela rafveitum ríkisins það sérstaklega að annast um þessar aukningar, svo að fullnægt verði þörfum, sem þessir aðilar eru að vinna að að leysa úr, eða að heimila þeim að gera það sjálfum."

Eins og ég sagði, les ég þetta ekki upp til þess að fara að mæla fyrir því að draga meira úr einkaréttarákvæði frv. til handa ríkissjóði. Ég les þetta aðeins til þess að sýna það, að jafnvel rafmagnsstjórinn í Reykjavík, sem er allra manna kunnugastur þessum málum, dregur þó mjög í vafa, að það sé gerlegt, á því stigi, sem málið er nú, að reyra þetta svo fast, að ekki sé smuga fyrir stærri kaupstaði eða einstaklinga til þess að afla sér rafmagns, meðan ríkisrafveitan er ekki fær um að fullnægja þörfinni. Eins og ég sagði, tel ég, að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið við 1. gr., sé þetta einmitt opnað það nægilega, að ekki þurfi að reka sig á annmarka, sem rafmagnsstjórinn í Reykjavík gerir ráð fyrir, að annars mundu verða á þessu, og það verður náttúrlega að tryggja. Hins vegar álít ég, að undanþágur frá þessum einkarétti verði að vera í samræmi við það heildarplan, sem væntanlegur raforkumálastjóri ríkisins vinnur eftir og veitir undanþágur samkvæmt.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara miklu lengra út í þessar umr., ég tel, að frv. taki stórum breyt. til batnaðar í þessari d. við umr., ef þær till. verða samþ., sem iðnn. nú ber fram og ég mælti með.

Hins vegar tel ég það hæpið að ýta undir smástöðvabyggingar eins og till. liggur hér frammi um, a. m. k. eins og gert er í brtt. á þskj. 216, því að það er alveg gefið mál, að ef verið er að ýta undir einkastöðvabyggingar á þeim stöðum, þar sem möguleikar eru til að koma á allsherjar sameiginlegri veitu, þá verður það til þess að tefja þá framkvæmd, og til þess geri ég ekki ráð fyrir, að till. sé fram borin. En hins vegar viðurkenni ég, að í mörgum tilfellum verður á næstu árum að gera bráðabirgðaúrbót og bráðabirgðalausn, vegna þess að ekki er hægt að sinna í svipinn öllum verkefnum, sem kalla að, og á hvern hátt það yrði gert, er mál út af fyrir sig, sem má „dispútera", hvort heima á í þessu frv. Ég tel, að þær bráðabirgðaráðstafanir mætti gera með öðru frv. og á annan hátt. Ég vænti svo, að hv. d. sjái sér fært að afgr. málið eins og hv. iðnn. leggur til, og tel ég þá, að það sé eftir atvikum svo frá málinu gengið, að ekki megi einasta vel við una, heldur megi á þeim grundvelli hefja stórkostlegar framkvæmdir í náinni framtíð til þess að hrinda þessu áhugamáli allrar þjóðarinnar verulegan spöl áleiðis til úrlausnar.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 212, 213, 216, 226, 232, 233, 266, 292, 295).

Jörundur Brynjólfsson: Ég hef leyft mér ásamt 1. þm. Skagf. og þm. V.-Húnv. að bera fram brtt. á þskj. 232 og 233. Enn fremur hef ég leyft mér að bera fram brtt. við hina fyrri brtt. okkar, sem er útbýtt á þskj. 295, að þeirri brtt. stend ég einn, en hér er aðeins um viðauka að ræða. Um brtt. á þskj. 233, þar sem rætt er um, að heildsöluverð sé hið sama frá hinum ýmsu orkuverum, sem ríkið kann að reisa, ætla ég ekki að fara mörgum orðum, þar sem þetta er auðsætt sanngirnismál. Það má gera ráð fyrir, að orkuverin verði mjög misdýr, því að svo mjög eru staðhættir og aðstaða ólík á hinum ýmsu stöðum, sem til greina koma. En ég álít það bæði sanngjarnt og hyggilegt, að heildsöluverðið verði alls staðar hið sama, því að mjög verður verðið á raforkunni misjafnt af mörgum orsökum, þó að ekki sé gerður mismunur á heildsöluverðinu. Aðstaða neytenda til að fá raforku til sín er svo misjöfn, að verðið hlýtur að verða misjafnt, þó að heildsöluverðið sé það sama. Ég vil því vænta þess, að hv. þdm. geti fallizt á þessa brtt., og þó að því miður meiri hl. n. hafi ekki séð sér fært að fallast á þessa till., eftir því sem hv. frsm. segir, þá vil ég vona, að aðrir dm. geti fallizt á það, því að þar er um nauðsynjamál og sanngirnismál að ræða.

Þá er brtt. á þskj. 232, sem er við brtt. hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 216. Ég er sammála hv. þm.

A.-Húnv. um, að það sé nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir til að auðvelda þeim mönnum að fá raforku, sem hafa þannig lagaða aðstöðu, að þeir geta ekki vænzt að fá hana úr orkukerfi ríkisins eða frá þeim félögum, sem virkjað hafa, en mér finnst, að hans till. gangi of langt í þessu efni, því að eins og búið er að víkja að, þá er heimilt samkv. henni að veita stuðning til að reisa orkuver og framleiða raforku innan þeirra svæða, sem ríkið kemur fljótlega til með að leiða raforku um eða jafnvel er búið að leiða raforku um, og einnig er það leyfilegt eftir þessari till. að styrkja mótorstöðvar. En þó að vísu, þar sem engin von væri um raforku frá vatnsafli, hvorki frá því opinbera né í gegnum félagasamtök eða einstaklinga, þar sem engin skilyrði eru. Væri æskilegt að létta mönnum möguleikana á því að fá raforku, þá held ég, að samt sem áður sé ekki varlegt enn sem komið er að opna svo upp á gátt lánsmöguleikana, og meðan við höfum ekki meira fé úr að spila en enn er, en raforkuþörfin er óleyst að heita má um allt land, þá held ég, að ekki sé þorandi að veita svo víðtæka heimild. Enn er á það að líta, að reynslan er svo stutt komin, hvernig smástöðvar gefast og hversu dýr sú framleiðsla verður, að ég held, að ekki sé vert að taka þetta strax án frekari reynslu og athugunar heldur en enn er orðið. Ég held því, að það sé í alla staði varlegast að ganga ekki lengra í þessu efni en till. okkar á þskj. 232 gefur til kynna, og ég vil vona, enda sagði hv. þm. A.-Húnv. það, að hann að sumu leyti gæti á þessa till. fallizt, og þó að hann kannske að einhverju leyti hefði kosið fremur, að hans till. yrði samþ., þá þótti mér þó vænt um, að hv. þm. A.-Húnv. lét það í ljós, að hann að mörgu leyti gæti á þessa till. okkar fallizt í þessu efni, og mér finnst ekki, að hann ætti að þurfa að láta sér miður þykja, þó að hún yrði samþ., því að eins og á stendur, tel ég, að það sé allra hluta vegna varlegast að fara þá leið.

Nú var að því fundið af hálfu hv. frsm., að í till. væru ekki nein ákvæði um það, gegn hvaða tryggingum þessi lán skyldi veita. Mér fannst nú í sjálfu sér þess ekki þörf, því að vitaskuld er það, að þó að lögð sé sú skylda á sjóðinn að veita lán, þá er það auðvitað ekki á annan hátt en þann, sem stjórn sjóðsins telur forsvaranlegt og réttmætt, hún á m. ö. o. um það að dæma, — hún á að meta þær tryggingar, sem til staðar eru, áður en lán er veitt. Það yrði þess vegna alveg á valdi hennar, en ég hef síður en svo á móti því, að þetta sé skýrt fram tekið. Þess vegna hef ég borið fram brtt., sem ég minntist á áður, á þskj. 295, að lánin skuli veita gegn þeim tryggingum, sem stj. sjóðsins metur gildar, þá er tekinn af allur vafi, hver tilætlunin er, og vil ég þá vænta, að þessi brtt. verði samþ.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till., ég tel þess ekki þörf. Það er svo einfalt mál og liggur svo ljóst fyrir, að þess gerist ekki þörf.

Þá vil ég víkja með örfáum orðum að brtt. n. á þskj. 266. Ég vil þá taka það atriði fyrst, sem er í 4. tölulið á því þskj., sem ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir. Ég býst við, að það sé af hans hvötum, sem hv. iðnn. hefur fallizt á að flytja þessa till. Þar er gengið til móts við þær óskir, sem ég lét í ljós hér við 1. umr. málsins, að það mundi verða þungt undir fæti fyrir hin ýmsu byggðarlög, ef þau ættu að leggja eins mikla fjármuni fram af sinni hálfu til að fá raforku eins og í upphafi var gert ráð fyrir, en samkv. þessari till. er það mjög mikill léttir frá því, sem er í frv. nú, og þetta vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir. Mér skilst, að n. standi öll að þessari till., og er gott til þess að vita, en æskilegra hefði mér þótt að heyra af vörum hv. frsm. n. meiri ánægju af hans hálfu yfir þessari till. en hann lét í ljós, en það kann að vera tiltölulega meinlaust, ef hv. frsm., sem ég efast ekki um, ætlar að fylgja till. Það er að vísu önnur till., sem gengur ofurlítið lengra, og að sjálfsögðu mun ég greiða henni atkv., en þó að hún gangi aðeins lengra, þá munar það ekki miklu frá því, sem er í þessari till., svo að frá því, sem er í frv., getur maður betur sætt sig við brtt. n. en að ekkert sé gert. Að sjálfsögðu fylgi ég till. hv. 2. þm. Rang. og þm. A.-Húnv., enda er hún nákvæmlega stíluð eftir því, sem við vorum áður búnir að tala um, þessir félagar, sem áður vorum að taka þátt í meðferð þessa máls.

Þá eru aðrar till., sem ég vil fara nokkrum orðum um. Mér þætti vænt um, að hæstv. samgmrh. mætti heyra mál mitt. Ég sé að vísu, að hann er hér, en hann er öðru að gegna, en af því ég ætla sérstaklega að beina orðum mínum til hans, þá hefði ég gjarnan viljað, að hann heyrði mál mitt. Það er við fyrstu brtt. n. Það kom ekki nærri nægilega skýrt fram, hvorki hjá hæstv. ráðh. né hv. frsm., hvað í þessari brtt. felst, þ. e. í fyrsta tölul. Eftir því sem hún hljóðar, býst ég við, að hún geti verið nokkuð rúm. Það er a. m. k. eftir því, hvernig hún er úr garði gerð, svo gersamlega fyrir mínum sjónum á huldu, hvað í henni kann að felast. Það gæti jafnvel þýtt það um langa stund, að það höfuðákvæði þessa máls, sem er í þessu frv. um rétt ríkisins eins til að virkja stórar virkjanir, yrði gert að litlu. Í þessari brtt. segir, að við gildistöku þessara l. sé þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram og ráðherra heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra greinargerð um framkvæmd verksins innan sex mánaða frá gildistöku l. og setji ráðh. þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra.

Hv. frsm. vék að því, hvað í þessu kynni að felast. Hann nefndi sem dæmi virkjunina við Laxá, að þar er hægt út frá þeirri stíflu, sem nú er til staðar, að bæta einni pípu við. Mér er ekki alveg kunnugt, hvað hún er stór, en ef í þessu felst ekkert frekar, þá má segja, að hér sé um takmörkun að ræða. En svo nefndi hann annað dæmi, eimtúrbínustöðina, sem Reykjavík hefur í huga að byggja, sem mundi falla undir þetta ákvæði. Væri þar ekki heldur um frekara að ræða, þá má segja, að þarna komi skýrt fram, hvað í þessu felst, en mér skilst, að í þessu orðalagi, úr því þetta er ekki beint tekið fram, þá gæti falizt miklu fleira. Er þá fyrst á það að

benda, að í upphafi 3. málsgr. segir, að við gildistöku I. sé þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, leyfilegt að stækka orkuver sín, að vísu með leyfi ráðherra, upp í fyrirhugaða stærð, en um það er vitaskuld enginn stafur og heldur engar upplýsingar, hver sú fyrirhugaða stærð sé. Ef þetta hefði komið þannig fram, að það hefði verið einskorðað við eitthvað víst, þá mátti segja, að maður vissi, að hverju væri verið að ganga þarna, en mér skilst, að þessi stækkun byggist fyrst og fremst á því, hvað hún geti orðið, hún byggist fyrst og fremst á fyrirætlunum þeirra manna, sem eiga raforkuverið, þeir þurfi aðeins að skila áætlunum og teikningum til ráðh. innan þessara sex mánaða. M. ö. o., ég get ekki betur séð en að þetta ákvæði sé svo rúmt, að það sé undir geðþótta þeirra manna, sem eiga og reka raforkuver, hvað þeir ætlast mikið fyrir um stækkun á þessum raforkuverum sínum og þá, hvað ríkið kann að fallast á, gersamlega án tillits til alls annars, hvað kann bezt að henta í þessu efni. Ég verð að segja, að það getur a. m. k. farið svo, að langa stund verði heldur lítið gagn að þeim einkarétti, sem ríkið áskilur sér um raforkuframleiðslu, ef þetta er framkvæmt eftir óskum þeirra manna, sem hafa stórt í huga í þessu efni, að koma á virkjunum og gera áætlanir og senda teikningar innan þess tíma, sem þar er tilskilinn. Ég verð að segja, að hvað sem svo öllu öðru líður, þá finnst mér, að þarna sé afskaplega óvarlega farið. Nú vil ég ekki að óreyndu vantreysta hæstv. samgmrh., sem nú er, en ég verð að segja, að ef fullnægt er ákvæðum gr. af hálfu þeirra, sem hafa huga á því að stækka stórkostlega orkuver sín, sem þeir eiga fyrir, þá mundi það verða erfitt fyrir hæstv. ráðh. að standa á móti þeim óskum. Það hefur verið talað um virkjun Sogsins, að virkja það til fulls, það er hvorki meira né minna en rúm 100 þús. hestöfl í Soginu. Ef Reykjavíkurbær hefði hug á að fullvirkja Sogið og kæmi fram með áætlanir og teikningar yfir þessa virkjun og kapp lagt á það, — það kann líka vel að vera mikill undirbúningur og kannske langt kominn, — þá mundi skilyrðunum fyrir þessu vera fullnægt. Og ef Reykjavíkurbær fengi þennan rétt sér til handa um fulla virkjun Sogsins, þá mundi ekki á því svæði a. m. k. vera í annað hús að venda en til Reykjavíkurbæjar um orku frá þessari miklu virkjun. Ég tel enga þörf á þessu fyrst og fremst og heldur alls ekki rétt, að svona verði með þessi mál farið.

Þegar þetta frv. var fyrst flutt hér inn í þingið, drap hæstv. samgmrh. á það í ræðu, að hyggilegt kynni að vera að hafa heimildina nokkru rýmri en upphaflega var gert ráð fyrir, sem sé 500 hestöfl, og lét einu sinni orð falla, að jafnvel gæti verið hyggilegt að hafa heimild fyrir 2 þús. hestafla orkuver, án þess að heimild ríkisins kæmi þar til. Þetta læt ég vera, því að þetta gæti undir sumum kringumstæðum komið sér vel, og því ekki um það að fást, þó að heimildin sé til. Ég tel reyndar, að heldur yrði það að meini, en þar yrði maður þó að treysta ráðh. En sú till., sem n. flytur um þetta efni og ég heyrði ekkert um, fyrr en hún kom fram, tel ég, að sé alveg fráleit, af því að mér finnst, að með þessu móti fengju þeir, sem komnir eru af stað með virkjanir, lítt takmarkaðan rétt til að halda áfram að stækka þær og færa þær út eftir vild fyrir utan það, sem ríkið gerir sjálft, og það tel ég rýra frv. ekki lítið, ef slíkt nær fram að ganga. En ef ekki er unnt að leggja þessa skýringu í brtt., þá óska ég, að hæstv. ráðh. láti í ljós sinn skilning á þessu ákvæði og hvað undir það geti fallið. Þá vil ég einnig gjarnan heyra frá hv. frsm., hvernig hann skoðar þetta ákvæði, því að hér er um svo stórvægilegt atriði að ræða, ef þessi rýmkun er svo skýlaus, að hún er aðeins bundin við, hvað þeir, sem vilja koma upp orkuverum, ætla sér og treysta sér til í framtíðinni, svo að þeir geti staðið fyrir utan í bráð og lengd og staðið þannig bezt að vígi eins og Reykjavík, sem hefur ekki fengið þá aðstöðu fyrir sjálfa sig, heldur fyrir atbeina ríkis og stj. Ef á að sleppa slíkum aðilum úr og þeir aldrei að koma inn í langt fram í framtíðina, þá tel ég þetta mál stórgallað, stórkostlega limlest og svo gersamlega horfið frá því, sem hefur fyrir langflestum mönnum vakað, hélt ég vera, a. m. k. 1942, að það sé alls ekki viðunandi.

Ég mun svo ekki fjölyrða meira um þetta. Það er í mínum augum algerlega einskis vert, hvaða augum forstöðumaður Reykjavíkurbæjar í þessum málum, rafmagnsstjórinn í Reykjavík, kann að líta á þetta mál út frá því sjónarmiði, sem hann telur kannske bænum henta bezt, enda gat hæstv. ráðh. meira um hans skoðun sem sýnishorn af því, hvað menn líta á þetta misjöfnum augum, heldur en sem sína skoðun, og þykir mér vænt um það.

Mér þykir mjög raunalegt, ef við Íslendingar ætlum að afgr. þetta mál frá þinginu á þann hátt, sem hefur gefizt lakast erlendis og menningarþjóðirnar hafa gert mest til að laga hjá sér og reynt að tryggja sig og þegna sína fyrir, að endurtæki sig, því alls staðar þar, sem einstaklingar, einstök félög eða bæjarfélög hafa verið látin annast þessi mál, hefur það fyrirkomulag reynzt stórgallað og óhjákvæmilegt orðið að bæta úr því, sem aflaga hefur farið.

Nú er talað mikið um nýsköpun og að við eigum að taka við því, sem til umbóta horfir, og er ég sannarlega með því, að við eigum að færa okkur í nyt reynslu annarra þjóða í öllu, sem bezt hefur gefizt. En þá held ég, að við eigum ekki sízt að gera það í því máli, sem er eitt langþýðingarmesta málið hjá okkur, en einmitt í þessu máli sannar reynsla annarra þjóða ótvírætt, að þessum framkvæmdum er langbezt borgið í höndum ríkisvaldsins. Ég vil því vona, að hv. d. gangi svo frá þessu atriði, sem ég hef nú gert að umtalsefni, að það leiki alls ekki á tveimur tungum, hvað í þessari brtt. felst, og það sé gersamlega skýrt afmarkað, hvað mikið af þessum framkvæmdum verði undanþegið einkaleyfi ríkisins.

Að lokum vil ég svo segja það, að ég ber í sjálfu sér gott traust til hæstv. núv. ráðh., svo að ég vona, að fyrir honum hafi ekki vakað neitt svipað því, sem mér finnst hægt að skilja þessa till. En þó að hann kannske vilji túlka þetta þröngt og hafa það skýrt afmarkað, þá

gæti komið annar maður, sem vildi leggja annan skilning í þessi ákvæði. Við verðum að hafa það hugfast, að við erum allir dauðlegir og enginn veit fyrir sitt endadægur. Nú er síður en svo, að ég sé að óska eftir neinu, sem gæti orðið þessum hæstv. ráðh. að fjörlesti, ekkert er fjær mér, en ef svona stór framkvæmd á að byggjast á varúð viðkomandi ráðh. og hans persónulegu skoðun, þá er ekki nógu vel frá löggjöfinni gengið. Slíkar framkvæmdir sem þessar verða að byggjast á skýrum lagabókstaf, svo að menn með öðru hugarfari og geðþótta geti ekki unnið stórkostleg skemmdarverk þjóðinni til óþurftar í bráð og lengd.

Pétur Ottesen: Ég hjó eftir því hjá hæstv. samgmrh. í gær, þegar hann var að ræða um brtt. iðnn., 3. lið, þar sem ríkisstj. er gefin heimild til að ábyrgjast ⅔ hluta stofnkostnaðar héraðaveitna, að það mundi vera óþarft að leita eftir slíkri ábyrgð með öðrum hætti eða með því að bera fram þáltill. um það efni, eins og gert er nú á þessu þingi. Það er þegar búið að vísa til fjvn. 2—3 slíkum till., auk þess liggja fyrir Alþ. 2 till. a. m. k. um þetta sama efni. Með öðrum orðum, þarna væri fengin heimild fyrir ríkisstj., sem tæki til allra slíkra framkvæmda, og það mundi bera að skilja ákvæðið svo, að það tæki jafnt til innanbæjarkerfa kaupstaða og kauptúna og til veitna úti um byggðir landsins.

Mér skilst, að þetta héraðaveitunafn taki samkv. þessu frv. til þessa hvors tveggja. Ef svo er ekki, þætti mér vænt um, að sá skilningur minn í þessu efni yrði leiðréttur. Nú er það vitað, að um langt skeið hefur verið fylgt þeirri reglu að veita ábyrgð fyrir 85 prósent af stofnkostnaði til slíkra framkvæmda. Upphaflega var heimilað að veita ábyrgð fyrir öllum stofnkostnaðinum, en hin síðari ár hefur það verið fært niður.

Ég geri ráð fyrir því, að sú niðurfærsla, sem brtt. gerir ráð fyrir, en hún er niður í 66%, muni valda miklum erfiðleikum hjá þeim, sem ætla eftir þessari leið að koma upp hjá sér héraðaveitum. Ég geng einnig út frá því, að þetta taki til endurbyggingar á þeim héraðaveitum, sem fyrir eru, og til innanbæjarkerfa, sem ég lít svo á, að séu í þessu falli eitt og hið sama. Með tilliti til þessa hefur okkur hv. þm. Mýr. komið saman um að bera fram brtt., sem gengur í þá átt, að ábyrgðin geti komizt upp í 85% í stað ⅔ kostnaðar, eins og gert er ráð fyrir í þessari brtt., sem hér liggur fyrir.

Þar sem gert er ráð fyrir, að þetta mál fái afgreiðslu á þessum fundi, þá vil ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um þetta efni við brtt. á þskj. 266, 3. lið, og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir ⅔ kemur: 85%.“ — Mér virðist þetta geta fallið inn í orðalag till. Vona ég, að hv. d. geti fallizt á að láta þau ákvæði, sem gilt hafa nú um nokkurt skeið, gilda áfram.

Forseti (GÞ): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. (Sjá þskj. 304). Tvöföld afbrigði þarf fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal geta þess vegna brtt. hv. þm. Borgf. og þm. Mýr., að ég benti á það í iðnn., að með því að ákveða hámarkið ⅔, eins og brtt. n. gerir, þá væri farið niður fyrir það, sem venjulega væri ábyrgzt. En n. taldi þessa upphæð vera næga. Varð því ekki af því, að breytt væri frá því, sem hæstv. samgmrh. hafði lagt til.

Hv. þm. Borgf. hreyfði því í gær, að brtt. n. við 7. gr. væri ekki nógu greinileg, og hv. þm. hefur lagt fram brtt. til þess að skýra hana. Ég fyrir mitt leyti tel, að brtt. n. sé nægilega skýr. En hins vegar get ég fyrir mína hönd og væntanlega fyrir hönd n. fallizt á brtt. hv. þm.

Hv. 1. þm. Árn. flytur hér brtt. ásamt fleiri þm. um, að heildsöluverð raforkunnar skuli vera það sama um allt land. Hv. þm. ræddi ekki lengi um það mál, enda má telja, að útrætt hefði verið um það við fyrri umr. þessa máls. Hæstv. samgmrh. og ég höfum bent á, að það væri tæknilega illt og óframkvæmanlegt. Og ætla ég ekki nánar inn á það. En ég vil benda á eitt dæmi. Segjum, að till. yrði samþ. og verðið ákveðið það sama um allt land. Með samþykkt þessara l. gæti Reykjavík og Hafnarfjörður og rafveitur suður með sjó gengið inn í rafveitur ríkisins. Hugsum okkur svo, að virkjað yrði t. d. í Húnavatnssýslu, og þar sem þar er ekki heppilegt til virkjunar, yrði að selja orkuna þar dýrar. Þá væri ekki nema tvennt til, fyrst að hækka verðið hjá veitunum hér, í Hafnarfirði og suður með sjó eða hækka það strax og gera ráð fyrir, að það yrði selt með þeim ágóða, að hann myndaði sjóð, sem ætti svo að nota til að jafna verðið. Þetta yrði áreiðanlega óvinsælt.

Hv. þm. minntist á brtt. sína og annarra hv. þm. á þskj. 232, og í því sambandi minntist hann á brtt. hv. þm. A.-Húnv. og taldi ekki þorandi að samþ. hana, því hún væri of víðtæk heimild. Ég sagði í framsöguræðu minni, að sú till. veitti víðtækari heimild en till. hv. þm. En samt er það órannsakað, hvað langt þetta gæti gengið samkv. till. hv. þm. Og ég er ekki á móti því, að gengið sé til móts við þá, sem búa utan þeirra svæða, sem héraðaveiturnar ná til. En mér finnst ákvæði um það eigi ekki heima í þessum l., heldur í öðrum l. Það hefur verið bent á, að nýbyggingarráð hefði í undirbúningi l., sem gera ráð fyrir sjóði, sem hægt væri að lána úr til smárafveitna. Mér þótti galli á till. hv. þm., að þar vantaði ákvæði um tryggingu lánanna. En nú hefur verið bætt úr því með flutningi till., þar sem lagt er til, að þessi lán skuli tryggð. En það er enn órannsakað, hvert stefnt er í þessum málum, ef önnur þessara till. verður samþ.

Hv. þm. A.-Húnv. gerði lítið úr því, sem ég nefndi í gær, ef t. d. 100 bændur vildu virkja smástöðvar, þá mundi það kosta raforkusjóð 1½ millj. kr. Hv. þm. þótti þetta smáræði eitt. Það má gera ráð fyrir, að ég hafi farið of lágt með bæjatöluna. Á öllu landinu eru um 6000 býli, og það getur liðið langt, þangað til þau býli öll fái rafmagn frá veitum ríkisins. Við getum því breytt dæminu og sagt, að 100 bændur

virki á ári. Hv. þm. sagði marga bæi fyrr eða síðar leggjast í eyði, ef þeir fengju ekki rafmagn. En ég vil benda hv. þm. á, að dæmi eru til, að bæir hafi lagzt í eyði, þótt þeir hefðu rafmagn. Hef ég þar í huga Látra í Eyjafirði. Eitt er það enn, sem mælir gegn þessari till., það er, að vindrafstöðvarnar eru fyrir utan allt eftirlit.

Hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. þm. Árn. töldu, að fyrsta till. af brtt. n. stefni málinu í verra horf, um of væri gengið á einkarétt ríkisins. Ég get tekið undir það, sem hæstv. samgmrh. sagði í gær um þetta. Fyrir mitt leyti gæti ég gengið lengra í því að heimila ríkinu einkarétt. En það er bara viðbúið, að rafveitur ríkisins hafi svo mikil verkefni fyrir höndum, að þeim verði íþyngt um of, ef þær ættu þess utan að sjá *kaupstöðunum, eins og t. d.* Reykjavík, fyrir raforku.

Þá kem ég að því, sem hv. 1. þm. Árn. talaði um. Mér skildist á honum, að þessi fyrsta brtt. á þskj. 266 gæti falið meira í sér en ég vildi vera láta, taldi orðalagið ekki nógu einskorðað og allóákveðið. Við áttum orðastað um þessa till., og var þá um nokkurn misskilning að ræða milli okkar. Ég vil leyfa mér að leiðrétta þennan misskilning. Það er alveg greinilegt, sem í þessari till. stendur. Það er verið að leyfa aukningu á þeim orkuverum, sem til eru. Undir þessa breytingu koma ekki nýjar virkjanir og ógerðar. Hér er átt við aukningu á þeim raforkuverum, sem fyrir eru. Öll ræða hv. þm. var byggð á misskilningi. Auk þess er það tryggt með þessum 6 mánuðum, sem eru gefnir til að skila uppdráttum. Það tekur lengri tíma að undirbúa virkjun svo í lagi sé.

Ég man svo ekki eftir fleiru, sem ég þarf við þetta að bæta. Ég vil taka undir með hv. þm. Borgf. og hæstv. samgmrh., að ég tel stórt spor stigið með samþykkt þessa frv. í þessu mikilvæga máli.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef gert fyrirspurn til hæstv. samgmrh. Ég skal endurtaka hana, ef hæstv. ráðh. vildi gefa skýringu. Ég spyr um, hvernig skilja beri brtt. n. undir fyrsta staflið um, hvað víðtækt væri hægt að heimila og ákvarða um byggingu raforkuvera, hvort þessi ákvæði gætu ekki tekið til þeirra framkvæmda, sem hafðar eru í huga, svo framarlega sem þær uppfylla þau skilyrði, sem tekin eru upp í till. og ráðh. getur að öðru leyti fallizt á.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég bið hv. 1. þm. Árn. afsökunar á því, að þessi fyrirspurn hans skuli hafa farið fram hjá mér í fyrri ræðu hans.

Í framhaldi af því, sem ég sagði í gær um þetta atriði, vildi ég svo bæta svolitlu við. Vænti ég það muni skýra afstöðu mína til þessa vafaatriðis, sem hv. þm. spyr um.

Einkaréttur sá, sem ríkissjóði er veittur, er bundinn við 100 hestöfl, en rn. er heimilt að veita nokkrar undanþágur, eins og þarna segir, þ. e. a. s. til að halda áfram þeim virkjunum, sem þegar er byrjað á, eða eins og greinin er orðuð í brtt. n.: að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun o. s. frv.

Hv. þm. minntist á véltúrbínustöð Reykjavíkur. Það er farið að undirbúa þá stöð, m. a. með því að svipast um eftir efni í hana. Hér er ekki heldur um útbyggingu fallvatns að ræða í heild, eins og í Soginu. Enda veit ég, að rafmagnsstjóri *hefur látið gera frv. um áframhaldandi virkjun* Sogsins. Því að auðvitað getur Alþ. alltaf heimilað frávik frá því, sem þessi l. gera ráð fyrir, eftir því sem þykir við þurfa. Ég tel líklegt, að það þyki vafasamt, að rafveitur ríkins taki á sig að öllu leyti þessa nýju virkjun á Soginu, vegna aðkallandi verkefna á öðrum stöðum. Og ég tel sjálfsagt, ef hugsað er um frekari útbyggingu á Soginu, þá verði sett um það sérstök l., en það komi ekki undir þá heimild, sem hér er verið að samþykkja. Og það er einnig rétt, sem bent hefur verið á, að 6 mánaða fresturinn, sem áskilinn er í frv., er svo stuttur, að hann gefur ekki tækifæri til að skipuleggja nýjar stöðvar, sem ekki hefur verið farið að hugsa um áður. Ég fyrir mitt leyti tel þessa heimild, sem till. gerir ráð fyrir til undanþáguveitinga frá aðalreglu l., frekar of þrönga en of rúma, ef það á að vera tryggt, að einkaréttarákvæði l. tefji á engan hátt þennan gróður, og það tel ég aðalatriðið, eins og ég hef lagt áherzlu á áður.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. 1. þm. Árn., að nauðsynlegt sé að halda þessum málum í föstum skorðum og byggja eftir heildarplani. En ég tel, að halda megi þessu í skorðum með eftirliti, sem ráðuneytið getur haft á hverjum tíma, þótt þetta falli ekki undir einkaréttarákvæði rafveitna ríkisins.

Ég tel þó, að með þeirri rýmkun, sem iðnn. leggur til í till. sinni á þskj. 266, sé þetta mál á viðunandi leið, og ætti ekki að þurfa að valda neinum töfum á framkvæmdum, þó að hún sé orðuð eins og hún er, því að heimild er til þess að veita ný leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum. Ég vil taka það skýrt fram, að skv. 4. málsl. brtt. fyrsta tölul. er með 2000 hestafla ákvæðinu veitt heimild fyrir nýjum stöðvum. Og þetta ákvæði tel ég muni koma í veg fyrir, að framkvæmdir þurfi að stöðvast, þótt rafveitur ríkisins gætu ekki tekið þær að sér. Ég vænti, að ég hafi með þessu fullsvarað því, sem hv. þm. spurði um.

Ég hafði ekki hugsað mér að fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vil segja fá orð við hv. þm. Borgf. út af 3. brtt. á þskj. 266. Eins og frv. var lagt fram, þá felst ekki í því nein heimild. Þess vegna hafa verið bornar fram nokkrar till. um ábyrgð handa sérveitum bæði á Reykjanesi og Akranesi og víðar. Þessi ábyrgð hefur yfirleitt verið miðuð við 85% af stofnkostnaði veitnanna. Og væri þá tekin undir eitt öll veitan. 85% *ábyrgðarheimild mun vera fyrir hendi til virkjana*, bæði orkuvinnslu og aðallína, og mundi hér koma til viðbótar innanbæjarkerfi. Ég tel nú, þegar um innanbæjarkerfi ein er að ræða, þá sé ekki eins nauðsynlegt að hafa þessar prósentur svona háar, því að hér er gert ráð fyrir, að ríkissjóður virki algerlega á sinn kostnað, orkuver og langlínur verði kostuð af ríkissjóði. Eftir er þá innanbæjarkerfið, og ábyrgðarheim-

ild fyrir það nemur allt að ⅔ hlutum. Kemur þá í hlut viðkomandi héraða að leggja fram með fjárframlögum eða sjá fyrir á annan hátt ⅓ hluta upphæðarinnar. Ég álít það ætti ekki að vera svo mikill baggi fyrir viðkomandi hérað, að það risi ekki undir honum.

Hins vegar liggur málið öðruvísi við, þegar um er að ræða virkjun eins og Andakílsárvirkjunina, þegar viðkomandi hérað þarf, um leið og það ræðst í að byggja sína innanhéraðsveitu, að leggja fram 15% af stofnkostnaði orkuversins og 15% af stofnkostnaði við langlínuna. Ef Akranes og Borgarnes, sem eru þeir kaupstaðir, sem koma til með að njóta rafmagnsins frá þessari virkjun, hefðu ekki sjálfir þurft að ráðast í virkjunina og leggja línuna, þá efast ég ekki um, að það hefði verið hægara fyrir þá að standa straum af ⅓ kostnaðar við innanbæjarkerfi en 15% af öllum kostnaði. Og þó að þetta hittist svo á í þessu atriði, sem mætti laga, þá tel ég, að þetta geti ekki orðið neinn óviðráðanlegur baggi. Mér finnst það æskilegt af ýmsum ástæðum, að héruðin séu eins „interesseruð" fyrir þessu og mögulegt er, þótt líka væri opin leið á hverjum tíma, að veiturnar geti komizt undir það, sem kallað er héraðsveitur ríkisins, og verði þá kostaðar og reknar af þeim. En það tel ég líka heldur verra, því að það er að ýmsu leyti gott, a. m. k. í öllum stærstu bæjarfélögunum, þar sem afsetning af rafmagni er mest og bezt, að þau séu sjálf eigendur að héraðsveitum. Af þeim ástæðum hafði ég orð á því hér áður í umr. um þetta mál, að það þyrfti að gera meira fyrir þær héraðsveitur, þar sem sveitarfélagið er eigandi á móti rafveitum ríkisins, til þess að þetta hallist ekki á, og þess vegna kom fram till. um, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast allt að ⅔ stofnkostnaðar fyrir héraðsveiturnar, sem ekki var upprunalega í frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir skýringu hans á þessu ákvæði brtt. á þskj. 266, 1. tölulið, hvernig hann skilur þetta og hvernig skilja beri, því að með þeim skilningi virðist mér, að það sé skýrt afmarkað, að þessi heimild nær ekki nema til rafveitna, sem nú eru til staðar eða í smíðum. Þetta er algerlega bundið við, að svo sé, en eftir orðalaginu mátti skilja þetta víðtækara, ef engin skýring hefði fylgt. Verði þetta ákvæði samþ., sem ég að vísu tel naumast þörf á, vil ég vona, að framkvæmdinni verði hagað, hver sem með hana fer, eftir þessum ótvíræða skilningi hæstv. ráðh., eins og hann setti það fram.

Hæstv. samgmrh. drap á það, að það hefði verið nauðsynlegt að rýmka nokkuð einkaréttarákvæðin til þess að tefja ekki framkvæmdir. Ég lít hins vegar ekki þannig á þetta, en þó má að vísu færa rök með og móti. Ég álít, að þó að ríkið ætti að ákvarða allar stærri virkjanir sjálft, þá þyrfti það ekki að tefja fyrir framkvæmdum. Ríkið er sá aðili, sem samkv. l. landsins hefur allt í hendi sér. Sé það mjög aðkallandi að koma þessum framkvæmdum á fót, byggist það á þegnunum, þeirra fjárhagslegu getu og þeirra tiltrú, en þeir, sem fjármunina láta í té, það byggist fyrst og fremst á þjóðinni í heild, og þess vegna er á engan hátt lögð hindrun í veg fyrir, að þessar framkvæmdir komist upp, heldur þvert á móti og jafnvel hraðar, ef ríkið hefur þær með höndum.

Ég vil svo segja það að lokum, að auðvitað er bót að því, að lagastafurinn sé skýr, góður og heilbrigður með heill alþjóðar fyrir augum, og að þetta mál byggist fyrst og fremst á skilningi, manndómi og viðsýni þeirra manna, sem það hafa í höndum sér. Þjóðin verður þess vegna að treysta því fyrst og fremst, að það ráðherrasæti, sem hefur þessi mál til meðferðar, sé skipað manni, sem hafi þessa hæfileika til að bera, og að aðrir þeir starfsmenn, sem hann hefur undir sér, hafi sem líkust sjónarmið. Svo þegar til framkvæmdanna kemur og til þeirra hluta, sem taka til um öflun fjár, þá er það Alþ., sem kemur þessum mönnum til liðs. Ég vil því vona, að þjóðin beri gæfu til, að þeir menn, sem um þessi mál eiga að fjalla, hafi þann þroska, viðsýni og vilja til að bera, sem greiða sem bezt fyrir því, að sem mestur hluti þjóðarinnar geti orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem raforkan lætur þeim í té, sem hennar geta orðið aðnjótandi.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. samgmrh. hélt fram, að það skiptir verulega miklu máli, hvort þeir aðilar, sem að virkjun standa, þurfa að leggja fram allan kostnað við virkjunina eða aðeins standa straum af hluta kostnaðarins. Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að þessar tvær leiðir standi opnar, þannig að þeir, sem þegar hafa ráðizt í slíkar framkvæmdir, fái að halda þeim áfram á sama grundvelli og til þeirra var stofnað, enda viðurkenndi hæstv. ráðh., að það væri réttmætt, að þeir nytu þess stuðnings af hálfu ríkisins, sem þeir hefðu áður notið, þ. e. a. s. ábyrgðar með því hlutfalli, sem lagt hefur verið til grundvallar, sem sé að þeir fái ábyrgð fyrir 85% af kostnaði, og mér skildist, að þótt brtt. yrði samþ., þá yrði leitað ráða til þess, að þeir nytu þessa stuðnings, sem þá sennilega yrði með þeim hætti, að þeir fengju samþ. á Alþ. ríkisábyrgð, þar sem við þetta væri miðað, þrátt fyrir ákvæði l.

Ég vil hins vegar benda á það, að áður en þetta frv. kom fram, þá hefur í framkvæmdinni verið veitt ábyrgð fyrir lánum til þess að koma upp innanbæjarkerfi, einmitt á þeim grundvelli, að ríkið hafi staðið straum af því að leggja héraðsveituna á þeim stað. Þetta var í Keflavík fyrir um það bil tveim árum. Þá var samþ. hér á Alþ. heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán, sem þurfti til þess að koma upp innanbæjarkerfi í Keflavík, þannig að bærinn fékk ábyrgð fyrir 85% af þeim kostnaði, sem þetta hafði í för með sér. Mér virðist því, að þetta mál liggi þannig fyrir nú, að gera megi ráð fyrir því, þrátt fyrir það þótt nokkur breyting verði hér á, að sama þörfin verði í ýmsum tilfellum fyrir hendi, þannig að það verði ýmsir, sem þurfi að fá ábyrgð fyrir allt að 85% af lánum við héraðsveitur, og auk þess í samræmi við það, sem áður hefur verið gert í þessum efnum, eins og ég hef nú fært rök að, að því er snertir lán til innan-

bæjarkerfis í Keflavík. Ég held þess vegna, að framgangur þessa máls sé miklu betur tryggður með því að hafa þessa ábyrgðarheimild, þ. e. a. s. eins og hún hefur verið að undanförnu og eins og felst í þeirri brtt., sem við hv. þm. Mýr. flytjum hér og liggur fyrir nú við þessa afgreiðslu málsins, því að þó að menn greini dálítið á um aðferðir í þessu máli, þá eru menn allir sammála um það, að á allan hátt eigi að greiða sem bezt fyrir framgangi þessa máls, og þá alveg jafnt fyrir því, að framkvæmdir geti orðið í höndum einstaklingsfélaga eins og á þeim, sem framkvæmdar verða á vegum ríkisins. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að það er bezt og öruggast til framkvæmdar þessa máls að haga löggjöfinni þannig, að hún stuðli að því, að kraftar og geta þjóðfélagsins komi sem mest og bezt að gagni, og það er gert með því að láta þessar báðar leiðir standa opnar, og að gera beri allt, sem unnt er, til að tryggja, að því marki verði sem fyrst náð eftir báðum þessum leiðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Nd., 6. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 266,1 samþ. með 18:11 atkv.
— 292 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 266,2, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 233 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ.

nei: LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, HB.

3 þm. (JJós, GTh, BG) fjarstaddir.

Brtt. 304 samþ. með 22:4 atkv.
— 266,3, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 213 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv.

nei: HB, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ.

3 þm. (GTh, JJós, BG) fjarstaddir.

Brtt. 266,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 226 samþ. með 19:4 atkv.
— 295 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 232, svo breytt, felld með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JS, JörB.

nei: SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞ, HB, JPálm, LJós, ÓTh.

3 þm. (GTh, JJós, BG) fjarstaddir.

Brtt. 216,1 samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, BÁ, BK, EystJ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB.

nei: StJSt, ÁS, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh.

3 þm. (GTh, JJós, BG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Ásmundur Sigurðsson: Þar sem mér er kunnugt um, að frv. verður lagt fram á næstunni með ákvæðum um lánastarfsemi, sem eiga einmitt við um það, sem hér um ræðir, segi ég nei.

Jörundur Brynjólfsson: Já, þótt gallað sé.

Forsrh. (Ólafur Thors): Með tilvísun til ræðu hv. 1. þm. Árn. um galla till. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Enda þótt leggja eigi fram frv. á þessu þ., sem veitir lán með svipuðum kjörum og þessum, ef að l. yrði, og þótt búið sé að fella brtt. á þskj. 232, þá segi ég já í trausti þess, að bændum geti komið að notum kjör þau, sem hér um ræðir, og í trausti þess, að rafmagnsstjóri láni ekki til þeirra sveita, sem rafmagnsveiturnar ná til. En það er sýnilegt, að frv. það, sem hv. 2. landsk. talaði um, mun ekki sjá dagsins ljós á þessu þingi.

Pétur Ottesen: Þótt þessi till. sé síðri en hin, segi ég já heldur en að fá ekki neitt.

Sigurður Thoroddsen: Þar sem ég lít svo á, að með þessari till., ef hún verður samþ., sé séð fyrir raforkusjóði, þannig að hann verði að mestu leyti notaður til að koma upp smástöðvum til sveita og með því verði stórlega dregið úr framkvæmdum rafveitna ríkisins, segi ég nei.

Brtt. 216,2 samþ. án atkvgr.
— 266,5 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 313).

Á 47. og 48. fundi í Ed., 11. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, hefur verið afgr. í Nd. Það var í d. í fyrra og var þar rætt, án þess að það yrði afgreitt. Eins og hv. þm. muna, var skipuð mþn. fyrir 2 árum til að gera till. um að veita rafmagni út um byggðir landsins og hvernig greiða skyldi þann kostnað. Meiri hl. n. skilaði áliti í haust, er leið, en minni hl. n. var fjarverandi og gat ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins. En minni hl. var ekki samþykkur meiri hl. og hafði unnið að till. sínum í samráði við rafmagnseftirlit ríkisins. Eftir beiðni minni hélt rafmagnseftirlitið áfram athugunum sínum, og síðari hluta sumars 1944 lágu fyrir till. frá rafmagnseftirlitinu. Þetta frv. er nú þær till., sem rafmagnseftirlitið lagði fram, með lítilvægum breytingum frá hálfu meiri hl. Raunar virðist mér óþarfi að fara mörgum orðum um frv.

Frv. þetta, ef að l. verður, veitir ríkissjóði einkarétt á að vinna og dreifa raforkunni út um byggðir landsins, eins og kveður á í 1. gr. Til

þess að slíkt megi verða, er tekið fram í II. kafla frv., hvernig meðferð málsins skuli hagað og að settar verði á stofn rafveitur ríkisins til að sinna þessu verkefni. Þær fá einkaleyfi ríkisins til þessara framkvæmda, að virkja, leggja línu og að dreifa raforkunni á þá staði, þar sem héraðsrafveiturnar vilja ekki taka það í sínar hendur. Gangur málsins sé þessi: Ríkisrafveiturnar taki að sér dreifingu raforkunnar til héraðsrafveitnanna, en þar taki þær við og dreifi henni innan sinna héraða.

III. kafli er um héraðsrafveitur. Viðkomandi héraðsrafveita fær einkaleyfi til að dreifa raforkunni um héraðið, og ekki er gert ráð fyrir, að þar, sem þessar héraðsrafveitur starfa, komi til neinn styrkur úr ríkissjóði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast lán fyrir héraðsrafveiturnar. En þegar héraðsrafveiturnar eru svo stórar, að héruðin treysta sér ekki til að standa undir þeim, er ráðgert, að héraðsrafveitur ríkisins komi til sem sérstök stofnun, og annast þær þá dreifinguna frá þeim. Það má gera ráð fyrir, að í þeim héruðum, sem strjálbýl eru, mundi venjulegur stofnkostnaður verða þeim um megn. Þá er ætlazt til, að ríkissjóður greiði ¾ stofnkostnaðarins, en héruðin ¼. Verður tekinn hæfilegur hluti til vaxtagreiðslu, svo að venjuleg rafveitugjöld nægi. Þessi fjárveiting verður að greiðast úr ríkissjóði, en afskriftir þessar verða að ákveðast hverju sinni og koma þá eins og venjuleg rekstrargjöld.

V. kafli er um raforkusjóð. Hann var stofnaður fyrir nokkrum árum og á nú á annan tug millj. kr. Ætlað er, að hann fái nokkra fjárupphæð frá ríkissjóði árlega, eða 2 millj. kr. Hann tekur einnig vexti af fé því, sem hann lánar. Sjóðnum er ætlað að veita lán allt að 30 ára til að koma upp tilteknum mannvirkjum fyrir rafveitur ríkisins. Lán þessi mega vera með allt að 2½% lægri vöxtum en víxilforvextir Landsbanka Íslands. Sömuleiðis er gert ráð fyrir rekstrarlánum til bráðabirgða til skemmri tíma, á meðan neytendurnir eru ekki komnir upp á það að nota raforkuna til fulls, því að það hefur sýnt sig, að þótt rekstrarhalli sé fyrstu árin, þá getur orðið rekstrarhagnaður, er frá líður. Að athuguðu máli hefur sú leið verið valin að láta sjóðinn lána fé til rafvirkjunarframkvæmda með lágum vöxtum. Það fé, sem veitt er úr raforkusjóði, er þannig í láns- en ekki styrkjaformi. Lánin veitast ýmist af Alþ. eða ráðh., og getur nánar um það í frv. Er þar tekið fram, hvernig skuli með fara í hvert sinn.

VI. kafli er um rafmagnseftirlit ríkisins, og er hann svo að segja óbreyttur eins og hann kom frá rafmagnseftirliti ríkisins. — VII. kafli er um stjórn raforkumála, og er það nýr liður.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þýðingu þessa máls. Það vita allir, hvaða þýðingu það hefur, að menn geti fengið raforku út um byggðir landsins bæði til þæginda fyrir þá, sem þar búa, og til iðnrekstrar og atvinnurekstrar fyrir ýmiss konar fyrirtæki. Hvort tveggja er nauðsynlegt og aðkallandi og þess vegna áríðandi, að gert verði allt, sem hægt er, til þess að ýta eftir, að þetta verði sem fyrst. Hins vegar er því ekki að leyna, að það er um mikla erfiðleika að ræða, sem yfirstíga þarf, og sérstaklega þá það, að þessar framkvæmdir allar eru gífurlega kostnaðarsamar, og verður þá að reyna að haga svo framkvæmdum, að ekki yfirstígi greiðslugetu þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli, hvorki viðkomandi héraða, einstaklinga, sem þar eiga hlut að máli, eða þá heldur ríkissjóðs að þeim hluta, sem honum er ætlað að annast þessar greiðslur.

Einn megineðlismunur á þessu frv. og því, sem lagt var fram í fyrra, er sá, að hér er ekki gert ráð fyrir, að rafmagnið verði selt sama verði hvar sem er á landinu, heldur verði því að ráða bæði ýmis teknisk fyrirkomulagsatriði, eins og það, hvernig t. d. rafmagnsins er aflað, sem getur í mörgum tilfellum haft áhrif á rafmagnsverð, og í öðru lagi, að nokkur hluti hins mikla dreifingarkostnaðar sé tekinn af viðkomandi héraði sjálfu.

Ég sé svo ekki, a. m. k. ekki að svo stöddu máli, nauðsyn að fara um þetta mál fleiri orðum. Ég vænti þess, að d. taki málið til skjótrar og góðrar fyrirgreiðslu, þannig að þetta mál megi verða afgr. á þessu þingi. Ég skal aðeins taka fram, að þó nokkur skoðanamunur var í upphafi um afgreiðslu þess bæði innan raforkumálan. sjálfrar og milli ýmissa manna, sem kringum n. stóðu, en þó tel ég, að eins og málið hefur verið afgr. frá Nd., þá sé sá ágreiningur, sem er, mjög lítill, svo að ég segi ekki alveg hverfandi. Ég vænti því, að takast megi að koma málinu einnig gegnum þessa hv. d., svo að um það verði gott samkomulag.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til iðnn., sem hafði með málið að gera í Nd.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta er eitt af hinum stóru málum, sem liggja fyrir þinginu, og ekki þess að vænta, að það sé í fljótu bragði hægt að átta sig nægilega vel á því.

Ég vil í sambandi við þessar umr. leyfa mér að benda á, að iðnn. Nd. hefur ekki haft neina samvinnu við iðnn. þessarar d. um þetta mál, og kann vel að vera, að það tefji þó nokkuð fyrir málinu, vegna þess að n. hefur ekki haft þess nokkurn kost að kynna sér málið og meðferð þess í Nd. Í sambandi við það vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. í fyrsta lagi, hvort hann er algerlega sammála þeim ákvæðum, sem nú eru í frv. Mér skilst það reyndar á hans orðum, að hann sé sammála þeim ákvæðum, sem eru í frv. nú, og svo hitt atriðið, hvort undir hann hafi verið borinn hinn mikli sægur af till., sem liggur fyrir á ýmsum þskj. í þessu máli. Ég hef ekki haft tækifæri til að bera saman, hvað mikið hefur verið fellt og hvað samþ., en það gæti létt nokkuð starf n. að fá það upplýst.

Hins vegar vil ég á þessi stigi leyfa mér að benda á, hvort raunverulega sé þörf á 3. kafla, ef 4. kafli er samþ., eða á 4. kafla, ef 3. kafli er samþ. Mér skilst, að 3. kafli fari inn á það, að héruðin geti staðið sjálf undir þessu með 85%, það sé meginatriðið, með ábyrgð ríkissjóðs, en 4. kafli fer fram á, að ríkissjóður leggi fram óendurkræft framlag ⅓, og ég vil þá spyrja, hvort ekki væri rétt að samræma þetta í einn kafla,

svo að það sé tekin bein stefna um annað hvort, ákveðin stefna, að annaðhvort skuli héruðin hafa það með ábyrgð ríkissjóðs eða að ríkissjóður geri það sjálfur, eins og stendur í 4. kafla. Mér skilst, að ef farið er inn á þessa stefnu hér, eins og í 27. gr., þá geti orðið della um það á hverju einasta þingi, hvað mikinn styrk skuli veita úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. Við þekkjum það um kröfur úr ríkissjóði til vega og hafna og annarra framkvæmda, og það verður ekki sótt minna á um þessi atriði. Ber þá að athuga, hvort ríkissjóður geti staðið undir þessu á almennum rekstrarútgjöldum og hvort ekki þarf að gera sérstaklega ráð fyrir að afla fjár til þeirra útgjalda. Hér er ekki einasta um það að ræða, að þörfin sé knýjandi um allar sveitir landsins, heldur mun koma ofan á það hrein og bein réttlætiskrafa og krafizt svo og svo mikils til raforkumála í hverri sýslu, eins og gert er um vegi og brýr og aðrar framkvæmdir þess opinbera.

Annars fer ég ekki að tala fleira um þetta mál nú. Málið á að fara til iðnn., þar sem ég á sæti, og mun ég taka það þar til athugunar, svo fljótt sem kostur er á.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hv. þm. Barð. spurðist fyrir um það, hvort ég væri samþykkur frv. eins og það lægi nú fyrir. Ég get sagt um það atriði, að ég var samþykkur því í upphafi, að ríkissjóður legði til héraðsrafveitna eins og þar var ætlazt til, eða í mesta lagi ⅓ í frumfrv. Svo hækkaði þetta í meðferðinni upp í ¾. Ég geri engan ágreining út úr því og mun sem sagt alveg sætta mig við það.

Brtt. hafa verið bornar fram og samþ. margar, það er alveg rétt, en yfirleitt var ekki samkomulag í Nd. um aðrar till. en þær, sem iðnn. tók þá upp í einhverju formi, hún sem sagt gerði þá að sínum þær till., sem hún vildi aðhyllast, og yfirleitt voru þær samþ., en hinar ekki. Það er alltaf viðleitni í svona málum að teygja ríkissjóðsframlagið sem allra lengst, en ég tel, að hér sé teygt á því nokkurn veginn eins og hægt er og það sé tæplega hægt meira en frv. gerir ráð fyrir.

Út af 3. og 4. kafla skal ég aðeins segja, að 3. kafli frv. á við þær rafveitur, sem gert er ráð fyrir, að standi undir sér sjálfar án alls framlags úr ríkissjóði. Héraðsrafveitur skiptast í tvennt, annars vegar þær, sem geta staðið undir sér alveg sjálfar, þar sem eru þéttbýl bæjarfélög, sem eiga þessar héraðsrafveitur og geta borið uppi kostnaðinn sjálfar með hæfilegum raforkugjöldum, og í þann flokk koma þær innanhéraðsrafveitur, sem ekki þurfa aðra aðstoð en ríkisábyrgð fyrir þær að einhverjum hluta stofnkostnaðarins, en geta að öðru leyti borið uppi allan kostnað sjálfar. Þessar rafveitur er gert ráð fyrir, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög eigi og reki og sjái um sjálfar að öllu öðru leyti en því, að ríkissjóður aðstoði héruðin við lántökur með því að ábyrgjast þennan hluta stofnkostnaðarins, en leggi hins vegar ekkert fram.

Svo er það hinn flokkurinn, 4. kafli frv. Þar eru þær rafveitur, sem þannig eru í sveit settar, að þess er ekki að vænta, að tekjur af rafmagnsgjöldum á viðkomandi svæði gefi nægilega stóra upphæð til að standa undir vöxtum og afborgunum af stofnkostnaði. Um það hefur verið gerður sérstakur kafli og gert ráð fyrir, að ríkissjóður hafi umsjón með þeim svæðum og annist reksturinn þar. Það er algerlega ógerlegt að slengja þessu tvennu saman í einn kafla, því að þetta er sitt hvors eðlis, annars vegar fyrirtæki, sem eru fjárhagslega sjálfstæð og hægt að reka áfram án styrks frá ríkinu, og hins vegar fyrirtæki, sem eru styrksþurfi og þess vegna verða að heyra undir ríkið, og ríkissjóður verður því að leggja fé til þess. Ég held því, að það sé rétt athugun og rétt hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir því, að frv. skilur þarna alveg á milli.

Ég veit, að það er rétt, sem hv. þm. segir, að það kemur fram mikil ásókn úr ýmsum héruðum að veita fé þangað eins og til vega, hafna og brúa og ýmiss konar þess háttar hluta. En umfram allt vildi ég þó undirstrika það, að hreppapólitík væri sem allra minnst inn í þessar framkvæmdir sett, því að þessar framkvæmdir líða mest af öllum framkvæmdum við það, ef héraðapólitík er blandað inn í þessi mál. Þessar framkvæmdir þurfa fyrst og fremst af öllum framkvæmdum, sem ríkissjóður hefur með að gera af opinberum framkvæmdum, að verða reknar eftir einhverju skynsamlegu plani og með hliðsjón alls rekstrarins fyrir augum. Getur það vitaskuld orðið til þess, að eitt hérað verði að bíða lengur en annað, en við því er ekkert að segja. Þetta er hægt, ef það liggur fyrir, hvernig hagkvæmast og heppilegast muni vera að haga framkvæmdum heildaráætlunarinnar, hvar eigi að byrja, hvernig eigi að halda áfram o. s. frv. og hvar eigi að enda. Þetta allt er hægt að setja upp á pappír og sýna fram á, hvernig þessi leið verði bezt og aðrar koma varla til greina. Þess vegna væri það eitt það versta, sem hægt væri að gera í þessu máli að minu áliti, ef ætti að afgr. þetta mál eingöngu með hliðsjón af því, hvaða óskir koma fram, eða m. ö. o. afgr. málið eftir hreppapólitík, en það vil ég vona í lengstu lög, að ekki þurfi til að koma í þessu máli.

Gísli Jónsson: Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, sem eru mér ekki svo lítill leiðarvísir í málinu við nefndarstarfið, en ég vil aðeins í sambandi við það leyfa mér að benda á, að mér virðist þurfa að setja mjög ströng ákvæði í l., sem fyrirbyggi þetta, sem hæstv. ráðh. sagði, að sé málinu mest til tjóns, um hreppapólitík. Ég vil benda á, að á síðasta þingi voru samþ. l. um raforkuvirkjanir, sem mér skilst, að eigi að framkvæma samkv. þessu frv., þegar það er orðið að l., og mér skilst, að ef þessar virkjanir féllu undir 4. kafla, þá yrði að gera sérstakar fjárhagslegar ráðstafanir til þess að hægt væri að gera það. Ég hygg, að það verði nú mjög erfitt að fyrirbyggja það, sem hæstv. ráðh. talaði um. Það má að vísu marka einhverjar línur, en bæði er það, að Alþ. getur breytt þeim lagaákvæðum, og mér er ljóst, að það verður farið í harða sókn, og það mjög harða sókn, í þessu

máli. Ég vil bara benda hæstv. ráðh á það, að hvenær sem teknar eru stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði til að byggja upp rafveitur, þar sem lagt er fram óafturkræft fé, eins og gert er í 4. kafla, þá er það lagt á alla þjóðina, einnig þá, sem ekki njóta þessara gæða, og íþyngir þeim til að geta komið þessum rafveitum á. Mér finnst þetta svo stórt atriði, að ef hæstv. ráðh. telur, að ekki megi komast inn í þetta hreppapólitík, eins og ég er sammála honum um, þá getur ekki komið til mála að koma á neinum héraðsrafveitum nema þeim, sem geta staðið undir sér samkv. 3. kafla, því að það mundi aldrei verða liðið, ef t. d. 2—4 millj. væru settar í eitthvert hérað á einu ári og það væri alveg öruggt, að þær kæmu ekki til baka, nema viðkomandi önnur héruð fengju tiltölulega sömu upphæð eða hlutfallslega sömu aðstöðu, vegna þess að þær mundu íþyngja þeim, sem ekki fá það. Við höfum séð það með vegi. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að hér á þingi hefur verið mikil togstreita um það, hvort ekki ætti að skera niður aðra vegi jafnvel til að lokið yrði vegi í héraði, sem hafði þó aðra vegi fyrir þéttari en í þeim héruðum, sem þar átti að skera niður. Ég held því, að erfitt verði að tryggja, að ekki komist hér hreppapólitík að, svo framarlega sem ekki verða gerðar stórkostlegar breyt. á 4. kafla, svo að ég held, að það sé rétt að ræða þetta við 1. umr. Við vitum það, að nú er búið að leggja tvo vegi, sem mikið kosta, austur yfir fjall, og þá er samþ. á mjög óþinglegan hátt að leggja þangað þriðja veginn, sem ekki er búið að ljúka enn, og áður en hann er fullgerður, kemur nýtt lagafrv. um að setja 22 millj. í einn veg enn. Þetta er allt réttlætt með því, að það sé bráðnauðsynlegt að gera þetta. Ég er ekki að neita því. En þetta er ekki gert af því, að þessi héruð hafi ekki vegi og brýr, heldur af því að vegirnir og brýrnar duga ekki, af því að þessi héruð þurfa að stækka sín flutningatæki frá einu tonni og upp í 10 og 12 tonn. En það er ekki litið á það, að það eru til héruð, sem bíða eftir að komast inn í vegakerfi landsins og gætu notazt við hestvagna, en verða nú að reiða á klökkum. Ef á að fara svona með útkjálkahéruðin, þá er engin von, að þeir, sem eru fulltrúar fyrir þessi héruð, og þegnarnir í þessum héruðum vilji beygja sig undir þann beina kostnað, sem tekinn er úr ríkissjóði til að koma þessum framkvæmdum á. Hér er verið að gera þá langstærstu tilraun, sem gerð hefur verið, til að þurrka þessi héruð út og flytja íbúana þangað, sem hægt er að byggja rafveitur. Þetta er svo stórkostlegt mál, að við verðum að gera okkur ljóst, hvaða áhrif það getur haft. Þess vegna hef ég hreyft þessu hér.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins benda hv. þm. Barð. á, að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, hvernig fjáröflun og framkvæmd skuli hagað. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessari virkjun."

Þetta er það, sem í frv. stendur, og ég get vel hugsað mér framkvæmd málsins á þann hátt, að Alþ. ákveður í hvert sinn, hve mikið fé verður veitt til þessara framkvæmda, og síðan verður það lagt fram í þeirri röð, sem gr. segir, og þá kemst engin hreppapólitík að. Þetta fyrirbyggir það, sem við erum sammála um, að beri að forðast.

Að gefnu tilefni vil ég mótmæla þeim orðum hv. þm. Barð., að nokkuð hafi verið óþinglegt við þá ákvörðun að leggja Suðurlandsbraut sunnan heiðar, því að það var ákveðið með sérstökum l., sem voru samþ. á Alþ. að öllu leyti á þinglegan hátt.

Gísli Jónsson: Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að hæstv. ráðh. tekur alveg rangt eftir. Ég átti við stóra fjárhæð, sem var veitt til þessa vegar með þál. á fjárlagaþingi, 500 þús. kr. til Selvogsvegar eða Krýsuvíkurvegar, og að það skyldi ekki koma í þau fjárl., sem þá var verið að afgr. Þessu man hann eftir. Ef það er ekki óþingleg meðferð á fjárveitingum, þá veit ég ekki, hvað er óþinglegt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það mætti æra óstöðugan, ef ætti að tína til allar fjárveitingar úr ríkissjóði á þennan hátt. Þetta fé, sem þannig er samþ. að veita utan fjárl., er venjulega til framkvæmda, sem eru ákveðnar með þál.

Um þetta fé, sem hér um ræðir, vil ég segja til viðbótar, að það var síðan sett á fjáraukal. og ríkisreikning viðkomandi árs, en ekki sett í fjárl. næsta árs, eins og til stóð, heldur var veitt fjárveiting í næsta árs fjárl. með fullu samkomulagi Alþingis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 456).

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég hefði talið æskilegt, að hæstv. samgmrh. væri viðstaddur þessa umr. (*Forseti:* Ráðh. er að koma.) Iðnn. hefur athugað þetta mál og haldið um það þrjá fundi og kvatt samgmrh. til viðræðu. Í raun og veru hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að gerbreyta frv., einkum að fella alveg niður 4. kafla og fella hann inn í 2. kafla. En með tilliti til þess, að með slíkri breytingu, sem n. taldi æskilega á frv., væri lítil von fyrir því, að það næði fram að ganga á þessu þingi, leggur n. til, að frv. verði samþ. þrátt fyrir það, að hún sé mjög óánægð með undirbúning frv. En aðalatriðið er, að n. er sammála um, að hér sé mjög mikið nauðsynjamál á ferðinni, og auk þess

liggur nú fyrir sægur af þáltill. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til einstakra rafveitna í náinni framtíð, og aðallega þess vegna leggur n. til, að frv. verði samþ. á þessu þingi. Ef frv. nær fram að ganga eins og það nú er, þarf ekki að taka til meðferðar þessar þáltill., því að frv. sjálft heimilar ráðh. að veita viðkomandi rafveitufyrirtækjum ábyrgð fyrir allt að 85% af kostnaðarverði.

Ég vil þá minnast á nokkur atriði til athugunar fyrir hæstv. ráðh. Ég geri ráð fyrir, að þessu frv., þó að það nái fram að ganga nú, verði breytt verulega á næsta þingi, því að slíkur lagabálkur sem þessi er aðallega viljayfirlýsing um nauðsyn málsins.

Í fyrsta kafla og 1. gr. segir: „Ríkinu einu skal heimilt að reisa og reka orkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl.“ Viðvíkjandi þessu ákvæði hafa borizt fyrirspurnir, hvort skilja bæri þetta á þá leið, að ríkið yrði sjálft að byggja mannvirkið, þ. e. ráða til þess menn. Ég hef nú ekki skilið þetta ákvæði þannig, heldur aðeins að ríkið ætti að starfrækja og stofnsetja fyrirtækin, en hins vegar væri leyfilegt að bjóða virkjanirnar út til hinna ýmsu verktaka. Um þetta atriði vildi ég gjarnan fá upplýsingar hjá ráðh. Þá er annað atriði í þessari sömu grein, þar sem heimild er fyrir, að þeir, sem nú eiga raforkuver stærri en 100 hestöfl, reki þau áfram og jafnvel fái að auka þau, ef sú stækkun hefur verið fyrirhuguð. Mér finnst með þessu ákvæði í raun og veru kippt burt grundvelli frv., því að með þessu falla stærstu rafveitufyrirtækin undan ríkisrekstrinum, þ. e. þau, sem nú eru starfandi, og eins og vitað er, er fyrirhuguð stækkun á mörgum þeirra. Það verður því ekki um ríkisrekstur að ræða nema á þeim fyrirtækjum, sem erfiðast verður að reka.

Viðvíkjandi 2. gr. frv. þá hygg ég, að orðin „100 hestöfl eða minna“ hefðu átt að falla burt. Í 2. kafla frv. er gert ráð fyrir, að raforkuverin verði rekin sem sjálfstætt fyrirtæki af ríkinu, og tel ég því óvíst, að það beri að skilja þannig, að gjöldin verði ákveðin það há, að fyrirtækið beri sig. Mér finnst, að sums staðar í frv. stangist þetta á við önnur ákvæði, og vart verði þessu þannig fyrir komið eftir öðru, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í 5. gr. frv. segir: Ráðh. ræður að fengnum till. raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn.“ Ég held, að úr því að raforkuráð á að vera til, verði heppilegra, að þetta orðist þannig, að í stað „að fengnum till. raforkumálastjóra“ kæmi: að fengnum till. raforkuráðs.

Í 7. gr. eru alls konar undanþágur. Allar stærstu rafveitur undanþegnar að vera í kerfi ríkisins. Þetta tel ég miður heppilegt.

Eftir 8. gr. á allur kostnaður við rannsóknir á virkjunarmöguleikum að greiðast úr ríkissjóði. Ég teldi eðlilegra, að hann væri greiddur úr raforkusjóði.

Í 9. gr. segir svo: „Nú telur ráðherra að fengnum till. raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum“ o. s. frv. — Ég teldi heppilegra, að þarna kæmi „raforkuráðs“ í staðinn fyrir „raforkumálastjóra“.

Viðvíkjandi 11. gr., þá er þar rætt um, hvernig verja skuli tekjum raforkuvirkjana, en ekki sagt annað en tekjurnar séu áætlaðar með reglugerð. Gjaldskráin er sett svo há, að hún geti staðið undir rekstrarkostnaði, að viðbættum 10% í raforkusjóð. En það hefði verið rétt að setja inn í frv., að gjaldið yrði miðað við sem lægst verð.

III. kaflinn er bezt upp byggður, og nauðsyn, að hann fái staðfestingu á þessu þingi, en hann fjallar um héraðsrafveitur. — Ég vil leyfa mér að benda á, að í 18. gr. er annaðhvort prentvilla eða þá að n. hefur ekki skilið þetta, en þar stendur: „Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð raforkuveitur á því takmarki“ o. s. frv. Þarna hlýtur að eiga að vera „svæði,“ en ekki „takmarki“. Síðasti málsl. í þessari gr. hljóðar svo: „Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki því til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins.“ — Það er spurning, hvort þetta ætti ekki að vera svo, að þessir menn séu skyldugir til að selja þeim aðila, sem ríkið ákveður.

Um IV. kafla er það að segja, að ég held, að fella mætti niður 23. gr., sem er endurtekning á 3. gr. í II. kafla. — 24. gr. er óviðfelldin. — 25. gr. er endurtekning á 6. gr. — Um 26. gr. er það að segja, að það er vafasamt, hvort ekki ætti að breyta henni, en þar stendur: „Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafveitu ríkisins getur sýslunefnd bundið við tiltekið mannvirki.“ Þetta hefði mátt koma undir I. kaflann.— Um 27. gr. vil ég segja það, að ég tel vafasamt, að hún geti staðizt, það er afar hæpið, að þetta hafi nokkra þýðingu, en verður til að tefja, að þeir, sem erfiðast eiga að fá rafmagn, geti fengið það. Og ef fyrir liggja áætlanir um 2 eða fleiri héruð, þá skal ávallt það hérað, sem beztar ástæður hefur, fá það, en ríkið ber kostnaðinn, og þeir borga, sem erfiðast eiga. Við eigum glöggt dæmi um samgöngurnar. Afskekktustu héruðin hafa alltaf verið látin bíða og borga, á meðan önnur héruð hafa fengið ágæta vegi.

Þá er það V. kaflinn. Ég tel vafasamt, hvort c-liður 33. gr. ætti ekki að falla niður. Ef d-liðurinn er samþ., þá er ekki ástæða til að hafa báða liðina. — Í 34. gr. stendur, að í Landsbankanum einum skuli ávaxta fé, og er það alveg óhæft. Það ætti að mega ávaxtast í hvaða banka sem væri, og má ekki halda við úlfúð milli bankanna. — 35. gr. er sú, sem hæstv. ráðh. lagði mikla áherzlu á, og hugsa ég því, að rétt sé að bíða eftir honum, sem fór til að vera við atkvgr. í Nd.

Ég vil leyfa mér að taka fram, að verði komið með brtt. undir þessum umr., þá hafa nm. óbundnar hendur að fylgja þeim eða koma með brtt. N. vildi ekki tefja fyrir málinu, þótt hún telji það ekki æskilegt í öllum atriðum. Vaxta-

fóturinn í þessu frv. er ákaflega lágur. Það er vel, ef samræmi kemst á, en ef ekki, þá er þessi vaxtafótur of lágur. Ef hann fer niður í 2%, þá þarf ríkissjóður að borga með lánunum.

Viðvíkjandi VI. kafla, þá virðist sem rafmagnseftirlit ríkisins sé ekki svo sjálfstætt með eftirlitið sem verið hefur. Eftirlitið er farið að taka að sér ýmsar framkvæmdir. Það er auðvitað alveg ótækt að hafa eftirlit með sínum eigin verkum.

Um stjórn raforkumálanna, þá er mjög til bóta, ef 53. gr. yrði breytt þannig, að raforkuráð réði einhverju, en væri ekki aðeins ráðgefandi. Ég hef þá bent á þær veilur, sem iðnn. þótti á frv., hún mun fylgja málinu, ef ekki koma fram brtt., en ef fram koma brtt., þá hefur hún leyfi til að koma með breytingar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. iðnn. hefur skilað áliti sínu, og það gefur mér ekki tilefni til mikilla umræðna, því að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og er ég ánægður með það. Ég get verið hæstv. frsm. sammála um, að ýmsum atriðum mætti breyta og gera betur. En það er ekkert einsdæmi með þetta frv., aðalatriðið er, að ríkisstj. fái heimild til að halda áfram með framkvæmdir í þessum málum, sem hafizt hefur verið handa um. Háværar kröfur hafa komið frá almenningi, sem hafa valdið því, að málinu var hraðað meira en ella hefði verið gert. Þessi ástæða hefur líka orðið til þess að breyta eða hafa áhrif á afstöðu mína og annarra. Ég er með því, að raforkuverin verði skipulögð sem mest í einni heild og ríkið hafi með þau að gera, en það getur tafið, ef farið er of ýtarlega út í þetta, að engir nema ríkið megi hafa með þetta að gera, þótt æskilegt sé, að ríkið hefði sem mest með þetta að gera. Hv. þm. Barð., frsm. iðnn., hefur farið nokkrum orðum um frv. og greinar þess og beint til mín nokkrum fyrirspurnum, og enda þótt brtt. liggi nú ekki fyrir, geta þessar umræður orðið grundvöllur til gagngerðra endurbóta á frv. Vil ég því leitast við að svara því, sem hv. þm. spurði um. Hann byrjaði á því að spyrja, hvort ég teldi, að 1. mgr. 1. gr. þýddi, að ríkið eitt skuli byggja raforkuver og bjóða þau ekki út. Ég hef skilið þetta svo, að ríkið láti gera þetta, en engu slegið föstu um form framkvæmdanna.

Þá ræddi hv. þm. um undantekningarákvæði 1. gr. frá því, að ríkið reki raforkuver eitt. Það er rétt, að þarna er um nokkurn tvískinnung að ræða, en hann stafar af því, að ekki þótti rétt að setja fótinn fyrir neina þá viðleitni, sem bætt getur úr hinni brýnu þörf. Ég geri ráð fyrir, að það verði einkum bæjar- og sveitarfélög, sem þarna eiga hlut að máli, og þessar framkvæmdir geti fallið inn í heildarkerfið síðar.

Um 2. gr. taldi frsm., að mjög orkaði tvímælis ákvæðið um 100 hestöfl. En mér skilst, að það sé í samræmi við ákvæði í 1. gr., þar sem rætt er um II. kafla frv. — Umsögn hv. þm. um það, að rafveiturnar eigi að vera fjárhagslega sjálfstæðar, er ég sammála að verulegu leyti. Í frv. er gert ráð fyrir, að áætlun sé gerð og ekki farið út í veitur, sem ekki eru líkur til, að geti borið sig. En þá er miðað við, að veiturnar beri sig, eftir að þær eru komnar á fót, þótt leggja hafi þurft fram fé í stofnkostnað, eða a. m. k. til að lækka hann verulega. Mun ég koma að þessu nánar síðar í sambandi við IV. kafla frv.

Viðvíkjandi 5. gr. taldi hv. frsm., að gefa ætti raforkuráði meira vald en gert er. Ég get raunar fallizt á þetta, og yfirleitt tel ég, að athuga þyrfti þann kafla nánar. Samkv. frv. er raforkuráð nánast ráðgefandi. Það mætti fá meira vald að mínum dómi; og er auðvelt að breyta því síðar, þótt ég telji ekki rétt að gera það nú. Mér þykir eðlilegt, að svo stórt fyrirtæki hefði stjórn, sem stæði yfir raforkumálastjóra, en hann stæði ekki beint undir ráðh., eins og frv. gerir ráð fyrir. Þá ræddi hv. frsm. um þann tvískinnung, sem væri í 7. gr., þar sem ýmsum virkjunum er leyft að selja raforku í heildsölu. En þetta kemur af því, að nauðsynlegt þótti að flýta fyrir framkvæmdum á þessum stöðum.

Viðvíkjandi 8. gr. frv. þótti hv. frsm. það óeðlilegt, að kostnaður við rannsóknir skuli greiðast úr ríkissjóði eða raforkusjóði. Nú er það svo, að ríkissjóður getur seinkað verkinu eða flýtt því með framlögum í fjárl., og ég tel ekki óeðlilegt, að raforkusjóður geti einnig haft áhrif á slíkar framkvæmdir og rannsóknir með fjárframlögum. Mér þætti miður, ef þessu væri breytt.

11. gr. sagði hv. frsm., að betra hefði verið að orða þannig, að gjöldin til rafveitnanna skuli standa undir öllum kostnaði að viðbættum 10%. Um þetta atriði er þó eitt að segja til viðbótar. En það er, að fyrirtækið getur í rauninni haft möguleika til að vera fjárhagslega sjálfstætt, þótt tap sé á því fyrstu árin. Mönnum lærist smátt og smátt að nota rafmagnið, og það er raunar fyrst á 4.—5. ári, sem hægt er að sjá fyrir víst, hversu veiturnar muni bera sig, enda hefur það verið svo með margar veitur, sem hafa sýnt sig að geta borið sig, að þær hafa sýnt tap í fyrstu, en bætt hag sinn, er frá leið. Þá get ég vel fallizt á athugasemdir hv. frsm. við 18. gr. um hæpið orðalag, og ætti að mega ráða bót á því.

Aðalathugasemdir hv. frsm. voru þó við IV. kafla frv., sem hann taldi, að mætti fella niður eða sameina öðrum köflum frv. Þetta er kannske hægt, en ég tel rétt, að kaflinn haldi sér. Ég vænti, að ekki þurfi að skýra það fyrir hv. þdm., að aðrar reglur hljóta að verða að gilda þar, sem orkan er seld í smásölu, en þar, sem hún er seld í stórum stíl. Rafveitur ríkisins eiga einungis að taka orkuna og selja hana í heildsölu til aðila á hverjum stað, sem síðan sjá um dreifingu hennar. Ef enginn slíkur aðili er til, leiðir það af sjálfu sér, að ríkið verður að taka þetta að sér, en um þetta fjallar IV. kafli. Einkum skildist mér, að ákvæði 27. gr. væri þyrnir í augum hv. þm. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Gegn óendurkræfu og vaxtalausu framlagi ríkissjóðs til héraðsrafveitu ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi minnst ⅓ af framlagi ríkissjóðs“ o. s. frv. — Þetta taldi hann hróplegt ranglæti, þar sem hinir verr settu væru látnir bæta aðstöðuna fyrir þá, sem betur væru settir. En ég lít svo á, að einmitt þetta eina ákvæði geri það mögulegt, að sveitirnar fái

rafmagn, og ég ætla, að með þessu fyrirkomulagi séu hinar dreifðu byggðir ekki frekar gefendur en þiggjendur.

Ég skal svo ekki hafa mörg fleiri orð hér um. Ég er þakklátur hv. frsm. og n. fyrir að leggja til, að frv. skuli samþ. óbreytt. Eins og hv. frsm. gat um, liggur nú fyrir þinginu fjöldi af till. um ýmiss konar aðstoð við rafveituframkvæmdir. En æskilegast væri, að þetta frv. næði samþykki svo fljótt, að það gæti leyst öll þessi mál í einu.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 28. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Hv. form. og frsm. iðnn. hefur bæði í nál. og líka í framsöguræðu gert grein fyrir afstöðu iðnn. til þessa máls og að sumu leyti fyrir sinni sérstöku afstöðu, og þarf ég ekki að bæta við það. En ég hefði þó viljað gera nokkra grein fyrir minni eigin afstöðu til málsins. Ég hef sem sé orðið sammála meðnm. mínum um að leggja til, að þetta stóra frv. verði samþ. óbreytt við 2. umr. Þó er þetta frv. þannig úr garði gert, að ég hefði mjög kosið, að það hefði verið að sumu leyti á allt annan veg.

Það, sem ég set fyrst og fremst út á þetta frv., er það, sem reyndar er margumdeilt og margrætt á mörgum fundum undanfarið, að það mun koma í ljós, þegar menn fara að nota það rafmagn, sem nú verður framleitt, að menn verða að kaupa það á mismunandi verði, eftir því hvar menn eru staddir á landinu. Ég verð hins vegar að telja, að það væri nauðsynlegt, að menn fengju rafmagnið með sem líkustu verði, helzt með sama verði, hvar sem þeir búa, ef menn annars eru þannig í sveit settir, að það telst kleift að flytja eða leiða til þeirra þetta nauðsynlega afl. Ég geri nú ráð fyrir, að það séu til afskekkt svæði og strjálbýli, sem þannig eru sett nú, að það er varla við því að búast, að til þeirra verði hægt að leiða rafmagn með þeim aðferðum, sem enn hafa verið notaðar. En ef menn teljast geta fengið til sín rafmagnið, finnst mér nauðsynlegt, að menn fái það til sín með sem líkustu verði. Ég játa, að það kann að verða nokkuð erfitt að koma sér fyrir um þetta. Og mér sýnist, að eina leiðin til þess, að þetta yrði hægt, væri, að ríkið hefði einkarétt til þess að framleiða rafmagn og selja það í heildsölu. Á þann eina hátt virðist mér, að mögulegt mundi vera að fá aðstöðu eða tækifæri til þess að jafna á milli manna og koma því þannig fyrir, að þeir, sem bezt eru settir, beri í þessu efni í félagi við hina byrðar af því að vera verr í sveit settir. Langstærsta atriðið, sem stendur í vegi fyrir því, að þetta geti orðið þannig, eru að minni hyggju hinar stóru rafveitur, t. d. Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, sem þegar eru til og aðrir reka og eiga en ríkið. Það hefur oft verið um það rætt, að þessi mannvirki ættu að falla undir heildina og saman við fyrirtæki ríkisins, til þess að unnt væri að jafna söluverði á rafmagninu meðal allra landsmanna, en þetta hefur hins vegar ekki fengizt. Ég verð að játa það, að mér finnst ekki nema mannlegt, þótt þeir, sem hafa getað eignazt þessar rafveitur og geta fengið rafmagn á miklu lægra verði en ef söluverð þess væri jafnað og það miðað við aðrar rafveitur, vilji ekki sleppa þessum réttindum, ekki sízt þegar á það er litið, að þessir staðir, sem eru settir eins og Reykjavík og aðrir fjölmennir staðir á landinu, geta ráðið öllu, sem þeir vilja, vegna mannfjöldans, sem á þessum stöðum er, og annarrar aðstöðu þeirra. Ég verð þess vegna að ganga út frá því, að eins og á stendur, þá sé þetta óáanlegt, en geri jafnframt ráð fyrir, að menn muni smám saman átta sig á því og að það reki að því einhvern tíma, að ekki verði hjá því komizt, að þessi eftirsóttu og gagnlegu gæði, sem hér um ræðir, verði seld með líku verði til allra landsmanna. Ég verð að segja, að ég lít ekki fyrst og fremst á það ranglæti, sem mér finnst vera í því, að sumir þurfi að kaupa þessi gæði miklu hærra verði en aðrir, en lít miklu fremur á hitt, að þessi mismunur á óumdeilanlega eftir að hafa ákveðnar afleiðingar, sem ég býst við, að menn sjái betur, þegar fram í sækir, að eru óhollar og jafnvel hættulegar.

Það eru nú nokkur ár síðan Reykjavík fékk nokkurn veginn nægilegt rafmagn við fremur vægu verði. Þetta var auðvitað sjálfsagt, en að minni hyggju var ekki hægt að komast hjá því, að beina afleiðingin af þessu, sem sé að Reykjavík fékk nægilegt rafmagn með vægu verði, en aðrir staðir á landinu höfðu ekki rafmagn, hlaut að verða sú, að þessi gæði drógu til sín fólkið annars staðar frá. Það var einnig sjálfsagt að láta gera hitaveitu hér í Reykjavík, þetta einstakasta og merkilegasta mannvirki á landinu, en af þeim mannvirkjum varð sama afleiðingin, að þetta dró að sér fólkið, á líkan hátt og segullinn dregur til sín járn. Nú getur vel verið, að það sé gagnlegt að hópa fólkinu saman á ákveðna staði, en það getur líka komið fyrir, að slíkt sé ekki gagnlegt og geti jafnvel verið hættulegt, en allt rekur að því sama, að þetta dregur jafnt til sín fólk, sem heppilegt er að flytjist til þessara staða eins og það, sem ekki ætti að færa sig til. Mér skilst, að mjög misjafnt verð á rafmagni til þeirra, sem nota það, muni einnig verka þannig. Það er enginn eðlismunur á þessu, aðeins stigmunur. Menn munu leita þangað, sem þessi gæði eru ódýrust að öllu jöfnu, og ég býst við, að þegar til framkvæmda kemur, komi það í ljós, að rafmagnið verði langódýrast í Reykjavík, af því að sá staður hefur til umráða eitt bezta vatnsfall á landinu, bezt til virkjunar fallið, í viðráðanlegri fjarlægð og hefur langsamlega fleiri menn til þess að notfæra sér rafmagn en aðrir staðir á landinu. Hins vegar býst ég við, að rafmagnið verði dýrast þar, sem erfiðast er að leiða það um, þrátt fyrir það, að eitthvað verði þar hlaupið undir bagga til þess að mæta kostnaðinum. Það, sem sérstaklega vantar til þess að hægt væri að hugsa til verðjöfnunar á rafmagni, er það, eins og ég nefndi áður, að til eru stórar rafveitur á beztu svæðunum, sem verða utan við kerfið í sveitunum. En þó að ég álíti, að þetta frv. þyrfti að vera öðruvísi en það er, hef ég samt lagt til,

að það verði samþ. eins og það er nú, a. m. k. nú við þessa umr.

Ég finn, að ég þarf að gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að ég hef þá skoðun, sem ég hef lýst, og álít þó, að frv. þurfi að ýmsu leyti að vera öðruvísi en það er. Þetta stafar í fyrsta lagi af því, að aðalatriðið, sem ég heiði óskað, að væri í frv., sem sé stórum meira verksvið fyrir rafveitur ríkisins heldur en er, er ófáanlegt. Í öðru lagi tel ég ekki miklar líkur á því, að lítilsháttar lagfæringar, sem maður vildi fá á frv., mundu verða samþ. Þriðja ástæðan er sú, að ég tel engan veginn útilokað, að ef bornar væru fram brtt. við frv. og þær samþ., þá gæti það eins komið fyrir, að samþ. yrðu till., sem beinlínis spilltu frv. Ég læt mér nægja til stuðnings þessu áliti mínu að benda á það, að ég tel, að í hv. Nd. hafi verið samþ. brtt. við frv., sem færa það fjarri því marki, sem ég vildi, sem sé, að ríkið hafi sem mest af rafveitum á sinni hendi.

Þegar hæstv. ráðh. lagði þetta frv. fyrir Alþ., var eins og enn gert ráð fyrir því, að höfuðstefnan í framtíðinni yrði sú, að ríkið reisti og starfrækti rafveitur. Þó var í 1. gr. frv. gerð undantekning frá þessu, m. a. þannig, að ráðh. var gefin heimild til þess að leyfa öðrum en ríkinu undir sérstökum kringumstæðum að reisa og reka rafveitur, þó ekki stærri en 500 hestöfl. Þetta atriði tók þeim breytingum í hv. Nd., að ráðh. hefur nú eftir frv. heimild til þess að veita öðrum en ríkinu leyfi til þess að reisa og reka rafveitur, ekki allt að 500 hestöflum, heldur allt að 2000 hestöflum. Þetta verð ég að telja, að færi frv. úr lagi og spilli frá því, sem það var, er hæstv. ráðh. lagði frv. fyrir þingið. Mér er ekki grunlaust um, að eitthvað líkt þessu gæti komið fyrir, þótt á öðru sviði væri, ef hér yrðu bornar fram og samþ. brtt. við frv. Aftur á móti tel ég, að þetta frv. sé spor í rétta átt. Ég tel t. d., að það ákvæði, að stefna beri að því, að ríkið eigi að reisa og reka rafveitur og selji síðan þeim, sem eiga að nota rafmagnið, sé spor í rétta átt, þótt mér finnist það að vísu stigið of stutt. Ég tel það einnig skref í rétta átt, þar sem lagt er til í frv. að jafna að nokkru leyti þann mismun, sem er milli manna, ekki sízt í IV. kafla þess, þar sem beinlínis er tekið fram, að ríkinu sé ætlað að leggja fram verulegan hluta af stofnkostnaðinum, sem telst umfram það, sem rafveiturnar með sölu rafmagns á eðlilegu verði mundu geta borið. Þess vegna kýs ég, að þetta frv. verði að l. á þessu þingi, og hef lagt til, að ekki verði bornar fram við það till. við þessa umr., en geymi mér rétt til þess að yfirvega, hvort ég muni vilja eiga þátt í, að bornar verði fram brtt. við 3. umr.

Hv. frsm. drap á það í gær í sambandi við 27. gr. frv., að hann byggist við því, að það ákvæði gæti orðið til þess að ýta fólkinu í burtu úr viðkomandi héruðum, en í þeirri gr. er lagt til, að ríkissjóður skuli leggja fram óafturkræfa fjárhæð, svo að stofnkostnaðurinn, sem hvílir á rafmagnssölunni, verði ekki meiri en ætla mætti til þess að salan gæti borið sig með viðráðanlegu verði á rafmagni, en að viðkomandi héruð skuli þó ætíð leggja fram ¼ hluta af þessari niðurgreiðslu. Þetta ákvæði er ekkert annað en það, sem liggur dulið víða í frv., að ekki verði hægt með þessu fyrirkomulagi að selja rafmagn alls staðar á sama verði, en þarna er það beinlínis tekið fram, að héruðin þurfi að leggja fram aukið fjárframlag umfram aðra neytendur rafmagns. Hæstv. ráðh. svaraði þessu á þann veg, að fólkið úti í sveitunum og þó sérstaklega í þeim afskekktustu leggi heldur lítið í ríkissjóð og mundi sennilega fá sitt aftur á annan hátt en með aðstoð til raforkuframkvæmda. Ég get ekki neitað því, að mér þótti í svari hæstv. ráðh. þess gæta meira, hversu góður reikningsmaður hann er, heldur en annarra kosta, sem ég veit, að hann býr yfir. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. hefur reiknað það út, hve mikið fé þetta fólk greiðir til ríkissjóðs með tollum og sköttum og eftir öðrum leiðum, og hann getur líka reiknað út, hvað þetta fólk fær í staðinn, en eiginlega fannst mér það ekki vera þetta, sem frsm. vék að. Mér virtist hann frekar vera að virða það fyrir sér, hvort líkur væru til þess, að þetta ákvæði eða fyrirkomulag rafmagnsmálanna mundi draga fólkið burt úr sveitunum eða ekki, og hvort það væri heppilegt. Ef á að gefa svar við þeirri spurningu, hvort það sé heppilegt, að fólkið flytjist meir og meir úr sveitunum, eins og það óneitanlega hefur gert undanfarið og að því, er sumum virðist, um of, þá tel ég alveg víst, að hæstv. ráðh. verði að nota fleiri fræðigreinar en talnafræðina eina til þess að svara þeirri spurningu rétt.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hæstv. samgmrh. gaf mér ekki ástæðu til þess að verja miklum tíma til að ræða frekar um þetta mál. Hann viðurkenndi mest af því, sem við héldum fram í n. um galla frv., og hafði um það góð orð, eins og vænta mátti, og að það yrði tekið til athugunar og frv. endurskoðað.

Mér þótti vænt um, að hann skyldi taka undir það að athuga þyrfti fyrirkomulag á stjórn ráðsins, því að ég tel það mjög veigamikið atriði.

Mér þótti og vænt um yfirlýsingu hans og skilning á 1. gr. frv., sem er í algeru samræmi við minn skilning á henni, en taldi rétt að fá yfirlýsingu varðandi þetta atriði vegna ummæla, sem fram komu í bréfi frá ákveðnu stéttarfélagi.

Varðandi 2. gr. er ekki ástæða til þess að eyða tíma, þar sem um það atriði virðist algert samkomulag.

Viðvíkjandi 3. athugasemdinni heldur hæstv. ráðh. því fram, að fyrirtækin verði fjárhagslega örugg á þann hátt, að þeim verði lagt til óafturkræft fjárframlag. Bezta sönnunin fyrir því, að fyrirtækin eru ekki fjárhagslega örugg, er sú, ef leggja á fram stofnkostnaðinn annars staðar frá. Þess vegna er það ekki annað en mótsögn í frv., ef ekki á að ráðast í fyrirtækin, nema þau séu fjárhagslega örugg, því að þá þyrfti ríkissjóður ekki að leggja til þeirra stofnkostnaðinn, og benti ég á, að í frv. væri ósamræmi varðandi þetta atriði.

Viðvíkjandi IV. kafla, þar sem rædir um nauðsynlega skiptingu verkefna milli ríkisrafveitna og héraðsrafveitna, þá er þetta einnig byggt á

misskilningi, því að 6. gr., sem er um ríkisrafveitur, kveður á um, að þær selji einnig rafmagn í smásölu beint til neytenda, en þetta er gagnstætt því, sem hæstv. ráðh. hélt fram. (*Samgmrh.:* Það er aðeins undantekning.) Meðan þetta stendur í frv., er ekki ástæða til þess að koma upp öðrum stofnunum, sem eiga að inna af hendi sama verkefni og ríkisrafveitum er ætlað í frv. Ég tel, að það sé rétt skilið, að ríkisrafveitur selji rafmagn beint til neytenda, þegar aðrir aðilar vilja ekki taka það að sér, og þess vegna tel ég, að IV. kafli frv. geti að mestu leyti fallið burt.

Viðvíkjandi 27.—29. gr. sagði hæstv. ráðh., að þau ákvæði, sem þar greinir, gerðu það einmitt mögulegt, að rafmagni yrði veitt út um sveitirnar. Ég er honum alls ekki sammála um þetta atriði, því að mér finnst þau ákvæði einmitt gera þeim örðugt að fá rafmagn, fyrr en þá seint og síðar meir. Þarna er tekið fram, að fyrst eigi að koma upp rafveitum þar, sem þær geti bezt borið sig fjárhagslega, og verður þá að sjálfsögðu fyrst snúið sér að þéttbýlinu, en seinast að annesjunum, en það yrði kannske svo seint, að þá þýddi ekkert að leggja þangað rafmagn, því að þá hefði fólkið í dreifbýlinu leitað til þéttbýlisins, þar sem gæðin og þægindin eru. Er ég hræddur um, að svo geti farið, að þessi mikli lagabálkur verði hinn sterki segull til þess að draga fólkið burt frá sveitunum, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að fyrirbyggja slíkt, og tel mjög varhugavert að leggja þyngri byrðar á herðar þessa sama fólks. Get ég ekki fallizt á, að þetta íþyngi ekki fólkinu, því að vitanlegt er, að þegar stórar fúlgur eru teknar úr ríkissjóði, þá kemur það niður á hvern einstakling í landinu, t. d. í sköttum og tollum.

Hins vegar er ég í meginatriðum sammála hæstv. ráðh. um frv. og að það nái fram að ganga, en í fullu trausti þess, að það verði athugað og af því sniðnir agnúar, sem ég hef bent á, legg ég til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr. og helzt að ekki verði hróflað við því, til þess að tryggja framgang þess hér á þessu þingi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki vera langorður, því að þeir, sem hafa tekið hér til máls um þetta mál, eru yfirleitt sammála um að vísa því áfram óbreyttu til 3. umr., og verður það væntanlega afgreitt þannig. Er það og aðalatriðið, en ég get þó ekki látið hjá líða að segja örfá orð út af ummælum, sem hér hafa fallið, bæði frá hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Barð.

Mér virðist, að fyrir hv. 1. þm. N.-M. vaki aðallega tvö atriði. Í fyrsta lagi, að afskipti ríkisins af rafmagnsmálum verði sem víðtækust, þannig að ríkið hafi á sinni hendi sem allra flestar rafveitur, og í öðru lagi, að rafmagn verði selt á sama verði hvar sem er á landinu, að þessu bæri að stefna og því æskilegt, að frv. færi sem næst þessu atriði, þótt mér skildist á hv. þm., að frv. þetta væri spor í rétta átt og að hann mundi fylgja því eins og það lægi fyrir.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu nægir að vísa til þess, sem ég sagði hér í gær, að þar hélt ég því fram, að heppilegast væri að reyna að fá sem flesta aðila til þess að taka að sér að koma þessum framkvæmdum á fót, þannig yrðu þær örastar og á þann hátt verði unnt að verða við eftirspurninni. Ég læt mér nægja þetta um þetta atriði. En um hitt atriðið, þ. e. jöfnunarverðið, vil ég segja, að ég játa, að það geti orðið ásteytingarsteinn. Það, sem skar úr milli meiri hl. og minni hl., var, að meiri hl. vildi láta hafa sama verð um allt land, en minni hl. vildi hafa misjafnt verð, og er ég þeirrar skoðunar. Það er ekki hægt af tekniskum ástæðum að hafa sama verð. Og ómögulegt er að ákveða þetta verð á sama hátt og verð á kjöti. Sumar virkjanir þurfa ekki að örva neyzluna. Þær geta geymt orkuna og síðan látið hana í té fyrir eitthvert ákveðið verð. En svo getur verið um aðra virkjun að ræða, sem er eins og einhver virkjun af þeim fyrri, nema hún getur ekki geymt orkuna frá degi til dags og verður því að örva neyzluna, hvetja til sem jafnastrar notkunar. Ég nefni þetta atriði aðeins til þess að sýna fram á, að þær ástæður geti verið fyrir hendi, er geri ómögulegt að selja með sama verði. Má og nefna fleira, t. d. virkjunarskilyrði. Þetta kemur m. a. fram í því, að rafmagn er selt með mismunandi verði í Reykjavík, þar sem verðið er frá 2—3 aur. pr. kw. hitaorka allt upp í 1 kr. pr. kw. ljósaorka. Þetta er talið heppilegt vegna hins tekniska fyrirkomulags. Hér kemur og annað til álita: Þótt þessi aðstaða væri ekki eins ójöfn og ég hef á bent, þá væri rafmagnið samt selt sama verði til allra. Ég veit, að hv. þdm. skilja það, að mikill kostnaðarmunur er þess fyrir rafveitu að leggja stutta raflögn, heimtaug úr götu í hús í þéttbýlum bæ, rafveitan beri aðeins kostnað af þessari lögn, og hins að leggja háspennulínu marga km. Munurinn á þessu er gífurlegur, og orkar tvímælis, hvort réttmætt væri að fara eftir venjulegum verzlunarástæðum og hafa verðið hið sama. Kostnaðurinn yrði geipilegur fyrir þá, sem lengst búa frá aflstöðvunum. Á hinn bóginn er hætta á, ef jöfnunarverð verði tekið upp, að þá geti svo farið, að rafmagnið hækki hjá athafnamönnum, sem búa við góð skilyrði, hafa t. d. byggt upp iðnað, sem háður er rafmagninu. Jöfnunarverðið gæti haft mikla röskun í för með sér, torveldað mönnunum starf sitt og jafnvel komið því til leiðar, að atvinnurekstrinn gæti ekki borið sig. Það er e. t. v. sérstaklega þetta atriði, sem ber að athuga. Að öllu samanlögðu er það ekki óskynsamleg aðferð að þræða þá leið, sem gert er ráð fyrir í frv. Ríkissjóður hjálpi til að greiða þann mismun, er verða kann.

Hv. þm. Barð. minntist á hið sama, sem hann lét getið í gær, nefnilega að eigi væri réttlátt, að þeir, er í dreifbýlinu byggju, yrðu látnir greiða meira en aðrir. Þessu svaraði ég þá, að gjöldin yrðu þessum mönnum ekki beinlínis fjötur um fót, ef þeir borguðu þeim mun lægri skatta. Ef nýir skattar koma ekki til á annað borð, þá munu dreifbýlisbúar ekki greiða neitt aukalega. Ég held, að hv. 1. þm. N.-M. hafi ofboð lítið misskilið málið.

Um aths. þær, sem fram komu nú hjá hv. þm. Barð. við frv., vil ég segja fáein orð. Hann telur IV. kafla frv. óþarfan og einnig 6. gr. frv. Rétt

er, að heimild sú, er hér um ræðir, er fyrir hendi í 6. gr. frv. Á hinn bóginn er rafveitum ríkisins ætlað að taka við orkunni og selja hana síðan héraðsveitunum í heildsölu. Aðalsjónarmiðið er, að ríkið hafi með höndum heildsöluna. Þess vegna eru héraðsrafveitur ríkisins settar upp þar, sem héruðin treysta sér ekki til að annast sjálf smásöluna, en hins vegar þar, sem ríkið annar ekki þessu verkefni. Ég tel þurfa skýrari ákvæða með en í 6. gr. frv. eru.

Ég sé svo ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum að þessu. Ég er þakklátur hv. þdm. fyrir að vilja ekki tefja frv. í þessari hv. d.

Ég skal ekki fara svo mjög út í almennar hugleiðingar um frv., svo sem áhrif þess á fólksflutningana úr sveitum landsins til Rvíkur o. fl. í sambandi við frv. Báðir hv. ræðumenn, er áðan töluðu, viku orðum að þessu. En hv. 1. þm. N.-M. virtist álíta, að annað yrði þó til þess að draga fólkið til Reykjavíkur, og gat þar m. a. hitaveitunnar. Það er vel skiljanlegt. Algilt lögmál er, að einn flokkur manna vilji eigi sitja við skarðari hlut en annar.

Ég hef annars þá trú, að vegna þeirrar starfsemi, er komið mun verða á eftir ákvæðum frv., verði fólki úti um landið fyrr gert kleift að fá raforku en ella mundi verða. Eðlilegt er, að betur undirbúnar framkvæmdir gangi fyrir, nefnilega þar sem fjármagnið er mest: í þéttbýlinu.

Að lokum vil ég svo segja, að ég vonast til, að smátt og smátt verði frv. þetta til þess að sætta fólk við hlutskipti sitt. En að því er einmitt stefnt með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—58. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 313, 527, 537).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 537. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað þetta mál og rætt það við samgmrh. N. varð sammála um, að óumflýjanlegt væri að breyta 22. gr. frv. þannig, að í stað orðsins „héraðsrafveiturnar" komi: raforkuver sveitarfélaga og héraðsrafveitur. N. var ljóst, að yrði þessi breyting ekki gerð, yrði ekki hjá því komizt, að samþykktar yrðu margar þær þáltill., sem nú liggja fyrir Alþ. varðandi þessi mál, en það mundi ekki verða heppilegt. En úr því nauðsynlegt reyndist að breyta frv. svo, að ekki verður hjá því komizt að endursenda það neðri deild, þótti n. rétt að breyta orðalagi í 18. gr. þannig, að í stað orðsins „takmarki" í 2. málsgr. komi: svæði. Í rauninni hefði verið þörf á að breyta víðar orðalagi frv., en það þótti ekki framkvæmanlegt, þar sem þá hefði orðið að semja frv. að miklu leyti um. Þá var rætt um að gera breyt. á 50. gr. um skipun raforkuráðs, en nú liggur fyrir till. frá 6. þm. Reykv., þar sem farið er fram á aðra skipan, en n. hefur ekki unnizt tími til að ræða þær till. Vil ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. verði frestað um sinn. Fundur hefur verið ákveðinn í n. í fyrramálið og verða þessar till. þá athugaðar.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 313, 527, 537, 538, 541).

Frsm. (Gísli Jónsson): Iðnn. hefur tekið til athugunar brtt. á þskj. 537, frá hv. 6. þm. Reykv., og hefur hún ekki getað fallizt á, að hún verði samþ., en n. leggur aftur á móti til, að till. verði samþ. eins og hún er á þskj. 527. N. vonast til, að brtt. á þskj. 541 verði samþ. til þess að koma í veg fyrir bráðabirgðastöðvar. N. ætlar, að allt að 10 millj. kr. gætu farið í slíkar bráðabirgðastöðvar, ef upphaflega till. yrði samþ.

Hv. 1. þm. N.-M. ber fram brtt. á þskj. 538, sem hann gerir sjálfsagt grein fyrir. Ég vona svo, að frv. verði samþ. með brtt. meiri hl. á þskj. 541.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég ber fram 2 brtt. á þskj. 538. Fyrri till. er um það, að fyrir „2000 hestöflum" í 3. málsgr. komi: 1000 hestöflum. Ég gat þess við 2. umr., að mér þætti verra, að þessi heimild væri svona rúm, næði til svo stórra stöðva, því að ég óttaðist, að það mundi kippa undan aðalatriðinu, ef ríkið ræki rafstöðvarnar. Fyrst er þetta miðað við 500 hestöfl, en var breytt í Nd. í 2000 hestöfl, og vil ég fara meðalveginn, 1000 hestöfl.

2. brtt. er við 31. gr. Þessi brtt. er mjög lík brtt. á þskj. 541, frá meiri hl. n. Báðar till. ganga inn á, að fyrirmæli miðist við vatnsraforkustöðvar, en ekki t. d. mótora, því að fyrirmælin geta ekki átt við slíkar stöðvar. Ég var fyrri með mína brtt., en sé, að þær eru svo líkar, að munurinn er ekki meiri en svo, að ástæðulaust er að gera ágreining þar um. Ég get því tekið brtt. mína aftur, en mæli með brtt. meiri hl.

Jónas Jónsson: Þegar þetta stóra mál er að hverfa úr þessari deild, þá vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að mikið hefur á unnizt í þessum málum á nokkrum árum. Rafmagnsmálinu hefur ekki verið sinnt fyrir landið í heild, fyrr en á sumarþingi 1942. Þá ber ég fram till. ásamt öðrum, sem hefur verið meginstefna í þessu síðan. Þá lögðum við til, að raforkan ætti að vera sameiginleg blessun allrar þjóðarinnar og að þeir í dreifbýlinu fengju rafmagnið svo ódýrt sem unnt væri. Það má segja, að sú till., sem Jón Þorlaksson kom með, gengi í sömu átt, þótt annað form væri á henni, en þá hafði landið ekki tök á að fylgja þessum málum fram.

Þskj. mun hafa verið nr. 19 þetta sumar, en nr. 25 eða 26 frá þm. Rang. um að stofna raforkusjóð. Síðar kom fram till. um að hækka þennan sjóð í 10 millj. kr. Þá var skipuð n. til að undirbúa málið, og má segja, að mikið hafi verið

gert á þessu sumarþingi. Þessi n. hefur svo undirbúið málið í samráði við ráðh., og verður það bráðum samþ. hér. Og það er ósanngjarnt að ætla, að strax náist hið réttláta takmark, en svo mun þó fara, og hygg ég, að þessi áfangi sé stór þáttur í þessu mikla máli.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra hin vinsamlegu ummæli hv. þm. S.-Þ. um þetta mál, þegar litið er á afstöðu flokksbræðra hans gegn þessu. Þetta mál var tekið upp árið 1929 af form. Sjálfstfl., og hefði það fengið fyrr framgang, ef Framsfl. hefði ekki sýnt því andstöðu eða þá kulda og afskiptaleysi. Ég á hér tvær brtt., og er sú fyrri um það, að alls staðar þar, sem talað er um „rafveitur", rafveitustjóra" o. þ. h., komi: rafmagnsveitur, rafmagnsveitustjóri og tilsvarandi orð. Þegar maður les frv., kemur í ljós, að mjög skortir á, að samræmi sé í orðalagi. Þetta heitir frv. til raforkulaga, en svo er víðast talað um rafveitur eða rafmagn, og svo rafveitustjóra. Eftir því ætti að veita rafi um landið, sem er auðvitað tóm vitleysa, en þetta mun stafa af fyrri málvenjum, sem auðvitað nær engri átt að taka upp í þetta frv., og vænti ég, að hv. n. athugi þetta og leiðrétti. Raunar ætti að nægja, að forseti úrskurðaði, að skrifstofan skuli lagfæra þetta, þar sem um er að ræða augljósa lagfæringu á máli. Önnur till. er aftur á móti efnisbreyting, þar sem lagt er til, að raforkuráð sé skipað öðruvísi en gert er ráð fyrir í frv. eða samkv. till. n. Eftir minni till. á raforkuráð að vera rétt mynd af vilja Alþ. eins og það er skipað á hverjum tíma. N. leggur til, að þingið kjósi 4 menn í raforkuráð, en ráðh. skipi hinn fimmta, og sé hann formaður. En úr því að þingið á að eiga hér hlut að, þá sýnist mér réttast og eðlilegast, að það kjósi alla þessa menn.

Það hefur verið sá háttur nú um skeið, að leitazt hefur verið við að draga úr valdi Alþ. í ýmsum málum, þótt um margt hafi nú fengizt leiðréttingu, svo sem um skipun útvarpsráðs. Það sætti á sínum tíma nokkurri gagnrýni, en síðan Alþ. réð skipan þess, hefur tekizt svo vel, að völd þess þykja nú ekki nóg. Ég hef áður bent á það, að samkv. frv. hefur raforkuráð nánast engin völd, og get ég fallizt á það, ef það er skipað eins og þar er ætlað, en sé það réttlátlega skipað, tel ég, að það megi fá meiri völd.

Ég vil láta það álit mitt í ljós, að ég tel brtt. hv. n. til ills eins og kýs fremur, að frv. verði samþ. óbreytt, en skal ekki að öðru leyti fjölyrða um einstök atriði málsins. Hins vegar get ég ekki verið samþykkur hv. þm. Barð. um það, að þótt þetta sé gott mál, þá þurfi að flýta því svo mjög, að ekki megi leiðrétta það, sem miður fer. Ég álít, að það varði hér mestu sem í öðrum málum, að undirstaðan rétt sé fundin, og ég hygg, að hv. n. hafi ekki athugað þetta mál eins vel og æskilegt hefði verið. Hins vegar hef ég ekki kynnt mér málið svo til hlítar, að ég sé tilbúinn að leggja fram brtt. nú þegar, en ég tel, að hv. n. hefði átt að vísa málinu frá að svo stöddu og láta það fá betri undirbúning.

Jónas Jónsson: Það hefur komið í ljós, að hv. 6. þm. Reykv. hefur verið of upptekinn af vísindastörfum til þess, að hann geti fylgzt svo með gangi þingmála sem æskilegt hefði verið. Ég veit, að þessi hv. þm., sem hefur skrifað sögu Alþ., skilur þann mun, sem er á Garðari Svavarssyni og þeim Ingólfi og Hjörleifi. Þegar Garðar kom hér fyrst, var ekki tími til kominn, að landið yrði byggt, en hins vegar var sá tími kominn, þegar þeir Ingólfur og Hjörleifur komu. Þannig var það, að 1929 var enginn grundvöllur fyrir því að koma á stórfelldum rafmagnsvirkjunum. Þá var hér einungis rafmagn frá Elliðaánum. Mætti hv. 6. þm. Reykv. muna frásögn Eldeyjar-Hjalta í bók hans um þá mótspyrnu, sem Sogsvirkjunin sætti á sínum tíma. Framsfl. studdi þá Eldeyjar-Hjalta og kom fram málinu. Einnig má benda á það, að ekki fékkst nægilegt fjármagn til að kaupa efni til hitaveitunnar fyrir stríð. Það stafaði ekki af ódugnaði Reykjavíkurbæjar, heldur af því, að sá andi, sem skyldi tryggja málinu framgang, var ekki fyrir hendi.

Mér þykir rétt að benda á þessi atriði, úr því að minnzt var á sögu þessa máls. Sannleikurinn er sá, að 1929 var ekki grundvöllur fyrir þessu máli. Reykjavík var ekki tilbúin. Þannig var því einnig háttað um frv. það, sem ég flutti 1925 um aðstoð við byggingar í sveitum. Þá náði það ekki fram að ganga, en 1927 kom ég því fram. Af þessu er ljóst, að í þessu máli er ekki Framsfl. um að saka, heldur er það tímanna rás, sem hér skiptir sköpum.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki blanda mér í deilur þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. S.-Þ., en vil víkja að brtt. hv. 6. þm. Reykv. — Ég lýsti því yfir við 2. umr. þessa máls, að n. væri ljóst, að frv. þyrfti endurbóta við, en til þess er varla hægt að ætlazt, að þingn. takist á hendur að gerbreyta frv., sem mþn. hefur fjallað um. Þetta er annað atriði þessa máls. Hitt er svo það, að í n. fékkst ekki samkomulag um principatriði málsins. Ég vildi nema burtu IV. kaflann, en hv. 1. þm. N.-M. var því andvígur, og hefur hann nú flutt brtt., sem miðar að því að minnka hlutdeild héraðanna, en auka hlutdeild ríkisins. Ég tel, að héruðin sjálf geti ráðizt í framkvæmdir, ef þau geta fengið 85%, og allar framkvæmdirnar geti síðar fallið inn í heildarkerfið. N. vildi ekki eiga það á hættu að umsteypa frv., enda hefði hún þá klofnað og frv. sennilega ekki náð fram að ganga á þessu þingi, en það finnst mér svo stórt atriði, að ég vil vinna að framgangi málsins eins og það er og brtt. liggja fyrir um þrátt fyrir aðra galla þess. Nú liggja fyrir Sþ. þáltill. frá bæjar- og sveitarfélögum um 85% ábyrgð, og hljóta þær flestar að ná samþykki, þótt þetta frv. næði ekki fram að ganga. Ég vil ákveðið leggja til, að frv. verði nú afgr., svo að þessum málum sé komið í höfn. Ég hef lýst því yfir, að ég er óánægður með ýmis atriði, t. d. skipun raforkuráðs. Samkv. 35. gr. frv. er það einungis ætlað til að aðstoða ráðh., og kemur þá allt annað til greina en ef það ætti að hafa sömu völd og t. d. stjórn síldarverksmiðjanna. En um þetta fékkst ekki samkomulag í n., svo að þótt einungis hefði átt að breyta þessu, þá hefði málið stöðvazt. Ég er

hv. 6. þm. Reykv. samþykkur í því, að ef ríkið á að hafa nokkurt vald, þá væri rétt að skipa ráðið á þann hátt, sem hann leggur til, en úr því að ráðh. á að bera ábyrgðina, þá er ekki ósanngjarnt, að hann megi skipa einn mann í ráðið. Þessu má vitanlega breyta á næsta þingi.

Viðvíkjandi 1. brtt. hv. 6. þm. Reykv. er það að segja, að n. er sammála um, að sú leiðrétting, sem þar er lögð til, nái fram að ganga. Annars lít ég svo á, að frv. sé þannig, að það réttlæti ekkert framgang þess annað en hin brýna þörf.

Varðandi það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um, að n. hefði átt að vísa málinu frá og láta það fá betri undirbúning, þá vildi ég spyrja hann, hvort hann óskar eftir, að sá háttur verði hafður á um það mál, sem hann flytur um virkjun Sogsins. Ef hann óskar þess, þá er þörfin ekki svo mikil sem látið er í Nd. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem eiga afkomu sína undir því, að þessum málum verði þokað áfram, yrðu ekki þakklátir iðnn., ef hún tefði þetta mál. Þess vegna hef ég tekið það ráð að óska málinu framgangs þrátt fyrir gallana.

Bjarni Benediktsson: Hv. frsm. spurði mig, hvernig ég vildi, að væri farið með frv. um Sogsvirkjunina. Ég álít hiklaust, að eigi að samþ. það frv. Hitt er jafnaugljóst, að ef um mál er að ræða, sem ég álít, að sé verulega ábótavant í meginatriðunum, þá eigi að beita sér á móti samþykkt þess frv. Með því móti einu fullnægja menn sinni þingmannsskyldu. Og ef frv., sem hér liggur fyrir, er eins ábótavant og fram hefur komið í ræðu hv. frsm., þá get ég ekki fallið frá því, að réttara hefði verið að heimta betri undirbúning málsins af hæstv. ríkisstj. og láta samþykkt frv. bíða, ef ekki væri hægt að bæta það nægilega á þessu þingi, sem ég get vel fallizt á með hv. frsm., að ekki sé hægt að ætlast til, að venjuleg þingnefnd geti umsteypt slíku stórmáli, sem mþn. og ríkisstj. hafa haft til meðferðar. En ég tel, að það hefði verið þeim mun skaðaminna að láta þetta bíða sem það kom fram í ræðu hv. frsm., að það er ekki hundrað í hættunni, þó að frv. næði ekki fram að ganga, því að þá yrðu ábyrgðarheimildir samþ. með sérstökum ályktunum í Sþ. Og eins og hv. þm. sagði, þá kemur það nákvæmlega í sama stað niður, svo að ég get ekki séð, að það hefði verið nein hætta á því, að nokkur rafvirkjun hefði dregizt fyrir þessar sakir. Og úr því að ekki er hætta á því, og hv. frsm. hefur lýst yfir, að það væri ekki slík hætta fyrir hendi, þá get ég ekki séð, af hverju má ekki krefjast, að þetta mál sé eins skaplega úr garði gert og mögulegt er, en samkv. lýsingu hv. frsm. fer því ákaflega fjarri, að svo sé. Svo voru ekki fleiri orð um það.

En varðandi ummæli hv. þm. S.-Þ. þá skaut þar alveg skökku við. Hann vitnaði mjög í Eldeyjar-Hjalta, sem er merkur og góður maður. En Hjalta hefur farið á svipaðan hátt og sumum öðrum miklum framkvæmdamönnum og m. a. hv. þm. sjálfum, að afrekin eru svo mikil, sem þeir hafa unnið, að um sumt skolast til, hvað þeir hafa sjálfir gert og hvað aðrir, sérstaklega þegar þeir fá skáld til að færa það í letur, eins og Hjalti hefur gert. Þá verður þetta allt tilkomumeira en það er í raun og veru, svipað eins og skáldandi hv. þm. sjálfs hefur gert heldur sögulegra sumt af því, sem hann hefur nærri komið, en efni standa til. Ég efa ekki, að Hjalti hefur verið því hlynntur, að rafmagn væri leitt til bæjarins frá Soginu og fossarnir virkjaðir, en ég get fullyrt af náinni þekkingu, að í sögu þeirri, sem Guðmundur Hagalín hefur skráð um hann, er ekki rétt frá sagt um forgöngu hans í þessu máli. Það veit hv. þm. jafnvel og ég, og hv. þm. Str. veit það líka, þó að hann hafi gert sér það til gamans að rifja upp þessa skröksögu í útvarpinu. Þetta er frá skáldinu, en ekki Hjalta, sem er afar merkur maður og hefur svo margt unnið, að hann þarf ekki að taka á sig neinar lánsfjaðrir, sem skáldið hefur á hann sett í þessu efni.

En það var ekki þetta, sem var til umr., heldur það, að Framsfl. fjandskapaðist árum saman við rafmagnsmálin bæði út um sveitir og þá alveg sérstaklega rafmagnsmál Reykjavíkur, eins og hv. þm. man. Við þurfum ekki að fara þar í sögu Eldeyjar-Hjalta til að lesa, heldur bara lesa svo prosaiska bók sem þingtíðindin, sem sýna og sanna, að Alþingi var rofið á mjög hæpinn stjórnskipulegan hátt til að stöðva á Alþingi ábyrgðarheimild fyrir Sogsvirkjunina. Þar kemur enginn skáldskapur til, heldur er þetta mjög skýrt fram tekið af þáverandi forsrh. Framsfl. Það var því ekki eingöngu svo, að þeir tækju með úlfúð á till. Jóns Þorlákssonar í þessu efni, heldur beittu þeir sér með miklum krafti gegn tilraun, sem bæjarfélagið vildi gera. Ef hv. þm. S.-Þ. hefði beitt sínum mikla dugnaði og framkvæmdaþreki í þágu þessa máls í staðinn fyrir að tefja það í mörg ár, þá væri málið komið miklu lengra áleiðis en nú er. En ég fagna því, að hann er nú kominn í þá góðu sveit, og veit ég, að það verður drjúgur styrkur, áður en yfir lýkur.

Jónas Jónsson: Mér finnst vel við eigandi samhliða þessu frv. að hressa ofurlítið upp á hv. alþm. með lítilfjörlegum sögulegum útskýringum.

Ég verð að segja, að ég hafði aldrei búizt við því, að svo mikill innfæddur Reykvíkingur sem hv. 6. þm. Reykv. mundi vantreysta þeirri merku bók um Eldeyjar-Hjalta og frásögn hans um rafmagnsmálin svo mjög sem hér kemur fram. Ég hygg, að það sé hafið yfir allar deilur, að Sigurður Jónasson hafði um nokkra stund meirihlutafylgi til að verða borgarstjóri í bænum upp á þessi mál, sem var nógu stórt til að ráða aldahvörfum, og beita sér fyrir að taka Sogið þeim tökum, sem síðar var gert. Það er svo mikil rómantík utan um þetta mál og þessar sviptingar, sem urðu til þess, að þessi merki lögfræðingur fékk ekki þá ánægju að verða borgarstjóri, að það kom m. a. til greina að flytja menn á spítala og að margs konar meinlegar aðgerðir væru gerðar á þeim, en allt endaði þetta í því, sem var aðalatriðið og Hjalti virðist hafa mjög glatt sig yfir, að Reykjavík af fullum krafti, íhald, Framsókn og Alþfl. í sameiningu, fór að berjast fyrir virkjun Sogsins. Hitt gegnir nokkurri furðu um þann fræðimann, sem hefur

gengið í gegnum sögu Alþ. í þessu merka máli, að það skuli hafa farið fram hjá honum, að Tryggvi Þórhallsson rauf þingið 1931 eingöngu út af kjördæmaskipuninni. Það kann að vera, að hann hafi einhvern tíma í kosningaræðu minnzt á rafmagnsmál Reykjavíkur eins og eitthvert aukaatriði, en það er öllum kunnugt, ekki sízt þessum hv. þm., að þingið var eingöngu rofið út af kjördæmamálinu. Það er því alveg rangt að halda því fram, að Framsfl. hafi verið að fjandskapast við þetta mál, eins og kom líka síðar fram, því að fulltrúi Framsfl. í bæjarstj. gekk að þessu máli með fullri orku, og það veit borgarstjórinn, að varð að samkomulagi upp úr borgarstjóramálinu 1932, að Sogið skyldi verða virkjað, en það varð undirstaða ekki aðeins fyrir Reykjavík, heldur og fyrir allt Suðurland og fyrir landið allt. En af því að hv. 6. þm. Reykv. vill láta líta svo út, að framsóknarmenn hafi verið svo erfiðir í þessu máli, þá vil ég benda á, að þegar Jón Þorláksson fór að beita sér fyrir þessu máli með miklum dugnaði með lántöku í Svíþjóð, þá reyndist ekki auðvelt að fá peninga, en þá kom ríkisstj., sem ekki studdi Jón Þorláksson, til hjálpar og fékk honum til liðs hið fyrrv. borgarstjóraefni, og þeir unnu saman að þessu máli í Svíþjóð, og varð Jóni Þorlákssyni mikill stuðningur að þessari liðsemd. Sérstaklega mun hinn lögkæni borgarstjóri geta séð í þingtíðindunum, að ríkisábyrgð fylgdi, og við hana studdist Jón Þorláksson í Svíþjóð, og var hún veitt, þó að Sjálfstfl. væri í minni hl. og berðist fyrir þessu máli aðallega af því, að hann hafði forstöðu bæjarins, en Framsfl. var annar stjórnarfl. og gerði a. m. k. síður en svo tilraun til að hindra málið, heldur átti þátt í samþykkt þess og lét síðan vinna að framgangi þess með borgarstjóranum í Reykjavík.

Frsm. (Gísli Jónsson): Það er aðeins út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. um, að þá fyrst geri þm. skyldu sína, þegar þeir leggja til, að þau mál nái ekki fram að ganga, sem þeir eru ekki ánægðir með. Hann telur einnig, að sama árangri mætti ná með því að samþ. allar þáltill. eins og með því að samþ. þetta frv. Ég er honum ósammála um bæði atriðin. Fyrir það fyrsta er engin sönnun fyrir því, að allar þáltill., sem liggja nú fyrir Alþ. um raforkumál, næðu fram að ganga nákvæmlega í sama formi og gert er ráð fyrir í l. Það er m. a. ekki víst, að þær komi á sama þingfundi, og ekki heldur víst, að allir hv. þm. sitji þann fund út, og getur þá atkvgr. raskazt fyrir það eitt, svo að það er næg ástæða fyrir að koma þessu máli fram. Ég vil enn fremur benda á, að ekki er hægt með þáltill. að ná tilgangi 3. tölul. 35. gr., og mundi því verða að bera fram enn fleiri till., ef ætti að ná tilgangi allra l., sérstaklega aðgangi að raforkusjóði, á sama hátt og gert er með þeirri gr., sem þar um ræðir, og það er eitt af meginatriðunum fyrir nauðsyn þess, að frv. verði samþ., en það er útilokað að tryggja þann rétt hér á þingi með þáltill.

Ég tel það vera þingmannsskyldu hvers þm., þegar hann sér, að um það er að velja að láta mál falla, sem hefur meira gott en illt, eða láta það ganga fram, þótt með göllum sé, að fylgja málinu, þó að hann fái það ekki að öllu leyti eins og hann vill. Ég undrast að heyra þessi orð frá hv. 6. þm. Reykv., sem ásamt mér stendur nú í þeirri aðstöðu hér á þingi að vera að gera út um alls konar mál, ekki á þann hátt, sem við viljum, heldur á þann hátt, sem hægt er að fá eins og við og annar aðili viljum. Hann veit ákaflega vel, að framkvæmdirnar í landinu yfirleitt standa og falla með því á þessum tímum, að hægt sé að semja um þau, og svo er hann að álasa mér sem frsm. fyrir, að ég skuli ekki leggja til, að þetta mál skuli drepið, af því að ekki sé hægt að fá allt í því, sem ég vil. Ég undrast yfir slíku ósamræmi í málflutningi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Ed., 15. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 538,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.

nei: ÁS, PM, ÞÞ, BrB, EE, GJ, GÍG, StgrA.

HG greiddi ekki atkv.

3 þm. (LJóh, MJ, BBen) fjarstaddir.

Brtt. 537,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 527,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

— 527,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

— 541 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 538,2 tekin aftur.

— 537,2 samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BrB, EE, JJ, ÁS, StgrA.

nei: GJ, GÍG, HG, HermJ, IngP.

PHerm, PM, BSt greiddu ekki atkv.

3 þm. (BBen, LJóh, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 527,3 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 563).

Á 92. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

---

47. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 21. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins (þmfrv., A. 392).

Á 63. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það var rétt fyrir þingfrestun, sem þetta mál barst í hendur sjútvn. þessarar hv. d. með ósk frá hæstv. ráðh. um að flytja málið. N. hafði ekki tíma til þess að fara í gegnum málið eins og hún hefði óskað, en sökum þess að liðið var á þing, vildi n. ekki tefja fyrir því, að málið fengi byrjunarafgreiðslu, og þess vegna flutti hún það með þeim fyrirvara, sem hér segir í grg. Ætlunin er því, að n. taki þetta mál aftur til athugunar milli 2. og 3. umr. Ég vil þó strax taka það fram, að kostnaðurinn, sem áætlaður er, og lánsheimildin er miðað við kr. 4400000,00, og er engan veginn miðað við þá aukningu, sem um ræðir á síldarverksmiðjunum frá 1930, heldur er hér um að ræða aukningu á ýmsum húsum með tilliti til hinnar miklu afkastaaukningar, sem orðin er hjá verksmiðjunum í heild. Þetta er m. ö. o. sameiginlegur kostnaður að verulegu leyti, bæði á lóðakaupum, húsakosti fyrir starfsfólk, fyrir vörugeymsluhús og stækkun á ketilstæðum.

Ég vil svo vænta þess, að hv. dm. athugi nákvæmlega þá áætlun, sem fylgir hér í grg. með fskj. I., og einnig grg. á fskj. II., en á þessu stigi málsins hef ég ekki f. h. sjútvn. aðrar óskir fram að færa en þær, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., 14. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 392, n. 559).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Með frv. því, er hér liggur fyrir, er farið fram á, að síldarverksmiðjum ríkisins leyfist að taka að láni til stækkunar á SR 30 á Siglufirði kr. 4400000,00, og einnig farið fram á að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fjárhæð þessa.

Stj. síldarverksmiðja ríkisins ákvað vorið 1944 að stækka umræddda verksmiðju, en stækkunin hefur dregizt. Í grg. gerir stj. verksmiðjanna ráð fyrir því, að stækkunin verði fullgerð fyrir næstu vertíð, þ. e. í sumar. Þessi stækkun nemur um 3 þús. málum á sólarhring, og er kostnaðurinn við hana áætlaður um 1½ millj. kr. En auk þessara aðgerða eru í ráði ýmsar aðrar framkvæmdir í sambandi við stækkunina, sbr. byggingu hinnar nýju verksmiðju, og er kostnaðurinn við þær og stækkunina á SR 30 alls áætlaður 4 millj. og 400 þús. kr., þótt hún nemi ekki meiru en þessari 1½ millj. Hins vegar er kostnaðurinn sundurgreindur í grg. á þskj. 392.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál sérstaklega. Það er gert í þskj.

Nd. samþykkti frv. óbreytt, og sjútvn. þessarar hv. d. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði einnig samþ. hér í d. óbreytt.

Ég sé svo ekki, að þörf sé að fjölyrða frekar um málið, en vil þó geta þess, að stj. síldarverksmiðjanna áleit, þegar hún ákvað að ráðast í áðurgreinda stækkun, að hægt yrði að nota eigið fé verksmiðjanna til þessara framkvæmda. En vegna þess að síldarvertíðin brást í fyrrasumar, hefur fé verksmiðjanna gengið svo mjög til þurrðar, að stj. þeirra hefur neyðzt til að taka bráðabirgðavíxillán í bönkum, en þau eru ótryggari en önnur lán. Taldi hún því, að full þörf væri að fá þessa ábyrgð fyrir föstu láni.

Ég vænti þess, að hv. d. verði við ósk stjórnar síldarverksmiðjanna um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 607).

---

48. Embættisbústaðir héraðsdómara.

Á 29. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um embættisbústaði héraðsdómara (þmfrv., A. 120).

Á 30. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Það mun þykja svo, að það sé ekki vonum fyrr, að hér á Alþ. komi fram frv. til l. eins og hér liggur fyrir á þskj. 120, um embættisbústaði héraðsdómara. Eins og hv. þm. líklega vita, þá hafa nú í áratugi verið í gildi l. og reglur um vissa embættismenn í þjóðfélaginu, sem styrks hafa notið með ákveðnum hætti, til þess að eiga sér samastað. Ríkið hefur þó þegar fyrir tugum ára séð það, að embættismenn þessa lands, í rauninni hverjir sem væru, gætu ekki alls kostar verið þannig settir, að hægt sé að reka þá út af héraði, að þeir hafi hvergi höfði að að halla, ef á því þyrfti að halda og út af bæri. Hér er átt við í þessum eldri ákvæðum l. prestastéttina. Nú má vel segja, að þau l., sem þá voru sett um byggingu íbúðarhúsa á preststssetrum, hafi ekki nærri alltaf náð tilgangi sínum, eða m. ö. o. ekki hafi verið gengið eins vel í það mál og skylt hefði verið og ætla hefði mátt, en það hefur þó verið betra að veifa röngu tré en engu. Og enn má segja, að önnur stétt embættismanna hafi fengið af völdum ríkisins, einnig fyrir ári síðan, viðurkenningu, aðhlynningu til þess að koma upp bústöðum, og er það læknastéttin, þó að það hafi verið með nokkuð öðrum hætti, en þó hefur þetta verið aðhlynning og um það settar reglur með vissum skilyrðum, sem eru héruðunum meira eða minna í sjálfsvald settar. Sem sé, prestar, læknar og sýslumenn. En það er ein grein opinberra starfsmanna, sú greinin, sem enginn efar og allir vita, að er einmitt sú starfsgrein embættismanna, sem sjálft ríkisvaldið hefur fært út í byggðir landsins. M. ö. o., er hægt að hugsa sér, að ríkisvaldið standi prestalaust, er hægt að hugsa sér, að ríkisvaldið standi læknalaust, þó að þjóðin gæti það ekki eða fólkið. En það er ekki hægt að hugsa sér, að ríkisvaldið stæði án þess að þessir starfsmenn væru til, ekki einu sinni beinagrindin, ef sýslumenn væru ekki til. Nú hefði mátt hugsa sér, að þessi starfsgrein hefði orðið með þeim fyrstu, sem ráðamenn ríkisins, ríkisstj. og Alþ., hefði tekið að þessu leyti upp á arma sína, en af því hefur ekki orðið. Og það eru fleiri dæmi í þessu þjóðfélagi, sem sýna, að það hefur verið mest látið reka á reiðanum, sem mest hefur verið áríðandi og skyldast hefði verið úr að bæta. Það hefur sýnt sig berlega upp á síðkastið, að þetta hefnir sín. Og það hefur sýnt sig, að ekki er hægt að komast hjá því að greiða fyrir því, að þessir útsendu menn ríkisvaldsins hafi einhvers staðar inni með allt, sem þeim og ríkinu tilheyrir og þeir hafa undir höndum. Fyrir þá sök hafa undanfarandi ríkisstj. neyðzt til, þegar allt hefur verið komið í óefni, að festa kaup á húsum handa þessum mönnum. Um þetta hefur engin regla verið, því að á sama degi sem vandræðin hafa orðið augsýnileg og algerlega brýn, þá hefur orðið að ráðast í að kaupa hús, meira og minna ófyrirséð eða óséð, og eins og gefur að skilja, þegar ekki hefur verið hugsað um málið frá stofni, hefur þetta heppnazt misjafnlega, mjög oft ekki eins vel og æskilegt hefði verið og tilviljun, þó að í einstaka tilfelli hafi verið svo, að skaplegt mætti telja. Ég veit ekki, hversu mikið hefur verið rekið á eftir því, að hafizt yrði handa í þessu máli beint að frumkvæði ríkisstj. En hitt veit ég, að ýmsir starfsmenn hafa bæði fyrr og síðar talað um þetta við þá, sem valdið hafa haft, þar á meðal hef ég gert það oft og mörgum sinnum í mörg ár, því að ég vil, eins og ég sagði áðan, að þetta komi beint að frumkvæði ríkisstj., ríkisvaldsins, því að það sýndi þá, að nokkur áhugi væri fyrir hendi og nokkur skilningur vakinn og að fullur vilji væri til þess að nota góð tækifæri til þess að koma málinu í framkvæmd, og enginn efi er á því, að á þessum tímum hafa skapazt þau tækifæri með góðum fjárhag ríkisins til þess að byrja á þessum sjálfsögðu ráðstöfunum og hefja byggingar, eða að öðrum kosti öflun bústaða handa miklu fleiri en færri af þessum embættismönnum, en þetta hefur ekki verið gert. Aðeins þegar einhver embættismaðurinn hefur verið í stökustu vandræðum, hefur ríkisvaldið neyðzt til að fara út úr bæjardyrunum og skyggnast um, hvort nokkurs staðar væri skjól að fá handa hinum húsvillta, og hefur þá hús ýmist verið keypt af fráfarandi embættismanni eða öðrum mönnum handa embættismanninum, og þarf ég ekki að lýsa því frekar, að slíkt er alveg reglulaust. Þó getur heppnazt að fá góð og hentug hús, en slíkt fyrirkomulag getur ekki verið til frambúðar. Skal ég ekki fara út í það að lýsa þessum húsum, en ætla að greina frá því, að svo er nú komið um 7 af þessum embættisbústöðum, að hús hafa verið keypt á þann hátt af einum eða öðrum, helzt embættismanni, sem hefur orðið að ráðast í að byggja eða kaupa sér hús og komizt í fjárþröng með það, eða að nýr maður hefur komið í embættið. Oft hefur það meira verið fyrir góðvild, fyrir þegnskap fólksins, að menn hafa verið teknir í hús með embætti fyrir ríkisvaldið, sem það hefur vanrækt að hafa skýli fyrir. Þessir staðir eru: Hafnarfjörður; þar hefur verið keypt hús, sem ekki er hægt að nota til fullnustu fyrir embættið. Það er ekki hægt að ætlazt til, að embættismaðurinn noti það til íbúðar. Það er aðeins notað fyrir skrifstofur og fleira. Stykkishólmur, Ísafjörður; er þess skammt að minnast, að embættismaðurinn komst ekki inn og varð að kaupa hús af þeim, sem átti að fara. Sauðárkrókur, Húsavík; þar var hús keypt af embættismanninum. Eskifjörður; þar var keypt hús af embættismanninum, sem fór. Og svo eru það Vestmannaeyjar. Þar komst bústaðurinn í hendur ríkisvaldsins með vissum hætti til þess að sá, sem kom, gæti komizt þar inn. Þetta munu vera 7 staðir. Meira er mér ekki kunnugt um, að keypt hafi verið til þessa árs og með þessum rökum. Alls staðar annars staðar eru þessir menn í leiguíbúðum, sem er einnig eins og gefur að skilja alveg undir hælinn lagt, hversu fullnægjandi og þó öllu heldur ófullnægjandi þær eru, eða þá að embættismaður hefur sjálfur lagt í að kaupa eða byggja hús. Í þessu hefur ekki verið fylgt neinni

fastri og öruggri reglu. En vitanlega eiga slík híbýli að vera byggð eftir föstum reglum, svo að öruggt sé, að þau séu vel nothæf og prýðileg til að vera bústaðir fyrir þann hluta ríkisvaldsins, sem er úti um byggðir landsins. Er það oft það eina, sem menn hafa af ríkisvaldinu að segja, og er það stundum gott og stundum ekki alltaf gott, því að þeir innheimta alla skatta, sem ríkinu ber að láta innheimta. Þessi hús eiga ekki aðeins að vera til íbúðar, heldur þurfa þau á allan hátt að vera til fyrirmyndar á alla lund, svo að öruggt sé, að þessir embættismenn, þessi hluti ríkisvaldsins utan stjórnarráðsins, njóti fullkominnar aðstöðu til þess að geta staðið við það, sem þeir þannig hafa tekizt á hendur fyrir hönd ríkisins. Það er mikið skjala- og bókasafn, sem embættið verður að liggja með bæði fyrir ríkið og héruðin og svo að sjálfsögðu þau miklu lausafjárverðmæti, sem á öllum tímum og meira á einum tíma en öðrum, en ávallt eru nú í meðferð þessara embættismanna. Þá eru það fjármunir og verðmæti, sem þeir eiga ekki, heldur ríkið, héruð, sjóðir og einstakar stofnanir, sem eru nú einu sinni reglur fyrir, að þeir hafa verið skyldaðir til að gegna þessu öllu saman. Það mun vera svo miklu meira en nokkur hér inni getur gert sér í hugarlund, sem fer og farið hefur forgörðum af merkilegum skilríkjum og verðmætum skjölum sakir þeirra óhæfu híbýla, sem þessir embættismenn hafa orðið að notast við, ekki sízt með skrifstofur og geymslur, að það verður ekki talið né heldur hægt að greiða það tjón. Fyrir utan það, ef þeir hafa tekið eftir slíku, þá hefur þetta ekki aðeins grotnað niður vegna lélegrar geymslu og orðið að bera það út úr embættunum, heldur hefur ekki þurft annað en að neisti yrði laus, svo að það blátt áfram hefur brunnið upp, sakir þess að ekki var hægt að verja þetta í kofanum. Því að hvar sem neisti var kominn að, var það gefið, þar sem þetta var úti um byggðir landsins, að ekki var hægt að ráða við það, og svo brann sums staðar allt til ösku, svo að ekki var urmull eftir af öllu embættinu. Ég fullyrði, að ef um bústaði væri að ræða með slíkum aðbúnaði sem tilheyrir skrifstofum og geymslum, sem er algerlega öruggur, þá hefði þetta ekki átt sér stað. Það er ekki að furða, þótt skemmist í gömlum timburhjöllum, þar sem miklu er troðið inn, og einn góðan veðurdag, þegar neisti kemst að því, að allt brenni upp á augnabliki, þar sem mest af því, sem hér er geymt, er eldfimt.

Það eru ekki meira en 10 ár síðan hætt var að telja eftir af ríkisstj. þessa lands, ef embættismenn árum saman kröfðust að fá einn skáp til þess að geyma eitthvað af þessu í, þó að ekki væri nema peninga, sem þeir gátu ekki komið af sér, — ekki nema 10 ár síðan hætt var að telja þetta eftir, og svo voru þessir skápar ekki eldtraustir. Nei, þetta mál er svo sjálfsagt, að mig undrar það, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að ríkisstj. skuli ekki fyrir löngu hafa tekið það upp á sína arma til þess að framkvæma það á réttan og sjálfsagðan hátt. Þegar ég segi ríkisstj., þá meina ég það, eins og menn heyrðu, að þar get ég ekki hrósað eða lastað eina umfram aðra, það er m. ö. o. svo, að ríkisstj. hafa ekki tekið það upp á sína arma. Því var það eitt af sjálfsögðustu málum, þegar héraðsdómarar bundust félagsskap traustum, svo traustum, að allir héraðsdómarar landsins eru nú í einu félagi með sömu hagsmuni, meira og minna sameinaðir, þá er þetta eitt af fyrstu málunum, sem tekið er upp og undirbúið á líkan hátt og hér er fram komið og sent þáverandi ríkisstj., og síðan hafa fleiri en ein ríkisstj. komið til valda. Liggur þá málið í salti þar til félagsfundur á þessu hausti tekur það aftur upp, og er nú ekki hægt að komast hjá því að láta til skarar skríða. Um það, að hæstv. ríkisstj. vildi ekki beita sér fyrir þessu, má segja, að hún sé ekki verri en fyrrv. ríkisstj. hafa verið, því að þær hafa ekki gert þetta. Þó er það vafasamt fordæmi að taka fyrrv. ríkisstj. til fyrirmyndar í því, sem þær láta vera að gera af því, sem þeim annars bar að gera. En fyrir sakir þess skilnings, sem ég hef öðlazt af því, sem á undan er gengið, og sem form. félagsins, hef ég komið með málið inn á Alþ. Nú tel ég, að ekki saki, þótt ég flytji málið einn, og vil ég ekki hafa nein orð um það, hvort viturlegra hefði verið að fá menn úr 4 flokkum, einn úr hverjum flokki, til að flytja þetta. Ég þykist vita, að það hefði verið auðvelt, ef eftir því hefði verið leitað, vegna þess að mér er kunnugt, að hver af þessum flokkum á ítök í þessari embættisgrein. Og allir finna til þess sama, og allir hafa úr öllum flokkum talað um þessa neitun ríkisstj., og þeir, sem að þessari ríkisstj. standa, fullvissa hver um sig, að þeirra flokkur mundi skilja þetta og sjá og vilja vera með í því að láta málið ná fram að ganga. Nú er á það að reyna og ætla ég ekki að hafa orð mín fleiri um það. Ég þykist hafa gefið fullnægjandi lýsingu á þessu máli, þó að í smáum stíl sé, og birt hér spegilmynd af því, sem ástandið greinir sig sjálft að vera. Ég tel, að það hljóti að vera á vitund allra, að það, sem ég nú hef látið ummælt, er rétt. Nú vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. vilji af alhug styðja að framgangi þessa máls, og legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hv. 10. landsk. (GSv) hefur lýst því, að vísu með réttu, hver vandkvæði eru á með embættisbústaði fyrir sýslumenn. Og það er einnig rétt, að ríkissjóður hefur í einstaka tilfellum neyðzt til að kaupa hús, sem alls ekki hafa verið hentug, en eingöngu hafa verið keypt út af neyð sem embættisbústaðir. Hv. 10. landsk. hefur einnig lýst því, að þetta frv. og þó öllu fremur þetta málefni hafi einhvern tíma áður verið sent til ríkisstj. Því þarf ég litlu að svara. Ég hef ekki setið í þessu embætti nema í eitt ár og hef ekki haft mikil tækifæri til þess að ráða bót á þessu ástandi. Hins vegar hefur 10. landsk. setið hér á 24 þingum á undan þessu þingi, og þrátt fyrir það slæma ástand, sem hann telur að ríki í þessum málum, þá er þetta í fyrsta skipti, sem hann ber fram frv. um málið á Alþ. Nú lýsti hann því réttilega, hver vandkvæði eru orðin í þessum efnum, svo að vangeymsla er á ýmsum merkilegum skjölum í sambandi

við þennan skort á embættisbústöðum fyrir sýslumenn, og þess munu dæmi, að skjöl heilla-ar sýslu hafi brunnið, vegna þess að ekki var til hentugt húsnæði fyrir embættið. Eftir að ég hef nú lýst því, að ég sé ákaflega vel þessa þörf, sem er, þá mætti e. t. v. spyrja, hvers vegna ég hef ekki viljað bera þetta frv. fram. Og ástæðan er sú, að þetta mikla húsnæðisleysi í þessum embættum er vitanlega ekkert sérstakt fyrir embættin yfirleitt, og í öðru lagi, að húsnæðið er tvenns konar, annars vegar húsnæði fyrir embættið og hins vegar húsnæði fyrir embættismennina. En þetta frv., sem hér er borið fram, stefnir fyrst og fremst að því að leysa þessi vandamál þannig, að saman geti farið bæði embættisbústaður og einkabústaður embættismannsins. En svo vill til, að þetta fer ekki á öllum stöðum saman, og þegar farið verður að bæta úr þessu, þá verður fyrst og fremst að athuga, hvar þörfin er stærst og brýnust. Ég skil vel, að hv. 10. landsk. vilji helzt láta úrlausn á þessu tvennu fara saman, en hann tekur ekki tillit til þess, að í stöðum eins og Reykjavík er ástandið þannig, að embættismennirnir hafa sennilega flestir eitthvert húsnæði, en embættin eru í rauninni húsnæðislaus, t. d. embætti sakadómara. Það er í gömlu timburhúsi og það er engin eldtraust geymsla fyrir skjöl þess, og það er ekkert um það að vita, nema einn góðan veðurdag verði ekkert eftir af þeim skjölum, sem eiga að vera til við eitt af stærstu embættum landsins. Um borgardómara- og fógetaembættið er það að segja, að annað er í húsi ríkissjóðs, en hitt í leiguhúsnæði, og geri ég ráð fyrir, að sæmilega sé fyrir komið skjalageymslu borgardómara. Um önnur embætti, í höfuðstað landsins, sem tilheyra að nokkru leyti þessum embættum, þar sem nýbúið er að skilja þau undan lögreglustjóraembættinu, er það að segja, að lögreglustöðin er algerlega ófullnægjandi. Nú, hæstiréttur er enn í hegningarhúsinu, og þó að í litlu sé, má segja, að núverandi ríkisstj. hafi komið auga á þessi vandræði með húsnæði fyrir embættið, með því að hún hefur þó gert ráðstafanir til þess að bætt verði úr húsnæði hæstaréttar og er byrjað á þeirri byggingu. Ég get þess vegna sagt það, að þó að ekki sé mikið aðgert, þá er byrjað á því að sýna dómaraembættunum nokkurn sóma af núverandi ríkisstj. með því að byrjað er á að byggja yfir hæstarétt. Það eru ekki líkur til, að þetta gerist allt í einu, en það er vitanlega mikil nauðsyn á að koma upp bæði úti á landsbyggðinni og ekki sízt í höfuðstaðnum viðunandi húsnæði fyrir embættin, þó að embættismennirnir yrðu látnir sitja á hakanum og sjá sér sjálfum fyrir húsnæði eins og allir aðrir embættismenn landsins en prestar.

Ég skal ekki fara út í að ræða einstakar greinar þessa frv., en vildi þó benda hv. flm. á það, að vera kynni, að ákvæði 3. gr. mundu draga nokkuð úr því, að þetta áhugamál hans kæmist í framkvæmd. Þannig er gert ráð fyrir, að ráðh. ákveði húsaleigu einkaíbúðanna, þó ekki yfir 10% af grunnlaunum, að viðbættri verðlagsuppbót. Með þessu móti mundi sýslumaður úti á landi borga 250 kr. í húsaleigu á mánuði í nýtízkubyggingu með þeirri dýrtíð, sem nú er, og eru það þannig fyrirsjáanlega talsverð útgjöld úr ríkissjóði, auk þess, sem þarna yrðu ákveðin sérstökum mönnum hlunnindi, sem virðast koma í bága við það, sem ákveðið er í launalögum, þar sem gert er ráð fyrir, að ef einhver embættismaður fær húsaleigu, sem innifalin er í launum, þá skuli það ákveðið af fasteignamatsnefnd eða yfirskattanefnd, ef ég man rétt. Nú virðist þetta vera nokkur hliðstæða, og vil ég beina því til n., sem fær þetta frv. til athugunar, að taka þetta ákvæði til sérstakrar meðferðar. Og þó að það kunni að vera gott fyrir héraðsdómarana að fá þetta lögfest, þá virðist það koma í bága við önnur ákvæði. Ég óska þess enn fremur, að n., sem tekur þetta mál til meðferðar, athugi það, sem ég nú hef bent á, að vandamálið er tvenns konar, annars vegar vandamál embættismanna að afla sér húsnæðis og hins vegar vandamál ríkisins að fá hæfilegt húsnæði fyrir embættin sjálf, og að þetta fer ekki alls staðar saman, þótt hér sé gert ráð fyrir því í þessu frv. Mér finnst t. d. ólíklegt, að héraðsdómarar í Reykjavík vildu eiga bústað í sömu byggingu og embætti þeirra starfar í.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir afstöðu sinni, þar á meðal að nokkru leyti, að því er mér skilst, ekki fullnægjandi fyrir því, hvers vegna hann vildi ekki skerast í þetta mál sjálfur sem eins konar vörður bæði laga og réttar og einnig þessarar starfsgreinar, og ekki sízt með það fyrir augum, að hann hefur tekið sér fyrir hendur að lofa, að hæstiréttur fengi inni á einhverjum hæfilegum stað í hæfilegu húsi í Reykjavík, þó ekki með þeim hætti, sem hæstiréttur út af fyrir sig mundi telja fulla lausn á húsnæðisvandamáli hæstaréttar lýðveldisins Íslands. En hann taldi sér ekki fært að fara inn á þetta. Nú er ég ekki að sakast um það, og það því síður þar sem tilraun sú hefur staðið nokkuð lengi, þessi tilraun að fá ríkisvaldið til að skerast í þennan leik, og það var fullnægjandi ástæða til þess og það var út í hött mælt hjá hæstv. ráðh., að ég hefði átt að koma fram með þetta fyrr. Það er hvort tveggja, að ég er það siðsamari við ríkisstj. að vilja unna þeim að bera fram það mál, sem þeim var skylt að bera fram, og eins hitt, að ég held því fast fram, að ríkisstj. sé skyldug að standa við slík mál. En úr þessu má bæta með því að taka upp opinberan stuðning til framgangs málinu, og efast ég ekki um, að ríkisstj. geri það þannig, að við megi hlíta hennar forustu í því, og er þá tilganginum náð, því að stundum verður tilganginum ekki náð fyrr en eftir langa mæðu. Um þetta mál má segja, að það er ekki fyrr en nú, að tímabært er, að það komi fram í dagsljósið, þó að það hafi verið áhugamál og réttilega séð af mörgum manni, að það þyrfti að komast áfram. Hins vegar er það svo, eins og hæstv. ráðh. veit, að ég sem embættismaður, þó að ég eigi allmikinn hlut að þjóðmálum, hef verið ófús á að bera fram málefni, sem væri þannig einstaklingslegt, að segja mætti, að þessi embættismaður væri í rauninni að afla sér bústaðar. Fyrst nú þessi félagsskapur þessarar stéttar er kominn í það

horf, að hann leyfir sér að koma fram fyrir hönd stéttarinnar og í hennar nafni ber fram þetta mál, er nokkuð öðru máli að gegna. Svo að til þessa eru þær eðlilegu ástæður og þær eru pólitískt siðsamar.

Hæstv. ráðh. gat þess, að þetta væri tvenns konar vandamál, og það má vitanlega segja, þó að það sé ekki mjög áberandi. Það er enginn vafi á því, að mínum dómi og starfsbræðra minna, að það á að binda saman þetta, sem hann hefur skilið í tvennt og má skilja í tvennt, þetta með embættisgögnin hér í Reykjavík. En alls staðar annars staðar er málið þannig, að full nauðsyn er á, enda sjálfsögð skylda ríkisvaldsins að sjá embættum og embættismönnum fyrir fullnægjandi híbýlum. Því að hvernig á embættismaður, sem vitanlega rekur embættið hverju sinni, að starfrækja embættið án þess að hafa nothæft skýli fyrir sig? Það er sannarlega ekki hægt að hugsa sér, enda fer það sjálfsagt vel saman og er hagkvæmt að byggja hús úti um landið allt, í kaupstöðum, kauptúnum og í sveitum, yfir þessa embættismenn í einu lagi; það er hagkvæmt og sjálfsagt, en í Reykjavík má skilja þetta sundur. Þegar bæjarfógetaembættið í Reykjavík var í fullum gangi, sem núverandi embætti klofnuðu úr, þá var þetta í sameiningu, skrifstofur allajafna í húsi því, sem embættismaðurinn bjó í, svo að hér er ekki langan veg að rekja. Þetta getur vel farið saman, að byggja á einum eða öðrum stað fyrir embættisskjöl og skilríki og embættismanninn. Þetta má hins vegar aðskilja í einstaka tilfellum, en að aðgreina það hér, er ekki full nauðsyn. Það er framkvæmdaatriði, sem kemur nú ekki til, því að hvar sem það kæmi til, væri það brot út úr reglunni.

Ég vil þakka hæstv. ráðh., því eins og ég bjóst við, tók hann vel í efni málsins, þó að hann reyndar með sérstöku útflúri segði, að þetta væri svona og svona. Það lagast allt við sameiginlega meðferð. Ég skal ekkert sýta í það. En nú er að hefjast handa, ef menn eru sammála og þingmeirihl. er fyrir hendi, því að enginn getur neitað því, að full nauðsyn er fyrir framgangi málsins.

Þá vil ég aðeins minnast á 3. gr. Hæstv. ráðh. sagði, að orðalagi hennar væri svo hagað, að ef ekki væri samþ. þetta ákvæði, þá væri til almennt ákvæði um þetta, sem sé mat samkv. launal. á íbúðum eða leigu þessara embættismanna. Í fyrsta lagi er það engin goðgá, þó að eitthvað sérstakt gildi um þessa menn, því að þetta eru sérstæð embætti, og í annan stað er hér ekki um neinn eðlismun að ræða, því að eins og hæstv. ráðh. veit, er í launal. ákveðið í meginatriðum, hvað leigan er metin af skattan. og gæti hún því orðið lág með því að vera undir mati skattan. Ég held þetta sé mikið á valdi ráðh., sem er yfirboðari þessara manna, og við hann er að eiga einnig um það, hvaða ákvörðun hann vill setja um þetta. En þessu atriði geri ég ekkert sérstakt úr, það fer eftir því, sem henta þykir, hvort þessu ákvæði verður sleppt að einhverju leyti. Ætti það þá að falla, án þess að þyrfti að taka það fram.

Að svo mæltu vil ég vænta, að þetta mál gangi greiðlega í gegn, því að þetta er mikið nauðsynjamál og þarf að komast í hæfilega höfn þegar á þessu þingi.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það er aðeins aths. út af því, sem hv. 10. landsk. sagði viðvíkjandi byggingunni yfir hæstarétt. Ég get lýst því yfir, að hún er gerð í fullu samkomulagi við núverandi hæstaréttardómara, en til hve langs tíma sú úrbót nægir, get ég ekki sagt og ekki heldur hv. 10. landsk., en núverandi hæstaréttardómarar eru ánægðir með þá úrlausn, sem málið hefur fengið hjá ríkisstj. Þess vegna er ekki rétt að tala um, að dómararnir séu á einhverri annarri skoðun en stj. um þetta.

Hv. 10. landsk. segir, að ég hafi ekki gert fullnægjandi grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Mætti ég þá svara því, að ég vildi geyma mér nokkuð að svara þangað til þær ríkisstj., sem setið hafa í embættistíð þessa hv. þm., eru búnar að gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins. Enn fremur þangað til hv. 10. landsk. hefur gert fullnægjandi grein fyrir því, hvers vegna hann hefur setið á þ. fleiri þ. án þess að gera tilraun til þess að fá leyst úr þessu máli. Vera má, að ég gæti þá tekið gildar upplýsingar hans um málið, að því hafi ráðið hans alkunna hlédrægni.

Hvað viðvíkur frv. sjálfu sé ég ekki ástæðu til að ítreka það, sem ég hef þegar bent á, að verði frv. samþ. eins og það liggur fyrir, yrði stj. væntanlega að gera það upp við sig, hvort ætti að láta ganga fyrir að byggja embættisbústaði yfir 3 embætti í Reykjavík áður en embættismönnunum sjálfum yrði séð fyrir hæfilegu húsnæði. Hið sama gildir um Akureyri. Eins og frv. liggur fyrir, á það ekki við önnur embætti en þau, þar sem fer saman embættisbústaður og skrifstofur, en það er langur vegur frá því, að svo sé um nema sum embættin og alls ekki um stærstu embættin. Út af ákvæðum 3. gr. um það hámark, sem setja má á leigu, benti ég á það alveg sérstaklega, að slíkt viðgengist ekki um önnur embætti og væri tæplega rétt að fara inn á þessa braut nema sett væri hámark um húsaleigu og laun einnig hjá öðrum embættismönnum, sem líkt er ástatt um.

Flm. (Gísli Sveinsson): Ég vil ekki vera að elta ólar við þetta. Hæstv. ráðh. gerði fullnægjandi grein fyrir því, sem ég ætlaðist til, og á þann hátt, sem hann treysti sér. En ég heyri, að hann treysti sér ekki til að ganga mjög langt í þessu, þegar hann fer að áfella aðrar ríkisstj., sem setið hafa áður en þessi kom. En það virðist ekki að ófyrirsynju, að ég tali við þá stj., sem nú situr, og krefji hana nokkurra sagna, sérstaklega um það, sem henni er skylt að svara fyrir. Hitt er svo allt annað mál, að einstakar gr. frv. má bæta í meðferð þ., eftir því sem upplýsingar koma fram, og er þá sjálfsagt að hafa það, sem betur reynist. En aðalatriðinu verður ekki hrundið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 15:3 atkv.

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 241).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar, og mælir hún með, að það verði samþ. með nokkrum breyt. N. var sammála hv. flm. um það, að þörf sé á að bæta húsakost hjá þessum embættismönnum ríkisins og þess sé tæpast að vænta, að bót verði á því með öðru móti en að ríkið sjái þeim fyrir húsnæði bæði til íbúðar og embættishalds. Nokkur meiningarmunur var að vísu innan n. um, hvernig framkvæma beri þetta, en heildarniðurstaða n. varð þó að mæla með, að málið næði fram að ganga. Annars er þess getið í nál., að 3. nm. hafi þar nokkra sérstöðu um viss atriði, og munu þeir, ef þeim þykir þurfa, gera grein fyrir afstöðu sinni. Annars mælir n. með, að frv. verði samþ. með þessum breyt., og vil ég vænta þess, að d. geti á það fallizt og jafnframt að hv. flm. málsins geti sætt sig við þær till. og niðurstöður, sem n. hefur komizt að, því að hún hefur í öllum höfuðatriðunum gengið inn á hans rökstuðning hvað frv. áhrærir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir tiltölulega góða afgreiðslu á þessu máli. Og án þess að fjölyrða um það frekar, en ég hef gert grein fyrir því áður, þá vil ég geta þess, að brtt. hennar eru mjög í samræmi við það, sem orð féllu hér við 1. umr. málsins bæði frá hæstv. dómsmrh. og eins frá mér sem flm., því að ég geng fyllilega inn á, ef það þykir betur henta, að til sé heimild um það, að byggja megi embættisbústaði og skrifstofur hvort í sínu lagi, enda þótt það sé tilætlunin, að l. nái eingöngu til embættisbústaða utan Reykjavíkur. Ef um Reykjavík væri að ræða, þá ætti að vera heimilt og jafnvel skylt að byggja sem hentaði, því að hér í bæ mun ekki alls kostar henta að byggja skrifstofur þessara embættismanna með íbúðunum. Þessu embætti, sem samsvarar héraðsdómaraembættinu, er nú búið að skipta, og dómararnir hafa hver sína skrifstofu í opinberum byggingum, svo að þar er öðru máli að gegna, og hefði því ekki þurft að greina neitt frekar um þeirra þarfir.

Í annan stað hefur n. til varhygðar sett ákvæði um, að skylda sé til að byggja eftir því, sem fé er veitt í fjárl., og hefði ekki verið nema sjálfsagt, að svo hefði verið, hvort sem það hefði verið ákvæði eða ekki. Ég vænti, að þetta ákvæði verði ekki til að tefja fyrir þessu nauðsynjamáli á hverjum stað, heldur reki á eftir hverri stj. sem er að sjá jafnan svo um, að fé sé veitt í fjárl., þar sem lagagr. skyldar til að byggja hvort sem er.

Þá hefur n. lagt til, að fyrri málsgr. 3. gr. falli burt, og kemur þetta þá sjálfkrafa inn í þau ákvæði, sem um það gilda í þeim almennu launal. Er ekkert um það að sakast, þó að sízt sé ástæða til að ætla, að héraðsdómarar stæðu verr að vígi, ef þetta ákvæði fengi að standa.

Beina þörf sé ég ekki á því, að n. hefur fellt úr síðasta málsl. 1. gr.: „Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra, að fengnum tillögum Félags héraðsdómara.“ Þetta var sett af ráðnum hug, því að það þótti betur fara á, að framkvæmdir yrðu ákveðnar í samráði við félag þeirra, sem kunnugastir væru í þessum efnum, hvernig haga skyldi byggingum, hvar skyldi þá byggja og hvar skyldi síðar byggja, því að þeir vita gerst, sem sjálfir eru í þessu, hvar skórinn kreppir að í þessu tilfelli. Og læt ég nú fritt um þetta með þeim orðum, sem ég nú hef mælt.

Gunnar Thoroddsen: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og vil gera grein fyrir því, í hverju það er fólgið. Ég get ekki fallizt á þá breyt., sem n. leggur til, að gerð verði, að Reykjavík skuli tekin út úr frv. Í frv. stendur: „Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara, láta byggja“ o. s. frv. En n. vill bæta þarna við orðunum: Utan Reykjavíkur. Mér finnst þetta vera almennt ákvæði um alla héraðsdómara og ekki eigi við að taka þar Reykjavík út úr. Hitt verður svo ráðh. og fjárveitingarvaldið á hverjum tíma að meta, hvar þörfin er mest í þessum efnum. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við nál., þannig að orðin: „utan Reykjavíkur“ verði felld niður.

Forseti (BG): Komið hefur fram skrifleg brtt. frá hv. þm. Snæf., og þarf fyrir henni tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 279) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. flm. tók fram, að það hefði verið gert með ráðnum hug að setja það upphaflega í frv., að félagsskapur þessara embættismanna skyldi segja til um, hvar þörfin væri mest. N. leggur til, að þetta sé fellt úr frv. N. þóttist skilja, hvað fyrir flm. vekti með þessu, en taldi betur ráðið, að dómsmrh. á hverjum tíma skyldi meta þessa þörf. Þar sem hér er að ræða um ekki fjölmennari hóp manna en héraðsdómara hér á landi, þá er það heldur óþægilegt fyrir þá að gera upp á milli stéttarbræðra sinna í þessu efni, sem kynnu að búa við líkt húsakynni. Og það er alltaf nokkuð vont að meta, hvar þörfin er mest. Það er bezt, að dómsmrh. segi til um, hvar byggja skuli hverju sinni.

Hv. þm. Snæf. hefur borið fram brtt. um, að Reykjavík sé ekki undanskilin í frv. Það, sem vakir fyrir okkur, sem að brtt. stöndum, er, að þörfin fyrir húsnæði er miklu meiri annars staðar hjá þessum embættismönnum. Sums staðar úti um land eru þessir menn á hreinustu hrakhólum með húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína og skrifstofu. En ég ætla, að hér sé þó svo ástatt, að hið opinbera sjái þessum mönnum fyrir húsnæði til skrifstofuhalds. Það er þá frekar íbúð, sem þessa embættismenn vantar. En hið opinbera hefur ekki séð fyrir þeim enn sem komið er. Og þótt vissulega séu erfiðleikar á því að fá húsnæði, þá hygg ég þó, að þessir menn hafi nokkurn veginn bjargazt yfir þá

örðugleika. En slíku er alls ekki til að dreifa úti um land. Þess vegna var þetta af hálfu n. sett í nál. Það þótti sjálfsagt að meta þessar aðstæður. Annars er það alls ekki svo stórvægilegt, hvort Reykjavík er talin með eða ekki og alls ekki þess vert að gera mikið úr því atriði. Eins og nú er, hygg ég, að þörfin sé ótvírætt meiri annars staðar og þá gætu þeir staðir verið látnir ganga fyrir fyrst.

Gunnar Thoroddsen: Það er alls ekki tilgangur minn með brtt. minni, að reist skuli nú bygging hér í Reykjavík í þessu skyni. En mér finnst ástæðulaust að taka þennan eina stað út úr, og það er ekki rétt, að þörfin sé alls staðar meiri en hér í Reykjavík. Mér er kunnugt um nokkra staði, þar sem ríkið sér héraðsdómurum vel fyrir húsnæði. Og ef telja á upp í frv. þá staði, sem þegar hefur verið séð fyrir þessum þörfum, þá má telja fleiri staði en Reykjavík. Mér finnst eðlilegast, að þetta ákvæði sé látið ná til allra héraðsdómara, en ráðh. meti svo, hvar þörfin sé mest. Ég geng að því sem sjálfsögðu, að byrjað verði á þeim sýslum, þar sem þörfin er mest aðkallandi.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Vitanlega snertir þetta mál ekki aðra staði en þá, sem þörf er fyrir umbætur á, hvort sem það er nú Reykjavík eða aðrir staðir. Ég hef sagt það alveg óviljandi, ef skilja hefur mátt orð mín þannig, að alls staðar annars staðar nema í Reykjavík væri ólag á þessum málum. Ég vildi ekki hafa sagt það, og ég held ég hafi ekki sagt það. Ég veit til þess, að héraðsdómari utan Reykjavíkur hefur aðeins eitt herbergi. Ég hygg, að dæmi þess finnist ekki víða og áreiðanlega ekki hér í Reykjavík.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara ekki beinlínis vegna þess, að ég væri á móti því, að byggt sé yfir héraðsdómara. En ég vil benda á það, að margir aðrir starfsmenn ríkisins eiga hliðstæðan rétt til þess, að byggt sé yfir þá. Og Alþ. má búast við því, að þegar gengið er inn á þessa braut með einn flokk starfsmanna ríkisins, þá komi fleiri á eftir. Og það getur eðlilega endað með því, að ríkið byggi yfir mikinn hluta starfsmanna sinna.

ATKVGR.
Brtt. 279 felld með 10:8 atkv.
— 241,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 241,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 241,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 280).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 567).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og mælti hv. allshn. þeirrar d. með því eins og það liggur nú fyrir. Það er orðið alllangt síðan mál þetta kom til hv. allshn. Ed., enda hefur það verið tekið þar til umræðu oftar en einu sinni og athugað gaumgæfilega. Niðurstaðan er sú, að n. leggur til einróma, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég býst ekki við, að ég þurfi að kynna efni frv. fyrir hv. þm., því að þeir hafa það fyrir framan sig. En ástæðuna fyrir þessari niðurstöðu n. er fyrst og fremst að sjá í grg. frv. N. lítur svo á, að það geti ekki verið ríkinu óviðkomandi né það látið afskiptalaust, að þau bóka- og skjalasöfn, sem héraðsdómaraembættum tilheyra, séu í ótryggri geymslu, t. d. eldhættu. En vitanlega er engin trygging fyrir því, að svo geti ekki farið, eins og nú er ástatt. Það hefur t. d. átt sér stað, að skjalasafn sýslu nokkurrar brann fyrir skemmstu. Enn fremur getur staðið svo á, þegar nýskipaðir sýslumenn koma, að þeir fái ekki samastað. Ríkinu ber að sjálfsögðu að skerast í leikinn, þegar það veitir embætti, að embættismennirnir geti rækt störf sín og átt heima í því héraði, þar sem þeir eru yfirvald. Því hefur allshn. fallizt á rök þau, sem eru í grg. frv., og skal ekki frekar fjölyrt um það.

Nú má segja um þetta mál eins og mörg önnur, að svo geti farið, að þetta verði eingöngu pappírslög, að ríkið muni ekki geta staðið undir þeim kvöðum, sem á það eru lagðar. Ég skal játa, að ég er ekki sérlega bjartsýnn á það, að ríkið muni geta staðið við allar þær skuldbindingar, sem það hefur tekið á sig á þessu þingi. En ég sé ekki, að það geti haft þau áhrif, að það beri að fella frv. Þetta frv. á tvímælalaust eins mikinn rétt á sér og mörg önnur, sem kosta fjárframlög og þ. samþykkir þó. Það verður þá að fara eins og verða vill um framkvæmd þess. Það fer eftir getu ríkisins á hverjum tíma, en það breytir ekki réttmæti málsins, þótt svo kunni að fara, að ekki verði hægt að framkvæma það.

Þar sem frv. þetta fjallar um byggingu húsa fyrir opinbera starfsmenn, langar mig til að

nota tækifæríð og spyrja hæstv. ríkisstjórn um framkvæmd á annarri lagaheimild, er snertir byggingar. En hér er eins og vant er, að enginn ráðh. er viðstaddur, og verð ég þá að sleppa því, enda skal ég játa, að það kemur þessu máli ekki beinlínis við. Samt er það dálítið einkennilegt að vera að veita ríkisstj. hverja heimildina á fætur annarri sama eðlis, þegar hún hefur ekki einu sinni notað fyrri heimildir. Hér á ég við l. frá 1942 um þingmannabústað, og samkv. þeim er ríkinu skylt að reisa þingmannabústað, en meðan það kæmist ekki í framkvæmd var heimilað að leigja húsnæði handa utanbæjarþingmönnum. Það var ákveðið, að bústaður þessi skyldi byggður eða jafnvel keyptur. Ég hefði viljað spyrjast fyrir um, hvað liði framkvæmd þess máls, en hér er enginn hæstv. ráðh. viðstaddur og er það orðið mjög bagalegt fyrir hv. d., að hér skuli aldrei vera hægt að beina fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., því að ráðh. eru ekki mættir, ekki einu sinni þeir, sem eiga sæti í hv. d. En ekki skal ég orðlengja þetta meir. Það er sem sé einróma álit n., að samþykkja beri þetta frv. óbreytt. Það er a. m. k. viljayfirlýsing af hálfu Alþ., en um framkvæmdir á hverjum tíma fer eftir getu ríkisins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

---

49. Einkaleyfi.

Á 73. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi (þmfrv., A. 444).

Á 74., 75. og 77. fundi í Nd., 25., 26. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. átti að vera frsm. þessa máls, en hann er veikur, og skal ég aðeins þess vegna fylgja málinu úr hlaði með nokkrum orðum.
Þetta mál er flutt fyrir beiðni hæstv. samgmrh. og er um það að gera þær breyt. á l. um einkaleyfi, að ákvæði 4. liðar l. nr. 12 20. júní 1923 varðandi embættislega birtingu uppgötvanaauglýsinga skuli ekki gilda um þær uppgötvanir, sem embættisleg birting hefur farið fram á erlendis eftir 1. sept. 1939, ef sótt er um einkaleyfi á þeim fyrir 1. jan. 1947.
Það er gefin sú skýring á þessu, sem er sjálfsagt rétt, að vegna stríðsins hafi ekki verið hægt að framfylgja þessu ákvæði l., því að ekki hafi verið hægt að biðja um einkaleyfi hér vegna stríðsins. Allshn. getur fallizt á, að ástæða sé til að gera þessa breyt., vegna þess að sökum stríðsins var ekki hægt að fylgja ákvæðum l. að þessu leyti, og telur þessa breyt. eðlilega afleiðingu af því. N. vill því mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 7. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 444, n. 566).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft frv. þetta til athugunar. Frv. gengur út á, eins og kunnugt er, að framlengja frest um veitingu einkaleyfa, sem ekki hafa notazt til fulls vegna stríðsáranna. Þar sem hér er ekki um annað að ræða en framlengingu á fresti í sambandi við verndun einstaklingsréttinda, leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

50. Símaframkvæmdir.

Á 70. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda (þmfrv., A. 431).

Á 72. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., 28. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 431, n. 621).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af fjhn. Nd. samkvæmt till. frá samgmrh.
Efni 1. gr. er að heimila ríkisstj. að taka 12 millj. kr. lán til símaframkvæmda umfram það, sem ákveðið er í fjárl., enda færist vextir á reikning landssímans.
Ástæður fyrir heimild þessari eru taldar upp í grg., og er það þá fyrst og fremst vegna þess, að ráðgert er að kaupa mikið af tækjum frá setuliðinu, og svo af því, að leggja þarf jarðstreng frá Hvalfirði til Hrútafjarðar o. fl. Þá þykir og mjög aðkallandi að reisa símstöðvarhús víða.
Nd. féllst á frv. og afgr. það óbreytt, eins og n. flutti það.
Fjhn. hefur athugað frv. og var sammála um að mæla með því eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 665).

51. Vitagjald.

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 28. nóv. 1919, um breyt. á 1. gr. l. um vitagjald frá 11. júlí 1911 (þmfrv., A. 257).

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fjhn. d. eftir ósk hæstv. fjmrh. Tollstjóri Reykjavíkur kom á fund hjá n. og ræddi um málið við hána, en frv. mun samið af honum í samráði við ríkisstj. Þarna er um mjög lítilfjörlega breyt. að ræða á núgildandi l. um vitagjald. Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að vitagjald skuli greitt fyrir hvert skip, sem er 5 smál. brúttó eða stærra, en í eldri l. er ákveðið þannig, að fyrir hvert skip, sem hefur þilfar eða gangvél, skuli greiða vitagjald. Nú eru til allmargir bátar, sem hafa gangvél, en eru minni en 5 smál., hinir svokölluðu trillubátar. N. skildist, að alls staðar á landinu gilti ekki sama regla viðkomandi þessu, þannig að sums staðar hefði verið tekið gjald af þessum litlu trillubátum, en annars staðar hefur það ekki verið gert. Nú er meiningin að ákveða þetta gjald þannig, að miðað verði við stærð skipa og þessir minnstu bátar verði undanþegnir gjaldi. En engar breyt. verða á gjaldinu sjálfu. Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram, en vil óska fyrir hönd n., að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 620).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv. er flutt fyrst í Nd. og samþ. þar án breyt. Efnið er ekki margbrotið. Það er lagt til í frv., að í stað þess að borga vitagjald af skipum með fullkomna gangvél, eins og nú er, verði fyrir hvert skip, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið út frá landinu, skylt að greiða vitagjald 1 kr. af hverri nettó-smálest. Það þarf ekki fleiri orð um þetta frv. Ég tel sjálfsagt, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 620 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 635, 643).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Fjhn. hefur gert breyt. við frv. það, er hér liggur fyrir. En hún er einvörðungu í því fólgin, að 2. frvgr. er skipt í tvær gr. Þykir fara betur á, að ákvæðið um, að lög þessi öðlist þegar gildi, sé í sérstakri gr., og þykir enda fara betur í l. Annað er það ekki, og má ekki líta á breyt. n. sem stórvægilega. M. ö. o., það verða aðeins þrjár gr., sem felast í frv.
Ég vildi aðeins láta þess getið, er nú hef ég sagt, áður en til atkvgr. kemur.

ATKVGR.
Brtt. 643 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 98. fundi í Nd., 29. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 649).
Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, SvbH, ÞB, ÁkJ, BÁ, BK, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JörB, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SÞ, SkG, BG.
7 þm. (ÁÁ, GÞ, GTh, JS, SEH, SK, STh) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 666).

---

52. Skólakerfi og fræðsluskylda.

Á 11. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu (þmfrv., A. 28).

Á 15. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Hinn 16. júní 1941 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þáltill.:
„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd skólafróðra manna til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra, þar sem stefnt sé að því að gera skólana sem hagfelldasta, samræma skólakerfið, ákveða betur en nú er starfssvið hinna ýmsu skóla og sambandið þeirra á milli."
Í erindisbréfi n. segir, að hún eigi „að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra, þar sem stefnt sé að því að gera skólana sem hagfelldasta, samræma skólakerfið, ákveða betur en nú er starfssvið hinna ýmsu skóla og sambandið þeirra á milli." Í n. voru skipaðir: Jakob Kristinsson fræðslumálastjóri, form., Aðalbjörg Sigurðardóttir frú, Ármann Halldórsson skólastjóri, Ásmundur Guðmundsson prófessor, Ingimar Jónsson skólastjóri, Kristinn Ármannsson yfirkenn-

ari og Sigfús Sigurhjartarson. Skömmu síðar varð Jakob Kristinsson að láta af störfum í n., og varð þá Ásmundur Guðmundsson formaður hennar, en Helgi Elíasson tók sæti í n. í stað Jakobs Kristinssonar.

N. hefur samið 7 frv., og eru 4 þeirra á dagskrá í dag á Alþingi. Menntmrh. skrifaði menntmn. 9. okt. 1945 og sendi henni 4 frv. milliþn. í skólamálum. Enn fremur biður ráðuneytið að heimila menntmn. að flytja þessi frv. á Alþ. Meiri hluti n. taldi rétt að flytja þessi frv. nú, en einstakir flm. hafa þó óbundnar hendur. Var þetta talið réttara vegna þingstarfa, svo að einstakir menn hefðu aðstæður til að taka endanlega afstöðu til þessa máls. Meiri hl. n. vildi þannig greiða fyrir þingstörfum, og er til þess ætlazt, að samstarf menntmn. beggja deilda verði um frv. þessi. Enn fremur er þess að vænta, að fram komi 3 frv. í viðbót:

1) frv. um kennaramenntun.
2) — — húsmæðrafræðslu.
3) — — tilrauna- og æfingaskóla.

Frv., sem hér eru á dagskrá nú, eru öll mjög skyld. — Mér þykir hlýða að gera grein fyrir því, hvernig skólakerfið er hugsað, sem mþn. í skólamálum leggur til, að verði í framtíðinni. Hún leggur til, að skólum landsins verði skipt í 4 stig. Sérhvert próf í skólum þessum gefi rétt til framhaldsnáms eða einhvers starfa annaðhvort í iðn eða bóklegum efnum. Jafnframt sé greið gata frá einum skóla til annars og frá einu stigi til annars. Það er sem sé samræming, sem um er að ræða. Samkv. frv. er ráðgert, að skólaskylda barna hefjist þegar þau eru 7 ára, eins og nú er. N. er þó ljóst, að yngri börn en 7 ára þurfa á fræðslu að halda. N. taldi þó ekki tímabært að lögleiða skólaskyldu yngri barna á þessu stigi málsins. En ef bæjar- og sveitarfélög æskja þess, að skólaskyldu verði komið á meðal yngri barna, er lagt til, að þeim verði veittur styrkur til að standast þann kostnað. Hér er um að ræða styrk, en ekki skyldu. N. er einnig ljóst, að í framtíðinni mun skólaskylda barna hefjast fyrr en nú er, enda er það svo í flestum öðrum menningarlöndum.

Skólaskylda barna hefst, er þau eru 7 ára, en lýkur, er þau verða 13 ára, eða einu ári fyrr en nú er. Er þetta því ekki stórfelld breyting. Gert er ráð fyrir, að 10 ára börn taki sérstakt próf, er verði samræmt um allt land. Verði þá rannsökuð ýtarlega kunnátta barna í lestri, skrift og reikningi, svo að þau, sem næga kunnáttu hafa, geti fylgzt að í öðrum bekkjum. Þetta er að vísu nýjung, þó að líkt fyrirkomulag hafi tíðkazt undanfarið. Einnig má geta þess í sambandi við þetta mál, að forskólafyrirkomulagið mun hverfa með öllu, og er það mark, sem að er stefnt og allir eru sammála um.

Allir skólar, sem starfa á barnafræðslustigi, eru raunverulega einn skóli. Í þessu felst, að nám í barnaskólum á að vera samræmt. Nám í einum barnaskóla á að jafngilda námi í öllum öðrum barnaskólum. Þegar barnafræðslustiginu lýkur, hefst gagnfræðaskólastigið. Er það 4 ára stig og er einkum ætlað unglingum 13—17 ára. Það er hverju íslenzku barni skylt að hefja nám í gagnfræðaskóla og stunda þar nám a. m. k. í 2 ár. Er þá skólaskylda barna frá 7—15 ára í stað 7—14 ára. Ekki þótti fært að lögbjóða lengri skólaskyldu, þótt um það heyrist háar raddir. Hitt þótti réttara, að heimila einstökum sveitarfélögum að lengja skólaskyldu til 16 ára, og hefur hún þá lengzt um 2 ár frá því, sem nú er. Hér er á sama hátt um rétt sveitarfélaga að ræða, en ekki skyldur. Þeim er gefið tækifæri til að lengja skólaskylduna, sem er hin æskilega og eðlilega þróun.

Þá kem ég að gagnfræðaskólastiginu. Er það líkt og um barnaskólana, að gagnfræðaskólarnir eru hugsaðir sem einn skóli, eins og barnaskólarnir eru ein heild. Gagnfræðaskólarnir geta verið mislangir, en hverju barni er þó skylt að vera þar við nám í 2 ár. Heitir hann þá unglingaskóli og er miðað við að fullnægja þeirri skólaskyldu, sem til er lögð í frv. Hver sá nemandi, er lokið hefur unglingaprófi í gagnfræðaskóla, öðlast rétt til að ganga inn í 3. bekk í hvaða skóla sem er. Næstu 3 ár gagnfræðaskólanna nefnast miðskólar. Hver sem lokið hefur miðskólaprófi, hefur rétt til að halda áfram námi í hverjum 4 og 5 ára gagnfræðaskóla.

Nú þykir mér rétt að gera nánari grein fyrir gagnfræðaskólunum. Svo er til ætlazt, að skólum gagnfræðaskólastigsins sé frá upphafi skipt í 2 deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild. Bóknámsdeildin veitir svipaða fræðslu og nú er í gagnfræðaskólum, veitir undirbúning undir kennara- og æðri menntun. Verður hún því hliðstæð menntaskólunum, sem nú eru. Verknámsdeildin leggur hins vegar áherzlu á hagnýtt nám. Námstímanum er skipt til helminga milli bóklegra og verklegra greina. Höfuðgreinarnar verði íslenzka og íslenzk fræði, en þar næst hagnýt fræði, eins og náttúruvísindi, eðlisfræði og stærðfræði. Að öðru leyti verður í skólunum fjölbreytt námsefni sem mest hagnýtt og reynt að taka tillit til hæfileika einstaklinganna. Þessar deildir eru nýmæli, en við héraðsskólana, sem nú eru, má segja, að gerðar hafi verið tilraunir í þessa átt. Verknámsdeildin hefur aðallega verið sniðin eftir sænskri fyrirmynd. — Sérstök áherzla hefur verið lögð á að gera nemendum kleift að flytjast á milli deilda, úr bóknámsdeild í verknámsdeild. Það er ekki við því að búast, að 14 ára unglingar geti valið sér rétt námsefni, jafnvel þótt kennarinn leiðbeini þeim, og er því oftast eðlilegt, að nemendur óski að snúa við. Það er því skylda að hafa skólana þannig, að nemendum sé kleift að fara á milli deilda.

Hvaða réttindi veitir þá gagnfræðaskólastigið? 1) Unglingaskólaprófið veitir réttindi til framhaldsnáms. N. lítur svo á, að skólaskyldan verði lengd til 16 ára aldurs, og væntir þess, að sveitarfélögin noti þá heimild, sem veitt er í frv. þessu til þess að lengja skólaskylduna. 2) Miðskólaprófið, sem jafnframt er höfuðpróf barna á gagnfræðaskólastiginu, markar tímamót í námsferlinum. Gert er ráð fyrir, að próf þetta verði landspróf, samtímis alls staðar, sömu verkefni og sömu prófdómendur. — Hvert liggja leiðir manna úr bóknámsdeild? mun nú einhver spyrja. Þær liggja inn í menntaskóla, kennaraskóla og einnig ýmsa sérskóla, t. d. verzlunarskóla. Úr verknámsdeild munu menn fara í sjó-

mannaskóla, búnaðarskóla og iðnaðarskóla. Sem sé, það fólk, sem ætlar sér að hverfa að framleiðslustörfum, lýkur þó námi sínu í sérskólum. 3) Leiðin liggur inn í 4. bekk gagnfræðaskólanna, sem er síðasti bekkur gagnfræðastigsins, og er ætlazt til, að í þeim bekk geti verið kennsla með frjálsara sniði, þar sem svo mætti taka tillit til óska og hæfileika nemenda, og að þar mætti búa þá undir hin ýmsu störf, sem þeir þá teldu líklegt, að þeir stunduðu. Með þeim réttindum, sem slíkt próf veitir, er á þessu stigi málsins ekki hægt að leggja neitt ákveðið til. En á það má benda, að okkur þykir vel til fallið, að krafizt verði ekki minni menntunar til ýmissa opinberra starfsmanna en gagnfræðaprófs. Ég nefni sem dæmi starfsmenn í opinberum skrifstofum, lögregluþjóna, bílstjóra á áætlunarbílum o. fl. o. fl., þannig að ætlazt er til, að þetta gagnfræðapróf búi þá undir hin ýmsu störf í þjóðfélaginu, sem krefjast góðrar almennrar menntunar, en ekki sérmenntunar. — Öllu meira tel ég ekki þörf að taka fram um eðli gagnfræðaprófs.

Þá vík ég nokkrum orðum að framhaldinu. Framhaldið er menntaskólar og kennaraskólar, sem ég nefni fyrst. Samkv. till. mþn. er gert ráð fyrir, að þessir skólar verði fjögurra ára skólar og gert að inntökuskilyrði bóknámspróf við gagnfræðaskóla, þ. e. a. s., það er lagt til, að gagnfræðapróf hverfi frá þessum skólum, að gagnfræðadeild þeirra verði lögð niður, en að allir skólar gagnfræðastigsins bæði í sveitum og við sjávarsíðuna fái rétt til þess að láta menn þreyta inntökupróf í menntaskóla, hver heima hjá sér. Um menntaskólann skal ég ekki ræða meir né um kennaraskólann, en aðeins geta þess, að eitt af því, sem ætlazt er til, er að gera menntaskólann og kennaraskólann að enn hliðstæðari stofnunum en áður hefur verið. Það er lagt til, að kennarapróf gildi sem stúdentspróf, þ. e. a. s., að nemandi, sem lokið hefur prófi frá kennaraskólanum, þurfi til þess að öðlast fullt stúdentspróf ekki að taka próf nema í sumum námsgreinum við menntaskólann, t. d. í íslenzku og íslenzkum fræðum. Á sama hátt mundu stúdentar frá menntaskólanum fá réttindi sem kennarar með því að taka nokkurt viðbótarpróf í þeim sérstöku kennarafræðum. En eins og ég gat um áðan, er það eitt af hinum almennu verkum, sem menntmn. á ólokið, að endurskoða löggjöf sérskólanna. Með þessu frv. er eindregið lagt til, að allir sérskólar í landinu, búnaðarskólar, iðnskólar, verzlunarskólar, sjómannaskólar o. fl., geri miðskólapróf að inntökuskilyrði, þannig að þessir sérskólar geti meir en nú er snúið sér að sérgreinum sínum, en fáist minna við hinar almennu námsgreinar.

Húsmæðraskólarnir koma og á þetta stig, en verða eðlilega fyrst um sinn að fylgja núgildandi reglugerð um þá, að allir, sem lokið hafa lögboðnu barnaskólaprófi, geti tekið sæti í þeim skólum. Ég ætla, að það verði millibilsástand og brátt muni koma að því, að fræðsluskyldualdur verði kominn upp í 16 ár, og verða þá inntökuskilyrðin, að nemandi hafi lokið miðskólaprófi.

Þá kem ég að 4. og síðasta stigi skólakerfisins, sem er Háskóli Íslands. Um hann hefur n. ekki enn samið neinar ákveðnar till., og þarf ég því ekki að verða um hann margorður. Ég vil aðeins geta þess, að í frv. um kennararéttindi er gert ráð fyrir, að ein deild verði stofnuð við háskólann, sem hafi með höndum kennslu í uppeldis- og kennslufræðum og veiti kennarapróf eitt inngöngu í þá deild.

Ég ætla, að ekki sé ástæða til þess á þessu stigi málsins að lýsa því skólakerfi, sem hér er lagt til í frv. að lögfest verði, öllu nánar. Þó kemur mér í hug, að ég verði um það spurður, hvaða stöðu héraðsskólarnir fái í þessu skólakerfi. Það er ætlazt til, að þeir verði tveggja ára skólar, og nám í þeim jafngildir námi í tveimur efstu bekkjum gagnfræðaskóla. En mér þykir sennilegt, að í sveitum landsins hljóti þróunin að verða sú, að skyldunámi verði lokið í beinu sambandi við barnaskóla, þ. e. a. s., að unglingaskólarnir starfi víðast í sömu húsakynnum og njóti víða sömu kennslukrafta og barnaskólarnir. Þegar lokið er skyldunámi í þessum skólum, er ætlazt til þess, að leiðin liggi inn í núverandi héraðsskóla fyrir þá, sem vilja nota sveitaskólana, og þeir svari til 3. og 4. bekkjar gagnfræðastigsins og veiti bæði miðskóla- og fullkomið gagnfræðapróf.

Það hefur komið fram hjá mörgum skólamönnum, og má vera, að þeir hafi rétt fyrir sér, að naumast yrði hægt að ljúka slíku námi í héraðsskólum á tveimur árum nema með því að lengja árlega kennslutímann meir en hægt er. Og virðist þá ekkert til fyrirstöðu, að þar verði þessu námi lokið á þremur árum, og sú löggjöf, sem hér liggur fyrir, hindrar á engan hátt það fyrirkomulag. Aðalatriðið er, að þeir annist efsta stig miðskólanna og veiti gagnfræða- og miðskólapróf.

Ég vil taka það fram, að ég tel ekki, að með þessum frv., sem fyrir liggja, sé um neina stórfellda byltingu að ræða í skólamálum okkar. Það er miklu fremur að ræða um framhaldsþróun og staðfesting á þróun, sem orðin er, og enn fremur um það, að opnaðir séu möguleikar til framhaldandi þróunar. Ef litið er yfir skólamálasögu okkar, er ljóst, að þannig hefur framvindan í raun og veru alltaf orðið. Hin tvö merkustu spor, sem stigin hafa verið í skólamálum okkar til þessa, tel ég hafa verið setning fræðslul. frá 1907 og setning l. um Kennaraskóla Íslands sama ár. En það, sem þá var gert, var að miklu leyti staðfesting á þróun, sem þegar hafði átt sér stað og enn fremur hafði gefið tækifæri til framhaldandi þróunar á þessu sviði. Þar næst kemur svo á þessari sömu braut setning l. um héraðsskóla 1929 og l. um gagnfræðaskóla í kaupstöðum 1930. Þessar till., sem gerðar eru með þessum frv., ættu að stuðla að því að auðvelda það starf og gefa möguleika fyrir því, að haldið verði áfram að bæta skólakerfið innan þess ramma, sem þar er lagt til.

Ég tel ekki ástæðu til þess, að lokinni þessari umr., að vísa málinu til n. Það er flutt af n. með þeirri yfirlýsingu, að hún muni taka það til mjög rækilegrar athugunar að þessari umr. lokinni, og að ætlazt sé til þess, að samstarf verði milli menntmn. beggja d. um það. Ég hef því síðast aðeins þá ósk fram að bera, að málinu

verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Og ég vil geta þess, að um leið og ég hef gert hér nokkra grein fyrir frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, hef ég rætt um það á sama grundvelli og hin frv. hvíla á. Ég mun því ekki sjá ástæðu til fyrir hönd menntmn. að ræða þau sérstaklega, því að umr. frekar um þau hljóta að eiga heima við síðari stig málsins, 2. og 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Það kom fram í ræðu frsm., hv. 8. þm. Reykv., að ég hef ekki fylgt flutningi þessa máls, enda er það augljóst af frv. sjálfu. Öll þau mál, sem eru á dagskrá þessa fundar, eru að meira og minna leyti í samhengi hvert við annað. Hér er að ræða um frv., sem hafa að geyma ekki minna en 160 gr. samtals og munu fela í sér allverulegar breytingar á skólakerfi landsins frá barnaskólum og upp að háskóla, a. m. k. hvað snertir hina almennu hlið skólafræðslunnar. Ég hef að vísu fengið þessi frv. í hendur fyrir alllöngu, eins og aðrir hv. þm., en sökum margháttaðra anna hefur mér ekki unnizt tími til þess að kynna mér þessi mál til neinnar hlítar. Þess vegna taldi ég mig ekki geta staðið að flutningi þessa máls að svo komnu. Gildir að þessu leyti hið sama um öll þau mál, sem á dagskrá eru.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 223, 230).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þessi um skólamál voru flutt í öndverðu af meiri hl. menntmn. Eftir 1. umr. hefur n. svo rætt frv. þessi ýtarlega, og nú liggur fyrir nál. um eitt þeirra, þ. é. frv. um skólakerfið sjálft og fræðsluskylduna, og er nál. á þskj. 223 og eru þar þrjár brtt., sem n. flytur. Auk þess liggja fyrir brtt. við frv. á þskj. 230 frá hv. þm. A.-Sk., og mun ég ekki ræða þær fyrr en hann hefur gert grein fyrir þeim hér.

Um efni þessa frv. get ég verið fáorður. Það var skýrt svo ýtarlega af hv. frsm. n. við 1. umr., að þar er litlu við að bæta. Í fám orðum sagt er ætlazt til þess, að skólakerfi landsins skiptist í fjögur stig, barnafræðslu, gagnfræðastig, menntaskóla- og sérskólastig og svo háskólastig. Og einn meginkostur þessa frv. og annarra frv., sem frá mþn. í skólamálum hafa komið, er sá að samræma skólakerfið í landinu, en á því hefur verið mikill misbrestur að undanförnu. — Önnur meginbreyt. með þessu frv. er sú að lengja fræðsluskyldualdurinn um eitt ár. Nú er barnafræðsluskyldan frá 7 ára aldri til 14 ára aldurs, og er ætlazt til þess, að barnafræðslan styttist um eitt ár að ofan og verði frá 7 til 13 ára aldurs, en svo bætist við tveggja ára skólaskylda sem nám í unglingaskóla, miðskóla eða gagnfræðaskóla. Raunverulega skólaskyldan lengist því um eitt ár með þessari tilhögun.

Það er eðlilegt, að mönnum verði á að spyrja, hvern aukinn kostnað mundi leiða af lögfestingu þessara nýju fræðslulaga. Meginkostnaðurinn mundi náttúrlega koma af þeim auknu unglinga- og fræðsluskólum, sem upp risu samkv. þeim. Í frv. eða grg. um gagnfræðanám er leitazt við að gera því nokkur skil, hver aukning á kennaraliði og skólastofum yrði nauðsynleg með þessari breyt. Þar er gert ráð fyrir, að eftir þessum breyt. yrði vegna stóraukins nemendafjölda, nemendafjöldinn mundi aukast um þrjú þús. nemendur, sbr. bls. 12 í því þskj., þörf á 120 kennurum í viðbót og 100 kennslustofum í skólunum. Þegar reiknað er með núverandi kaupi kennara, eins og það er lögfest í launal., og byggingarkostnaði við skólahús, þá er bert, að kostnaðurinn mundi verða ákaflega mikill af þessari tilhögun. En eftir því, sem fræðslumálastjóri hefur upplýst menntmn. um, hefur sú breyt. orðið á síðan mþn. í skólamálum samdi þessi frv. og gerði þessa grg., að ég ætla, að kostnaðaraukinn muni nú ekki vera nema líklega um 40% af því, sem þar var gert ráð fyrir. Sú hefur nefnilega orðið raunin á, eins og gert var ráð fyrir af mþn. og bent var á hér í framsögu, að frv. þessi væru fyrst og fremst lögfesting á þróun, og jafnvel þó að þau væru ekki samþ., mundi þróunin leiða til þess, að flestallir unglingar í landinu leituðu sér framhaldsmenntunar. M. ö. o., þessi kostnaður, sem af breyt. á fræðslul. stafaði, mundi koma hvort sem væri. Eftir upplýsingum fræðslumálastjóra er reynslan orðin þessi, að nemendaaukningin í þessum framhaldsskólum hefur aukizt svo, að nú er ekki talan 3000, eins og gert var ráð fyrir, að nemendaaukningin mundi verða, heldur 1800. Þarna frá vill svo fræðslumálastjóri draga um 600 nemendur í sveit og smærri þorpum, sem mundu fá skyldunám sitt á vegum barnaskólanna án verulegs aukakostnaðar, þannig að raunverulega mundi ekki þurfa að reikna með nemendafjölgun meiri en 1200 og sennilega 40 til 48 fleiri kennurum. Það er náttúrlega nokkrum erfiðleikum bundið að gera sér glögga grein fyrir því, hver kostnaður yrði af þessu. En ég vil þó benda á, að ef miðað er við 48 nýja kennara með 4 þús. kr. grunnlaun hver, þá mundi það ásamt verðlagsuppbót, eins og hún nú er, verða rúmlega 1.200.000 kr. á ári. Það má svo gera ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði en kennaralaunum um helmingi þeirrar upphæðar, eða rúml. 600 þús. kr., og samtals yrði það þá 1800000 kr. á ári, kennaralaunin og annar kostnaður, miðað við þessar nýju upplýsingar frá fræðslumálastjóra.

Ég vil nú benda á það, að það er almennt litið svo á, að þessi aukna unglingafræðsla mundi koma smám saman og það jafnvel á næstu árum, þróun tímanna virðist vera í þá átt. Ég vildi rétt aðeins, af því að ég hef heyrt á ýmsum, að þeim blöskraði kostnaðurinn við þetta, leggja fram hér þessar upplýsingar, þó að það sé ákaflega erfitt að gera sér nokkra nákvæma áætlun um kostnað við framkvæmd þessa nýja skólakerfis.

Ég skal þá víkja að brtt., sem fyrir liggja. Fyrsta brtt. er við 4. gr. frv., 4. málsgr. Þar er í frv. sett fram sú regla, að gagnfræðaskólar séu 4 ára skólar, en að fræðslumálastjóra sé

heimilt að leyfa gagnfræðaskólum í sveit að veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Svo er það hugsað, að unglingafræðslan í sveit verði í sambandi við barnaskólana án verulegs aukins kostnaðar, en að héraðsskólar, sem nú eru, og aðrir hliðstæðir skólar, sem upp koma þar, veittu gagnfræðakennslu, svo að það þyrfti ekki að lögfesta nema skóla til þess að veita unglingakennslu. N. þótti rétt að snúa þessu við, þannig að meginreglan í sveit væri sú að hafa aðeins tveggja ára gagnfræðaskóla, en þó heimild til þess að veita undanþágu frá þessu, ef forráðamenn gagnfræðaskóla óska þess, þannig að þá yrðu gagnfræðaskólar í sveit þriggja til fjögurra ára skólar.

2. brtt. n. er við niðurlag 4. gr. frv., þar sem rætt er um réttindi, sem gagnfræðapróf veitir, og er tekið fram í frv., að það sé „til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs við ýmsar opinberar stofnanir." Þetta þótti nokkuð óákveðið orðalag, og leggur n. til, að því verði breytt þannig, að í stað orðanna „til starfs við ýmsar opinberar stofnanir" komi: „til starfs við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða." Og er æskilegt, að að því verði stefnt, að við opinberar stofnanir verði það sett að skilyrði til ýmissa starfa, að menn hafi lokið gagnfræðaprófi. Þetta er hins vegar ómögulegt á þessu stigi að útlista nánar í frv., en verður að koma í l. um einstakar stofnanir eða reglugerðum, sem forráðamenn stofnananna mundu setja.

Loks er í brtt. n. gert ráð fyrir þeirri breyt., að á eftir 10 gr. komi ný 11. gr., um það, hvenær l. komi til framkvæmda. Í frv. er nú ekkert ákvæði um þetta. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. um gagnfræðanám, að þau l., ef það frv. verður samþ., skuli verða komin til fullra framkvæmda eigi síðar en 1950. Nefndinni þótti réttara að taka þetta gildistökuákvæði inn í sjálft frv. um skólakerfið, en þótti jafnframt rétt að ætla nokkru lengri tíma til þess að þetta nýja skólakerfi kæmist til framkvæmda, og er efni þessarar brtt., 2. liður, það, að l. öðlist þegar gildi og skuli koma til framkvæmda á árunum 1946 til 1952, eftir því, sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð. Nú er bersýnilegt, að ekki er hægt að fyrirskipa, að öll þessi l. komi til framkvæmda þegar í stað, því að e. t. v. verður hörgull á nægu kennaraliði og hörgull á nægum skólahúsum. Sums staðar vilja menn kannske fá lengri frest til þess að koma á skólaskyldu eftir þessum frv. Og þetta er ætlazt til, að fræðslumálastjórnin hafi í hendi sinni og eftir atvikum í samráði við fræðsluráð í hverju héraði. Eru þannig ætluð sjö ár til þessa.

Sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég vænti þess, að brtt. menntmn. verði samþ.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og fram er tekið í nál., sem prentað er á þskj. 223, hef ég áskilið mér rétt til þess að fylgja og flytja frekari brtt. við þetta mál en n. öll stendur að og prentaðar eru á nefndu þskj. Í samræmi við þetta hef ég leyft mér að bera fram sérstaka brtt. á þskj. 230. Það er efni þeirrar brtt., að öll börn og unglingar séu fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára, en þó geti fræðsluráð ákveðið, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Það er nú öllum ljóst, sem um þetta mál hafa fjallað, og verður það æ ljósara, því meira sem um það er hugsað, að það er ómögulegt að ætlast til þess að hrundið verði í framkvæmd á næstunni eða allra næstu árum að fullu því, sem gert er ráð fyrir í þessum till., sem mþn. hefur samið. Það eru margar hindranir á þeirri leið. Það vantar skólahús á mörgum stöðum. Það vantar kennara, a. m. k. sérkennara í ýmsum greinum, og fleira getur jafnvel komið til álita í því sambandi. Þess vegna er það öllum ljóst, að það verður að veita nokkra undanþágu frá því, a. m. k. fyrsta kastið, að framkvæma þetta skólakerfi til fullrar hlítar. Og það felst í þessari brtt. minni og er að þessu leyti í samræmi við það, sem öll n. hefur staðið að og fram kemur m. a. í 2. tölul. þeirra brtt., sem n. flytur óskipt.

En svo er annað, sem kemur til greina í þessu en skortur á kennurum og á skólahúsum. Í þessu frv. og þeim frv., sem fylgja í kjölfar þess, er gert ráð fyrir því, að kennslu sé skipt í tvo meginþætti, þegar barnaprófi er lokið, þ. e. bóknámsdeild og verknámsdeild. Og ég hef það í huga, að það séu allmikil líkindi til þess, jafnvel þó að húsnæði fyrir allan nemendafjöldann verði til staðar, í ýmsum skólahverfum, að það muni enn um stund skorta mjög á, að fullnægjandi tæki og fullnægjandi skilyrði verði fyrir hendi til þess að veita unglingum mögulegt að stunda verknám. Það mun verða miklu erfiðara um vik, a. m. k. til sveita, að fullnægja því ákvæði um allan aðbúnað en þó að geta tekið unglingana til náms. Þetta þurfum við líka að hafa í huga við afgreiðslu þessa máls. Mitt álit er, að við þurfum að ganga svo frá málum, að meðan þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi, þó að húsnæði sé fyrir hendi, þá séu ekki allir unglingar, sem ekki hafa löngun til bóknáms, hnepptir í skyldufræðslu og verði að ljúka bókfræðinámi vegna skorts á tækjum til verknámsdeildar. Vegna þessa vildi ég hafa undanþáguheimildina nokkuð rýmri en n. stendur öll saman um, þar sem til er tekinn viss árafjöldi, þangað til þetta á að koma til framkvæmda að fullu.

Þriðja atriðið í þessu, sem felst í brtt. minni, er það, að þar sem fólkið sjálft, sem að skólunum stendur, hefur ekki áhuga á því að bæta við skyldunámi fyrir unglingana að svo miklum mun sem frv. að öðru leyti gerir ráð fyrir, þá þykir mér eðlilegt, að löggjafinn gangi nú svo frá þessu a. m. k. nú, þegar hann er að lögleiða þetta, að það liggi fyrir, að það sé nokkur heimild í l. til undanþágu frá þessu, sem tekið er fram í frv. um skólaskyldualdurinn, ef eindreginn vilji væri fyrir því í einhverjum skólahverfum að láta ekki skyldunám ná nema til 14 ára aldurs. Mér finnst eðlilegt, að skólanefndir og fræðsluráð, sem eru eins konar menntamálan. héraðanna, hafi úrskurðarvald um þetta. Þær eru fulltrúar fólksins í þessum málum, þær bera

ábyrgð gagnvart fólkinu sjálfu. Þá finnst mér sú ákvörðun, sem þessar n. taka sem fulltrúar fólksins í sveitunum um þetta atriði, eigi að vera byggð á þeim vilja, sem fyrir hendi er á hverjum stað. Þó að þetta yrði lögfest og brtt. mín samþ., þá er engin hindrun lögð í veg þess, að allir unglingar, sem þess óska, geti átt kost á þessari fræðslu heima fyrir og skólarnir taki á móti hverjum þeim, sem vill halda áfram námi þar, heldur er aðeins verið að fyrirbyggja það, að nemendur séu nú þegar skuldbundnir svo, að þeim sé engrar undankomu auðið, hvernig svo sem viðhorf fólksins sjálfs er heima í héruðunum. Nú kynnu ýmsir að segja, að með þessu stefni ég að því, að engar framfarir verði í raun og veru, engu verði við bætt frá því, sem nú er um fræðsluna, þar sem skólaskylda sé nú lögbundin til 14 ára aldurs. En þegar vel er að gáð, er víst, að þessu er ekki svo farið. Það er vitanlegt, að sú hugsun hefur vakað á bak við lögfestingu þessa frv., að svipaðar kröfur verði gerðar um barnapróf og nú er, þó að það sé ekki beint fram tekið í frv. Sú hugsun, sem barna er á bak við, er það, að sú námsskrá, sem fræðslumálastjórnin setur, verði svipuð um barnaprófin, sem nú eiga að fara fram um 13 ára aldur, eins og nú er við 14 ára aldur samkv. eldri l. Þó kemur þarna til viðbótar nokkurt framhaldsnám. Þessi till. mín brýtur því ekki í bága við þá meginstefnu, sem mörkuð er með þessu frv. og mþn. hefur gengið frá. Og meira að segja hefur mþn. talið æskilegt, að lögboðin yrði námsskylda til 16 ára aldurs, en jafnframt tekur n. fram, að hún vilji ekki standa að því að gera skýlausa kröfu um það nú þegar, heldur telur hún eðlilegt, að þetta yrði framkvæmt smátt og smátt í samræmi við þá þróun, sem yrði í þessum málum. Mþn. segir m. a. á einum stað í grg., að það sé aðgæzluvert að fylgja slíkri þróun og sé það heillavænlegra en að eingöngu sé um valdboð að ræða: „Lífið sjálft á að þjóna sér haminn.“ Það er einmitt þetta, sem ég hef í huga með brtt. minni, að lífið sjálft þjóni sér haminn, að Alþ. gangi ekki lengra en þar er til tekið um að ákveða skyldunám nú þegar. Hitt fyndist mér mjög geta komið til álita, og ég vænti, að sú framkvæmd verði á höfð, að þetta verði athugað t. d. að nokkrum árum liðnum. Í rauninni er það líka tæplega rétt fyrir löggjafann að ákveða vissar skyldur, áður en ríkisvaldið treystir sér til að hafa þau skilyrði fyrir hendi, að hægt sé að fylgja þeim skyldum í framkvæmd.

Með þessum orðum vildi ég aðeins skýra það, að í brtt. minni felst ekki frávikning frá þeirri stefnu, sem mörkuð er í þessum málum, heldur aðeins nokkuð rýmri heimild til undanþágu en veitt er í sameiginlegri till. menntmn.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Hv. þm. A.-Sk. flutti í menntmn. fyrst till. um það, að skólaskyldualdur yrði óbreyttur frá því, sem nú er, 7—14 ár, en þó yrði, eins og í frv., gert ráð fyrir heimild fyrir sveitarfélög, með samþykki fræðslumálastjóra, til að ákveða skólaskyldualdur til 15—16 ára. Meiri hl. menntmn. gat ekki fallizt á þetta, og flutti þá hv. þm. A.-Sk. till. þá, sem fyrir liggur, um að ákveða að vísu fræðsluskyldu til 15 ára, en heimila þó fræðsluráði að ákveða, að fræðsluskylda nái aðeins til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Meiri hl. n. hefur ekki getað fallizt á þessa röksemd, og vildi ég með nokkrum orðum skýra, hvernig á því stendur. Ég held, að það hafi verið einróma álit mþn. og meiri hl. menntmn. þessarar d., að stefna bæri að því að styðja betur unglingafræðsluna en nú er gert og tryggja það þar með, að hver og einn unglingur í landinu fengi betri menntun en verið hefur að undanförnu, og af þeim ástæðum var farið út á þessa braut, að hækka fræðsluskyldualdurinn um eitt ár. Ef hins vegar farið yrði út á þá braut að gera þetta aðeins að heimild, þá er allsendis óvíst, hvernig það yrði í framkvæmd í ýmsum héruðum. Að vísu vil ég taka það fram, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, að þróunin virðist benda í þá átt, að allur meginþorri unglinga njóti framhaldsnáms án þess að lagaboð komi til, en við teljum, að hitt sé þó öruggara, að til þess að geta veitt almenningi meiri og öruggari menntun sé þetta gert að skyldu. Hv. þm. vildi benda á, að það væri rétt að byggja þetta á þeim vilja, sem fyrir hendi væri á hverjum stað, og láta því yfirstjórn skólamála á hverjum stað ráða þessu. Þetta er einmitt það, sem löggjafinn hefur ekki viljað fallast á áður. Löggjafinn hefur einmitt ákveðið skólaskylduna um allt land án tillits til þess, hvort ein einstök skólanefnd teldi þörf á skólaskyldu í miklu smærri mæli en nú er, og það er auðvitað vegna þess, að löggjafinn hefur litið svo á, að menntun þjóðarinnar væri svo stórkostlegt mál, að það yrði að lögbjóða sérstakt lágmark, sem hver maður ætti að hljóta að menntun, það gæti ekki farið eftir vilja einstakra skólanefnda eða fræðsluráða. Nú er í frv., eins og er í gildandi l., undanþáguheimild fyrir sveitirnar til að ákveða, að skólaskyldan hefjist ekki fyrr en um 10 ára aldur, það er í frv. um fræðslu barna. En til þess að veita þá undanþágu er skilyrðislaust nauðsynlegt að fræðslumálastjórnin samþ. það, þ. e. 3. gr. frv. um fræðslu barna, en alls ekki ætlazt til þess, að skólan. hafi það á sínu valdi að samþ. það. Ef ætti að ganga inn á þá hugsun, sem vakir fyrir hv. þm. A.-Sk., væri nær að veita undanþáguheimild um unglinga á síðasta aldursári með samþykki fræðslumálastjórnar. Hitt er ógerlegt, að láta það í hendur skólan. og fræðsluráðs á hverjum stað. Ég vil benda á það, að mþn. í skólamálum leitaði sér upplýsinga og álits hjá kennurum, skólastjórum og skólanefndum um land allt bæði um það, á hvaða aldursári þeir teldu, að skólaskyldualdurinn ætti að byrja, og einnig hvar ætti að enda. Þetta álit liggur nú fyrir í grg. fyrir þessu frv., sem hér er til umr., og þar kemur það fram, að meginþorrinn af öllum þessum skólastjórum og skólan. hefur lagt til, að fræðsluskyldan yrði ekki lægri en til 15—16 ára. Það eru aðeins örfáir, sem vildu binda skólaskyldualdurinn til 14—15 ára, og enginn við 14 ára aldur. Sumir lögðu til, að miðað væri við 15 ára aldur, aðrir 15—16 og 16 ára. Þeir, sem lögðu eitthvað af þessu til, eru 112 af 126 kennurum, en að því er skólan. snert-

ir, 63⅔ af 74⅔. Hér virðist farið eftir vilja fólksins. Þar hefur yfirgnæfandi meiri hl. þessara manna óskað eftir því, að skólaskylda yrði ekki miðuð við lægri aldur en 15 ára.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta öllu frekar, en vildi aðeins láta fram koma þær ástæður, sem legið hafa til grundvallar því, að ekki var hægt að ganga inn á till. hv. þm. A.-Sk. í nefndinni.

Páll Þorsteinsson. Mér finnst sú tilvitnun, sem hv. þm. Snæf. bar fram úr grg. mþn., um vilja hennar fyrir því að hækka skólaskyldualdurinn nú þegar, sýna einmitt það, að það er síður en svo ástæða til að amast við till. minni, því að ef þessi vilji er fyrir hendi heima í héraði, þá verður skólaskyldan vitanlega framkvæmd ekkert síður þó að till. mín verði samþ. Í öðru lagi vildi ég leiða athygli hv. frsm. og annarra hv. þm. að því, að það er ekki fordæmalaust í löggjöfinni, að það sé veitt undanþága frá því að fullnægja til hlítar skólaskyldu alls staðar á landinu. Vildi ég í því efni benda á það, sem raunar kom fram hjá hv. þm. Snæf., hvernig þetta hefur verið framkvæmt um skólaskyldu frá 7—10 ára aldri skólaskyldra smábarna. Þegar fræðslulögin voru sett 1907, var ákveðin skólaskylda frá 10—14 ára aldri fyrir öll börn í landinu. Þá var gert ráð fyrir því, að heimilin önnuðust smábarnakennsluna frá 7—10 ára. Þróunin hefur orðið sú, að löggjafinn hefur smáfikrað sig áfram með þessa framkvæmd skólaskyldunnar fyrir þessa aldursflokka nemenda. Með l. frá 1926 mun hafa verið gefin heimild fyrir kaupstaði til að koma á skyldufræðslu fyrir þessa aldursflokka nemenda, en þegar l. voru endurskoðuð 1936, þá mun þetta fyrst hafa verið fært inn sem skylda, en þá með þeirri undantekningu, að heimilt sé að veita skólahverfum í sveitum undanþágu frá því. Þannig hefur löggjafinn tekið á þessum málum hingað til, og þannig hefur þróunin verið um ákvörðun skólaskyldunnar ofan frá.

Þá verð ég að benda hv. frsm. á það, að hann fór beinlínis rangt með eitt atriði, sem hann vitnaði í, og mun hann sannfærast um það, ef hann kynnir sér það betur. Undanþáguheimildin, sem er í gildandi l. um það, að börn frá 7—10 ára aldri þurfi ekki skilyrðislaust að sækja skóla í sveitum, var og er í höndum fræðsluráðanna í þeim l., sem nú gilda, og skólan. eiga að gera till. um það, en fræðsluráð að ákveða, svo að það kemur ekki í hendur fræðslumálastjórnar. Þannig er till. mín einmitt í samræmi við þetta.

Þá vildi ég aðeins benda á það, þó að það sé ekki alls kostar sambærilegt við þetta mál, að í ýmsum stórmálum, sem veita fólkinu mikil réttindi, hefur löggjafanum þótt eðlilegt að fylgja svipuðum leiðum og ég legg til í brtt. minni. Er þá skemmst að minnast á þingið 1943. Þá ákvað löggjafinn að koma á ákvæðum um sjúkrasamlög með þeim hætti, að fólk í sveitum skyldi beinlínis greiða atkv. um það, hvort það vildi stofna sjúkrasamlög. Þetta er ekki alls kostar sambærilegt, en ég bendi á þetta sem dæmi; undanþágan var færð út þar eftir vilja fólksins um þau réttindi, sem verið er að skapa því til handa og það á að búa við.

Ég man svo ekki eftir neinu sérstöku í sambandi við þetta smávægilega atriði, sem ég þarf að taka fram að svo stöddu.

Sigfús Sigurhjartarson: Það eru aðeins nokkur orð út af þeim ummælum hv. þm. A.-Sk., að valdið til þess að veita undanþágu frá núgildandi fræðslul. sé í höndum fræðsluráðanna. Það er í rauninni rétt, en hitt er þó engu síður rétt að fræðslumálastjórnin hefur haft vald til að grípa fram í og fyrirskipa fræðsluskyldu, ef það kemur í ljós, að börn í skólahverfinu hafa ekki fengið þá uppfræðslu, sem sæmileg er talin.

Varðandi það meginágreiningsmál, sem hér er á ferðinni, langar mig til að undirstrika nokkuð frekar en gert hefur verið, að mþn. í skólamálum hefur kynnt sér ákaflega rækilega hug þeirra manna, sem hafa hugsað og hugsa um skólamálin í landinu. N. hefur sent öllum kennurum landsins og öllum skólan. fyrirspurnir út af frv. og m. a. spurt sérstaklega greinilega um það atriði, hvar þessir aðilar telji, að fræðsluskyldan ætti að enda. Ég vil benda hv. þm. á að athuga vel þá skýrslu, sem er að finna á bls. 17 í þessari grg. Þar kemur í ljós, að af 71⅞ skólan., sem svara, eru aðeins 8, sem vilja nefna lægri fræðsluskyldualdur en 15 ára. Síðan koma 22, sem nefna ákveðið 15 ár, 13, sem segja 15—16 ára, 28⅔, sem segja 16 ára. Með öðrum orðum, 63⅔ eru ofan við þennan aldur. Hér var því farin sú leið af mþn. að taka það lágmark, sem fullt samkomulag virtist um, að þetta ætti að ná til. En eigi að síður er gefin heimild til þess að ganga inn á þá braut, sem mjög verulegur hluti skólan. vill, að lengja skólaskyldualdurinn til 16 ára. Þetta virðist mér vera að taka fullt tillit til þeirrar þróunar, sem hefur verið að gerast í landinu og að nokkru leyti orðin er. Hitt er svo rétt hjá hv. þm. A.-Sk, að það eru ýmis vandkvæði á að framkvæma þessi l. í skjótri svipan, og fyrir því er gert í þeirri brtt., sem menntmn. er sammála um, að gera ráð fyrir, að l. komi til framkvæmda á árunum 1946—1952, eftir því sem fræðslumálastjórnin ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð. Slík ákvörðun er ekki tekin fyrr en ríkið er tilbúið að fullnægja skyldum sínum á hverjum stað.

Er svo ekki ástæða til að orðlengja meira um þennan ágreining, sem var innan menntmn. N. er öll sammála um að vilja stuðla að framgangi frv. og framgangi brtt., sem fyrir liggja, þó að einn nm. vilji ganga þetta lengra í brtt.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi svara hv. þm. A.-Sk. Hann vildi halda því fram, að ég hefði farið rangt með. Ég taldi, að þó að skólaskylda væri nú miðuð við 7 ára aldur, væri heimilt að veita undanþágu allt upp í 10 ára aldur bæði samkv. gildandi l. og einnig samkv. 3. gr. frv. um fræðslu barna. Þar segir svo: „Nú sækir skólan. í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðslumálastjórn þá veitt undanþágu að fengn-

um meðmælum námsstjóra.“ En ummæli hans um þetta virðast byggð á misskilningi. Hins vegar er það rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að í gildandi l. er ætlazt til, að fræðsluráð veiti þetta leyfi, en fræðsluráð gefur ekki fullnaðarúrskurð, — fræðslumálastjóri getur hvenær sem er tekið fram fyrir hendur þess bæði samkv. frv. og gildandi l., þannig að því er slegið föstu, að fræðslumálastjórnin ákveði þessa undanþágu. En samkv. till. hv. þm. er ætlazt til, að fræðsluráð ásamt skólan. gefi fullnaðarúrskurð um þetta atriði.

Skúli Guðmundsson: Út af þeirri brtt., sem fyrir liggur á þskj. 230, frá hv. þm. A.-Sk., hafa tveir aðrir nm. í menntmn., hv. þm. Snæf. og hv. 8. þm. Reykv., látið orð falla um það í ræðum sínum, að ákvæði frv. um fræðsluskyldu væru sett, að því er mér skildist, m. a. eftir till. frá miklum meiri hl. skólan. í landinu, þeirra er svöruðu fyrirspurnum um málið. Það kom hins vegar ekki fram, hvað margar skólan. hefðu svarað spurningunni um þetta og hvað margar hefðu látið málið afskiptalaust. En ég sé ekki, að það út af fyrir sig séu nein rök á móti því, að samþ. sé brtt. á þskj. 230, því að ef þetta er þannig, að fleiri skólan. í landinu vilji heldur hafa ákvæðin eins og þau eru í frv., þá má gera ráð fyrir því, að það yrði ekki mikið um þessar undanþágur eða takmarkanir á fræðsluskyldu, sem gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 230. En þrátt fyrir það, þó að þetta sé þannig, að það yrði ekki eftir þessu farið nema á nokkrum stöðum, þá finnst mér öll sanngirni mæla með því, að það sé hægt fyrir þau fræðsluráð, sem það vilja, að haga þessu svo sem lagt er til í þessari brtt. Það er nú ýmislegt fleira í sambandi við þetta frv., sem ástæða væri til að víkja að, en eitt atriði er það þó einkum, sem ég vildi minnast á. Í 4. gr. frv. er talað um unglingaskóla, miðskóla og gagnfræðaskóla, og þar er fram tekið að því er miðskólana snertir, að aðeins próf úr bóknámsdeild þeirra veiti rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra sambærilega skóla. Það er gert ráð fyrir, að þessum skólum sé skipt í tvær deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því á hvort námið er lögð meiri áherzla. Út af fyrir sig er ekkert um það að segja, þó að það sé fram tekið um þann rétt, sem próf úr þessum skólum veitir. En ekkert ákvæði er hér um þau réttindi, sem próf úr verknámsdeild veita. Hér er aðeins minnzt á þau réttindi, sem próf úr bóknámsdeild veita til framhaldsnáms, en hvergi getið um réttindi þeirra, sem taka próf í verknámsdeild, eða a. m. k. hef ég ekki komið auga á það, en sé svo, þá vildi ég óska upplýsinga um það frá hv. frsm.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. frsm. menntmn., hv. þm. Snæf. (GTh), hefur fjarvistarleyfi. Ég vil þess vegna svara með örfáum orðum vinsamlegum aths., sem fram komu frá hv. þm. V.-Húnv. (SkG) á þingfundi í gær. Hv. þm. lét þess getið, að sér virtist ekki ljóst af frv., hvaða rétt þeir menn öðluðust, sem lykju verknámsdeildarprófi. Hins vegar var það skýrt fram tekið í 4. gr. frv., að aðeins próf úr bóknámsdeild veiti rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra framhaldsskóla. Ég skal taka það fram, að fyrir þeirri n., sem samdi þetta frv., vakir, að verknámsdeildin veiti engu síður réttindi en bóknámsdeildin. Það vakir einnig fyrir þeirri n., að próf úr verknámsdeild verði inntökupróf betri í búnaðarskóla, iðnskóla og sjómannaskóla, í þá skóla, sem beina nemendunum á brautina til starfa úti í framleiðslunni, að atvinnuvegum þjóðarinnar. Það er vissulega okkar meining, að að því verði stefnt, að allir hafi þennan rétt og að sá heilbrigði skilningur haldist, að það sé ekki síður framabraut og vænlegt til frama, er leiðir menn til þátttöku í framleiðslustarfi við atvinnuvegi þjóðarinnar, heldur en að menn leiti hans eftir öðrum leiðum. Ég viðurkenni, að eins og gr. er orðuð, gæti þetta ákvæði valdið misskilningi, og vil ég lýsa yfir því, að ég mun leggja til í menntmn., að við 3. umr. verði flutt brtt. við 4. gr. um, að niður falli orðin: „Þó veitir aðeins próf úr bóknámsdeild rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra sambærilega skóla.“ Þessi orð eiga ekki þarna heima, því að þau gætu bent til þess, að bóknámsdeildin væri sett skör hærra en verknámsdeildin. Þetta ákvæði á heima og er í frv. um menntaskóla. Alveg á sama hátt gæti í l. um iðnskóla átt við, að tekið væri fram, að verknámsdeildarpróf gætu veitt inngöngu í þá skóla. Sem sagt, ég lýsi yfir því, að ég mun leggja til í n., að þessi setning falli niður, og vænti ég, að það fullnægi þeirri meginathugasemd, sem fram kom frá hv. þm. V.-Húnv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 223,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 230 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JS, JörB.
nei: SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, HB, LJós, BG.
7 þm. (ÓTh, SK, SvbH, GÞ, GTh, JJós, JPálm) fjarstaddir.
8.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 223,2 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 268, 273, 283).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 283. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lá fyrir brtt. frá mér við 8. gr. þessa

frv., en náði ekki samþykki deildarinnar. Ég hef leyft mér að bera fram enn á ný brtt. við sömu gr., sem hnígur í sömu átt og sú brtt. mín, sem lá fyrir við 2. umr. En sú brtt., sem nú liggur fyrir á þskj. 283, felur þó í sér þá efnisbreyt. frá hinni fyrri, að gert er ráð fyrir, að sú undanþága, sem um ræðir í brtt., skuli því aðeins veitt, að samþykki fræðslumálastj. sé áður fengið. Að öðru leyti liggja á bak við þessa brtt. sömu rök, sem ég flutti hér við 2. umr. málsins, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég sé, að hv. frsm. menntmn. er ekki mættur á fundi, og vildi því aðeins vekja athygli á brtt. á þskj. 273, sem menntmn. flytur. Það er raunar óþarft að lýsa þessari brtt. öllu nánar en gert var hér við 2. umr. málsins, þar sem þessi brtt. var boðuð, en hún er í því fólgin, að úr 4. gr. frv. verði numin þau ákvæði, sem þar standa nú, að aðeins próf úr bóknámsdeild veiti rétt til inngöngu í menntaskóla og aðra sambærilega skóla. Þetta sýnist óþarft að taka fram þarna. Þetta á heima í l. um menntaskóla, alveg eins og um aðra skóla er ákveðið í l. um þá, hvaða próf nægi til inngöngu í þá.

Um brtt. hv. þm. A.-Sk. skal ég vera fáorður. Hún er efnislega sú sama, sem felld var við 2. umr. málsins, en með þeirri breyt., að nú þurfi samþykki fræðslumálastj. til þess, að veitt verði undanþága frá fræðsluskyldu, sem í frv. þessu er gert ráð fyrir, að bætist við frá því, sem nú er. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þetta kerfi, sem lagt er til hér, að lögfest verði, byggir beinlínis á því, að skólaskyldan nái til 15 ára aldurs. En hins vegar er menntmn. það ljóst, að slíkt er ekki framkvæmanlegt í einu vetfangi, og þess vegna var bætt við 11. gr. frv., þar sem ákveðið er, að l. komi til framkvæmda á árunum 1946—1952. Þessi frestur er því til stefnu til þess að koma því í lag, sem þarf að koma í lag, áður en l. koma til fullrar framkvæmdar, og virðist það vera alveg fullnægjandi.

ATKVGR.
Brtt. 273 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 283 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SK, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ.
nei: HB, JPálm, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt, ÁS, ÁkJ, EOl, BG.
9 þm. (GTh, JJós, LJós, ÓTh, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GSv) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 289).

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 20. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 289, n. 426 og 437).

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af mþn. í skólamálum, sem skipuð var 30. júní 1943 af þáverandi menntmrh. samkv. þingsályktun. En n. fékk það verkefni að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera till. um skipun þeirra. Í mþn. áttu þessir menn sæti: Jakob Kristinsson þáverandi fræðslumálastjóri, Aðalbjörg Sigurðardóttir frú, Kristinn Ármannsson, Ásmundur Guðmundsson, Sigfús Sigurhjartarson og Ingimar Jónsson. Eftir að Jakob Kristinsson lét af störfum og flutti burt, tók Helgi Elíasson sæti hans í nefndinni.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn þáttur í heildarkerfi, sem mþn. gerir till. um, og er þegar komið fram í Nd. frv. um barnafræðslu, sem er einn liður í fyrirhugaðri skipan þessara mála. Eins og kunnugt er, hefur það fyrirkomulag, sem ríkt hefur, verið miðað við einstaka skóla og skólaflokka, og hefur það einatt reynzt bagalegt og skapað erfiðleika fyrir nemendur. T. d. hafa gagnfræðaskólar og héraðsskólar starfað eftir ósamhljóða reglugerð og þar af leiðandi veitt misjafnlega hagkvæman undirbúning undir framhaldsnám. Með þessu frv. er gerð tilraun til að tengja saman og samræma alla skóla í landinu, allt frá barnaskólunum til háskólans. Eins og tekið er fram í 2. gr. frv., skiptist skólakerfið í 4 stig, barnafræðslustig, gagnfræðastig, menntaskóla- og sérskólastig og háskólastig. Á barnafræðslustiginu eru barnaskólar frá 7 til 13 ára, eða einu ári skemur en nú er. Þá tekur við gagnfræðastigið, en á því stigi eru 3 tegundir skóla, unglingaskólar með 2 ára námi, þá miðskólar með 3 ára námi og gagnfræðaskólar með 4 ára námi. Tveir fyrstu bekkir þessa stigs mundu jafngilda tveim fyrstu bekkjum í gagnfræðaskólum þeim, sem nú eru, en 3 vetra miðskóli mundi svara til þriggja neðstu bekkja gagnfræðaskóla. Námi í miðskólunum lýkur með landsprófi, miðskólaprófi, og er það ein mesta nýjung í þessum lögum. Þetta próf veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, sem settar kunna að verða.

Eftir þessu frv. eru gagnfræðaskólarnir sjálfstæðir skólar. Það eru fjögurra ára skólar, nema í sveitum. Þar er fræðslumálastjórn heimilt að leyfa gagnfræðaskólum að veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Úr gagnfræðaskólunum er ekki eins og áður var bein leið upp í menntaskólana, heldur frá miðskólunum. En burtfararpróf úr gagnfræðaskólum veitir rétt til náms í ýmsum sérskólum og til starfs við ýmsar opinberar stofnanir. Þriðja stigið er 4 ára menntaskólar með svipuðu fyrir-

komulagi og nú er. Fjórða stigið er háskólastig, þar er háskólinn, en til náms í honum þarf stúdentspróf, eins og nú er.

Þetta er í stórum dráttum bygging fræðslukerfisins, þ. e. 4 stig, sem taka við hvert af öðru.

Ég vil þá víkja að helztu breytingum, sem þetta fyrirkomulag felur í sér frá því, sem nú er. Barnaskólarnir ná samkv. frv. yfir 6 aldursflokka í stað 7. Til þessa liggja sterk rök, og eru þau til færð í grg. Samkv. áliti uppeldisfræðinga er eðlilegra að miða námsskiptinguna við 13 ára aldur en 14 ára aldur, en á þessum árum er þroski unglinganna hvað örastur. Þótt gert sé ráð fyrir skólaskyldu barna frá 7 ára aldri, má búast við, að undanþágur verði veittar frá þessu ákvæði, a. m. k. í sveitum eða allt til 8—9 ára aldurs. Heimild er gefin til að koma á fót smábarnaskólum fyrir börn á aldrinum 5—7 ára. En önnur mikilvægasta breyt., sem frv. felur í sér, er lenging skólaskyldualdursins um eitt ár, eða frá 7 til 15 ára aldurs, í stað þess, að áður var þetta frá 7—14 ára aldurs. Í flestum menningarþjóðfélögum hefur reyndin orðið sú, að barnafræðslan nægir ekki til að fullnægja þeim kröfum, sem þjóðfélagið gerir til þegnanna. Hér er farið sem vægast í sakirnar, einungis bætt við einu ári.

Annað aðalnýmæli þessa frv. eru miðskólarnir og landsprófið. Í grg. fyrir frv. færir mþn. rök fyrir kostum þessa fyrirkomulags, og eru þau einkum þessi: Að ýmissa hluta vegna sé heppilegra að greina menntaskólana alveg frá gagnfræðaskólunum, þar sem of snemmt sé fyrir börn innan 14 ára aldurs og forráðamenn þeirra að kveða á um það, hvort þau skuli stunda menntaskólanám og jafnvel háskólanám eða meta hæfni þeirra til þess. Enn fremur, að með þessu fyrirkomulagi sé fleirum gefinn kostur á að fá stúdentsmenntun, þar eð áður var það ofvaxið fjárhag þorra manna að kosta börn til sex ára náms við menntaskóla í Reykjavík eða á Akureyri. Jafnframt er óeðlilegt, að sami skóli, sem velur nemendur í lærdómsdeild eftir samkeppnisprófi, annist sjálfur í gagnfræðabekkjum sínum undirbúning nokkurs hluta keppendanna.

Skiptingin á verknáms- og bóknámsdeild eykur fjölbreytni og uppfyllir þá skoðun mþn., að skólarnir eigi að skapa einstaklingunum sem mestan þroska og við sem flestra hæfi. Þótt þetta sé nokkur nýbreytni, þá er hér ekki um neina byltingu að ræða frá því, sem verið hefur. Réttara væri að segja, að þessi skipan staðfesti þá þróun, sem verið hefur á síðustu árum, og samræmdi þá skóla, sem til eru.

Í frv. um gagnfræðanám gerir mþn. áætlun um þann kostnaðarauka, sem leiðir af frv. Er þá fyrst um að ræða kostnað, sem leiðir af lengingu á skólatímanum. Samkv. skýrslum frá 1942 mundi þetta fyrirkomulag þýða um 3000 fleiri nemendur eða um 120 kennara og 20 skólastjóra. Þegar litið er á kennaralaun eins og þau eru nú, er þetta mikill kostnaður. En eftir upplýsingum frá fræðslumálastjóra hefur þróunin orðið þannig síðan 1942, að nemendaaukningin nú mundi verða einungis 40% af því, sem þá var, og sennilega má gera ráð fyrir sömu þróun á næstu árum. Jafnvel þótt þessi lög yrðu ekki samþ., þá er líklegt, að flestir unglingar mundu leita sér framhaldsmenntunar í framtíðinni. En ef gert er ráð fyrir, að aukningin yrði 1800 nemendur og þar frá dragist um 600 í sveitum og þorpum, þá eru eftir 1200 nemendur eða 40 kennarar. Eins og nú horfir við má gera ráð fyrir auknum kostnaði af kennarahaldi. Reiknað með 4 þús. kr. ársgrunnlaunum til hvers kennara verður það um 1200 þús. kr. Samkv. því, sem menntmn. Nd. áætlar, yrði rekstrarkostnaður um helmingur þeirrar upphæðar, eða um 600 þús. kr., eða kostnaður alls 1800 þús. kr., en þetta er miðað við það, þegar öll löggjöfin samkv. þessu frv. yrði komin til framkvæmda, en það tekur 5—6 ár samkv. því, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir. Af þessu eiga menn að geta fengið nokkra hugmynd um kostnaðinn af þessari löggjöf, ef hún kæmi til framkvæmda, en hvort sem það yrði eða ekki, mundi þróunin halda áfram í þá átt, að æskulýðurinn muni sækja eftir aukinni framhaldsmenntun og þjóðfélagsstörfin krefjast hennar í ríkara mæli.

Þá er kostnaðurinn við að byggja skólana. Menntmn. þessarar d. hefur farið yfir þetta frv. ásamt menntmn. Nd. N. hafa unnið saman að frv. og gert við það nokkrar aths., sem menntmn. Nd. hefur tekið til athugunar, og hefur hún gert fáeinar breyt. á frv., og er sú breyt. helzt, að heimilað er nú að gefa undanþágu frá 15 ára skólaskyldu. 8. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.“ — Í hinu upphaflega frv. hljóðaði gr. þannig:

„Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára og skulu ljúka barnaprófi og unglingaprófi, svo framarlega sem þau hafa til þess heilsu og þroska. Heimilt er þó sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.“

Meiri hl. menntmn. þessarar d., sem skrifar undir nál., telur að vísu þessa breyt. heldur til spillis, en þar sem hér er aðeins um heimild að gera og samþykki til undanþágu frá fræðsluráði og fræðslumálastjórn, þá hefur ekki þótt ástæða til að breyta frv. aftur að þessu leyti í fyrra horf, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. — Einn nm., hv. þm. S.-Þ., hefur ekki getað fylgt frv. og skilar sérstöku áliti.

Ég held, að ekki sé ástæða til að fjölyrða meira um frv. þetta út af fyrir sig. Það er komið fram frv. um barnafræðslu og eins frv. um gagnfræðanám, og gefst tilefni til, þegar þessi frv. koma hvert fyrir sig, að ræða nánar um einstök atriði. Þetta er aðeins um skólakerfið í heild og samræmingu þess, raunverulega sjálfa grind fræðslukerfisins.

Ég mun ekki fjölyrða meira um frv. að svo stöddu, en legg til, að það fái fljóta afgreiðslu í d. og verði samþ.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefur varla fengið eins góðan undirbúning og maður skyldi ætla, þar sem það umbreytir algerlega því uppeldisformi, sem hefur viðgengizt á Íslandi í þúsund ár, og innleiðir hér mjög framandi fyrirkomulag, sem kannske hefur getað átt við hjá útlendum þjóðum, t. d. í stórborgum iðnaðarlandanna, en ekki ástæða fyrir fram að halda, að eigi hér við að öllu leyti.

Ég held, að ekki væri óviðeigandi að vekja máls á því, hvernig þessi stóra nýjung, sem hér er borin fram, hefur komizt á framfæri í þessu formi, sem hún hefur nú.

Það mun hafa verið 1942, fyrir kosningarnar þó, að tveir framsóknarþm., Bjarni Bjarnason og Pálmi Hannesson, bera fram þáltill. um að skipa n. til að íhuga skólamál landsins. Þessi till. var rædd í Sþ., en það kemur glögglega fram í þingtíðindunum, að áhugi hefur ekki verið mikill fyrir þessu, því að þegar Pálmi Hannesson er að mæla fyrir till., þá kvartar hann um, að séu auðir stólar, og það tók heldur hér um bil enginn til máls. Till. sýnir, að þessir tveir skólamenn hafa viljað gera eitthvað til endurbóta, en það liggur ekkert fyrir frá þeirra hendi um, að öllu eigi að umsnúa í uppeldi þjóðarinnar. Till. var samþ. Þá var menntmrh. hv. þm. Str., sem átti að tilnefna menn í n. Ég geri ráð fyrir, að það, að hann gerði það ekki, hafi verið af því, að honum hafi ekki þótt það mikil nauðsyn. Síðan hverfur hann frá ráðherrastörfum, en í staðinn kemur hv. 1. þm. Reykv., en hann sá ekki heldur ástæðu til að sinna þessari till. Að öllum líkindum hafa báðir gleymt, að þessi þál. væri til, af því að enginn áhugi var á bak við, eins og líka kom fram í ræðu Pálma Hannessonar, þegar hann var að tala um auða stóla.

Svo kemur utanþingsmannastj., og hún skipar n., og sýnist hafa ætlazt til, að í henni væru menn úr öllum flokkum eða menn, sem ættu þar innangengt. Það kom fram með Einar Arnórsson, þáverandi menntmrh., að þótt hann sé kannske ekki í neinum flokki, þá stendur hann svo nærri einum flokki sem hægt er. En þótt Einar sé mikill eljumaður og lærdómsmaður, þá hefur hann þó að öllum líkindum ekki uppgötvað þetta, heldur sá flokkur, sem hefur tekið málið upp, en fyrir atbeina þessa ráðh. kemst þessi n. á, og Einar Arnórsson skipar í hana marga menn. Hún hefur síðan starfað af miklum krafti, en raunverulega algerlega í anda eins flokks, þ. e. a. s. kommúnistaflokksins, enda varð það svo, þegar Einar fór og ný skipan var gerð á ráðuneytinu, að þá varð menntmrh. maður úr þessum flokki, sem hefur sýnt áhuga á þessari breyt., og ég álít, að frá flokkssjónarmiði kommúnista hafi verið hyggilega á þessu máli haldið, og allar líkur eru til, að þeir hafi mótað það eftir því, sem hentugast má verða þeirra áróðri og framtíðardraumum, og þess vegna ekki annað hægt að gera en óska þeim til hamingju, sem hafa staðið fyrir og fengið menn til að starfa að undirbúningi undir þessa mjög einkennilegu byltingu í uppeldismálum okkar.

Ég mun samt, án þess að ég vilji nokkuð draga úr gleði þessa flokks og forráðamanna hans, segja, að þó að mér finnist þeir hafa haldið mjög hyggilega á sínum spilum í þessu efni og ekki útilokað að fá einhverja samþykkt gerða, þá mundu framkvæmdir í þessum efnum verða einna líkastar öðrum framkvæmdum, sem þessi flokkur hefur staðið að í bæjarstjórn Reykjavíkur. Þar lagði sami maður, Sigfús Sigurhjartarson, til, að byggðar væru 500 íbúðir, líkast því, sem Guð ætti að byggja þær með yfirnáttúrlegum krafti, og enn fremur að byggja 10 nýja togara. Einn af þeirra forustumönnum, líka menntamálafræðingur, Steinþór Guðmundsson, sagði um þessa togara: Mér er sama, hvort þeir koma eða ekki, en ég vil fá að tala um þá. — Þessir togarar og hús hafa verið kennd við pappír og kallaðir pappírstogarar og pappírshús. Eins verður með þetta mál. Ég er hræddur um, að þetta verði pappírsskólar og pappírsnemendur, því að þótt málið sé ágætlega fallið fyrir áróður þessa flokks, þá er veruleikinn ekki alltaf eins hagstæður og draumar þessara manna.

Kem ég þá aftur að því, er n. hafði verið skipuð. Í þessa n. var valinn einn duglegasti áróðursmaður kommúnista, Sigfús Sigurhjartarson, sem er látinn tala við borgaralegu flokkana. Flm., Pálmi Hannesson og Bjarni Bjarnason, voru ekki valdir. Ekki var heldur reynt að velja í n. þá menn, sem hafa staðið að miklum skólamálaframkvæmdum, eins og Sigurð Guðmundsson á Akureyri eða Aðalstein Eiríksson, skapara skólans á Reykjanesi vestra, eða Bjarna Bjarnason, sem er einna athafnamestur af öllum skólastjórum landsins. N. starfaði meira að segja á Laugarvatni heilt sumar án þess að sjá ástæðu til að tala við hann nema fáar mínútur og hafði að engu till. hans í þessu efni. Í þessa n. voru skipaðir nokkrir kommúnistar og svo einn maður, sem var hygginn og reyndur, Ingimar Jónsson. Hans aðstaða er ákaflega táknandi fyrir þetta mál. Hann gengur inn á þessar stórkostlegu till. Við getum allir skilið, hvað Reykjavík á að leggja fram í þessu efni, þegar þess er gætt, að Reykjavík hefur byggt Austurbæjarskólann, Laugarnesskólann og Melaskólann, en samt er langt frá því, að fullnægt sé normalþörf fyrir barnaskóla í Reykjavík eftir núgildandi l., og ef Reykjavík á nú að bæta 4 árum ofan á, þá verður þar nokkuð hart í ári. Að vísu er verið að byggja mjög stóran skóla, Ingimarsskólann, en það verður eins og dropi í hafinu, því að einnig verður að gera stórkostlega aukningu á menntaskólanum í Reykjavík, sem fremur lendir á ríkinu en bænum, og mun ég síðar víkja að því. Það er athugunarvert við aðstöðu þessa eina manns, sem átt hefur í skólaframkvæmdum. Honum var fenginn þessi skóli fyrir 1930 og nokkrir mjög góðir kennarar, og sjálfur er hann röskur maður. Þessi skóli hefur starfað síðan hér í bæ, fyrst eini unglingaskólinn, síðar kom að vísu annar, sem bærinn kostaði að nokkru leyti.

Þegar maður fer að athuga pappírseðli þessara till. og hvað allt er út í loftið um þessar stórkostlegu framkvæmdir, þá verður að athuga, hvað sá maður í þessari n., sem mest vit hefur á þessu, hefur átt við að búa síðan 1929. Hann hefur staðið fyrir unglingaskóla, haft dugandi

kennara og mikla aðsókn, en ríki og bær hefur ekki fyrr en nú getað byggt nokkurt hús yfir hann. Hann hefur verið á hrakhólum í aumum húsakynnum, og nú er verið að grafa fyrir grunninum. Af hverju? Dettur nokkrum í hug, að Reykjavíkurbær, sem er framfarabær á margan hátt, þar sem allir vilja framfarir, hafi ekki viljað gera betur? Nei, sannleikurinn er sá, að Reykjavík og ríkið hafa ekki þótzt hafa peninga til þess. Og þá kemur upp sú spurning, hvort Alþingi telji, að allt þetta skólakerfi muni fljótlega komast í framkvæmd, þegar Ingimarsskólinn, sem er þó ekki nema lítið brot, verður að bíða svo lengi eftir, að byggt sé, þó að bæði ríki og bær standi þar að. Og þá kemur maður að því, að það vaki fyrir hv. flm. allt annað en að þetta verði gert, því að það verður aldrei gert, þó að kannske einn eða annar vilji gera það af góðsemi við þann flokk, sem fyrir því berst, að samþ. það. Þetta mál er eins og pappírstogararnir hans Steinþórs Guðmundssonar, að það verður aldrei gert.

En svo kemur annað í ljós, þegar farið er að gagnrýna þetta mál. Þegar ölæðið er farið af mönnum og þeir hættir að trúa því, að allir séu milljónerar, þá getur farið eins og fór hér í Reykjavíkurbæ nú um síðustu bæjarstjórnarkosningar. Hér er fjöldi manns, sem býr í lélegum húsakynnum, kjöllurum og hermannaskálum, en þegar kom fram boð um 500 nýjar íbúðir til handa þessu fólki, þá kaus það ekki, af því að það vissi, að þetta voru gagnslausar kosningablekkingar, og þess vegna höfðu þeir ekki fyrir því að kjósa. Það verður að segja kjósendum í Reykjavík til verðugs hróss, að þeir sýndu þann þroska að láta ekki leika á sig á þennan hátt. Öðruvísi fór fyrir Nd. í þessu máli, því að hún hefur því miður tekið þessu máli nokkuð líkt og þeir góðu fiskar í hafinu, sem taka beitu á öngli, en eftir er að vita um þessa d., hvort hún sýnir sig miður hæfa til að skilja þetta pappírsfyrirkomulag en meiri hluti Reykjavíkurbúa.

Þá kem ég að því, sem er kjarninn í þessu, sem ég hef gefið kommúnistaflokknum viðurkenningu fyrir að hafa frá sínu flokkssjónarmiði skilið rétt, en það er það, að fyrst og fremst hefur íslenzka þjóðin í nálega þúsund ár búið við það uppeldi, sem er mjög sérkennilegt og mjög sterkt og á allan hátt gersamlega ólíkt því kerfi, sem nú á að renna upp eins og einhver dásemd. Það skyldum við halda, að ekki hefði verið hátt risið á forfeðrum okkar á þjóðveldisöldinni, þegar ekki voru skólar nema á tveimur eða þremur sveitaheimilum í landinu. En frá þessu tímabili eru þó þær bókmenntir, sem þjóðin er að reyna að hæla sér af og bera af bókmenntum þeirra þjóða, sem höfðu fleiri skóla. Og það var ekki einungis á þjóðveldistímanum, heldur allt til þessa dags, sem Íslendingum tókst að hafa hér sérstakt uppeldi, þar sem hefur farið saman líkamleg og andleg vinna og farið vel.

Ég átti nýlega tal við einn af þeim mönnum, sem eru heldur hlynntir þessu frv., og hann var að tala um þetta ágæta kerfi, sem ætti að koma. *Það er enginn vafi, að fyrir þessum manni vakti,* að þetta ætti að vera einhver himnastigi, sem menn ættu að ganga frá hinum mesta ófullkomleika til hins mesta fullkomleika. Ég benti honum á einn mann. Hann var ekki aðeins okkar mesti stjórnmálamaður, heldur og mesti vísindamaður og mesti sagnfræðingur. Hann var fæddur í sveit og alinn þar upp, kemur í engan skóla nema hjá föður sínum. Hann tekur síðan stúdentspróf og byrjar síðan að sækja tíma við háskóla. Getum við búizt við að fá nokkuð betra upp úr þessu kerfi, sem hér á að koma? Hefði verið nokkuð betra, að Jón Sigurðsson hefði verið í barnaskóla á Patreksfirði frá 7—13 ára aldri, farið síðan í gagnfræðaskóla á Bíldudal og þaðan í menntaskóla og komið aðeins heim á sumrin til föður síns. Ég er ákaflega efaður um, að það hefði verið nokkuð fullkomnara uppeldi.

Ég skal taka annan mann sem dæmi. Það er Grímur Thomsen. Hann er fæddur á menntasetrinu Bessastöðum. Af einhverjum ástæðum er hann ekki settur í skólann þar, heldur í heimakennslu, er síðan í tvö ár hjá presti á Álftanesi og verður síðan stúdent. Þetta virðist ekki hafa skaðað hans lærdóm. Við skulum athuga svona dæmi. Jón Sigurðsson stundar aldrei skóla, Grímur Thomsen í tvö ár, en þetta eru menn, sem eru með mestu lærdómsmönnum okkar sögu. Og ég vitna hér ekki aðeins til okkar stærstu manna, heldur til allra þeirra ágætu og beztu manna þjóðarinnar í mörgum greinum, sem að mjög miklu leyti hafa stuðzt við sjálfsmenntun.

Nú get ég ekki annað en komið að því, að þetta mætti kallast leiðinlegur vitnisburður fyrir mig, sem hef gert kennslu að mínu lífsstarfi. En þó að ég hafi alltaf verið hlynntur skólastofnunum, þá hef ég þó viljað, að það væri í hófi, því að ég get ekki neitað því, að mér stendur stuggur af ýmissi vöntun í þessu kerfi. Ég vil aðeins benda á það sem dæmi, — það hefur verið athugað, — að ekki einn einasti maður af þeim, sem við köllum þjóðskáld, hefur gengið í barnaskóla á Íslandi, það skiptir svo gersamlega um, svo lamandi áhrif virðist það hafa á þeirra skapandi gáfu. Við getum litið yfir raðir okkar miklu skálda. Hannes Hafstein frá Möðruvöllum, Einar Benediktsson frá Elliðavatni, Jónas Hallgrímsson úr Eyjafirði o. s. frv., Jón Sigurðsson og Guðmundur Kamban vestan af landi, Davíð Stefánsson úr Eyjafirði, Tómas Guðmundsson austan frá Sogi, og ég fullyrði, að það er barnaskólunum að kenna, að ástandið er nú svona. Ef þess vegna á að fara að breyta hér um, þá á ekki að gera það í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir, heldur eitthvað í þá átt, að það verði líkara því, sem Jón Sigurðsson og Grímur Thomsen áttu við að búa. Þetta kerfi, sem hér er lagt fram fyrir okkur, getur ef til vill átt við í iðnaðarborgum eins og Leeds og Manchester, en til okkar á það ekkert erindi.

Ég vil gera hér eina undantekningu, og hún er mjög merkileg. Það er maður, sem hefur vaxið upp í bæ. Hann er ekki skáld, heldur merkilegur vísindamaður og rithöfundur, sem skrifar ákaflega vel. Það er dr. Helgi Péturss. En hvernig er það með þennan rithöfund? Þeir, sem hafa kynnt sér, vita, að þegar hann var

kandídat, skrifaði hann eins og hver annar maður, sem hafði gengið í gegnum skóla. En hvað gerir hann? Hann tekur sig til og les okkar klassisku rithöfunda með það fyrir augum að láta þá fara í sig. Hann les Snorra og Jónas Hallgrímsson, les rit okkar mestu andans manna. Þetta er eina undantekningin. Þessi maður er ekki skáld, en hann er rithöfundur og skrifar snilldarlega, en ritsnilld hans er fengin á þennan hátt. Það er því ekki undarlegt, þó að ég og aðrir, sem hafa veitt þessu eftirtekt, taki ekki með minni hrifningu á móti þessu kerfi Sigfúsar Sigurhjartarsonar, sem hefur legið eins og farg á börnunum, þegar á nú að fara með það enn þá lengra í óheillaáttina.

En hver er þá meiningin hjá þeim flokki, sem berst fyrir þessu? Hvað vill hann? Þeir vilja setja hér upp fyrirkomulag, sem er rússneskt, og þeir segjast ætla að gera það með illu eða góðu. Og þetta kerfi er ekki hægt að setja á nema með hervaldi. Íslendingar eru að þessu leyti einhver örðugasta þjóð, af því að þeir eru svo miklir einstaklingshyggjumenn, og þetta hervald getur ekki verið íslenzkt, heldur verður það að vera útlent. Þessi flokkur stefnir nú að því eftir skipunum frá yfirboðurum sínum, að hér verði deild í heimsríki, þar sem hervaldi er beitt. Og allt, sem gert er til að minnka einstaklingskraftinn hér á landi, er mjög skynsamlegt frá þessu sjónarmiði, allt, sem deyfir, allt, sem lamar mótstöðukraftinn, og það hefur aldrei fyrr komið fram frv., sem er eins fullkomið að þessu leyti. Hitt er annað mál, að ef ekki verður með útlendu hervaldi hægt að beygja þjóðina, þá býst ég við, að þessi frv. verði álíka merkileg og pappírstogararnir 10, en þar með er ekki sagt, að þurfi að samþ. þetta frv.

Ég vil segja það, að einn nefndarmannanna, Ingimar Jónsson, hefur nú um fleiri ár verið í miklu húsnæðishraki með skóla. Ég skil það mætavel, að honum fellur það illa. Þarna hefur hann séð sér leik á borði og gert grín að mannfélaginu. Hér eru kröfur um viðtækar skólabyggingar. Þetta eru kröfur frá hinum sömu mönnum, sem hafa ekki einu sinni getað reist hús yfir þá unglinga, sem sótt hafa skóla Ingimars. Hann veit vel, hvernig þessi mál standa, og gerir nú grín að okkur á þingi. Eins og þessir menn geti reist skóla eftir þessu stóra kerfi, þegar þeir hafa ekki einu sinni reist t. d. yfir æskuna í Ingimarsskólanum.

Nú kem ég að því, sem er algerlega ótækt fyrir þjóðina. Það á að reyna að samþ. þessi frv. núna einmitt rétt fyrir kosningar. Ríkið á að taka á sig þessar stórkostlegu byrðar, sem af frv. þessum leiðir. Þessi n. hefur hraðað störfum með miklum dugnaði, ef hann er þá nokkur til. Ég man ekki eftir því, að um málið hafi birzt nokkur blaðagrein, hef ekki heyrt þingmenn tala um það sín á milli. Yfirleitt hefur það ekki verið nokkurs staðar rætt nema e. t. v. eitthvað lítillega af menntmn. og menntmrh. Síðan gekk frv. hljóðalaust í gegnum Nd., og svo á að láta okkur samþ. það núna á stundinni.

Nú vil ég biðja hv. þm. að athuga, hvað það er eiginlega, sem farið er fram á með lögfestingu þessa frv. Í fyrsta lagi er skólaskylda frá 7—13 ára. Hér er þó hægt að veita smávægilegar undanþágur, sem í rauninni er þó ekki hægt. En aðalhugsunin er sú að reyna að koma öllum nemendum bæði úr sveit og kaupstað inn í menntaskóla. Auðvitað verður þá að fjölga þeim og síðan að stækka háskólann. Kjarninn er sá, að bæta á úr þeim misrétti, sem verið hefur, svo að nemendur úr strjálbýlinu eigi hægara með að komast í háskóla. Þess vegna hafa sumir látið blekkjast til fylgis við frv. þetta. Þótt margir hafi fylgt frv. til þessa, ættu þeir að athuga sinn gang.

Næsta stigið kemur, þegar búið er að hafa börnin í barnaskólum í 7 ár. Þá kemur tveggja ára skólavist í viðbót. Menn geta auðveldlega skilið, að í svona áætlun er engin vitglóra. Við getum hugsað okkur sem dæmi eina sýslu, t. d. Árnessýslu. Þar er héraðsskóli á Laugarvatni fyrir 150 nemendur. Meginþorri þeirra er úr Árnessýslu, en þó margir víðs vegar af landinu. En eftir þessari breytingu yrði að stækka skólann svo, að hann tæki 200 nemendur og yrði þó einungis fyrir Árnessýslu. Það yrði því að stækka Laugarvatnsskólann allverulega. Það yrði því að reisa ekki fáa, heldur fjöldamarga nýja skóla í öllum þeim héruðum, þar sem engir héraðsskólar eru. Fyrst er gengið í barnaskóla og síðan í unglingaskóla. En það, sem er lærdómsríkt í þessu sambandi, er þetta, að við, sem höfum fengizt við kennslu um margra ára skeið í framhaldsskólum, höfum rekið okkur á það, að venjulega eru það langbeztu nemendurnir, sem hafa verið minnst í barnaskóla, en versna svo eftir því, sem þeir hafa verið lengur. — Í stuttu máli, ef þetta verður lögfest, legg ég niður kennslu. Ég tek það ekki í mál að taka börn, sem hafa verið þrælkuð í barnaskólum í 7 ár og síðan í unglingaskólum í 2 ár. Það er ætlazt til, að öll börn, hvar sem er á landinu, geti keppt um að komast inn í menntaskóla. Svo á að gerbreyta héraðsskólunum, það má ekki einu sinni kalla þá héraðsskóla, heldur gagnfræðaskóla. En þessir menn sjá ekki, að það er ekki hægt að þurrka héraðsskólana út. Hvað haldið þið t. d. um Laugaskóla í Þingeyjarsýslu? Sá skóli var reistur með samskotum og frjálsu vinnuframlagi; það var fólkið, sem reisti skóla eins og það vildi hafa hann. Síðan hefur breiðzt út verkleg menning frá þessum skóla, ef svo má segja. Mikið af húsmunum, er fólk hefur þar um slóðir, er komið frá þessum skóla. En aðrir eru raunar verr settir, sem fjarst eru slíkum skólum. Í þessu sambandi má minnast á dónaskapinn, þegar talað er um það í fullri alvöru að leggja niður héraðsskólana. Þeir ætla að leyfa sér að þurrka út þá skóla, sem fólkið hefur byggt upp og þúsundir manna hafa reist af frjálsum vilja. Þeir ætla að eyðileggja skólana. En það verður ekki hægt að gera það með heimsku og vesalmennsku. Héraðsskólar og húsmæðraskólar sveitanna hafa sínar sjálfstæðu stjórnir. En nú á að svipta þá stjórninni og þurrka þá út. Í raun og veru er ástandið í þjóðmálum okkar að verða óbærilegt. Peningarnir fljóta. Ég hitti t. d. nýlega mann einn, sem verið hefur kennari úti á landi. Ég spurði hann, hvað hann hefði haft í laun, áður en launalögin

nýju gengu í gildi. Hann sagði: „Áður hafði ég 2000 kr. yfir árið og stundaði svolítinn búskap, en nú hef ég 19000 kr.“ Þessi maður komst vel af, var góður kennari og kom börnum til manns. Nú standa skólarnir þannig að vígi, að þótt rúða brotni eða hurð fari af hjörum, þá er engin heimild né fé til þess að gera við. Á næsta þingi verður svo ríkið að taka að sér alla viðgerð héraðsskólanna. Allt á að breytast, því að þetta passar ekki í „kram“ kommúnistanna. Í framtíðinni á þetta að líta svona út: Í sveitum á að reisa stóra heimavistarskóla. Þar eiga börnin að vera í 7 ár. Síðan eiga börnin að vera í 2 ár í héraðsskólum, sem nú kallast gagnfræðaskólar. Engum blandast hugur um það, að þetta verður nokkuð dýrt. Það þarf að stækka Laugarvatnsskóla um ¼, bara til þess að hann geti fullnægt Árnessýslu einni. Þá geta menn séð, hvílíku Grettistaki þarf að lyfta í öðrum sýslum. Hvað halda menn um t. d. Strandasýslu o. s. frv.? En bíðum við, þegar á allt er litið, þá er þetta ekki það versta. Það er annað meira og verra, sem kemur nú til sögunnar. Það á að taka börnin frá heimilum sínum, þegar þau eru 7—15 ára. Hvernig haldið þið, að fari um sveitaheimilin þá? Eins og nú háttar í sveitum er varla um annað að ræða á heimilum þar en hjónin og börn þeirra. Svo á að taka börnin þaðan. Nú vita allir, að börnin hjálpa mikið til við alls konar störf á sveitaheimilunum. Þau hafa líka gott af því. Ég hef áður minnzt á skáldin og önnur stórmenni, sem vaxið hafa upp í íslenzku sveitunum. Það má segja, að eitt hið bezta uppeldismeðal, sem völ er á, er sveitalífið. Að vinna að framleiðslunni úti í náttúrunni er hverju barni hollt. Ég held, að ef þetta frv. verður framkvæmt, sem verður raunar ekki, þá muni sveitirnar leggjast í eyði. Það verður ekkert nema gamla fólkið eftir, og þegar það deyr, þá deyr sveitalífið líka. En nú vona ég, að hv. þm. og aðrir muni glögglega, hvað kommúnistar hafa tuggið upp í ræðum sínum. Hafa þeir ekki sagt, að það ætti að leggja sveitirnar í eyði, þar væri engin menning? Jú, þennan söng hafa allir heyrt kommúnista kyrja. Þetta er líka það, sem þeir vilja. Þeir vilja leggja sveitirnar í eyði. Þetta er líka stórkostlegasta úrræðið, sem þeir hafa fundið upp hingað til. Sveitirnar skulu eyðilagðar, segja kommúnistar. Ég talaði fyrir nokkrum dögum við einn greindan bónda í Rangárþingi. Hann á við svo hagstæð skilyrði að búa, að börnin hans ganga í svonefndan heimangönguskóla í 4 mánuði á ári. Bóndinn var ekki lengi að taka eftir því, að skólinn hafði þau áhrif á börn hans, að þau fjarlægðust framleiðslustörfin, þau fjarlægðust heimilið og búskapinn. Þó átti þetta sér stað um heimangönguskóla. Hvað halda menn þá, ef börnin hefðu gengið í heimavistarskóla?

Svo er líka enn eitt, sem er átakanlegt. Það er auðvitað, að ekki eru til nema sárafáir kennarar, sem geta gengið börnum í foreldrastað. Þess vegna er sá missir, sem börnin verða fyrir við þetta skólahald, algerlega ótalinn. En það á kannske að eiga sér stað einhver frysting, eins og títt er nú á dögum. Það verður þá víst frysting sálarinnar.

Ef við hyggjum nú að, hvað veldur, að ekki skuli koma nein skáld né andans menn úr barnaskólum bæjanna, t. d. hér í Reykjavík, þá er ástæðan sú, að börnin umgangast hvert annað svo mikið, en ekki fullorðna fólkið. Það er enginn vafi á því, að börnin læra málið mun betur af samvistum sínum við fullorðna fólkið. Nægir þar að minna á Bólu-Hjálmar og marga fleiri. Ég man t. d. eftir því, að fyrir nokkrum árum kom í fréttum útvarpsins, að drengur nokkur hefði hrapað illilega í Austur-Skaftafellssýslu. Þessi piltur var 15 eða 16 ára gamall. Síðan ritaði drengur þessi frásögn um atburð þennan. Er velmetinn læknir hér í Reykjavík hafði lesið þessa grein, varð honum að orði: „Enginn stúdent getur skrifað svona gott mál, ef hann hefur aðeins gengið í menntaskóla.“ En var nú þessi piltur mikið menntaður? Alla sína menntun hafði hann fengið heima, lesið fornsögurnar og góðar bókmenntir. Það, sem þarf að gera hér við börnin í Reykjavík, er það, að þau umgangist meira fullorðið fólk. En af því að barnaskólar í Reykjavík eru ekki hér til umræðu, vil ég ekki ræða það mál frekar. En nú á að taka börnin af heimilunum og setja þau í heimavistarskóla. Ætli málinu hraki ekki þá? Ég sem kennari um margra ára skeið get borið um það, að ég vil heldur fá nemendur úr skólaleysi en úr skólum. Ég vil heldur hafa nemendur úr strjálbýlinu, þar sem lítil skólaþrælkun er, heldur en úr kaupstöðum. Nú má enginn skilja ummæli mín svo, að ég vilji helzt enga skóla hafa. Það er hinn herfilegasti misskilningur. En ég vil leggja áherzlu á það, að skólarnir okkar eru ekki nógu góðir. Með þessu fyrirkomulagi verða heimilin gerð vanmáttug, börnunum verður spillt og þau hverfa frá framleiðslustörfunum. Þetta hefur allt sín áhrif. Nú eru gerðar kröfur um hærra kaup. Og það á að fara að gera út 30 pappírstogara og hver veit hvað. En ég er ekki viss um, að þessir bóklærðu menn verði neitt ánægðir yfir því að eiga að fást við útgerð. Þeir segja sem svo: Við erum búnir að læra. Við viljum ekkert eiga við togara né báta. — Þeir eru líka orðnir fínir menn og vilja hafa hvítt um hálsinn. Nú virðist eiga að keppa að því að láta öll börn verða stúdenta. Nú er ég ekki á móti því, að menn verði stúdentar, sbr. afskipti mín af menntaskólanum á Akureyri. En ég er ekki viss um, að allir þurfi að verða stúdentar. — Útkoman er sú: fyrst á að hafa skylduskóla og skyldunám, og svo á einn stór og mikill atburður að gerast, það á að halda landspróf. Það eiga allir að þreyta, og þeir, sem standast það, eiga að ganga inn í menntaskóla. Það verður að reisa marga skóla af ýmsu tagi í hverri sýslu. Eitt ætti öllum að vera ljóst, að þetta verður dýrt.

Þá er enn eitt leiðinlegt atriði, sem frv. gerir ráð fyrir. 9. gr. þess hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé.“ Til dæmis maður, sem er húðarletingi, þarf ekki að vera að hugsa um að vinna fyrir sér sjálfur. Hann á heimtingu á því samkv. 9. gr., að ríkið eða sveitin leggi honum til fé. Er þetta að ala fólkið upp í góðum

anda? Nú skulum við athuga þetta betur. Það er fleira, sem sýnir, hversu frv. þetta er dásamlega hugsað. Þeir hafa víst frétt, að hjá einni frændþjóð okkar, Dönum, væru krakkar prófaðir og síðan skipt á milli bóknáms- og verknámsdeilda. Hér í Rvík er háð dæmafátt próf um inntöku í menntaskólann. Foreldrar hafa oftast sett af stað öll kvalatæki til þess að koma tornæmum unglingum inn í „fína" skólann. Það á að skipta börnunum í „fína" deild og svo „óæðri" deild. Verri vitleysu er yfirleitt ekki hægt að gera, að brennimerkja suma krakkana fína, en aðra ófína. Aðrir eiga í framtíðinni að vinna sér inn brauð í sveita síns andlitis, en hinir eiga að bera hvítt hálslín. Það getur vel verið, að þetta sé allt í lagi frá sjónarmiði kommúnista, en það eru ekki menn eins og Sigurður Guðnason, sem eru að berjast fyrir þessu, heldur kommúnistarnir, sem hafa strandað á námsbraut sinni. Sumir hafa e. t. v. komizt inn í háskóla, en aldrei lokið prófi. Þannig er þetta í öllum löndum, þegar farið er að athuga lífssögu kommúnistanna, — við þekkjum þá. — Eftir því sem fleiri fælast framleiðsluna, eftir því verður meira af óánægðu fólki, og það velur sér sína foringja. Ég þarf nú ekki að tala um þá, sem lenda í „fínu" deildinni, hvort þeir líti ekki niður á þá í þeirri „óæðri." Nú sjá það allir, að ekki geta allir foreldrar komið börnum sínum í menntaskóla. Hér er allt að drepast undir því, að aðeins 25 börn komast þangað árlega, því að húsnæðið vantar. Ég held ég geri hér útúrdúr til að bera mig undan ranglátu ámæli þess efnis, að ég í 15 ár hafi hindrað börnin í Rvík frá því að mannast í menntaskóla, að aðeins komist þar að 25 börn. Það vantaði húsnæði, og ég vildi ekki taka stofnanir úti í bæ. Það er nú langt síðan ég hef setið í því sæti, sem þetta ámæli beinist að, og situr nú í því kommúnisti. Það, sem ég gerði, var vegna þess, að ekki var til húsnæði, og allir eftirmenn mínir hafa gert það sama.

Fyrir hæstv. fjmrh. vofir nú yfir að byggja yfir börnin fyrir hálft landið. En það kostar peninga. Nú vil ég meina, að enginn hörgull sé á stúdentum. Það hefur verið svo, að menn, miklir skörungar frá 1840, komu utan af landi úr hinum dreifðu byggðum og brilleruðu við inntökupróf í Kaupmannahafnarháskóla. Úr Flensborg hafa og komið menn inn í háskólann eins og Einar Arnórsson. Mundi það vera nokkuð betra fyrir Hafnfirðinga, að kennslan yrði miðuð við framhaldsnám? Höfuðgallinn á þessu frv. er, að öll fræðsla er miðuð við, að flestum sé gefið tækifæri á að verða stúdentar. Þetta á að framkvæma öðruvísi, og ætla ég að gera till. um, að settir verði upp stúdentaskólar í sveit, einn á Austurlandi, á Eiðum, og annar á Laugarvatni.

Nú kem ég að einu atriði, sem er söguleg staðreynd, en það er fjarri því, að ég ætli að kasta rýrð á háskólamenn. Ef athuguð er verzlun Íslendinga árið 1870, þá er hún aðallega í höndum útlendinga, aðeins fáir íslenzkir kaupmenn. Ef við athugum svo nú, 70 árum síðar, þá er enginn útlendur kaupmaður. Þessi þáttur, að gera verzlunina innlenda, var merkur þáttur í sjálfstæðisbaráttunni. Maður gæti hugsað, að menn með langa menntun sæktust eftir að vera kaupmenn. Svo er þó ekki. Þessi grein hefur verið leyst af mönnum með enga skólamenntun. Þetta er ekki eins og það á að vera, eitthvað er bogið við skólafræðsluna, og það, sem er bogið, er, að menn með enga skólagöngu gera þessi verk, og það er af því, að ekki hefur verið lögð áherzla á dugnaðinn. Ágætir fræðimenn hafa komið, en skólarnir hafa aðeins verið miðaðir við embættismenn. Við þurfum fyrst af öllu skólagengna athafnamenn. Af embættismönnum, sem gengið hafa í framleiðsluna, er 1 læknir og 2—3 prestar, sem hafa búskap. Embættismennirnir hafa fjarlægzt framleiðsluna. Ég álít, að þessi umhyggja fyrir að gefa aukinn aðgang að menntaskóla sé ekki rétt. Ekki mundi hafast annað upp úr því en að aðsókn yrði of mikil og engin trygging fyrir því, að þeir mundu styðja framleiðsluna, og það hefur þau áhrif, að þeir almennu skólar, héraðsskólarnir, verða sviknir inn á að vera undirbúningur undir þetta mikla kapphlaup.

Hæstv. kennslumrh. gengur ekki inn á, að frv. sé stjfrv.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta miklu meira. En þetta er sú versta og grunnfærasta leið, sem Nd. hefur haft við afgreiðslu máls. Hér fann svo sá kommúnisti, sem mest hefur staðið fyrir þessu, aðferð til að hindra, að málið fengi þinglega afgreiðslu. Fyrir nokkrum dögum var mér tilkynnt, að menntamálanefndarfundur yrði daginn eftir. Fundurinn varð mjög lauslegur. Upp úr þeim umsvifum, sem á fundinum urðu, kom svo þetta nál. á þskj. 426: „N. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi, er málið var afgr. Tveir nefndarmanna (HG og EE) áskilja sér rétt til að koma fram með brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma." — Það er sýnilegt, að þessir menn hafa ekki athugað frv.

Ég hef leyft mér að koma fram með brtt. Í frv. endar 1. gr. á orðunum „mynda samfellt skólakerfi." Í stað þeirra komi orðin: „mynda skólakerfi landsins." Við 2. gr. frv. geri ég þá brtt., að í stað orðanna „Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar" komi: „á miðskólastiginu eru unglingaskólar, gagnfræðaskólar og héraðsskólar." Við 3. gr.: Greinin orðist svo: „Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Í sveitum eru börn frá 7—10 ára aðeins prófskyld. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi." — Þá kemur 4. gr., sem er óskiljanlega illa hugsuð, alls konar flækjur og rekst hvað á annað. Ég geri þá brtt., að greinin orðist svo:

„Heimilt er að hafa framhaldsdeild fyrir unglinga við barnaskóla, eftir því sem fé er veitt í því skyni á fjárlögum og frá hlutaðeigandi sveitar- og bæjarsjóðum. Gagnfræðaskólar skulu vera í kaupstöðum, en héraðsskólar í sveitum, eftir því sem fyrir er mælt í sérstökum lögum um þá skóla. Skal fjölga gagnfræða- og héraðsskólum og stækka þá, sem nú eru til, til að geta fullnægt frjálsri aðsókn nemenda, og eftir því, sem fé er lagt fram í þessu skyni frá ríkinu, bæjarfélögum, sýslum og einstökum mönnum.

Þar sem bæjarstjórn óskar eftir, að gagnfræðaskóli starfi í 4 ársdeildum, og tekur á sig nauðsynlegan útgjaldaauka, skal kennslumálastjórnin veita þá heimild.

Kennslu skal haga á þann hátt í gagnfræða- og héraðsskólum, að námstímanum sé skipt nokkuð að jöfnu, eftir því sem við má koma, milli verknáms, íþrótta og bóknáms. Allar kennslugreinar skulu vera prófskyldar."

Mín skoðun er sú, að yfirgnæfandi bóklegt nám í gagnfræðaskólum sé hættulegt. Þess vegna legg ég áherzlu á verknám og íþróttir.

Þá er brtt. við 5. gr. Greinin orðist svo: „Menntaskólar skulu vera 4 í landinu, hver með 4 ársdeildum. Skal einn vera í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Laugarvatni og fjórði á Eiðum. Tveir hinir síðast nefndu menntaskólar hefja starfsemi sína, þegar Alþingi eða aðrir aðilar leggja fram fé til rekstrar skólanna."

Þá legg ég til, að 8. gr. falli niður.

Þá er brtt. við 9. gr. „Fyrir almannafé" komi: ríkisfé. Þá er brtt. við 10. gr. um að greinin orðist svo: „Fyrirmæli um kostnað og rekstur þeirra skóla, sem um getur í 2. gr., skulu sett með landslögum. Reglugerðir um skipulag námsins skulu settar af fræðslumálastjórninni að því er snertir barna- og unglingaskóla, af skólanefndum gagnfræða- og héraðsskóla með samþykki kennslumálaráðherra fyrir þær stofnanir og af kennurum menntaskólanna með samþykki ráðherra vegna menntaskólanna."

Í 11. gr. álít ég, að of stuttur tími sé ætlaður til framkvæmda, þar sem gert er ráð fyrir, að það sé gert á árunum 1946—1952. Ég hef því gert brtt. um, að greinin orðist svo: „Lög þessi taka gildi á árunum 1950—1960, enda hafi frumvarpið áður náð samþykki meiri hluta kjósenda við almenna þjóðaratkvæðagreiðslu í landinu."

Ég vil svo að endingu mælast til þess við hæstv. forseta, að þar sem frv. hefur ekkert verið rætt og lítið vandað til þess, þá verði því vísað aftur til nefndar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi; það eru aðeins örfá orð. Ég vil taka undir það, að málinu verði frestað og að n. athugi það betur. Það er sýnilegt á nál., að n. hefur ekki athugað málið vel. Nú eru að koma fram allvíðtækar brtt. frá minni hl. n., en mjög er erfitt að átta sig á þeim við fljótan yfirlestur. Ég tel óþarft að vísa málinu formlega aftur til n., en ef því er frestað, þá liggur í hlutarins eðli, að n. ber að taka brtt. til athugunar. Ég álít þetta merkilegt mál, og ég fellst ekki á, að það sé eins byltingakennt og kommúnistiskt og hv. seinasti ræðumaður hélt fram. Mér virðist málið ganga í sömu átt og þróunin hefur verið undanfarið. Í margar aldir var það svo, að æðri menntun og alþýðumenntun voru aðskildar. Sérstakan undirbúning þurfti til að komast inn í latínuskólann. Árið 1904 eða 1905 var það ákveðið, að samband skyldi vera milli gagnfræðaskólans norðlenzka og menntaskólans hér og lægri bekkjunum væri breytt í gagnfræðaskóla. Þessi breyting gekk í sömu átt og þetta frv., að gera mönnum kleift að koma frá alþýðumenntun inn í menntaskóla.

Hv. seinasti ræðumaður minntist einkum á einn mann hér áðan, Hannes Hafstein. Ungur hefur hann byrjað á námi, þótt hann hafi ekki gengið í barnaskóla. 12 ára kom hann í latínuskólann og 18 ára varð hann stúdent, en ég held hann sé ekki dæmi um menn, sem eru eyðilagðir á námi á unga aldri.

Þótt ég telji þetta frv. merkilegt, raskar það í engu því, sem ég sagði áðan, að athugun þessa máls í nefnd hafi verið í minna lagi. — Mér finnst mikilsvert, að áður en ég greiði atkv. fái ég að sjá tillögur hv. þm. S.-Þ. Ég vil undirstrika það, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti (ÞÞ): Þar sem allmargir þm. hafa farið fram á, að málið verði tekið af dagskrá, þá verður það gert. En tveir dm. hafa kvatt sér hljóðs, og ef þeir óska sérstaklega eftir því, að taka nú til máls, þá mun það veitt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég get ekki viðurkennt, að það eigi að vera á valdi eða komið undir vilja form. viðkomandi n., hvort málið á að fara til n. eða ekki. Ég tel, að hæstv. forseti hefði átt að bera upp till. hv. þm. S.-Þ., og vil ég vísa til 16. gr. þingskapa þessu viðvíkjandi. Mér kemur og á óvart hollusta hæstv. forseta við hv. form. menntmn. — Þá vil ég spyrja, hvort þetta mál hafi fengið löglega meðferð og hvort ekki sé ástæða til, að forseti skerist í leikinn um meðferð þess.

Varðandi efni þessa frv. vil ég segja það, að mér virðist erfitt að taka afstöðu til þess, fyrr en öll hliðstæð frv. eru fram komin. Ég er hvergi nærri samþykkur öllu, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um þetta mál, en hins vegar held ég, að ekkert væri á móti því, að n. fengi þetta til frekari athugunar.

Forseti (ÞÞ): Ég vil taka það fram út af ræðu hv. 6. þm. Reykv., að mér virðist ástæðulaust að leita úrskurðar um það, hvort málinu skuli vísað til n., þar sem þegar er ákveðið, að málið skuli ganga til nefndar.

Varðandi það atriði, að strax hefði átt að leita atkvæða um uppástungu hv. þm. S.-Þ., þá vildi nú svo til, sem stundum vill verða, að d. var ekki ályktunarfær.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Ég vil taka það fram, að það er á misskilningi byggt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um störf n. í þessu máli, en það var vonlegt, að hann tryði hv. þm. S.-Þ. Málið hefur verið ýtarlega athugað bæði í menntmn. efri og neðri deildar og nefndir beggja deildanna sátu á mörgum fundum sameiginlega. (*JJ:* Voru allir mættir?) Nei, ég skal upplýsa það, að hv. þm. S.-Þ. mætti aldrei á þessum fundum, en það skal tekið fram, að fundur sá, sem menntmn. Ed. hélt, var löglega haldinn og löglega boðaður. Þrír nm. voru mættir og höfðu samband við fjórða nefndarmanninn, hv. 3. landsk. þm. Ég sé ekki ástæðu til þess, að málið fari aftur til n. vegna ónógrar athugunar, en hins vegar eru hér fram komnar brtt., sem vera má, að rétt sé, að n. athugi, þótt mér virðist þær svo viðs fjarri efni og tilgangi

frv., að ég býst ekki við, að margir hv. þm. vilji virða þær athugunar.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins bera af mér sakir, þar sem gert hefur verið lítið úr mínu starfi í hv. n. í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að mikið hefur verið að þessu máli unnið. Við sátum á mörgum og löngum fundum bæði með menntmn. Nd. og mönnum úr mþn., og sá fundur, sem menntmn. þessarar d. hélt, var löglega boðaður á löglegum tíma. Það má vera, að hv. þm. S.-Þ. hafi falið sig svo vel, að hann hafi ekki fundizt. (*BBen:* Er það venja hans?) Ég hafði litið svo á, að ástæðulaust væri að vísa málinu aftur til n., en ef þingvilji er fyrir því, þá get ég fallizt á að hraða þessu ekki svo mjög. Annars sýnist mér, að þessar till. minni hl. þurfi einkum athugunar við frá minni hl. sjálfum.

Bernharð Stefánsson: Ég rengi ekki það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að flestir nm. hefðu athugað málið. En nefndir eru ekki einungis skipaðar til þess að kynna sér málin sjálfar, heldur einnig til þess að skýra málsatriði fyrir samþm. sínum, eftir að athuganir hafa farið fram. En í þessu nál. er sáralítil tilraun gerð til þess að skýra málið, það eru alls um 3 línur, og auk þess er nú fram komið, að það er einungis frá meiri hl. n., en viðtækar brtt. koma nú fram frá hv. minni hl. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þessara brtt. að svo stöddu og sýnist sjálfsagt, að málið fari til n. aftur. Hitt skiptir svo ekki máli, hvort það er samþ. með atkvgr. hér í d., úr því að hv. n. hefur fallizt á að athuga brtt. og taka afstöðu til þeirra.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég held, að hv. form. n. hafi ekki áttað sig á, að Alþingi er í tveim deildum og við þá skipan er öll meðferð mála miðuð. Þess vegna er það, að þegar ein n. annarrar þd. tekur upp á því að setja á fundum með n. úr hinni þd., þá er það fullkomið aukaatriði viðvíkjandi afgreiðslu mála. Annars vildi ég skjóta því til hv. 1. þm. Reykv., sem sótti þessa fundi, að ég held, að betra hefði verið fyrir hann að vera þar ekki, því að þótt ég meti áhuga hans fyrir þessu máli, þá tel ég ekki rétt, að hann stofni sér í lífshættu vegna þess, en eftir því sem frétzt hefur, gætu þessar fundarsetur hv. þm. orsakað, að við misstum hans við hér í deildinni.

Magnús Jónsson: Ég vildi einungis bera fram þakkarávarp til hv. þm. S.-Þ. fyrir umhyggju hans í minn garð. En til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég upplýsa það, að mig hefur ekki hent neitt slys, sem stendur í sambandi við þetta mál eða er viðkomandi störfum mínum í menntmn.

Viðvíkjandi samvinnu menntmn. beggja d. er það að segja, að þar er ekki um neitt nýtt uppátæki að ræða. Slík samvinna er fullkomlega samkv. þingsköpum. (*JJ:* Þetta eru nokkurs konar böll). Ég hef nú ekki séð minnzt á böll í þingsköpum. En þetta er algengt, að slík samvinna eigi sér stað. Þá vil ég segja það við hv. 1. þm. Eyf. viðvíkjandi því, sem hann var að fetta fingur út í nál., að frsm. n. hefur flutt hér ýtarlega framsöguræðu og skýrt málið. En þar sem n. þessarar d. stóð að þeim efnisbreyt., sem frv. tók í Nd., sem raunar voru litlar, er eðlilegt, að álit hennar sé stutt. Nál. er frá óskiptri n., og það haggar því ekki, þótt einn hv. nefndarmaður taki sig til síðar og gefi út nál. Það er bókað, hverjir voru viðstaddir, þegar málið var afgr., og það var ekki afgr. frá klofinni n. (*JJ:* Það gerir sama gagn, þótt nál. komi síðar). Það má vera, að það geri sama gagn, en það er óviðkunnanlegt, að brtt. skuli þá ekki fylgja nál., en koma fram fyrst nú, og vitanlega nær það engri átt, að hvaða þm. sem er geti hvenær sem er komið með brtt. og krafizt þess, að máli sé vísað til n. vegna þeirra.

Bernharð Stefánsson: Ég kannast að vísu við ákvæði þingskapa um samvinnu nefnda. En ég get ekki rennt því niður, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að málið væri afgr. frá óskiptri n. Hér eru fram komin tvö nál. og auk þess áskilur einn nm. sér rétt til að fylgja brtt., m. ö. o., málið er afgr. af minni hl. n. (*MJ:* Nál. er frá óskiptri n.). Að formi til en ekki efni. Einn nefndarmanna var fjarverandi, er málið var afgr., og annar óánægður með niðurstöðu nefndarinnar.

Mér þykir einsætt, að hv. n. verði við þeirri ósk að athuga málið ásamt fram komnum brtt. nánar, og tel, að til þess eigi ekki að þurfa atkvgr.

Umr. frestað.

Á 70. og 71. fundi í Ed., 22. og 25. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 289, n. 426 og 437, 442, 470).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 470. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Eins og áður hefur verið talað um, þá hefur þetta mál ekki enn fengið neina athugun í menntmn. hv. Ed., því að form. n. hefur verið veikur, en þar sem hæstv. forseti virðist ekki sætta sig við þá till., sem hér kom fram um það að bíða með umr. um málið, þar til séð yrði um hin frv. í sambandi við þetta mál, vil ég því gera stuttlega grein fyrir brtt. mínum. (*BBen:* Er það virkilega meining hæstv. forseta að taka málið nú fyrir?) Ég vil þá spyrja hæstv. forseta, hvort hann ætli sér að knýja fram umr. nú eða láta málið bíða, þar til menntmn. fær tækifæri til þess að athuga það.

Forseti (StgrA): Ég skal svara því til um þetta atriði, að eins og lýst hefur verið yfir, hefur form. hv. menntmn. verið veikur síðan umr. var frestað um mál þetta, en mér hefur skilizt það á viðtölum við nm., að það væri ekki ætlunin, að n. tæki þetta til sérstakrar athugunar, og taldi því rétt að halda áfram þessari umr.

Bjarni Benediktsson: Síðast þegar þetta mál

var hér á dagskrá, kom fram till. um að fresta því og vísa til n. Hv. þm. Dal. (ÞÞ) gegndi þá forsetastörfum, og bar hann ekki upp till. um að vísa því til n., vegna þess að samkomulag lá fyrir um að fresta því að málið yrði tekið fyrir, þar til n. hefði haft tækifæri til að athuga það í sambandi við beiðni, sem kom fram frá hv. þm. S.-Þ. (JJ), hv. 1. þm. Eyf. og mér. Lýsti forseti yfir, að málinu yrði frestað, þar til n. hefði athugað það.

Magnús Jónsson: Ég man vel eftir, að það var gengið út frá þessu, og það er að vísu oft gengið út frá því, að ekki þurfi að vísa máli til n., því að n. hafi það jafnan til meðferðar meðan það liggur fyrir d. Það er hins vegar engin ástæða til þess að halda nefndarfundi um þetta, þótt hv. þm. S.-Þ. vilji vísa því aftur til n. og tefja það hér með málþófi. Vonast ég til þess, að hinir nm. geri ekkert til þess að tefja málið, en kunnugt er, að framkoma hv. þm. S.-Þ. er aðeins til þess, því að enginn þarf að halda, að hann verði með þessu frv., fyrr en búið er að gerbreyta því. Ég fyrir mitt leyti mun engin afskipti hafa af því, hvort málinu verður aftur vísað til n., en veit, að allar till. hv. þm. S.-Þ. ganga í þá átt að sundra því skólakerfi, sem hér er um að ræða, og kunnugt er, að hann gleðst yfir hverjum þeim skóla, sem stendur utan við það. Mér finnst því fyrir mitt leyti, án þess að ég leggi á það sérstaka áherzlu, ástæðulaust annað en halda áfram þessari umr. og að menntmn. eigi ekki að tefja málið með því að taka það fyrir að nýju.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Reykv. hafi gleymt því, að ákveðin bending kom frá einum flokksbróður hans um það að láta þetta mál bíða eftir öðrum frv. og athuga það í n. Þá vil ég og benda á það, að í þeim till., sem hér liggja fyrir, og aths. úr ræðum hafa komið fram ýmis nýmæli, sem n. hefur ekki enn sinnt, vegna þess að n. hefur ekkert getað gert í málinu, en það eina, sem farið er fram á, er, að sæmileg vinnubrögð verði höfð um þetta stórmál. Skal ég fyrir mitt leyti strax mæta á fundi í n., til þess að tefja málið ekki, ef hv. 1. þm. Reykv. vill stjórna fundi í forföllum form. nefndarinnar.

Bjarni Benediktsson: Ég verð að segja það, að ég skil ekki ásakanir hv. 1. þm. Reykv. um það, að hér standi til að tefja málið. Málið hefur alltaf verið tekið af dagskrá síðan um miðja síðastliðna viku, til þess að n. athugaði það áður en það væri tekið til umr. Þetta vita allir hv. þm., en nú virðist eiga að taka það til umr. í d., án þess að n. athugi það. Og ég verð að segja, að það kemur úr hörðustu átt, ef verið er að ásaka nm. um, að þeir séu að tefja málið, því að kunnugt er, að umr. hér í hv. d. hefur verið frestað, af því að n. hefur ekki haft tækifæri til þess að halda fundi um málið. — Ég verð að taka undir það með hv. þm. S.-Þ., að mér finnst málið fá mjög einkennilega meðferð. Það er engin grein gerð fyrir þessu máli í nál. og heldur ekki í ræðu frsm. Ég hef beint þeirri spurningu til þeirra manna, sem hafa kynnt sér þetta mál, hvaða þýðingu það hefði, ef frv. verður samþ., og það eru m. a. bollaleggingar um það, hvaða gildistökutíma eigi að setja í frv. Það hefur hins vegar enginn getað sagt mér enn, hvaða lagalega þýðingu það hefði, hvort þetta frv. yrði samþ. eða ekki, vegna þess að þetta frv. virðist vera eins konar efnisyfirlit eða beinagrind, sem önnur frv. eiga að fylla út í. Ég hef því enn ekki getað séð, hvaða þýðingu samþykkt frv. hefur, og engin svör fengið við spurningum mínum, og þess vegna er eðlilegt, að maður spyrji, hvað vaki fyrir hv. n. með samþykkt þess.

Magnús Jónsson: Þeir hv. þm., sem hér hafa nú talað, eiga hálferfitt með að færa ástæðu fyrir því, sem þeir eru að fara fram á. Málið liggur hér fyrir — og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði — er búið að liggja lengi fyrir. N. hefur skilað áliti, og þá geta hv. þm. starfað að málinu, haldið ræður og borið fram brtt. eins og þeir vilja, en að n. þurfi aftur að halda fundi um málið, er algerlega ástæðulaust. Annars mætti fara þannig með hvert einasta mál, að heimtað yrði, að n. héldi áfram að starfa að því, ef brtt. er borin fram við það. Ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. sér, að þannig vinnubrögð á Alþ. yrðu til þess, að hægt yrði alveg að stöðva mál. Hins vegar vil ég þakka fyrir það traust, sem n. hefur verið sýnt, að svo virðist, sem hv. þm. S.-Þ. geti ekki tekið afstöðu til sinna eigin brtt. og áliti, að ekki sé hægt að taka málið fyrir fyrr en n. hefur fjallað um það, og ef ég má ráðleggja hv. þm., þá vil ég ráðleggja honum að vera á móti brtt. sínum, því að þær eru til þess að eyðileggja málið algerlega.

Hitt er svo annað mál, sem hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að hann hefði ekki getað fengið svar við því, hvaða þýðingu samþykkt þessa frv. hefði. Ef frv. verður samþ., verða skólarnir að falla undir þetta kerfi, þar á meðal skólar hv. þm. S.-Þ., héraðsskólarnir. Frv. er í hæsta máta raunverulegt. Annars var þetta nú um málið, þó að við eigum hér að vera að ræða um þingsköp. Hér er m. a. haft á móti, að n. eigi að segja hv. þm. fyrir um málin, en ég er ekki í nokkrum vafa um, að hv. 6. þm. Reykv. veit alveg, um hvað málið er. Þetta er, eins og ég hef kallað það, skipulagsuppdráttur. Ég álít, að nauðsynlegt sé að afgreiða það nú, um leið og frv. um gagnfræðanámið og frv. um barnafræðsluna. En ef einhverjum hv. þm. finnst frv. þýðingarlaust, þá geta þeir þó gert það fyrir hina, sem telja það einhvers virði, að samþ. það. Ef aðrar till. koma svo fram, þá er auðvitað ekki nema sjálfsagt, að n. athugi þær.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Mig undrar það, að hv. 1. þm. Reykv. skuli bera á móti því, að hlutverk n. sé það að kynna sér málin umfram það, sem aðrir þm. hafa tækifæri til, og svara fyrirspurnum varðandi málin. Í þessu máli hefur hv. menntmn. ekki tekizt að svara fyrirspurnum í sambandi við frv. Það liggur og fyrir í þessu máli, að aðeins 4 nm. hafa tekið þátt í nál. og þar af hafa 2 áskilið sér rétt til þess að

koma fram með brtt., og svo hefur þriðji nm. komið hér fram með víðtækar brtt. Seinast þegar málið var til umr., var til þess mælzt á hógværan hátt, að n. athugaði málið betur og léti í ljós álit sitt á hinum víðtæku brtt. hv. þm. S.-Þ. Síðan líður vika, og er þá málið tekið fyrir á nýjan leik, en þá upplýsist það, að n. hefur engan fund haldið. Form. og frsm. n. er hér ekki, en liggur veikur heima í rúmi sínu, og sá nm., sem hér talar, segist ekkert geta upplýst. Ég hef spurt að því, hvaða þýðingu það hafi að samþ. þetta frv., ef hin frv. verða ekki samþ. um leið. Þessi l. mundu ekki á neinn hátt fella úr gildi þau sérlög, sem fyrir eru. Þetta hefur sá hv. nm., sem hér er, ekki gert sér skiljanlegt.

Ég hef bent á það, að rétt sé að geyma þetta frv., þar til barnafræðslu- og gagnfræðanámsfrv. hafa verið samþ., því að annars hefur það enga þýðingu. N. vill ekki tala sig saman um málið, og er það stirfni, sem ekki greiðir fyrir framgangi þess, en ég álít, að það eigi að fá þinglega afgreiðslu.

Ég geri ráð fyrir, að ég sé samþykkur meginatriðum þessara frv., en við höfum löngun til þess að vita nákvæmlega, um hvað þau fjalla og hvað þau fela í sér.

Forseti (StgrA): Ég sé ekki ástæðu til þess að halda þessari umr. lengur áfram, þar eð samkomulag virðist ekki um meðferð málsins. (*JJ:* Ég vildi, að hv. n. fengi málið aftur til athugunar). N. hefur haft málið til meðferðar, og hún er ekki knúin til þess áfram, ef hún vill ekki hafa meira um það að segja.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 4. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég mun hafa verið á mælendaskrá síðast, en ég sé ekki ástæðu til að halda ræðu hér nú. Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort hann telji ekki heppilegra, að þetta frv. bíði eftir hinum frv. með afgreiðslu.

Forseti (StgrA): Ég sé ekki ástæðu til annars en að afgreiða þetta mál við þessa umr., því að það verður ekki afgreitt nú út úr þinginu. En ef hv. menntmn. telur hagkvæmara, að afgreiðsla þess bíði, þá vildi ég, að það kæmi í ljós.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Síðan málið var tekið fyrir, þá hefur aldrei verið haldinn fundur í menntmn. Form. er veikur, svo að ekki er að tala um neina vinnu þar.

Haraldur Guðmundsson: Ég er sammála meiri hl. n. um það, að frv. skuli ná fram að ganga, en áskil mér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Ég ætla, að ég hafi nú gert grein fyrir, hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, með brtt. þeirri, sem ég hef lagt fram á þskj. 470. Brtt. er um það, að gildistaka l. skuli vera 1. jan. 1947 og komi svo til framkvæmda á næstu sex árum, eins og þar er orðað.

Ég skal taka það fram strax, að yfirleitt virðist mér þau frv., sem eru um breyt. á fræðsluskyldunni, til stórbóta frá því, sem nú er. Ég hef þó kannske ekki getað kynnt mér þau nógu ýtarlega. En þetta virðist mér augljóst. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er tvennu slegið föstu. Með samþykkt þess er í fyrsta lagi ákveðið, hversu langur skólaskyldualdur skuli vera, og í öðru lagi skuli skólakerfið allt vera ein samfelld heild. Ég hygg, að hvað sem menn segja um þetta mál í einstökum atriðum, þá orki það ekki tvímælis, að samþ. þessa frv. sé til stórra bóta. Lenging skólaskyldualdursins er eitt ár samkv. frv., en í framkvæmd verður það þannig, ef frv. verður samþ., að skólaskyldualdurinn styttist um eitt ár, en hins vegar er upp tekinn skyldutími frá 13—15 ára og undir vissum skilyrðum er svo leyft að framlengja hann upp í 16 ár. Ég hygg, að þarna sé rétt að greina milli barna og unglinga um 13 ára aldur.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að skólarnir myndi eitt samfellt kerfi, og er það til bóta frá því, sem nú er. Öllum er kunnugt um þá erfiðleika, sem unglingar eiga við að stríða bæði í Reykjavík og hvaðanæva af landinu, sem þurfa að komast í sérskóla. Sumir skólarnir hafa undirbúningsdeildir, og þeir nemendur, sem í deildirnar komast, standa betur að vígi um upptöku í aðalskólann. En hinir, sem koma úr öðrum skólum, verða að kaupa sér sérkennslu og standa þó kannske ekki eins vel að vígi við inntökupróf í aðalskólann og þeir, sem eru í undirbúningsdeildunum. Hins vegar er hér gert ráð fyrir, að prófin veiti öllum rétt til að ganga upp í skóla, sem er næsta þrepi ofar. Þetta tvennt er tvímælalaust til bóta, og í raun og veru er þetta aðalefni frv.

Hins vegar get ég ekki neitað því, að mér finnst nokkuð skorta á, að undirbúningur málsins í heild hafi verið eins góður og æskilegt hefði verið, og á ég þá ekki sérstaklega við þetta eina frv. Mér er ljóst, að þessar breyt. hljóta að leiða til mjög verulegra hækkana á kostnaði í sambandi við fræðslumálin í heild, en mér er ekki ljóst, hversu mikill sá kostnaður muni vera. Sjálfsagt fjölgar föstum kennurum, ég ætla, eftir upplýsingum frá fræðslumálastjóra, um 120. En þess ber þó að gæta, að á seinni árum hefur fjölgað svo í ýmsum skólum, sem ekki hafa skyldutíma, að kennarafjöldinn hefur aukizt á seinni árum, svo að það verkar til lækkunar á þessa tölu. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um, hversu mikil aðkallandi þörf er fyrir nýjar skólabyggingar og undirbúning í sambandi við þær, sem leiðir af samþ. og framkvæmd þessara frv. Ég þykist vita, að hér sé um mjög mikla upphæð að ræða. Ég hefði talið æskilegt, að nokkur áætlun lægi fyrir um þetta, þannig að unnt væri að greina, hversu langan tíma þarf til að fullnægja þessari þörf. Ég sé, að fyrir þeim, sem frv. samdi, vakir, að l. taki gildi smátt og smátt, eins og í frv. greinir. En ég álít, að það sé stórum heppilegra, að áður en framkvæmdir séu hafnar, liggi fyrir um þetta áætlun, er sýni, hversu mikil aukningin þurfi að vera á skóla-

húsum og tækjum og á hversu löngum tíma tiltækilegt teldist að leysa úr þessu. Tilgangurinn með brtt. á þskj. 470 er sá, að gildistaka 1. miðist við það, að þegar liggi fyrir áætlun um, hversu kostnaðarfrekt þetta verði og hversu langan tíma megi telja þurfa að leysa úr því, sem fyrir hendi er, hversu mikið þurfi þá að taka á hverju ári, ef þessu marki á að ná. Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt., eftir að ég hef nú gert grein fyrir því, hvers vegna hún er flutt.

Gísli Jónsson: Það verður ekki um það deilt, að hér er á ferðinni mjög mikilsvert mál. Þeim mun meira er það furðulegt, að þessi málsmeðferð skuli vera viðhöfð. Í nál. er það sjáanlegt, að ekkert samkomulag hefur verið innan n., sem afgreiddi málið. Einn nm. var ekki á fundi og 2 áskildu sér rétt til að koma fram með brtt. Og hér er komin brtt. frá öðrum. Málið er því afgr. með atkv. minni hl. n. út úr n. Þess hefur verið óskað, að málið yrði aftur tekið til meðferðar í n. vegna þessarar meðferðar, en það virðist form. n. ekki geta fellt sig við. Ég álít, að ekki sé hægt að verja málið yfirleitt, og vildi vona, að hv. form. n. lýsi því yfir, að hann óski eftir, að umr. sé frestað og málið tekið til rækilegrar meðferðar í hv. nefnd. Ég vil leyfa mér að benda á, að ég mun bera fram 2 brtt. við 3. umr., ef ekki fæst fram, að þessi háttur verði viðhafður um meðferð málsins og reynt verði að koma á samkomulagi um málið í n. í samræmi við þær aths., sem fram hafa komið hér í hv. deild. Brtt. er við 8. gr. um, að fræðsluskyldan sé frá 7—14 ára í stað 15. Ég minntist á það fyrir nokkru við umr., sem fóru hér fram, að ég teldi það ná fullum tilgangi sínum, þótt skyldan væri ekki nema til 14 ára aldurs, ef ríkið væri skyldað til að sjá þeim nemendum, sem vilja læra, fyrir skilyrðum til þess. Ég sé ekki, hvað unnið er með því að ætla sér að þvinga alla unglinga til að nema til 15 ára aldurs, þegar vitað er, að aðsóknin til skólanna er svo mikil, að ríkið getur ekki fullnægt þeirri eftirspurn. Ég teldi réttara, að ríkið byggði fyrst yfir þá, sem vilja læra, áður en þvinga skal alla til að læra. — Vona ég, að hv. form. n. taki þetta til athugunar. Hins vegar mun ég setja fram viðbótarbrtt. við brtt. á þskj. 470 þannig: Enda sé fé veitt á fjárl. Því að það er þýðingarlaust að ákveða, að þetta komi til framkvæmda, eins og nú er, ef ríkið getur ekki séð fyrir þeirri hlið skólahaldsins, sem að byggingum snýr.

Hef ég þá skýrt afstöðu mína til málsins.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég heyri, að hv. n. hefur ekki svarað þessu, hvort hún vill fallast á að fresta málinu einu sinni enn. Málinu hefur verið margsinnis frestað, þannig að mér virðist ekki ástæða til annars en málið geti gengið til 3. umr. Ef hv. þm. Barð. er með brtt., þá má taka þær til meðferðar við 3. umr. Eða er hv. þm. ekki sammála? (*GJ:* Jú). Það er kannske ekki ástæða til að ræða þær brtt., sem hv. þm. var að skýra frá, að hann ætlaði að bera fram, þar sem þær koma seinna.

Varðandi skólaskylduna í sveitum er það að segja, að skólaskyldan eins og frv. er nú er ekki lengri en til 14 ára aldurs, nema ef viðkomandi fræðsluráð ákveður það sjálft í samráði við fræðslumálastjórn. Ég hefði heldur óskað, að þetta ákvæði væri ekki í frv., en ég hef sætt mig við það. Hins vegar er það eitt aðalatriði þessa frv. að lengja skólaskyldualdurinn til 15 ára aldurs, og stendur það í sambandi við aðalkerfið, þar sem skólaskyldualdur barna nær ekki nema til 13 ára, en þá tekur við gagnfræðastig og er 2 ár sem skylda. Það hafa verið færð ýtarleg rök hér á Alþ. og í grg. frá n. fyrir nauðsyn þessarar skólaskyldu. Það er ekki ástæða til að ræða nánar um það. En hvað snertir fjárhaginn, þá er því til að svara, að hér er aðeins um að ræða skyldu fyrir einn árgang til viðbótar, þar sem annar árgangurinn færist úr barnaskólastigi í gagnfræðastig. Og hvað snertir þá mótbáru, að ekki þýði að auka skólaskyldualdurinn meir en skilyrði leyfa, meir en skammtað er af ríkinu til að reisa skólahús, þá er það svo, að þegar skólaskyldan var fyrst lögleidd hér á Alþ., þá var fjarri því, að til væru nægir skólar til að fullnægja þeim lagaákvæðum. En þegar búið er að samþ. þetta, þá ber ríkinu skylda til að láta reisa þessa skóla eins fljótt og auðið er. L. kveða aðeins á um það, að hér sé um skyldu að ræða af hálfu ríkisins vegna nauðsynjar þjóðfélagsins. Ég held það sé misskilningur, að það skipti miklu máli, hvenær l. ganga í gildi, út frá því sjónarmiði, að áður þurfi að fá gerða grein fyrir því, hvaða skóla þurfi að byggja. Það hefur verið gerð nokkur áætlun af n. um, hvaða skólar væru nauðsynlegir á næstu árum. Og út af fyrir sig skiptir það í raun og veru engu máli, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki, því að nauðsynin fyrir byggingu skóla er eins rík og áður. Þessi áætlun er í grg. frá hv. n. í frv. um gagnfræðanám. Þar er gert ráð fyrir 21 gagnfræðahéraði, 9 í kaupstöðum og 12 í sýslum. Nú er það svo, að 4 kaupstaðir þurfa ekki aukið húsrúm í bráð, en hina 5 vantar hús, og það vantar, hvort sem þetta frv. nær samþykki eða ekki. Hvað héraðsskólana snertir, þá koma þeir til með að falla inn í kerfið, 6 eru fyrir og 2 eru ákveðnir með l., svo að við þurfa að bætast 4 skólar, sem reisa þarf í sýslunum. Sú áætlun, sem n. hefur gert um nemendafjölda, er þannig, að það vantar skólahús fyrir 3000 nemendur. Það svarar til um 100 skólastofna, sem þýðir, að það þurfi að verja til þessa um 15 millj. kr. og kæmi þá í hlut ríkissjóðs 9 millj. kr. Aðra áætlun er í augnablikinu ekki hægt að gera. Og það skiptir ekki miklu máli, hvenær l. taka gildi, því að hér er um þörf að ræða, sem er jafnbrýn, hvort sem l. taka gildi eða ekki. Hins vegar liggur fyrir áætlun um það, hvað þetta muni kosta ríkissjóð í auknum rekstrarkostnaði, en það hefur verið skýrt í framsöguræðu.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. Ég var að bíða eftir því, að fleiri tækju til máls. Viðvíkjandi þeim aths., sem komu frá hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Barð., sem óska eftir því, að málinu verði vísað aftur til n., áður en það verður afgr. við 2. umr., þá tel ég óþarft,

með tilliti til brtt., sem þegar hafa komið fram við frv.

Ég held hv. þm. Barð. hafi ekki verið viðstaddur, þegar 2. umr. fór fram hér fyrst, ég tel það ósennilegt að minnsta kosti, eftir því, sem hann talaði nú. Hv. þm. sagði, að málið hefði verið ólöglega afgr. frá n., og vitnaði í nál. En hér fór fram umr., sem sýndi það, að málið var afgr. löglega frá n. Fjórir nm. skrifuðu undir, en tveir tóku sér rétt til að koma fram með brtt., og er það ekkert óvenjulegt. Það hefur aðeins komið fram brtt. frá öðrum, hv. 3. landsk., og er hún aðeins um gildistöku l. og ekkert annað. Ég hef að vísu ekki getað haldið fund í n. vegna veikinda síðan umr. fór fram, en eftir viðtali við nm., þá sjá þeir ekki ástæðu til að halda nýjan fund til að athuga till. hv. þm. S.-Þ. Þær hafa lengi legið fyrir n. og eru þess eðlis, að þær raska ekki aðeins öllum grundvelli þessa frv., heldur og grundvelli sjálfra fræðslul., sem nú eru í gildi. Og þessar till. eru ekkert annað en skemmdarstarfsemi við þessi frv., sem hér eru á ferðinni. Þær eru ekki hugsaðar til þess að koma á einhverjum skynsamlegum breyt. við frv., heldur til þess að gera það sem vitlausast útlits. Þessar brtt. eru ekki fluttar af neinni alvöru. Það er auðséð. Það er því alveg óþarft að halda nýjan fund í n. þess vegna. Hins vegar skal ég taka það fram við hv. þm. Barð., að n. hefur athugað frv. rækilega og haldið 7 fundi um málið, þar sem öllum nm. gafst kostur á að vera viðstaddir, og auk þess með mþn., fræðslumálastjóra o. fl. Það er því ástæðulaust að fara að fresta umr. vegna þess, að n. þurfi að athuga frv. frekar. Ég get tekið undir með hæstv. menntmrh., að ég tel, að þótt hv. þm. Barð. ætli að koma fram með brtt., þá geti n. tekið þær til athugunar milli umr. Þar sem málið hefur dregizt svo lengi, tel ég æskilegast, að umr. haldi áfram án frekari tafar.

Það er nú orðið alllangt liðið frá því er umr. var frestað og hv. þm. S.-Þ. hélt sína löngu ræðu. Kenndi hjá honum margra grasa, og riðu rangfærslurnar hver ofan á annarri. Allt þetta virðist benda til þess, að hv. þm. hafi ekki einu sinni lesið frv. Hann hóf ræðu sína með löngum inngangi og þankabrotum um störf mþn. og skipun hennar. Hann taldi, að skipun hennar hefði verið í anda kommúnista og að fyrrv. menntmrh., Einar Arnórsson, hefði verið fulltrúi kommúnista. Og margt fleira, hvað öðru líkt, sagði þessi hv. þm., sem mönnum gengur yfirleitt erfitt að skilja. Það er staðreynd, að mþn. var skipuð sérfróðum mönnum í skólamálum, mönnum af öllum flokkum. Mér er ekki kunnugt um, að sósíalistar hafi átt þar nema einn fulltrúa. Hann hefur þá orðið að vera sæmilega duglegur, ef nefndarstarfið allt á að bera keim af anda kommúnista. Það sést líka, ef frv. er skoðað niður í kjölinn, að það felur ekki í sér neina stórvægilega byltingu í fræðslumálum þjóðarinnar. Ég gat þess í framsöguræðu, að í raun og veru væri frv. aðeins staðfesting á þeirri þróun, sem hér hefur átt sér stað í skólamálum landsins. Frv. felur í sér tvö meginatriði: 1) Skólaskyldualdur er lengdur um eitt ár. 2) Skólakerfi landsins verður samræmt. Verður það til mikilla hagsbóta fyrir nemendur. Próf við lægri skóla nú veita ekki nein réttindi til inngöngu í æðri skóla. En hugmyndin er einmitt sú, að prófin við lægri skóla veiti rétt til náms í framhaldsskólum. — Ein af firrum hv. þm. S.-Þ. var sú, að störf mþn. hefðu farið fram í laumi, og hann taldi, að allsherjarþögn hefði ríkt um till. n. Þær hefðu hvergi verið ræddar, ekki í blöðum, stjórnmálafélögum né af öðrum aðilum, — aðeins af þessari n. Þetta er fjarstæða. N. hóf starf með því að leita álits skólanefnda og kennara alls staðar á landinu. Málið hefur verið rætt í félögum, á kennaraþingum og þingum fjórðungssambandanna. Skólastjórar héraðsskólanna hafa haldið fundi og rætt till. Einnig hefur málið verið rætt í stjórnmálafélögum, og m. a. í Félagi ungra framsóknarmanna, og hélt ég, að hv. þm. ætti ekki að vera það ókunnugt. Einnig hafa félög sjálfstæðismanna tekið málið á dagskrá. Hér hef ég meðferðis úrklippur úr blöðum, þar sem samþykktir um málið hafa birzt. Ekki hirði ég um að lesa þær allar upp, t. d. yfirlýsingu frá Kennarasambandi Austurlands. En hér eru ályktanir frá þingi S.U.F. Ein ályktun þessa þings er varðandi frv. þetta og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „3. þing S.U.F. telur brýna nauðsyn bera til þess, að ríkið styrki sem bezt heimavistar- eða heimangöngubarnaskóla í sveitum, þar sem það telur, að farskólafyrirkomulagið sé úrelt og ekki lengur viðunandi, og leggur áherzlu á, að slíkar stofnanir verði um leið menningarleg félagsheimili sveitanna." — Hér kveður við allt annan tón en hjá hv. þm. S.-Þ. — Á landsfundi sjálfstæðismanna s. l. sumar voru skólamálin einnig tekin til umræðu. Þar var samþ. svo hljóðandi ályktun (með leyfi hæstv. forseta): „Flokkurinn vill vinna að því, að allir æskumenn fái notið framhaldsnáms að loknu barnaskólanámi, og leggur til, að skólakerfi landsins sé samræmt sem bezt í þessum tilgangi. .... Flokkurinn telur nauðsynlegt að tryggja það sem bezt, að barnakennslan verði framvegis fullkomnari og meir í samræmi við þarfir fólksins í hinu almenna starfslífi en verið hefur."

Allt er þetta í samræmi við frv. þessi. Það er því síður en svo, að mál þetta hafi ekki verið rætt, jafnvel í stjórnmálafélögum.

Þá er enn eitt atriði, sem hv. þm. S.-Þ. vildi gera mikið úr. Það voru hin auknu útgjöld, er yrðu af framfærslukostnaði og styrk til fátækra barna til að njóta kennslu. Hv. þm. rangfærði mjög 9. gr. frv., en hún er svo hljóðandi: „Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé." Eins og allir sjá, nær þetta ekki nema til skyldunáms barna og þá ekki nema til ákveðins aldurs þeirra. Þetta er engin breyting frá þeim fræðslulögum, sem nú gilda, nema hvað viðkemur skólaskyldulengingunni. Í skýringum n. við þetta ákvæði segir í grg.: „Ákvæði um styrk af almannafé til náms barna og unglinga á fræðsluskyldualdri, er forráðamenn geta ekki kostað þau, er í raun og veru sjálfsagt, því að hér á ekki eingöngu að vera um skyldu að ræða, heldur einnig réttindi.

Í núgildandi lögum um fræðslu barna er þetta

ákvæði í 9. gr.: „Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti eftir ákvörðun hreppsnefndar (fátækrastjórnar) greiðast úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) sem gjöld til skólahalds.“ Þetta ákvæði þarf að rýmka þannig, að skylt sé sveitarstjórn að veita þennan styrk samkv. till. barnaverndarnefndar eða skólanefndar (sbr. lög um barnavernd, nr. 43 23. júní 1932, og breyt. á þeim lögum, nr. 76 1933), og ekki aðeins þá, er börn eiga í hlut, heldur einnig unglingar á fræðsluskyldualdri, og skuli m. a. mega verja honum til að standast kostnað við skyldunám þeirra.“

Þetta er því engin nýjung í íslenzkri skólalöggjöf. Eins og n. bendir á, eru Englendingar komnir lengra en við í þessum efnum. Þeir veita efnasnauðum nemendum styrk til framhaldsnáms og allt til loka háskólanáms.

Þá hélt hv. þm. S.-Þ. því fram, að það þyrfti sérstakt próf upp í verknámsdeildina. Þetta er algerlega gripið úr lausu lofti. (*JJ:* Hvernig fer það fram án prófs?) Börnin velja sjálf á milli. (*JJ:* Það verður eitthvað skrýtið. Nú er ekkert smíðaverkstæði til á landinu). — Þá minntist þessi sami þm. á framandi skólafyrirkomulag. N. kynnti sér allrækilega skólafyrirkomulag á Norðurlöndum og í Englandi, en mest tillit var tekið til þeirrar þróunar, sem hér hefur orðið í skólamálum okkar. Þessi frv. eru lítið annað en staðfesting á þeirri þróun, sem hér hefur verið, og gert er ráð fyrir líkri framhaldsþróun í sömu átt. Að sumu leyti er gengið styttra í frv. þessu en í nágrannalöndum okkar. Í Englandi er skólaskylda til 16 ára aldurs samkv. lögum, en hefur víst ekki komið til fullra framkvæmda enn. Á Norðurlöndum miðast skólaskylda við 15—16 ára aldur. En það, sem virðist fara einna mest í taugarnar á hv. þm. S.-Þ., eru till. um stofnun heimavistarskóla í sveitum. Í ræðu og riti hefur þessi hv. þm. talað um voða, sem mundi leiða af stofnun heimavistarskólanna. Það eigi að leggja niður farkennsluna, ræna börnunum af heimilunum og þvinga þau til að fara í heimavistarskóla. Nú býst ég við, að hv. þm. og aðrir viti ósköp vel, að allir, sem við skólamál fást, hika ekki við að fullyrða, að farkennslufyrirkomulagið sé orðið úrelt og óviðunandi. Það þarf ekki annað en fylgjast með því, sem gerzt hefur undanfarið. Gott er að athuga plögg varðandi frv. frá 1934, en þar er bent á, að nauðsyn beri til að stofna heimavistarskóla í sveitum. Grg., sem fylgdi því frv., er prentuð hér sem fskj. I. á bls. 20, og geta menn séð, hvílík áherzla hefur verið lögð á að afnema farkennsluna. Þar segir: „Víðast er ekkert húsnæði fyrir farskólana, og verður því að semja við einstök heimili þennan og þennan veturinn um að taka kennara og börn í vist um lengri eða skemmri tíma. Oft gengur þetta hörmulega illa, eins og við er að búast, þar sem engum ber skylda til að gera það. Vegna þessara örðugleika er víðast orðið mjög erfitt að fá nokkurn mann viljugan í skólanefnd.“ Síðan er bent á, hversu starfsskilyrði farkennara eru ill. Í 3. lið í sama fskj. segir: „Um 40% af þeim börnum, sem koma í farskólana 10 ára gömul, eru svo illa undirbúin, að þeim verður ekki hálft gagn af skólavistinni, og skólatíminn er svo stuttur, að engin von er til, að úr undirbúningsleysinu sé hægt að bæta. Sérstaklega gildir þetta um þá námsgrein, sem mest á ríður, en það er lesturinn.“ Og n. skýrir ástæðuna fyrir því, að svona er komið, en það er vegna þeirra breyt., sem átt hafa sér stað í sveitunum, þar sem fólkinu fer sífellt fækkandi á heimilunum. Og enn segir svo: „Á heimilunum drukku börn og unglingar í sig hina þjóðlegu menningu, kynntust sögu og bókmenntum þjóðarinnar og lærðu flest þau störf, sem atvinnulíf þjóðarinnar þá útheimti af fullorðnum mönnum að kunna. Nú eru þessi uppeldisskilyrði sveitaheimilanna að miklu leyti úr sögunni og verða það sennilega enn þá víðar á næstu árum. Það virðist því einsætt, að ef ekkert verður að gert, þá muni menning sveitanna í náinni framtíð bíða þann hnekki, sem þjóðinni allri stendur ískyggileg hætta af. En það, sem þarf að gera, er að skapa uppvaxandi kynslóð sveitanna menningarskilyrði í samræmi við kröfur og þarfir hins nýja tíma.“ Og enn síðar segir svo: „Barnafræðslan í sveitunum hefur víða staðið í stað, síðan skólaskylda var lögboðin 1907. Allir ættu að geta séð, hversu slík kyrrstaða í undirstöðuatriðum menningar sveitanna er hættuleg fyrir þjóðarheildina. Nú verður að hefjast handa og hrinda í framkvæmd svo fljótt sem auðið er hinu langmesta menningarmáli sveitanna, sem nú kallar að, byggingu heimavistarskólanna.“ Þetta segir í greinargerð við barnafræðslufrv. frá 1934. Nú gerði mþn. fyrirspurn til skólanefnda, hvað þær álitu um heimavistarskóla og farkennslu. Kom fram einróma álit þeirra, og töldu þær yfirleitt mikla nauðsyn á heimavistarskólum. Vil ég leggja áherzlu á þetta, því að gegn þessu hefur hv. þm. S.-Þ. mælt sérstaklega. Mþn. leitaði upplýsinga hjá kennurum landsins og spurði þá, hvort leggja ætti farskólahaldið niður. 69 kennarar svöruðu játandi, þar af höfðu 39 kennarapróf. 53⅓ skólanefnda svaraði játandi. Nei sögðu 8 kennarar, þar af 6 réttindalausir. 3 skólanefndir voru vafasamar, en 11⅔ sögðu nei. Sem dæmi um svör skólanefndanna er tekið upp svar skólanefndar Svínavatnsskólahverfis í Austur-Húnavatnssýslu. Þar segir m. a.: „Skólanefndin telur, að farskólahaldið geti ekki réttlætzt nema sem bráðabirgðafyrirkomulag og muni aldrei geta orðið annað, enda þó að við það hafi orðið að una víðast hvar um sveitir landsins allt of lengi ýmissa orsaka vegna .... Annmarkar farskólahaldsins eru ótal margir. Augljósasti annmarkinn er sá, að fyrirkomulagið er hugsunarvilla. Fræðslulögin fyrirskipa skólaskyldu barna 10—14 ára, en sjá ekki fyrir neinum skólastað. Engin lög eru fyrir því, að hægt sé að þvinga niður skólann á einn eða annan stað í skólahverfinu, ef enginn vill af frjálsum vilja halda hann. Fræðslulögin bjóða því það, sem hugsanlegt er, að ekki sé hægt að framfylgja .... Skólanefndin lítur svo á, að markvisst og ákveðið verði að stefna að því, að í hverju sveitaskólahverfi verði fastur heimavistarskóli, og séu börnin skólaskyld frá 7 ára aldri ....“

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. S.-Þ. fór með, þar sem hann sagði, að Bjarni Bjarnason hafi ekki fengið að segja álit sitt, þá er nú tilvitnun frá n. í grg. með frv. um fræðslu barna, þar sem haft er eftir Bjarna á Laugarvatni, að að hans áliti ætti að leggja farskólana niður. Reynslan hafi sýnt, að miklu færari unglingar komi úr heimavistarskólunum. Það má fullyrða, að með stofnun heimavistarskólanna, sem mþn. leggur til, er farið samkv. fyllstu óskum allra þeirra, er hafa reynslu af skólamálum okkar.

Rangfærslur þessar vildi ég leiðrétta hjá hv. þm. S.-Þ., þótt nokkuð langt sé liðið síðan hann hélt ræðu sína. Annars virðist hugsunarháttur hans vera hinn furðulegasti. Hann berst nú á móti frv. af alefli og flytur sjálfur brtt., sem augsýnilega eiga ekki að miða að því að laga frv., heldur eru þær endileysa ein. En sjálfur sækir hann ekki fundi menntmn. Það, sem þessi þm. virðist stefna að, er einhvers konar miðaldaskólafyrirkomulag. Hann vill ekki hugsa sér þjóðfélagið eins og það er, heldur að það sé eitthvert gamaldags bændaþjóðfélag. Hér var bændaþjóðfélag, en aðalbreytingarnar, sem nú eru á orðnar, hafa gerzt á þessari öld. Þjóðfélagið er orðið margbrotnara og útheimtir meiri þekkingu og kunnáttu af þegnum sínum. Þróunin gengur í þá átt að gera allt fjölbreyttara. Það er eins og hv. þm. sé ekki að hugsa um börnin og kröfur þeirra um fræðslu, heldur sé hann að hugsa um bændur sveitanna, sem missa vinnukraft barnanna. Því miða allar till. hans að viðhaldi baðstofulífs, þær eru allar tómt föndur, enda hefur hann ávallt á síðari árum barizt gegn bóklegu námi og viljað fá í staðinn leikfimi og eitthvert verklegt föndur. En með slíkum hugsunarhætti og er á bak við till. hans er ekki hægt að komast áfram í hinu íslenzka þjóðfélagi. Því að það er síður en svo, að hér séu á ferðum till. ákveðinnar n., sem hafi verið skipuð, því að á bak við tillögurnar eru kröfur æskunnar og þjóðfélagsins um aukna menntun. Æskan knýr á um aukna menntun til þess að geta leyst af hendi þau þjóðfélagsstörf, er bíða hennar. — Með tilliti til þessa sé ég ekki ástæðu til að taka till. hv. þm. alvarlega eða til athugunar í n., þær eru annars eðlis.

Viðvíkjandi kostnaðarhlið þessa máls, sem hv. 3. landsk. kom að, þá vil ég vísa til þess, sem ég sagði í framsöguræðu minni, en þá var hv. þm. víst ekki viðstaddur, og til grg., sem er með frv. um gagnfræðanám, og til skýrslna, sem síðar hafa komið frá fræðslumálastjóra. Þar kemur í ljós, hvert þróunin í íslenzkum skólamálum stefnir. Skólaskyldualdur lengist um eitt ár, en þó með undantekningu í sveitum. En mþn. gerði ráð fyrir, að nemendaaukning fyrir þennan árgang yrði um 3000, eftir tölum frá 1942, en nú kemur í ljós, að þessar tölur eru þegar úreltar, eftir skýrslum frá því í fyrra, svo að í stað 3000 koma 1800, og þar frá dragast 600 nemendur í sveitum, svo að ekki þarf að reikna með nema 1200 nemenda fjölgun, Og þá þarf ekki að bæta við nema 40 kennurum til að kenna þessum 1200 nemendum. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni, hver kostnaðurinn við þetta yrði, og það var einnig gert af frsm. í Nd., og væri aukinn kostnaður til kennara 1 millj. og 200 þús. kr., og ef gert er ráð fyrir, að rekstrarkostnaður verði 600 þús., þá verður kostnaðurinn í allt 1 millj. og 800 þús., en þá er líka öll löggjöfin komin til framkvæmda, en gert er ráð fyrir, að það taki 4—6 ár. Árið 1942 hafði n. gert ráð fyrir, að kostnaður við að byggja skólahús, reiknað með að það þyrfti 100 nýjar skólastofur, yrði 15 millj. kr., en nú hefur eitthvað verið byggt, svo að kostnaðaráætlunin er orðin eitthvað lægri.

Ég sé svo ekki, að það sé hægt að gefa frekari upplýsingar um þetta en þegar hefur verið gert. En hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki, þá hlýtur æskan í landinu að gera kröfur til aukinnar menntunar, jafnframt því, sem þjóðfélagið er alltaf að gera hærri kröfur til menntunar þegna sinna, og þessum kröfum verður að svara. Það hefur verið skipuð n. til að athuga þörf á mönnum í ýmsar iðnaðar- og atvinnugreinar þjóðarinnar, og mig minnir, að niðurstaðan hafi verið sú, að það þurfi strax allt að 500 sérfróða menn með stúdents- eða framhaldsmenntun til þess að svara þessum kröfum. Og þá er um tvennt að velja, annaðhvort að senda þessa menn utan til náms, og ekki verður það síður kostnaðarsamt, eða að mennta þá hér. Frv. miðar að því að gera skólakerfið hagkvæmara og sníða það eftir þörfum þjóðfélagsins. Hv. þm. S.-Þ. vill láta þetta koma til framkvæmda eftir nokkur ár og hafa þá þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, og er það eitt dæmi um alvöruleysi hans í þessu máli. En það þarf enga þjóðaratkvgr., öll þjóðin stendur á bak við þetta.

Mér finnst brtt. hv. 3. landsk. óþörf, en það skiptir litlu máli, hvort þetta kemur strax til framkvæmda eða 1. jan. 1947, og greiði ég atkv. á móti henni, því að frv. þyrfti að fara aftur til Nd., ef einhver breyt. yrði gerð. Hv. þm. var ekki við nú, þegar ég tók aftur upp úr framsöguræðu minni atriðið um kostnaðinn. En hvað það snertir að fresta framkvæmd þessa til byrjunar næsta árs, til þess að geta gert áætlun um kostnaðinn, þá er það óþarfi, því að sú áætlun, sem hægt er að gera, er þegar til staðar.

Gísli Jónsson: Ég get fallizt á það, sem hæstv. ráðh. sagði um að láta till. mínar bíða til 3. umr., ef hann vill láta athuga þetta, hvort rétt sé að lengja skólaskyldualdurinn, og einnig tel ég varhugavert að gefa sveitarfélögunum vald í þessu, og þarf þetta athugunar við.

Það er rangt, sem hv. 7. landsk. sagði um skólaskyldualdurinn í Danmörku og Noregi. Hann er ekki 16 ár, heldur 14. Annars gekk öll ræða hans út á það að skamma þingbróður sinn, og sýnir það bezt, að þessi n. er óstarfhæf og að skipta þarf um nefnd. — Þá er ég alveg hissa á því, að hv. 7. landsk. skuli leyfa sér að bera á aðra þm., að þeir sæki ekki þingfundi, vitandi það, að ég sæki alla þingfundi.

Þá þarf 9. gr. athugunar við. Í frv. er gert ráð fyrir, að sá styrkur, sem þar um ræðir, verði greiddur úr fræðslusjóði, en hér er gert ráð fyrir, að hann verði greiddur af almannafé. Það þarf að taka skýrt fram, hver á að greiða þetta fé, uppihald þeirra af þessum nemendum,

sem ekki geta uppihaldið sig sjálfir. Um kostnaðinn er það að segja, að hann er hvergi nálægt sannleika, 1,8 millj. er bara grunnkostnaður. Frv. ber það með sér, að kennarastéttin ein hefur fjallað um það og bara hugsað um sinn hag.

Ég skal svo ekki hafa mál mitt lengra, hv. þm. S.-Þ. getur svarað fyrir sig. En það er algerlega óþarfi fyrir hv. 7. landsk. að vera að drótta því að bændastéttinni, að hún sé á lægra menningarstigi en aðrar stéttir, því að þaðan hafa komið okkar mestu menn. Ég vildi láta þetta koma fram hér, og hv. þm. veit vel, að það er rétt.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um skólaskyldualdurinn, þá er það ekki að öllu leyti á valdi viðkomandi sveitarstjórnar, hvort skólaskyldualdurinn sé til 14 eða 15 ára aldurs, því að það þarf samþykki fræðslumálastj. til að lækka hann niður í 14 ára aldur. Með þessu er þeim tilgangi náð með 8. gr., að þetta atriði komi til framkvæmda eftir því, sem efni standa til, og í sumum tilfellum yrði aðalákvæði 8. gr., um 15 ára skólaskyldu, ekki framkvæmt, og yrði þá aðalástæðan sú, að skólahús vantaði. En ég tel, að ekki komi til mála að lækka skólaskyldualdurinn niður í 14 ár, því að þá er kerfinu raskað. — Þessi lög gera ráð fyrir, að tekið sé unglingapróf, þegar lokið er tveggja ára námi gagnfræðastigsins, og er ætlazt til, að það sé almenn skylda.

Þá var annað atriði í ræðu hv. þm., sem var byggt á misskilningi, en það var um kostnaðaráætlunina, 1,8 millj., sem frv. gerir ráð fyrir. Hv. þm. sagði, að þetta væri grunntala, en það er misskilningur. Það er gert ráð fyrir því eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að við muni bætast um 1200 nemendur, sem er þannig reiknað, að það er gert ráð fyrir því í grg. frv. um gagnfræðanám, að nemendur verði 7500 í skólum gagnfræðastigsins, og frá því dregst tala þeirra nemenda, sem nú eru í sambærilegum skólum, (gagnfræðadeildum menntaskólanna, gagnfræðaskólum, héraðsskólum, unglingaskólum o. fl.), sem eru 3400 nemendur. Frá þessu dregst svo enn fremur einn árgangur barnaskólanna, sem reiknaður verður nú með gagnfræðastiginu, vegna þess að skyldunám barnaskólanna nær ekki nema til 13 ára aldurs, og það eru 2300 nemendur, og enn fremur a. m. k. 600 nemendur, sem mundu fá skyldunám sitt allt án verulegs aukakostnaðar á vegum barnaskólanna í sveitum og þorpum. Mismunurinn verður þá 1200 nemendur, og það er gert ráð fyrir, að það þurfi 40 kennara til þess að sjá þessum nemendafjölda fyrir kennslu, og það þýðir, ekki í grunnlaun, heldur reiknað með vísitölu 285, 1,200,000 kr. Þá er og gert ráð fyrir, að annar viðbótarkostnaður verði 600,000 kr., kostnaðarauki alls 1,800,000 kr. Gert er ráð fyrir, að þessi kostnaður komi í framkvæmd á næstu 5—10 árum. Hér er reiknað með hámarkslaunum kennara í gagnfræðaskólum.

Þá vildi ég segja það viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um 9. gr., að það væri óljóst, hvað átt væri við, þegar talað er um styrk af almannafé til handa nemendum, sem ekki geta stundað skyldunámið sakir fjárskorts, að ég held, að það sé alveg ljóst, að þessi styrkur á að greiðast af því opinbera, frá ríkinu og viðkomandi sveitarfélagi, í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður skólanna. Ég held þess vegna, að það sé fráleitt að fara að taka upp einhver ákvæði um skiptinguna í þetta frv., vegna þess að það fjallar ekki um það, hvernig fjárveiting til skólanna skiptist milli ríkis og sveitarfélaga.

ATKVGR.

Brtt. 442,1 felld með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ.

nei: HG, IngP, KA, LJóh, MJ, BSt, BrB, EE, GJ, StgrA.

PHerm greiddi ekki atkv.

5 þm. (GÍG, HermJ, PM, ÞÞ, BBen) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 442,2 felld með 8:1 atkv.

2. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 442,3 felld með 8:1 atkv.

3. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 442,4 felld með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ.

nei: MJ, BrB, GJ, HG, KA, LJóh, StgrA.

PHerm, BSt, EE, IngP greiddu ekki atkv.

5 þm. (PM, ÞÞ, BBen, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Gísli Jónsson: Mér skilst, að þessi breyt. raski öllu frv., ef hún nær fram að ganga, og þá þurfi að breyta því, sem eftir stæði af frv., og segi því nei.

4. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 442,5 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, PHerm, BSt, IngP.

nei: KA, LJóh, MJ, BrB, EE, GJ, HG, StgrA.

5 þm. (PM, ÞÞ, BBen, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Að því leyti, sem þessi till. beinist í þá átt, að réttmætt sé, að það séu menntaskólar í sveitum, þá er ég hlynntur því, að sú skipun verði á höfð. En hins vegar er þetta nokkuð ráðið án þess að nauðsynlegur undirbúningur sé hafinn eða almennt samkomulag fengið um það, hverjir staðirnir skuli vera. Er till. því sett hér af handahófi, og treysti ég mér ekki til að greiða henni atkv. eins og hún horfir við og segi því nei.

5. gr. samþ. með 11:1 atkv.

6.—7. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 442,6 felld með 8:1 atkv.

8. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 442,7 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, PHerm.

nei: HG, KA, LJóh, MJ, BrB, EE, GJ, StgrA.
BSt greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, HermJ, PM, ÞÞ, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Í trausti þess, að hv. menntmn. taki þessa gr. til athugunar fyrir 3. umr. og geri skýra grein fyrir þessu, svo að ekki verði um deilt, hver eigi að greiða þetta, segi ég nei.

9. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 442,8 felld með 10:1 atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 442,9 felld með 10:1 atkv.
— 470 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, IngP, PHerm, BSt, EE.
nei: KA, LJóh, MJ, BrB, GJ, StgrA.
JJ greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, HermJ, PM, ÞÞ, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég mun bera fram brtt. við þessa gr. við 3. umr. og sé því ekki ástæðu til að samþ. þessa brtt. og segi nei.

11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 289, 518).

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins skýra frá því, að menntmn. hefur athugað brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 518 og hefur ekki getað fallizt á þær.

1. brtt. er ákaflega róttæk, þó að hún láti ekki mjög mikið yfir sér, en hún er um, að börn séu fræðsluskyld 7—14 ára, en með því er vikið frá því, sem í þessu frv. er eitt meginatriðið í fræðslukerfinu, og raunverulega lagt til, að horfið verði aftur að því ástandi óbreyttu, sem verið hefur og þetta frv. vill breyta.

Við 9. gr. var einnig brtt. við 2. umr. frá hv. minni hl. menntmn., þar sem var um það að ræða, að geti nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, skuli hann styrktur til þess af almannafé. Í brtt. var lagt til, að í þess stað kæmi: ríkisfé. Það var fellt. Nú leggur hv. þm. Barð. til, að bætt sé aftan við gr. „eftir því sem ákveðið verður í lögum um hina einstöku skóla." N. getur ekki fallizt á, að nein ástæða sé til þess að tala sérstaklega um þetta í þessum l. Í frv., eins og það er, er slegið fastri þessari reglu, að styrkur skuli veittur til náms í þeim skólum, sem þar er um að ræða, ef nemandi eða aðstandendur hans hafi ekki ráð á því að láta hann njóta þeirrar fræðslu, og yrði þá ákveðið nánar um það í reglugerð. Annars skal ég játa, að ég man ekki glögglega um það, hvernig hv. þm. mælti fyrir þessari till., ég býst við, að það hafi verið meðfram út frá þeirri brtt., sem felld var við 2. umr.

Svo er að lokum brtt. við síðustu gr., um gildistöku l., að bætt verði við hana „og fé er veitt til þess í fjárlögum", þ. e. a. s. gildistaka l. er þá alveg bundin við það, að fé sé veitt til þess í fjárl. Mér sýnist hér vera um alveg grundvallarbreytingu að ræða. Ef það er eins og það er nú í frv., þá eiga l. að taka gildi, ég vil segja, eftir því, sem er skynsamlegt og eðlilegt, eða á árunum 1946—1952, og þá eru það lögboðin gjöld, sem þar koma, án þess að tillit sé tekið til þess, hvort fjárl. þess árs eða áætlunarupphæð fjárl. segir, hvort skuli gera það, en eftir brtt. hv. þm. Barð. er það háð því, að fé sé veitt fyrirfram. Mér er ekki ljóst, hvernig þetta yrði í framkvæmdinni. Ég sé ekki, hvernig ætti að draga þetta saman í hvert skipti, sem dregið yrði úr fjárframlögum í fjárl. Ég man eftir því, að einu sinni voru hér sett l. um að reisa háskóla á ákveðnu árabili, ef fé yrði veitt til þess í fjárl. Þetta voru fullkomin pappírslög, því að það þurfti enga sérstaka heimild, ef fé var veitt til framkvæmdanna. Þetta mundi þá gera allt skólakerfið að einhvers konar ábendingu, ef þingið vill veita fé til þess aukakostnaðar, sem af þessu stafar. Ég get því ekki fallizt á þessa brtt., en mæli með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Bjarni Benediktsson: Ég spurðist fyrir um það til fróðleiks, hvaða þýðingu þessi lagasamþ. mundi hafa, og tel ég nauðsynlegt að fá úr því skorið, ekki síst vegna þess að mér virðist, ef síðasta till. hv. þm. Barð. verður samþ., að þá sé með henni gerð grundvallarbreyting á frv. Ef sú er ætlunin með frv., að ríkinu sé skylt að byggja alla þá skóla, sem þörf er á, strax eftir að þetta frv. hefur náð samþykki, þá er hér um svo mikið fjárhagsatriði að ræða, að það krefst náinnar athugunar. Þessu vildi ég vekja athygli á.

Ég varpaði því fram áður, hvort þetta frv. hefði nokkra raunhæfa þýðingu, ef hin skólafrv. verða ekki samþ. líka, því að mér virðist lagagildi þessa frv. lítils virði og tel það vera meira stefnuyfirlýsingu í þessum málum. Og ég hef skilið þetta þannig, að það sé komið undir fjárveitingarvaldinu á hverjum tíma, hvað framkvæmt verður. Sé þessi skilningur ekki réttur, þá óska ég eftir nánari skýringu á málinu. En ég teldi heppilegast að láta þetta mál bíða, þar til hin skólafrv. eru komin eitthvað áleiðis.

Gísli Jónsson: Ég tek undir það með hv. 6. þm. Reykv., að ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu að samþ. þetta frv., ef svo hin skólafrv. verða felld.

Þá hefur því verið haldið fram, að allir hefðu sterkar óskir til að læra. Það er satt, að marga fýsir að læra, en þó ekki alla. Ég tel því eðlilegast, að skólarnir standi eftir föngum opnir þeim, sem vilja læra, en tel mjög misráðið að fara að skylda hvern einstakling, kannske mjög nauðugan, til þess að sitja í skóla til 16 ára aldurs. Það er mjög æskilegt, að ríkið hafi til hús og kennara, en svo hitt, að skylda alla í skóla frá 14 ára og til 16 ára, tel ég mjög vafasamt.

Um fjárhagshlið málsins er líka gott að fá upplýsingar, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan. Það er hér um geysimiklar upphæðir að ræða, ef ráðh. á að vera heimilt að framkvæma þetta skilyrðislaust og nú þegar. En slíkt álít ég, að geti ekki komið til mála.

Magnús Jónsson: Ég er ekkert að reka sérstaklega á eftir þessu frv., en ég skil bara ekki þann misskilning, sem kemur fram í ræðum þeirra hv. þm., sem nú hafa talað. Ég vil taka það fram, að ég treysti mér ekki til að kenna hv. 6. þm. Reykv. lög, enda gerist þess ekki þörf, en hins vegar skil ég það ekki, ef hann sér engan lagalegan tilgang í frv. því, er hér liggur fyrir. — Það hefur yfirleitt ekki verið tekið neitt fram ákveðið í fjárlögum, þó að fræðslulögunum hafi verið breytt og það leitt af sér aukinn kostnað. Og það vita allir, að framkvæmdum í slíku máli sem þessu verður hagað eftir fjárhagsgetu á hverjum tíma. Höfuðatriði þessa frv., ef samþ. verður, er, að með því á að koma öllum skólum í skólakerfi, sem á aðeins að verða eitt fyrir allt landið.

Um það atriði, hvort rétt sé að skólaskylda unglinga til 16 ára aldurs, má að sjálfsögðu deila, og hirði ég ekki að fara nánar út í það hér.

Bjarni Benediktsson: Ég hef ekki fengið svar við því, hver sé þýðing frv. Eftir því, sem frsm. hefur sagt hér, virðist mér, að ríkisvaldið geti tekið fé úr ríkissjóði til framkvæmda þeirra, sem af þessu leiðir, án sérstakra samþykkta í fjárl.,— eða ég spyr, hvort það sé réttur skilningur. Ég get tekið það fram, að ég er ekki á móti frv., en tel þetta ekki tímabært fyrr en hin frv. eru komin áleiðis, auk þess sem ég tel frv. þurfa nánari athugunar við.

Hvernig fer, eftir að þessi lög eru samþ., um heimild verzlunarskólans til að útskrifa stúdenta? Verður ekki að setja upp samfellda 4 ára stúdentaskóla? Hefur hv. þm. gert sér grein fyrir því? Eftir bókstaf l. er skólinn sviptur þeim rétti að útskrifa stúdenta. Ég vil fá skýringar á þessu. Ég beygi mig fyrir rökum, en ég verð að taka mark á því, sem ég sé sjálfur, og get ekki fallizt á það, sem hann segir, einkum þar sem hann talar sitt á hvað. Ég verð að beina þeirri beiðni til hæstv. forseta og hv. 1. þm. Reykv., að afgreiðsla málsins verði látin bíða og vita, hvort samkomulag fæst ekki. Ég vil leyfa mér að flytja skriflega brtt. við 11. gr., þannig að hún orðist svo: „Lög þessi taka gildi 1. febr. 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.“ — Ég vil hafa tryggingu fyrir því, að lögin taki ekki gildi fyrr en nægilega vel hefur verið gengið frá undirbúningi þeirra.

Vil ég svo óska þess, að málinu verði frestað, svo að mönnum gefist kostur á að ræða það sín á milli í flokkunum.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 6. þm. Reykv., og hafa þdm. heyrt hana. Það þarf afbrigða við, til þess að till. megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 605) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég veit ekki, hvort hv. 6. þm. Reykv. ætlast til þess, að hér fari fram langar umr. um þetta mál, því að hann er í vafa um, hvort samþ. eigi þessa breyt. á fræðslulöggjöfinni. Ég get ekki fellt mig við þessa afstöðu hans. Að mínum dómi hefur það mikla þýðingu, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Það er mjög auðvelt að skilja frv. Þegar búið er að samþ. þetta frv., þá liggur í hlutarins eðli, að hinum almennu l. um skóla verður að breyta í samræmi við þetta, því að í þessu frv. felst, að Alþ. ætlar að breyta l. um fræðslukerfið.

Að því er snertir fjárveitingu til skólanna, þá er mér ómögulegt að sjá, hvaða breyting verður á valdi ráðherra. Hv. þm. var að gera fyrirspurnir í þá átt. Ég vil fá hjá honum upplýsingar um, hvað hann á við. Það hefur gengið á ýmsu með að framkvæma skyldur, sem á Alþ. hvíla um fjárveitingu, t. d. til héraðsskólans á Laugarvatni, en þar hafa verið gerðar byggingar stærri en fjárveiting heimilar, og því verður Alþ. að auka þessa fjárveitingu.

Bjarni Benediktsson: Hæstv. forseti hefur ekki orðið við þeirri málaleitun minni að fresta málinu, og vil ég því ítreka þá ósk. Ég hef ekki heldur fengið svar viðvíkjandi því, hvort verzlunarskólinn hafi áfram rétt til að útskrifa stúdenta.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég hef ekki athugað þetta, en mér skilst í fljótu bragði, að svo sé. Verzlunarskólinn er orðinn menntaskóli um leið og hann fær rétt til að útskrifa stúdenta. Ég get ekki séð, að þessi réttindi séu af skólanum tekin. Ég býst við, að lög um menntaskóla verði samþ. á þessu þingi.

Bjarni Benediktsson: Ég vil vekja athygli á því, að ég get ekki skilið ákvæðin í 5. og 6. gr. á annan hátt en þann, að vist í háskólanum sé bundin við samfelldan 4 ára skóla, og ég held, að verzlunarskólinn sé ekki talinn samfelldur 4 ára skóli. Það þarf að gera breyt. á l. um verzlunarskóla, ef þetta frv. fer í gegn. Hæstv. ráðh. hefur játað, og líka hv. 1. þm. Reykv., að þeir hafi ekki athugað þetta atriði, sem hér er rætt um. Menn hafa ekki gert sér neina grein fyrir frv. yfirleitt. Mér finnst því, að sanngjarnt sé að fresta málinu, þar til þetta atriði er upplýst.

Magnús Jónsson: Ég stend upp með hálfum huga, þar sem samþm. minn, hv. 6. þm. Reykv., segist vita um þetta allt miklu betur en ég. Mér er ómögulegt að sjá, að það breyti nokkru frá núv. ástandi, þótt þessi l. verði samþ. (*JJ:* Verzlunarskólinn er dæmdur með þessum lögum). Ætli það séu ekki aðrir skólar, sem hv. þm. er hræddur um. Menntaskólarnir eru 4 ára skólar og útskrifa stúdenta, og hvergi í frv. eru aðrir skólar útilokaðir frá því að útskrifa stúdenta. Ég lít svo á, að þetta frv. breyti engu. Ég segi eins og áður, að ég legg ekki mikla áherzlu á, hvaða form verður haft á afgreiðslu þessa frv. Ég er hæstv. ráðh. sammála um það, að þetta frv. er engan veginn þýðingarlaust. Þessi mál

eru í mjög hraðri þróun, og þarf að koma þeim í það form, sem þau eiga að vera í, sem fyrst. Ég held nú, að nokkuð seint yrði búið að undirbúa málið svo, að ekki gæti hv. 6. þm. Reykv. komið þar nögl á milli einhvers staðar og fundið eitthvað að því.

Forseti (StgrA): Ég hef ekki vald til að verða við ósk hv. 6. þm. Reykv.

Jónas Jónsson: Ætlar forseti þá ekki að fresta málinu?

Forseti (StgrA): Að svo stöddu fresta ég ekki málinu.

Bjarni Benediktsson: Ég óskaði eftir, að málinu yrði frestað, þar til búið væri að ræða það í flokkum.

Forseti (StgrA): Ég skal verða við ósk um að fresta málinu.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 289, 518, 605).

Forseti (StgrA): Umr. (atkvgr.) um þetta mál verður frestað og það tekið af dagskrá.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að óskað hefur verið eftir að halda þessari umr. opinni nokkuð enn, þangað til séð verður, hvernig semst um hin önnur frv., sem fylgja þurfa við afgreiðslu þessu frv. Og m. a. þess vegna féll ég frá orðinu í þessu máli. Ég treysti því, að ekki verði lokið umr. um þetta mál fyrr en a. m. k. okkur hefur verið tilkynnt, að samkomulag hafi orðið um afgreiðslu þessara hliðstæðu mála.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir tilmæli hv. þm. Barð., að hæstv. forseti vildi taka til endurnýjaðrar athugunar, hvort ekki mundi hægt að opna umr. um þetta mál, þannig að meðferð málsins hér eftir væri svo sem umr. um málið hefði ekki verið slitið. Það fór fram hjá mér, að umr. um málið væri slitið, en ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. Mundi hæstv. forseti ekki sjá sér fært að fresta umr. nú, svo að brtt. gæti komizt að og hægt væri að ræða um hana á formlegan hátt?

Forseti (StgrA): Ég frestaði umr. um þetta mál fyrir nokkru síðan, í vikunni sem leið, samkv. beiðni um það, að tækifæri gæfist til þess að ræða málið á flokksfundum, og ég tók málið ekki á dagskrá fyrr en eftir daginn í gær, þegar flokksfundir eru venjulega haldnir. Hins vegar hafði mér ekkert borizt um það, að áframhaldandi samningar stæðu yfir um þessi hliðstæðu mál. En þegar hv. form. n., sem um málið hefur fjallað, fer fram á það, gef ég kost á því, að umr. um málið teljist opin enn þá.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa því yfir, að ég tek aftur brtt. mína á þskj. 659.

Bjarni Benediktsson: Ég hafði skilið svo, að atkvgr. um þetta mál ætti að bíða.

Forseti (StgrA): Ég hef ekki fengið tilmæli um það. — Þar sem fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, þá er umr. lokið, og verður gengið til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 659 tekin aftur.

— 662 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, EE, GJ, JJ, LJóh, MJ.

nei: BSt, BrB, IngP, ÁS, StgrA.

HG, HermJ, PHerm greiddu ekki atkv.

2 þm. (PM, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 518,1 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GJ, JJ.

nei: LJóh, MJ, PHerm, BrB, EE, HG, IngP, ÁS, StgrA.

BSt, BBen, HermJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (PM, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 518,2 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GJ, JJ.

nei: ÁS, MJ, PHerm, BSt, BrB, HG, HermJ, IngP, StgrA.

BBen, EE greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, PM, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 605 samþ. með 8:4 atkv.

— 518,3 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, JJ, ÞÞ, BBen.

nei: BrB, EE, HG, HermJ, IngP, ÁS, MJ, PHerm, StgrA.

BSt greiddi ekki atkv.

3 þm. (GÍG, LJóh, PM) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EE, HG, ÁS, MJ, PHerm, BSt, StgrA.

nei: GJ, JJ.

HermJ, IngP, ÞÞ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÍG, LJóh, PM) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Bjarni Benediktsson: Ég hefði talið rétt, að afgreiðsla þessa máls biði, en ég er samt ekki á móti því efnislega, tel það lýsa góðri hugsun og segi því já.

Gísli Jónsson: Ég tel frv. ekki gagnlegt nema það verði lagað á þessu þingi og segi því nei.

Jónas Jónsson: Því miður mun frv. þetta, ef

að lögum verður, gera það að verkum að slíta kerfi það, sem íslenzka þjóðin hefur menntað börn sín við í þúsund ár. Ég vil hvergi nærri þessu koma og segi nei.

Frv. endursent Nd.

Á 101. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 681).

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert þá breyt. á 5. gr. frv. þessa, þar sem segir, að burtfararpróf úr menntaskóla, stúdentspróf, veiti rétt til háskólanáms, að bæta þar inn svo hljóðandi málsl.: „Ákvæði laga þessara hagga ekki rétti Verzlunarskóla Íslands til að brautskrá stúdenta.“ Þetta viðbótarákvæði var óþarft, þar sem búið var að setja inn í frv. skýr ákvæði um verzlunarskólann. Þetta skiptir efnislega engu máli, en á ekki heima hér.

Í öðru lagi hefur hv. Ed. breytt 11. gr. frv., þar sem tekið er fram um gildistöku laga þessara, á þá leið, að þau skuli koma til framkvæmda á árunum 1947—1953, í stað 1946—1952. Þetta skiptir ekki miklu máli, og sé ég ekki ástæðu til þess að bera fram brtt. við frv. af þessum sökum, þó að ég telji breyt. óþarfa, en legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

53. Dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli.

Á 88. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands (þmfrv., A. 553).

Á 89. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Frv. þetta fer fram á að lögfesta við heimspekideild Háskóla Íslands dósentsembætti í íslenzku nútímamáli og hagnýtri íslenzkukennslu. Það þarf litlu við að bæta grg. um rök fyrir þessu máli. Árið 1941 kom fram ósk um það, að sérstakur fastur kennari yrði við heimspekideildina í þessum fræðum. Þáverandi kennslumálaráðh. féllst á þetta, og 1. ágúst 1941 setti hann Björn Guðfinnsson lektor í þessum fræðum við heimspekideildina. Síðan hefur þessi lektor starfað þar, og hefur hann varið fyrir heimspekideildinni ýtarlega og ágæta doktorsritgerð um íslenzka málfræði. Í erindisbréfi voru honum ákveðin dósentskjör. Það þykir nú sjálfsagt að hafa þetta starf ekki lengur ólögákveðið, eins og verið hefur síðustu fimm árin, og fer frv. því fram á lögfestingu embættisins. Hér er nálega um enga breyt. á útgjöldum að ræða, þar sem lektorinn hefur öll þessi ár haft dósentslaun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 90. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 553, n. 664).

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég hef í raun og veru mjög lítið um þetta mál að segja. Eins og bæði má sjá af hinni stuttu grg. menntmn. hv. Nd., sem flytur þetta frv., og af hinu álíka stutta nál. menntmn. Ed., þá er hér um að ræða lögfestingu á ástandi, sem er. Þannig að sá háskólakennari, sem hér á hlut að máli, dr. Björn Guðfinnsson, var ráðinn að háskólanum á sínum tíma með þeim kjörum, að hann skyldi hafa laun dósenta. Hann hefur verið talinn lektor, og er það heldur óviðkunnanlegt vegna þess, að þetta lektorsembætti hefur hvergi neina stoð í lögum, ekki í háskólalögum, ekki í launalögum, og er það heldur óviðkunnanlegt, að hann sem háskólakennari falli ekki undir þær kennslustöður, sem í háskólanum eru. — Ég held, að frv. hafi gengið alveg umræðulaust og ágreiningslaust í gegnum Nd., og menntmn. d. mælir með því svo að segja einróma, að það verði samþ. Að vísu mætti ekki einn nm. á fundinum, en hann hefur ekki hreyft andmælum við mig, svo að ég geri ekki ráð fyrir, að hann sé á annarri skoðun um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, IngP, ÁS, MJ, PHerm, BSt, StgrA.
BBen greiddi ekki atkv.
8 þm. (BrB, EE, GJ, HermJ, JJ, LJóh, PM, ÞÞ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 729).

---

54. Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum (þmfrv., A. 264).

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj 264, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, er flutt hér af sjútvn. samkv. beiðni ríkisstj. Málið hefur borið þannig að, að mþn. um sjávarútvegsmál samdi frv. um landshöfn í Njarðvík og sendi það ráðh. með ósk um, að hann sæi um flutning á því. Ráðh. lét prenta frv. sem handrit í fyrra og útbýtti því meðal þm., svo að það er orðið hv. þm. kunnugt. Þá var ekki orðið neitt samkomulag um staðinn við þá menn, sem byggja þennan skaga, sem liggur að ríkustu fiskimiðum landsins. En eins og kunnugt er, eru skoðanir manna skiptar um, hvar hafnir eigi að koma. Hver otar þar sinni heimalendingu. Ráðh. hefur síðan frv. var útbýtt meðal þm. unnið að því að fá samkomulag um, að menn létu niður falla ágreining um staðinn, en ágreiningur var fyrst og fremst milli Njarðvíkinga og Keflvíkinga. Þetta hefur tekizt, og kemur frv. nú að því leyti breytt, að það heitir nú ekki frv. til l. um landshöfn í Njarðvík, heldur í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Það er óþarft að eyða mörgum orðum um niðurstöður þeirra rannsókna, sem framkvæmdar hafa verið á viðkomandi stöðum. Það er tekið fram í grg. frv. Og ef menn vilja kynna sér þá hlið málsins nánar, er bezt fyrir þá að leita til vitamálaskrifstofunnar, sem hefur gert allar áætlanir um þetta mannvirki. Það yrði of langt mál, að skýra frá þeim öllum hér, en til stuðnings þessu máli mun ég þó geta nokkurra atriða.

Það er algert nýmæli, að lagt skuli vera til, að byggð verði landshöfn hér á landi. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur skipun þessara mála alltaf verið sú, að sett hafa verið l. um hafnargerðir og lendingarbætur á ákveðnum stöðum. Og sveitarfélögin hafa raunverulega átt þessar hafnarbætur, en ríkið hefur lagt fram styrki til þeirra eftir fyrirfram ákveðnum mælikvarða. Til þéttbýlla staða hefur styrkurinn numið ⅓ kostnaðar auk ríkisábyrgðar og ⅙ til hinna stærri staða, en ½ þar, sem í hlut eiga sveitarfélög og staðir, sem ekki geta haft neinar verulegar tekjur af lendingarbótum. Nú er það svo, að þegar menn vöknuðu til skilnings á því, að rekstur ríkisins og brauðöflun fólksins byggðist að mjög miklu leyti á fiskimiðunum, kom líka til athugunar, að það yrði að efla framleiðslutæki sjávarins, fiskiskipaflotann. En af því leiddi það, að það varð að ætla þessum skipaflota einhverja afgreiðslustaði.

Áður hugsuðu menn mest um afgreiðslustaði fyrir skip, sem önnuðust millilandasiglingar, þ. e. afgreiðslustaði fyrir verzlunarflotann. Nú kom hitt sjónarmiðið upp, að fyrst og fremst þyrfti að sjá um afgreiðslustaði fyrir fiskiskip landsmanna. Vitanlega er ekki hægt að hafa þá afgreiðslustaði inni í fjarðarbotnum og á öðrum þeim stöðum, sem náttúran hefur skapað skilyrði fyrir skipalægi, heldur verður að setja þessa afgreiðslustaði niður í nánd við beztu fiskimiðin, en þar er strandlengjan svo að segja hafnlaus, náttúran hefur ekki skapað þar þau skilyrði, sem þarf, til slíkrar daglegrar afgreiðslu. Nú er það víst, að ef skapa á fiskiskipaflotanum öruggar hafnir og greiða afgreiðslu, þarf að byggja hafnirnar upp alveg frá grunni. Við náttúruskilyrði er lítið hægt að styðjast. Á þessum stöðum eiga hlut að máli fátæk sveitarfélög, sem geta ekki ráðizt í slíkar stórframkvæmdir. Bygging slíkra hafna mun ekki aðeins kosta milljónir, heldur milljónatugi.

Mþn. í sjávarútvegsmálum athugaði þetta mál og komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera réttasta leiðin í þessu máli, að ríkið léti byggja þessar hafnir og gera þær að eins konar sjálfseignarstofnunum. Fjárframlög ríkisins þurfa ekkert að breytast við það, því að búast má við, að slíkar hafnir muni, þegar fram líða stundir, hafa miklar tekjuvonir og því óhætt að taka að láni þá upphæð, sem ætlazt er til að sveitarfélagið legði fram. Bein fjárframlög ríkissjóðs ættu því ekki að þurfa að vera meiri en til hafna, sem sveitar- eða bæjarfélög stæðu að. Það má segja, að hinn óbeini hagnaður af því að fá slíka höfn sé jafnmikill fyrir sveitarfélagið hvort sem það stendur sjálft að henni eða hún er landshöfn.

Eftir athugun á þeim stöðum, sem líklegir væru til þess að skipaflotinn gæti haft aðsetur á, þegar vertíðin stendur yfir, bendir n. á 5 staði, sem hún telur rétt, að rannsakaðir yrðu. Rannsókn á Njarðvík hefur leitt í ljós, að skilyrði til landshafnar eru þar hin ákjósanlegustu, og er frv. miðað við landshöfn á þeim eina stað sökum þess, að bygging slíks mannvirkis er svo mikið átak, að ekki er hugsanlegt, að því verði komið upp nema á einum stað í einu. Okkur

virðist, að þótt höfnin í Njarðvík væri ekki tekin öll, gætu þar haft aðsetur um 150 bátar, en ef hún er tekin öll, mundu fleiri hundruð fiskibátar geta haft aðsetur þar. Nú er það áformið, að Keflavík sé tekin með, og liggja þessir tveir staðir svo nærri hvor öðrum, að ekki er fullur kílómetri á milli. Þar er dýpi geysimikið og þarf ekki að bæta miklu við til þess að þar geti fengið afgreiðslu eins stór skip og þörf krefur. Báðir staðirnir falla vel inn í heildina. — Kostnaður við þessa hafnargerð á báðum stöðunum er áætlaður 10 millj. kr.

Fyrstu framkvæmdir í Njarðvík yrðu þær, að komið yrði upp afgreiðslustöðum og uppfyllingu fyrir báta, og aukið við framkvæmdir í Keflavík vegna stórskipa. Ætlazt er til, að þarna rísi upp allt tilheyrandi útgerð, frystihús, verbúðir og annað, sem útgerðin þarfnast. Ekki þarf að gera ráð fyrir, að allt þetta verði gert í einu, en við væntum þess, að á tveimur næstu árum komist upp mannvirki fyrir 150 báta. Nú er svo ástatt, að bátar geta varla fengið viðlegu þarna, svo að viðunandi sé, og geta þeir af þeim sökum ekki verið eins lengi og ella mundi. Reynslan sýnir, að tjón verður helzt á skipum, er þau eru að ná landi, eða yfir 50%. Þannig er ástandið nú, og má því geta nærri, hvernig það verður, þegar flotinn er orðinn stærri, sem ekki er langt að bíða.

Ég vil bæta því við, að ríkisstj. hefur sætt allan þann ágreining, sem um staðina var, og mun vel á veg komið, að höfnin geti fengið það land, sem hún þarfnast, við skynsamlegu verði.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að setja beri landshöfn þar, sem þegar er kominn kaupstaður, en sú skoðun er á misskilningi byggð. Það er æskilegast, að landið sé ósnortið. Það kemur í ljós, þegar landshöfn á að koma þar, sem mannvirki hafa þegar verið gerð, og verður að kaupa þau.

Þar sem við tölum um, að ríkissjóði verði heimilað að kaupa mannvirki í Keflavík og Njarðvík, innan væntanlegrar landshafnar, fyrir kostnaðarverð, vil ég taka það fram, að kostnaðarverð þýðir það fé, sem sveitarfélagið hefur lagt í þau, en ekki þar með það fé, sem ríkissjóður hefur lagt fram áður.

Ég vil að lokum biðja hæstv. forseta og hv. þd. að vísa frv. til 2. umr. að þessari umr. lokinni, en til n. þarf það ekki að fara, því að það er flutt af nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 264, n. 556, 580).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 580. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hinn 21. febr. 1945 var útbýtt á Alþ. prentuðu frv. eða handriti um landshöfn í Njarðvík. Er það fyrsta frv. til l. um landshöfn, sem lagt hefur verið fyrir hæstv. Alþ. En hinn 30. nóv. sama ár var lagt fram frv. til l. í hv. Nd. um landshöfn í Keflavík af hv. sjútvn. þeirrar d. Þetta frv. hér er í meginatriðum eins og handritið 1945 að landshöfninni í Keflavíkurhreppi viðbættri, og er frv. breytt í samræmi við það, t. d. hvað snertir kaup á hafnarmannvirkjum og hafnarstjórn. Að öðru leyti er frv. byggt á sama hátt og þannig afgr. frá hv. Nd. Hinn 14. des. s. l. var það sent til hv. sjútvn. Ed. og hefur raunar legið þar nokkuð lengi, en n. leit svo á, að óhjákvæmilegt væri að gera breyt. á frv. Þetta er fyrsta frv. um landshöfn á Íslandi, og því nauðsynlegt að vanda til þess, því að ætla má, að það verði tekið sem fordæmi fyrir öðrum álíka frv. Það var og sjáanlegt, að frv. var byggt á sama hátt og almenn hafnarlög, þar sem 2 aðilar eru: hreppsfélagið og ríkið. En hvað landshöfn viðkemur, er aðeins einn aðili, ríkið, sem er eigandi hennar, en þegnarnir verða viðskiptamenn. Allar brtt. n. hníga í þessa átt. — Þá kem ég að brtt. í sambandi við eignarnám. N. vildi ekki leggja til, að heimild yrði gerð um eignarnám, því að hún telur annars hættu á, að heimildin mundi hækka verð á landi eða eignum, sem liggja að höfninni, ef l. yrðu samþ. um það.

Segja má, að frv. þetta hafi hlotið talsverðan undirbúning. Árið 1938 eða 1939 var samþ. að leggja til að koma upp landshöfn við sunnanverðan Faxaflóa. Leggja átti til hennar 250 þús. kr., er geyma ætti, þar til byrjað yrði á höfninni. Var þetta fyrsti vísirinn að landshöfn. Síðan hafa komið fram háværar kröfur um byggingu landshafna, t. d. á Þorlákshöfn og á Snæfellsnesi. Með hliðsjón af þessu þótti nauðsynlegt að hafa grundvöll þessa frv. sem beztan.

Þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði, eru á 1. gr. frv. Samkv. frv., eins og það kom frá Nd., er gert ráð fyrir, að 10 millj. kr. sé veitt til hafnargerðar, og á að borga ⅓ af því úr ríkissjóði. N. vill breyta því þannig, að ríkissjóður taki að láni nú 10 millj. kr., og ætti það ekki að tefja framkvæmdir. Hins vegar þótti n. rétt að leggja til, að þetta lán skyldi endurgreitt þannig, að ⅓ yrði greiddur úr ríkissjóði, en ⅔ skyldu greiddir úr hafnarsjóði og skyldi miða hafnargjöldin við það. E. t. v. verður erfitt að standa undir þessu fyrst í stað, en ég held, að heppilegast væri að taka lán til 40 ára. Ég tel þetta þess virði, að það sé athugað, hvort ekki væri hægt að hafa þann hátt á. Með þessu móti er því slegið föstu, að ríkissjóður greiði bara ⅓, en það er nokkru lægra en gert er ráð fyrir í almennum hafnarl., því að þar er gert ráð fyrir ⅔ hlutum, og ætti þetta því ekki að verða ríkissjóði þyngri byrði en þó að um héraðshöfn væri að ræða. N. þótti líka rétt, að tekið væri ákveðið fram, hvar höfnin skyldi byggð. Hún leggur til, að hafnarmannvirki skuli byggð innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness- og Hákotstanga. Það kom til mála í n. að hafa þetta svæði minna, eða milli Hákotstanga og hafnarmannvirkja í Innri-Njarðvíkum, en rétt þótti að hafa þetta eins og segir á þskj. 556. — N. þótti rétt að selja á vald ráðherra, vitamálastjóra og hafnarstjóra, hvernig þessi mannvirki væru sett niður. Það liggja fyrir uppdrættir um fyrirkomulag þessarar hafnar, þar sem sýnt er fram á, að hægt er að gera góða höfn í Ytri-Njarðvíkum. Þar er gert ráð fyrir, að aðalhafnargarðurinn liggi í framlengingu núverandi aðalbátabryggju. Hins vegar liggur fyrir annar uppdráttur, og gert er ráð fyrir, að hann liggi eftir grynningunni, sem gengur út í víkina frá suðvestri. Nú er vitanlegt, að ef fljótt ætti að bæta úr þeim skaða, sem mótorbátaflotanum er að skorti á höfn á Suðurnesjum, þá ætti að byggja garðana fyrst, og mundi þá skapast gott skjól fyrir bátana. Hvort þetta er hægt, veltur á því, hvort hægt er að framkvæma þá gr. frv., sem sjútvn. setti inn í frv. um, hvort hægt sé að kaupa það land, sem nauðsynlegt er. Í sambandi við þetta get ég upplýst, að þegar hafa farið fram kaup á landi í Ytri-Njarðvíkum, en enn hafa ekki tekizt samningar um kaup á landi í Innri-Njarðvíkum.

Þá þótti n. og rétt að taka fram í l., hvað telja ætti til hafnarmannvirkja, en það eru hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur og verbúðir. Vil ég alveg sérstaklega vekja athygli og taka fram verbúðirnar svo og uppfyllingar, dráttarbrautir, alls konar tæki og vélar, leiðslur o. fl. Allt þetta taldi n. rétt að telja til hafnarmannvirkja.

Miklar breyt. eru á 3. gr. frv. Hún orðist svo: Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs, á verði, er hann telur sanngjarnt, núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, svo og allt það land, er liggur að hinu fyrirhugaða hafnarsvæði og svo langt út frá því, sem hann og hafnarstjórn telja nauðsynlegt — o. s. frv., eins og segir á þskj. 556. Í þessari brtt. er felld niður eignarnámsheimildin, en ríkissjóði er veitt heimild til að kaupa hafnarmannvirki í Keflavík, en þau verði ekki seld nema fyrir byggingarverð. Þá skal á það bent, að með því að kaupa ekki hafnarmannvirki í Keflavík, þá rýrna tekjur hafnarinnar í Keflavík mikið, þegar þessi höfn er komin upp. En ekki er hægt að hindra Keflavík í að halda áfram að reisa *hafnarmannvirki með ⅔ framlagi úr ríkissjóði* í stað ⅓.

Sjútvn. gerir till. um breyt. á stjórn hafnarinnar. Hún leggur til, að í stað þeirra tveggja, sem skipaðir hafa verið af Alþ., komi 2 skipaðir af Landssambandi útvegsmanna. Einn nm. gat þó ekki fallizt á þetta, en mun koma með sérálit og gera grein fyrir afstöðu sinni, en það er hv. 4. landsk. Þessi höfn er notuð af mönnum alls staðar að af landinu, og taldi n. því ekki óeðlilegt, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefði þar tvo menn í stjórn.

N. þótti og rétt, að á 6. gr. frv. yrðu gerðar breyt., þannig að þar, sem stendur „eigum," komi: eignum og tekjum o. s. frv. Svo þótti og rétt að breyta því, að ríkissjóður bæri ekki ábyrgð á skuldum hafnarinnar, heldur hafnarsjóður. N. leggur til, að 7. gr. falli niður. Það er Alþ. eitt, sem getur ákveðið, hvort eignir eru seldar, og er því gr. óþörf. — Við 13. gr. er lítilfjörleg breyt. um endurskoðendur. —

Ég hef nú lýst þeim breyt., sem sjútvn. hefur talið nauðsynlegar á frv. N. kallaði á sinn fund ýmsa menn, samgmrh., þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, hafnarstjóra, Eggert Jónsson o. fl. og ríkti fullt samkomulag. En Eggert Jónsson tók engan þátt í því. Vegna þessara gerbreyt. hefur málið tafizt í nefnd. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

Mín persónulega skoðun er sú, að það sé ekki keppikefli fyrir einstök héruð að fá landshafnir. Það er ákveðið í þessu frv., ef samþ. verður, að héruðin standi undir kostnaði við þær að einhverju leyti og héruðin eignast ekki heldur mannvirkin, heldur ríkissjóður. Ég hygg, að menn ættu að hafa þetta í huga, og ég álít það ekki hagkvæmt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og fyrirsögn þessa frv. ber með sér, er þessari höfn ætlað að vera til afnota ekki aðeins fyrir þær verstöðvar í því héraði, sem hún er byggð í, heldur fyrir flota landsmanna í heild. Ég get ekki annað en minnzt á það örfáum orðum, að þótt hér sé verið að byggja svokallaða landshöfn, þá er hér allt mótað af eiginhagsmunum þessara héraða. Ég vil vænta þess, að framkvæmdum verði hagað þannig, að fullt tillit verði tekið til hagsmuna mótorbátaflotans í heild og gert verði ráð fyrir viðlegu fyrir alla báta, sem þarna stunda róðra á vetrum.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 580 viðvíkjandi samsetningu stjórnarinnar. Hv. þm. Barð. sagði, að eðlilegt væri, að Landssamband útvegsmanna hefði fulltrúa í stjórninni. Þetta er rétt að sumu leyti, þeir hafa hagsmuna að gæta, en hvað þá um hina, þá fjölmörgu sjómenn? Skyldu þeir ekki hafa hagsmuna að gæta? Ég á sérstaklega við það, að um leið og þessi hafn-

armannvirki eru gerð og þar með sköpuð góð aðstaða fyrir vélbáta, verði jafnframt að skapa nægilega góða aðstöðu fyrir sjómennina sjálfa í landi með því að byggja verbúðir. Þess vegna álít ég, að ekki sé síður ástæða til, að sjómenn eigi fulltrúa í stjórn hafnarinnar en útgerðarmenn. Ég tel réttmætt, að þegar tekið hefur verið svo mikið tillit til viðkomandi staða, þá eigi sjómenn að fá einn fulltrúa og Landssamband útvegsmanna einn. Sem sagt ég álít, að Alþýðusambandið eigi að hafa rétt til að tilnefna einn mann sem fulltrúa hinna fjölmennu sjómannasamtaka í landinu. Ég vil vænta þess, að þótt ekki næðist samkomulag um þetta í n., þá muni hv. þdm. fallast á þetta, þar sem það er fullt sanngirnismál, að sjómenn eigi einn fulltrúa í hafnarstjórn, og það getur ekki skaðað neinn aðila.

Eiríkur Einarsson. Ég skal ekki flytja um þetta langa ræðu, enda segir sig sjálft, að það á að vera óþarft, þar sem ég er einn í sjútvn. og hef skrifað undir nál. án fyrirvara. En það, sem kemur mér til að rísa úr sæti, er það, að ég vildi láta í ljós yfirlitsskoðanir mínar á þeim opinberu framkvæmdum, sem þessi hafnargerð er einn þáttur af.

Það kemur einatt fram, að margt það stóra, sem nú er óskað eftir, krefst meira starfs og fjármagns en svo, að það verði allt framkvæmt í einu. Þegar setja skal slík lög sem þessi, verður það meginsjónarmið að ráða, hvort hér er um nauðsynjamál að ræða. Ég tel, að landshöfn á þessum stað sé réttmæt, og ég tel það lýsa fyrirhyggju að lögfesta, að hún skuli gerð. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að margir séu þeirrar skoðunar, að ekki verði unnt að ljúka slíkum stórframkvæmdum í náinni framtíð, þótt rétt sé að taka um þær ákvarðanir. Innflutningur og mannafli og margt fleira hlýtur svo að ráða því, þegar stundir líða, hversu hratt framkvæmdirnar ganga. Mér þykir rétt að láta þessa getið í sambandi við þetta mál, þótt það eigi jafnframt við um önnur en þetta. Þyrftu allir hv. þm. að gera sér þetta ljóst, einkum þeir, sem varðandi sum stórmál sjá ótal ljón á veginum, þótt svipuðu máli gegni og um þetta mál.

Varðandi það, sem kom hér fram áðan hjá hv. frsm., að hann léti sér ekki svo dátt um, að gerðar yrðu margar landshafnir, vil ég segja það, að ég get ekki um það dæmt, hversu nauðsynlegar slíkar hafnir eru, en ef rannsóknir sýna, að slíkar hafnir séu nauðsynlegar vegna almenns öryggis sjófarenda öllu fremur en vegna þarfar heimabáta, þá álít ég einsætt, að þessar hafnir eigi að vera landshafnir í orðsins fyllstu merkingu. Aðalatriðið fyrir mér er að tryggja sem bezt almennt öryggi, hvað sem hinu arðvænlega líður, þótt vitanlega væri æskilegast, að þetta tvennt gæti farið saman. Ég er ekki að halda því fram, að þetta mál sé að öllu eins og það ætti að vera, en hér er um merkt nýmæli að ræða, og það, sem miður kann að vera, stendur til bóta. Af þessum ástæðum hef ég skrifað undir nál. án fyrirvara.

Frsm. (Gísli Jónsson): Í sambandi við ræðu hv. 4. landsk. þm. vil ég geta þess, að ég get viðurkennt hans sjónarmið um, að sjómenn eigi að eiga fulltrúa í stjórn hafnarinnar til að gæta sinna hagsmuna, en það hefur verið upplýst, að sjómenn telja sig eiga betri fulltrúa í sínum eigin hreppsnefndum en í Alþýðusambandi Íslands, og ég ætla, að í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna sé einnig frekar að finna fulltrúa sjómanna en í Alþýðusambandinu, sem samanstendur af hinum ólíkustu stéttum allt frá rökurum til klæðskera. Ef Alþýðusamband Íslands samanstæði eingöngu af sjómönnum, þá hefði sjútvn. getað fallizt á skoðun hv. 4. landsk. þm.

Viðvíkjandi ræðu hv. 2. þm. Árn. vil ég geta þess, að ef hann hefur verið að leita fylgis við væntanlega landshöfn í Þorlákshöfn, þá get ég glatt hann með því, að viðkomandi hreppsnefnd hefur sýnt þá víðsýni að vilja heldur héraðshöfn. En þar sem hv. þm. var að tala um ljón á veginum, mun hann hafa átt við Austurveg, en mér virðist ástæðulaust að blanda því máli hér inn í.

Steingrímur Aðalsteinsson: Hv. þm. Barð. hélt því fram, að þeir menn, sem viðkomandi hreppsnefndir skipa í hafnarstjórn, væru betri fulltrúar sjómanna en þeir, sem Alþýðusamband Íslands mundi skipa. Mér er ekki kunnugt um, hverjir þeir menn eru, sem þessir hreppar mundu setja, en ég verð að efast um, að þeir mundu telja sig fulltrúa sjómanna. Enn fremur hef ég skilið það svo, að þarna ætti að byggja höfn fyrir sjómenn víðs vegar að af landinu, og færi svo, að aðkomusjómenn yrðu allmiklu fleiri en hinir, þá hygg ég, að hreppsn. og Alþýðusambandið gætu ekki talizt sambærilegir fulltrúar fyrir sjómenn, því að þótt í sambandinu séu rakarar, klæðskerar og prentarar, þá eru flest sjómannafélög á landinu í því og mun vera miklu fjölmennari stétt en hinar. Og ef Alþýðusambandið ætti að velja fulltrúa til þessa, þá yrði það vitanlega fulltrúi sjómanna, en ekki annarra stétta, enda veit ég, að þessi ummæli hv. þm. Barð. verða ekki talin sem rök móti minni till. Alþýðusambandið er nánast landssamband sjómanna um leið og það er landssamband fleiri stétta og viðurkenndi hv. þm., að ef svo væri, þá væri það réttmætur aðili. Ég vil halda því fram, að brtt. mín sé á fullum rökum reist, og vænti, að hv. þdm. taki meira tillit til þeirra raka en þeirra tylliástæðna, sem þm. Barð. bar hér fram áðan.

Bjarni Benediktsson: Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa farið fram. En ég taldi rangt að láta þetta mál ganga fram án þess að nokkur efi kæmi fram um það, að hér væri stigið spor í rétta átt. Þetta frv. mun hið fyrsta í lagabálki, sem á að fjalla um að byggja hafnir víðs vegar um landið, þar sem fólk býr nú ekki. Ég hefði talið eðlilegra að verja fé til þess að ljúka hafnarmannvirkjum á þeim stöðum, sem frá fornu fari hafa reynzt lífvænlegastir. Svo að ákveðin dæmi séu til nefnd í þessu sambandi, þá tel ég, að skynsamlegra hefði verið af ríkinu að styðja Reykjavík og Hafnarfjörð til að ljúka bátahöfnum, sem þar eru ófullgerðar. Þetta er gert fyrir miklu minna fé, en kemur þó

miklu fleiri mönnum til góðs en orðið getur samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Reyndin hefur orðið sú, að til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akraness hefur fólkið þyrpzt, því að hér hefur aðstaðan verið bezt til þess að skapa lífvænleg kjör. Og það er a. m. k. vitað um Reykjavík og ætti að gilda sama um hina staðina, að hér er komið svo margt fólk, að ef ekki verða gerðar frekari ráðstafanir en fram að þessu, þá er viðbúið, að vandræði skapist, þegar veltutími sá, sem stríðinu er samfara, líður hjá. Ég er ekki í vafa um það, að farsælasta leiðin er að ljúka við fullkomna bátahöfn hér í staðinn fyrir að taka upp þá stefnu, sem ráðgert er í þessu frv. Ég hef látið þá skoðun uppi á öðrum vettvangi, þegar þetta frv. var til undirbúnings, en hún fékk ekki neinn hljómgrunn þar, og ég geri ekki ráð fyrir, að hún fái hljómgrunn hér. Ég ætla ekki heldur að hefja um þetta deilur. Ég geri ráð fyrir, að frv. gangi örugglega fram, og út af fyrir sig hef ég ekki löngun til að leggja stein í götu þess. En ég vil láta þessa rödd koma fram hér. Ég álít, að hér sé verið að misstiga sig og byrjað á öfugum enda. Út af fyrir sig er æskilegt að fá höfn þarna suður frá, en þó liggur meira á því að búa atvinnulífinu skilyrði til vaxtar á þeim stöðum, sem fólkið dvelur á í tugþúsundum nú þegar. Þess vegna held ég það væri nær að leggja kapp á það með ríkisframlögum og ábyrgð að ljúka við hafnarmannvirki í Reykjavík en taka upp þá stefnu, sem hér er í þessu frv. Og manni sýnist sama einnig um það hafnarfrv., sem afgr. var hér á dögunum, þar sem ætlun manna var að útiloka Reykjavík frá þátttöku í styrkjum samkv. því frv. Það getur skeð, að það mælist vel fyrir í bili, en áreiðanlegt er, að hér er verið á rangri braut. Og væntanlega átta menn sig áður en miklu fé er varið til lítils gagns, ekki aðeins þarna, heldur á öðrum útkjálkastöðum, en fólkið aftur á móti látið vera án nægilegra framkvæmda þar, sem meiri hluti þess hefur nú þegar safnazt saman.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki hefja deilur um þetta atriði. Þetta er talsvert mikið prinsípatriði, hvort hrúga eigi mestu í þá staði, sem stærstir eru. En annars ætla ég ekki að blanda mér inn í það, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á. En ég vildi benda hv. þm. á, að með þessu frv. er ekki verið að þrengja kosti Reykjavíkur á nokkurn hátt. Og með því frv., sem afgr. var hér um hafnarmál, þá var hlutur Reykjavíkur gerður betri en hann var áður. Í 1. gr. frv. er tekið fram, að ríkissjóður greiði hluta af kostnaði við hafnargerð, einnig í Reykjavík. Í 2. gr. 28. lið er ríkissjóði gert skylt að greiða ⅖ til Reykjavíkur, sem áður hefur þó aldrei fengið nema ⅓. Þetta munar kannske ekki miklu, en ég held þó, að þetta sé fremur gróði fyrir Reykjavík en hitt. Það var sett inn í þetta frv., að þetta sé bundið því skilyrði, að samgmrn. samþykki og eignir og tekjur hafnarinnar geti ekki staðið undir kostnaðinum. Séu hins vegar tekjur hafnarinnar svo miklar, að þær geti uppfyllt þetta, þótti sjútvn. ekki rétt, að ríkissjóður styrkti framkvæmdirnar, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar. 2. málsgr. 1. gr. gefur miklu meiri rétt um aðstoð til hafnar í Reykjavík en áður. Þar er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast ⅝ hluta þess fjár, sem slíkar hafnir taka til hafnargerða, hvort sem þær eiga fé sjálfar eða ekki, og þetta er stórkostleg bót frá því, sem nú er, fyrir Reykjavík. Hugsum okkur, að hún taki 10 millj. kr. lán til þess að framkvæma 15 millj. kr. framkvæmdir. Þá er það samkv. l., að ríkissjóður er skyldugur til að ábyrgjast þetta lán, þótt Reykjavík eða einhver önnur höfn kynni að geta staðið undir vöxtum og afborgunum. Mér finnst hér heldur hlúð að Reykjavík en hið gagnstæða, en það mátti skilja á ræðu hv. 6. þm. Reykv., að hann er á öðru máli. Ég benti á það, að ég tel þetta frv. ekki gefa nein meiri fríðindi en önnur hafnarl., og ég tel héruðin vera aðþrengd meira, ef byggð er landshöfn undir þessum l. en ef hún er byggð undir almennum hafnarl. Ég tel, að ekki sé verið að hlúa að þessum tveimur stöðum, nema síður sé. Eftir að hafa haldið fund með hafnarnefnd að sunnan, þá var það viðurkennt af öðrum nm., að hann liti svo á, að fyrir héruðin væri það miklu hagkvæmara að byggja undir ákvæðum hafnarl. en fara inn á þessa braut, því að héraðið eignast ekkert, heldur landið. Ég er viss um, að Reykjavíkurbær hefði ekki á sínum tíma viljað skipta um, a. m. k. mundi hann ekki vilja það í dag, að hér hefði verið byggð upp landshöfn, þar sem landið ætti alla tekjumöguleika og allar eignir, þótt smánarlega lítið hafi verið lagt til þeirrar hafnar úr ríkissjóði. Hvar á að byggja landshöfn, ræður allt annað en það, sem hv. 6. þm. Reykv. talaði um. Það, sem því ræður fyrst og fremst, er það, hvaðan stytzt er á miðin. Það er ekki smávægilegt atriði fyrir útveginn, hvort það munar einum klukkutíma, hvað styttra er á miðin, þar kemur til greina olíueyðsla og tímasparnaður. Þetta hefur valdið því langmest, að þessi staður var valinn. Frá þessum stað er mun styttra á miðin en frá Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi. Það kom til mála að gera landshöfn á Rifi, vegna þess hversu stutt er á miðin. En það má ekki blanda því saman, að bæði Hafnarfjörður og Reykjavík eru komin upp vegna ýmissa annarra hluta, t. d. þæginda, sem hægt er að veita sér þar, en ekki annars staðar, og m. a. vegna ágætrar stjórnar hv. 6. þm. Reykv. á bænum. En hvort það er hollt, að landsmenn hrúgist svo mjög hingað, skal ég ekki ræða hér í sambandi við þetta mál.

Bjarni Benediktsson: Ég ætlaði ekki að halda því fram, að Reykjavík og Hafnarfirði væri sýnd andúð með þessu frv. En hins vegar er það eins og hv. þm. Barð. sagði, að hér er um meginstefnumun að ræða, sem hægt er að tala um alveg öfgalaust og ópersónulega. Ég held, að það sé skynsamlegra að beita fjármagni ríkisins til atvinnuskilyrða á þeim stöðum, sem fólkið er þegar komið á og þar sem ljóst er, að færa þarf út greinar atvinnulífsins, ef forðast á vandræði, heldur en fara að byggja upp á eyðistöðum. Þetta er skynsamlegra að mínu viti, m. a. vegna þess, að á þessum fjölmennu stöðum er hægt að veita fólkinu ýmiss konar hlunnindi,

sem það fær aldrei veitt sér á þessum smærri stöðum. Þetta á ekki sérstaklega við um þá höfn, sem hér um ræðir. Ég tel eðlilegt, að þar sé byggð stór og góð höfn. Ég tala meira um málið sem eins konar forustumál annarra slíkra mála. Hér er líka um gamlan og þekktan sjávarútvegsstað að ræða, en það verður ekki sagt um alla aðra staði, þar sem talað er um að byggja landshöfn. Ég hreyfði þessari aths. vegna þess, að ég er á móti þeirri meginstefnu, sem hér er um að ræða. Ég hef ekki trú á henni. En út af fyrir sig hef ég ekki nokkra löngun til að leggja stein í götu þessa máls, sem hér er til umr. En frá minni hálfu er ekkert annað að gera en að sjá til, hvernig til tekst með þetta.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að í því frv., sem hér liggur fyrir, er ekki hallað á Reykjavík, og er það ekki meining mín að halda því fram. Það er líka rétt hjá honum, að í hafnarfrv., sem afgr. var hér á dögunum, var ekki heldur hallað á Reykjavík, ef frv. verður skilið orðum sínum samkv. En vegna þess að ég hef orðið þess var, að sumir telja það ekki koma til mála, að Reykjavíkurhöfn sjálf fái fjárframlög úr ríkissjóði vegna fyrirvara í upphafi l. um efnahag hafnanna, þá er á Reykjavík hallað, ef meiningin er að skilja l. á þann hátt. Ef meiningin er að nota viss ákvæði l. til að gera rétt hennar að engu, þá er á hana hallað. Og það, sem styrkir þennan grun, þann grun, að meiningin sé að setja Reykjavíkurhöfn á lægri bekk en aðrar hafnir, er það, að Reykjavíkurhöfn skuli vera skipt í tvennt, þannig að gert er upp á milli Elliðaárvogs og Reykjavíkurhafnar. Ef þetta er ekki tilgangurinn, fæ ég ekki annað séð en það hafi verið með öllu tilgangslaust að kljúfa höfnina þannig í sundur eins og í frv. er gert. Ég taldi þá ekki ástæðu til að beita mér á móti þeirri klofningu, taldi hana gagnslausa og þýðingarlausa. En slíkt hefði ég vitanlega gert, ef ég hefði vitað, hver tilgangurinn er, eins og nú er fram komið, sem sé sá að láta Reykjavík sitja á hakanum. Og sá sanni tilgangur, sem bak við þennan klofning er, er ekki fallegri eða réttlætanlegri, þótt sjálft ákvæðið sé ósköp áferðarfallegt. Þetta mál, um styrk til Reykjavíkurhafnar, er ekki til umr. og ætla ég því ekki að fara fleiri orðum um það. Við hv. þm. Barð. höfum rætt það áður og eigum kost á að ræða það hér í d. aftur, svo að ekki er ástæða til að blanda því inn í þetta mál. Ég vildi einungis láta þessa aths. koma fram. Ég tel sem sagt það skynsamlegra, að ýtt sé undir hafnarframkvæmdir á þeim stöðum, þar sem svo margt fólk er fyrir, að það geti staðið undir þeim skuldbindingum, sem ætlazt er til, að fólkið standi undir samkv. hinum almennu hafnarl. Ég tel, að hlúa eigi að framkvæmdum samkv. þeim l., heldur en gera slíkar sérráðstafanir eins og hér er verið með upphaf á.

ATKVGR.

Brtt. 556,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 556,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 556,3 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 580 felld með 6:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, StgrA.

nei: MJ, BSt, BBen, GJ, GÍG, IngP.

PHerm, EE, HG, LJóh greiddu ekki atkv.

5. þm. (PM, ÞÞ, HermJ, BrB, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 556,4 (ný 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 556,5 (ný 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 556,6 (7. gr. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.

8.—12. gr. (verða 7.—11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 556,7 samþ. með 10 shlj. atkv.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

14.—16. gr. (verða 13.—15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 595).

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég hef leyft mér fyrir hönd sjútvn. að bera hér fram 3 brtt. á þskj. 611, og eru þær svo hljóðandi:

1. Við 4. gr. Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi: allir til 4 ára í senn.

2. Við 12. gr. Á eftir orðunum „sameinuðu Alþingi" í 2. málslið 1. mgr. komi: til 4 ára í senn.

3. Á eftir 15. gr. komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði: Skipun fyrstu hafnarstjórnar samkv. 4. gr. og kosning endurskoðenda samkv. 12. gr. gildir til ársloka 1949.

Forseti (StgrA): Þar sem brtt. þessar eru of seint fram komnar og auk þess bornar fram skriflega, þarf að veita afbrigði, til þess að þær verði teknar til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 611,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 611,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 611,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., 25. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 612).

Á 96., 100., 101. og 102. fundi í Nd., 27. marz, 2., 3. og 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Mál þetta var upphaflega flutt hér í d. af sjútvn. fyrir hönd hæstv. ríkisstj. Nú er þetta mál komið aftur frá Ed. þannig útleikið, að ég verð að rifja upp sögu þess að nokkru. Frv. er upphaflega samið af mþn. í sjávarútvegsmálum fyrir tveimur árum og reynt að vanda sem bezt til málsins frá upphafi. Mþn. studdist við eldri hafnarlög auk þess sem vitamálastjóri og ráðherra aðstoðuðu hana, og enn fremur fékk hún lögfræðing úr stjórnarráðinu sér til aðstoðar.

Loks ferðaðist n. hér um strandlengjuna á Reykjanesskaganum og naut leiðsagnar vitamálastjóra, sem nú er hafnarmálaráðherra. Að þessum undirbúningi loknum var frv. samið með aðstoð þeirra, er áður greinir, og sent hæstv. samgmrh., en eftir var að jafna þá togstreitu manna á milli, hvar slík mannvirki skyldu sett niður. Allir vildu fá þau til sín. Hæstv. ráðh. gekk í það að leita samkomulags um þetta atriði, en það, sem n. og hæstv. ráðh þótti mikils vert, var að tryggja lóðir. Þegar hæstv. ráðh. hafði leyst þetta verkefni, lét hann breyta frv. í samræmi við það og fékk síðan sjútvn. það til flutnings. Sjútvn. athugaði frv. gaumgæfilega, en sá ekki ástæðu til að breyta því í neinu og hið sama varð álit hv. Nd., hún samþ. frv. eins og það kom frá hæstv. ráðh. En nú hefur frv. komið aftur til d. frá Ed., og hafa verið gerðar á því miklar breyt. að fyrirferð, þótt þær séu efnislega litlar, og skal ég nú skýra í hverju þær eru fólgnar.

1. gr. er höggvin í tvennt, en við þann stubbinn, sem eftir er skilinn, er bætt ákvæðum um takmark hafnargerðarinnar, en slíkt er venjulega ákveðið í reglugerð, enda eðlilegast, að hafnarstjórn setji slík ákvæði, en ef breyta ætti um takmark hafnargerðarinnar eftir að þetta er komið í l., þyrfti ný l. til þess. Sjútvn. leggur ekki til að fella þetta úr frv., til að tefja ekki málið.

Það er venja, að ríkissjóður leggur vissan hluta til slíkra hafnarframkvæmda, stundum allt að því helming. Það hefur verið haft svo um þessar hafnir, að talið hefur verið upp, hvað heyrir undir hafnarmannvirki. Slík upptalning er hér óþörf, þar sem þetta er landshöfn og ríkið sjálft byggir hana, en þetta hefur verið sett inn í frv. í Ed. og leggur n. ekki heldur til, að það verði fellt niður.

Þá kem ég að 2. gr., sem er síðari hlutinn af upphaflegri 1. gr. Þar er hið sama að segja, að n. vill ekki hætta málinu og lofar þessu að standa. — Breyt. á 3. gr. er efnislega lítil, en orðalagi er hrært til og það sett fyrst, sem síðast skyldi vera. N. sér sér ekki fært að lagfæra þetta og fella inn í gr. mikilvæg atriði, sem burt höfðu verið felld.

Þá kem ég að þeim efnislegu breyt., sem einkum hafa verið gerðar og urðu til þess, að n. varð að gera breytingu á frv., þótt það kunni að stofna málinu í nokkra hættu. Í fyrsta lagi hefur 2. gr. verið gerð að 4. gr. og þannig breytt um, að ríkið skal einungis ráða einum manni af fimm í stjórn hafnarinnar í stað þess, að áður skyldi það ráða þremur. Okkur sýnist eðlilegt, að ríkið skipi alla mennina í stjórn hafnarinnar, og fráleitt að ganga lengra en svo, að aðrir aðilar tilnefni tvo. Við nm. leggjum sérstaka áherzlu á, að frv. verði ekki að lögum án þess að ríkið eigi meiri hl. í stjórn hafnarinnar.

Þá hefur í hv. Ed. verið felld ein gr. út úr frv., sem sú hv. d. taldi ekki þörf á, en sú gr. var áður 7. gr. Þessi gr. fjallaði um skyldur hafnarstjórnar og byrjaði m. a. með því, að ekki mætti selja eignir hafnarinnar. Þetta mun hv. Ed. hafa talið, að ekki þyrfti að taka fram, vegna þess að það væri ekki leyfilegt hvort sem væri að gera slíkt. En það er svo margt annað í gr., sem kveður skýrt á um það, hvað hafnarstjórn megi ekki gera, að það getur ekki staðizt, að þau ákvæði vanti alveg í l. Þess vegna leggjum við til, að þessi gr. verði sett í frv. aftur. — Aðrar breyt. leggur n. ekki til og reynir að fara svo vægilega í þetta sem frekast má verða, til þess að ekki valdi ágreiningi hjá hv. Ed.

Annars verð ég því við að bæta, sem er ekki frá n., en hv. skrifstofustjóri Alþ. tók eftir því, að það er orðaskekkja í bráðabirgðaákvæðinu, því að þar þarf að bæta inn í einu orði. Þar, sem þar er sagt: „kosning endurskoðenda," á að vera: „kosning fyrstu endurskoðenda." Má vera, að þetta megi leiðrétta sem prentvillu, en ég hef sett það inn sem brtt.

Þá er þeim brtt. lokið, sem við nm. leggjum til við frv., og þar er svo vægilega í sakirnar farið, að ég vil vænta þess, að hin mjög svo vandláta hv. Ed. sjái sér fært að samþ. frv. óbreytt, eftir að þessar hógværu brtt. hafa verið samþ., en setji ekki málið í voða með því að vera að skaka því frekar á milli deilda.

Ég vil svo taka sérstaklega fram í fyrsta lagi, — auk þessa, sem ég nú sagði hér um breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv. hér í hv. d., — að í frv. er auðvitað ekkert sagt um, hvernig fylla skuli út í þann ramma, sem markaður er með ákvæðunum um takmörk hafnarinnar. En þetta er, eins og sumum hér kann að vera kunnugt um, mjög mikið svæði, sem hafnarmörkin umlykja. Og því vildi ég þá um leið bæta við, að þó að þarna sé nú í frv. nokkuð fram tekið um mörk hafnarinnar, þá efast ég um það, að það séu meira en þrír eða fjórir menn hér í hv. d., sem þekkja nokkuð, hvar þessi hafnarmörk eru, svo að það sýnist ekki vel til fallið að setja slíkt í l. Það á vitanlega að koma í reglugerð, sem sett sé af kunnugum mönnum með samþykki ríkisstj. Nú eru uppi, sjálfsagt frá hendi hæstv. ráðh. og vitamálastjóra, ráðagerðir um það, hvernig út í þennan ramma skuli fyllt, hvar skuli byrja á hafnarmannvirkjunum og hvernig þau skuli vera. En annars er þó um það nokkur ágreiningur. Og það er vitanlega bæði af því, að hver vill nú hafa þessi mannvirki þar, sem honum þykir sér henta bezt, og einnig af því, að menn eru ekki á sömu skoðun um skilyrði til afgreiðslu skipa eftir því á hvaða stað er. Það hafa verið nokkur átök um það t. d., hvort byrja skuli á því að gera aðstöðu til legu og lendingar í Ytri-Njarðvík eða Innri-Njarðvík, þó að öll fyrirætlunin sé að loka þessari miklu höfn með sínum garði frá hvoru landi. En ég vil taka það fram, að n. þótti, að þeir uppdrættir, sem við höfum haft fyrir okkur, væru miðaðir yfirleitt og raunar allir við það, að fyrstu aðgerðir verði gerðar í Ytri-Njarðvík. En þó er skoðun ýmissa manna, að það sé alveg nauðsynlegt, að byrjað sé jafnframt á nokkrum aðgerðum í Innri-Njarðvík, þar sem þegar eru nú komnar ýmsar verksmiðjur til hagnýtingar sjávarafla. Hæstv. samgmrh. hefur alveg nýlega átt tal við sjútvn. um þetta og látið í ljós þá skoðun sína, að það sé alveg nauðsynlegt, þó að höfuðaðgerðirnar yrðu í Ytri-Njarðvík, að þá komi alveg jafnsnemma og á

sama tíma garður út frá landi 100—200 m. í Innri-Njarðvík, þar sem bátar geti fengið legupláss og pláss til að athafna sig. Mér þykir rétt að taka þetta fram, þó að ég fyrir mína hönd og n. geti lýst yfir, að við ætlum okkur ekki þá dul, að við höfum sérstakt vit á þessu, því að það liggur vitanlega á sviði verkfræðinga og nákunnugra manna á staðnum að ákveða um þetta nákvæmlega.

Svo vil ég að lokum taka fram, að það er ákaflega mikið vandræðamál að þurfa að skaka mjög mikilsverðum málum á milli d. fyrir litlar ástæður, fyrir það, að menn hengja sig í orðalag eða form, sem ekki breytir efni og merg málsins á nokkurn hátt. En þetta er orðið mjög tilfinnanlegt og er orðið fullkomið vandræðaástand, því að það er ekki aðeins, að það stofni miklum málum í mikla hættu, heldur er það svo óhaganlegt hvað snertir það að nota tíma, að við slíkt verður varla unað. Og hinn mikli dráttur á afgreiðslu mála og að sumra áliti hinn óhæfilega langi þingtími stafar að ekki litlu leyti af vöntun á samvinnu um það, að hv. þd. séu ekki að tæta niður mál hvor fyrir annarri að ástæðulausu. Og ég hygg, að um svona mál eins og þetta sé það að segja, að það hefði ekki þurft að fara aftur á milli deilda, ef gætt hefði verið fullkominnar skynsemdar í meðferð þess. — Það átti nú að vera fyrir þessu þingi frv. um breyt. á stjórnlögum landsins. Meðferðin á þessu máli, sem hér liggur fyrir, gefur mér fullkomna ástæðu til þess að minna á það, sem oft hefur verið áður um talað, að þegar svo er komið, að allir hv. þm. eru kosnir nákvæmlega eftir sömu reglum, þá er skipting þingsins í deildir í raun og veru orðin þýðingarlaus. Og ef svona tafir, eins og hafa orðið á þessu þingi, að verulegu leyti fyrir það, að hv. þd. hafa verið að kasta á milli sín málum, geta ekki sannfært menn um, að það eigi að leggja Ed. niður, þá veit ég ekki, hvernig menn geta komizt að niðurstöðu um slíka hluti.

Sigurður E. Hlíðar: Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. Það gengur sennilega sína sigurför gegnum þingið þrátt fyrir þær brtt., sem fram hafa komið frá hv. n. En mér þótti vænt um að heyra drepið í framsöguræðu hv. frsm. einmitt á fyrirkomulag hafnarinnar. Því að þó að það standi í 1. gr. frv., að ráðh. skuli ákveða gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra, þá er ekki neitt nánar um það þar. Og ég geri ráð fyrir, að vel sé um það búið í sjálfu sér. En þó er maður dálítið forvitinn, sérstaklega þeir menn, sem þekkja dálítið til þarna syðra, um það, hvernig þessu verki eigi að haga. Nú var þess getið í framsöguræðu, að meiningin væri að tryggja þessi hafnarmannvirki sem bezt gegn veðrahættu. Áður hélt maður, að það ætti að halda áfram að byggja þarna mannvirki frá vesturströndinni. En það þarf líka að byggja svo frá austurströndinni, að til varnar sé í veðrum. Ég hygg því rétt, að byggður yrði bráðlega annar hafnargarður frá Innri-Njarðvík, til þess að verja þetta stóra mannvirki fyrir austanátt, sem er mjög hættuleg smábátum, eins og hefur sýnt sig undanfarið. Þó að til sé höfn fyrir nokkurn fjölda báta í Keflavík, þá verða bátar nú að flýja úr Njarðvík í austanveðrum, vegna þess að hafnargarð vantar þar að austanverðu. Og það er mjög athyglisvert um þetta mál, að hæstv. samgmrh. og vitamálastjóri hafa lýst yfir því sem þeirra skoðun, að þarna að austan sé nauðsynlegt að byrja eitthvað á hafnargarði, jafnhliða því, sem gerðar eru framkvæmdir til umbóta höfninni að vestanverðu.

Að öðru leyti er ég fylgjandi þessu máli.

Forseti (BG): Hv. 7. þm. Reykv. hefur lýst brtt., sem hann hefur lagt fram f. h. sjútvn. Afbrigða þarf fyrir þeim, svo að þær megi koma til umr. í hv. d. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 704) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að fara um þetta mál mörgum orðum, því að hv. frsm. sjútvn. hefur gert svo ýtarlega grein fyrir þeim breyt., sem frv. hefur tekið í hv. Ed. — Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að frv. þetta hefur verið gert úr garði af ráðuneytinu eins og það óskaði, að það næði fram að ganga, og þannig var það flutt hér í hv. d. og afgr. héðan frá d. Þessar breyt., sem gerðar voru á því í hv. Ed., voru að vísu bornar undir mig og ég látinn um þær vita, og ég samþ. þær til samkomulags, til þess að málið fengi að ganga áfram, þó að ég hefði að ýmsu leyti fremur kosið, að frv. hefði fengið að vera í sinni upprunalegu mynd. Ég get verið hv. frsm. n. sammála um það, að þessar breyt. flestar séu ekki ýkja þýðingarmiklar. Þó hafa sumar þeirra nokkra þýðingu. En ég hygg þó, að við þær megi una, og sjálfur hefði ég getað til samkomulags sætt mig við þetta, sem n. vill nú breyta, að hafa stjórnarfyrirkomulag hafnarinnar eins og hv. Ed. hafði hugsað sér. En ef það álízt svo, að það stofni ekki málinu í hættu, að það fari á milli d., þá kýs ég heldur það fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á í brtt. og eins og ákvæðin voru í þessu efni í upprunalega frv., þó að ég muni sætta mig við þetta eins og það er í frv.

Ef þessar brtt. verða samþ. nú, þá er það gert í trausti þess, að frv. verði ekki stefnt í hættu, því að ef því væri stefnt í hættu með því að breyta því nú, teldi ég verr farið en ekki, að brtt. væru samþ. — Annars þarf ég ekki um þessar brtt. að ræða, það hefur verið ýtarlega gert áður. En ég skal aðeins, að gefnu tilefni frá hv. 7. þm. Reykv., frsm. n., og hv. þm. Ak., minnast örlítið á framkvæmdirnar sjálfar. Það er alveg rétt, að það er ekki í frv. sjálfu slegið föstu um það, í hvaða röð framkvæmdirnar skuli gerðar, en þó var eitt af ákvæðunum, sem sett voru inn í frv. í hv. Ed., sem kannske getur orkað tvímælis, eins og bent hefur verið á hér, að hafnartakmörkin, sem til eru tekin í þeim ákvæðum, sem Ed. setti inn, gefa nokkra bendingu um framkvæmd mannvirkjanna, því að þar er tekið fram, að takmörk hafnarinnar skuli ná nokkuð inn fyrir Vatnsnes, en því á hinn

bóginn slegið föstu, hvað þau skuli ná að austanverðu, og tekur það þá einnig til Innri-Njarðvíkur, þannig að frv. gefur til kynna, að möguleikar séu opnir fyrir því, að þar verði unnið einnig og ekki síður en að vestanverðu. Annars var þetta samkomulag, sem gert var við Keflavíkurhrepp, byggt á því að nokkru leyti, að fyrst um sinn gætu stærstu skip, sem þarna koma, sem ætla má í framtíðinni, að muni geta orðið 5 þús. tonn eða þar yfir, verið afgreidd að mestu leyti þar, sem áður hét Keflavíkurhöfn, sunnan á Vatnsnesi, annaðhvort við garð eða bryggju, og þess vegna yrðu hafnarbætur í Njarðvík meir miðaðar við skjól og afgreiðslu fyrir vélbátaflotann, en frekar látnar mæta afgangi framkvæmdir í Njarðvíkum vegna stærri skipa, með hliðsjón af því, að þau gætu fengið sig afgreidd í Keflavík. — Það, sem snýr að vélbátaflotanum, og það, sem höfnin er fyrst og fremst byggð til þess að þjóna, er það að skapa fyrst og fremst öryggi í vondum veðrum. Og þetta verður reynt að uppfylla á sem haganlegastan hátt sem hægt er og án þess að á nokkurn sé hallað. — Ég veit vel um það, að það er ýmislegt reiptog, sem er gamalt fyrst og fremst, á milli Keflavíkurhrepps annars vegar og Njarðvíkurhrepps hins vegar, reiptog, sem m. a. leiddi til þess, að þessi hreppaskipting varð, að Njarðvíkurhreppur var myndaður, sem gert var fyrir fáum árum síðan og m. a. út af þessu máli. En ég hygg, að eftir atvikum megi bæði sætta menn þarna á þessum stöðum innbyrðis og á hvorum staðnum fyrir sig við þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið áætlanir um og framkvæmdir miðaðar við, enda þá út frá því gengið, að reynt verði að koma mannvirkjunum þannig fyrir, að öllum á þessum stöðum geti orðið að því verulegur stuðningur. — Nákvæmar um gerð hafnarmannvirkjanna eða þá skilyrðislausu röð, sem á byggingu þeirra verði höfð, er ekki hægt að segja á þessu stigi málsins, annað en það, að leitazt verður við að leysa þarfir bátaútvegsins á þessum stöðum og þeirra manna, sem að honum standa, á þann heppilegasta hátt, sem hægt verður, bæði tekniskt og fjárhagslega.

Annað hef ég ekki um þetta mál að segja á þessu stigi, en ég treysti því fastlega, að ef brtt. verða samþ. við frv., þá verði það ekki til þess að leggja stein í götu málsins, enda veit ég, að brtt. er ekki fram borin í þeim tilgangi, heldur þvert á móti.

ATKVGR.

Brtt. 704,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 704,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 704,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 704,4 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 101. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A.709).

Á 103. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Á þessu frv. voru gerðar víðtækar breyt. í Nd., og hafa þær farið mjög á annan veg en samkomulag varð um við hlutaðeigandi aðila, er málið var til meðferðar í sjútvn. þessarar hv. d. Ég hef reyndar ekki haldið fund í n., en ég hef rætt málið svolítið við meðnm. mína, og höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að málið hafi spillzt í meðferð hv. Nd. Ég hef talað við hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh., og varð samkomulag um að láta málið ganga fram í trausti þess, að stj. haldi sig í framkvæmdum við samninga þá, sem gerðir voru áður. En meginbreyt. er sú, að ekki verði að framkvæmdum snúið, fyrr en búið sé að afla nægilegs landrýmis fyrir höfnina og það sé komið úr eigu einstaklinga. Tel ég, að ekki eigi að byrja á framkvæmdum fyrr. — Vafasamt er, að brtt. á þskj. 704 geti staðizt, og kann að vera, að hún stríði á móti ákvæðum stjskr.

Við viljum ekki tefja málið, en óskum þess, að það komist fram á þessu þingi. Leggjum við þá til, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

---

55. Hafnargerðir og lendingarbætur.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur (þmfrv., A. 21).

Á 9. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. samgmrh. hefur sent sjútvn. frv. þetta, og er n. sammála um grundvallarsjónarmið frv., en tími hefur ekki unnizt til þess að athuga frv. eins vel og æskilegt hefði verið, sérstaklega 2. gr. þess. Þess vegna hafa sumir nm. áskilið sér rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Eins og sjá má í grg., miðar frv. að því að setja sams konar löggjöf um hafnargerðir og lendingarbætur og um vega-, brúa- og vitagerðir. Upp eru tekin í frv. öll ákvæði, sem varða slík mannvirki, að undanskildum landshöfnum, og öll almenn ákvæði, sem verið hafa í gildi um hafnir og lendingarbætur.

Það þarf ekki að fjölyrða um brýna nauðsyn l. sem þessara. Oft hefur það verið rætt hér á hæstv. Alþ., hve óheppilegt væri að setja sérstök l. fyrir hvert einstakt hafnarmannvirki, en þetta frv. felur í sér heildarlöggjöf. Það er ástæða til þess að fagna því, að samgmrh. skuli hafa lagt frv. fram, og væri æskilegt, að samþ. það á þessu Alþ., og vænti ég, að frv. verði sent til sjútvn.

Ég geri ráð fyrir, að fram komi brtt. og þá sérstaklega við 2. gr., því að þar vantar ýmsar hafnir og lendingarbætur, sem einstakir þm. kunna að hafa áhuga á.

Útbýtt hefur nú verið í d. sérstöku frv. til hafnarl. fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, og teldi ég bezt að fella téð frv. inn í l., og mundi það að sjálfsögðu falla inn í þennan heildarramma. Ég hef borið fram brtt. um, að Sandgerði verði tekið upp í frv. Sandgerði er ein helzta verstöð landsins, en hafnarskilyrði eru þar ekki svo góð sem skyldi. Mér er kunnugt um, að vitamálastjórnin hefur látið gera þar mælingar. Ég hef því borið fram brtt. um, að Sandgerði verði sett inn á c-lið, en þó kæmi til athugunar, hvort það ætti heldur að heyra undir b- eða c-lið, en ég legg til, að þar verði byggð höfn. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að ræða fleira um frv. að sinni, en legg til, að því verði vísað til sjútvn. og 2. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þakka sjútvn. fyrir að hafa lagt frv. þetta fram hér. Frsm. hefur hér á undan lýst frv., og hef ég litlu þar við að bæta. Megintilgangur frv. er að safna saman í eina heild öllum l. þetta varðandi, svo að þau verði aðgengilegri. En í þess stað hefur áður þurft að fá í hvert sinn sérstaka fjárveitingu samþ. til þess að hægt væri að hefja framkvæmdir, og hefur það haft í för með sér fjölda slíkra l. vegna óstöðugs verðlags, þar eð engar áætlanir hafa staðizt nema 1 ár í senn. Sama máli gegnir, ef mannvirkin eru aukin frá því, sem áætlað var í upphafi, og þarf þá ný lagafyrirmæli, en úr þessu á frv. að bæta, og þarf því ekki lagabreyt. til þess að fá styrki eða ábyrgð fyrir mannvirki, sem á annað borð eru komin inn í lögin. Það er nýmæli, en stendur til bóta, að taka upp styrkhæf mannvirki. En vera má, að einhverju þyrfti við að bæta, og væri ég fús til þess að ræða um það við n., ef hún óskaði. Í frv. segir, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem l. gera ráð fyrir, en ekki frekar en veitt er til þeirra í fjárl. Oft er unnið meira en veitt er til í fjárl., og leggur þá staðurinn oft fram fé til bráðabirgða, og væri því ástæða til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að veita þessa heimild rýmri. Upptalningin í 2. gr. er ekki tæmandi, og fleiri staðir gætu komið til greina, en flestir þeir staðir, sem nú eru í hafnarl., eru þó teknir upp í frv. Ég hef orðið þess var, að á þessu Alþ. hafa verið flutt 2 eða 3 frv. um hafnargerðir. Fjöldi slíkra frv. mundi því verða mikill. Hins vegar er hægt að fella þessi frv., sem þegar eru fram komin, inn í ramma frv. — Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, en vildi með örfáum orðum skýra, hvernig málið lítur út frá mínu sjónarmiði, og væri ég fús til að ræða við n., ef hún vildi breyta einhverju varðandi þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 193, 34, 38, 42, 48).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og tekið er fram í frv. á þskj. 21, er það flutt samkv. ósk hæstv. samgmrh. og flutt af sjútvn. þessarar hv. d. Við framsögu, þegar málið var flutt hér í d., var þess getið, að n. hefði ekki haft tækifæri til að athuga málið gaumgæfilega og óskaði því eftir, að það kæmi aftur til n. til athugunar, og hefur sú athugun nú farið fram. N. hefur haldið um þetta mál ekki minna en 8 fundi og rætt það ýtarlega frá öllum hliðum. Það kom strax í ljós, þótt lítið væri breytt út af frá núverandi hafnarl., að það var ýmislegt, sem þurfti að samræma, þegar þessi l. komu öll í einn lagabálk.

Þetta frv., eins og það kemur fram á þskj. 21, er samið af mþn. í sjávarútvegsmálum, og ber brýna nauðsyn til þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, til þess að fyrirbyggja allan þann fjölda af lendingar- og hafnarbótafrv., sem drífur að á hverju þingi. Þess er því að vænta, að þessu máli verði hraðað svo, að það geti fengið afgreiðslu áður en þessu þingi er lokið. Sjútvn. hefur gert nokkrar breyt. á frv., eins og sést á þskj. 193, en þó er þetta meira til lagfæringar og samræmingar en að það séu raunverulegar efnisbreytingar.

Skal ég nú fara nokkrum orðum um hverja breyt. fyrir sig. Fyrsta breyt., sem kannske er veigamest, er það, að n. leggur til, að aðeins séu hafðir 2 flokkar í staðinn fyrir 3 í frv. Fyrsti flokkur í hafnarl. er þannig, að ríkissjóður leggur fram ⅓, í 2. flokki ⅖ og í 3. flokki ½. Nú skiptist þetta á sínum tíma þannig, að ⅓ var aðeins ætlaður kaupstöðum. Alþ. sjálft hefur brotið þessa reglu og farið inn á að veita kaupstöðum ⅖, þ. e. Akranesi, Neskaupstað og Ólafsfirði. Að vísu hefur verið veitt ⅖ til þessara staða áður en þeir urðu kaupstaðir, en síðan hefur farið fram hækkun og hlutfallið látið halda sér eins og það var áður. N. telur ekki rétt að binda framlagið við það, hvort staðurinn er kaupstaður eða eitthvað annað, það sé um svo fáa staði að ræða, að það sé rétt að hafa aðeins 2 flokka og halda sig við ⅖, enda munar þetta ríkissjóð ekki miklu, þótt farið verði inn á þá leið, og alls engu, ef samþ. verða aðrar brtt., sem n. leggur til, að verði samþ. í sambandi við þetta frv. Með þessum till. raskast að sjálfsögðu einnig flokkunin nokkuð frá frv., eins og sést hér á 2. gr. Þar er bætt við undir a-lið öllum þeim höfnum, sem voru undir b-lið í frv., og nokkrum öðrum höfnum, sem fluttar hafa verið til úr c-lið frv., og skal ég koma að þeim. Borgarnes er flutt úr c-lið frv., þar sem það átti að fá helming, yfir í flokk, sem ætlazt er til, að fái ⅖. N. lítur svo á, að ef Borgarnes ætti að takast upp í helmingsframlag, þá ætti einnig að taka marga aðra staði, sem nú eru flokkaðir undir a-lið á þskj. 193, svo sem ýmsa staði á Vesturlandi og Austurlandi, og telur, að það mundi verða til þess, að þeir menn, sem gæta hagsmuna þessara staða, gerðu till. um að færa þessa staði inn á helmingsflokkinn, auk þess sem í Borgarnesi mun vera búið að gera svo mikið að hafnarbótum, að ekki er ástæða til þess, að það fari upp í þennan flokk. Það er sama með Hólmavík. N. getur ekki fallizt á, að sérstök ástæða

sé til að hafa Hólmavík í lendingarbótaflokki, heldur flytur hana upp í a-flokk á þskj. 193, því að þar mun vera um líka aðstöðu að ræða og hjá fleiri höfnum, sem settar hafa verið í þennan flokk, en voru í b-flokki frv. á þskj. 21. Þriðji staðurinn er Höfn í Hornafirði. Hann er í frv. í flokki lendingarbóta. Sjútvn. álítur, að hann eigi einnig að fara í a-flokk í frv., eins og ætlazt er til, að það verði, með tilliti til þess, að hér er um stórvægilegar framkvæmdir að ræða, og telur, að þær framkvæmdir verði ekki gerðar með venjulegum ákvæðum um lendingarbætur, heldur verði að gera sérstakar ráðstafanir til slíkra framkvæmda, og þar til það sé gert, eigi þessi höfn að vera í þeim flokki. Hið sama er að segja um Ingólfsfjörð á Ströndum. Um hann munu raunverulega engin l. vera til, eins og er, en þar er komin upp hafskipabryggja, að vísu í einkaeign, en ekki er búizt við, að þar þurfi sérstök átök til að koma upp hafnarmannvirkjum. Þess vegna er eðlilegt, að hann verði einnig settur í a-flokk. Það hefði einnig verið raunverulega rétt að setja Þorlákshöfn í þennan flokk, en hún er eins og stendur nú í lendingarbótal., og það þótti ekki rétt að færa hana þaðan að svo stöddu, fyrr en vitað væri, hvað yrði gert um þann stað, enda kemur það af sjálfu sér, ef síðasta till. n. verður samþ., eins og lagt er til í þessu nál. Það hafa hins vegar verið teknar upp í þennan flokk allar þær till., sem liggja fyrir nú á Alþ. frá hinum ýmsu þm., eins og þeir hafa flokkað þær sjálfir í frv. sínum. Þó vil ég geta þess, að síðan frv. kom úr n., hefur verið minnzt á það við mig, að það þyrfti að bæta inn í b-lið einni höfn, Salthólmavík, og mun n. taka þetta til athugunar fyrir 3. umr. Ég vil minnast á það, áður en ég fer lengra út í þetta mál, að við 1. gr. er ætlazt til, að komi brtt. undir a-lið, en þetta er aðeins umritun á orðalagi, sem breytir ekki í neinu efni sjálfs frv. B-liður er ætlazt til að breytist þannig, að það sé ekki gert að skilyrði við lántöku, að lán sé tekið gegnum Landsbankann, vegna þess að reynslan hefur sýnt, að erlend fyrirtæki hafa byggt hér hafnir og lánað til þess fé, en hafa miðað viðskipti sín við aðra banka en Landsbankann. Ef það er bundið í l., að þessi viðskipti skuli fara gegnum Landsbankann, yrði að greiða honum aukakostnað fyrir að vera milliliður. Þetta er óþarfa milliliður, þegar þannig stendur á. N. hefur því lagt til, að þessu verði breytt þannig, að ef slík lán eru tekin erlendis, skuli það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til. En það er þess vegna, að þetta hefur komið inn, að fyrr á tímum mun það hafa skeð, að einstaklingar hafi leitað eftir lánum og félög, með ábyrgð ríkissjóðs, og er það óþægilegt og óviðeigandi, og hygg ég, að ef þessi brtt. yrði samþ., þá nái það tilgangi sínum, án þess að íþyngja í útgjöldum viðkomandi höfnum. Við a-lið er ætlazt til, að bætt sé þurrkvíum, krönum og innsiglingarmerkjum. Það eru þessi þrjú verkfæri, sem ætlazt er til, að styrkur nái til. Það er sjálfsagt, að styrkur nái til þurrkvía. Hefur það verið sett inn í hafnarl. fyrir Reykjavík, að hann skuli ná til þurrkvía, og þá er einnig sjálfsagt, að hann nái til krana, sem eru mikið notaðir við hafnarmannvirki. Við skulum hugsa okkur, að eitthvert hafnarmannvirki láti vinna fyrir eina millj. kr., þá er eðlilegt, að það mætti nota þetta fé, bæði lánið og styrkinn, til þess að kaupa fyrir verkfæri, sem nota á við bygginguna, og mundi það að sjálfsögðu gera bygginguna miklu ódýrari. Svo eru innsiglingarmerki, meðal annars á hafnargarða, sem er sjálfsagt, að styrkurinn nái einnig til. Ef höfnin lætur gera slík innsiglingarmerki, er sjálfsagt, að ríkissjóður byggi þau eins og hverja aðra vita.

Svo er hér einnig nýr liður við 2. gr., svo hljóðandi: „Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þús. kr., skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar gr. og fá eftir það styrk og ábyrgð samkv. því.“ Þetta er nýmæli og afar mikil efnisbreyting. Sannleikurinn er sá, að þegar samþ. hafa verið hér á Alþ. l. um lendingarbætur, þá var það raunverulega ætlunin að hjálpa smærri stöðum, sem ekki gátu undir neinum kringumstæðum byggt sig upp nema með stórkostlegri hjálp. Enda hefur það sýnt sig, að urmull af stöðum úti á landi er kominn undir þennan lagabálk. Nú var það aldrei ætlun Alþ. á þeim tíma, sem þetta kom inn, að hægt væri að byggja slíka staði upp, ef það kostaði milljónir. Það hlýtur að falla undir annað en lendingarbætur, það hlýtur að falla undir flokk mála, sem heitir hafnargerðir. Þess vegna hefur n. viljað láta takmarka þetta við vissa upphæð og hefur orðið sammála um að setja inn upphæðina 800 þús. kr., og á það við, að allt mannvirkið kosti 800 þús. kr., en ekki aðeins sá hluti, sem ríkissjóður leggur fram. N. hefur einnig orðið sammála um, að þetta skuli reiknað frá þeim tíma, er l. ganga í gildi, þar sem ekki er eðlilegt að láta l. verka aftur fyrir sig. Verði þessi gr. samþ., þá veltur kannske ekki mikið á því, hvernig flokkunin er gerð milli þessara tveggja flokka, a. m. k. ekki svo mjög á því, þó að ekki séu fyrir fram gerð stærri mannvirki en lendingarbótaflokkur gerir ráð fyrir, vegna þess að það takmarkast af sjálfu sér við þessa upphæð. Verði hins vegar ekki samþ. þessi till. n., hefur það mikla þýðingu, hvort höfn er í flokki lendingarbóta eða í hafnargerðaflokki.

Þá er hér brtt. við 9. gr., þannig að það er gert ráð fyrir því, að það megi taka árleg gjöld af hafnarmannvirkjum, „ef þau standa á lóðum hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða njóta hlunninda af hafnargerðinni.“ En það eru til töluvert margir staðir, þar sem einstaklingar eiga bryggjur og önnur hafnarmannvirki enn þá. Hefur því þótt rétt að setja hér inn, að þetta ætti að gera framvegis, ef þau standa á lóðum hafnarinnar eða lendingarbótasjóðs. Hins vegar þykir n. ekki rétt, að leyft verði að taka gjöld af hafnarmannvirkjum einstaklinga, ef þau standa ekki á lóð hafnarinnar og njóta ekki neinna hlunninda af þeim framkvæmdum, sem höfnin hefur látið gera. Fyrir það er þessi brtt.

komin inn. — Svo er gert ráð fyrir, að einnig við þessa gr. komi tvær nýjar málsgr., önnur þannig, að af hafnarmannvirkjum einstaklinga eða félaga megi engin önnur gjöld taka í hafnar- eða lendingarbótasjóð, án samþykkis hlutaðeiganda, en náist ekki slíkt samþykki, sé aðila skylt að láta mannvirkin af hendi samkv. ákvæðum 4. gr. þessara l. Reynslan hefur sýnt það, að hörð átök eru á milli hafnarsjóðs og einstaklinga, sem eiga hafnarmannvirki. Á Patreksfirði er t. d. eina hafnarmannvirkið í einstaklingseign. Þegar það var fyrst ákveðið í hafnarl., að hafnarsjóði væri heimilt að taka hafnargjöld af þeim mönnum, sem áttu mannvirki, þá komu mótmæli fram frá eigendum, þar eð gjöld þessi hefðu orðið um 30—40 þús. kr. Stjórnarráðið breytti svo löggjöfinni í þessu atriði vegna mótmælanna. N. taldi, að ef ekki væri hægt að ná samkomulagi, skyldu einstaklingar láta mannvirkin af hendi. Með samþykkt þessarar gr. er reynt að þræða milliveg. 2. liður hér leyfir að innheimta gjöld, þegar byrjað er á mannvirki, og er það eins og í öðrum lögum.

Í 14. gr. stendur: „Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.“ Hér er farið fram á, að halda skuli reikning alltaf, en ekki einu sinni á ári.

Aftan við 14. gr., þar sem sagt er, að tekjur og gjöld hafnarsjóðs skuli færast á sérstök eyðublöð, komi: Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum. — Þannig getur rn. fylgzt með fjárhag hvers hafnar- og lendingarbótasjóðs um allt landið, og er þetta nauðsynlegt til þess að ákveða framlög til mannvirkja. Ætlazt er til, að aftan við 14. gr. komi ný gr., sem verði 15. gr., og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú eru eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs svo miklar, að þær geta að dómi ráðuneytisins staðið undir nauðsynlegum framkvæmdum nýrra hafnarmannvirkja, auk rekstrargjalda, og ber þá ríkissjóði ekki að greiða styrk til framkvæmdanna né ábyrgjast lán til þeirra.“

Ég get hugsað, að mönnum finnist við fyrsta lestur þessarar gr., að hér sé ekki farið inn á rétta braut, en við nánari athugun er þetta rétt. Það er alltaf skilyrði til hafnar- og lendingarbóta, að ráðuneytið samþ. mannvirkin. Ef hafnarsjóðir þurfa ekki að leita til ríkissjóðs um fé, þá mun fjvn. ekki fara að veita fé til þeirra né heldur, ef framkvæmdir eru óþarfar. Þá má benda á það, að hér í Reykjavík hefur Alþ. ekki séð sér fært að styrkja höfnina, vegna þess að það telur, að hún hafi svo miklar tekjur, að hún þurfi ekki á opinberu framlagi að halda. Og margir staðir munu í framtíðinni geta staðið undir sér, og er þá ekki rétt að veita þeim lán.

Ég vil í þessu sambandi aftur vitna til þess, að ríkisstj. hefur gefið upp, að nú sé unnið fyrir um 11 millj. kr. að hafnarframkvæmdum, og á þessu ári eru kröfur um 16 millj. kr. Þörfin er mjög mikil. Þetta markast bæði af þörfinni og svo því, að hafnirnar eru prýðileg fjárhagsleg fyrirtæki, þegar búið er að koma þeim upp, og hefur reynslan sýnt það.

Ég vil svo að lokum benda á það, að sjútvn. hefur farið fram á eitt nýmæli í sambandi við 2. gr., nefnilega það, að Elliðaárvogur verði gerður að sérstakri höfn, en hann er í hafnarlandi Reykjavíkur, en n. vill gera þetta vegna þess, að þessi staður hefur verið ákveðinn af Alþ. sem skipasmíðastöð og þurrkví, og sérstakt framlag er veitt til þeirra mannvirkja. Ef hafnarl. fyrir Reykjavík verða felld úr gildi, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá er einnig burt felld skylda ríkisins um $\frac{2}{5}$ hluta framlag til hafnarmannvirkja.

Ég tel hins vegar rétt, að Elliðaárvogur fái framlag, vegna þess, að sá staður kemur ekki til með að fá neinar tekjur í náinni framtíð. Ef þetta yrði samþ., þá mundu framkvæmdir þarna komast í gang, en þá yrði um leið að skipa sérstaka hafnarstjórn og bókhald, og sé ég ekkert á móti því. Nú hefur fram komið beiðni um tveggja millj. kr. framlag til Elliðaárvogs móti þriggja millj. kr. framlagi frá Skipanaust h/f.

Ég hef þá skýrt brtt., sem sjútvn. hefur gert við frv., og vonast ég til, að hv. deild fallist á till. og málinu verði hraðað úr d., svo að hægt verði að semja heildarl. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þess var getið, þegar frv. kom fyrst fram, að sú leið hefði verið valin að flytja frv. mþn. óbreytt án þess að koma fram með nokkrar brtt. við það. Mér kemur þess vegna ekki á óvart, þó að hv. sjútvn. hafi gert á því breyt. Það er ljóst, að málið þarfnast nákvæmrar athugunar, enda sat mþn. lengi með málið og hv. sjútvn. hefur haft það til meðferðar á 8 fundum.

Ég vil þá með örfáum orðum segja álit mitt á brtt. þeim, sem fram hafa komið frá n. — Fyrsta brtt. a. er við 1. gr. frv. Ég hafði eftir viðtali við n. haldið, að ráðuneytinu væri heimilt að ábyrgjast hærra fjármagn en ákveðið er á fjárl. í hvert og eitt skipti. En eins og orðalagið er þarna, er mér ekki ljóst, hvort n. er á þeirri skoðun, að þetta eigi að vera svona. — Um b-lið í 1. brtt. er það að segja, að það er aðeins orðalagsbreyt., e. t. v. heppilegri. Um c-liðinn er það að segja, að hann er nýmæli, því að þar er víkkuð nokkuð heimild til þeirra mannvirkja, sem styrkhæf þykja, þar sem upp eru teknar uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar o. s. frv.

Þá er 2. gr. Við hana hefur verið gerð sú veigamikla brtt., að aðeins séu tveir flokkar. Þetta getur komið til með að baka ríkinu aukin útgjöld, en mun annars verða heppilegra fyrirkomulag. Um skiptinguna í flokkana má auðvitað alltaf deila, en þó er það nýmæli aftast í brtt., þar sem segir: „Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, fram yfir 800 þús. kr., skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þess-

arar gr. og fá eftir það styrk og ábyrgð samkv. því.“ — Þetta er stór kostur, og þarf þá ekki um að deila, ef aðeins er samkomulag um að halda markinu ákveðnu.

Sum atriði hjá n. eru þó óljós, eins og t. d. með Elliðaárvog, þar sem tekin er upp höfn innan í annarri höfn. Þetta getur haft eina mikilvæga breyt. í för með sér, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. Svo getur farið, ef síðasta brtt. n. verður samþ., að Reykjavíkurhöfn fengi ekki til sinna framkvæmda eins og henni ber skv. 2. gr. frv., vegna þess hve auðug hún er. Þetta yrði gott í því tilfelli, að byggð yrði skipasmíðastöð, dráttarbraut o. fl. þarna innfrá. Það hefur verið um það deilt, hvar þessi mannvirki yrðu sett, en þetta gæti ráðið úrslitum um það, og yrði þá Elliðaárvogi veittur fullur styrkur. Mér virðist, að dæmið gæti legið svona fyrir, ef brtt. n. yrði samþ.

Ég bendi á það til athugunar, að hafnarstjórnin í Reykjavík hefur látið gera kostnaðaráætlun um mannvirkin í Elliðaárvogi. Það eru náttúrlega stór mannvirki, sem standa fyrir höndum á þessum stað, þó að hann sé sakleysislega kallaður Elliðaárvogur við Reykjavík og sé höfn innan í annarri höfn.

Að öðru leyti hef ég ekki nema gott um þessar brtt. að segja, nema brtt. við 9. gr. Ég er ekki alveg viss um gildi þeirrar brtt., fremur en þeirra, sem ég nú nefndi. Sú brtt. er um afstöðu einkamannvirkja til hafnarstjórnar og skattaálagningu á þeim hafnarmannvirkjum innan hafnarinnar. Samkv. brtt. n. á að bæta aftan við 3. málsgr. 9. gr. nýrri málsgr. eða parti úr málsgr., þannig að málsgr. verði eftir það svo: „Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt gjald skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.,“ — eins og mgr. er nú í frv., og svo komi: „ef þau standa á lóðum hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða njóta hlunninda af hafnargerðinni, svo sem vegna byggingar hafnargarða, dýpkana eða annarra hafnarmannvirkja.“ Þetta finnst mér út af fyrir sig eðlilegt ákvæði, og hefur því verið beitt nokkuð við setningu hafnarreglugerða, eða hefur verið haft til hliðsjónar um það, er óhætt að segja, — ekki þannig, að sett hafi verið ákvæði, sem gera ráð fyrir, að hafnarmannvirki einstaklinga séu innan takmarka annarra hafna, eins og undir þessum kringumstæðum, heldur hefur þannig venjulega verið sett sama bryggjugjald eða vörugjald á þau mannvirki, eins og um opinber hafnarmannvirki væri að ræða. Og þá hefur verið reynt að hafa það sjónarmið að láta ekki aðra greiða þessi gjöld en þá, sem nytu einhverra hlunninda þess opinbera aðila á staðnum, hafnarsjóðs. Þetta sjónarmið hefur þó verið brotið, og það hafa verið sett bæði bryggjugjöld og vörugjöld á einkabryggjur, sem engra slíkra fríðinda njóta. Hefur það verið gert samkv. eldri úrskurðum frá atvmrn. Og er það þá sennilega byggt á því, að sá opinberi aðili á staðnum, hafnarsjóður, leggi einstaklingnum til aðstöðuna, leguna, sem sé þá sameign allra íbúanna á staðnum, en hann njóti í fyllra mæli en þeir. En gott væri að setja um þetta ákveðnar reglur, og ég hef látið það í ljós við ráðuneytið sem vitamálastjóri á sínum tíma, að ég tel það sanngjarnt viðmiðunarskilyrði, að eigandi einstaklingsmannvirkis til hafnarbóta nyti einhvers góðs af opinberum framkvæmdum hafnarmannvirkja á staðnum, t. d. vegna dýpkunar, brimbrjóts, leiðarljósa eða annars slíks, áður en hann færi að borga árlegt afgjald af hafnarmannvirkjum sínum.

En svo er b-liður 3. brtt. sjútvn. um, að á eftir 3. málsgr. komi tvær nýjar málsgr. um það, að af hafnarmannvirkjum einstaklinga eða félaga megi engin önnur gjöld taka en þau, sem hlutaðeigendur samþykki, í hafnar- eða lendingarbótasjóð. Þetta þýðir þá það, að það megi ekki leggja á þessi mannvirki einstaklinga eða félaga nein vörugjöld né bryggjugjöld, ekkert nema eitt fast árlegt gjald, sem eigandi þarf ekki sérstaklega að samþ., en til þess að leggja á önnur gjöld en þau, sem þarna eru nefnd, þarf samkv. brtt. samþykki eiganda mannvirkisins, sem er gefið, að í flestum tilfellum mun ekki fást, þegar um aukin gjöld hjá honum er að ræða.

Um 4. brtt. hef ég ekkert að segja. Það virðist vera eðlileg brtt.

En svo er 5. brtt., sem segir, að á eftir 14. gr. komi ný gr., sem verði 15. gr., þannig: „Nú eru eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs það miklar, að þær geta að dómi ráðuneytisins staðið undir nauðsynlegum framkvæmdum nýrra hafnarmannvirkja, auk rekstrargjalda, og ber ríkissjóði þá ekki að greiða styrk til framkvæmdanna né ábyrgjast lán til þeirra.“ — Þetta hefur nokkuð til síns máls og er kannske eðlilegt ákvæði. En ég er hræddur um, að það verði erfitt fyrir ráðuneytið að skera úr um það, eftir hvaða reglum á að fara til þess að ákveða, hvort viðkomandi hafnar- eða lendingarbótasjóður í hvert sinn, sem um er að ræða, getur staðið undir þeim framkvæmdum, sem hann hefur með höndum. Á ráðh. eða ráðuneytið að ákveða það eftir rekstraryfirliti eða að færa líkur fyrir því, að viðkomandi aðili geti staðið undir lánum til nauðsynlegra framkvæmda nýrra hafnarmannvirkja eða framkvæmt þau á líkan hátt? Þetta hefði verið æskilegt, að hefði verið greinilegar orðað. En meininguna sjálfa finnst mér hægt að fallast á, því að hún stefnir í rétta átt. En þó verður þetta að nokkru leyti einfaldara í framkvæmd, vegna þess að það verður náttúrlega fjvn., sem á hverjum tíma kemur til með að ákveða, hvort styrkur er veittur til viðkomandi staða í þessu efni. Og þá verður það fjvn., en ekki ráðuneytið, sem gerir það upp, hvort þessi eða hinn aðili hverju sinni skuli fá styrk til slíkra framkvæmda eða ekki, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hér sé átt við það, að ráðuneytið eigi að neita að borga styrk til þess konar framkvæmda, sem fjvn. hefur samþ. að veita, heldur ef styrkurinn er til slíkra framkvæmda kominn inn í fjárl. til einhvers staðar eftir athugun á öllum aðstæðum þar, þá verði það fé greitt út af rn. eins og fjárl. segja til um. Og þá hefði átt að standa í þessari gr., að það væri að dómi Alþ., en ekki að það væri ráðuneytisins að meta efnahagsástæður viðkomandi hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

Ég vil svo aðeins ljúka máli mínu með því að þakka hv. sjútvn. fyrir það augsýnilega mikla verk, sem hún hefur lagt í að afgr. þetta mál, og fyrir það, hve rækilega hún hefur farið í gegnum það. Brtt. við frv. eru sízt meiri en ég hafði búizt við. Margar þeirra voru nokkuð orðaðar við 1. umr. málsins og komu mér því ekki á óvænt. Hitt er annað mál, að alltaf geta orðið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvernig ýmsar þessara hugsana, sem vakað hafa fyrir hv. n. og öðrum, eiga að klæðast í búning til þess að koma sem skýrast fram.

Ég hef aðeins látið í ljós mínar efasemdir viðkomandi ákvæðunum um Elliðaárvog og brtt. við 9. gr. frv. Ég vildi óska skýringa við a-lið 3. gr. En að öðru leyti er ég brtt. samþykkur.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég tel, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé til mikilla bóta frá því, sem verið hefur, og ber að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að beita sér fyrir flutningi frv.

Einnig geri ég ráð fyrir, að meginhluti þessara brtt., sem hv. sjútvn. flytur, sé til bóta, þó að álitamál kunni að vera um einstakar þeirra. Það er þá sérstaklega 5. brtt., sem ég vildi fara um nokkrum orðum. Það má segja, að að svo miklu leyti sem hafnar- eða lendingarbótasjóðir geta staðið undir áframhaldandi aukningu hafnarmannvirkja, þá sé óþarft, að ríkið veiti til þess fé. En þá er það fyrsta, hver eigi að skera úr þessu, hvort vert sé að veita fé til þessa eða hins aðila eða ekki. Ég get ekki betur séð, eftir því sem 5. brtt. hljóðar, en að það sé ráðh. hverju sinni, sem eigi að skera úr um það, en ekki Alþ. Þetta virðist mér ákaflega ósanngjarnt að taka úrskurðarvaldið þannig af Alþ. í þessu efni og fá það ráðh. Mér sýnist hitt miklu eðlilegra, að hafa það eins og hv. þm. Barð., frsm. n., sagði, að þetta hefði verið haft, þannig að Alþ. léti þær hafnir sitja á hakanum um aðstoð, sem bezta hafa aðstöðuna. Og Alþ. á að vera vel treystandi til þess. Og það mætti þá hafa fyrirkomulag um það eitthvað svipað og í þessu frv. er gert ráð fyrir, ef menn telja það rétt. En það verður að vera Alþ., en ekki ráðh. hverju sinni. Nú treysti ég að vísu vel þeim hæstv. ráðh., sem fer með samgöngumálin í bili. En bæði er það, að traust manna á ráðh. yfirleitt er misjafnt, hver sem er í ráðherrastóli, og svo geta mannaskipti orðið hvenær sem er. Ég vil því beina því til hv. n., hvort það sé ekki ætlun hennar, að úrslitavaldið um þetta sé hjá Alþ., en ekki ráðh., og ef svo er, að koma þá með nýjar brtt. um það á milli umr. Ég hygg, að þetta hafi ekki verið skoðað svo ofan í kjölinn sem skyldi.

Hitt er líka fullkomlega álitamál, hvenær höfn er þess umkomin að standa undir nauðsynlegum aukningum á hafnarmannvirkjum. Hv. þm. Barð. gat sérstaklega um Reykjavíkurhöfn í þessu sambandi. Rétt mun það að vísu vera, að í Reykjavíkurhöfn hafa verið gerð stórfenglegri hafnarmannvirki en annars staðar á landinu og að hafnarsjóður hefur staðið undir þeim öllum nema 400 þús. kr. í upphafi, sem ríkið lagði fram. En því ber ekki að neita, að þó að hafnarsjóður hafi staðið undir áframhaldandi stækkun hafnarinnar, þá hefur oft skort fé til þess, að þessum áframhaldandi mannvirkjum gæti verið haldið áfram með þeim hraða, sem æskilegt hefði verið. Og t. d. nú eru svo mörg mjög aðkallandi verkefni, sem leysa þarf innan Reykjavíkurhafnar, þeirrar gömlu Reykjavíkurhafnar, að þó að ég efist ekki um, að hafnarsjóður geti lokið þeim öllum áður en lýkur, þá býst ég við, að það muni dragast miklu lengur en æskilegt er vegna atvinnulífsins í landinu í heild, ef útilokað er, að ríkið styrki þau. Það er þess vegna hér um að ræða æskilegan hraða í framkvæmdum, og honum verður ekki náð, nema hafnarsjóður fái yfir meira fé að ráða en hann sjálfur hefur aflögu. Og þess vegna taldi ég það vera ákaflega óheppilegt, ef setja ætti lagafyrirmæli, sem útilokuðu, að Reykjavíkurhöfn fengi styrk frá ríkinu. En þar sem í brtt. segir, að ef hafnar- eða lendingarbótasjóðir geti staðið undir nauðsynlegum framkvæmdum nýrra hafnarmannvirkja, þá beri ríkissjóði ekki að greiða styrk til framkvæmdanna o. s. frv., þá tel ég, að þessi brtt., þó samþ. væri, útiloki það alls ekki, að Reykjavíkurhöfn gæti fengið styrk í þessu efni eins og aðrir staðir. Og hef ég þess vegna ekki út af fyrir sig á móti þessu fyrirkomulagi. Það er einungis sú skýring, sem hv. frsm. n. gaf, sem ég tel algerlega rangláta, að taka Reykjavíkurhöfn sem sérstakt dæmi í þessu tilfelli, þar sem vitað er, að framkvæmdir, sem hér standa fyrir dyrum, hljóta að tefjast mjög óheppilega, ef ríkissjóður stendur ekki undir þeim með hafnarsjóði. Ég beini því til hv. frsm. sjútvn. og hæstv. samgmrh., að jafnvel þó að sett væru einhver fyrirmæli um það, að hafnir, sem væru betur staðar en aðrar, fengju ekki beint framlag úr ríkissjóði, þá getur það verið bæði óheppilegt og óeðlilegt að meina ríkissjóði að ganga í ábyrgð fyrir lánum, sem tekin eru til slíkra hafnargerða. Segja má að vísu, að þessi brtt. meini ekki slíka ábyrgð. En þá þarf að flytja sérstakt lagafrv. um ábyrgð í hvert sinn. Hitt væri miklu eðlilegra, að sundurskilja styrkveitingar samkv. frv. og ábyrgðarheimildir. Og mér skilst, að ef 5. brtt. n. verður samþ. á þann veg, sem n. leggur til, þá þurfi að breyta henni að þessu leyti og veita rífari heimildir til ábyrgðar en gert væri með þessari gr., ef samþ. væri eins og brtt. hljóðar. Og það væri þá samgmrh. og fjmrh., sem ættu að skera úr um það — það væri eðlilegast, að það heyrði undir þeirra verksvið —, hvort skilyrði eru hverju sinni til ábyrgðarveitingar. Og ég vona, að hv. þdm. sé ljóst, að jafnvel þó að Alþ. einhverju sinni teldi ekki ástæðu til að styrkja höfn með beinum fjárframlögum, þá getur verið fullkomin sanngirni í því, að það veiti ábyrgðarheimild til hafnarframkvæmda í þeirri höfn. Þessu vildi ég beina til hv. n. og hæstv. samgmrh. til athugunar.

Þá hafa orðið hér nokkrar umr. um höfn í Elliðaárvogi. Ég verð nú út af fyrir sig að harma það, að hv. þm. Barð. skyldi nota þessar brtt. til þess að vera með hnútur í garð hafnarstj. og bæjarstj. Reykjavíkur um það, að þær hefðu staðið á móti hafnargerð inni í Elliðaárvogi, þrátt fyrir fram rétta hönd hæstv. Alþ. Ég vil algerlega mótmæla því, að það sé rétt, að

hafnarstj. og bæjarstj. Reykjavíkur hafi staðið á móti þessum framkvæmdum. Enn sem komið er hafa bæði hafnarstj. og bæjarstj. gert sitt til þess að hrinda þessum framkvæmdum áleiðis. Hitt er svo annað mál, að hvorki bæjarstj. né hafnarstj. hafa talið það verjandi að ráðast í framkvæmdir þarna innfrá, fyrr en lokið væri heildaráætlunum um þessi mannvirki. Og eins og hæstv. samgmrh. sagði áðan, er þessum áætlunum nú lokið. Þær voru í fyrsta skipti lagðar fyrir hafnarstjórnarfund s. l. laugardag. Ég hafði séð þær örfáum dögum áður. Og þær áætlanir eru nú svo stórfelldar, að — eins og hæstv. samgmrh. gat um, — gert er ráð fyrir, að þau mannvirki, sem þar eru teiknuð, kosti milli 40 og 50 millj. kr. En í þeirri áætlun er sleppt úr ýmsu, sem hafnarstj. taldi, að mundi kosta um 15 millj. kr., lauslega áætlað. Og þá erum við komnir með þessa kostnaðaráætlun á milli 60 og 70 millj. kr. Ég er nú algerlega leikmaður í þessum efnum, og skal ég ekki dæma um, hvort þessar áætlanir eru réttar eða ekki. Og m. a. þess vegna gerði ég það að till. minni á hafnarstjórnarfundinum að senda þessar áætlanir til mþn., sem í upphafi kom með till. um þessa skipasmíðastöðvarbyggingu við Elliðaárvog, til þess að það yrði athugað af þeirri n. og hún léti álit sitt í ljós um þessar áætlanir. Eins gerði ég ráð fyrir, að þær yrðu sendar vitamálastjóra til athugunar. En það hefur tekið alllangan tíma að gera þessar áætlanir og teikningar. Og ég vonast til þess, að hv. þdm. geri sér það ljóst, að það er ekki vegna neinnar tregðu hjá hafnarstj. eða bæjarstj. Reykjavíkur, að ekki er byrjað á þessu mannvirki, fyrr en áætlun er til um það. Og vissulega eru þessar áætlanir um kostnað svo stórfelldar upphæðir, að þær hljóta að gefa manni ástæðu til þess að athuga, hvernig eigi að afla fjár til þessara miklu framkvæmda, áður en í þær er ráðizt. Hv. þm. gat um það, að samþ. hefðu verið lög á Alþ. 1943 um Elliðaárvog, sem reyndar eru góðra gjalda verð. Með leyfi hæstv. forseta stendur í 1. gr. þeirra l.: „Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstj. hefur samþ., þegar fé er til þess veitt í fjárl., allt að 2 millj. króna, gegn ⅜ frá hafnarsjóði Reykjavíkur.“ — Það má segja, að hæstv. Alþ. hafi sýnt málinu velvilja með þessu. Hitt er ljóst, að ef þessar áætlanir, sem fram hafa verið lagðar, ná nokkurri átt, sem ég er ekki fær um að dæma, þá er fyrirheit um 2 millj. kr. fjárveitingu, sem ekki einu sinni er búið að veita á fjárl., nokkuð, sem hrekkur skammt upp í kostnað við framkvæmdir þarna, sem að lokum er gert ráð fyrir, að muni kosta 60—70 millj. kr. — Þó að þetta komi setningu þessara l. ekki sérstaklega mikið við, vildi ég upplýsa þetta hér, að gefnu tilefni frá hv. þm. Barð., sem mér fannst að ástæðulausu fara að hnýta í bæjarstj. Reykjavíkur í þessu sambandi. Hitt verð ég svo að segja, að þó að ég geti fallizt á það með hæstv. samgmrh., að að vissu leyti sé óeðlilegt, að Elliðaárvogur sé sérstaklega talinn hér upp, þá finnst mér þar vera um svo sérstök mannvirki að ræða, að ég skil fyllilega, hvers vegna hv. n. hefur tekið þau hér sérstaklega. Og síður en svo tel ég varhugavert, þó að skipasmíðastöð þar innfrá hefði sérstakan fjárhag, ef til kemur. Og ég teldi það eðlilegt og æskilegt. Hitt er annað mál, sem sett yrðu reglugerðarákvæði um, hvort sett yrði sérstök hafnarstj. yfir hafnargerð í Elliðaárvogi. Ég teldi rétt að hafa sömu hafnarstj. fyrir allan bæinn.

Þangað til ég kem auga á glögg rök á móti því að taka Elliðaárvog sérstaklega upp í l., mun ég vera með brtt. hv. n. um það. Ég tel það vera eðlilegast. Og ég óttast ekki svo mjög sem hæstv. samgmrh., að nafnið Elliðaárvogur í þessum l. muni gera út um það, hvort endanlega verður ráðizt í þau hafnarmannvirki, sem ráðgerð hafa verið þarna innfrá, og hvort þau verða sett þar eða annars staðar í Reykjavíkurhöfn. Það verður auðvelt að leita um það álits sérfræðinga nú, eftir að þessar áætlanir liggja fyrir og málið er komið á nokkuð fastan grundvöll til umr. Því að þá verður að leita álits hinna fróðustu manna um það, hvort ráðlegt sé að hefjast handa um þessar framkvæmdir þarna innfrá eða breyta til og reyna að hrinda nauðsynlegum framkvæmdum af stað inni í sjálfri Reykjavíkurhöfn, þ. e. við aðalhöfnina. Og þá yrði sá staður auðvitað valinn áður en lýkur, sem hagkvæmastur þykir, þegar öll atvik koma til greina. Enda er það svo, eins og ég hef bent á hér áður, að l. banna alls ekki, ef brtt. n. verður samþ. um nýja 15. gr., að mannvirki innan Reykjavíkurhafnar séu styrkt af ríkissjóði, jafnvel þó að hv. þm. Barð. taki Reykjavík sem dæmi um stað, sem sízt þyrfti á styrk að halda. En ég held, að þessi skipasmíðastöð sé svo sérstaks eðlis, að það sé eðlilegt að halda styrkveitingu til hennar út af fyrir sig og utan styrkveitingar til Reykjavíkurhafnar. Á það get ég fallizt og mun greiða atkv. með brtt. hv. sjútvn. um þetta, ef ekki gefst sérstakt tilefni til að breyta þeirri ætlan minni.

Þá hjó ég í það, að hv. þm. Barð. sagði, að fjvn. mundi ekki vilja veita styrk til framkvæmda félags hér í bænum, sem heitir Skipanaust h/f. Nú vildi ég einmitt beina spurningu bæði til hæstv. samgmrh. og hv. frsm. n. um það, hvort þessi hafnarl. út af fyrir sig, þegar samþ. verða, útilokuðu það, að hægt væri að styrkja þannig hafnarframkvæmdir félaga og skipasmíðaframkvæmdir, sem einstaklingar eða félög réðust í. Mér skilst engin fyrirmæli vera í þessu frv., sem beinlínis banni þetta, því að mér finnst frv. þetta vera byggt á öðrum forsendum. Ég held nú, að styrkveitingar til þessa félags þurfi ekki að vera með öllu óeðlilegar. Þessi mannvirki, sem þetta félag ætlar að ráðast í, koma á engan hátt í bága við þær hugsanlegu framkvæmdir, sem hafnarsjóður mundi ráðast í, og er raunar á nokkuð öðrum slóðum, sem þau mannvirki hafa verið teiknuð, sem hæstv. samgmrh. og ég höfum gert að umræðuefni á þessum fundi. Og ég tel, að það sé ákaflega heppilegt, ef einstaklingar vilja leggja fé fram til þess að koma upp þeim mannvirkjum, sem h/f Skipanaust hefur hugsað sér að ráðast í. Ég álít ákaflega heppilegt, ef einstaklingar

leggja sitt fé fram til þess að stuðla þannig að auknu atvinnulífi í landinu. Þetta þarf ekki heldur að stöðva bæinn í framkvæmdum, þegar hann telur þær tímabærar, og gerir framkvæmdir bæjarfélagsins sjálfs ekki eins aðkallandi og ella. Þó að þær komi engan veginn í staðinn fyrir þess ráðagerðir og séu annars eðlis, þá held ég, að það sé ekki óeðlilegt, þó að ríkið styrki þessar framkvæmdir svipað og sams konar framkvæmdir hafa verið styrktar úti á landi. Og viðkomandi styrk til einstaklinga í þessu efni mætti setja skilyrði, sem gerðu það að verkum, að einstaklingar fengju ekki styrkveitingar á óeðlilegan hátt. Bæjarsjóður hefur tryggt sér kauparétt á þessum mannvirkjum að 15 árum liðnum, þannig að seljendur fá ekki greitt annað en sitt kostnaðarverð. Og ef frá því kostnaðarverði yrði dreginn á sínum tíma ríkissjóðsstyrkurinn og bein lagafyrirmæli sett um það í fjárveitingu Alþ., þá get ég ekki betur séð en að það komi fyrir Alþ og ríkisvaldið algerlega í einn stað niður, hvort einstaklingar ráðast í þessar framkvæmdir eða bæjarsjóður og hafnarsjóður, því að almenningshagsmunir sé ég ekki annað en að séu eins vel tryggðir í báðum tilfellum.

Vildi ég líka beina því til hv. frsm. n. og hæstv. samgmrh., hvort þeir teldu ástæðu til að breyta þessu frv., til þess að einstaklingsframkvæmdir yrðu styrktar, þannig að setja þessi skilyrði, sem ég gat um, eða ef ástæðulaust þykir að breyta því til þess, hvort þeir að fengnum þessum upplýsingum telja ekki ástæðu til að styrkja þá einstaklinga alveg eins og hafnarsjóð Reykjavíkur, ef ráðizt verður í þessar framkvæmdir, því að munurinn er ekki nema þessi, að einstaklingar réðust í þessar framkvæmdir vegna þess, að hafnarsjóður teldi sig ekki færan um að ráðast í þær, vegna þess að hann væri að keppast við að auka út sjálfa aðalhöfnina í bænum, sem er ekki aðeins bænum, heldur landsmönnum öllum til góðs. Sýnist mér ekki á neinn hallað eða neinum gerður óréttur, þó að þessir menn fengju styrk, ef menn á annað borð eru reiðubúnir til að veita Reykjavíkurhöfn styrk til þessara framkvæmda.

Þá bentu hv. frsm. n. og hæstv. samgmrh. á, að það vantaði í 5. gr. frv. tilsvarandi fyrirmæli eins og hafa verið í eldri hafnarl. um skyldur einstaklinga, sem hafa fengið rétt til þess að byggja mannvirki innan hafna, til þess að halda þeim mannvirkjum við. Við fljótan yfirlestur sá ég ekki, að þetta væri tekið fram í frv. En mér virðist eðlilegt, að slík ákvæði haldist. Eins sýnist mér eðlilegt, að sett yrðu fyrirmæli svipuð og hafa verið a. m. k. í hafnarl. fyrir Reykjavík, að ef menn fá leyfi til slíkra mannvirkja, þá verða þeir að hafa notað leyfið innan tveggja ára, annars falli leyfið burt. Þetta er ákaflega eðlilegt ákvæði. Þeir, sem hafa átt við sveitar- og bæjarstjórnarmál, vita, að það getur komið fyrir, að slíkt leyfi sé einstaklingum veitt og það svo ekki notað, en síðar vilji sveitarfélagið að breyttum kringumstæðum sjálft ráðast í þessar framkvæmdir. Og ef ekki er fyrir það girt með l., þá getur gamalt leyfi, sem ekki hefur verið notað, staðið í vegi fyrir því, að framkvæmdir þessar verði gerðar. Og ég hygg rétt að miða þetta skilyrði um notkun slíks leyfis við 2 ár. En ég sé ekki, að um þetta sé tekið fram í frv. eða brtt.

Þá vildi ég benda á, hvort ekki væri ástæða til að taka fram í 9. gr. frv., að lögtaksréttur, sem þar er um getið, væri forgangsréttur um þau hafnargjöld, sem leyfilegt er að leggja á samkv. þeirri gr. Ef á slíkum forgangsrétti þarf að halda, sem getur verið nauðsynlegt, ætti að vera um það ákvæði í l.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Í sjútvn. hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og er það ekki af því, að ég ætli að láta það taka til sérstöðu minnar í mörgum atriðum, því að í flestum greinum get ég eftir atvikum fallizt á þær brtt., sem fyrir liggja. En það, sem olli því, að mér þótti rétt að skrifa undir nál. með fyrirvara, var síðasta málsgr., sem kemur fyrir í brtt. við 2. gr. frv., þ. e. um hámark það, sem verja má til lendingarbóta, að vísu 800 þús. kr., til hvers staðar úr ríkissjóði, samkv. brtt. 2 B, þ. e. sem helming kostnaðar, en það, sem ríkissjóður greiðir þar fram yfir til sama staðar skuli njóta þeirrar aðstöðu sem væri um hafnarmannvirki að ræða, og njóta þá styrks að 2/5 hlutum o. s. frv. Ég greiddi að vísu atkv. með þessu 800 þús. kr. framlagi í sjútvn., þ. e. a. s. ég kaus það heldur við atkvgr. en að vera með lægri upphæð, sem gat komið til greina í þessu sambandi. En ég gat þess í n., að ég vildi hafa óbundnar hendur um þetta atriði, af því að ég held, að það geti gefizt ekki vel og ekki sanngjarnlega undir ýmsum kringumstæðum að ákveða þetta hámark. Ég þykist vita, þó að það sé fjarri því, að ég hafi neina sérþekkingu þar á, að þegar búið er að verja á einum stað alls 400 þús. kr. til lendingarbóta, þá geti sá staður verið betur kominn og nær því takmarki að geta með réttu yfirfærzt undir hafnargerðir en annar staður, þó að þar sé búið að verja til lendingarbóta 800 þús. kr. Ég veit, að þetta getur komið til greina um ýmsa staði, að svona mikill sé aðstöðumunur þeirra til lendingarbóta, þó að hvor tveggja staðurinn sé réttbær til að styrkjast í slíkum efnum. Og þetta ákvæði held ég, að gæti orðið til trafala og í vegi fyrir því að geta fengið sanngjarnar úrlausnir og mat á hverjum tíma á nauðsyn hvers staðar fyrir sig í þessum efnum, ef þetta skal lögfestast svona. Og vel get ég hugsað mér það, að þó að búið sé að verja 800 þús. kr. til lendingarbóta á einhverjum stað, geti það oft staðið þannig af sér, samkv. því, sem ég hef nú sagt, að staðurinn geti samt sem áður ekki talizt með þeim stöðum, þar sem um hafnarmannvirki sé að ræða, enda þótt sjálfsagt hefði verið að gera þær hafnarbætur, sem þar hefðu verið gerðar, og það töluvert meiri. Við vitum, að á stöðum, þar sem auðug mið eru fyrir utan, er mikil þörf á umbótum, og að á þeim stöðum sumum munar ekki mikið um það, þó að rétt sé á haldið, sem kostar hvert hundrað þús. kr. Og þó að hámark hefði ekki verið nefnt í l. í þessu sambandi heldur höfð mjög opin leið til mats á þessu hverju sinni, þá álít ég, að óhætt hefði verið að

haga því svo, því að þarna verður maður að ætla, að ekki verði hlaupið fram fyrir sleðann, þar sem þessi framlög þarf hverju sinni að sækja í greipar hafnarmálastj. og Alþ. sjálfs. Og maður verður að vera svo bjartsýnn, að ákvarðanir þessara aðila mundu ekki fara fremur fram úr því, sem sanngjarnt væri hverju sinn, en þó að þetta hámark væri bundið með lagastaf á þann hátt, sem hér er lagt til.

Ég mun því greiða atkv. á móti niðurlagi B-liðar 2. gr. brtt. n., og ég treysti því, að þetta niðurlag fáist borið undir atkv. sér á parti.

Það hafa orðið hér nokkur orðaskipti um það við umr., hvort komið geti til erfiðleika í sambandi við það að meta, hvort einstaklingsfyrirtæki í hafnarframkvæmdum eða slík fyrirtæki félaga væru á hverjum tíma, er um slíkt væri að ræða, fær um að standa sjálf undir áframhaldandi hafnarframkvæmdum, eftir tekjum þeirra og eignum að dæma, þannig að hægt væri að vita, hvort nauðsynlegt væri að veita þeim fé úr ríkissjóði sem styrk til slíkra framkvæmda eða ekki. Það getur náttúrlega verið ákaflega mikið álitamál hverju sinni, hvort svo sé. Og réttlátast væri að mínu áliti að láta slíkt mat standa opið hæstv. Alþ. til úrlausnar hverju sinni, er um slíkt þyrfti að ákveða, eins og líka um það, í hvaða flokk eftir þessari brtt. þessar eða hinar hafnarframkvæmdir ættu að dragast hverju sinni.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta. Ég mun að flestu eða öllu leyti um annað en það, sem ég hef tekið fram, greiða atkv. með brtt. n. Þó vil ég aðeins drepa á það í þessari nýju flokkun, sem er nokkuð breytt, en þó fellur að ýmsu leyti saman við eldri flokkun um það, hvaða staðir skuli teljast í lendingarbótaflokknum. Þó eru þar tilnefndir staðir, sem ég tel, að varla geti komið til greina að veita styrk til sem væri hann til lendingarbóta. Á ég þar við stað eins og Þorlákshöfn, því að þar er annaðhvort um stórvirki að ræða sem hafnarframkvæmdir eða ekki. Þó að Þorlákshöfn sé sett í lendingarbótaflokkinn, þá er það að vísu meinlaust. Það hefur á síðustu þingum verið veitt nokkurt fé til lendingarbóta þar. En ég hygg, að það komi í ljós, að það á ekki við, þó að ekki hafi verið meint nema gott með því. Því að þar hygg ég, að annaðhvort verði að vera um milljónafyrirtæki að ræða sem hafnarframkvæmdir eða ekki neitt.

Ég vil forðast að ræða þetta mál frá öðrum hliðum en efni standa til, þó að margt mætti annars um þetta mál segja.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Viðvíkjandi aths. hæstv. ráðh., þar sem hann spurði, hvort það bæri ekki svo að skilja, að ábyrgðir væru fyrir allri upphæðinni, vil ég leyfa mér að benda honum á, að þetta kemur ekki við brtt. við 1. gr., heldur þeim brtt., sem gerðar eru við 2. gr. 2. gr. frv. er þar alveg orðuð upp. Og þar er sagt í brtt., með leyfi hæstv. forseta, undir B-lið: „Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstj. jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.“ Þetta er eins undir A-lið 2. brtt. Og þetta er breyt. frá frv. á þskj. 21, því að þar var aðeins miðað við, að þetta kæmi á móti þeim hluta, sem hefði verið veittur. En sjútvn. taldi einmitt nauðsyn á að gera þessar brtt., til þess að viðkomandi hafnarsjóðir gætu tekið lán með ábyrgðum ríkissjóðs fyrir allri þeirri upphæð, sem ráðuneytið hefði samþ., og eftir því, sem útreiknað væri, að hafnarframkvæmdir mundu í hverju tilfelli kosta á hverjum tíma. Og þegar þetta atriði er athugað og ákvæði 1. gr. almennt, að framlög til hafnargerða og lendingarbóta eru eftir frv. bundin því skilyrði, að samþykki ráðuneytisins komi til viðkomandi áætlun um framkvæmdirnar, og enn fremur ef litið er á 8. gr. frv., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmdir mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd“ — og þegar það einnig er athugað, að þetta er ákvæði, sem staðið hefur í öllum hafnarl. og stendur í öllum hafnarl. nú, þá er áreiðanlegt, að hæstv. Alþ. hefur alltaf ætlazt til þess, að ráðuneytið hefði úrskurðarvald á hverjum tíma gagnvart stórfelldum hafnarframkvæmdum um það, hvaða ábyrgð eða styrk ríkið skyldi veita til þeirra. Og sé það vald gefið ráðuneytinu, þá sé ég ekki annað en að það sé í samræmi við það að gefa ráðuneytinu einnig vald til að ákveða það, hvenær hafnarsjóður hefur ráð á að gera þessar framkvæmdir sjálfur og hvenær ekki. En ég get hins vegar ekki undir neinum kringumstæðum séð, að það komi til greina, og það er ekki hægt að skilja l. þannig, að ef Alþ. veitir fé til hafnarframkvæmda, þá geti ráðuneytið sagt: Hafnarsjóður á þessum stað er svo ríkur, að ég greiði ekki þetta fé út. L. gefa ekki tilefni til slíks skilnings á þeim. Þegar litið er á það einnig, að áður en hægt er að hefja nokkrar stórfelldar framkvæmdir við höfnina á tilgreindum stöðum í l., sem þau ná yfir, verður ráðuneytið að samþ. framkvæmdirnar, — ég skal náttúrlega ekki um það segja, hvort hver hafnarsjóðsstjórn eða lendingarbótasjóðsstjórn hefur sent ráðuneytinu allar sínar áætlanir um hafnarframkvæmdir, áður en byrjað hefur verið á þeim —, en sé þeirri reglu fylgt, eins og l. mæla fyrir um, þá er það á valdi ráðh. á hverjum tíma, hvort hann samþ. framkvæmdirnar eða ekki. Hafnarstjórnir almennt leita ráða hjá vitamálastjóra og fá þá til þess að gera till. um hafnarframkvæmdirnar, og ég hygg, að þessar framkvæmdir hafi verið gerðar í samráði við þá menn, þó að eitthvað kunni að hafa brugðið út af því á smærri stöðum. Og sé þessu haldið áfram og sé það gert, þá er ráðh. enginn vandi á höndum um að ákveða, hvort hafnarsjóður á einhverjum stað hefur ráð á að gera einhverjar tilteknar framkvæmdir eða ekki. Ég tel því ekki, að það eigi að setja það inn í l., að Alþ. skuli meta þetta fremur en ráðuneytið. Hitt er annað atriði, að ég sæki það ekki sérstaklega fast, að þetta nýja orðalag á 1. gr. sé sett inn í

frv., vegna þess að ég tel, að í 1. gr. frv., eins og það er, séu settar svo sterkar hömlur, ef ráðuneytið vill beita þeim, sem séu fullnægjandi á hverjum tíma. Því að það er áreiðanlegt, ef reynslan sýnir, að þær hafnir, m. a. Reykjavíkurhöfn, sem hafa ekki getað fengið samþykkt ráðuneytisins til hafnarframkvæmda og ekki Alþ. til fjárveitingar, hafa ekki getað það vegna þess, að þær hafa getað staðið sjálfar undir sínum hafnarframkvæmdum.

Svo er annað, sem ekki er lítið atriði, og það er, að strangari reglur verði settar um það, að hver einasta höfn, sem fær styrk úr ríkissjóði eða ábyrgð ríkissjóðs, innheimti hafnargjöld eins og gert er hér ráð fyrir að verði gert eftir reglugerðum, þar sem þær verði settar. Og ég veit, að á fátækari stöðum hafa verið lögð á hafnargjöld, sem eru 6% af verði afla, sem kemur þar á land. En á stærstu stöðum, eins og í Reykjavík og á Siglufirði, hefur ekki verið sett einnar krónu hafnargjald á sem gjald af verði fyrir afla, sem á land kemur. Jafnvel á sumum stöðum hefur ekki verið tekið þungagjald af aflanum. En ég vil ekki, að slíkar hafnir, sem möguleika hafa til þess að taka miklar tekjur með hafnargjöldum, séu undanþegnar, þannig að þeim sé leyft að vanrækja þessar tekjur, en þess hins vegar krafizt gagnvart fátækari stöðum og smærri, að menn verði þar að bera þessar byrðar. Það hefur ekki verið samræmi í þessu um land allt. Sums staðar hefur ekki verið tekið gjald af afla, heldur farin sú leið að jafna niður á gjaldendur ákveðnum upphæðum til hafnarframkvæmda, eftir því sem ráðamönnum hefur dottið í hug. En hér er ætlazt til þess, að hafnirnar hafi ákveðna tekjustofna. Og ráðuneytið á að sjá um, að staðirnir komi inn eftir ákveðnum reglum, sem settar eru. Og þegar það er gert, kemur í ljós, að þar eru möguleikar til þess að fá tekjur til að standa undir kostnaði við hafnarframkvæmdirnar.

Þá minntist hæstv. samgmrh. á það, að þetta nýmæli um Elliðaárvog væri til þess e. t. v. að útiloka, að gerðar væru sams konar framkvæmdir á öðrum stöðum, t. d. innan hafnarsvæðis Reykjavíkur. Ég tel ekki, að slíkt gæti komið til mála. En ég vil í sambandi við það benda á, að það liggja fyrir skýlausar yfirlýsingar um það frá núv. hafnarstjóra, að það sé ekki hægt að byggja upp þessi mannvirki innan Reykjavíkurhafnar, í sjálfri Reykjavíkurhöfn, skýlaus yfirlýsing til mþn., og það áður en mþn. sendi álit sitt. Mþn. fékk hafnarstjórann í Reykjavík til að koma inn í Elliðaárvog og til að fara um öll hugsanleg hafnarlönd í Fossvogi. Og hann varð sammála mþn. um það, að þarna í Elliðaárvogi væri eini staðurinn, þar sem kæmi til mála að setja þessi hafnarmannvirki upp. Honum kann að hafa snúizt hugur síðan. Ég veit ekki um það. En ef það er rétt, að það muni kosta 60—70 millj. kr. að koma í Elliðaárvogi þessum hafnarmannvirkjum upp, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði, að fyrir lægi áætlun um, þá kostar það miklu meira fé að setja þessi mannvirki upp sambærileg innan Reykjavíkurhafnar, því að það mundi kosta að taka burt hús og önnur mannvirki í Vesturbænum upp að Vesturgötu á því svæði, sem að höfninni liggur. Því að það væri ekkert sambærilegt við fyrirhugaðar framkvæmdir í Elliðaárvogi, þó að komið væri upp hér nær einhverri málamyndadráttarbraut, sem hvorki getur uppfyllt núverandi né komandi þarfir þjóðarinnar. Og það er sannarlega í fullu samræmi við álit hafnarstjóra á sínum tíma að fara ekki að gera slík mannvirki innan hafnarsvæðis núv. Reykjavíkurhafnar, þ. e. a. s. upp frá aðalhöfninni, því að þar væri ekki hægt að gera slíkar framkvæmdir nema með margföldum kostnaði á við það, sem mundi verða með því að koma þeim upp í Elliðaárvogi, og þó ekki með nærri því sama árangri. Ég hef séð smáar skipabyggingastöðvar og séð, hvílíkt óhemju landsvæði þær þurfa til afnota til starfrækslu sinnar. Erlendis hafa menn séð, að það er útilokað að koma þessum mannvirkjum upp nema þar, sem landrými er nóg. Ég held því, að af þeirri ástæðu þurfi þetta ekki að stangast á, af því að ég hygg, að það verði aldrei hægt að koma þessum mannvirkjum upp innan hafnargarðs Reykjavíkurbæjar, nema ríkið greiði tugi millj. kr. til þess að kaupa þau mannvirki, sem þar eru fyrir, og láti rífa þau niður.

Viðvíkjandi aths. hæstv. ráðh. um 9. gr. vil ég taka það fram, að eins og brtt. er nú, er einmitt gert ráð fyrir því, að hafnarsjóðirnir geti tekið árlegt afgjald af bryggjum eða mannvirkjum, ef þau standa á lóðum þeirra eða njóta hlunninda af hafnargerðinni. Það er hreinasti misskilningur hjá hæstv. ráðh., er hann heldur því fram, að viðkomandi aðilar muni ávallt neita að borga gjöld af þessum mannvirkjum í hafnar- eða lendingarbótasjóð. Ég hygg, að fáir muni neita að greiða þessi gjöld, því að aðila er skylt að láta mannvirkin af hendi, ef ekki næst samkomulag samkv. ákvæðum 4. gr. Ég álít, að þeir kjósi frekar að reyna að komast að samkomulagi við hafnarsjóð og greiða af eignunum, til þess að missa þær ekki að öllu leyti undan yfirráðum sínum. Hygg ég, að þetta mundi ekki stangast á, og er mjög nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði í l. Vona ég, að hv. d. samþ. 9. gr. með þessum breyt., sem munu tvímælalaust leysa mörg vandamál, sem ella mundu spinnast út af ákvæðum laganna.

Hæstv. ráðh. spurði viðvíkjandi 15. gr., hvort ætti að framkvæma það, sem þar um ræðir, af árstekjum eða eignum. Við getum hugsað okkur þann möguleika, að hafnarsjóðirnir eigi ef til vill tugi þúsunda eða jafnvel milljónir kr. í öðrum eignum. Ég vil t. d. benda á það, að hafnarsjóður Reykjavíkur hefur varið fé til þess að byggja stórhýsi, sem ekki koma til útgjalda samkv. ákvæðum þessara l. Honum kunna að vera nauðsynlegar þessar byggingar, en það er áreiðanlegt, að ef hann hefði verið undir ákvæðum þessara l., þá hefði hann ekki fengið styrk til þeirra úr ríkissjóði, en ef eigendur einhverra hafnarlóða eiga líka að fá af þeim ákveðnar tekjur, þá sé ég ekki, hvernig ríkissjóður eigi eða þurfi að standa undir nýjum framkvæmdum. Mig minnir einnig, að hafnarsjóður Reykjavíkurbæjar hafi einhvern tíma lánað Eimskipafélaginu fé. En ég vil benda á, að það verður að

vera eftir mati ráðuneytisins, er það hefur alla útreikninga við höndina, hvort þetta er nauðsynlegt eða ekki.

Ég get fallizt á þau ummæli hv. 6. þm. Reykv., að sjálfsagt væri að breyta gr. þannig, að hafnarsjóðirnir geti fengið ríkisábyrgð. Þyrfti það ekki að kosta ríkissjóð neitt, því að mér er ekki kunnugt um, að ríkissjóður hafi nokkurn tíma tapað á hafnarábyrgðum. Slík lán hafa undir flestum kringumstæðum greiðzt eins og tilskilið hefur verið, og sýnir þetta bezt, hversu örugg þessi fyrirtæki eru. Skal ég taka til athugunar, að gr. verði breytt þannig, að heimild fyrir ábyrgð sé ekki útilokuð.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að aths. hv. 6. þm. Reykv., að svo miklu leyti sem ég hef ekki svarað þeim atriðum áður. Hann minntist á það í sambandi við Elliðaárvog, að það lægi fyrir kostnaðaráætlun um, að framkvæmdir þar mundu kosta 60—70 millj. kr. Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á, að það var aldrei hugsun mþn., að allar þær framkvæmdir ættu að gerast í einu átaki. N. hefur gert ráð fyrir þróun á ókomnum árum, en það hefur, eins og kunnugt er, oft kostað mikið fé, að þeir menn, sem einmitt hafa undirbúið slíkar framkvæmdir, hafa ekki hugsað fram í tímann. Það var þetta, sem n. vildi forðast og vildi undirbúa, að það yrði ekki dýrt að víkka út athafnasvæði það, sem hér um ræðir. Ég hefði gaman af að vita, hvort þær tölur hafa verið lagðar fram. Ef það þarf að kosta 60—70 millj. kr. að koma upp dráttarbraut eða þurrkví við Elliðaárvog til þess að bæta úr brýnustu þörfinni, og ef verið er að halda því á lofti, að ekki sé hægt að gera þetta fyrir minna fé, þá er það til þess að setja þröskuld fyrir þetta mál. Ég vil vænta þess, að hafnarstjórn Reykjavíkurbæjar taki þetta mál upp að nýju og athugi, á hvern ódýrastan hátt og sem fyrst sé hægt að leysa úr þeim vanda, sem hér þarf að leysa úr, ekki aðeins fyrir útveginn, heldur einnig fyrir alla iðnaðarmenn og ekki hvað sízt fyrir Reykjavíkurhöfn.

Hv. 6. þm. Reykv. spurði um það í sambandi við beiðni þá, sem hefði borizt frá h/f Skipanaust, hvort ekki hefði verið tekið til athugunar í n. að styrkja einstaklinga til hafnarframkvæmda. Ég get skýrt honum frá því, að um þetta atriði var mikið rætt í n., og setti ég fram ákveðnar till. um, að þetta yrði gert. Ég vildi láta byggja upp hin nýju hafnarl. á slíkum grundvelli. Mér er kunnugt um það, að á sumum stöðum úti á landi, þar sem hafnarbætur hafa enn ekki verið gerðar, verður ekki í þær ráðizt nema af einstaklingum, vegna þess að héruðin geta ekki staðið undir slíkum framkvæmdum, nema því aðeins, að aðrar framkvæmdir komi samtímis. Ég benti á það, að það þýddi ekkert að setja 500 þús. kr. eða milljón í hafnarbætur, ef á viðkomandi stað eru ekki skilyrði til útgerðar eða iðnaðar og þau skilyrði starfrækt. Mér er kunnugt um það, að hreppar úti á landi hafa ekki viljað leggja út í hafnargerðir eða lendingarbætur, vegna þess að þótt þeir réðust í slíkt, væri engin trygging fyrir því, að aðrir menn kæmu upp fyrirtækjum í sambandi við hafnarmannvirkin til þess að þau gætu borið sig. En fyrir þessu vilja þeir fá tryggingu, áður en þeir ráðast í hafnarframkvæmdir. Þessar till. mínar fengu mjög litlar undirtektir hjá n., því að þeir hinir álitu, að sveitarfélögin ættu ein að hafa þessi mál með höndum, en einstaklingar ættu þar hvergi nærri að koma. Ég tel því í áframhaldi af þessari skoðun í n., að ekki komi til mála, að fé verði veitt til Skipanaust h/f. Hins vegar verður ekki þörf á því, ef frv. ásamt brtt. við það verður að l., því að þá ættu ekki að verða nein vandkvæði á að leggja fé í þetta. Hafnarsjóður Reykjavíkurbæjar getur þá fengið 2 millj. kr. úr ríkissjóði og hins vegar fengið ábyrgð hans fyrir 3 millj. kr., og þyrfti þannig ekkert fé að leggja fram sjálfur, heldur aðeins að standa undir láninu, þ. e. 3 millj. kr. láni með vöxtum. Það eru því engin rök fyrir þeim ummælum hv. 6. þm. Reykv., að hafnarstjórn hafi ekki fé til þess að gera þessar ráðstafanir nú, af því að verið sé að vinna að öðrum, *vegna þess að hún getur fengið 2 millj. kr.* úr ríkissjóði og 3 millj. kr. lán, sem hún þarf aðeins að standa undir, og ætti slíkt ekki að vera svo kostnaðarsamt, að hægt sé að segja, að þetta sé ógerlegt.

Ég vil upplýsa í þessu sambandi, að Skipanaust h/f hefur tekið að sér þessar framkvæmdir, af því að hafnarsjóður Reykjavíkurbæjar hefur gefizt upp á málinu. Held ég, að þetta sé rétt orðað úr erindi félagsins, en þetta eru ekki mín orð. Ef þetta er hins vegar ástæðan fyrir því, að félagið hefur farið þess á leit að fá styrkinn, þá er því meiri ástæða fyrir n. að neita beiðninni, því að hvaða rök eru fyrir því, að svo verði gert, ef hafnarsjóður Reykjavíkurbæjar gefst upp á slíkum framkvæmdum, sem getur fengið 2 millj. kr. gefnar úr ríkissjóði og 3 millj. kr. lánsheimild.

Viðvíkjandi þeim aths. öðrum, sem hv. 6. þm. Reykv. tók fram, m. a. varðandi 5. gr., þá er ég honum sammála um, að það atriði eigi að athugast. Þetta hefur sjálfsagt staðið í hafnarl. fyrir Reykjavík, en n. hefur ekki lesið sig saman við þau, þar eð hún taldi, að það hefði verið gert af mþn. N. mun taka þetta til athugunar og setja inn í frv., að sá, sem fengið hafi leyfi til að gera slík mannvirki, skuli skyldur að halda þeim við. Ég vil einnig lýsa því yfir, að ég skal taka það til athugunar í n. að setja inn í frv.: „Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi," þar eð öll rök mæla með því. N. mun fúslega taka öllum ábendingum við þessa umr. eða til 3. umr. viðvíkjandi því, *sem þörf er á að lagfæra.*

Umr. frestað.

Á 38. og 39. fundi í Ed., 27. og 28. nóv., var frv. tekið til frh. 2 umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Hv. þm. Barð. gaf mér í raun og veru með síðustu ræðu sinni tilefni til þess að deila nokkuð á hann og hans aðferð til að túlka mál hér á þingi. Ég sé samt ekki ástæðu til að taka upp við hann neinar þrætur.

Hann um það, hvernig hann telur sér sæma að flytja mál. Ég vil eingöngu mótmæla þeim ítrekuðu ásökunum hans í garð bæjarstj. Reykjavíkur fyrir athafnaleysi í þessu skipasmíðastöðvar- og hafnargerðarmáli í Elliðaárvogi. Það er alrangt, að bæjarstj. Reykjavíkur og hafnarstj. hafi látið nokkuð uppi um það, að þær væru ófúsar til að beita sér fyrir þessum aðgerðum, — þvert á móti, það eina, sem liggur fyrir í málinu, bendir til vilja þeirra í þá átt að hefja þarna framkvæmdir. Hitt er annað mál, að við höfum ekki verið á sama máli og þessi hv. þm., sem lýsti yfir því, að hann teldi, að það mundi verða til tafar framkvæmdum á þessum slóðum, ef allar áætlanir yrðu gerðar um þær fyrirfram. Við teljum, að slíkt hljóti að verða til fyrirgreiðslu málinu og að til þess, að framkvæmdirnar séu af skynsemi gerðar, sé nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir, hvað fyrir þeim vakir um framkvæmdir á þessum stað og hvernig ein framkvæmd eigi að taka við af annarri. Í þessu felst ekki á nokkurn hátt sú hugsun, að allar framkvæmdirnar séu gerðar í einu, en það minnsta, sem menn verða að gera sér ljóst, áður en í slíkar framkvæmdir er ráðizt, er heildaráætlun um framkvæmdirnar og þar með einhvers konar kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir. Hafnarstj. lét hefjast handa um að gera slíka áætlun, og nú liggur hún fyrir. Það er því alveg rangt, og ég mótmæli því sem algerlega tilhæfulausu hjá hv. þm., að bæjarstj. eða hafnarstj. sé að tefja fyrir málinu og sporna gegn framkvæmd þess. Ég hef ekki þekkingu eða skilyrði til að dæma um, hvort áætlunin er reist á rökum eða ekki, og þess vegna m. a. beitti ég mér fyrir því, að hún yrði gerð. En ég treysti fagþekkingu hv. þm. Barð., þó að hann hagi stundum orðum sínum hér á þingi öðruvísi en vera skyldi, en ég treysti því, að menn fái að njóta hans góðu skynsemi, þegar málið er sent til n., sem hann á sæti í, og einnig honum sem upphafsmanni málsins til að koma með þær aths., sem hann hefur að gera. Auk þess hefur málið verið sent til vitamálaskrifstofunnar og þannig verið fengin umsögn færustu manna í þessu efni. Að þetta sé sama og að koma í veg fyrir, að málið nái fram að ganga, slíkt nær vitanlega engri átt, og tekur ekki tali að ræða um það, og efast ég um, að hv. þm. vilji við það standa, þegar hann hugsar það betur. Annars skal ég ekki skemmta þeim illa með því að þræta við þennan hv. þm., sem mér kemur mjög vel saman við, nema þegar svona gusur koma frá honum sem nú hefur orðið.

Að bæjarstj. Reykjavíkur hafi hvað eftir annað hafnað fjárveitingu frá þinginu, það er einnig algerlega út í bláinn. Það hefur ekki verið fjárveiting til þessara framkvæmda nema eitt einasta ár mér vitanlega. Þá er heimilað að veita 2 millj. kr., og þær hrökkva skammt fyrir þessum framkvæmdum, og þó að það kunni að vera of í lagt, sem ég efast um, að þessar framkvæmdir kosti 60—70 millj., þá getur munurinn ekki verið svo mikill, að þessar 2 millj. hrökkvi langt. En jafnvel þó að þessum 2 millj. hefði verið hafnað, sem ekki er rétt, þá fer því fjarri, að bæjarstj. hafi sýnt tregðu í málinu. Ég veit ekki annað en að fullur áhugi og vilji sé á að hrinda málinu í framkvæmd eftir beztu getu, og vísa ég því á bug öllum getsökum hans um það gagnstæða. Að öðru leyti vil ég biðja hv. d. afsökunar á að hafa dregið inn í málið umr. um slík sératriði, en það er hv. þm. Barð., sem einn á sök á því með því að vaða hér með illyrðum hvað eftir annað upp á bæjarstj. Reykjavíkur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil segja nokkur orð út af því, sem fram kom síðast, þegar málið var til umr.

Um till. hv. 6. þm. Reykv. um það, að viðhald einkafyrirtækja yrði sett í frv. og ákvæði yrðu sett um það, að vanræki einhver þetta viðhald, þá falli burt leyfi hans til að hafa það, vil ég segja, að ég er eiginlega þeirri till. samþykkur. Það er venja að hafa ákvæði í hafnarl. um það. að ef einhverju hafnarmannvirki er ekki sinnt um eitthvert árabil, þá skuli það falla til hafnarsjóðs, og vil ég skjóta til n., hvort hún vilji ekki fyrir næstu umr. taka upp ákvæði í þessa átt. Það var að vísu ekki í frv. upprunalega, en ég tel vel til fallið, að þetta ákvæði kæmi þar inn. Í öðru lagi minntist hann á forgangsréttinn, og vildi ég einnig óska eftir, að það yrði tekið til greina. Bæði atriðin eru nauðsynleg og ættu þar að vera, þó að láðst hafi að setja þau inn í frv. í þess upprunalegu mynd.

Þá var aðeins eitt atriði enn til viðbótar, sem ég vildi minnast á. Það er um það, hvort veita ætti einkafélögum styrk til dráttarbrautagerðar og annarrar starfsemi í Elliðaárvogi, sem hér hefur verið nokkuð rætt um. Án þess að fara langt út í það mál vil ég segja, að það er óvenjulegt og ekki almenn regla a. m. k., að einstaklingum sé veitt fé til hafnargerðar í einu eða öðru formi. Það hefur að vísu komið nokkrum sinnum fyrir, ég man eftir eitthvað 3—4 tilfellum, sem hafa verið gerð í þessa átt, en sem undantekningaratriði. Ég tel eðlilegast, að viðkomandi hafnargerðir eigi þess kost að fá styrk til þessara mannvirkja og að þau séu rekin af þeim. Hitt er að vísu til, eins og ég sagði, en ég vil heldur skoða það sem undantekningartilfelli en þá almennu reglu.

Að öðru leyti vil ég þakka þær upplýsingar, sem ég fékk frá hv. frsm. n. um skilning hans á því, hversu víðtæk ábyrgðarheimild ríkissjóðs mætti vera til hafnarmannvirkja. Það má vera, að þann skilning megi lesa út úr brtt., en ég taldi þó réttara að fá yfirlýsingu um, hvernig þetta beri að skilja, og tel ég mig nú hafa fengið hana, ef enginn mælir því í gegn.

Um hafnargjöld einstaklinga, sem var síðasta atriðið, sem ég minntist á í minni fyrri ræðu að þyrfti að athuga, skal ég ekki segja að svo stöddu máli. Ég tel að vísu, að sumt af því, sem stendur í þessum brtt., orki tvímælis, en vil þó ekki á þessu stigi málsins gera brtt. við þær, heldur styð að því þvert á móti, að þær verði samþ., en vil þó áskilja mér rétt til að taka þær ofurlítið betur til athugunar síðar.

Jónas Jónsson: Ég vil leyfa mér að beina nokkrum orðum til hv. 6. þm. Reykv., borgar-

stjórans, út af Elliðaárvogi. Við höfum haft þá ánægju að vera flm. saman að till., sem hratt þessu máli af stað. Þessu máli hefur verið vel tekið af ríkisstj. það sem það nær. Ég fer ekki út í skoðanamun milli hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., en ég vil gjarnan vita frá borgarstjóranum, hvort hann sér sér ekki fært að beita sér meira en verið hefur fyrir, að þetta nái fram að ganga. Vil ég í því efni benda á þau stórfelldu skipakaup, sem nú standa til, 30 togara, og hin nýju skip Eimskipafélagsins, sem munu verða miklu stærri en skip, sem hér hafa verið áður, hina nýju Esju og minni strandferðaskip. Allur þessi skipastóll kemur væntanlega hingað eftir nokkra mánuði eða missiri, og þá er svo ástatt, að ef þarf að taka skipin á land, þó að ekki sé nema vegna einfaldrar viðgerðar, þá er það ekki hægt, vegna þess að þau áhöld, sem hér eru til, eru of lítil og veikbyggð, svo að legið hefur við slysi út af því. Mér sýnist og vil skjóta því til hv. þm., að eðlilegast sé, að sömu kraftar sem starfa að þessum skipakaupum, nýbyggingarráð, fyndu hjá sér hvöt, kannske í samráði við ríkisstj. og bæjarstj., til að láta þennan óhjákvæmilega lið í skipamálum okkar komast í framkvæmd. Ég vil enn fremur heyra nánar frá borgarstjóranum, hvernig háttað sé samningum við þau einkafyrirtæki og ríkisfyrirtæki, sem nú eru byrjuð við Elliðaárvog. Það er ánægjulegt, það sem það er. Þar er Landssmiðjan að koma upp aðstöðu til að geta byggt í einu fjóra stóra vélbáta, og þar eru einnig tvö einkafyrirtæki, sem reka talsverða starfsemi og vilja gera meira, sem sýnir, að þetta er allt í samræmi við það, sem ætlazt var til í sambandi við þetta fyrirtæki, að þessi stóra skipasmíðastöð, bátasmíðastöð og viðgerðarstöð yrði sumpart eign bæjarins, sumpart eign ríkisins og sumpart einstakra manna. En mér finnst óneitanlega eðlilegt, að Reykjavík og ríkið þrýsti meira á þetta, vegna þess að ríkisstj. hefur, hvort sem það er rétt eða rangt, beitt sér fyrir stórum útgerðarplönum, og þá er bráðnauðsynlegt, að þessar framkvæmdir komi í sambandi við það, og samúð manna með þessu máli allt frá byrjun sýnir, að þetta er það, sem menn vilja láta gera.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh. um viss framkvæmdaatriði í hafnarl. Ég vil taka dæmi um það frá mannvirkjum, sem nú er verið að vinna að, og tek ég þá fyrst Húsavíkurhöfn. Þar stendur svo á, að búið er að gera nokkuð mikið af aðalgarði hafnarinnar, en þó er meira eftir, og hlýtur það að taka langan tíma, hvað vel sem þingið gerir við höfnina í fjárveitingum. Hér til viðbótar er bryggjan mikla, sem gerð var fyrir nokkrum árum, en í hana hefur komizt maðkur, og verður henni sennilega ekki bjargað nema með því að klæða hana málmþynnum, eins og sums staðar hefur verið gert við höfnina í Reykjavík. Hæstv. samgmrh. mun vilja greiða fyrir þessu máli eins og hægt er. En það er eitt, sem er ekki nógu ljóst í l. og ég vildi fá að vita betur um, en það er, hvernig þær ýmsu hafnir eiga að fara að, meðan þær fá ekki nema part af því, sem ríkið þarf að leggja fram. Það getur kannske verið, að 800 þús. kr. gætu bjargað bryggjunni á Húsavík, og verður að taka til þess lán nema að því leyti, sem beint framlag kemur frá ríkinu. Nú vil ég fá að vita það, sem er verulegt atriði, hvernig ríkisstj. mundi greiða fyrir því, að t. d. Húsavík gæti fengið ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til að bjarga svona mannvirki undan skemmdum, og til að koma fram endurbyggingu, sem er undirstaða undir því, að höfnin geti borið sig, því að þegar bryggjan er komin, mun rísa þarna upp síldarverksmiðja, og er loforð um það frá síldarverksmiðjum ríkisins. En ef þessar framkvæmdir dragast fyrir fjárleysi, þá mun höfnin leggjast eins og byrði á Húsavíkurbæ, meðan hún hefur ekki nægilegar tekjur. Svona er það miklu víðar með hafnarmannvirki. Mér þætti gott að heyra, hvað hæstv. ráðh. segir, hvernig hann mundi reyna að hjálpa í þessu máli, þó að ekki komi til ríkisfjárveiting.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins segja örfá orð út af þessari fyrirspurn. Mér finnst það vera í beinu framhaldi af því, sem áður hefur verið rætt um þetta mál. Það er vel hægt að hugsa sér, að það yrði ekki eins árs veiting til hafnarmannvirkja á Húsavík, sem ríkissjóði ber að leggja fram, og það hefur reyndar tíðkazt svo áður og oft komið fyrir, að það hefur ekki verið. Þá verður gangur málsins sá, að viðkomandi staður fær samþykki ráðuneytisins á því verki, sem á að hefja, af hvaða tagi sem það er. Því fylgir þá kostnaðaráætlun, og útreikningur á ríkissjóðshlutanum er þá mjög auðveldur. Svo þegar fjárl. eru afgr. næst á eftir, þá sker þingið úr, hversu mikill hluti af ríkissjóðshlutanum er veittur í þeim fjárl. Ef hann er veittur til fulls, þá er ekkert meira um það að segja, en ef hann er ekki veittur til fulls, verður viðkomandi staður að fá bráðabirgðalán til þess að koma í staðinn fyrir það, sem ríkissjóður hefði á þeim tíma átt að leggja fram. (*JJ:* Hver borgar vextina?) Það hefur verið venja, að ríkissjóður taki engan þátt í vaxtakostnaði slíkra bráðabirgðalána, heldur verður viðkomandi staður að borga þá. Það hefur verið föst regla. Um ábyrgð ríkisins á hinum hlutanum er slegið föstu, að ríkisstj. skuli hafa heimild til að ábyrgjast hann, þó að ekki sé lagt fram að fullu fjárframlag á móti ríkissjóði. Ríkissjóður getur ábyrgzt að fullu þann hluta, sem hann greiðir ekki og viðkomandi staðir hafa til bráðabirgða útvegað eftir setningu þessara l., eða það, sem ríkissjóði ber að greiða, en hefur ekki verið sett í fjárlög.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég mun snúa mér að því, sem hæstv. samgmrh. ræddi um. Í sambandi við þessa nýju gr. okkar lýsti ég yfir því áður á fundi, að ég mundi taka til greina aths. hv. 6. þm. Reykv. um þetta atriði. Og ég lýsti yfir því, að mér þætti vænt um, ef menn rækju sig á einhver sérstök fyrirmæli í gildandi l., er snertu þetta, þá væri n. látin vita. Ég tók fram, að mþn. hefði ekki borið sig saman við öll l., sem felld verða úr gildi. Ég lýsti yfir fyrir hönd n., að ég mundi taka til baka brtt., er varðar lið 5 við 14. gr., vegna þess að mér hafði verið bent á í umr., að það þyrfti að athuga þetta nánar. Og ég bar mig saman við

hæstv. ráðh. um orðabreyt. við þessa gr., sem er nýmæli í l. Ég geri ráð fyrir, að það flýti fyrir málinu, að brtt. var tekin til baka til 3. umr. Ég býst við, að hæstv. samgmrh. fallist á, að þetta sé rétt meðferð málsins.

Ég vildi ræða sérstaklega það, sem varðar Húsavík. Fyrir fjvn. liggur atriði varðandi það mál. Ef hæstv. ráðh. liti svo á, kæmi til mála, að n. tæki það til athugunar, hvort ekki ætti að setja sérstök ákvæði í frv. viðvíkjandi því. Það liggur fyrir beiðni frá Húsavík um stórkostlegan stuðning til viðhalds hafnarmannvirkja. Ég skil hvorki núgildandi hafnarl. né þetta frv., sem liggur fyrir, þannig, að þau heimili, að styrkur sé veittur til viðhalds hafnarmannvirkja. Ef hafnarsjóður Reykjavíkur hefði á sínum tíma farið fram á fé til að gera við gamla hafnargarðinn vegna eðlilegs slits, þá hefði ekki verið tekið vel í þá beiðni. Ég tel, að ríkissjóði komi ekki við viðhald hafnarmannvirkja á Húsavík, sem búið er að byggja fyrir löngu síðan. Það verður að gera þessi ákvæði skýr í hafnarl., sem eiga að gilda fyrir allt landið.

Hv. 6. þm. Reykv. var þungorður í minn garð. En það stafar af því, að hann hélt það vera mín orð, sem ég flutti hér í d. við fyrri umr. um þetta mál, en ég tók þó skýrt fram, að það væri skrif annars manns, en ekki mín orð. Hefði hann tekið rétt eftir, hvernig ég fór með það mál, hefði hann getað sparað sér mikið af því, sem hann sagði. Ég mótmæli því, að ég hafi á þessum stað eða annars staðar gert ítrekaðar árásir á bæjarstj. Reykjavíkur eða Reykjavík. Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á, að ég tel það ekki fjandskap að hafa persónulega barizt fyrir því, að Reykjavík væri hækkuð upp úr ⅓ upp í ⅖. Ég held það sé öllu snúið við, ef kalla á það fjandskap. Og ég barðist fyrir því, að Elliðaárvogur væri tekinn upp sem sérstakur staður. Og samgmrh. hefur réttilega bent á, að það er algert nýmæli. Það er óvíst, að þetta sé í samræmi við anda l., en það er bókstaflega gert til þess að létta fyrir Reykjavík. Ég sé ekki, að það sé af fjandskap við Reykjavík, ef þetta ákvæði er sett. Og þótt það verði ekki samþ., þá tel ég líklegt, að mikið hægara sé fyrir Reykjavík að fá mótstöðulaust fjárframlag til Elliðaárvogs, ef hann er sérstök höfn. Eins og ég hef bent á, liggur það á valdi ráðh. og Alþ. að veita engan styrk, ef álitið er, að skilyrði séu fyrir hendi, að héraðið geti annazt þetta sjálft. Hv. 6. þm. Reykv. er maðurinn, sem færði málið inn á þessa braut, en ekki ég. Við fyrri umr. var hann að fárast yfir því, að 2 millj. væru ekki mikið upp í 70 millj. Það gaf mér tilefni til að benda á, að þessi áætlun væri sett fram til að tefja fyrir Elliðaárvoginum. Öðruvísi get ég ekki skilið tölurnar. Ég vil reiðilaust spyrja hv. 6. þm. Reykv., hvað hann haldi, að hefði orðið um þessar 400 þús. krónur, sem Reykjavíkurbær hefur fengið til sinna hafnarmannvirkja, ef þá hefði verið sett inn í þingið áætlun um, að Reykjavíkurhöfn ætti að kosta eins margar millj. og hún kostar í dag. Ég sé því ekki annað en það megi fyllilega byrja á Elliðaárvogi með þessa upphæð.

Ég vil benda á, að hv. 6. þm. Reykv. hafði það ranglega eftir, að fjvn. hefði gert tilraun til að leggja til, að samþ. væri 2 millj. kr. styrkur til einstakra manna til þess að gera hafnarmannvirki þarna innfrá, sem ætlazt er til, að Reykjavíkurbær geri undir þeim l., sem samþ. voru 1943. Ef þessir menn gætu gert það, þá gæti Reykjavíkurbær það einnig, sem hefur fyrirheit um 2 millj. kr. fjárframlag og hefur auk þess heimild til að taka 3 millj. kr. lán. Ég skil ekki, hvernig hv. 6. þm. Reykv. getur skilið þetta sem fjandskap. Og ég undrast, að hv. 6. þm. Reykv. skuli taka málið upp á þessum grundvelli. En ég vil segja það fyrir mig, að ég hefði ekki viljað taka upp baráttu fyrir þessu. Ef ég hefði aftur á móti tekið upp fulla baráttu fyrir málinu hér í Reykjavík, væri það á öðru stigi. En ég er ekki í hafnarstj. og ekki heldur í bæjarstj. og hef því ekki haft afskipti af málinu. En ég veit, að sannleikurinn mun koma í ljós á sínum tíma, og hv. 6. þm. Reykv. og fleiri, sem nú eru á móti málinu, munu iðrast synda sinna. Hitt er svo annað mál, að borgarstjórinn, hv. 6. þm. Reykv., hefur talið sér skyldara að hlýða frekar rödd þess manns, sem bera á ábyrgð þessa máls gagnvart honum, og er ég ekki að lá honum það, því að hann er talinn hafa meira vit á málinu en ég og hann til samans. Hitt mun svo tíminn leiða í ljós, að það hefur verið rangt að fara eftir þeim till. Ég hef leyfi til að halda það. Mun ég svo ekki halda uppi frekari deilum um þetta atriði.

Bjarni Benediktsson: Eins og hv. þm. Barð. sagði, er það vissulega ánægjulegt, þegar menn iðrast synda sinna. Ég er því ánægður yfir því, hvernig hv. þm. Barð. ræddi málið í fyrri hluta ræðu sinnar. En þá ræddi hv. þm. málið allt öðruvísi en hann hefur gert áður hér í hv. d. Eins og ég sagði í síðustu ræðu minni, er ég ekki út af fyrir sig óánægður með þessa till. hv. þm. Þær, sem frá honum koma, eru yfirleitt skynsamlegar. Aftur á móti vill frekar bregða til beggja vona um, hvernig fer um einstök ummæli hans, og sannaði hann það einmitt í þessari ræðu sinni.

Það, sem hann sagði varðandi þessa till., var rétt. Og vil ég játa, að hann hefur mikið gott til þessa máls lagt. Hins vegar skaut hinn gamli Adam upp kollinum í síðustu ummælum hv. þm. Hann bar það blákalt fram, að ég væri á móti þessu máli. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. kemur heimild til að mæla á þessa leið. Ég hef oft sagt við þennan hv. þm. og sýnt það, að ég vil á allan hátt greiða fyrir þessu máli. Hv. þm. hefur enga heimild til að segja, að ég sé á móti því. Hitt er rétt, að ég er á móti því, að ráðizt sé í stórt fyrirtæki áður en búið er að gera áætlun um það. Ég vil láta hina færustu menn dæma um málið áður. En ég skil það ekki, að hv. þm. skuli leyfa sér að rísa upp hér á hæstv. Alþ. og segja, að ég sé á móti þessu máli.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. S.-Þ. er það að segja, að hann mun víst hafa brugðið vana sínum, aldrei þessu vant, og ekki verið viðstaddur, þegar ég hélt þá ræðu, er þau ummæli féllu, sem hann spyr um. Og ef svo er, að hann hafi skrópað, þegar ég mælti þessi orð, þá vil ég benda hv. þm. á, að hann getur aflað sér upplýsinga um

ummæli mín með því að lesa þingræðuna, sem mun liggja frammi í skrifstofu þingsins. Þar getur hv. þm. fengið allar upplýsingar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil aðeins segja örfá orð í tilefni af því, sem hv. þm. Barð. sagði í sambandi við Húsavík. Hv. þm., sem sjálfur er form. fjvn., sagði, að fyrir n. lægi styrkbeiðni frá Húsavík til viðhalds hafnarmannvirkja þar. Mér skildist, að skoðun hans væri sú, að mjög kæmi til álita, hvort veita ætti fé til viðhalds hafnarmannvirkja svipað og til hafnargerðar eða stofnkostnaðar. Þar sem mér er þetta mál nokkuð kunnugt, skal ég skýra afstöðu mína í fáum orðum. Þegar bryggjan á Húsavík var byggð fyrir rúmum 10 árum, að ég ætla, var ég ekki kominn í vitamálaskrifstofuna og veit því ekki um forsögu málsins. En nokkur hluti mannvirkisins var byggður úr tré. Þessi „konstruktion" hefur sem sagt ekki staðið sig betur en það, að nú verður að byggja mannvirkið upp að nýju, og verður því hagað á allt annan hátt en gert var ráð fyrir í upphafi. Þess vegna er hér ekki um venjulegt viðhald að ræða. Hér er um að ræða alveg nýja „konstruktion," hvort sem hún kann að verða gerð úr járni, stáli eða steinsteypu, en úr einhverju þessara efna verður hún að vera. Ég tel því, að þetta mannvirki eigi eins mikinn rétt á að fá styrk úr ríkissjóði og hrein nýbygging. Ég geri ráð fyrir, að menn hafi gert þessar framkvæmdir á sínum tíma eftir beztu sannfæringu og álitið, að þær mundu duga. En 1934 var einmitt mjög mikil fjárþröng og var því leitazt við að finna út hinar ódýrustu leiðir, sem eru þó venjulega hinar dýrustu, þegar til lengdar lætur. Ég tel, að þegar svona stendur á, þá beri að telja þessi mannvirki styrkhæf úr ríkissjóði, þótt ekki sé um hreina nýbyggingu að ræða. Ef líkt stendur á og í þessu tilfelli, er fjarri því, að um viðhald sé að ræða, heldur fullkomna endurbyggingu. Það hefur verið venja undanfarið að „praktísera" hafnarl. á þennan hátt.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég vil taka það fram, að mér þykir vænt um að fá þessa yfirlýsing hjá hæstv. ráðh., maður veit þá hvert maður á að halda í þessum hafnarmálum almennt. Það stendur svipað á um Stykkishólm og Húsavík í þessum málum. Mér skilst, að þar liggi fyrir að endurbyggja hafnarmannvirki, vegna þess hvað trémaðkur hefur étið viðinn. (*Samgmrh.:* Það hefur verið veitt til sams konar í Stykkishólmi.) Ef halda á áfram þessari stefnu, tel ég, að setja eigi það inn í l., svo að enginn ágreiningur komist að um það.

Við hv. 6. þm. Reykv. ætla ég svo ekki að deila, en vil aðeins lesa upp hans eigin orð um þetta mál. Hann sagði, að enn sem komið væri teldi hafnarstjóri ekki rétt að byrja þar, fyrr en lokið væri við hafnarmannvirki í Reykjavík. — Ég skal svo ekkert segja um það, hvort hann er persónulega í andstöðu við hafnarstjóra í þessu máli. (*BBen:* Þetta er rangt skrifað.) Þetta eru orð, sem eru skrifuð eftir hv. þm. Og þegar maður athugar þetta og svo það, að fyrir liggur yfirlýsing frá hv. 6. þm. Reykv. um, að Reykjavíkurhöfn sé ekki fullbyggð, þá sé ég ekki, að hægt sé að draga aðrar ályktanir af þessum ummælum en þær, sem ég hef gert, að viðkomandi aðili sé á móti því, að byggt sé í Elliðaárvogi, nema hv. 6. þm. Reykv. sé í andstöðu við hafnarstjóra í þessu máli. En ég hef sjálfur frétt af fundi, sem ræddi þetta mál, og veit, að berlega kom í ljós, að hafnarstjóri er í andstöðu við þetta mál, og hann vill fresta byggingum utan Reykjavíkurhafnar, eins og ég sagði, að hv. 6. þm. Reykv. hefði borið fram hér um daginn. Ég vildi aðeins láta þessa áréttingu koma fram.

Jónas Jónsson: Ég vildi aðeins víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Barð. sagði varðandi Húsavíkurhöfn. Hann sagði það vera mjög mikið vafaatriði, hvort styðja ætti þá endurbygging, sem þar er um að ræða. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir skoðun hans í þessu máli. Ég vona, að hv. þm. Barð. skilji það, að Húsvíkingar eiga ekki að gjalda þess, þótt mistök hafi átt sér stað með tréstaura þá, sem halda saman lausagrjóti, sem bryggjan er byggð úr undir plötunni. Þessir tréstaurar eru settir af sérfræðingum landsins, sem stóðu fyrir bryggjusmíðinni, og Húsvíkingar lögðu þar ekkert til. Og þar sem stjórnarvöldin tóku þessa afstöðu, segja Húsvíkingar, eigum við ekki að taka á okkur ofan á allan kostnað við bryggjuna 800 þús. krónur sem eins konar aukareikning, vegna þess að maðkarnir eyðilögðu tréstaurana. — Framkvæmdir eins og þessar yrðu óframkvæmanlegar, ef ekki er hlaupið undir bagga. Það verður hvaða stjórn sem er að gera og það eins, þótt hv. þm. Barð. ætti sæti í henni. Það er mjög mikilvægt, að Húsvíkingum sé bættur þessi mikli skaði, sem þeir hafa orðið fyrir við eyðileggingu bryggju sinnar, og það er stórvirki, ef það er líka gert á sama árinu, sem lagt er í þær aðgerðir, sem eiga að gera Húsavík að nýjum Siglufirði hvað síldarútveginn snertir.

Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir, að hann skuli hafa vísað mér í handrit ræðu sinnar, sem hann hélt um framfaravilja sinn um hafnarframkvæmdir. En ég vildi spyrja hv. þm., hvort hann hefði nokkuð á móti því, þótt nýbyggingarráð kæmi inn í þetta mál. Og ég vil benda hv. þm. á, hvort við í sameiningu ættum ekki að fara fram á, að nýbyggingarráð styddi málið af sínum mjög ríkulegu fjárráðum.

Bjarni Benediktsson: Hv. þm. S.-Þ. hefur borið fram fyrirspurn. Í tilefni af því vildi ég gjarnan fá þær upplýsingar hjá hv. þm., hvernig varið sé fjárráðum nýbyggingarráðs. Ég kannast ekki við þau. Ég hugsa, að við ættum fyrst að flytja till. um að veita því fjárráð, áður en við eyðum fénu.

Hv. þm. Barð. segist hafa skrifað eftir mér ummæli þau, sem hann vitnaði til. Ég er ekki að bera á móti því, að hv. þm. hafi skrifað þau niður, en hann hefur annaðhvort misskrifað þau eða ég mismælt mig í ræðu minni um daginn. En hafi ég sagt þetta, hef ég sagt það í öðru sambandi.

ATKVGR.
Brtt. 193,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 193,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 34, 38, 42, 48 teknar aftur.
— 193,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 193,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 193,5 tekin aftur til 3. umr.
15.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 259, 262, 298, 326).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur og þá sérstaklega með tilliti til þess, að tekin var aftur til 3. umr. 5. brtt. á þskj. 193, þar sem farið er inn á þau nýmæli, að ríkissjóði beri ekki að greiða styrk til hafnarframkvæmda þar, sem hafnarsjóður getur sjálfur staðið undir framkvæmdunum. Sjútvn. hefur komið sér saman um það einróma að mæla með því, að þetta ákvæði verði fellt inn í 1. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú á þskj. 259, og að 1. gr. frv., 1. málsgr., orðist þá um á þann hátt, sem segir í brtt. á þskj. 326 undir tölul. 1. Með þessari brtt. er lagt til, að inn í þessa málsgr. verði bætt, að ríkissjóður greiði hluta af kostnaðarverði þessara mannvirkja, ef „eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs eru ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna," þannig að það er þá eitt af skilyrðunum fyrir því, að ríkissjóður styrki viðkomandi mannvirki, að hafnar- eða lendingarbótasjóðir séu ekki nægilega efnaðir til þess að standa sjálfir undir framkvæmdunum. Hins vegar er þó haldið því ákvæði, sem mjög var óskað eftir hér, að ekki félli niður úr frv., að ríkisstj. væri á hverjum tíma heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til þessara hluta, sem lán annars væru tekin til, þ. e. til helmings kostnaðar af lendingarbótum og að ⅔ hlutum til hafnarbóta. Ég hygg, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þessa brtt.

Þá hefur n. á sama tíma athugað nokkuð brtt., sem fram voru komnar við 2. umr. við 2. gr. B-lið. Við þann lið komu fram brtt. frá hv. þm. Str. um Drangsnes, Gjögur, Kaldrananes í Bjarnarfirði og Norðurfjörð. Og frá hv. þm. Dal. kom að vísu ekki brtt. beint, en hann hafði mælzt til þess við n., hvort ekki væri hægt að taka Salthólmavík með í þessa gr. Og einnig höfðu komið fram tilmæli frá 2. þm. Árn. um að taka þar inn Selvog. N. hefur fallizt á að taka alla þessa staði upp í B-lið 2. gr., lendingarbótakaflann. N. hafði einnig til athugunar brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 262 um það að taka inn á 2. gr. B-lið Árskógssand og Hauganes. Af þeim ástæðum, að ekki var hægt á þeim fundi að fá fullnægjandi upplýsingar um það, hvort ekki væri hægt að sameina þetta um einn stað, varð að samkomulagi að taka ekki þá till. upp í brtt. n. En ég vil hins vegar benda á, að ég hef síðan séð, að ákveðið er í fjárl., ég held á þessu ári, framlag til Hauganess til lendingarbóta, 1000 kr. Og er sjálfsagt að taka þessa till. hv. 1. þm. Eyf. inn, og mæli ég með því fyrir hönd n., að Hauganes verði tekið upp í gr. við þessa umr. Ég veit ekki, hvernig ástatt er um Árskógssand, en hv. 1. þm. Eyf. getur gefið upplýsingar um það. En ég hef ekkert á móti því, að hann sé tekinn upp í frv., þó að þessir staðir liggi nálægt hvor öðrum, í sama hreppi, sérstaklega þegar gengið hefur verið inn á þá braut í þessu frv. að taka upp tvo staði í einni og sömu höfn hér í Reykjavík, svo að ég hygg því ekkert vera til fyrirstöðu, að báðar þessar till. verði samþ., nema hv. 1. þm. Eyf. geti fellt sig við, að hann haldi ekki fram Árskógssandi. Hins vegar vildi n. ekki fallast á, að í staðinn fyrir þessa tvo staði verði settur inn í lendingarbótagr. Árskógssandur einn, — það þótti ekki fullnægjandi. Geri ég ráð fyrir, að n. hafi ekkert á móti því, að báðir staðirnir komi inn í lendingarbótagr., eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 262. Það er ekki af andúð af n. hálfu, að þessir staðir hafa ekki verið teknir inn í prentuðu brtt. n. á þskj. 326, heldur vegna þess, að um þá lágu ekki nægilegar upplýsingar fyrir.

Í 3. tölul. brtt. n. á þskj. 326 er ekki annað tekið til en að eftir ósk frá hv. 6. þm. Reykv. verði sett inn ákvæði um, að í stað tveggja síðustu málsgr. 5. gr. frv. komi þrjár nýjar mgr., og liggur breyt. í því, að inn er sett ákvæði um, að ef leyfi til að reisa mannvirki meðfram strandlengju hafnar er ekki notað innan tveggja ára frá veitingu þess, falli það úr gildi, og sé óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til. Og svo er nokkuð breytt röð á síðustu málsgr. 5. gr. frv.

Þá er að síðustu brtt. við 9. gr. um, að aftan við síðustu málsgr. þeirrar gr. bætist ákvæði um, að gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs hafi forgangsrétt fyrir öðrum kröfum. Er þessi brtt. gerð samkv. ósk hv. 6. þm. Reykv. En öll þessi fyrirmæli eru í núgildandi hafnarl. Reykjavíkur, og hefur láðst, þegar frv. var samið í upphafi, að taka þessi ákvæði inn í það. En n. þótti sjálfsagt að fella þau inn í hið almenna frv.

Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frv. nánar, en legg til fyrir hönd n., að brtt. á þskj. 326 allar, svo og brtt., sem komið hafa fram á þskj. 262, verði samþ. hér á þessum fundi.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 262 um það, að tveir staðir við Eyjafjörð verði teknir í B-lið 2. gr. frv., sem eru Árskógssandur og Hauganes. Ég þakka hv. sjútvn. og frsm. hennar undirtektirnar undir þessa brtt., sem eru full meðmæli með öðrum staðnum og í raun og veru báðum. Þessir staðir eru nú verstöðvar, eins og menn vita, en ekki hafa verið sett um þá sérstök lög um lendingarbætur. Hins vegar hefur þó hæstv.

Alþ. áður þótt rétt að styrkja þar lendingarbætur, því að báðir staðirnir hafa áður fengið styrk til bryggjugerða. En það hefur ekki verið borið fram frv. um sérstök l. fyrir þá, en nú sting ég upp á að taka þá inn í þessi l. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. n. veik að, að þessir staðir eru báðir í sama hreppi. Og það er ekki langt á milli þeirra.

Það er nokkuð síðan fiskiþing Norðlendingafjórðungs beindi þeirri ósk til yfirstjórnar þessara mála og löggjafarvaldsins, að gerð yrði höfn eða trygg lending á Árskógsströnd, en treysti sér ekki á því stigi til þess að gera till. um, á hvaða stað það ætti að vera. Hins vegar gerði það ráð fyrir, að þetta yrði ekki nema á einum stað á Árskógsströnd. Nú hafa bæði hreppsnefndin í Árskógsstrandarhreppi og fleiri aðilar fyrir alllöngu beðið vitamálaskrifstofuna að athuga þetta og gera ákveðnar till. um það, hvar aðalhafnarmannvirki ættu að vera þar á ströndinni. En mér vitanlega hefur vitamálaskrifstofan ekki haft tíma til þess enn að vinna þetta verk fyllilega. En ég hygg nú, eins og mér skildist á hv. frsm. n. líka, að hann liti á, að ekki sé neinn skaði skeður a. m. k., þó að báðir staðirnir séu samþykktir, því að bæði stjórn og þing hafa á valdi sínu með þeirri fjárveitingu, sem veitt verður, að það verði aðallega annar staðurinn, sem styrktur verður til verulegra hafnar- eða lendingarbótaframkvæmda. Það er líklegt, að það kunni að verða Hauganes, þó að ég geti ekki lagt þar dóm á. En jafnvel þótt svo yrði, tel ég engar líkur til þess, að ekki verði þörf á bryggju og nokkurri aðstöðu á Árskógssandi a. m. k. fyrir ekki stóra báta. Þar er nú þegar nokkurt þorp, sem ég tel ekki líkur til, að leggist í eyði. Og svo má einnig benda á það, að þar er sú sjálfsagða ferjustöð yfir til Hríseyjar. Samgöngur við eyna ganga fyrir sig á þann hátt, að bátur fer milli lands og eyjar og lendir venjulega á Árskógssandi, því að þaðan er stutt yfir í eyna. Ég held því, að þó að Hauganes yrði aðalútgerðarstöð á þessu svæði og sú, sem aðallega yrði styrkt af því opinbera, þá mundi það ekki á neinn hátt reynast hættulegt eða óeðlilegt, þó að Árskógssandur sé hafður með hér í B-lið 2. gr. þessara l. um hafnar- og lendingarbætur.

ATKVGR.

Brtt. 326,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 326,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 262 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 298 tekin aftur.
— 326,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 326,4 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 342).

Á 63. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af mþn. í sjávarútvegsmálum, sem starfaði s. l. tvö ár í þessu máli og öðrum, og er í aðalatriðum í þá átt að sameina í einn lagabálk öll helztu hafnarlög, sem gilda fyrir kaupstaði og kauptún og ýmsa staði aðra, sem hafa þurft og munu þurfa að láta gera hafnarframkvæmdir á næstunni. Þetta er eiginlega aðaltilgangur frv., að safna þessum l. í eina heild, svo að betra yfirlit fáist, í stað þess að hingað til hafa verið sett l. um hvern einstakan stað, eftir því, sem hann hefur þurft á að halda, og síðan breytt, eftir því sem ástæður eru fyrir hendi og þörf til aukinna framkvæmda. Þetta hefur orðið allumsvifamikið, og setning þessara l. ætti að gera málið miklu einfaldara, á svipaðan hátt og nú á sér stað um vegalög og aðrar svipaðar framkvæmdir. Verulegar breyt. eru ekki gerðar í þessu frv. frá gildandi hafnarl. aðrar en þær, að eins og málið hefur verið afgr. nú frá Ed., hefur flokkunum verið fækkað í tvo, en áður voru þeir þrír. Mismunandi fjárframlag úr ríkissjóði hefur verið á hvern flokk, en nú skal minnsta framlag ríkissjóðs til hafnargerðar vera $\frac{2}{5}$, en var áður $\frac{1}{3}$. Eru þeir staðir, sem hafa haft $\frac{1}{3}$, sameinaðir hinum, sem hafa notið framlags að $\frac{2}{5}$. Flokkurinn með helmings framlag er látinn óbreyttur, þó þannig, að ýmsum stöðum nýjum hefur verið bætt við. Enn fremur er það ákvæði sett, til þess að gera glögg mörk milli þessara flokka, að fari kostnaður við hafnarmannvirki fram úr 800 þús. kr. hér eftir, skuli viðkomandi staður fara milli flokka og njóta aðeins framlags að $\frac{2}{5}$ kostnaðar úr því.

Enn fremur er það, að til kostnaðar við hafnargerð og lendingarbætur teljist ýmis fleiri mannvirki en áður, svo sem dráttarbrautir, innsiglingarmerki, sem ekki voru áður styrkhæf mannvirki talin. Að öðru leyti er í þessu frv. tekið upp megnið af þeim ákvæðum, sem eru í gildandi hafnarl., og gilda víðast lík ákvæði, þó að með nokkuð mismunandi orðum sé sagt í ýmsum hafnarl.

Þá eru loks með þessu frv. numin úr gildi allflest gildandi hafnarl., og er þessu frv. ætlað að koma í staðinn fyrir þau öll. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni, og teldi mjög æskilegt, að hægt væri að flýta afgreiðslu þess, vegna þess að ýmsir staðir, sem hlut eiga að máli, hafa gert ráðstafanir í samræmi við væntanlega samþykkt þessara l., enda mun ekki vera um þetta verulegur ágreiningur, nema þá um smávægileg atriði. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn með 21 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 342, n. 551, 353, 396, 397, 568, 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 570.
— Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar, og eins og nál. á þskj. 551 ber með sér, mælir n. eindregið með því, að frv. nái fram að ganga, og telur, að efni þess sé til verulegra bóta.

Hins vegar leggur n. til, að gerðar verði nokkrar smáar breyt. á frv. Það er ekki þörf að hafa mörg orð um þessar breyt., þær skýra sig að mestu leyti sjálfar, en ég skal þó fara um þær nokkrum orðum.

1. breyt., sem n. leggur til að gerð verði, er við 2. gr. frv., að 10. liður, um Elliðaárvog, verði látinn falla niður. N. þótti ekki ástæða til, að í þessum almennu hafnarl. væri tekið fram, að mynda skyldi sérstaka höfn við Elliðaárvog í Reykjavík. En eins og kunnugt er, hefur áður verið samþ., að hafnarframkvæmdir við Elliðaárvog skuli teljast til hafnarframkvæmda við Reykjavíkurhöfn, og er það álit n., að svo skuli vera. Þessi brtt. n. er því fyrst og fremst formsbreyt., en ekki veruleg efnisbreyt.

2. brtt. sjútvn. er einnig við 2. gr., en um B-lið, sem fjallar um lendingarbætur. Þar leggur n. til, að teknir séu inn nokkrir nýir staðir, en að dómi n. eru allir þeir staðir fullkomlega sambærilegir við þá staði, sem þegar hafa verið teknir upp í frv., og þótti því rétt, að þeir skyldu njóta samsvarandi hlunninda og þeir staðir, sem þegar hafa verið teknir.

Þá hafa komið fram brtt. frá einstökum hv. þm., og held ég, að segja megi, að n. hafi fallizt á þær allar viðvíkjandi þessu atriði.

Þá er 3. brtt., við 9. gr. Þar leggur n. til, að gerð verði nokkur efnisbreyt. á, og er það sérstaklega viðvíkjandi þeim ákvæðum, sem nú eru í 9. gr. frv., sem varðar takmörkun á rétti hafnarstjórnar til þess að mega leggja gjöld á hafnarmannvirki einstaklinga innan hafnarinnar. N. lítur svo á, að um þetta ættu að gilda áfram svipaðar reglur og hingað til, að það sé á valdi hafnar- eða lendingarbótastj. að setja reglur þar um, en það sé eins og áður, að sú reglugerð þurfi samþykki þess ráðh., sem fer með hafnarmál, til þess að öðlast gildi. Hins vegar hefur hv. Ed. sett þau ákvæði inn í þessa gr., að óheimilt skuli með öllu að leggja svona gjöld á einstaklingsmannvirki, önnur en þau, sem talað er um í þessari sérstöku gr. Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, að ef ákvæðin yrðu látin standa í gr. eins og nú er, þá mundi það geta þýtt í framkvæmdinni, að á sumum höfnum á landinu yrðu t. d. vörur, sem skipað væri upp á bryggjum eða hafnarmannvirkjum einstaklinga, undanskildar vörugjaldi á sama tíma sem vörur, sem hins vegar gengju yfir bryggju opinberra sjóða, væru skattlagðar með vörugjaldi. Það er álit n., að ef þannig ákvæði væru í l., mundi þetta í ýmsum tilfellum geta leitt til þess, að í reyndinni væri óframkvæmanlegt fyrir hafnarstj. að halda uppi vörugjöldum sínum, sem þær annars hefðu haft heimild til að leggja á, ef þannig skapast aðstaða fyrir einstaklinga, sem eiga hlut í höfnum, að leggja upp vörur á eina bryggju og sleppa á þann hátt við vörugjald til hafnarinnar. Sem sagt, 3. brtt., við 9. gr., fjallar fyrst og fremst um þessa breyt.

Þá þótti n. rétt, að við 15. gr. yrði bætt við ákvæði, sem tæki skýrt fram, að allar hafnarreglugerðir, sem nú eru í gildi og settar hafa verið samkv. hafnarl. viðkomandi staða, — en þau hafnarl. er nú ætlunin að nema úr gildi með þessum l., — verði látnar standa í fullu gildi, þar til ný hafnarreglugerð verður sett samkv. þessu frv., ef það verður að l., og til þess er gefinn eins árs frestur.

5. brtt. fjallar um það, að um leið og ákveðið er, að hafnarl. fyrir Siglufjörð séu úr gildi felld, skuli þó undantekið eitt ákvæði, þ. e. ákvæði 6. gr., þar sem hafnarl. skuli standa í fullu gildi, en sú gr. felur í sér sérstöðu fyrir Siglufjörð, og þótti því ekki fært að afnema þetta ákvæði.

Það skal tekið fram, að af sérstökum ástæðum þykir sjútvn. rétt, að 1. brtt., um Elliðaárvog, verði látin bíða til 3. umr., og óskar n. því eftir, að hún verði ekki borin upp að þessu sinni, en hinar allar bornar upp nú.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef hér ásamt hv. 5. landsk. flutt tvær brtt. við B-lið 2. gr. frv. Við flm. urðum síðbúnir til samvinnu við n. um þessar brtt., en við höfum þó rætt við einstaka nm. um þær, og við væntum því, að það komi ekki að sök, þó að við gætum ekki rætt við n. í heild.

Á báðum þessum stöðum, sem hér um ræðir, eru engar hafnar- eða lendingarbætur eftir þeim hlutföllum, sem tíðkazt hafa á þeim stöðum, sem fengið hafa l. um lendingarbætur. Brtt. okkar hv. 5. landsk. fer þess vegna eingöngu fram á, að þessum tveim stöðum verði gert jafnt undir höfði í þessu efni og öðrum stöðum, og verði það lögfest um leið og aðrir staðir verða teknir upp í heildarlöggjöfina.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa brtt., en vænti þess, að n. misvirði það ekki, þó að okkur hafi ekki unnizt tækifæri til þess að tala við hana í heild. Vildi ég svo óska þess, að þessar brtt. verði samþ.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér brtt. í þskj. 570 um það að færa Borgarneshöfn á milli flokka, þannig að hafnargerð þar skuli njóta helmings framlags, í samræmi við hafnarl. Borgarness eins og þau eru nú. Þetta hlutfall hefur verið í l. frá upphafi, en með þessu frv. er þessu kippt aftur og ákveðið lægra framlag. Mér þótti rétt að vekja athygli á þessu, því að þetta mun hafa verið sett svona í frv. af vangá. Ég mun nú óska þess, að þessi brtt. verði ekki borin upp við þessa umr., til þess að hv. n. gefist kostur á að fá hana til athugunar á milli umr. og segja álit sitt um hana, en ég vildi lýsa henni þegar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 551,1 og 570 teknar aftur til 3. umr.

— 551,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 568,1 samþ. með 25 shlj. atkv.

— 353 og 396 teknar aftur.

— 568,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

3.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 551,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 551,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 397 tekin aftur.
— 551,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 586, 593, 570).

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 7. þm. Reykv., svo hljóðandi: [sjá þskj. 629.] Brtt. er of seint fram borin og auk þess skrifleg. Verður því að veita viðeigandi afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það er aðeins vegna þessarar skriflegu brtt., að ég kvaddi mér hljóðs. Ég tók hana aftur fyrir hönd sjútvn. við 2. umr. til þess að kynna mér, hvernig á þetta mál yrði litið af hlutaðeigandi kaupstöðum. Ég hef nú tekið hana upp sem skrifl. brtt. Ég skal taka það fram viðvíkjandi þeim brtt., sem sjútvn. þessarar d. bar fram við 2. umr., og þar af leiðandi þessari brtt., sem þá var tekin aftur, *að ég hef kynnt mér nokkuð, hvernig* hv. Ed. muni taka á þessum brtt., þegar þar að kemur. Og þó að það sé ekki formlegt samkomulag, þá held ég, að ég megi fullyrða, að þær breyt., sem hafa orðið á frv., muni ekki valda neinum ágreiningi í hv. Ed. og ekki heldur þessi brtt., sem fyrir liggur, svo að málinu sé borgið að því leyti, að það verði ekki frekari ágreiningur um það.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 593 flyt ég brtt. um það að taka inn tvo nýja staði undir lendingarbætur, þ. e. a. s. undir 2. gr. B. Sá fyrri er Drangar á Snæfellsnesi. Þar er svo mál með vexti, að bátar þeir, sem halda uppi áætlunarferðum þar inn með Skógarströndinni frá Stykkishólmi, hafa helzt orðið að lenda þar, og má þar helzt teljast lendingarmiðstöð á Skógarströndinni. Það hafa legið fyrir þinginu beiðnir um að gera þarna nokkrar lendingarbætur.

Hinn staðurinn er Beruvík á Snæfellsnesi. Þar má segja, að sé sveitaþrop, og þar hafa einnig legið fyrir beiðnir um lendingarbætur. Bátar frá Hellissandi hafa oft leitað þar skjóls í vondum veðrum.

Ég tel, að ekki þurfi að gera frekar grein fyrir þessu, en vil óska þess, að þetta verði samþ.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Við 2. umr. bar ég fram brtt. viðvíkjandi Borgarnesi, sem ég óskaði eftir, að hv. sjútvn. tæki til athugunar á milli umr. En þannig hafði til tekizt, að réttur Borgarneshafnar var rýrður töluvert frá því, sem gert er í gildandi l., og færður í annan flokk en hann átti rétt til samkv. 1. Nú vil ég spyrja hv. d. og hæstv. forseta, hvort brtt., sem ég bar fram við 2. umr. og tók aftur til 3. umr., muni ekki geta komið fram aftur við 3. umr., án þess ég beri fram nýja brtt. um þetta efni. Ég hafði litið þannig á, að það væri hægt.

Forseti (BG): Skildi ég hv. þm. Mýr. rétt? Hafi hann tekið brtt. aftur til 3. umr., þá mun hv. þm. þurfa að leggja fram brtt. skriflega nú.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi fyrir hönd sjútvn. óska eftir því, að hæstv. forseti vildi fresta þessu máli nú. N. hefur ekki unnizt tími til að taka til sérstakrar athugunar þær brtt., sem liggja hér fyrir nú, en vildi geta gert það, áður en gengið verður til atkv. um málið.

Forseti (BG): Ég mun verða við ósk hv. frsm. um það að fresta umr., og málið er tekið af dagskrá.

Umr. frestað.
Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 586, 593, 629, 570).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur enn á ný haft þetta mál til athugunar, en hefur að vísu ekki fengið úr prentun þær till., sem hún óskar að leggja fram. Þær eru ekki svo margbrotnar, að þeirra sé bein þörf nú og að ekki sé hægt að fá afbrigði fyrir þeim og afgr. þær, þótt þær komi fram skriflegar.

Breyt. þær, sem sjútvn. leggur til, að verði gerðar á frv. enn þá, eru við 1. og 2. gr. þess. Fyrri brtt. er um það, að bætt verði við 3. mgr. 1. gr.: „enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.“ — Sjútvn. hefur rætt þetta mál á allmörgum fundum og orðið sammála um að bæta þessu við í þá upptalningu, sem er í 3. mgr. 1. gr. frv., er fjallar um stuðning til hafnargerða og lendingarbóta. Síðari brtt. n. er um, að í lendingarbótaflokknum eða 2. gr. B skuli á eftir tölulið 45 bætt við nýjum lið: Selvík í Skefilsstaðahreppi. — N. hafði borizt till. frá hv. 1. þm. Skagf. Hún hafði síðan legið hjá n., og ákvað hún að taka þennan stað upp í frv. að ósk hv. þm. Þá ræddi og n. fyrirliggjandi till. frá hv. þm. Mýr. um, að höfn í Borgarnesi skyldi flutt úr A-flokki í B-flokk eða njóta áfram samsvarandi hlunninda. N. mælir með samþykkt till. þessa hv. þm. N. ræddi líka um till. hv. þm. Snæf. á þskj. 593, um að bæta inn tveim stöðum. N. sá sér ekki fært að mæla með því, að þessum stöðum yrði bætt inn í frv., en hún lætur till. afskiptalausar. Staðirnir eru óneitanlega mjög litlir. Hins vegar munu einhver dæmi þess, að staðir, svipaðir þessum, hafi komið inn.

Aðrar brtt. liggja eigi fyrir að sinni. Þar eð brtt. n. eru aðeins tvær, sé ég ekki ástæðu til að fresta málinu. Þess vegna vil ég mælast til, að hæstv. forseti greiði götu málsins og fái það afgreitt.

Sigurður Kristjánsson: Þegar mál þetta var síðast til umr., lagði ég fram skrifl. brtt. við 2.

frvgr., þess efnis, að Elliðaárvogur skyldi felldur niður. Ég sé, að till. er komin fram, og búið er að leita afbrigða.

Ástæðan til þess, að ég óskaði, að staður þessi skyldi numinn brott, var sú, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki fjallað um þetta mál og enga afstöðu því tekið til þess. Ég hef talað við borgarstjóra, og er hann á sama máli og ég. Hins vegar er frv. þannig háttað, að opin leið er til þess að gera á því breyt., ef að l. verður og þurfa kann að þykja. Liggur því eigi svo mjög á að fá Reykjavíkurhöfn skipt. Við höfum rætt þetta mál í sjútvn., og hefur enginn ágreiningur orðið. Er n. sammála um, að breyt. verði samþykkt.

Forseti (BG): Hv. 6. landsk. hefur áður lýst hinum skrifl. brtt. frá sjútvn. Afbrigða þarf með, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 638) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta verða aðeins örfá orð. — Ég hef vitanlega ekki séð hinar skriflegu brtt. sjútvn. En eftir því, sem ég bezt tók eftir, eru þær í þá átt að bæta við 1. gr. ákvæði þess efnis, að til kostnaðar við hafnargerðir skuli telja kostnað við verbúðir. Ég skil vel, að orkað geti tvímælis, ef ekki er tekið alveg skýrt fram, hvort átt sé við allar verbúðir eða einvörðungu þær, sem hafnarstjórnir einar láta byggja. Ef þetta ætti að taka til allra verbúða, er hætt við, að það gæti orðið nokkuð víðtækt. Ég skil, ef bara er átt við þær verbúðir, sem byggðar eru af hinu opinbera á staðnum. En verið gæti, að líka sé hér um einstaklinga að ræða. Því minntist ég á þetta og þætti vænt um að heyra eitthvað frá hv. n. um, hvort þetta sé ekki hennar skilningur.

Um hina nýju staði vil ég láta þess getið, að þeir eru hvorki óverðugri né verðugri en þeir staðir ýmsir, er áður voru nefndir. Tala staðanna er orðin svo há, að taldir eru með líklegir og ólíklegir staðir um hafnarbætur. En það eru bara engar líkur til þess, að hægt verði að gera mjög miklar hafnarbætur í náinni framtíð. Á hinn bóginn eru ýmsir staðir, sem hljóta að sitja í fyrirrúmi, en fleiri eru hér taldir með en ástæða er til að ætla, að þörf sé.

Annað hygg ég, að eigi liggi fyrir nema till. um Borgarnes. Finnst mér ekkert umtöluvert, að það sé í þeim flokki, er um ræðir, þar til er það fer af sjálfu sér út úr honum. — Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Ég get þess aðeins að gefnu tilefni út af orðum hæstv. samgmrh., að það er tvímælalaust vilji sjútvn., að eingöngu sé átt við verbúðir, byggðar af hlutaðeigandi lendingarstjórnum, og hið sama verði látið gilda um aðrar hafnargerðir. Þótt um verbúðir sé að ræða, sem eru í eigu annarra en hafnarstj., þá verða þær eigi styrkja aðnjótandi.

Gunnar Thoroddsen: Við fyrri hluta umr. gerði ég grein fyrir brtt. minni, þeirri er ég flutti um, að tveir staðir skyldu teknir inn í frv. Mót von minni hefur sjútvn. ekki mælt með henni, enda eigi tekið neina afstöðu til hennar. Stafar þetta e. t. v. af ókunnugleika viðkomandi manna. Ég veit, að sízt er ástæða að taka suma aðra staði fremur en þessa inn í frv. Áður en ég flutti till., hafði ég tal af tveim verkfræðingum á vitamálaskrifstofunni, og töldu báðir, að till. mín mætti vel ganga fram, — þessa staði ætti með réttu að setja í frv. — Ástæðulaust er að flytja till. um breyt., er koma til greina næsta ár.

Sigurður Kristjánsson: Vegna ummæla hv. þm. Snæf. vildi ég taka það fram, að hér er ekki um neina vanþekkingu n. að ræða. En við álítum, að nú þegar séu allt of margir staðir komnir inn í frv. Ég get hins vegar að því leyti fallizt á orð hv. þm., að ástæðulaust sé að ákveða lendingarbætur á stöðum, er alls ekki koma til greina, svo sem í Selárdal. Eiga ýmsir þeirra ekkert frekar erindi inn í frv. en þeir staðir, er hv. þm. Snæf. flytur till. um. Þetta er ekki meiri fjarstæða en margt annað í þessu frv., og mæli ég því ekki á móti till. fremur en með henni.

En sem sagt, ég álít þegar of marga staði komna inn í frv.

ATKVGR.

Brtt. 638,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 570 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 629 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 593 samþ. með 16:4 atkv.
— 638,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 639).

Á 102. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 639, 710).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þessu frv. um hafnargerðir og lendingarbætur hefur verið nokkuð breytt í Nd., og hefur sjútvn. þessarar deildar athugað það, og farið í gegnum breyt. Nd. — Í 1. brtt. var Borgarnes fært úr A-flokki niður í B-flokk, og skapar þetta ósamræmi á milli Borgarness og annarra hafna. En það fékkst ekki samkomulag um það í n. að færa þetta til aftur, svo að það mun verða látið standa, eins og það er nú, enda gefst þá tækifæri til að lagfæra það á næsta þingi, ef þess verður óskað. — Ræddar hafa verið fleiri breytingar, en n. var sammála um það, að ýmsu þyrfti að breyta, en óttaðist, ef breytingar yrðu gerðar, þá yrði því aftur breytt í Nd., og gæti það orðið frv. að falli. En ég og hv. 1. þm. S.-M., minni hl. sjútvn., höfum ekki getað fallizt á frv. eins og það er nú, og höfum borið fram brtt. á þskj. 710, og er 1. brtt. við 2. gr. B. Á eftir tölulið 39 kemur nýr liður: Kollafjörður í Gufudalssveit. — Ef frv. fer aftur til Nd., þá tel ég rétt, að þetta komi inn í það.

2. brtt. er við 9. gr. A-liður: Aftan við 3. mgr.

komi: „ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni.“ — Ég álít, að það eigi ekki að taka gjöld af hafnarmannvirkjum einstaklinga, nema þau njóti hlunninda af hafnargerðinni. Þá er það b-liður: Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjöld né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.“

Ég vil í sambandi við þetta benda á, að til eru hafnarbryggjur á landinu, sem eru í höndum einstaklinga, þar sem hafnarsjóður hefur ekkert látið gera. Ef frv. fer í gegn óbreytt, þá er heimilt að taka hafnargjöld af þessum bryggjum, en það er með öllu óréttlátur skattur á þeim mönnum, sem þarna eiga hlut að máli. Við teljum því, að nauðsyn sé á að breyta þessu, jafnvel þótt frv. verði að fara til Sþ., og vænti ég, að þingmenn geti samþ. þetta.

Þá er c-liður þessarar brtt. um, að upphaf 4. mgr. orðist svo: „Heimilt er að innheimta gjöld til hafnar“ o. s. frv.

3. brtt. er við 17. gr., og er a-liðurinn um það, að úr 5. mgr. falli niður orðin „og lögum nr. 11 30. des.“ til enda greinarinnar. Þetta eru l., sem samþ. voru á Alþ. um sérréttindi Reykjavíkur til framkvæmda við Elliðaárvog. Við getum ekki fallizt á, að rétt sé að afnema þessi réttindi um sérstakar framkvæmdir við Elliðaárvog, og vænti ég, að þessi brtt. verði samþ. Þá er b-liðurinn um það, að aftan við 17. gr. bætist: „Lög nr. 76 14. nóv. 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.“ Sjútvn. þótti sjálfsagt, að þessi lög væru numin úr gildi, enda stríða þau á móti því, sem hér er verið að samþykkja.

Þá hefur nefndinni borizt brtt. frá hv. þm. Dal., sem hún hefur ekki haft ástæður til að athuga, en er ekki á móti, að verði samþ.

Ég vildi svo mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hefði sérstakan hátt á atkvgr. um þetta mál og bæri fyrst undir atkv. b-lið 3. brtt., því að það veldur miklu um, hvort frv. fer aftur til Nd., hvernig fer um þessa till. Við teljum nauðsyn að afnema þessi lög frá 1917.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 732) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að telja, að samþykkt þessa frv. sé mjög til bóta á löggjöf okkar, og væri gott, að einnig væri hægt að ganga frá lögunum um hafnargerðir og þá sjóði, sem þeim fylgja, sem fyrst. Ég tel brtt. á þskj. 710 vera til bóta, en af því að ég er ekki viss um, að þær verði samþ., þá langar mig til að biðja um skilgreiningu á 4. mgr. í 9. gr. frv. Við þessa mgr. er brtt. á þskj. 710, sem er til bóta, en þessi 4. mgr. hljóðar svo: „Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.“ Nú vildi ég spyrja, því að greinin segir, að heimilt sé að innheimta þessi gjöld, þegar byrjað er á byggingu hafnar, hvort n. lítur ekki svo á, að óheimilt sé að innheimta slík gjöld, meðan ekki er lagt í neinn kostnað við höfnina. Náttúrlega má vera, að yfirlýsing frá n. breyti engu um þetta, en ég tel þetta óheimilt.

Frsm. (Gísli Jónsson): Í tilefni af fyrirspurn frá hv. 1. þm. N.-M. vil ég taka fram, að till. er fram komin vegna þess, sem hann gat um, að þetta væri ekki heimilt. Ég man, að þetta er í eldri lendingarbótalögum, t. d. fyrir Bakkafjörð.

Magnús Jónsson: Ég vildi heldur mælast til, að þetta mál yrði tekið af dagskrá í dag. Mér er kunnugt um, að hv. 6. þm. Reykv. hefði kosið að vera viðstaddur, þegar málið er rætt, en hann er nú fjarverandi.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Ed., 10. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 639, 710, 726, 732).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 726. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, áður en gengið verður til atkvgr. — Ég á brtt. á þskj. 732 um, að Staðarfell verði tekið upp í þá staði, sem eru í síðari flokki. Á Staðarfelli er húsmæðraskóli, og hefur komið til tals að gera þar bryggju, og liggja fyrir 6 þús. kr., sem áætlaðar eru til bryggjugerðar, og hefur þetta því verið viðurkennt af Alþ. áður, en ég vildi þó, að þetta kæmi fram nú með þessum stöðum, og vænti ég, að till. mín verði samþ.

Frsm. (Gísli Jónsson): Hv. 1. þm. Reykv. fór fram á það í gær að fá þessum umr. frestað vegna ákvæðis 17. gr. um að fella niður hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað. Vil ég benda á, að samkomulag hefur orðið um þetta við hv. 6. þm. Reykv. En út af aths. frá 1. þm. Reykv. þá leyfi ég mér að leggja fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 710, og leyfi mér að afhenda hæstv. forseta hana. Síðan hefur komið fram brtt. á þskj. 726 um, að Loftsstaðasandi í Árnessýslu verði bætt inn í B-flokk 2. gr. frv., og mun ég sem form. n. ekki hafa neitt á móti því, að hún verði samþ.

En út af því, sem ég bað hæstv. forseta um í gær, þá sé ég nú ekki ástæðu til annars en þetta verði borið undir atkv. í þeirri röð, sem það liggur fyrir.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 710, frá minni hl. sjútvn., og þarf að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 748) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég á brtt. á þskj. 726, og kemur hún að vísu með seinni skipunum. Hún er um það, að Loftsstaðasandur í

Árnessýslu verði tekinn inn í B-flokk frv. Þegar maður fer að leita hjá sér, þá koma í hugann ýmsir staðir, sem er nú að fara aftur, en með lagfæringu gætu orðið góðir útróðrarstaðir. Loftsstaðasandur hefur að miklu leyti lagzt niður, enda lendingarskilyrði í lakara lagi. — Ég þakka form. sjútvn., hversu vel hann tók undir þetta, og vænti ég, að þessi brtt. fái að fljóta með.

Páll Hermannsson: Ég vil aðeins þakka form. sjútvn. fyrir svarið, sem hann gaf mér við umr. í gær. Þótt ég telji, að fyrirmæli 4. mgr. 9. gr. séu augljós, þá finnst mér betra að hafa fengið yfirlýstan skilning löggjafans á þessu atriði.

Jónas Jónsson: Ég hef leyft mér að fara fram á það við deildina, að Grenivík verði bætt inn í B-flokk, og ætla að leggja hér fram skrifl. brtt. um það. Grenivík er gömul verstöð, nokkuð erfið, en áhugi mikill þarna fyrir lendingarbótum. Ég hygg, að þetta þurfi ekki frekari skýringar við.

Forseti (StgrA): Hv. dm. hafa heyrt hina skrifl. brtt. frá hv. þm. S.-Þ. Þarf að leita afbrigða fyrir henni, þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 749) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 104. fundi í Ed., 11. apríl, var enn fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 749 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 710,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 726 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 732 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 710,2.a samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ, IngP, JJ.
nei: BrB, GÍG, HG, ÁS, StgrA.
MJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (LJóh, PM, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 710,2.b samþ. með 8:5 atkv.
— 710,2.c samþ. án atkvgr.
— 748 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 710,3.a, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 710,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 770).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Ég vil vekja athygli á því, að sjútvn. hefur alls ekki gefizt tími til að taka málið fyrir, en það hafa verið gerðar talsverðar breyt. á því í Ed. Ég vil eindregið óska þess, að n. verði gefinn kostur á að taka málið til meðferðar, áður en það verður afgr. frá d.

Umr. frestað.
Á 109. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Mál þetta var tekið út af dagskrá í gær, og reiknaði ég með, að það yrði rætt í sjútvn., því að Ed. hefur gert á því breyt., sem eru mjög á annan veg en Nd. gerði ráð fyrir. Þar sem sjútvn. hefur ekki tekið málið fyrir, vil ég leyfa mér að flytja skrifl. brtt. við frv.
Í Ed. hefur verið sett inn ákvæði í 9. gr. við 4. málsgr. þess efnis, að ekki sé heimilt að taka hafnargjöld af vörum, sem skipað er upp á bryggjur, sem einstaklingar eiga. Ef þetta verður samþ., þá er leyfð smuga fyrir einstaklinga að komast hjá að greiða vörugjald. Ég tel það ákvæði mjög óeðlilegt og óviðeigandi. Hin brtt. er í rauninni í sömu átt, í 3. mgr. var sett vafaákvæði, og á að vera matsatriði, hvort bryggjur einstaklinga njóti hlunninda af hafnargerðinni. Og væri það þá á valdi viðkomandi ráðh. að leggja gjald á hafnarmannvirki. Brtt., sem ég ætla að leggja fram, ganga í sömu átt og deildin gerði ráð fyrir í fyrstu.

Forseti (BG): Borizt hafa skrifl. brtt., sem hv. dm. hafa nú heyrt. Verður að leita afbrigða um till., svo að þær geti orðið teknar til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 802) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Þetta frv. um hafnargerðir og lendingarbætur er búið að ferðast nokkuð milli deilda. Ég tel þörf á að fá fulla afgreiðslu á þessu máli, en get hins vegar búizt við, að málið dagi uppi, ef farið verður að breyta því enn þá, því að þá yrði málið að leggjast fyrir sameinað þing. Ég vil því leggja á móti, að þessar skrifl. brtt. verði samþ., þar sem ég tel þær ekki heldur skipta miklu máli.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að taka í sama strenginn og hv. þm. V.-Húnv. Mér finnst þetta atriði, sem brtt. fjalla um, ekki skipta svo miklu máli, að ástæða sé að tefja málið þess vegna.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Ég sé enga hættu við það, þó að málið fari í Sþ. Hafnarlögin eru ill orðin, ef samþ. verður sú breyt., sem Ed. hefur gert á frv. Hafnarsjóðirnir verða að fá tekjur af vörugjöldum. Ef eyðileggja á vörugjöldin með því að nota bryggjur einstaklinga, án þess að vörugjöld séu greidd, þá eru hafnarsjóðirnir illa komnir. Hér er því ekkert smávægilegt atriði á ferðinni, og þó að þetta spillandi ákvæði væri samþ. í Ed. með litlum meiri hluta að vísu, þá er ekki vonlaust, að það verði fellt úr, ef málið verður tekið upp í Sþ.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta mál, sem nú er rætt, er að ýmsu vandræðamál og erfitt viðfangs. Það eru til nokkrar hafnir, þar sem einkahafnarmannvirki eru einu hafnarvirkin. Eins og nú er ástatt, má ekki leggja hafnargjöld á þær, fyrr en hafnarsjóður hefur lagt eitthvað til þeirra. Nú er þetta þó að færast í það horf, að einkamannvirkin eru að hverfa og hafnarsjóðirnir eru að taka við. Ég man í svip aðeins eftir 2 stöðum á Vesturlandi og 1 á Austurlandi, þar sem einkahafnarmannvirki eru. Eðlilegast væri, að þessi einkamannvirki verði lögð undir hafnarsjóði og eigendurnir fái bætur eftir mati. Ég efast um, að þetta ákvæði verði útkljáð svo öllum líki, en hér er bara um bráðabirgðaástand að ræða, sem mun lagast. Eins og nú stendur, þá er þetta ekki „aktuelt" nema fyrir 2 eða 3 staði.

ATKVGR.
Brtt. 802,1 felld með 12:9 atkv.
— 802,2 felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, PO, SigfS, SG, STh, SvbH, ÞB, ÁkJ, HelgJ.
nei: ÓTh, PZ, PÞ, SB, SEH, SÞ, SkG, BK, EmJ, FJ, GÞ, GTh, IngJ, JPálm, JS, BG.
JörB, StJSt, EystJ, GSv greiddu ekki atkv.
6 þm. (SK, ÁÁ, BÁ, EOl, HB, JJós) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Samgmrh. (Emil Jónsson): Enda þótt þetta ákvæði geti orkað tvímælis, tel ég málið komið á það stig, að ég vil ekki stofna því í tvísýnu með því að það fari til sameinaðs þings og segi því nei.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 803).

56. Búnaðarmálasjóður.

Á 9. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (þmfrv., A. 32).

Á 14. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur það að innihalda, að við flm. leggjum til, að niður falli nokkur orð úr l. um stofnun búnaðarmálasjóðs, þar sem um getur í 1. gr., að landbrh. verði að samþ. fjárhagsáætlun búnaðarþings um ráðstöfun á sjóðnum. Ákvæði þetta var sett inn í meðförum síðasta þ. um frv. til l. um búnaðarmálasjóð, og hefur það valdið mjög mikilli óánægju meðal bænda og hefur komið fram fjöldi áskorana til Alþ. um að nema þetta ákvæði burt úr l., bæði frá búnaðarþingi, Stéttarsambandi bænda, frá flestum búnaðarsamböndum og mörgum öðrum félögum bænda. Bændur líta þannig á, að það fé, sem þeir leggja fram í búnaðarmálasjóð, sé hliðstætt því, sem aðrar stéttir leggja fram til sinna starfandi stéttarfélaga og eru einráðar yfir, og þess vegna telja þeir, að á sama hátt eigi fulltrúar bænda að ráða, hvernig fé eigi að verja úr þessum búnaðarmálasjóði. Bændur líta þannig á, að enda þótt hið opinbera hjálpi til þess að innheimta þessi stéttargjöld þeirra, sem er mjög eðlilegt, því að þeir eiga mjög erfitt um innheimtu, þar eð bústaðir þeirra eru mjög dreifðir, þá sé það ekki réttlátt, að hið opinbera taki af þeim ráðstöfunarréttinn á fé sjóðsins, sérstaklega þegar þess er gætt, að ætlazt er til, að meginhlutinn af þessu fé renni til almennra framkvæmda meðal bændastéttarinnar, á sama hátt og það fé, sem veitt er til þeirra af hálfu hins opinbera og bændastéttin tekur þannig að sér að hefjast handa um. Telur hún, að þetta sé svo mikils virði fyrir ríkið í heild, að það geti vel aðstoðað með innheimtu þessara gjalda án þess að taka af henni valdið til ráðstöfunar á fé úr sjóðnum.

Það þarf ekki að taka það fram, að þetta frv. eins og það er flutt er á engan hátt stílað gegn núv. hæstv. landbrh., sem hefur haft mjög góða samvinnu við Búnaðarfélagið um ráðstöfun þessa fjár, og er engin ástæða til að ætla, að neinir árekstrar þurfi að verða við hann um þessi mál, en það breytir engu um eðli málsins, að bændur vilja hafa sjálfir vald yfir þessu fé og vilja ekki eiga það undir duttlungum hvers landbrh. á hverjum tíma, hvernig þessu fé verður ráðstafað.

Af þessum ástæðum er þetta frv. fram komið, og er óhætt að segja, að bændastéttin stendur yfirleitt einróma á bak við þær óskir, sem liggja til grundvallar þessu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Jón Sigurðsson: Ég vil mælast til þess fyrir hönd nokkurs hluta n., ég veit ekki hvort ég á að segja meiri hl., að þetta mál verði tekið af dagskrá, vegna þess að n. vantaði upplýsingar í málinu, sem hún hafði hugsað sér að leggja fram í væntanlegu nál. Þessar upplýsingar koma hins vegar ekki í hendur n. fyrr en kl. 4 í dag, og óska ég eftir því sem einn af flm. frv. og frsm. þessa hluta n., að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 11. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 32, n. 207 og 323, 197).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég var að bíða eftir, hvort hv. flm. þessa

frv., sem hér liggur fyrir, ætluðu sér ekki að taka til máls varðandi það, en það var verið nú rétt áðan að útbýta nál. frá þeim af flm., sem eru í landbn. Nú er það svo, eins og kunnugt er og tekið er fram í nál. okkar 1. landsk. á þskj. 207, að þetta frv. er borið fram sem óbein, ef ekki bein vantraustsyfirlýsing á hæstv. landbrh., þar sem það hafði verið ákveðið og gert að skilyrði hér á síðasta þingi fyrir samþykkt á þeim l., sem hér er um að ræða, um stofnun búnaðarmálasjóðs, að landbrh. skyldi samþ. áætlun þá, sem gerð yrði um úthlutun þess fjár, sem þar er um að ræða. Nú hefur frá okkar hálfu verið álitið, að það væri réttast, úr því að svo mikið írafár hefur verið gert út af þessu ákvæði, sem er þó hlíðstætt ýmsu, sem hefur verið sett áður, að hv. flm. væri gert það til geðs að losa þá alveg við þetta ákvæði, sem þeir telja bændastéttinni svo hættulegt, að þeir hafa kallað það kúgunarákvæði og öðrum slíkum nöfnum og smalað saman mótmælum víðs vegar að af landinu, og væri því rétt að afnema það. Nú er það svo, að það er kunnugt, að á síðasta búnaðarþingi varð um þetta mikill ágreiningur og langar umr., hvernig verja skyldi því fé, sem þarna er um að ræða, en niðurstaðan varð sú að lokum, að það var með meiri hl. samþ. áætlun um úthlutun þessa fjár. Nú er hér um að ræða tvær greinar, sem eru dálítið undarlegar og hafa valdið ágreiningi, og er það þá fyrst og fremst það, að verja stórfé til gistihúsbyggingar í Reykjavík. Í öðru lagi er talað um að verja fé úr sjóðnum til þeirra málefna, sem búnaðarþing fjallar um og varða sérhagsmunamál bænda. Undanfarið hefur Búnaðarfélag Íslands fengið í fjárl. nær ½ millj. kr., og í þessum fjárl. mun verða samþ. hér talsvert hærri upphæð til þess. Eru flestir bændur þeirrar skoðunar, að öllu þessu fé ætti að verja til að annast sérhagsmunamál bænda. Þá er það undarlegt, að komið skuli hafa fram óánægja yfir því, að af þeim veltuskatti, sem lagður var á bændur og, eins og kunnugt er, var samþ. hér á síðasta þingi, skuli taka sérstaka upphæð handa búnaðarþingi til úthlutunar að því leyti, sem það snertir sérhagsmunamál bænda. Nú mun það vera álit mjög margra bænda landsins, að þessum peningum sé miklu betur varið til þess að annast sérstaklega þær framkvæmdir þeirra, sem mest ríður á, og hafa stjórn á framkvæmdum þeirra heldur en verja fénu til gistihúsbyggingar í Reykjavík og annars þess, sem hér er um talað. En það hefur ekki komið í ljós, að hve miklu leyti sá ágreiningur hefur fylgi meðal bænda, en það er ekkert aðalatriði, heldur hitt, hvað Alþ. álítur, að bændastéttinni sé til mestra heilla í framkvæmd þessara mála. Búnaðarsamböndin hafa að undanförnu verið mjög máttlítil vegna fjárskorts, þannig að þau hafa ekki haft ráð á því að hafa starfsmann til að annast yfirstjórn þeirra framkvæmda, sem mestu varða í sveitum landsins, það er að segja fastan starfsmann. En þau hafa öll eða nálega öll menn, sem eru að einhverju leyti starfsmenn þeirra varðandi mælingar, en fasta starfsmenn hafa þau mjög fá. Nú er það að segja, að ég er ekki búinn að ganga í gegnum þetta nál. frá 2. minni hl. landbn., og sé ég því ekki ástæðu til að fara náið út í það, fyrr en frsm. þess minni hl. er búinn að flytja framsöguræðu sína, en ég vænti þess, að hv. þdm. geti á það fallizt, úr því að svo miklar deilur hafa orðið sem raun ber vitni um skilyrði l. til úthlutunar, að þá geti orðið samkomulag um það, að það sé fellt niður á þann hátt, að Alþ. ákveði hvernig þessu fé skuli skipt, og er þá eðlilegt, að því sé skipt í réttu hlutfalli miðað við það, sem kemur úr héruðunum í þennan sjóð, ef hann á að starfa áfram. — Ég skal svo ekki að sinni, þar til frekara tilefni gefst til, hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að þessi brtt. við frv. komi sem fyrst undir atkv., og þá verður úr því skorið, hverri stefnu hv. meiri hl. Alþ. að þessu leyti fylgir.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla því algerlega, sem hv. frsm. 1. minni hl. landbn. (JPálm) hélt hér uppi og hann raunar hefur gert áður, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé á nokkurn hátt vantraust á hæstv. landbrh. (PM). Það er langur vegur frá því, að mér og meðflm. mínum hafi komið til hugar að bera fram neitt slíkt vantraust, hvað þetta mál snertir. Málið er flutt vegna þess, að við teljum, að þó að góður maður fari nú með þessi mál, maður, sem treysta má fullkomlega til að fara réttlátlega með þau, — og ég efast ekki um, að hæstv. núv. landbrh. mundi fyrst og fremst aldrei breyta samþykktum, sem búnaðarþing hefur gert, — þá er hitt annað mál, að það geta komið aðrir menn hans í stað, og þessi l., sem þarna eru sett, voru ekki sniðin fyrir þann eina mann, sem nú situr að völdum, en við bændur höfum enga íhlutun um það, hver sá maður verður, sem tekur við embætti landbrh. síðar meir. Þessu viljum við mótmæla, en með því er ekki verið að lýsa vantrausti á núv. landbrh. Eins og hv. frsm. gat um, þá gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Og tveir nm., þeir hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) og hv. 1. landsk. (SG), leggja til, að gengið verði inn á að breyta frv., sem við höfum borið fram á þskj. 32, í stórvægilegum atriðum. Aðalefni þeirra breytinga er, að Búnaðarfélag Íslands verði svipt öllum yfirráðum yfir búnaðarmálasjóði, en Búnaðarbanka Íslands fengin í hendur stjórn hans. Enn fremur að sjóðnum verði skipt upp á milli búnaðarsambanda landsins, þannig að hvert búnaðarsamband fái það endurgreitt úr búnaðarmálasjóði, sem kemur af því sambandssvæði í sjóðinn. Ákvæði brtt. um þetta er loðið, en flm. till. hafa tjáð okkur, að það beri að skilja hana þannig. Í þriðja lagi er það ákvæði sett inn, að úr sjóðnum, sem er séreign bændastéttarinnar og eini sameiginlegi sjóðurinn, sem hún á, renni enginn eyrir til sameiginlegrar félagsmálastarfsemi bændastéttarinnar. Áður en lengra er farið út í þetta, langar mig til að víkja athyglinni að því, hvernig þetta mál hefur orðið til.

Áður en þessi l. voru samþ. á Alþ., sem nú er talað um að breyta, var frv. að þeim sent öllum búnaðarsamböndum landsins til álits og umsagnar. Var það rætt á sambandsfundum, og

held ég, að óhætt sé að segja, að það hafi fengið góðar undirtektir og að það hafi verið einstakt, ef nokkur ræða gekk á móti því. Mátti heita svo, að það væri samþ. með shlj. atkv. Að því búnu var frv. lagt fyrir Alþ. og samþ. þar með þeirri breyt., sem nú er óskað eftir, að verði felld niður. Þar næst gerist það í málinu, að búnaðarþing gerir fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, eins og því bar skylda til skv. l., fyrir árin 1945 og 1946. Þessi áætlun var því næst lögð fyrir hæstv. landbrh., sem staðfesti hana, og síðan hefur verið starfað eftir þessum l., og er nú fullt ár senn á enda síðan, og undirbúnar eru framkvæmdir hvað næsta ár snertir. Þetta er saga málsins í fáum orðum, og nú, þegar ekki er liðið heilt ár frá því að l. voru staðfest og farið var að vinna eftir þeim, þá er rokið til að gera á þeim gagngerðar breyt., eins og ég hef getið um áður. Þetta er óneitanlega óvenjuleg aðferð og á sér fá dæmi. Og ég fyrir mitt leyti get ekki skoðað það annað en beina árás á Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing. Það, sem helzt er þá talið til stuðnings þessari árás, eða hvað maður vill nú kalla það, er það, sem hv. frsm. gat um, að fjárhagsáætlun búnaðarmálasjóðs fyrir árin 1945 og 1946 væri svo athugaverð, að Alþ. yrði að grípa í taumana til að forða bændastéttinni frá þessum ósköpum, sem yfir henni vofa. Af hálfu minni hl. n. eru færðar fram tvær ástæður. Fyrri ástæðan er sú, að Búnaðarfélag Íslands hafi áætlað mikið fé, rúmar 200 þús. kr. hvort árið, til húsbyggingar Búnaðarfél. Íslands, eða eins og hv. frsm. kallar það, til gistihúss. Það er rétt að athuga þetta nánar. Ég hefði gjarnan viljað, að ýmsir þeir, sem hér eru staddir og ekki eru kunnugir í Búnaðarfél. Íslands, hefðu áður haft tækifæri til þess að koma í hús þess og kynnast þeirri aðstöðu, sem félagið hefur og starfslið þess. Þeir hefðu gott af að ganga úr skugga um það, hvort vanþörf væri á að byggja yfir félagið. Þetta gamla timburhús mun vera byggt um eða eftir aldamótin síðustu. Vegna skipulags bæjarins er ekki nokkur leið til þess, að það fái að standa. Það mun eiga að rífa á sínum tíma og fæst ekki endurbyggt. Það er því útilokað, að félagið geti hugsað sér að vera þarna til frambúðar. Því hefur ekki dottið í hug að leggja stórfé í að dubba upp þetta gamla hús, enda er sannleikurinn sá, að félagið hefur haft svo þröngt um hendur, að það hefur ekki haft ráð á að leggja fram stórfé til aðgerða á húsinu. Það hefur verið reynt að halda húsinu við, eftir því sem hægt hefur verið, en það er orðið hrörlegt, eins og önnur gömul timburhús. Ég hygg, að engin hálfopinber stofnun bjóði mönnum sínum önnur eins starfsskilyrði og menn eiga við að búa þar. Finnst mönnum þá nokkuð undarlegt, þó að búnaðarþing láti það verða eitt af sínum fyrstu verkum, þegar aðstæður eru fyrir hendi, að reyna að bæta úr þessu vandræðamáli? Og ég hef ekki talað svo við einn einasta bónda, sem komið hefur í Búnaðarfélagshúsið, að hann hafi ekki talið það alveg sjálfsagðan hlut, nema það væri hv. þm. A.-Húnv. Hvað húsbyggingu félagsins snertir er það að segja, að þegar miðað er við þann húsakost, sem Fiskifélag Íslands, sem er hálfopinber stofnun, á við að búa, þá ættu menn að geta skilið aðgerðir búnaðarþings í þessu máli.

Þá er hitt atriði þessa máls, að í sambandi við þessa húsbyggingu hefur oft verið um það rætt, bæði fyrr og síðar, að full þörf væri á, að Búnaðarfélag Íslands stuðlaði að því að koma upp gistiheimili fyrir bændur, eins og tíðkast í flestum bæjum Noregs, sem ganga undir nafninu Bondegaard. Þetta heimili ætti þannig að vera sem líkast norsku bændaheimili, óbreytt, en þokkalegt og hreinlegt, allur aðbúnaður óbreyttur og fæði kjarnmikið. Það var eitthvað svipað þessu, sem vakti fyrir mönnum á búnaðarþingi, að þeir bændur utan af landi, sem erindi eiga til Reykjavíkur, þurfi ekki að gista götuna næturlangt, ef þeir eiga ekki nákomna vini, sem geta skotið yfir þá skjólshúsi. Þetta er þá sú hugsun, sem á bak við liggur. Í sambandi við þetta kom einnig til mála, að æskilegt væri, að húsið væri þannig, að hægt væri, þegar bændur væru í kynnisferðum, að skjóta skjólshúsi yfir allstóran hóp, allt að 100 manns, þegar staðnæmzt er hér, og ættu menn þá með þeim hætti víst athvarf, en um það var rætt í n., að til væru hermannabyggingar, þar sem setja mætti upp hús, svo að þeir gætu fengið að gista þar og fengið þar sæmilegan aðbúnað. En þegar talað er um þetta gistihús, leyfir hv. þm. A.-Húnv., frsm. 1. minni hl., sér að ganga fram hjá því atriði, að búnaðarþing samþykkti, að því aðeins skyldi þetta gert, að nægileg þátttaka fengist annars staðar að. Hver er svo þessi nægilega þátttaka? Það er talað um, að ekki verði ráðizt í byggingu, nema fram kæmi að minnsta kosti ¾ hlutar kostnaðar annars staðar að. Þyrfti Búnaðarfélag Íslands eða búnaðarmálasjóður þá ekki að leggja fram af sínu fé nema ¼ kostnaðar. Þetta eru þá orðin öll ósköpin af þessu lúxushóteli, sem búnaðarþing ræddi um. Verð ég að segja það, að mér þykir leitt, þegar stéttarbræður mínir vitandi vits reyna að rægja sína eigin stofnun, því að með því að ganga fram hjá þessu atriði er raunverulega ekkert annað verið að gera en ófrægja búnaðarþing í augum bænda, Alþ. og annarra. Ég segi ófrægja, vegna þess að málefnið hefur verið tekið þeim tökum, að allt, sem um búnaðarmálasjóðinn hefur verið sagt, er rangt, og skal ég fúslega játa, að mér er ekki kært að standa undir lygi á stéttarbræður mína.

Þetta er þá það ægilega annað atriði, sem búnaðarþing á að hafa gert og á að vera orsök til þess að svipta það fjárráðum yfir sjóðnum. Hitt atriðið er, að búnaðarþing hafi ætlað 30 þús. kr. til að standast kostnað við búnaðarþing. Það hefur verið talað um þetta oftar en einu sinni á Alþ., og það er ekki alls kostar ástæðulaust eða óeðlilegt, að ríkið leggi fram fé til Búnaðarfélags Íslands til að standa undir kostnaði við sitt búnaðarþing, þegar það væri að ræða um sín sérstöku stéttarmálefni, eins og það hefur orðið að gera og því hefur oft verið falið af Alþingi. En bæði ég og aðrir höfum haft tilfinningu fyrir því, að það væri ekki óeðlilegt, þegar komið er út frá því faglega sviði og inn á svið stéttarhagsmuna, að bændur sjálfir stæðu undir þeim kostnaði, sem af þessu leiddi, og

beinlínis þessi upphæð, sem tiltekin er, er miðuð við það að standa undir þeim hluta kostnaðarins við búnaðarþing. Ef þetta er fjarstæða, þá er annað hljóð komið í strokkinn en hefur verið undanfarið. Þegar á þetta hefur verið minnzt, hefur yfirleitt hljóðið verið þannig hjá ýmsum þessara manna, sem átelja þetta, að þessi tilhögun málsins sé algerlega óeðlileg, og ætti því sízt að vera ástæða til þess að gera það að árásarefni á búnaðarþing, að það vilji nú taka af bændanna einkafé til þess að annast um þeirra sérhagsmunamál, og að þeim sé ekki blandað saman við þau faglegu viðfangsefni, sem búnaðarþing hefur aðallega með að gera. Um fjárhagsáætlunina er það skemmst að segja, að hún er í öllum atriðum í samræmi við grg., sem Búnaðarfélag Íslands sendi með frv. til búnaðarsambandanna. Það er áreiðanlega hvert atriði tekið fram í grg. sem verkefni fyrir sjóðinn, sem kemur aftur fram í fjárhagsáætlun búnaðarmálasjóðs. Eins og ég sagði áðan, var það af óumflýjanlegri nauðsyn, að búnaðarþing varð að þessu sinni að leggja höfuðáherzlu á húsbygginguna, enda ekki farið dult með það í grg., hver nauðsyn bændastéttinni er að því að koma húsbyggingunni áfram. Litu þeir svo á, að allt eins æskilegt væri fyrir bændastéttina að taka þetta fé núna á þessum 2 árum til húsbyggingarinnar, á meðan bændur hafa yfirleitt sæmileg fjárráð, en þegar frekar væri þröngt fyrir hendi hjá bændum, þá ætti að beina sjóðnum aðallega að því að styrkja mikilvæg málefni sambandanna heima fyrir. Ég stend enn á því, að þetta sé rétt stefna og að það sé öllu hyggilegra að taka núna fé vegna húsbyggingarinnar, enda á ég ekki von á því, að það verði átalið af bændum. Ég skal enn fremur geta þess um gistihúsbygginguna, að allt er í óvissu enn þá um það, hvort sú þátttaka fæst, sem óskað er eftir, og þar af leiðandi, hvort þetta nauðsynjamál kemur til framkvæmda, og er líklegt, að það verði jafnvel ekki að þessu sinni. Ég held, að það sé hæpið að segja, þó að við teldum, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluti hafi verið með þessu frv., eins og ég hef sýnt fram á, að það sé verið að beina því að hæstv. núv. landbrh., að það var gert, en hæpið er að gera þessar hefndarráðstafanir, sem hér um ræðir, því að allajafna verka þær öfugt við það, sem til er ætlazt, og hygg ég, að svo gæti einnig farið í þetta skipti.

Ég skal þar næst athuga sjálfa till. eins og hún liggur fyrir. Samkv. henni á að skipta búnaðarmálasjóðnum milli sambandanna. Eins og nú er leggja allir bændur í búnaðarmálasjóðinn, og er sjóðurinn þess vegna sameiginlegur sjóður allrar bændastéttarinnar, og eins og ég tók fram áðan, þá er hann nálega eini sameiginlegi sjóðurinn, sem er hennar einkaeign, eins og ríkissjóðurinn er sameignarsjóður allrar þjóðarinnar. Hvernig mundi verða litið á það, ef á Alþ. kæmi fram frv. um að skipta upp ríkissjóðnum, þannig að hver sýsla og hver kaupstaður fengi sinn hluta úr sjóðnum, nákvæmlega það, sem íbúar þeirra hefðu borgað inn í hann, og að því fylgdi það skilyrði, að ekki mætti taka einn eyri til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins? Mundi þá mörgum finnast það einkennileg aðferð, og betra ráð mundi vart fundið til að leysa upp þjóðfélagið og sundra því. Mér skilst, að þannig mundi þetta verka innan þjóðfélagsins og að þessari till. sé ætlað að verka á svipaða lund innan bændafélagsskaparins. Ég sagði ætlað, því að ég hef þá trú á félagsþroska yfirgnæfandi meiri hluta ísl. bænda, að þetta mundi ekki koma að sök, jafnvel þó að svo ólíklega tækist til, að slík tilhögun yrði samþ.

Þá skal næst athugað, hvernig skiptingin mundi fara fram, og til þess að ganga úr skugga um þetta, hef ég látið gera yfirlit yfir það, hvernig hún mundi taka sig út. Í þeirri skrá er ekki talið með grænmeti gróðurhúsanna og sala þeirra. Samkv. þessu og eftir athugun hefur mér talizt til, að bæta þyrfti við Búnaðarsamband Suðurlands 13 þús., við Búnaðarsamband Kjalarness 5 þús. og við Búnaðarsamband Borgarfjarðar 3 þús. Við þessa athugun kemur í ljós, að Búnaðarsamband Suðurlands, sem nær yfir Árnessýslu, Rangárvallasýslu, V.-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjar og hefur 1521 meðlim, mundi fá 101 þús. kr. og auk þess tekjur af seldu grænmeti, 13 þús., eða samtals 114 þús. En Búnaðarsamband Vestfjarða, sem nær yfir 5 sýslur og 1 kaupstað, það mundi fá tæpl. 30 þús., en ætti borið saman við búendatölu að fá 72 þús. Búnaðarsamband Vestfjarða hefur mjög örðugar aðstæður, og er þó ekkert tillit tekið til þess. Búnaðarsamband Kjalarness, sem hefur 405 meðlimi, mundi fá 25 þús. og 5 þús. af gróðurhúsasölu, eða 30 þús. kr. Búnaðarsamband V.-Húnavatnssýslu mundi fá 7 þús., en bæri 20 þús. kr. Svona mætti halda áfram til þess að sýna, hversu óréttlátt fyrirkomulag þetta yrði. Því miður hafa komið fram einhverjar áskoranir frá búnaðarsamböndum um að samþ. brtt. á þskj. 197. Ég segi því miður, því að slíkt sem þetta virðist bera vott um of lítinn félagslegan þroska hjá þessum félögum. Þessir menn eru að vísu fúsir á að hirða peningana, en líta ekki á, hvaða rétt þeir eiga til þeirra. Þeir vilja smeygja sér undan sameiginlegu samstarfi sambandanna. Ef þau sambönd, sem bezt eru stæð, leggja kapp á að losna úr tengslum við hin minni máttar og rétta ekki hjálparhönd til þeirra, sem lakast eru stæð, þá er illa farið. Það var aldrei meining okkar flm. að ganga á rétt neins, heldur að heimta rétt þeim til handa. Búnaðarsamböndin verða að bera byrðarnar hvert með öðru, alveg eins og sýslurnar gera innan ríkisheildarinnar. Þess vegna virðist mér þessi brtt. eins og frá henni er gengið miða að því að veita þeim ríkustu bezta aðstöðu, — að gera þá ríkari enn þá ríkari, en þá fátækari enn þá fátækari. Og í raun og veru er þetta ekkert undarlegt, eins og till. liggur nú fyrir, þar sem þau héruð, er hafa bezta markaði og fjölbreyttasta framleiðslu, eiga að sitja fyrir, en hin, sem verr eru sett, eiga að sitja á hakanum og bjarga sér sjálf.

Ég get ekki stillt mig um að benda á, að búnaðarþing hefur nú haft um nokkra tugi ára allmikið fé, sem það hefur skipt á milli héraða og sveita. Um það hafa gilt fastar reglur. Fyrsta

reglan hefur ávallt verið sú, að tekin hefur verið viss og ákveðin upphæð, sem skipt hefur verið á milli þeirra, sem erfiðast eiga uppdráttar.

Ég vænti, að menn athugi mál þetta vendilega og rólega, áður en menn leggja út í það óláns gerræði að svipta Búnaðarfél. Íslands og búnaðarþingið öllum umráðarétti yfir þessu fé, og vitanlega er æskilegast, að slíkt komi aldrei til.

Það má vel vera, að einhverju þurfi að breyta frá því, sem nú er, en sú breyting á að koma frá bændunum sjálfum eða búnaðarfélagsskapnum. Kjörtími okkar til búnaðarþings er nú nærri útrunninn, því að kjósa á til búnaðarþings í vor. Ef við misskiljum nú hlutverk okkar, þá láta bændur skipta um fulltrúa við kosningarnar í vor, og fæst þá leiðrétting. Ég er alveg rólegur að bíða þess dóms. En ég álít, að allar slíkar breytingar eigi að leggjast undir dóm bændanna. Þá hefur málið fengið rétta meðferð, og þá fyrst getum við samþ. það.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Þegar l. um stofnun búnaðarmálasjóðs voru sett á síðasta þingi, þóttu þau sæmilega undirbúin og jafnvel betur en flest annað, því að búnaðarþing hafði um það mál fjallað. En svo brá við, að ekki voru allir ánægðir með ákvæði eitt, er í frv. þessu var, og má víst með sanni segja, að ekki sé það nein nýlunda, og gerðust svo ýmsir andstæðingar frv. Og fyrir þá sök var mál þetta einstakt í sögu búnaðarmála á Alþ. Ekki aðeins þeir, sem láta sig litlu skipta málefni bænda, heldur og ýmsir fulltrúar bænda studdu nú það mál, sem þeir sízt hefðu átt að gera. Um þetta ber vott brtt. sú, er kom hér fram, þar sem ráðstöfun á fé bænda, sem þeir gjalda sjálfir til sinna þarfa, skyldi háð samþ. landbrh. Nú er ekki vandskilið, þó að slík mál séu rangtúlkuð, ef ráðizt er á einn eða annan mann á Alþ., sem á þar sæti í það skipti. En hér er um að ræða samþykkt löggjafar, sem á að gilda, hverjir svo sem eru á Alþ. eða í ríkisstj. Má víst segja, að sumir hafi kveinkað sér, en aðrir aukizt af sjálfum sér. Auðvitað verða menn að gera sér ljóst, hvað öllum er fyrir beztu, þegar um framtíðarlöggjöf er að ræða. Sem sé ég kom ekki til að ræða, að þetta væri nein ákúra sérstakleg, heldur að ræða út frá því sjónarmiði, hvort ekki sé eðlilegast, að bændur ráðstafi sjálfir sínu eigin fé. Þess vegna þyrfti ekki upp að koma nein röskun á samkomulagi, þó að slíkar brtt. komi fram, t. d. að leiðrétta það að taka ráðin af bændum um þetta fé. Hér er komin fram till. um að kippa þessu út úr l. Nú ætla ég, að ekki þurfi neinar sérstakar umræður um þetta. Ég er enn á móti sérstöku ákvæði í l., en að fara að blanda við þetta óskyldum efnum, það finnst mér óþarfi. Allra sízt vil ég heyra það, að þeir hv. þm., sem styðja ríkisstj., virðast ekki geta á heilum sér tekið, þótt andstæðingar hennar beri fram till. Slíkt má lesa í nál. þeirra hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. landsk., en fyrrgreint nál. er með fágætum, en ekki ágætum, hvað snertir úlfúð, illsku og anda. Er því vissulega illa farið, að slíkir ágætismenn skuli verða stimplaðir svo af sjálfum sér, og tel ég það illt, að plagg þetta mun geyma minningu þeirra um ókomna tíma. Málefni þetta er þó tiltölulega saklaust sem þingmál, það vill aðeins leiðrétta það, sem illa fer. En þó þykir mér keyra um þverbak eftir því, sem málinu vindur fram, og ekki veit ég, hvort er upphaf eða endir á máli minni hl. í brtt. á þskj. 197, en þar er öllu burtu kippt, eða eins og sagt er á daglegu máli, steypt undan öllum fyrirtækjum.

Á síðasta þingi voru l. samþ. um miðjan vetur. L. voru þannig undirbúin, að ætla hefði mátt, að ekki hefði þurft að kollvarpa grundvellinum til þess að samkomulag gæti orðið, aðeins þurfti að athuga, hver færi með ráðstöfun fjárins. — Á þskj. 197 er svo ráð fyrir gert, að gjald þetta skuli ekki vera í höndum þeirra aðila, sem bændastéttin hefur valið sér, sem sé í höndum Búnaðarfél. Íslands. Það á að dreifast út í héruðin og ekki þannig, að þessi miðstjórn fái að ráða neinu um skiptingu fjárins, ekki einu sinni undir umsjá landbrh. Það mætti segja, að með þessu sé verið að kippa stoðum undan málinu. Þessir hv. þm. vantreysta sínum ráðh. og það ómaklega. Nú er svo til ætlazt, að eftir að gjaldið hefur verið innheimt, skuli því skipt og það sent út í héruðin. Í nál. 1. minni hl., sem hv. 2. þm. Skagf. gerði að umtalsefni, er gert ráð fyrir þessu, og benti hann á, að skiptingin yrði engan veginn jöfn eða réttlát, og ef menn ekki vildu hlynna að einhverju sambandanna, þá væri þetta með öllu rangt og útfærslan á því mismunandi. En svo kemur hér nú allt í einu að ákveða að henda fé til aðila, sem ekkert vita um þetta, en hafa þó gefið umsögn, meira að segja einróma, að svona vildu þeir hafa það, en ekki öðruvísi. Þeir hafa víst aldrei fengið þau tilmæli, að þessi meðmæli ættu þeir að gefa? En það er óviðkunnanlegt og fráleitt að kasta fé út til þeirra aðila, sem hafa ætlazt til alls annars og aldrei farið fram á það. Nú vil ég, að málinu sé vikið í annan farveg, og á ég þar við að spyrja þá aðila, sem hlut eiga að máli, hvað þeir vilja. Í þessu tilfelli yrði þá að spyrja búnaðarsamböndin, hvað þau kysu. Nú veit ég ekki, hverju þau muni svara; má vera, að þau séu meira að segja á sömu skoðun og hv. þm. A.-Húnv. Ég taldi rétt fyrir ári síðan að ráða þessu máli á annan hátt. En tímarnir hafa breytzt, og er þá fróðlegt og gagnlegt að heyra álit bændanna sjálfra. Að öllu þessu athuguðu, leyfi ég mér að bera fram till. um rökstudda dagskrá, í trausti þess, að leitað verði álits Búnaðarfél. Íslands, áður en gengið verður frá frv. þessu.

Till. er svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstj. feli Búnaðarfélagi Íslands að leita umsagnar búnaðarsambanda landsins um þetta mál eins og það liggur nú fyrir, áður en það hlýtur fullnaðarafgreiðslu, svo tímanlega, að það verði lagt fyrir aðalfundi sambandanna á næsta vori, og komi álit þeirra síðan fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason): Þm. hafa nú hlustað á ræður tveggja andstæðinga till. okkar hv. 1. landsk. á þskj. 197. Mér komu ekki á óvart þessi ummæli, því að andstæðingarnir

vilja reka þetta sem stórpólitískt mál, og er öllum ljóst, að því er beint gegn ríkisstj. Ef þessir menn telja þetta mál heppilegt til þess að vera eitt aðalkosningamál og telja það jafnframt vera okkur til svo mikillar hneisu eins og fram hefur komið, þá ættu þeir að geta unað vel við sinn hlut. Þetta mál hefur verið túlkað rangt. Andstæðingarnir hafa reynt að nota það sem árás á ríkisstj. og persónulegar árásir á mig, og með þessu ætla þeir að gera tilraun til að auka fylgi sitt í sveitunum, en sveitafólkið lætur ekki blekkjast af slíku. Bændur kæra sig ekkert um að leggja fram stórfé á móti hagsmunum sínum og móti þeirri stefnu, sem þeir fylgja. Það er ekki meining okkar, að Búnaðarbankinn eigi að ráða nokkru um, hvernig fé búnaðarmálasjóðs er varið. Það á að gerast nákvæmlega eftir skýrslum, sem berast frá búnaðarsamböndunum. Það má að vísu deila um, hvort úthluta eigi úr búnaðarmálasjóði eftir framlögum eða eftir höfðatölu. Ég tel réttara að skipta eftir framlögum eða því, sem borgað er, því að þeir, sem mest leggja fram, eiga að fá mest. Þau héruð, sem minnst munu fá eftir þessari till., selja ekki mjólk og þurfa þar af leiðandi ekki að gjalda veltuskatt af sinni mjólkurframleiðslu. Ég tel því ekki rétt, að þessi skattur, sem mjólkurhéruðin þannig greiða, gangi til annarra héraða. Það má segja, að ég sé ekki góður fulltrúi fyrir mitt hérað með þessari stefnu, en ég tel þessa stefnu rétta, og þess vegna fylgi ég henni.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði um, að langt væri gengið, þar sem enginn eyrir af búnaðarmálasjóði væri ætlaður til sameiginlegra þarfa bændanna. Þetta er algerlega út í hött, því að féð fer allt til sameiginlegra þarfa. Allir bændur eru í búnaðarsamböndum, og samböndin verja fénu til nauðsynlegra starfa fyrir félagsmenn sína, og án efa er þeim bezt kunnugt, hvar skórinn kreppir að.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að þessi till. okkar væri vantraust á Búnaðarfél. Íslands og búnaðarþing. Það er nokkuð til í þessu. Upp á síðkastið hefur búnaðarþing hagað sér eins og nokkurs konar aukaþing Framsfl. og unnið að því að gera ríkisstj. tortryggilega. Þegar stofnun sem þessi fer að haga sér þannig, er ekki eðlilegt, að henni sé falið meira vald en þörf er á. Hv. þm. sagði, að flestir bændur nema ég væru sammála um nauðsyn þess að byggja yfir Búnaðarfélagið. En ég er líka á þeirri skoðun. En til skrifstofubyggingar verður ríkissjóður að leggja fé, en ekki búnaðarmálasjóður. En byggingin, sem hv. þm. er hér að minnast á, var ekki aðeins skrifstofubygging, heldur líka gistihús fyrir 100 manns með tilheyrandi sölum. Í slíkt vilja þessir unnendur bændanna leggja búnaðarmálasjóð, sem fyrirsjáanlegt er, að verður ekki nema eins og kækiber í tunnu til slíkra nota, þó að hann væri allur lagður í þetta fyrirtæki næstu ár.

Þá hefur verið haldið fram, að þessi till. sé sérstaklega fram borin til þess að kippa fótunum undan stéttarsambandi bænda. Þetta er misskilningur. Hv. 2. þm. Skagf. var að tala um, að búnaðarsamböndin ættu að bera hvert annars byrðar. Þetta er að miklu leyti rétt. Öll þau sambönd, sem borga til Búnaðarfél. Íslands, fá styrki frá því til ýmissa þarfa, og því skipulagi þarf ekki að breyta, og því óþarfi að hamra á því, að gengið sé á rétt sambandanna á hinum dreifðu svæðum.

Hv. þm. (JS) talaði um, að það væri óeðlilegt, að valdið til að skipta fénu kæmi frá Alþ., það ætti að koma frá bændunum sjálfum. Þetta er álitamál. Sannleikurinn er sá, að þessir peningar eru teknir með valdi, og þá finnst mér ekki óeðlilegt, þó að Alþ. úthluti þessum peningum milli félagssamtakanna eftir því, sem þau hafa lagt fram.

Hv. 10. landsk. þm. var með dylgjur í minn garð, sagði meðal annars, að nál. væri mér til minnkunar. Það verður hver og einn að hafa sína skoðun á því, en ég tek mér ekki nærri, þó að hv. þm. telji það eiga að vera á annan veg. — Þá var þessi sami hv. þm. að tala um, að með þessu væri grundvellinum steypt undan fyrirtækinu, sem stofnað var til í fyrra. Þetta er fjarstæða. Það, sem hér er um að ræða, er aðeins, hvort bændur eigi að fá hið umrædda fé til eigin þarfa heima í héruðunum eða Búnaðarfél. Ísl. og búnaðarþing eigi að nota það til einhverra annarra þarfa. Varðandi rökstudda dagskrá hv. 10. landsk., að vísa málinu heim í héruðin til álits og umsagnar, eða til þess að þau segðu um það, hvort þau vildu féð eða ekki, þá get ég vel gengizt inn á að bæta við till. mína, að þeim félögum, sem ekki vilja féð, sé heimilt að skila því aftur. (*PO:* Finnst ekki hv. þm. A.-Húnv. hann sé búinn að gera bændum nóga smán, þó að hann bæti ekki gráu ofan á svart?) Slíkri fjarstæðu hirði ég ekki að svara.

Ég sé svo ekki ástæðu til að tala fleira um þetta að sinni, en eftir því, sem mér virðist anda við hjá hv. flm. og jafnvel fleirum, sem að þessu frv. standa, þá get ég búizt við því, að umr. verði eitthvað frekari um málið síðar.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er náttúrlega eitt og annað, sem ég hef ástæðu til að svara, en ég veit ekki, hvort er rétt að fara út í það á þessu stigi, eins og nú stendur á.

Það, sem mér skildist vera rauði þráðurinn í ræðu hv. frsm. 1. minni hl., var það, sem hann lagði ríkasta áherzlu á, að þetta væri stórpólitískt mál og kosningamál, og það virtist eiga að réttlæta það, að búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands væri tekið einhverjum fantatökum af þeim ástæðum. Ég vil benda á, að ef þessi brtt. yrði samþ., þá tel ég málið fyrst vera orðið virkilegt átakamál, ekki stórpólitískt mál að því leyti, að menn séu með því eða móti eftir flokkum, heldur verða menn þar sitt á hvað, en raunverulega verður þetta til að þjappa bændastéttinni enn þá fastar saman.

Hann talaði um talsverða óánægju hjá bændum út af meðferð búnaðarmálasjóðs og vill láta þessa óánægju verða til þess, að tekið sé af búnaðarþingi valdið til að skipta fénu. En hvað eru það margir, sem eru ánægðir með ráðstöfun Alþ. á fé ríkissjóðs? Ef farið væri að spyrja landsfólkið, hvernig því líkaði, hvernig við skipt-

um fé ríkissjóðs, sem er sameign þjóðarinnar, milli landsmanna, hvernig við vildum verja því milli einstakra fyrirtækja, — ætli það gætu þá ekki heyrzt óánægjuraddir? Maður hefur orðið var við það hingað til, og hafa þó engar till. komið fram um það að láta Landsbankann skipta þessum sjóði. En það þykir boðlegt fyrir okkur bændurna, þó að þessi sjóður sé okkar einkaeign, ef einhver einhvers staðar í landinu er óánægður, þá sé hlaupið upp til handa og fóta, og þá er það Búnaðarbankinn, sem á að skipta.

Ég hef enga trú á því, sem hv. síðasti ræðumaður hélt fram, að þeir, sem bezt væru settir, mundu sjálfir ná í mest af þessu fé. Bændur eru yfirleitt ekki þannig, að þeir vilji ekki leggja hönd að því að hjálpa þeim, sem eru lakar settir. Það er sú samúð meðal bænda, að ég er sannfærður um, að sú tilfinning á sér sterk ítök í öllum búnaðarsamtökum í landinu, hverju sem hv. þm. vill halda fram um það.

Hann segir, að peningarnir í búnaðarmálasjóði séu teknir með valdi, þeir væru teknir með skattgjaldi. En það er margbúið að lýsa því yfir og hefur ekki verið mótmælt af nokkrum manni, að áður en þetta er gert, er það borið undir öll búnaðarsambönd í landinu, og er þar samþ. næstum einróma. Er þá hægt að segja, að þetta sé tekið með valdi? Svo er enn þá eitt: Hvers vegna vilja menn ekki bíða og sjá til? Það er verið að ræða þessi mál. Við skulum segja, að einir og aðrir séu óánægðir með ráðstöfun búnaðarþings. Ég býst við, að við verðum aldrei sammála um, hvernig eigi að skipta þessu fé. Menn hafa eðlilega mismunandi sjónarmið, og þar kemur margt til greina. En eitt finnst mér þó, að allir geti verið sammála um, úr því að búnaðarþingskosningar standa fyrir dyrum, að leggja það á vald bændanna sjálfra, hvaða menn þeir velja til þessa starfs, og treysta því, að þessir nýkjörnu menn fari með það eins og meiri hl. óskar. Þetta er ekki nema algeng lýðræðisleg regla. Við hér á þingi skjótum málum oft undir dóm kjósenda okkar. Við bíðum einatt með afgreiðslu mikilsverðra mála fram yfir kosningar. Þetta þykir sjálfsagður hlutur. Ég vil þá spyrja: Að hverju leyti er óeðlilegt að skjóta þessu máli undir dóm bænda um næstu kosningar, þar sem þeir koma til að kjósa búnaðarþingsfulltrúa nú í vor, og þeir ráðstafi síðan þessum sjóði?

Ég held, að í þessu máli sé till. hv. 10. landsk. alveg í fullu samræmi við þær reglur, sem framkvæmdar hafa verið á Alþ. Ég skil ekki, hvers vegna hv. frsm. getur ekki fellt sig við að hlíta þeim úrskurði, fyrst hann talar í öðru orðinu um þá almennu óánægju, sem sé um úthlutun sjóðsins, því að sú almenna óánægja hlýtur þá að koma fram og breyt. verða gerð á í þessum efnum.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta. Að eltast við svona sparðatíning, sem er fyrir utan sjálft málið, það álít ég, að sé með öllu ástæðulaust.

Ég skal láta máli mínu lokið, en úr því, sem komið er, mun ég greiða till. hv. 10. landsk. atkv. mitt sem nokkurs konar miðlunartill. í þessu máli. Ég hefði kosið og óskað, að frv. hefði náð óbreytt fram að ganga, en sem miðlun get ég gengið að því og það því frekar sem ég hef fengið áskorun úr mínu eigin búnaðarsambandi, og fleiri áskoranir hafa legið fyrir frá öðrum búnaðarsamböndum um, að málinu sé ekki ráðið til lykta nú, og ég beygi mig fyrir þeim áskorunum og ætla mér að hlíta því.

Pétur Ottesen: Það stendur svo á, eftir því sem mér skilst, að einn hv. þm. hefur fengið brottfararleyfi af þingi nú í dag, og vildi ég því mjög mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sæi sér fært að láta nú þegar fara fram atkvgr. um þetta mál. (*BK:* Ég vil líka óska þess mjög eindregið, að mér sé gefinn kostur á að taka þátt í atkvgr. um málið.)

Forseti (BG): Ég hef látið fara fram athugun á því, hvort allir hv. þdm. muni vera hér staddir. Ég tel rétt að láta ekki fram fara atkvgr. um svo mikið deilumál, nema allir hv. þdm. séu viðstaddir. Mun ég reyna að sjá um, að hv. þm. N.-Þ. geti greitt atkv. um málið. En fari svo, að ekki verði hægt að ganga til atkvgr. um málið nú, mun ég fresta atkvgr. fram yfir hátíðar. Mér virðist, að hv. þm. ættu að geta sætt sig við, að málið bíði, þangað til hv. d. kemur aftur saman til funda á næsta ári, því að það er ekki svo aðkallandi að afgr. þetta mál.

Garðar Þorsteinsson: Ég vil benda á í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það hefur komið fyrir, þegar einn þm. hefur orðið að víkja af þingi, að þá hefur orðið samkomulag um það milli flokka, að einn maður úr mótstöðuflokknum hefur lofað að sitja hjá við atkvgr.

Gísli Sveinsson: Af því að ég ætla að leggja hér fyrir rökstudda dagskrá, þá vil ég geta þess, frá mínu sjónarmiði, að ég legg enga áherzlu á, að málið verði afgr. nú. Ef því verður frestað, þá átta hv. þm. sig væntanlega í millitíðinni á þessari hóflegu afgreiðslu málsins með þeirri hóflegu till., sem hér liggur fyrir frá mér.

Hv. 2. þm. Eyf. skeikaði í því, sem hann minntist hér á í sambandi við afgreiðslu málsins. Sú aðferð, sem hann benti á, hefur aðeins verið viðhöfð, þegar um hefur verið að ræða aðalatriði málsins, en ekki um slíka till. sem þessa. Hér er um það að ræða, hvort þeir, sem hafa haldið fram hvorri hlið málsins fyrir sig, vilja aðhyllast til bráðabirgða þá afgreiðslu, sem ég sting upp á. Þetta þarf reyndar ekki að ræða frekar, hæstv. forseti ákvarðar það, sem honum lízt.

Umr. frestað.

Á 67. og 69. fundi í Nd., 14. og 18. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 20. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 331, frá 10. landsk.

þm., felld með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StJSt, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, BG.

nei: SG, SK, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, ÓTh, SigfS.

SB greiddi ekki atkv.

4 þm. (SEH, SÞ, GÞ, LJós) fjarstaddir.

Brtt. 197 (ný 1. gr.) samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JJós, JPálm, ÓTh, SigfS, SG, SK, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, HB.

nei: HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv.

SB, StJSt, BG greiddu ekki atkv.

4. þm. (LJós, SEH, SÞ, GÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 18:12 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 441).

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Þó að það virðist nú svo sem ráðin séu örlög þessa máls hér í d., þá kann ég ekki við að láta það fara orðalaust gegnum þessa umr., og því fremur sem ástæða er til að leiðrétta ýmislegt, sem um þetta mál var sagt við 2. umr. þess. Og mér þykir við eiga, að um leið sé ofurlítið rakin saga þessa máls, sem er nú búið að vera í l. rúmlega ár, þegar Alþingi sér sig nú um hönd um ekki beint að afnema löggjöfina, en gerbreyta henni þannig, að ekki er ætlazt til þess, að steinn standi yfir steini af því upphaflega takmarki, sem l. var ætlað.

Skal ég þá í fyrsta lagi geta þess, að fyrst var mál þetta rækilega undirbúið í Búnaðarfélagi Íslands. Hefur það áður verið rakið, hver áttu að vera aðalverkefni þessa máls, en verkefnin voru þau að útvega Búnaðarfélagi Íslands eða bændasamtökunum eigið fé til umráða, sem það gæti notað bæði til sérstakrar félagsstarfsemi sinnar, sem ekki þótti við eiga, að kostuð væri af ríkinu, og til ýmissa þeirra framkvæmda, sem félaginu var nauðsynlegt að koma áfram bæði fyrir félagsheildina og hinar einstöku félagsstofnanir, og það, sem þá var mest aðkallandi, var að koma upp húsi yfir starfsmenn félagsins, en eins og vitanlegt er, er það hús, sem Búnaðarfélagið hefur nú búið við, orðið gamalt og úr sér gengið og svo léleg bygging, að engin félagsstofnun, sem nokkurs væri um komin, mundi til lengdar láta sér nægja slíkan húsakost. Það hefur ekki verið farið fram á það við ríkið að reisa þessa byggingu, en bændur í landinu ætla að koma upp mikilli byggingu fyrir sig og sína félagsstarfsemi og opinbert starfslið félagsins. Þetta var einn tilgangurinn með stofnun þessa sjóðs. En svo voru vitanlega verkefnin mörg önnur, því að eins og hv. þm. vita, þá er það hvergi þannig, og ekki fremur í búnaðarmálum en í öðrum málum, að menn reki sig ekki á ný og aðkallandi verkefni. Það var því miklu meira en nóg við þetta fé að gera við starfsemi bænda, Búnaðarfélagið og aðrar greinar þess, og þótti hér hent að fara í slóð fiskimanna og annarra sjávarútvegsmanna, sem höfðu lagt á sig nokkur aukagjöld, þar sem er fiskimálasjóður, til sinnar starfsemi, og Búnaðarfélagið taldi, að þarna mundi vera frekar stuðnings að vænta og aðstoðar frá ríkisvaldinu, til þess að koma á þessari löggjöf, heldur en að ríkið færi að setja fót fyrir þetta, þar sem það eru fyrst og fremst bændurnir sjálfir, sem ætla að leggja þennan skatt á sig, og fénu, sem með þessum skatti er aflað, átti að verja til framkvæmda, sem a. m. k. ríkið ætti ekki að leggja stein í götu fyrir, heldur styðja. Eftir að mþn. hafði lagt drög að þessari löggjöf, þótti henni það tilheyra að bera hana undir bændur landsins, sem þarna var ætlað að gangast undir fjárframlög, áður en hún væri send inn í Alþingi. Löggjöfin var send til allra búnaðarsambanda landsins til athugunar og umsagnar, og frv. var athugað hjá öllum búnaðarsamböndum landsins, og að því loknu kom samhljóða álit frá öllum búnaðarsamböndum, þar sem þau mæla með þessari löggjöf.

Eftir að mál þetta svo hafði fengið þennan undirbúning, var farið með það inn á Alþingi, lagt fyrir þingið í því formi, sem Búnaðarfélagið hafði frá því gengið og málið hlotið þetta einróma samþykki, og ég þori að fullyrða, að engin löggjöf, sem hefur varðað eina stétt manna, hefur verið betur undirbúin en þessi löggjöf, og það var það bezta, að hún var einmitt í samræmi við óskir þeirra manna, sem þurftu að taka á sig álögur í þessu skyni. Nú, þegar málið kom fyrir Alþingi, þá get ég ekki annað sagt en viðtökurnar hafi verið mjög góðar. Frv. var lagt fyrir landbn. Nd., en í henni áttu sæti fulltrúar frá öllum flokkum, og féllust allir sem einn maður á að mæla með frv. mjög lítið breyttu og töldu, að það væri sjálfsögð löggjöf, eða ekki var annað að heyra þá, og meira að segja einn nm., sósíalistinn í n., fór um þetta þeim orðum, að hann undraðist, að bændur skyldu ekki fyrir löngu vera komnir fram með mál eins og þetta, til þess að afla sér fjár til starfsemi sinnar, og vitnaði í því sambandi til félagsskapar, sem hann stendur fyrir: „Ég veit ekki, hvar við stæðum, ef við hefðum ekki okkar eigið fé.“ Að því loknu gekk málið sinn gang gegnum Nd., og ég varð ekki var við neina andstöðu gegn því fyrr en við 3. umr., og þá munu 2 eða 3 alþm. úr flokki sósíalista annaðhvort hafa greitt atkv. móti því eða setið hjá, og er það fyrsta andstaðan, sem ég varð var við hjá þinginu gegn þessu frv. Síðan fer það til Ed., og þá fyrst verður vart beinnar andstöðu við málið, sem kom frá þm. sósíalista, en engin andstaða kom frá öðrum flokkum. Frv. var samþ. þar með yfirgnæfandi meiri hl., og guldu því jákvæði þm. allra flokka nema aðeins sósíalistar. Ofurlítil formsbreyt. var þó gerð á frv. varðandi gildistöku l., sem ekki þótti heppilega ákveðin, og má ég segja, að það var eina breyt., sem gerð var á frumvarpinu. Síðan kemur frv. aftur til Nd. og á þá aðeins eftir eina umr. vegna þeirrar litlu breyt., sem gerð hafði verið í Ed. Málið kemur fyrir þingfund, og var

komið nærri, að það yrði samþ. óbreytt. Þá er það, að einn af alþm., sem þó er fylgjandi frv., vill gera á því frekari breyt. en fram kom í Ed. og fer fram á þá meginbreyt., að frv. sé tekið af dagskrá og honum þannig gefinn kostur á að bera fram brtt. Þetta verður ofan á, að forseti tók málið af dagskrá til næsta fundar, en þá gerist það í millitíðinni áður en málið kom næst á dagskrá, að þm. A.-Húnv. kemur með brtt., sem hann sýnir mér, við frv. og gengur út á það, að ráðstöfun búnaðarþings á fénu eða fjárhagsáætlun búnaðarþings verði því aðeins gildandi, að landbrh. samþ. hana. Ég mótmælti þessu við hann, en hann taldi, að ekki yrði frá því horfið að bera fram þessa brtt., og taldi, að það mundi verða erfitt að koma málinu gegnum þingið að öðrum kosti, þar sem það hafði þó þegar farið í gegnum tvær heilar umræður í báðum d. og það sýnt sig, að það var yfirgnæfandi meiri hl. þ. fyrir því, — ekki nema 2 þm. greiddu atkv. gegn því í Nd. og 2 eða 3 í Ed., — það var fullkomlega meiri hl. fyrir frv. í því formi, sem það lá fyrir. En það var sýnilegt, að sósíalistar á þingi eða í ríkisstjórn, sem voru þeir einu, sem beittu sér gegn málinu, lítið sem ekkert í Nd., en mikið í Ed., voru þarna að verki og hafa fengið þm. A.-Húnv. til þess að bera fram þessa brtt. Þarf ekki að rekja þá sögu lengra, þessi brtt. var fram borin og samþ. í þessari d. af öllu stjórnarliðinu og í Ed. líka, og með því var komið inn í frv. það þvingunarákvæði, sem bændur hafa sætt sig mjög illa við, m. ö. o., þar með voru bændur og félagsskapur þeirra gerðir ómyndugir að því að ráðstafa sjálfir því fé, sem þeir einir leggja á sig til þessara starfa og þeir ætla sér einum að nota og hafa yfirráð yfir. Þetta hefur verið borið saman við það ákvæði, sem er í núgildandi l. um fjárhagsáætlun búnaðarþings, og sumir hafa haldið því fram, að þetta væri mjög hliðstætt. Þetta er firra vegna þess, að því fé, sem búnaðarþing fær frá ríkinu, er eðlilegt, að ríkisvaldið vilji hafa hönd í bagga með að ráðstafa, en það nær vitanlega engri átt, að ríkisvaldið fari að taka í sínar hendur yfirráð yfir ráðstöfun þess fjár, sem bændur sjálfir á sig leggja beint til þessarar starfsemi. Það hefur verið blandað í þetta mál enn öðrum fjarstæðum, það hefur verið reynt að koma því inn, að hér væri verið með róg eða árásir á einstaka menn í þessu sambandi. Þetta er vitanlega firra, og ég tók það fram, þegar ég flutti þetta frv., að þetta ákvæði yrði tekið úr l. á þessu þingi, að þessu væri ekki beint gegn ákveðnum manni, og sízt beint gegn núv. fjmrh., sem hefur sýnt fullkomna samvinnulipurð við búnaðarþing um ráðstöfun búnaðarmálasjóðs. En hitt er annað mál, að bændur og þeir, sem að búnaðarsamböndunum standa, vilja ekki þurfa að eiga undir hverjum þeim manni, sem skipar sæti fjmrh., hvort þeir fá að ráðstafa þessu fé eftir sínu höfði.

Þetta er ekki mál dagsins í dag eða á morgun, heldur mál framtíðarinnar, vegna þess að það er ætlazt til, að þessi löggjöf gildi um langa framtíð. Mér finnst það hart af Alþ., þegar það hefur stuðlað að því að hjálpa til að koma þessari löggjöf á, þá skuli það nota aðstöðu sína til þess að taka valdið af fulltrúasamtökum bænda til þess að ráðstafa því. Ég hef sagt frá því áður, að þegar vitað var um þetta ákvæði í löggjöfinni, þá risu upp bændur víðs vegar um landið, á búnaðarþingi, búnaðarfélagsfundum og öðrum búnaðarfundum, sem mótmæltu þessum aðförum um meðferð þessa máls og heimtuðu, að þetta ákvæði væri numið úr l. Og fyrir það meðal annars, að við nokkrir þm. töldum það skyldu okkar, þegar Alþ. kom saman í vetur, að leggja fram frv., sem fól það í sér, að þetta alræmda þvingunarákvæði væri tekið út úr þessum l., fyrir það, að við leyfðum okkur að bera fram frv. í samræmi við óskir bænda um landið þvert og endilangt, hefur minni hl. landbn. Nd. með hv. þm. A.-Húnv., höfund þessa ákvæðis, í broddi fylkingar, þótt það við eiga að koma fram eins konar hefndarráðstöfunum á búnaðarfélagsskapinn í landinu, og kannske fyrir eitthvað meira, og ber nú fram þá breyt. á l., sem hefur það í för með sér, að það á að svipta Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing öllum yfirráðum yfir þessu fé og tvístra því út á milli samtakanna og kippa þannig fótunum undan þeim framkvæmdum, sem búnaðarþing hafði hugsað sér að nota þessa fjármuni til, þ. e. til sameiginlegrar húsbyggingar félagsins og annarra framkvæmda, vitanlega í því einu skyni að styðja stéttarsamtök bænda. En ákveðið hafði verið, að í framtíðinni gæti nokkur hluti af búnaðarmálasjóðnum runnið til þeirrar starfsemi, og það meðfram af þeim ástæðum, að búnaðarþing varð að taka stéttarmálefni bænda til meðferðar, meðfram vegna afskipta þings og stj., þar sem það vísaði málinu aftur til búnaðarþings. Þá komu upp þær skoðanir bæði utan búnaðarþings og innan, að mjög væri óviðfelldið, að stéttarstofnun bænda þyrfti að lifa á fé ríkissjóðs, en gyldi ekki til sinnar starfsemi sérstakar greiðslur, eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Af þeim ástæðum þótti sjálfsagt, að að því leyti sem Búnaðarfélagið þyrfti að taka að sér að fara með stéttarmálefni bændastéttarinnar, þá væri sú starfsemi kostuð af framlagi bænda sjálfra, en þyrfti ekki að leita til ríkisins í þeim efnum. Af þeim ástæðum var ákveðið, að nokkur hluti af tekjum og eignum búnaðamálasjóðs yrði notaður til þessarar sérstöku stéttarstarfsemi bænda, svo að ekki þyrfti að núa bændum því um nasir, að þeir héldu uppi stéttarstarfsemi sinni með fé frá ríkissjóði. En nú á að kollvarpa þessu öllu og taka málið úr höndum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarþings og kippa fótunum alveg undan þessari löggjöf eins og hún var hugsuð innan búnaðarfélagsskaparins. Og til þess að finna einhverjar tylliástæður undir þetta ofbeldi, þá hafa verið fluttar hér fram ástæður, sem vitanlega ná ekki nokkurri átt, og sú ástæða, sem mest hefur verið haldið uppi og blásin út, er sú, að búnaðarþingi hafi verið svo mislagðar hendur, þegar það ráðstafaði þessu fé á sínum tíma, að óafsakanlegt væri að láta ráðstöfun fjárins vera í höndum þessara manna. Þá er talað um mikið hótel, og er það frægt um allt land. Reynt hefur verið að koma því inn hjá mönnum, að það hafi verið tilgangurinn að skattleggja bændur ár eftir ár og áratug eftir

áratug til þess að byggja lúxushús hér í Reykjavík. En sannleikurinn, sem ég hef rakið innan þings og utan og ætla að taka fram einu sinni enn, er sá, að það af fénu, sem átti að fara til húsbyggingar, átti fyrst og fremst að nota til þess að gera nokkurn veginn að mannabústað það hús og skrifstofur, sem starfslið Búnaðarfélags Íslands og að nokkru leyti ríkisins starfar í og hefur starfað í mörg undanfarin ár, en er nú að verða óíveruhæft. Það var fyrst og fremst ákveðið, að á fyrsta árinu skyldi taka af fé búnaðarmálasjóðs meiri hlutann til þess að koma upp þessari byggingu. Hitt er svo annað mál, að í sambandi við það komu upp gömul og ný áhugamál bænda um það að koma upp einhverri stofnun hér í Reykjavík, einhvers konar félagsheimili bænda eða gistihúsi, þar sem bændur gætu komið saman og gist í sæmilegri aðbúð, en á ódýran hátt, þannig að þeir þyrftu ekki, eins og fjöldi þeirra hefur þurft, að vera bónbjargarmenn hjá vinum og kunningjum um nætur, þegar þeir eru á ferð, og vita allir, sem reynt hafa, hvað slíkt er þægilegt og skemmtilegt, að þurfa að fara slíkar göngur ár eftir ár, í stað þess að eiga eitthvert slíkt hæli að halla sér að, þegar þannig stendur á. Það, sem ákvarðað var hjá búnaðarþingi, var það, að fá nokkrar stofnanir bænda, sem starfa hér í Reykjavík, Mjólkursamsöluna, Sláturfélag Suðurlands og S. Í. S., ásamt Búnaðarfélagi Íslands til þess að hefjast handa um að koma upp slíku hóteli hér í Reykjavík. Það var aldrei tilgangurinn, að búnaðarmálasjóður legði fram nema brot af stofnkostnaðinum, því ef ekki næðist samkomulag um ríflegt framlag af hálfu þessara stofnana, þá náði það ekki lengra, þá varð ekkert úr þessu. Nú hefur verið reynt að blása þetta mál út og gera það eins óvinsælt og mögulegt er, og réttlætt með því það ofbeldi, sem þarna er framið á bændastéttinni um ráðstöfun síns eigin fjár. Fyrir utan það, hvað þessi ástæða er ósönn, þá eru þetta mjög óeðlilegar aðfarir, því að ef svo færi, að meiri hl. bænda í landinu kæmist að þeirri niðurstöðu, að búnaðarþingi, sem átti að síðustu að ráðstafa þessu fé, hefðu verið svo mislagðar hendur, að því væri ekki fáandi slíkt vald í hendur, þá var hægurinn hjá að skipta um fulltrúa, vegna þess að kosningar til búnaðarþings fara fram á þessu ári, þannig að ef þetta reyndist svo, að búnaðarþingi væru svona herfilega mislagðar hendur um ráðstöfun fjárins, þá væri það bændanna sjálfra að skipta um þessa menn. En ef það hefði reynzt svo, að meiri hl. bænda væri sammála fulltrúum þingsins, þá er þetta gerræði gagnvart bændastéttinni, að heimila ekki réttkjörnum fulltrúum hennar að verja þessu fé á þann hátt, sem drög höfðu verið lögð að í fyrstu fjárhagsáætlun búnaðarmálasjóðs.

Hvernig sem á þetta mál er litið, er það ekkert annað en ofbeldi gagnvart bændastéttinni að taka af henni þannig ráðstöfunarréttinn á þessu fé. Ég vil segja, að það hefði verið miklu hreinlegra af þeim, sem fyrir slíkri herferð standa, að koma með frv. um að nema l. úr gildi. Ég er sannfærður um það, að allir þeir, sem unna þessari löggjöf, hefðu frekar kosið, að Alþ. tæki hana úr l. en að misþyrma henni á þennan hátt, sem hér er farið fram á.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, mér þótti rétt að rekja nokkuð sögu þessa máls nú, og ég vil segja við ykkur, hv. alþm., gerið þið, herrar mínir, eins og ykkur þykir bezt henta, beitið þið hvaða ofbeldi, og hvaða fantatökum og yfirgangi, sem ykkur þóknast gagnvart Búnaðarfélagi Íslands og öðrum samtökum sveitanna, því að þess verður hefnt í héraði, sem hallast kann á Alþ.

Ingólfur Jónsson: Ég skal ekki blanda mér í umr. um búnaðarmálasjóð hér í hv. d., og þessi ræða hv. þm. Mýr. gefur mér ekki tilefni til þess. Mér virðist ýmislegt af því, sem hann hélt fram í þessari ræðu, þannig vaxið, að það sé óþarfi að standa hér upp til þess að mótmæla því, vegna þess að það er ljóst, að margt af því, sem hann sagði, eru slíkar firrur, að allir, sem hér á hlustuðu, sjá það og skilja án þess að staðið sé upp til þess að mótmæla því. T. d. eins og það, að með því að breyta l. um búnaðarmálasjóð eins og nú er verið að gera, sé verið að beita bændastéttina ofbeldi og taka ráðstöfunarréttinn af henni, því að þótt form. Búnaðarfélags Íslands fullyrði það hér á Alþ., munu bændur sjálfir ekki vera á þessari skoðun, heldur álíta þeir, að verið sé að gefa þeim miklu sterkara vald yfir fé búnaðarmálasjóðs með því að gefa búnaðarsamböndunum fullan umráðarétt yfir þessu fé. Það er aðalfundur búnaðarsambandanna, sem á að ákveða um það, hvernig þetta fé er notað, og þá er ekki hægt að segja, að það sé verið að taka umráðaréttinn af bændunum, því að það er verið með því að gefa bændastéttinni nærtækara vald yfir þessu fé. Lögin um búnaðarmálasjóð hafa verið mikið rædd síðan þau voru samþ. Ég minnist þess, að á 9 leiðarþingum, sem ég og samþm. minn héldum á s. l. sumri, var alltaf rætt um búnaðarmálasjóðinn og mest um það ákvæði, sem snerti landbrh. og gat verið háskalegt fyrir bændastéttina. Ég get sagt það, eins og hv. þm. Mýr., að ég var frá því fyrsta á móti því, að landbrh. hefði nokkra íhlutun um það, hvernig þessu fé væri varið, og ég tel það vel farið, að það atriði er burt numið með þeirri breyt., sem nú er verið að gera á l. Og það er vitanlega ekki vegna þess, að þeim ráðh., sem nú situr í þessu ráðherrasæti, sé vantreyst, heldur gæti það vel farið svo, að það kæmi ráðh. í það sæti, sem vildi nota þetta vald út í yztu æsar, og kæmi það þá í bága við vilja bændastéttarinnar. Nú þarf ekki að rífast um þetta, eftir að búið er að breyta l. eins og nú verður gert, rífast um þetta háskalega atriði, sem framsóknarmenn útmáluðu svo út um allar byggðir landsins, því að það er burtu numið, og satt að segja hefði ég ætlað, að framsóknarmenn væru ánægðir með það. Því kom mér það á óvart, þegar ég heyrði áðan form. Búnaðarfélags Íslands segja hér: Ég vil heldur nema l. úr gildi að öllu leyti en að þau verði samþ. eins og útlit er fyrir, að nú verði gert. — Hv. form. Búnaðarfélagsins mælir hér ekki fyrir munn bændastéttarinnar, heldur talar hann svo fyrir munn Framsfl. Bændastéttin vill sízt af öllu, að

l. um búnaðarmálasjóð verði felld niður, eftir að sú breyt. er á komin, sem nú á að gera, og ég veit, að hv. þm. Mýr. mælir þar ekki fyrir hönd framsóknarbændanna. Hann hefur kannske í huga framsóknar-þingmennina, að þeir vilji heldur afnema l. um búnaðarmálasjóð en samþ. þau eins og nú á að gera, en framsóknarbændur vilja l. eins og ákveðið er. Ég þekki marga framsóknarbændur, sem vilja þetta. Brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. landsk. var samþ. við 2. umr. hér í d., og er vonandi, að frv. fari áfram í gegn í þeirri mynd, sem það nú er í, og verði afgr. þannig sem lög. Ég tók það fram áðan, að ákvæðið um landbrh. væri burtu fallið, þetta sem var málað upp á vegginn sem skolli og hætta fyrir bændastéttina. Og eru framsóknarmenn ekki ánægðir með það, eða eru þeir óánægðir yfir því, að þeir skuli ekki hafa þetta atriði áfram til þess að geta talað um það og hrætt bændur með því, t. d. á fundum í vor fyrir kosningarnar? Ef það skyldi kannske vera aðaláánægjan yfir þeirri breyt., sem nú er orðin, þá verður það ekki tekið til greina. Búnaðarþing samþ. ráðstöfun á fé búnaðarmálasjóðs síðast og það ætlar sér að ráðstafa því, eins og form. Búnaðarfélagsins sagði áðan. Í fyrsta lagi til þess að byggja yfir starfslið Búnaðarfélagsins sjálfs, yfir ráðunautana og búnaðarmálastjóra og yfir bókasafn o. s. frv. Það er rétt, sem hann sagði, að það húsnæði, sem þeir starfa í, er orðið gamalt og lélegt og þarf áreiðanlega áður en langir tímar líða að bæta úr því. En það var fleira, sem átti að gera og kostar mikið fé, og meira en það, sem nauðsynlegt var að gera til þess að ráðunautum og starfsliði Búnaðarfélagsins gæti vegnað vel í þessu húsnæði. Það átti að byggja gistiheimili fyrir 100 gesti með tilheyrandi veitingasölum, og það var látið í veðri vaka í þeirri till., sem samþ. var á búnaðarþingi, að fé búnaðarmálasjóðs ætti nú á komandi ári að verða varið að mestu leyti til þessarar byggingar. Till. var, eftir því sem ég man, skrifuð af hv. 2. þm. Skagf. Í fyrsta lagi var stjórn Búnaðarfélagsins falið að fá lóð á hentugum stað í bænum undir þetta hús, og það er náttúrlega fyrsta atriðið, en það hefur ekki verið reiknað út eða verið með áætlanir um, hvað sú lóð gæti kostað, ef hún t. d. væri nálægt miðbænum. Í öðru lagi átti að gera ráðstafanir til að fá teikningu fyrir þessa væntanlegu byggingu, það er sjálfsagt atriði. Í þriðja lagi að hefjast handa um framkvæmdir, eftir því sem fært þætti. En í till. var það líka orðað, að það skyldi útvega fé annars staðar að, eftir því sem fært þætti. Hv. þm. Mýr. talaði um það hér áðan, að það hefði verið meiningin að fá fé til viðbótar frá Mjólkursamsölunni, Sláturfélagi Suðurlands og S. Í. S., og það átti að réttlæta það, að búnaðarþing samþ. að ráðast hér í stóra hótelbyggingu, með því, að féð ætti að koma frá þessum stofnunum, en ekki allt frá búnaðarmálasjóðnum. En hver er munurinn? Búnaðarmálasjóðurinn er stofnaður með veltuskatti á afurðum bænda. Og þessar 3 stofnanir, sem ég taldi upp, hvaðan hafa þær fé nema þá frá bændum? Sláturfélagið, — hvar átti það að taka féð, sem það vildi leggja í þessa byggingu, nema með því að draga nokkra aura af hverju kjötkg., sem bændur leggja inn? Hvaðan átti Mjólkursamsalan að fá fé nema með því að borga bændum minna fyrir mjólkina en hún annars hefði getað gert? Og S. Í. S.; bændur einir eiga ekki þá sjóði, sem þar eru til, af því að þar starfa líka neytendur í kaupstöðum, en bændur eiga drjúgan hluta af eignum Sambandsins. Það ber þess vegna allt að sama brunni, þó að þessar stofnanir hefðu lagt til nokkurn hluta af stofnkostnaði þessum, þetta fé var allt komið frá bændastéttinni, og ég verð að segja það, að stjórn Búnaðarfélags Íslands og form. þess, hv. þm. Mýr., sem ugglaust hefur ferðazt um sveitir þessa lands og þekkir vel, hvernig hagur þeirra er, hann veit, að bændastéttin hefur ekki efni á því að verja millj. kr. til hótelbygginga hér í Reykjavík. Það er augljóst af því, að í sveitum landsins víða er enn mjög ábótavant með húsnæði og nauðsynlegar byggingar. Ég veit, að bændur sjálfir álíta að þeir eigi fyrst að byggja sæmilega yfir sjálfa sig, áður en þeir leggja í lúxusbyggingu hér í Reykjavík. Það er talað um, að það sé nauðsynlegt að byggja hér í Reykjavík hótel fyrir bændur, vegna þess að þeir verði annars að vera á götunni eða níðast á kunningjum sínum og frændum, þegar þeir eru hér á ferð. Ég veit, að ástandið hefur ekki verið gott í þessum efnum undanfarið að fá gistingu hér í Reykjavík, en það er verið að bæta úr þessu. Það er í ráði að byggja hér stórt hótel, sem á að kosta 15 millj., og þetta hótel er ekki frekar fyrir aðra en bændur og fyrir hvern, sem er á ferð í bænum. Það er eins og sumir alþm. hugsi, að hús þurfi að vera eitthvað öðruvísi, ef bændur gista þar en aðrir. Ég segi, að bændur eigi að gista í sams konar húsum og aðrir menn í þessu þjóðfélagi. Ef byggt er hér hús, sem ætlað er fyrir bændur til að gista í, á það ekki að vera óvandaðra eða óvistlegra en þótt öðrum landsmönnum væri líka boðið þar inn. Þennan hugsunarhátt hjá hv. þm., sem fara með umboð bændastéttarinnar, á að reka út, og er ekki sæmandi nema því aðeins, að þessir þm. líti svo á, að bændur séu eitthvert annars flokks fólk. Ég leyfi mér að mótmæla þessu. Og í sambandi við þetta vil ég minnast á grein, sem hv. 2. þm. Skagf. skrifaði fyrir nokkru og átti að vera svar til mín og hv. þm. A.-Húnv. Það mátti lesa það milli línanna í þessari grein, að ef hús væri byggt hér, sem ætlað væri fyrir bændur, þá þyrfti það ekki að vera eins vandað og önnur hótel. Það er leiðinlegt að verða var við slíkan hugsunarhátt sem þennan og slíkar skoðanir sem þessar hjá bændum sjálfum, hjá alþm., sem fara með umboð þeirra á Alþingi.

Ég kemst ekki hjá því að hrekja firrur hv. 2. þm. Skagf., sérstaklega að því er varðar byggingarkostnað á þessu nýja hóteli. Hann var á undanhaldi í þessari grein. Till. Búnaðarfélags Íslands var að byggja hótel fyrir 100 gesti, en hv. þm. segir, að aldrei hafi ætlunin verið að hafa herbergi fyrir fleiri en 50 menn. Þá er líklegt, að afgangurinn fari í gólfflötinn. En hví fer hann svona hart á undanhaldinu? Hann vildi leyna því, að það mundi kosta um 4 millj. kr.

Þá verður hótelið ódýrara, ef helmingurinn á að vera á gólfinu. Þegar búnaðarþing samþykkti að byggja hótel fyrir 100 manns, þá átti það við herbergi fyrir 100. Það er ég alveg sannfærður um. Hv. þm. minnir á Nýja stúdentagarðinn og segir, að hann hafi kostað 1½ millj. kr. Hins vegar verði hin væntanlega bygging minni. En hvað er annars um Garð að segja? Byrjað var á honum árið 1941, og þá voru vinnulaun um helmingi lægri en nú. Svipað er um sementið að segja. Það var mun lægra, en verð á timbri var aðeins hærra. Efniskostnaðurinn var ekki nema 15—20% af byggingarkostnaði. Ef Garður væri byggður nú á tímum, mundi hann a. m. k. kosta 3 millj. kr.

Þessu næst ætla ég að athuga þá staðhæfingu hv. þm., að nýja húsið verði minna. Garður er með 60 herbergi. Rétt er nú það. Hann er byggður með svipuðu fyrirkomulagi og íbúðarhús yfirleitt. Má segja, að það sé boðlegt bændum, sem boðlegt er stúdentum. Stúdentagarðurinn er ekki byggður sem nýtízku hótel. Hann hefur að vísu nógu stórar stofur fyrir mötuneyti, en í byggingunni eru engir veitingasalir. Þetta verðum við að taka til athugunar. Garður hefur enga veitingasali, en þá þurfa hótel að hafa.

Ýmis fleiri þægindi vantar og á Garð, sem nauðsynleg eru, til þess að telja megi einhverja byggingu hótel í samræmi við nútímakröfur. Þar eru ekki heldur nema 60 herbergi. Á hótelinu er yfirleitt gert ráð fyrir eins manns herbergjum. Þótt hótelið yrði byggt fyrir bændur og miðað við, að tveir yrðu í herbergi, þá er það nú svo, að byggingin má aldrei standa auð. Hótelið á að vera fyrir hvern sem er, a. m. k. ef bændur þurfa ekki á því að halda. Ég hafði tal af húsameistara í morgun, og sagði hann mér, að alls ekki væri of hátt reiknað, að eitt herbergi með veitingasal í nýju gistihúsi kostaði 100 þús. kr. Á Borginni eru 40 herbergi leigð út, og nam byggingarkostnaður þess hótels á árunum 1929—'30 900 þús. krónum. Koma þá 22.500 kr. á hvert herbergi. Á hinn bóginn hefur byggingarkostnaður 6—7-faldazt síðan. Nú kunna margir að láta svo um mælt, að hótel Borg sé „lúxus"-hótel, mikill íburður o. s. frv. En ég býst ekki við, að það orð verði með réttu haft um Borgina. Hitt er svo aftur annað mál, að ekki er of mikið sagt, að Borg sé nýtízku hótel og það bezta, er við eigum. Og ég held varla, að búnaðarþing hafi ætlazt til annars en þetta yrði fullkomlega nýtízku hótel, enda er alls ekkert vit í öðru. Vitanlegt er, að aðeins er von um, að herbergin standi ekki auð, að um nýtízku byggingu sé að ræða.

Svo að minnzt sé aftur á Nýja Garð, þá fullyrti húsameistarinn, að hann mundi kosta nú ekki minna en 3 millj. kr. Ég hef nú fengið nýtt sönnunargagn frá Sigurði Guðmundssyni arkitekt. Segir hann rúmmál Garðs vera 5300 m³. En talið er, að m³ í vönduðu húsi nú í Reykjavík kosti yfir 500 kr. Verður þá útkoman 2.750.000 kr. Ég álít, að því athuguðu, að herbergin á Nýja Garði eru 60, þar vantar veitingasali og ýmis nýtízku þægindi, að hótelið yrði að vera töluvert stærra en hann, ef það á að uppfylla kröfur nútímans til hótela. Og svo þarf þjónustufólk og starfsfólk að búa í því samkvæmt hótelrekstrinum. Skrifstofum Búnaðarfélagsins ber og að vera þarna, og ætla verður rúm fyrir bókhlöðu. Samkv. tillögu búnaðarþings yrði því hús þetta að vera allmiklu stærri bygging en Garður. Menn munu sannfærast um það, að hinar 3 millj. eru fremur of lágt verð en of hátt. Gætum að einu: Hin 40 herbergi á Hótel Borg kostuðu 900 þús. kr. Borg, sem telja verður nýtízku hótel, en ekki „lúxus"-hótel, mundi kosta núna um 6 millj. kr. En hér er eitt að athuga, og það er gyllti salurinn. Hann yrði nú ekki nauðsynlegur þarna (*BÁ:* Mega bændurnir ekki eiga sér sinn gyllta sal?). Ég býst við, að eitthvað verði að dragast frá Borg. Þótt gyllti salurinn sé dreginn frá, þá eru eftir 400 þús. kr.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ekki væri ætlunin að verja meiru en ¼ hluta búnaðarmálasjóðs til byggingarinnar. Þetta kemur ekki heim við ummæli hv. þm. Mýr. hér áðan, er hann sagði það ætlun búnaðarþings að verja mestöllum búnaðarmálasjóði til hótelbyggingar. En það mun rétt vera hjá hv. þm. Kemur það því undarlega fyrir sjónir, þegar hv. 2. þm. Skagf. talar um, að aðeins eigi að verja ¼ hluta úr sjóðnum til byggingarinnar, en ¾ hluta eigi að fá annars staðar að. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ætlazt væri til að fá allríflegan ríkisstyrk, en þeirri fjárleitan hefur ekki verið komið formlega á framfæri. Ég undrast það mjög, að þessi hv. þm. skuli þá ekki hafa gert neinar ráðstafanir til þess hér á hv. Alþ. að útvega þetta fé — ¾ — til móts við framlag sjóðsins. (*JS:* Ég held, að hv. þm. hafi ekki lesið gr. þá, sem hann er að svara.) Því getur ekki að öllu leyti verið komið á herðar bænda að bera slíkt. Ég held ég hafi rökstutt það, að allt hefði borið að sama brunni, bændur hefðu orðið að bera hita og þunga verksins. Hefur mér skilizt, að réttlætanlegt væri að koma upp slíku húsi fyrir bændur.

Hv. 2. þm. Skagf. færir rök fyrir máli sínu með því að vísa til norsku bændaheimilanna. Þar sé ódýrara að vera en annars staðar. Ég tel, að hv. þm. verði að nefna frekari heimildir, til þess að trúanlegt verði tekið, að þar sé ódýrara og hagur bænda betri en annars staðar. Svo er nefnilega málum háttað, að á norsku bændaheimilunum er ekki hóti ódýrara að dveljast en annars staðar. Aðrir en hv. þm. hafa líka ferðazt um Noreg og gist á þessum hótelum. En þeir hafa allt aðra sögu að segja, og ljúka allir upp einum munni um það, að þar sé ekkert ódýrara en á öðrum stöðum. Ég sé ekki fram á, að hér í Rvík verði farið að selja ódýran sveitamat. Hvernig á að hafa íslenzkan sveitamat ódýrari á sambærilegan hátt við annað matarverð? Ég tel okkur báða á eitt sátta um, að sveitamatur eigi ekki að lækka í verði á undan öðrum mat. Og þó vona ég, að ekki verði langt þangað til farið verði að selja sérstaklega ódýran sveitamat. Hvernig ætti og að fara að leigja ódýrari herbergi í þessu hóteli en öðrum, sem byggð verða á sama tíma? Við hljótum að verða sammála um það, þm. Mýr. og 2. þm. Skagf., að hótel, byggt með margfaldlega meiri — eða 5—6 földum byggingarkostnaði, geti ekki leigt ódýrari herbergi en eldri hótel. Það er ekki

talað um að útvega hótelinu rekstrarstyrk. Ef hann væri vís, kæmi ódýr dvalarkostnaður til greina. Hv. þm. eru það skynsamir, að þeir skilja, að ekki er hægt að reka hótelið á ódýran hátt, nema rekstrarstyrkur komi til. Og tel ég búnaðarmálasjóði illa varið í þann rekstrarstyrk.

Af eðlilegum ástæðum hef ég orðið fjölorður um byggingarkostnaðinn. En það er vegna þess, að haldið hefur verið fram, að sú upphæð stofnkostnaðarins, er ég nefndi — 4 millj. kr. —, væri of há. Þið, hv. þm., ættuð bara að tala við húsameistara og aðra menn, sem við byggingar fást hér í bæ og kunnugir eru þeim málum. Þið skuluð spyrja um kostnaðinn við svona hótelbyggingu. Þeir munu svara ykkur og nefna ekki 4 millj., heldur 5—6 millj. Því get ég látið útrætt um kostnað húss, sem verður ekki byggt, þótt fyrirhugað sé.

Ég hef nokkuð talað um stofnkostnað þessa hótels, og ætti að vera óþarfi að fjölyrða um það mál frekar. Ljóst er, að um svipaðan rekstrarkostnað verður að ræða.

Ég sagði áðan, að hótelið yrði ekki reist. Verður lögum um búnaðarmálasjóð breytt til þarfa fyrir bændastéttina sjálfa. Með breytingunni er gert ráð fyrir, að fé sjóðsins renni til búnaðarsambandanna. Samböndin halda árlega einn aðalfund, og ráðstafa þau þar fé þessu, eftir því sem heppilegt telst á hverjum tíma. Ætlazt er til, að aðalfundurinn verji fé úr sjóðnum, þegar búnaðarsamböndin vantar fé, en þau hafa ekki alltaf haft mikið milli handa. Þetta fé verður vafalaust notað til ræktunar, verkfærakaupa, leiðbeiningastarfsemi o. fl., enda eru verkefnin ótæmandi. Segir það sig sjálft, að með því að láta samböndin hafa féð, muni þau nota það til þess, er með þarf, þegar bændur fá svona vald til ráðstöfunar eigin fjár. Tel ég víst, að menn muni verða sammála um, að ummæli hv. þm. Mýr. séu óskiljanleg, þar sem hann talar um ofbeldi, er sýnt sé bændum með því að svipta þá valdi yfir sjóðnum. Kemur mönnum þessi staðhæfing hv. þm. mjög undarlega fyrir sjónir. Hann hefur fremur gott orð á sér fyrir hæversku og að vera gætinn í orðum, og er því þessi orðræða hans þeim mun undarlegri. Hvað veldur þessum ummælum hv. þm? Hvað veldur, að formaður Búnaðarfélags Íslands segist heldur vilja afnema lögin en samþykkja þau í þeim búningi, sem þau nú eru? Er það vegna þess, að honum finnist, að búnaðarsamböndin þurfi þessa fjár ekki með, eða hann álíti ekki vera næg verkefni fyrir hendi? Treystir formaðurinn fulltrúunum ekki til þess að ákveða á skynsamlegan hátt, hvernig fénu skuli varið? Ég held tæplega, að hv. þm. Mýr. líti svo smáum augum á stéttarbræður sína sem ætla má af þessari fullyrðingu hans. Ég held miklu frekar, að þessi hv. þm. hafi gripið til þessarar fullyrðingar sinnar út af því, að hann hafi vantað rök fyrir öllum þeim upphrópunum, sem voru í ræðu hans, sem hafa verið í tali hans og hans flokksmanna um þetta mál, síðan það kom hér á dagskrá. En þessi hv. þm. er þegar búinn að vera of lengi í sölum hæstv. Alþ. til þess að vita ekki það, að svona gífuryrði hafa ekki áhrif á hv. alþm. og breyta ekki skoðun þeirra á málinu. Ég held, að jafnvel þó að þessi hv. þm. væri á kosningafundi vestur í Mýrasýslu, þá yrði alveg gagnslaust fyrir hann að grípa til svona fullyrðinga máli sínu til framdráttar. Og því síður ætti það að gagna hér á hæstv. Alþ.

Ég get nú að þessu sinni látið máli mínu lokið. Ég tel, að það, sem fram hefur komið af hálfu þeirra manna, sem ekki vilja samþ. l. um búnaðarmálasjóð í þeirri mynd, sem þau nú eru, hafi allt verið hrakið nú. Ég held þess vegna, að ekki sé ástæða til þess að lengja orðræður um þetta frekar.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umr. um þetta mál. En út af orðum hv. þm. Mýr. í upphafi ræðu hans, þar sem hann var að lýsa því, hvernig þetta mál kom fram í landbn., þá vil ég segja það, að það er hægt að segja satt, en þó þannig, að útkoman verði sú, að önnur meining verði í orðunum en á að vera. Ég viðurkenni, að ég sagði við hv. þm., að ég væri hissa á því, hvað bændur hefðu seint tekið til að afla sér tekna til félagsskapar síns. En það er annað, sem ég hef verið og er á móti, að þeir á þessum tíma fari með þetta mál inn í Alþ., því að það er þeirra einkamál. Og ef félagsskapur þeirra er ekki svo sterkur, að þeir geti sjálfir ákveðið þær kvaðir, sem þeir þurfa að leggja á sig til þess að afla þessa fjár til að framkvæma félagssamtök sín, þá mega þeir ekki æðrast yfir því, þegar inn á Alþ. er komið, þó að það vilji einhverju ráða um þetta. Hv. þm. Mýr. sagði, að ég hefði aðra skoðun á þessu máli en ég hefði haft í upphafi. En ég hef nú gert grein fyrir skoðun minni.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki deila við hv. 1. landsk. þm. út af hans orðum, en ætla aðeins að endurtaka það, að það var enginn, sem tók þessu máli með meiri skilningi, þegar það var lagt fyrir þingið, heldur en þessi hv. þm. Og mér þykir mjög leitt, ef hann hefur skipt um skoðun um málið síðan.

Þá vil ég með nokkrum orðum svara hv. 2. þm. Rang. Ég skal ekki fara út í húsbyggingarhugleiðingar hans, né eltast við allan þann garra, sem hann hélt hér uppi, — því að þetta kemur málinu ákaflega lítið við, — og ekki að öðru leyti en því að taka fram, að það hefur þegar verið leiðrétt, sem hér hefur verið haldið fram um þetta mál, því að það er langt frá því, að lagt hafi verið til að verja öllum búnaðarmálasjóði í hótelbyggingu, heldur lítlu broti í gistiheimili, svo framarlega að fé fengist frá öðrum bændafélögum. Hvort þetta mundi verða dýrt eða ekki, kemur mér ekki við. Hitt er aðalatriðið, að ef bændur vilja byggja þetta hús, eiga þeir að ráða því, og við eigum ekki að fá neina fyrirsögn um það að öðru leyti, hvorki frá hv. 2. þm. Rang. né öðrum. Hv. 2. þm. Rang. vill ekki, að bændur hafi vald til þess að verja sínu eigin fé eftir sínu eigin höfði. En hann hefur ekki vald til þess að hindra það, þó að honum þyki eitthvað annað betur henta en till. þær, sem fyrir liggja um það. Bændur eiga þetta fé. Ef þeir vilja byggja fyrir það hótel, þá þeir um það.

Ef ekki, þeir um það. Þeir eiga að útkljá um þetta á sínu þingi, því að hér hefur ekki verið talað um framlag til þessa af ríkisins hálfu. — Það hafa komið fram mótmæli víðs vegar að af landinu gegn því ákvæði, sem með þessi frv. er lagt til, að fellt verði niður. Og ég held, að hv. 2. þm. Rang. sé ekki meir en svo viss um það sjálfur, að bændur séu sammála honum í þessu efni, þó að hann vilji svo vera láta, ef þeir fengju því ráðið. Dreg ég þetta af því, að hann greiddi atkv. á móti því við fyrri umr. málsins, að því væri skotið til umsagnar landsmanna. Honum hefur ekki þótt sinn málstaður nógu viss þar. En frá Búnaðarsambandi Suðurlands hafa komið fram meðmæli með þessu lagaákvæði, sem hann vill halda í, og þess vegna finnur hann ástæðu til þess að mæla með, að það standi óbreytt. (*JörB:* Það er einsdæmi). Já, og einsdæmin eru verst. En hugsunarhætti þeirra manna, sem í Búnaðarsambandi Suðurlands gefa tóninn í þessu efni, er þannig háttað, að ef þeir í Búnaðarsambandi Suðurlands sjá hilla undir það, að þeir eigi að fá eitthvað meira í sinn hlut, þegar farið verður að skipta í þessu sambandi, þá er sjálfsagt fyrir þá að fylgja þeirri stefnu í málinu, sem veitir þeim þessi sérréttindi. Þeir sjá þarna ekkert nema aurana, þessir góðu menn. Og það er forsvarsmaður þessara manna, sem talaði sér áðan, hv. 2. þm. Rang. En þeir kæra sig ekki um að ræða þetta eins upphátt og hv. þm. Rang. gerir, því að Bogi Thorarensen sagði, að erfitt væri að ræða þetta í landsblöðum, sem er vegna þess, að Sunnlendingar fá mest við skiptin. En mér virðist hv. 2. þm. Rang. ekki tala um þetta í hálfum hljóðum, svo að hann er eitthvað kjarkmeiri en flokksbræður hans austur þar.

Þá var hv. 2. þm. Rang. að tala um það, hversu mikil verkefni væru fyrir sjóðinn heima í héruðum. Hverjum dettur í hug að neita því? Eins og það hafi ekki allir vitað, þegar þessi löggjöf var undirbúin, að ótæmandi verkefni væru fyrir peninga heima hjá bændunum sjálfum. Það vissu þeir, þegar þeir lögðu til, að þessi skattur væri á þá lagður og þessu fé safnað. En þeir litu svo á, að einhvers virði væri fyrir þá líka að eiga sameiginlega félagsstofnun, sem sé þannig, að hún geti starfað samkv. tilgangi sínum og komið þeim málum fram, sem þeir leggja ekki minna upp úr en framkvæmdum heima á búi sínu. Og ef það ætti að vera föst regla, að bændur legðu aldrei eyri í félagsstarfsemi fyrr en þeir væru búnir að fullnægja öllum þörfum heima hjá sér, þá hygg ég, að það gangi hægt með félagsstarfsemi þeirra, bæði í Rangárvallasýslu og annars staðar. Þessari reglu var ekki fylgt, þegar byggð voru húsin á Hellu yfir þennan hv. 2. þm. Rang. og starfsemi þá, sem þar er rekin. Það voru margir bændur, sem lögðu peninga í þær byggingar, og þeir gerðu það af því, að maðurinn lifir ekki einasta á því, sem gerist rétt í kringum hann, heldur þarf hann á félagsskap að halda og þarf að byggja yfir félagsstarfsemina, hvar sem hún er rekin. Hinir framsýnu menn, sem byggðu á Hellu, vissu, að þeir þyrftu að leggja á sig byrðar til þess að standa undir félagslegum framkvæmdum, til þess að félagsskapurinn gæti notið sín, bæði er snertir húsakost og annað. Og það er ekkert annað, sem vakir fyrir bændum, — sem samþ. hafa beint og óbeint þessa kvöð, en að þeir kunna að meta félagsstarfsemi og vilja leggja á sig eitthvað fyrir hana. Og þeir vilja ekki bíða með það eftir því, að ekkert sé ógert heima hjá þeim, því að þessi starfsemi þeirra er undirstaða undir því, að þeir geti haldið áfram að laga til í kringum sig heima fyrir.

Ég ætla ekki að fara að eltast við firrur hv. 2. þm. Rang. og þann langa spuna, sem hann spann hér út af hótelbyggingunni, sem hann svo nefndi. Hann bætti nú einu ofan á, sem sé því, að ekki mundi kosta neitt smáræði lóð undir þessa byggingu, og sagði, að sá liður mundi velta á mörgum hundruðum þúsunda. En ég get sagt honum, að nú ekki fyrir mörgum árum lagði ríkið til ókeypis lóð undir byggingu Fiskifélags Íslands og skrifstofu þess. Og það hefur verið farið fram á það við ríkið, að ekki þætti óeðlilegt, að það sýndi Búnaðarfélagi Íslands sömu rausn og léti því félagi af hendi einhverja byggingarlóð, sem ríkið á, undir sína byggingu. Og það hefur verið gert meira en að tala um þetta. Það hefur verið snúið sér til ríkisstj. um þetta, og því máli hefur verið tekið mjög vel, að gera ekki Búnaðarfélag Íslands afskipt í þessum efnum, heldur veita því byggingarlóð fyrir starfsemi sína á sama hátt og Fiskifélagi Íslands var á sínum tíma veitt. Hv. þm. Rang. þarf því sennilega ekki að bera miklar áhyggjur fyrir því atriði málsins.

Þá var hv. 2. þm. Rang. að tala um það, hversu miklu nærtækara vald bændur fengju yfir þessu fé, ef það væri sent til búnaðarsambandanna. En fengju þeir þá ekki enn þá nærtækara vald yfir því, ef það væri sent heim til þeirra aftur, hvers fyrir sig, svo að þeir gætu hver fyrir sig byggt og ræktað í kringum sig fyrir það, eins og hv. 2. þm. Rang. var að tala um? Er það ekki rökrétt áframhald af því, sem þessi hv. þm. hefur verið að halda fram hér, og er það ekki réttast, að bændur fengju allt vald yfir þessum peningum, svo að þeir fengju nægilega nærtækt vald til þess að verja þessum peningum til þeirra hluta, sem að áliti hv. 2. þm. Rang. er brýnust þörf fyrir þá að framkvæma? En bændur sjálfir höfðu skilning á því, að þeir hefðu sameiginlegar þarfir til sameiginlegra framkvæmda fyrir félagsstarfsemi sína. Og þeir voru svo víðsýnir, að þeir vildu leggja á sig þessi gjöld, til þess að félagsstarfsemi þeirra gæti notið sín. Svo koma þessir herrar, sem vilja vera forsjón bændanna í félagsmálum, og vilja skipa þeim fyrir um það, hvernig þeir skuli með þessi mál fara og hvað þeir skuli við þessa peninga gera. Og af þeirri ástæðu er þessi langlokuræða flutt, sem spunnin var hér nú af hv. 2. þm. Rang. um hótelbyggingu, sem enga stoð átti sér í veruleikanum.

Annars get ég látið ræðu minni lokið að sinni. Ég mun ekki eltast við þennan hv. þm. um þessi mál, því að ef hann er búinn að bíta sig fastan í eitthvað í málinu, þá er eins og hann fái hellu fyrir bæði eyrun, ef hann á að taka rökum um hið gagnstæða.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka til máls. En þar sem hv. 2. þm. Rang. vék orðum sínum alveg beinlínis til mín út af grein, sem ég hafði skrifað fyrir nokkru um gistiheimili bænda, þá sé ég ekki annað en að ég verði að gera ræðu hans nokkur skil. Það er óneitanlegt, að það er heldur leiðinlegt að ræða við menn, sem maður finnur að belgja sig upp, en hafa í raun og veru ekki trú á nokkru því, sem þeir eru að segja. Og það er það, sem er tilfellið með hv. 2. þm. Rang. í þessu efni. Hann hefur ekki sjálfur trú á þessu, sem hann heldur fram í sambandi við þetta gistihúsmál, heldur hefur þetta gistihúsmál verið valið sem áróðursmál til þess að reyna að réttlæta það, að það er farið ósvífnislega að Búnaðarfélagi Íslands. Það er ekkert annað en þetta, sem gerzt hefur. Það þurfti að finna eitthvað til að fóta sig á til þess að vega að Búnaðarfélagi Íslands, og þá er þetta mál valið, af því að það er talið líklegast af þeim málum, sem fyrir lágu, til þess að geta vakið athygli bænda og gert þá tortryggna. Þetta er sú raunverulega ástæða til alls þess langlopa, sem hv. 2. þm. Rang. spann og leitt hefur til allra þessara umr., sem hér hafa farið fram um þessa gistihúsbyggingu. Því að þótt þetta mál hafi ekki komizt fyrr inn í þingið, er það ekkert nýmæli. Og það hefði verið full ástæða til að taka þetta oftar til umr., því að búnaðarþing er búið að gera ályktun um þetta og starfa að undirbúningi þessa máls um lengri tíma. Og meira að segja var mjög mikið rætt um þetta fyrir stríð. Þetta er því síður en svo nýtt mál. Og þessi hvalablástur nú um þetta mál bendir fyllilega til þess, að mál þetta hefur verið valið sem áróðursatriði, af því að annað var ekki fyrir hendi til þess að grípa til, sem líklegra þætti til þess að gera búnaðarþingið og ráðstafanir þess á fé búnaðarmálasjóðs tortryggilegt. Það var ekki annað fyrir hendi.

Hv. þm. Mýr. hefur nú svarað nokkru af firrum hv. 2. þm. Rang., sem komst nú út í að tala um það, sem þegar hefur verið svarað, að lóðin undir þessa byggingu mundi kosta mörg hundruð þús. kr. Og fleira þess háttar kom hv. 2. þm. Rang. með. Annars vil ég — af því að hv. 2. þm. Rang. kvartar mjög um það, að upplýsingar liggi ekki fyrir og ályktun um þetta mál, — upplýsa, að ég hef gefið upplýsingar um málið, sem nefndarmaður í nefnd, sem að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands er starfandi um þetta mál. Og ef hv. 2. þm. Rang. hefði viljað vita eitthvað frekar um þetta mál, þá var ég alltaf til viðræðna um það. Hann hefði ekki þurft annað en að koma til mín og þannig getað fengið allar upplýsingar, sem hann hefur vantað, sem aftur hefur valdið því, að hann hefur að sumu leyti hlaupið í þessu máli á hundavaði. Þetta lá fyrir, og það var umsögn nefndar, sem ég gerði þar grein fyrir. Það er ekkert undanhald í því efni af minni hálfu eða annarra, vegna þess að það er ekki annað en það, að skýrt var frá því, sem gerðist og ég veit, að allir nm. eru reiðubúnir til að staðfesta. Og má hv. 2. þm. Rang. gjarnan spyrja aðra nm. um, hvort ekki sé að öllu leyti rétt með farið í þeirri grein, sem hann minntist á, að því er snertir afstöðu n. og það, hvernig málið var lagt fyrir. Ég hygg, að þar hafi ekki verið hallað réttu máli á nokkurn hátt, hvað svo sem hv. 2. þm. Rang. reynir að snúa út úr og gera það tortryggilegt, sem þar kom fram. Annars er afstaða þessa hv. þm. vægast sagt dálítið einkennileg. Hann mótmælir því harðlega, að bændur leggi fram nokkurn eyri í byggingu gistiheimilis. Þó telur hann, að það séu hreinustu vandræði ástandið í þessu efni, sem nú er, hve erfitt er fyrir bændur að fá húspláss hér í Reykjavík á ferðum sínum, og hann telur, að bændur geti hvergi búið, nema á lúksushótelum, — það sé ekki annað þeim samboðið, skilst mér. En manni verður fyrir að spyrja: Hvernig er ástandið nú í þessum efnum? Hv. 2. þm. Rang. sagði, að menn, sem kæmu á ferðalagi hingað til bæjarins, yrðu að þrengja sér inn hjá kunningjum sínum og liggja á dívan eða jafnvel á flatsæng. Og ég get bætt því við, að ég veit þó nokkur dæmi þess, að menn, sem ókunnugir eru, hafa ekki komizt hér inn og jafnvel orðið að leita á náðir lögreglunnar, þegar komin hefur verið nótt, til þess að fá inni a. m. k. fyrstu nóttina. Þannig er ástandið hjá þeim, sem búa í fjarlægð frá Reykjavík. Það kann að vera betra fyrir þá, sem heima eiga á Suðurlandi, en fyrir þá, sem heima eiga í fjarlægum héruðum frá Reykjavík, er þetta reynslan. Enda hefur þessu gistiheimilisbyggingarmáli verið mjög vel tekið þar, sem ég þekki til. Og það hafa verið boðnar fram talsverðar upphæðir sem gjafir eða styrkur til þessa fyrirtækis, bæði frá privatmönnum og stofnunum, og allt að 45 þús. kr. hafa þegar verið afhentar Búnaðarfélagi Íslands sem gjafir til slíks heimilis. Þetta sýnir m. a., að það eru ýmsir menn og stofnanir, sem líta á þetta mál nokkuð á annan veg en hv. 2. þm. Rang. og hafa miklu meiri metnað fyrir hönd bænda en hann virðist hafa. En í sambandi við það lúksushótel, sem hann talaði um, og að það væri ekki boðlegt að bjóða bændum upp á annað en það allra fullkomnasta í þeim sökum, þá kann það vel að vera um bændur í Rangárvallasýslu. Ég skal ekki segja um það. Það kann vel að vera, að þeir búi alltaf á Hótel Borg, þegar þeir eru hér í bænum, sem má telja eina lúksushótelið á landinu. En ég þekki ekki til þess, að bændur búi, nema út úr neyð, á Hótel Borg. Og hvað mig snertir, og ég tel mig með bændum, og ekki með þeim lökustu, þá er ég þannig gerður, að ég kynni bezt við að búa hér í Reykjavík í sem svipuðustu umhverfi og ég á við að búa heima. Ég geri ekki meiri kröfur. Ég hef enga ánægju af því að búa í lúksushótelum, hvort sem þar er um að ræða gyllta sali eða annað, þó að hv. 2. þm. Rang. þyki ekki annað hæfa fyrir sig og sína kjósendur.

Umr. frestað.

Á 75. og 76. fundi í Nd., 26. og 27. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Sigurðsson): Herra

forseti. Það var ræða hv. 2. þm. Rang., sem knúði mig til þess að halda hér áfram og segja nokkur orð. Ég get sagt það þegar, að ræða hans hneig í þá átt að sanna, að hann hefði ekki skrökvað nema um helming, þegar hann ræddi um gistihúsbygginguna. Röksemdir hans á móti því, að Búnaðarfélag Íslands ætti að reisa gistihús, voru þær, að byggingin hlyti að verða 3—4 sinnum dýrari nú en ef byggt hefði verið fyrir nokkrum árum. Þegar öllu er á botninn hvolft, verða rök hans léttvæg fundin. Þegar hv. þm. hefur tekizt að finna upp einhverja rakavitleysu, þá leggur hann út af því, og er ekki nema eðlilegt, að útkoman verði þá harla rýr.

Við skulum taka hér til samanburðar annað dæmi. Hugsum okkur, að til væri félag í Rangárvallasýslu, þar sem hv. 2. þm. Rang. væri ekki meðlimur. Nú væri það gert heyrinkunnugt, að félag þetta ætlaði sér að reisa hús fyrir 25 þús. kr. Þá kemur hv. þm. til skjalanna og segir það vitleysu eina að reisa hús fyrir 25 þús., heldur skuli byggja hús fyrir 100 þús. kr. Það er gert, en síðan ræðst þessi sami maður á félagið fyrir að reisa hús fyrir 100 þús. kr. Svona röksemdafærsla er naumast svaraverð og alls ekki sæmandi fyrir hv. 2. þm. Rang. Það stendur óhaggað, að Nýi stúdentagarðurinn var reistur á árunum 1942 og '43 og kostaði 1.5 millj. Þar hafast við um 100 manns. Búnaðarfélagið hefur áætlað, að reisa þyrfti hús með herbergjum fyrir 50 manns, og yrði því kostnaðurinn mun minni, en raunar er þess að gæta, að verðlag er nú hærra en 1942. En hér er líka það að athuga, að engin ákvörðun hefur verið tekin um það, hvenær þetta gistihús verður reist. Því ráða aðstæður og verðlag. Hér er aðeins um undirbúning að ræða. Svo að allt þetta fimbulfamb hv. 2. þm. Rang. er ómerkilegur rógur um gott málefni. — Hann mótmælti því, að bændur legðu nokkurn eyri í gistihúsbyggingu handa sjálfum sér. Nú liggur hér fyrir hæstv. Alþ. áætlun um að reisa 15 millj. króna gistihús. Ráðgert er, að ríkissjóður leggi fram mikinn hluta fjárins ásamt félagasamtökum. Þess vegna munum við bændur leggja þar fram fé eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Einnig eru konur landsins að safna fé til Hallveigarstaða. Er ætlað, að þar rísi upp dvalarheimili kvenna, þar sem konur geti leitað athvarfs. Allir vita, að fram var lagt úr hinum ýmsu héruðum allmikið fé til byggingar Nýja stúdentagarðsins. Það er síður en svo, að ég sé að telja fé þetta eftir fyrir æskulýðinn. En því skýtur bara nokkuð skökku við, er þessir sömu menn mega ekki hugsa til þess, að bændur leggi fram nokkurn eyri til húsbygginga fyrir sjálfa sig. Þeir mega ausa út fé fyrir aðra, en alls ekki skapa sér betri þægindi né aðstæður. Og þetta gengur jafnvel svo langt, að þessir menn vilja taka ákvörðunarrétt bænda yfir fé því, sem búnaðarþingi hefur verið falið að ráðstafa. Ef búnaðarþing væri einhver einlit stofnun, þá gæti þetta verið réttlætanlegt. En til búnaðarþings er kosið eftir hlutfallskosningu um land allt. Ég hef aldrei heyrt bornar brigður á það, að þar ríkti hið fyllsta lýðræði og að þar kæmi fram vilji bændastéttarinnar. Og ef einhverjum dettur nú í hug, að fulltrúar búnaðarþings nú sýni ekki hinn rétta vilja bændastéttarinnar, þá má minnast þess, að kosningar fara fram til búnaðarþings í vor. Þess vegna sýnist mér og fleirum ekki hundrað í hættunni, þótt afgreiðslu málsins væri seinkað, þar til umsögn búnaðarþingsins, sem háð verður að afstöðnum kosningum, kemur fram.

Þá er næst að athuga, hvort kosning fulltrúa búnaðarsambanda sé í meira samræmi við lýðræðið. Ekki eru þar viðhafðar hlutfallskosningar. Þar fær meiri hl. í hverjum hreppi alla fulltrúana kosna. Ekki er þetta trygging fyrir því, að fram komi hinn rétt vilji bænda.

Þá kem ég að einu sérlega geðfelldu atriði, en það er um skiptingu búnaðarmálasjóðs. Það er ætlazt til þess samkv. fyrirhugaðri breytingu, að réttur búnaðarþings til ráðstöfunar á fé sjóðsins verði tekinn af því, en úthlutun sjóðsins verði framkvæmd af Búnaðarbankanum. Ég veit ekki nokkur dæmi þess, að hv. Alþ. hafi nokkurn tíma tekið almannasjóð, sem í þessu tilfelli er eign bænda, og fengið öðrum vald í hendur til þess að skipta fénu en sjóðseigendunum. Hvað mundu menn t. d. segja, ef Búnaðarbankanum væri fengið vald til þess að skipta upp ríkissjóði, sem er sameign landsmanna? Ég hygg, að þá kæmi snúður á margan, sem og eðlilegt er. Það er því ekki að undra, þótt bændur telji sig grátt leikna og hljóta ómaklega þjónustu af fulltrúum sínum.

Þá kem ég að rúsínunni, sem er í þessu öllu saman. Hvert samband á að fá endurgreitt nákvæmlega það sama, sem það hefur greitt í sjóðinn. Fyrst á að innheimta í sjóðinn, en síðan að borga það sama út. Ég verð að segja það, að ég þekki ekki neitt dæmi þess, þar sem um sameiginlegan sjóð er að ræða, að honum skuli ekki vera skipt eftir þörfum aðilanna, eftir að sameiginlegur kostnaður hefur verið greiddur. Í þess stað eiga þeir aðilar, — samkv. ræðu hv. 2. þm. Rang., — sem hafa bezta aðstöðu, beztu vegina, beztu markaðsmöguleikana o. s. frv., að hljóta mest úr sjóðnum. Þeir segja svo við hina, sem standa verr að vígi: Við viljum ekkert af ykkur vita. Þið getið farið ykkar leið. Við hirðum hvern eyri, sem okkur ber. — Þetta er nú hægt að kalla félagsþroska á háu stigi. Þetta er sú rammasta sérhagsmunastreita, sem hægt er að hugsa sér. Þegar þessir menn hafa komið ár sinni vel fyrir borð, geta þeir ekki unnt stéttarbræðrum sínum í öðrum landsfjórðungum stuðnings, svo að þeir geti bætt aðstöðu sína.

Ég skal gjarnan taka það fram, að ég mæli ekki svo vegna þess, að mitt kjördæmi muni bíða tjón við þessa fyrirhuguðu breytingu. Þvert á móti, en ef farið verður eftir eldri skiptingunni, þá hygg ég, að kjördæmi mitt muni heldur verða veitandi en þiggjandi. Og það gleður mig að geta rétt þeim hjálparhönd, sem eru verr á vegi staddir en við.

Þá kem ég næst að því, hvernig fer um þessa skiptingu til sambandanna, þannig að hvert samband fái nákvæmlega það, sem því ber. Innan sambandanna eru misstórar heildir, sem leggja misjafnlega mikið í sjóðinn. Það er því engin sanngirni í því, að stærsta búnaðarfélagið

fái jafnt og það minnsta. Eðlilegast væri að borga hverjum það, sem hann hefur í sjóðinn lagt, en þá er bara búið að fara í hring.

Hv. þm. klykkir út með því, að þetta sé ósk bændanna. En hann þorir ekki að bíða með þetta þar til nýtt búnaðarþing kemur saman og stjórn er kosin, hann þorir ekki að leggja það undir bændurna. Hann getur ekki sannað betur, að hann trúir ekki því, sem hann hefur sagt.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Pálmason): Ég geri ráð fyrir, að það þýði næsta lítið að halda uppi þrætum um þetta frv. Það hefur þegar verið rætt við tvær umr. og einnig í blöðum, og eru örlög þess ráðin. En út af ræðu hv. þm. Mýr. þykir mér skylt að segja nokkur orð.

Það er óvenjulegt, að flm. mála leggi áherzlu á að fella þau frv. Þó eru flm. þessa frv. að tala á móti því og tefja það. Ræða hv. þm. Mýr. var öllu fremur lík kosningaræðu en þingræðu. Hann lét í það skína, að ég hefði flutt brtt. fyrir kommúnista. Þetta er ekki rétt, ég flutti hana fyrir ríkisstj. alla. Í sambandi við hinn almenna veltuskatt þótti ríkisstj. óviðfelldið, að samtímis því að leggja veltuskatt á þessar vörur, þá væru landbúnaðarvörur undanþegnar veltuskatti. Með tilliti til þessa flutti ég þessa brtt. fyrir ríkisstj. Mér þótti efamál, hvort ætti að knýja þetta fram, en raddir voru uppi um það, og vann ég þetta til.

Það er nú búið að gera þetta mál að pólitísku árásarmáli á viðkomandi ráðh. og ekki öðruvísi hægt að taka það en grímuklætt vantraust á hann. Sama ákvæði og hér er um að ræða var sett inn í búnaðarfélagslög og fjárlög í stjórnartíð Hermanns Jónassonar. Þá þótti öllum framsóknarmönnum það sjálfsagt, þótt þeir setji sig nú upp á móti.

Svo var að skilja á hv. þm. Mýr., að samkomulag hefði náðst um, hvernig ráðstafa ætti fénu, á fundi Búnaðarfélagsins. En svo var ekki. Níu fulltrúar greiddu atkv. á móti að leggja fé í hótelbyggingu, og urðu um þetta harðar deilur. Hér snýst ágreiningurinn um það, hvort betra sé að verja þessum skatti til húsbygginga í Reykjavík eða skipta fénu á milli búnaðarfélaganna. Að halda því fram, að hér sé um hefndarráðstafanir á hendur bændum að ræða, er vitleysa. Deilan er um það, hvernig þessu fé er bezt varið.

Deilan um þetta frv. er vakin af flm. þess, og mér hefði ekki dottið í hug að svara, ef ekki hefði komið fram greinilegt vantraust á þann ráðh., sem ég fylgi. Ég skal ekki blanda mér í þær deilur, er fjalla um, hvað hótelið muni kosta. En það voru 2—3 atriði, sem komu fram hjá flm. þessa frv., þeim hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Mýr., sem eru á þá leið, að þeir mæla gegn frv. á þeim grundvelli, að skipting fjárins væri óréttmæt. Þeim finnst það furða, að Búnaðarbankanum skuli vera falið að skipta fénu. En í raun og veru er það ekki annað en útreikningur, sem bankanum er falið.

Þá er hitt, að búnaðarsamböndin fari að rífast um, hvað mikið fé skuli fara til hvers manns, sagt út í hött. Búnaðarsamböndin eru það illa sett, að ekki hafa þau getað haft einn launaðan starfsmann til að vinna að málum sínum. Það er gefið mál, að búnaðarfélögin þurfa á meira fé að halda en hingað til, vegna hinnar miklu vélavinnu í stórum stíl, sem framundan er.

Að síðustu þetta: Það ætti ekki að skipta fénu eftir sömu hlutföllum og borgað var inn í sjóðinn. Þegar um t. d. veltuskatt er að ræða af landbúnaðarvörum, þá kemur mest á þá, sem mest framleiða. Jöfnuðurinn verður að koma gegnum ríkisstjórnina. — Ég sé svo ekki ástæðu til að vera að fjölyrða meira um þetta. Atkv. verða nú að skera úr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í þessar umræður, þótt það sé freistandi. En ég vil benda hv. þm. A.-Húnv. á, að ég held, að erfitt verði eða ómögulegt að framkvæma lögin eins og orðanna hljóðan er nú og nokkurra breytinga þurfi við, ef það á að vera hægt. Lögreglustjóri á að innheimta féð. Það á að borgast til þess héraðs eða búnaðarsambands, þar sem það hefur til fallið. Nú hefur komið nautakjöt úr öllum sýslum landsins hingað til Reykjavíkur og verið selt hér. Hver á að halda skýrslu um það, af hvaða búnaðarsambandssvæði hver skrokkur er, svo að hægt sé að greiða gjaldið til þess búnaðarsambands, sem hann varð til í? Hér eru a. m. k. 2 kaupmenn, sem fá smjör hvaðanæva að. Þeir borga sitt gjald í búnaðarmálasjóð, en hver á að segja, hvað mikið kemur af hverju búnaðarsambandssvæði? Það er t. d. hluti af einum hrepp í V.-Húnavatnssýslu og í Múlasýslu, sem skipta við kaupstaði í öðrum héruðum eða búnaðarsambandssvæði. Sömu sögu er að segja víðar frá. Ef menn hugsa sér, að búnaðarsamböndin fái hlutdeild í sjóðnum eftir því, hvaða vörumagn er framleitt á svæði þess, þá verða að koma upprunaskýrslur með hverju einu, því að það er fjarri því, að vörur framleiddar á einu búnaðarsambandssvæði séu seldar á því sérstaklega, og því ekki hægt að skipta sjóðnum eftir því, á hvaða búnaðarsambandssvæði fé er greitt.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hafði ekki ætlað að blanda mér í umræður um þetta mál. En ég tek nú til máls vegna þess, hvernig þetta mál hefur verið rætt, hvernig það hefur verið túlkað og hvernig ráðizt hefur verið á bændur á Suðurlandsundirlendinu.

Það verður aldrei hægt að komast hjá því að viðurkenna, að það er óviðkunnanlegt, að bændastéttin skuli háð eftirliti um meðferð sinna eigin fjármuna. Það skiptir ekki máli, hver eftirlitsmaðurinn er, aðalatriðið er, að það lítur svo út, að þessari stétt sé ekki trúandi. Ég vil segja, að slík aðferð sé óviðkunnanleg, ómakleg og jafnvel óviðurkvæmileg. Með þessu er ég ekki að kasta nokkurri rýrð á núv. hæstv. landbrh. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann blandi sér hér í, en það eru fleiri en hann, sem eiga eftir að fara með þessi mál. En þetta ákvæði er óþarft og niðrandi fyrir bændastéttina, og þess vegna á ekki að hafa það. Hv. þm. A.-Húnv. lét þess getið áðan, að hann hefði ekki flutt þessa till., ef frv. hefði ekki komið fram, og kvað það vera grímuklætt vantraust á hæstv. ráðh. En ég get ekki séð, að

frv. beri neitt slíkt með sér, og þótt erfitt sé að segja um hugarfar manna eða rannsaka hjörtun og nýrun, þá er ég sannfærður um, að enginn hefur haft slíkt í huga. Þess vegna er fjarri lagi að flytja þessa brtt. af þeirri ástæðu. Ég hefði kosið miklu fremur, að þeir, sem vilja styðja þessa till., hefðu lagt sig fram um að koma frv. fyrir kattarnef. Sú aðferð að gera bændastéttina ómynduga til að ráða fé sínu er hin versta, sem hugsazt gat. Nú er það svo, að engin hætta er á, að þetta fé yrði ekki notað til gagnlegra hluta, þótt bændur hefðu þess full umráð.

Það leiðir af eðli málsins, að verði búnaðarsamböndunum veitt fé í hlutfalli við gjöld þeirra til sjóðsins, verður sá styrkur allmisjafn, og það er leiðinlegt, að þau héruð, sem betri hafa aðstöðu og skilyrði, skuli ekki geta unnt þeim, sem lakar eru settir, að njóta nokkurra hlunninda í þessu efni. Þessum hugsunarhætti vil ég mótmæla fyrir hönd kjósenda minna í Árnessýslu. Sú yfirlýsing, sem búnaðarsamband Suðurlands lét frá sér fara illu heilli, er að minni hyggju á móti vilja alls þorra bænda. Þeir, sem hafa þetta hugarfar, muna illa þá tíma, sem erfiðastir hafa verið fyrir bændur, svo sem þegar afurðasölulöggjöfin var sett. Og mig undrar, að það skuli hafa hent hv. 2. þm. Rang. að styðja þetta mál. Þá finnst mér og furðulegt, með hverju kappi þetta mál er sótt. Hér kom fram rökstudd dagskrá frá hv. 10. landsk. þm., þess efnis að vísa málinu til næsta búnaðarþings. Þetta var eðlileg leið, og mér virðist, að þeir, sem taka hefðu viljað fullt tillit til bænda, hefðu átt að fallast á þessa afgreiðslu, en það virðist svo, að þeim sýnist bændum sýndur of mikill virðingarvottur með því.

Úr því sem komið er, get ég sætt mig við, að þetta mál nái ekki fram að ganga í nokkurri mynd, en ef menn hefðu viljað taka tillit til bændastéttarinnar, þá var einsýnt, að bíða átti eftir áliti hennar. En nú þótt hin rökstudda dagskrá hv. 10. landsk. hafi verið felld, er sú leið til að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. og fela henni að leita álits bænda um málið.

Pétur Ottesen: Mér þykir rétt, af því að ég er einn flutningsmaður þessa frv. eins og það var upphaflega, að segja nokkur orð, áður en málið verður afgreitt.

Þetta frv., sem flutt var af okkur fjórum þm. hér í Nd., hefur orðið fyrir allharkalegri meðferð hér í deildinni. Ég segi harkalegri meðferð, af því að mér virðist, að hér sé verið að hafa að leiksoppi hagsmuni og heiður bændastéttarinnar í landinu. Ég ætla, að engin stétt hafi nokkru sinni sætt slíkri lítilsvirðingu og fyrirlitningu sem bændastéttin, verði þetta frv. samþ. í þeirri mynd, sem nú er lagt til.

Eins og upplýst hefur verið, er saga þessa máls í stuttu máli sú, að bændur ákváðu í gegnum samtök sín að leggja ½% skatt á alla framleiðslu sína. Var þetta upphaflega samþ. í öllum búnaðarsamböndum landsins og var síðan lagt fyrir búnaðarþing. Þar var sú samþykkt gerð, að flytja frv. um, að þetta gjald yrði innheimt af gjaldheimtumönnum ríkisins, og var það hið eina, sem hið opinbera átti fram að leggja, og hæstv. Alþ. átti ekkert annað að gera en segja já eða nei við þessari beiðni búnaðarsamtakanna. Alþ. tók þessu vel og samþ. í báðum deildum að verða við þessum tilmælum. En eftir að málið hafði verið samþ. hér, skeði það, að inn í frv. var sett ákvæði um, að landbrh. skuli ráða skiptingu þessa fjár, eins og hv. þm. A.-Húnv. orðar það, og hælir þessi hv. þm. sér svo af því að hafa haft þau áhrif, að frv. var samþ. Segir hann, að ríkisstj. hafi ætlað í traustí meiri hl. á Alþ. að neita að láta skattheimtumenn ríkisins innheimta þennan skatt, en um annað var ekki beðið. Ég vil taka það fram, að ég trúi þessu ekki. En að öðru leyti ætla ég mér ekki að grafa fyrir rætur þeirrar óhreinu uppsprettu, sem hv. þm. A.-Húnv. gruggar í varðandi þetta og fleiri mál. En það virðist ljóst, eftir að þessi hv. þm. hefur lýst þessu vígi sér á hendur, að hér hefur verið um skipulagða árás að ræða á bændastéttina, og renna þar margar stoðir undir, þótt hv. þm. A.-Húnv. sé engan veginn hlédrægur þátttakandi í þeim leik. Það var því ekki nema eðlilegt, að bændum fyndist tekið fram fyrir hendur sínar, en hið eina, sem bætti úr skák, var það, að þeir treystu núverandi landbrh., enda hefur hann ekki brugðizt því trausti. Hann hefur nú samþ. ráðstöfun á fé búnaðarmálasjóðs til tveggja ára. Þess vegna er það tilhæfulaust, að frv. sé árás á hæstv. ráðh. Hann hefði ekkert til unnið. En hitt vita bændur, að ráðherraskipti geta orðið, þótt hv. þm. A.-Húnv. virðist ekki vita það, og þá gæti vel skipazt svo, að sá ráðh. færi með þetta vald, sem óskaði að nota það til að skerða ákvörðunarrétt bænda varðandi ráðstöfun síns eigin fjár. Hugsum okkur t. d. hv. þm. A.-Húnv. í ráðherrasæti, auðvitað styðst þetta ekki við neinar líkur, og ef miðað er við blaðaskrif hans og aðra framkomu í þessu máli, hversu halda hv. þm., að réttur bænda væri þá virtur? — Nei, þetta frv. er borið fram af sannfæringu bændanna fyrir því, að þeir einir og þeirra fulltrúar, sem þeir skipa til þess að standa fyrir félagsmálum bænda, eigi — án nokkurrar íhlutunar af öðrum og þar með íhlutunar Alþ. — að hafa rétt til þess að ráðstafa þessu sínu eigin fé. Það er ástæðan fyrir því, að þetta mál er borið fram á hæstv. Alþ. Ég sem flm. vildi fá tækifæri til að láta þetta koma hér fram. En það hefur komið fram í sambandi við þetta mál — og ég vildi, að hv. þm. A.-Húnv. tæki eftir því, — vantraust á hæstv. landbrh. Í hverju? Í þeim till., sem hv. þm. A.-Húnv. bar hér fram og nú er búið að samþ., af því að hæstv. landbrh. hafði sýnt bændum þá sanngirni að sýna enga íhlutun um ráðstöfun þeirra á þessu fé. Það getur hv. þm. A.-Húnv. alls ekki sætt sig við. Þess vegna hefur hann ekki viljað eiga undir því, að bændur léku svo lausum hala sem þeir nú gera fyrir hæstv. landbrh. um ráðstöfun þessa fjár, og ekki viljað eiga nokkuð undir hæstv. ráðh. sem hemli á það, að bændur ráðstöfuðu sjálfir þessum sínum eigin peningum. Þess vegna grípur hv. þm. A.-Húnv. til þessa ráðs að setja hæstv. landbrh. alveg út úr spilinu. Af hverju? Af því að það er ekkert eigandi undir núv. hæstv. landbrh. til þess að koma því í framkvæmd, — ég er að gera hv. þm.

A.-Húnv. upp orðin, — sem við viljum, að gert sé, og þeir, sem að þessu standa með mér. Þess vegna er það, að það tal hv. þm. A.-Húnv. um vantraust annarra á hæstv. landbrh., sem hann viðhefur í þessu sambandi, það á ekki við í þessu sambandi, sem hann talaði um. Og ég er að sjálfsögðu — þó að ég sé ekki stjórnarstuðningsmaður — á móti því að sýna núv. hæstv. landbrh. nokkurt vantraust eða standa að því á nokkurn hátt, út af því að hann hefur látið fulltrúa á búnaðarþingi alveg óáreitta um það, hvernig þeir ráðstöfuðu þessum sínum eigin eigum. Svona horfir þá þetta mál nú hér við.

Hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang. fengu aðeins lítilfjörlegan meiri hluta með því hér á Alþ. að samþ. þessar brtt. hv. þm. A.-Húnv., þær voru samþ. með 16 atkv. gegn 14, það var ekki stærra á því höfuðið en það. (*JPálm:* Það var meiri hluti samt). Já, og það er auðséð á öllu, hversu hv. þm. A.-Húnv. hrækir hraustlega í þessu máli, að hann þykist hafa öruggan meiri hl. með sér til þess að knýja þetta mál fram, að hafa heiður og hagsmuni bændastéttarinnar að leiksoppi hér á hæstv. Alþ. Það er í skjóli þessa meiri hluta, sem hv. þm. A.-Húnv. ætlar að leika hér á Alþ. þennan þokkalega leik.

Þá hefur annað skeð í þessu máli, sem er sérstaklega eftirtektarvert, og það er það, hvernig hv. þm. A.-Húnv. — alveg sérstaklega hann — hefur á síðustu stundu fengið góðan liðsmann í því óþurftarmáli, sem hann hefur gerzt talsmaður fyrir hér, fengið hann bæði með sér í Ísafold, sem hv. þm. A.-Húnv. finnst hann vera allfyrirferðarmikill ráðamaður fyrir, og hér á Alþ. Og það er hv. 2. þm. Rang. Hefur hann veitt liðveizlu sína í þessu gistihúsmáli. Það er alkunnugt, um ýmsa menn, sem haldnir eru af veikindum, sem kölluð eru geðveiki, að þeir fá ýmsar ákaflega einkennilegar hugmyndir, ýmist um sjálfa sig eða það er þá eitthvað á næstunni, sem þeir festa auga á og sjá ekkert annað. Sumir halda t. d., að þeir séu þjóðhöfðingjar úti í löndum, og haga öllu sínu framferði í samræmi við það. Aðrir festa augun á einhverjum hlut, sem getur náttúrlega verið gistihús eins og hvað annað, og sjá svo ekkert annað en það. Og nú er það svo í þessu máli, að hv. þm. A.-Húnv. sér ekkert annað en gistihúsið. Hann hefur ekkert við það að athuga, þó að bornar séu fram hér á Alþ. till. um að byggja gistihús fyrir 15 millj. kr. og að þar af eigi ríkið að leggja fram 5 millj. kr. Hann leggur blessun sína yfir það og þykir það fínt og í samræmi við það umhverfi, sem hér er í Reykjavík. En þegar bændum dettur í hug að koma upp tiltölulega lítilmótlegu gistiheimili hér í Reykjavík í sambandi við byggingu, sem fyrirhuguð hefur verið fyrir Búnaðarfélag Íslands, sem er nú á 6. áratugnum og býr við mjög lélegan húsakost hér í Reykjavík og er þess vegna nauðsyn á að koma upp yfir sig húsi, þá rís hv. þm. öndverður gegn því, að slíkt gistiheimili verði reist. Væri þá ekki nema eðlilegt og í samræmi við annað, sem gerist í þessu þjóðfélagi, að þessu yrði hagað þannig um gistihúsbyggingu fyrir bændur. Það má líka segja um þessa hugmynd, að hún sé ekkert frumleg, af því að t. d. í Noregi, Svíþjóð og fleiri löndum er þessu á komið fyrir löngu síðan. Að því leyti er ekki hægt að halla á bændur fyrir það, að þetta sé frumlegt. En úr því að það er talið nauðsynlegt í Noregi og annars staðar, hvaða undur eru það þá, þó að bændur vilji koma upp gistiheimili fyrir sig hér í Reykjavík, þegar ástandið er hér í þessum bæ þannig, að erfitt er að fá gistingu fyrir menn utan af landi oft og einatt? Hvaða undur eru það þá, þó að bændum detti í hug að leggja á sig dálítinn kostnað til þess að koma upp gistihúsi, sem þeir geta hallað sér að hér í Reykjavík? Og það er ekki öll von bænda í þessu sambandi fest á því fjárframlagi, sem hér er um að ræða. Bændum hafði dottið í hug, að önnur félagssamtök bænda styrktu þetta fyrirtæki, eins og Samb. ísl. samvinnufélaga, — ég veit ekki, hvort hv. þm. A.-Húnv. þolir að heyra það nefnt, — og Mjólkursamsalan, — það kann líka að koma illa við hann, að hún sé nefnd, — og enn er þriðji aðilinn í þessu sambandi, sem er tiltölulega meinlaust, þótt nefndur sé upphátt, sem er Sláturfélag Suðurlands. Þessir aðilar allir fjórir hafði bændum dottið í hug, að legðu nú allir saman í þetta fyrirtæki. Og ég get sagt hv. þm. A.-Húnv. það og líka hv. 2. þm. Rang., að þessi goluþytur og blástur, sem gerður er af þeim á móti þessu máli, hann er algerlega þess ómegnugur að slá neinu ryki í augu bænda eða draga nokkuð úr framkvæmdahug þeirra í þessu máli. (*IngJ:* Það getur komið í veg fyrir bygginguna). Hv. þm. getur verið rólegur, meðan ég er að tala. Það kemur náttúrlega fram, að hv. þm. A.-Húnv. þykist tala hér eins og sá, sem valdið hefur, og finnst mér af þessari framítekt, að í hv. 2. þm. Rang. muni vera ekki minni valdagorgeir í þessu máli. Honum þykir það víst svo til fyrirmyndar, sem fram hefur komið í þessu efni frá hv. þm. A.-Húnv., að hann vill ekki standa læriföðurnum að baki, heldur finnur metnað hjá sér til að reyna að komast fram fyrir hann. Og hver veit, nema honum takist það. Það virðist svo sem þessum mönnum finnist það hættulegt, ef bændur og búandlið gæti komið því fram með þátttöku að einum fjórða hluta af fé búnaðarmálasjóðs að koma upp gistihúsi hér í Reykjavík, þann óskaplega úlfalda sem þeir gera úr þeim kostnaði, jafnvel eins og bændur mundu fara á hausinn, ef þeir legðu í slíkt. Ég veit ekki, hvað umhyggja þessara manna fyrir bændastéttinni nær langt. Það er tæplega hægt að tala um framkomu þessara manna í sambandi við umr. um þetta gistihúsmál öðruvísi en í heldur léttum tón, svo maður hafi ekki sterkari orð um það. Hitt er svo allt annað, að það á vitanlega að ræða um það í allt öðrum tón, sem fram kom hjá þessum mönnum í þessu atriði heldur en öðrum. Það er ógæfa, sem yfir þessa menn hefur dunið, sem veldur því, að þeir tala svona um þetta mál. Ég held, að þetta gistihúsmálstal, eftir þeim leiðum, sem það hefur farið hjá þessum tveimur hv. þm., ætti að geta verið alveg útrætt, því að vitanlegt er, að þetta fé búnaðarmálasjóðs á að ganga að nokkrum hluta til þessa þarfa málefnis, auk þess sem auðvitað á að nota fé sjóðsins til umbóta á verklegu sviði í sveitum og til stuðnings við

þau félagslegu samtök, sem bændum er nauðsynlegt að hafa um hagsmuni sína og framfaramál á hverjum tíma. Þess vegna er ekki hægt að skjóta eitraðri örvum að bændastétt þessa lands en með því að rægja félagssamtök þeirra og reyna að telja bændum trú um, að með því að halda uppi slíkum félagssamtökum séu þeir á villigötum. Það er eftirtektarvert í þessu sambandi niðurlagið á því, sem hv. þm. A.-Húnv. gaf út með fulltrúa kommúnistanna í landbn. Aðra úr n. fékk hann ekki til fylgilags við sig um stefnu eða orðalag till. sinna í þessu efni, og er það ekki að undra. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta (hann er búinn að telja hér upp ýmislegt af þörfum bænda um framfarir heima hjá sér, sem ég ætla, að þeir, sem að þessu frv. standa, hafi sýnt í verki, að þeir hafi skilning á, engu síður en hv. þm. A.-Húnv.): „Á öllu ríður bændum meira en gistihúsi í Reykjavík fyrir pólitíska búnaðarþingsmenn á fundahöldum þeirra hér og þar um landið. Þess vegna leggjum við til, að skattinum sé haldið og fénu sé varið til þess, sem bændum ríður mest á.“ Og þetta kemur þó enn berar fram síðar í þessu nál. Það er alltaf gistihúsið. Það er upphafið og endirinn í öllu. Þar segja þeir, að fénu sé betur varið „til þess að rétta hag þeirra manna, sem versta hafa aðstöðu til framkvæmda í sveitum landsins, heldur en að byggja fyrir það hótel í Reykjavík og éta það upp á snakkfundum og eyða því í ferðakostnað pólitískra spekúlanta, sem telja sig öllum færari til að gera bændum gagn, en hafa reynzt mjög mistækir í því efni.“ — Þannig lýsir þá hv. þm. A.-Húnv. þeim fundum, sem félagssamtök bændanna hafa og standa að. Það eru eftir hans dómi „pólitískir snakkfundir“, sem eru bara til þess að „snakka“, skilst mér. Það situr ekki á mér að fara út í málfræðilegu hliðina á þessu orðalagi, en mér skilst, að hv. þm. meini með þessu orðalagi frekar tilgangslitlar samræður, þ. e. að menn „snakki“ um þetta eða hitt. — Svo náttúrlega gleymir hv. þm. því ekki, að þegar þessir menn eru á þessum „snakkfundum“, þá þurfa þeir að borða, eins og endranær. Hv. þm. A.-Húnv. er svo kunnugur á fundum fulltrúa bændastéttarinnar, að hann veit, að þetta orðalag og þessi lýsing á þeim nær ekki nokkurri átt. Og hver er þá tilgangurinn með þessu? Hann er vitanlega sá að reyna að rægja þessi samtök í augum bændanna, gera þau lítilmótleg í þeirra augum, og það í því augnamiði og tilgangi, að bændur slaki á klónni um að standa að þessum félagssamtökum og helzt hverfi frá þeim. Þessi skrif geta ekki haft annan tilgang en þennan. En allir, sem þekkja til og hafa tekið þátt í þeim félagsskap, í fundahöldum bænda, bæði í búnaðarfélögum og búnaðarsamtökum, vita og þekkja, að þar hafa mörg góð ráð verið ráðin. Og þessi félagssamtök hafa verið til mikillar uppörvunar og hvatningar fyrir bændastéttina í heild á sviði verklegra og andlegra mála og auk þess það sverð og skjöldur fyrir hagsmuni stéttarinnar, sem raun ber vitni. Þess vegna er það rétt, sem ég sagði, að þessi rógur, sem fram kemur í orðum þeim, sem ég las upp áðan, er eitraðasta örin, sem hægt er að skjóta að bændum þessa lands, og þá sérstaklega þegar slíkt kemur fram frá manni, sem telur sig fulltrúa þeirra. Það er alltaf hættulegra, að slíkur rógur komi fram frá þeim en hinum, sem menn vita með vissu, að eru beinir andstæðingar. Hv. þm. A.-Húnv. ætlast til, að þessi rógur og dylgjur og svigurmæli, sem hann hefur sett hér í nál. og skrif hans og ræður eru einnig meira og minna sýrðar af um þetta mál, — þó að hann komi kannske hvergi jafnhatramlega fram eins og í þessum línum, sem ég las, — hv. þm. ætlast til, að hann muni ná betur til eyrna bændanna fyrir þá aðstöðu, að hann er sjálfur bóndi og einnig bændafulltrúi. Og ég verð að segja, að það er ákaflega átakanlegt og leiðinlegt það metnaðarleysi fyrir hönd bændastéttarinnar, sem fram kemur af hálfu þeirra manna, sem telja sig til þeirrar stéttar, að vera að vekja upp grýlur og drauga í þessu sambandi til þess að telja úr bændastéttinni áhuga fyrir því sjálfstæðis- og metnaðaratriði, sem það er að geta komið sér upp í höfuðstað landsins heimili, þar sem bændur, er til bæjarins koma, geta átt athvarf, þar sem svo er ástatt í bænum, að menn, sem hér koma, geta alltaf átt það á hættu að verða að liggja úti undir berum himni, hvernig sem veður er, af því að þeir fái hvergi húsaskjól. Það er hart, að einmitt á þeim tíma, þegar svona er ástatt, skuli koma fram raddir frá nokkrum fulltrúum sveitanna, sem gera tilraun til að draga niður í sorpið og gera að engu þær till., sem fram hafa komið um tilraunir til þess að bæta úr þessari brýnu þörf. Og því hatramlegra er þetta, þar sem það eru einmitt þeir menn, sem segjast vera þeir einu nýsköpunarmenn. Við vitum, hvað við höfum fengið, sem erum ekki stuðningsmenn stjórnarinnar. Við eigum að vera það svartasta afturhald og ekki bera neinn skilning á nýsköpun í neinni grein. En ég hef nú lýst afstöðu þeirra manna, sem kenna sig svo mjög við nýsköpun, til þeirrar nýsköpunar, sem á að leysa úr brýnni þörf bændastéttarinnar og hrinda í framkvæmd metnaðarmáli þeirrar stéttar, því að þá er heldur en ekki snúið við blaðinu um nýsköpunaráhugann. — Ég þarf svo ekki að taka það fram, að þrátt fyrir þann dóm, sem verið er að fella um mig og aðra, að við séum ekki með í nýsköpuninni að því er snertir verklegar framkvæmdir í sveitum landsins, þá held ég, að við getum fullkomlega boðið ykkur báðum út (hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang.) í því efni, bæði um verklegar framkvæmdir hver heima hjá sér og líka í því að koma fram og standa fastir fyrir gegn starfsemi þeirra, sem leita allra bragða, leyfilegra og óleyfilegra, til þess að vera á móti framtaki bændastéttarinnar.

Svo er eitt enn, sem líka er mikilsvert í augum hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang. í þessu máli, að af því að það séu framsóknarmenn eða Tímaliðið og Tímadótið og allt það, — við höfum sjálfsagt oft sameiginlega notað þetta orð, — sem eitthvað komi nærri þessu gistihúsmáli, þá sé það fráleitt að fylgja því. — Hv. þm. A.-Húnv. er nú gamall framsóknarmaður. Hann hefur nú alveg hafið sig upp úr þeirri niðurlægingu að vísu, og ég fagnaði nú komu þessa hv. þm. á

þeirri tíð úr þeim félagsskap, sem hann þá var áður í. (*EystJ:* Fár veit, hverju fagna skal). En svo nú, af því að það eru *framsóknarmenn* eða Tímadótið, — og það eru miklu ljótari orð, sem hv. þm. viðhefur, — sem vilja styðja þetta gistihúsmál, þá á að hegna bændastéttinni fyrir það og dæma óalandi og óferjandi hitt og annað, sem gerzt hefur á búnaðarþingi og lýtur að samtökum bændastéttarinnar í heild, bara af því að framsóknarmenn hafa komið þar nærri. Það er rétt, að framsóknarmenn eiga sinn hlut í þessu öllu saman. En sjálfstæðismenn í bændasamtökunum standa framsóknarmönnum alveg hlið við hlið um þetta mál. Þegar því hv. þm. A.-Húnv. er að ráðast á þetta af því, að framsóknarmenn standi að því, þá er hann alveg eins að ráðast á það af því, að ég og hv. 2. þm. Skagf. (JS) og aðrir sjálfstæðismenn fylkja sér þétt og einlæglega um þessi félagssamtök bændanna. En þetta bara sýnir, hvað öfgarnar geta orðið óskaplegar, að hv. þm. A.-Húnv. hefur hlaupið svo í gönur sem hann hefur gert í þessu sambandi. En það, sem hér er aðalatriðið, er að þjóna hagsmunum bændastéttarinnar í einu og öllu. Og það kemur bændastéttinni alveg að sömu notum, ef það er gert af einlægni og fullum vilja, í hvaða stjórnmálaflokki, sem maður er, sem að framfaramálum bændanna stendur. Atvikin hafa legið þannig hér hjá okkur, að baráttumenn fyrir bændastéttarinnar hönd hafa verið aðallega úr tveimur stjórnmálaflokkum landsins, Sjálfstfl. og Framsfl. Mér þykir ástæða til þess að benda á þetta sérstaklega. Og ég vil beina því til hv. þm. A.-Húnv., að hann leggi nú niður þann óvana sinn að haga skrifum sínum og till. þannig til óþurftar bændastéttinni í heild, af því að hann sér hilla undir einhverja framsóknarmenn í því sambandi.

Ég hef þá dregið fram nokkur meginatriði í þessu máli, og hneigjast þau öll að því, að sú afgreiðsla, sem þetta mál fékk við 2. umr., sé algerlega ósamboðin og frekleg móðgun og árás á bændastétt landsins. Bændastéttin hafði sjálf ákveðið, áður en frv. var flutt um það á Alþ., að fara fram á það, að innheimtumenn ríkisins innheimtu þetta fé fyrir bændur um leið og þeir innheimtu önnur gjöld. Bændur hafa sjálfir ákveðið, að þessi skattur skyldi vera á þá lagður, og þeir hafa sjálfir ákveðið það, að þeir menn, sem bændur kjósa sem fulltrúa sína á búnaðarþing, hefðu vald til að ráðstafa þessu fé á hverjum tíma. Búnaðarþingsfulltrúarnir verða vitanlega að standa reikningsskap af þeim ráðstöfunum sínum gagnvart þeim bændum, sem kusu þá á búnaðarþingið. Ef bændum líkar ekki það, sem þeir hafa gert, þá skipta þeir um menn, þegar næst verður kosið, og senda þá menn, sem þeir treysta betur. Þetta fyrirkomulag, sem þarna er ríkjandi, á sér aðra hliðstæðu, Alþingi. Kjósendur, sem eru menn úr öllum stéttum, velja menn til Alþ. til þess að fara með málefni þeirra. Ef þeim líkar ekki, hvernig þeir rækja umboð sín, þá breyta þeir til og senda aðra menn, sem þeir treysta betur. Mér finnst það hart, ef alþm., sem komnir eru hingað í þessum rétti, vilja með samþykkt vera að skerða samtök og hliðstæðan rétt fulltrúa á búnaðarþingi, sem þangað eru valdir af þeirri stétt, sem að búnaðarþingi stendur, og þar sem það er gert á nákvæmlega eins lýðræðislegan hátt og fulltrúar á Alþ. eru valdir. En þetta gerir Alþ., ef það tekur ráðstöfunarréttinn af þessum mönnum, af þeim mönnum, sem bændur ætlast til, að fari með hann. Í þessu efni er það stóri bróðir, sem á alls kostar við litla bróður, sem á að skapa annan og minni rétt. Þetta er óeðlilegt og ósanngjarnt jafnframt því, sem þetta er móðgun við bændastéttina og stangast á við eðlilegt lýðræðisfyrirkomulag. Þetta er öllum til óþurftar og leiðinda og engum til gagns.

Það er engin furða, þótt gerð hafi verið tilraun til þess í deildinni að víkja þessum beiska kaleik frá Alþ. Það var gert af fyrrv. forseta Sþ., 10. landsk., með því að bera fram rökst. dagskrá, sem fól það í sér, að búnaðarsamböndin athuguðu þetta mál í sambandi við kosningar eða áður en búnaðarþing kæmi saman. En það er búið að koma þessu máli inn í þann farveg, að það tókst að koma í veg fyrir, að þessi rökst. dagskrá yrði samþ. Nú hefur hv. 1. þm. Árn. bent á aðra leið út úr þessu máli, sem sé að í stað þess að bera fram rökst. dagskrá er lagt til að vísa málinu til ríkisstj. og henni falið að fara með málið inn á sömu braut og gert var ráð fyrir í dagskrártill., sem var felld hér. Og það er ekkert undarlegt, þótt þeir, sem að þessum till. standa, séu einmitt báðir fyrrv. forsetar Alþ. Það er ekkert undarlegt, þótt þessir menn reyni að koma í veg fyrir, að það verði framkvæmt, sem í þessu frv. felst og ég hef leitazt við í þessum tiltölulega fáu orðum að skýra, sem sé, að ekki sé einasta gengið á rétt bændastéttar landsins, heldur beinist þetta líka gegn því lýðræði, sem kosningar til búnaðarþings og Alþ. byggjast á. Og það er mikil ábyrgð, sem það Alþ., sem nú situr, tekur á sig með að afgr. frv. eins og það nú er orðað.

Hv. þm. A.-Húnv. setti sjálfan sig í slæma klípu í ræðu þeirri, sem hann hélt áðan. Ég benti honum á það þá og gerði það af góðum hug. Hv. þm. vildi halda því fram sem röksemd fyrir því ákvæði, sem sett var inn í frv. í fyrra um, að landbrh. skyldi samþ. ráðstöfun búnaðarþings á fénu, að ráðh. samþ. ráðstöfun búnaðarþings á því fé, sem Alþ. veitir til starfsemi Búnaðarfélagsins. Mér dettur ekki í hug að trúa því, að hv. þm. sjái ekki eðlismuninn á þessu tvennu. Það fé, sem Alþ. veitir til starfsemi Búnaðarfélagsins, er veitt í fjárl. úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar, úr þeim sjóði, sem allar stéttir leggja í. Og allvelgamikill þáttur í starfsemi Búnaðarfélags Íslands er að sjá um framkvæmdir í samráði við þann ráðh., sem fyrst og fremst fer með landbúnaðarmálin á hverjum tíma. Þetta eru framkvæmdaatriði á ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum í landbúnaðinum og einnig skyldum störfum í kaupstöðum og kauptúnum varðandi nautgripa-, sauðfjár- og hrossarækt og fleiri störf. Þetta er starfsemi, sem ríkið hefur tekið að sér með l. frá Alþ. að standa að og hefur falið Búnaðarfélagi Íslands fyrir sína hönd framkvæmd á. Aðeins mjög lítill hluti af þessu fé fer til sameiginlegrar starfsemi búnaðarfélagsskaparins í

landinu. Þess vegna er ekkert við það að athuga, þótt ráðstafanir á því fé, sem Alþ. veitir til Búnaðarfélagsins, séu bundnar samþykki þess ráðh., sem með þessi mál fer. Mér vitanlega hefur heldur aldrei verið neinn ágreiningur um þetta. Hef ég þó miklu lengri reynslu hér á Alþ. en hv. þm. A.-Húnv. Sams konar ákvæði og þetta eru einnig til varðandi Fiskifélag Íslands. En um búnaðarmálasjóð gegnir allt öðru máli. Þar er um fé að ræða, sem bændur leggja á sjálfa sig til sameiginlegrar félagsstarfsemi, og bændur fela búnaðarþingi að ráðstafa þessu fé. Þetta er svo gersamlega ólíkt, að það er furðulegt, að hv. þm. skuli grípa til svo fjarstæðukenndra röksemda að leggja þetta tvennt að jöfnu. Hv. þm. lítur kannske svo á, að bændur þurfi að borga sérstaklega fyrir það, að skattheimtumenn ríkisins innheimti þetta fé með öðrum sköttum til ríkisins. Sé svo, þá vil ég segja, að það sé dýru verði keypt, ef það á að kosta bændur að afsala sér frjálsum yfirráðarétti yfir þessu fé. Þetta sýnir aðeins það, hvað menn geta komizt langt frá því, sem er eðlileg rök í málinu, jafnframt því sem það sýnir, hvað grundvöllurinn, sem þessir menn byggja till. sína á, er háll og sleipur.

Ég vil benda á það, þótt það hafi verið gert af hv. 2. þm. N.-M., að það mun sennilega ekki vera hægt að framkvæma þetta eins og till. gerir ráð fyrir. Það er víða ekki hægt að sjá um það, að þeir, sem leggja mest í sjóðinn, séu örugglega tryggðir fyrir því, að enginn einasti eyrir gangi til stéttarbræðra þeirra annars staðar á landinu, hversu sem þeir eru á vegi staddir í sinni lífsbaráttu. Ég vil benda á, eins og hv. 2. þm. N.-M., að það mundi verða mjög erfitt að láta þetta allt koma fullkomlega fram. Það getur vel verið, að það verði ekki svo gott að sjá fullkomlega út, hvar á landinu þetta kjötlæri, bógur eða svíri er framleitt, svo að það sé algerlega öruggt, að þetta ½% af lærinu, bógnum eða svíranum lendi á réttum stað. Ég vona, að þeir hv. þm., sem reikna svona grannt, verði ekki móðgaðir, þótt á þetta sé minnzt.

Hv. 2. þm. Skagf. benti á það áðan, að til þess að fullkomna það sköpunarverk, sem flutt er í frv. og till., sem búið er að samþ., þá er ekki eftir nema einn þröskuldur. Það er, að búnaðarsamböndin tækju upp þann hátt að skipta þessu niður milli búnaðarfélaganna, sem síðan skiptu því á milli einstaklinganna. Og þá er hringurinn kominn. Sirkillinn hefur nú eftir hringrásina komið saman, þar sem honum var stungið niður fyrst. Þá er réttlætið fullkomnað, þá fær hver sitt. Þetta er í sjálfu sér ekkert vitlausara en það, sem þegar er byrjað á í þessu máli.

Hv. þm. A.-Húnv. viðhafði þau orð í lok ræðu sinnar, að það mundi ekki þýða mikið að halda uppi þrætum um þetta frv., því að forlög þess væru ráðin. Ég hef sýnt fram á það hér, að það er í algeru ósamræmi við eðlilegan gang mála hér á Alþ., að málið sé afgr. í þeirri mynd, sem það er nú. Þetta er móðgun og vanvirða gagnvart bændastétt landsins, því að bændastéttin er búin að lýsa yfir, að hún vill hafa það form, sem í l. felst, og í öðru lagi, að hún mótmæli íhlutunarrétti ráðh. í þessu máli. Þetta hef ég sýnt fram á. Og það er engin rökrétt hugsun, sem liggur á bak við þá ákvörðun að afgr. málið í því formi, sem það liggur fyrir. Samt segir hv. þm.: Forlög þess eru ráðin.

Það ber að sama brunni með þetta eins og þegar ég hóf ræðu mína. Með því að samþ. þetta frv., þá er verið að hafa að leiksoppi heiður og hagsmuni bændastéttarinnar á óviðkunnanlegan og óviðurkvæmilegan hátt hér á Alþ. Og mér er það undrunarefni, hvernig á því getur staðið, að hver einasti hv. þm., í hvaða flokki og hvaða stétt, sem hann tilheyrir, skuli ekki finna hjá sjálfum sér og sinni eigin stétt þær hugsanir og þann vilja að fá að ráða sjálfir því fé, sem þeir vilja leggja á sig til sinna eigin félagslegu samtaka. Hverjum ætli dytti í hug, að það fé, sem verkamenn leggja í sjóði hjá sér, yrði bundið slíkum skilyrðum, þótt farið væri fram á, að það væri innheimt með öðrum sköttum ríkisins? Ætli þeir vildu sætta sig við það frekar en bændur, að fyrir þann litla greiða yrði tekinn af þeim yfirráðarétturinn yfir því, hvernig þessu fé væri varið? Mér er það undrunarefni, ef það fyrirfinnst nokkur maður hér í Alþ., sem ekki viðurkennir það, að bændastétt landsins sé það þýðingarmikil stétt fyrir þjóðfélagið, fyrir þróun þess og framtíð, að það ætti ekki að vera að setja neinar hömlur á sjálfsforræði hennar, þótt henni sé gerður slíkur greiði og sá að innheimta þetta gjald. Og það, sem kannske undarlegast er, er það, að þar sem Alþ. hefur nú gert þetta, þá skuli næsta Alþ. taka slíkum tökum á málinu sem það nú hefur gert fyrir forustu tveggja hv. þm., hv. 1. landsk. og hv. þm. A.-Húnv.

Ég verð að segja það, okkar hæstv. forseta, sem sæti á í landbn., til hróss og viðurkenningar, þó að hann hafi ekki skuldbundið sig til að berjast fyrir hagsmunum bænda á sama hátt og menn bæði í Sjálfstfl. og Framsfl. hafa gert og sé því ekki neitt bundinn, að hann tók þá afstöðu í n. að slíta öllum félagsskap um þetta mál við þm. A.-Húnv. og 1. landsk. Og þegar svo til atkvgr. kom í d., greiddi hann atkv. móti þessari till. (*JPálm:* Þetta er ekki rétt frekar en annað.) Hann greiddi atkv. móti frv., því að dagskráin kom frv. fyrir kattarnef. (*JPálm:* Þetta er samt sem áður rangt.) Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að vera að reyna að bjarga sér á orðaleik einum eins og því, að þetta hafi ekki verið rétt hjá mér. Hvers vegna ætli hann hafi greitt atkv. með rökst. dagskránni, nema af því að hann var á móti frv.? Hv. þm. A.-Húnv. getur því tekið það fram eins oft og hann vill, að þetta hafi ekki verið rétt. Það er alveg sama, hve oft hann endurtekur það, að það sé hvítt, sem er svart, — svart verður alltaf jafnsvart fyrir því.

Það voru þessi orð, sem mig langaði til að koma hér að við þessa umr., af því að ég er flm. þessa máls, og þó öllu fremur af hinu, sem ég hef lýst, að sóma þeirrar stéttar, sem ég er í og á hverjum tíma ber skjöld fyrir, er svo misboðið með till. hv. þm. A.-Húnv. og 1. landsk., að við því hefði enginn maður með sönnum og réttum hugsunarhætti sveitamannsins þagað.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 1. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umr. um þetta mál, af því að mér virðist í rauninni deiluefnið ekki vera mjög mikils varðandi. Aðaldeiluefnið virðist nú vera orðið það, hvort búnaðarmálasjóður eigi að renna til heildarsamtaka bænda eða til undirdeildanna, til búnaðarsambandanna. Hins vegar eru allir sammála um það aðalatriði, að búnaðarmálasjóð eigi að nota einvörðungu til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, eins og sjálfsagt er og aldrei hefur verið dregið í efa af neinum. Hitt eru skiptar skoðanir um, hvernig eigi að verja þessum sjóði, það litur hver sínum augum á það, og ég álít það í rauninni ekki hafa mikla þýðingu að halda langar ræður um það hér á Alþ., því að það er hvort sem er ekki hlutverk Alþ. að kveða á um það. Ég vildi aðeins benda á það, að jafnvel þó að búnaðarsamböndin ættu að ráðstafa fé því, sem í búnaðarmálasjóð kemur, þá er það sjáanlegt, að það er ekki útilokað, að honum væri varið á líkan hátt og gert hefur verið ráð fyrir fram að þessu, eins og búnaðarþing vildi gera síðast. Það þyrfti ekki nema lítils háttar breytingu á orðalagi frv. eins og það liggur fyrir. Í frv. segir, að verja skuli fé þessu til jarðræktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma. Ekki þyrfti hér annað en fella burt orðin „á sambandssvæðinu" til þess að fá framgengt vilja meiri hl. landbn.

Annars er það ekki af þessu, sem ég kvaddi mér hljóðs, heldur út af nokkrum staðhæfingum, sem færðar hafa verið fram hér um þetta mál. Hv. þm. Borgf. staðhæfði hér í gær, að það, sem gert hefði verið, væri að fyrirskipa skattheimtumönnum ríkisins að innheimta skatt. En hér er meira gert. Hér er það gert að skyldu að greiða þennan skatt. Ég álít, að erfiðara hefði reynzt að innheimta skattinn, ef ekki hefði lagafyrirmæli komið til. Hið veigamesta var því lögleiðing þess, að menn skyldu greiða þennan skatt. En einmitt það, að menn eru skyldaðir til þess að greiða hann með góðu eða illu, gerir það, að úthlutun fjárins skuli háð samþykki landbrh. Þetta er mikill þyrnir í augum hv. þm. Borgf. o. fl., og sögðu þeir, að hér væri um að ræða móðgun í garð bænda og þetta væri einsdæmi í l. og engin hliðstæða væri til. En þetta er alger misskilningur. Finna má mörg hliðstæð dæmi í l. Ber þar fyrst að nefna fiskimálasjóð. Til hans er stofnað eins og búnaðarmálasjóðs. Fjár er aflað til hans með ½—¾% af verði útflutts fisks. Hér mætti þá halda því fram, að fulltrúar sjávarútvegsins skyldu gera kröfu til þess, að sjómenn einir ráðstöfuðu þessu fé. En ég hef aldrei heyrt neinar kröfur í þá átt. Ekki einu sinni fiskiþingið hefur þar tillögurétt. Ráðuneytið veitir fé úr sjóðnum. Ég get satt að segja ekki séð neinn mun á. Það ætti þá engu síður að vera móðgun við sjómenn, að rn. úthlutar úr fiskimálasjóði, en við bændur, að það samþykki úthlutun úr búnaðarmálasjóði. Vitanlega er þetta ákvæði ekki sett til þess að rýra rétt landbúnaðarins, heldur til þess að tryggja hann enn betur. En satt bezt að segja, þá eru engar líkur til þess, að rn. fari að taka fram fyrir hendurnar á búnaðarþingi um þetta, nema um því meiri misnotkun á fé sjóðsins væri að ræða. Ákvæðið er einungis sett til þess að tryggja sjóðinn enn betur. — Þá mætti og minna á fleiri stofnanir en búnaðarþing, sem verða að fá samþykki rn. til þess að úthluta fé. Sýslunefndir mega ekki einu sinni samþ. lántökuheimildir án þess að fá samþykki rn. Ekki má einu sinni setja fjallskilareglugerð án þess að rn. samþykki hana, og finnst manni það þó óneitanlega einkamál hvers héraðs. Og svona mætti lengi telja. Annars eru svona ákvæði kannske heldur þýðingarlítil, en mjög algeng í l. En þau eru langt frá því að vera nokkur móðgun, heldur eru þau einmitt sett til þess að tryggja, að viðkomandi fé sé ekki misnotað. Ég skal hins vegar fúslega játa, að ég legg enga höfuðáherzlu á þetta. Og ég býst alls ekki við, að búnaðarþing samþ. nokkur þau ákvæði um úthlutun, sem rn. teldi gerræði. Ég hefði með glöðu geði getað samþ. frv. án þessa ákvæðis um samþ. landbrh. En ég vildi láta þetta koma fram, því að mér hefur fundizt þetta gert að of miklu æsingamáli.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 4. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þessar umr. eru nú þegar búnar að standa nokkuð lengi og hefur verið frestað a. m. k. tvisvar sinnum. Ég held, að það hafi verið næstsíðast þegar málið var til meðferðar, að hv. 2. þm. N.-M. flutti hér ræðu, og m. a. kom það fram hjá honum, að hann taldi, að þetta frv., ef samþ. yrði, mundi verða mjög örðugt í framkvæmd, það mundi verða örðugt að skipta fé búnaðarmálasjóðs niður á þann hátt, sem fyrir er mælt í frv. Hv. þm. Borgf., sem einnig talaði að því sinni, kom nokkuð inn á þetta líka. Ég held, að þarna gæti nokkurs misskilnings, því að ég get ekki séð, að þetta yrði neitt erfitt í framkvæmd. Ég er alveg sammála þessum hv. þm. og öðrum, sem hér hafa talað, um það, að frv. þetta sé svo stórgallað og fráleitt á margan hátt, að það sé ekki rétt að samþ. það, og tel, að það sé til vansa fyrir þingið að afgr. þetta þannig, fyrst og fremst vegna þess, að í þessu frv. felst óverðskulduð árás á bændastétt landsins. En hitt fæ ég ekki séð, að það sé nein ástæða til þess að finna það að frv., að það mundi verða sérstaklega örðugt í framkvæmd. Mér sýnist við athugun frv. og laganna sjálfra, sem það er stílað við, alveg ljóst, hvað vakir fyrir þeim mönnum, sem hafa beitt sér fyrir að koma málinu í þetta horf, og framkvæmdin ætti ekki að verða sérstökum erfiðleikum bundin. Samkv. l. um stofnun búnaðarmálasjóðs, sem sett voru á þinginu í fyrra, 3. gr. þeirra, á það gjald, sem hér um ræðir og innheimt er, að greiðast af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunni móttöku, og þessum verzlunum og

sölumiðstöðvum er skylt samkv. sömu gr. að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra, tollstjóra í Reykjavík, skýrslu yfir það verð, sem þessar stofnanir greiða fyrir vöruna, og síðan eiga svo lögreglustjórarnir, í Reykjavík tollstjóri, að innheimta gjald þetta hjá viðkomandi stofnunum. En samkv. frv., eins og það nú er orðið eftir 2. umr. í þessari d., þá segir svo í 3. málsgr. 1. gr.: „Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum.“ Af þessu sýnist mér það alveg greinilegt, að verði þetta frv. samþ., þá fái hvert búnaðarsamband í sinn hlut það af tekjum sjóðsins, sem rennur í hann af viðkomandi sambandssvæði. Í framkvæmdinni verður þetta þannig, að búnaðarsamböndin, sem eru svo heppin að hafa stór sölufélög og landbúnaðarvöruverzlanir á sínu svæði, þau fá mest fé úr sjóðnum. Það er ekki hægt og þýðir ekki að vera með bollaleggingar um það eða tölur í því sambandi, hvað hvert samband mundi fá. En mér sýnist enginn vafi á því, að Búnaðarsamband Kjalarnesþings hljóti að fá meira af fé sjóðsins en nokkurt annað búnaðarsamband á landinu. Á þessu svæði, hér í Reykjavík, er meira verzlað með landbúnaðarvörur en á nokkrum einum stað öðrum hér á landi. Hér er t. d. stórt samvinnufélag, sem heitir Sláturfélag Suðurlands, sem er félagsskapur bænda á stóru svæði og ekki eingöngu hér í Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur eru einnig í því bændur úr Borgarfjarðarsýslu, Árnes- og Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Það er geysistórt félagssvæði Sláturfélagsins, og það tekur því á móti mjög miklu af landbúnaðarvörum til sölumeðferðar, og þess vegna mundi koma þaðan verulegur skildingur í sjóðinn. En það eru fleiri svona sölufélög og sölumiðstöðvar hér í Reykjavík, sem hafa mikið vörumagn. Það er t. d. Mjólkursamsalan. Auk þess sem hún tekur á móti mjólk frá mjólkurbúum, tekur hún einnig mjólk beint frá framleiðendum, ekki einasta hér á sambandssvæði Búnaðarsambands Kjalarnesþings, heldur einnig úr Borgarfjarðarsýslu á stóru svæði. Og fleiri slíkar stofnanir eru hér. T. d. Sölufélag garðyrkjumanna, sem tekur til sölu vörur úr ýmsum héruðum. Hér er skinnasala Loðdýraræktarfélagsins, og samkv. l. um stofnun búnaðarmálasjóðs má einnig taka gjald til sjóðsins af grávöru, sem þessi stofnun verzlar með, en hún fær sínar vörur til sölu frá framleiðendum um land allt. Hér eru fleiri kaupmannaverzlanir en nokkurs staðar annars staðar á landinu, og fjöldinn af þessum verzlunum verzlar með landbúnaðarvörur og kaupir talsvert af framleiðendum víða að af landinu. Það er nú svo, að gjaldið til búnaðarmálasjóðs af öllum þessum vörum, sem þessi sölufélög verzla með, samkvæmt þessu frv. eins og það nú er fer allt til Búnaðarsambands Kjalarnesþings, og ég tel því alveg vafalaust, að það verði langmest, sem kemur í þess hlut. En þá hef ég verið að velta því fyrir mér, af hverju það stafi, að slík till. er fram borin og samþ. hér í hv. d., till. um það að taka þetta fé að öllu leyti undan yfirráðum búnaðarþings og veita miklum hluta þess til eins ákveðins búnaðarsambands í landinu. Ég held, að það sé ljóst við nánari athugun málsins, hvaðan alda sú er runnin. Þessi till., sem samþ. var við 2. umr., var fram borin af minni hl. landbn., og í þeim minni hl. eru hv. þm. A.-Húnv., frsm., og hv. 1. landsk. þm. Það var einmitt það, — þarna kom það. Það er nefnilega stefna hans og hans flokks, sem hér er verið að vinna fyrir. Við höfum oft lesið í blöðum þess flokks langar greinar um það, að það þyrfti að gera ýmsar róttækar breyt. á landbúnaði hér á landi, og sérstaklega væri sjálfsagt að efla landbúnað sem mest í nágrenni við hina stærstu kaupstaði, einkum Reykjavík, og hætta því „sporti“, sem það er kallað, að fást við búskap á útkjálkum. En í þeirra augum eru mörg af héruðum landsins einmitt útkjálkar. Kröftuglegast hefur þessum skrifum verið á lofti haldið af einum helzta rithöfundi sósíalista í blaði flokksins. Nú sé ég ekki betur en hv. 1. landsk. þm. hafi tekizt að fá þessa stefnu flokksins greinilega inn í þetta frv. og koma því til 3. umr. í þessari hv. d. þannig breyttu. Með þessu vinna sósíalistar tvennt í einu. Í fyrsta lagi taka þeir fjárráðin með öllu úr höndum búnaðarþings, og er þeim akkur í því, að stéttarsamband bænda hafi ekki fjárvald. Í öðru lagi geta þeir svo með þessu þokað áfram stefnu sinni í því að rýra fjárhag bænda, sem búa fjarri Reykjavík, og beint fjármagninu hingað til Reykjavíkur eða í næsta nágrenni höfuðstaðarins. Þeim þykir gott að fá á þann hátt styrk frá bændum í Borgarfjarðar-, Árnes- og Rangárvallasýslum og víðar til ræktunarframkvæmda á löndum Reykjavíkurbæjar eða í Mosfellssveit og á Kjalarnesi, sem e. t. v. væri þá mögulegt síðar að leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eins og nýlega hefur verið gert með hluta af Mosfellssveit. Þetta er allt ofur skiljanlegt frá þeirra sjónarmiði, og vel að unnið hjá hv. 1. landsk. Hann hefur komið ár sinni vel fyrir borð hér. En hvernig stendur á því, að hann skuli ekki vera frsm. minni hl.? Þar kemur e. t. v. fleira en eitt til greina. T. d. er hv. 1. landsk. miklu hlédrægari maður í umr. hér en hv. þm. A.-Húnv., og hefur honum líka fundizt heppilegra að ýmsu leyti að beita hv. þm. A.-Húnv. fyrir sig í málinu. Nú er það líka alkunna, að í seinni tíð hefur verið allnáið samstarf milli þm. sósíalista og hv. þm. A.-Húnv. Hér hefur því orðið að samningum milli þeirra. Sósíalistum þykir líka nokkurs um vert að fá þm. úr fjarlægu héraði til þess að beita sér fyrir því stefnumáli að flytja fjármagnið hingað til Reykjavíkur. En svo hafa þeir líka orðið fyrir því happi að fá einn nýjan og óvæntan liðsmann utan landbn. með sér, þar sem er hv. 2. þm. Rang. Það er vitanlega mjög skemmtilegt fyrir sósíalista að fá þennan hv. þm. til liðs við sig, nota hann sem dráttarhest fyrir sinn vagn og láta hann strita fyrir sig í því að flytja fé bænda í Rangárvallasýslu og víðar hingað til Reykjavíkur til ráðstöfunar fyrir Búnaðarsamband Kjalarnesþings.

Ég get svo látið máli mínu lokið. Ég ætlaði ekki að taka hér til máls upphaflega, en flaug í hug, að hv. þm. hefðu ekki gert sér grein fyrir

því, að hverju hér væri raunverulega stefnt og hverjir hér ættu mestan hlut að máli.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég hefði óskað þess, að hæstv. landbrh. væri hér viðstaddur, þar eð mig langaði til þess að gera nokkrar aths. við síðustu ræðu hans, ef hæstv. forseti gæti stillt svo til. (*Forseti:* Hæstv. landbrh. er ekki staddur í húsinu). Ég hafði leyft mér, þegar málið var til umr. hér á liðnu ári, að bera fram rökst. dagskrá um það, að hæstv. ríkisstj. hlutaðist til um það, að búnaðarsamböndin fengju málið til athugunar á ný, svo að þau gætu athugað það, þegar aðalfundir þeirra kæmu saman á komanda vori. En þetta komst nú ekki fram, og getur tilviljun hafa ráðið þar, en till. mín var felld og verður að sitja við það. En nú er fram komin önnur till. um að vísa málinu til hæstv. ríkisstj., en hún er þó vart eins ákveðin að efni og mín till. En hún er nú fram komin og liggur fyrir, og verða hv. þm. að sætta sig við það að greiða atkv. aftur og kemur það þá upp, hvort þeir hv. þm., sem bera svo mikið traust til hæstv. ríkisstj., að ekki má orðinu halla á hana, treysta eða vantreysta henni svo, að þeir þori að láta málið í hendur hennar. (*JPálm:* Væri ekki réttast að vísa fjárl. til ríkisstj.?) Já, það er mjög líklegt, að hv. þm. rugli nú öllu saman, fjárlögum og öðru, en hann er nú á nokkuð lausum kjala, bæði utan þings og innan. En við eigum nú í vændum að sjá, hverjir bera traust til hæstv. ríkisstj. að nýju.

Hér er ekkert persónulegt mál, sem um er að ræða, og á ekkert við hæstv. ráðh. Það er því út í hött að segja, að menn treysti honum ekki. Við teljum hann heiðursmann. En það er bara sá pólitíski ráðh., sem hér er á hverjum tíma, sem ekki á að hafa þetta vald, heldur þeir aðilar, sem kemur þetta við. Aðalatriðið er það, að menn treysta yfirleitt ekki hinum pólitíska ráðh., hver sem hann er.

Annars gaf hæstv. landbrh. mjög mikilsverðar upplýsingar hér í þessum umr., eftir því sem Morgunblaðið hermir, en það er orðrétt úr blaðinu svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðh. kvaðst mundu hafa samþ. l. um búnaðarmálasjóð með glöðu geði, þótt þau hefðu verið afgr. án ákvæðisins um samþykki landbrh." En hér hefur verið hamrað á því, einkum af hv. þm. A.-Húnv., að hann væri björgunarmaður málsins og það væri komið hér inn fyrir atbeina hæstv. ríkisstjórnar. En hér höfum við ummæli þessa ráðh., sem málið kemur við, og gerir hann hér með ummæli hv. þm. A.-Húnv. marklaus með öllu. Með þessu eru fengnar upplýsingar um það, að hann hefði getað samþ. frv., þó að þetta ákvæði hefði ekki verið sett. Hér hljóta því einhverjir aðrir að hafa komið til. Skyldu það bara ekki vera björgunarmenn málsins? Þetta hlýtur að koma úr einni átt: frá kommúnistum. Og það ber allt að sama brunni. Hv. 1. landsk. leggur á þetta mikla áherzlu, og hann hefur fengið hv. þm. A.-Húnv. til þess að vinna fyrir sig þetta verk, en hann reynir svo að bera fyrir sig ríkisstj. Frv. hefði verið samþ., ef ekki hefðu önnur öfl á knúið. En ætla mætti, að hv. þm. væru nú farnir að átta sig á þessu. Ég vil vona, að þessar aths. mínar séu á fullum rökum reistar, þar eð þær styðjast við ummæli hæstv. ráðh., og ég tel, að betur ætti nú að ára, úr því að hv. þm. hafa áttað sig á málinu.

Ég vildi svo gera hérna nokkrar aths., sem að vísu er leiðara að gera í fjarveru hæstv. ráðh. Það var þá fyrst, er hann vitnaði til þess í lögum og reglugerðum, að svona yrði ekki gert nema með samþykki ráðh., og tók hann fiskimálasjóð sem dæmi. En sá samanburður missir alveg marks, því að um hann gilda sérstök ákvæði, sem ekki eru sett af fiskimönnum sjálfum, heldur að ofan, frá ríkisstj., og hafa fiskimenn ekkert með þau að gera. Í 13. gr. l. um fiskimálasjóðinn segir, að taka megi vissan hundraðshluta af útfluttum fiskafurðum í sjóðinn, og 14. gr. mælir fyrir, hvernig því skuli varið. Hér er því mjög ólíku saman að jafna, og hefur þetta aldrei verið á valdi annars en ríkisstj. sjálfrar. Það mætti auðvitað telja það sameiginlegt við þessa tvo sjóði, að gjald er ákveðið í þá báða.

Þá vitnaði hæstv. ráðh. til þess, að svona fyrirmæli væru ekki ný í héruðunum. T. d. mættu sýslunefndir ekki einu sinni ákveða lántökuheimildir, þótt allir væru því samþykkir, nema með samþykki ráðuneytisins. Og ekki mætti einu sinni setja fjallskilareglugerð án samþykkis viðkomandi rn., þótt manni fyndist það óneitanlega einkamál hvers héraðs. Þetta er gersamlega út í hött að öðru leytinu, en að hinu leytinu hefur það enga stoð í lögum. Sýslunefndir taka árlega lán án samþykkis ríkisstj. Þær taka kannske 200 þús. kr. lán án þess að spyrja leyfis. Það er hugsanlegt, að það hafi villt hæstv. ráðh., að ákvæði eru í l. um það, að bæjarstjórnir megi það ekki, en þær eru alveg hliðstæðar og hreppsnefndir, sem ekki mega taka lán nema með samþykki sýslunefndar. En bæjarstjórnir eru raunverulega það sama og hreppsnefndir. Ég segi því, að það sé hugsanlegt, að þetta hafi villt hæstv. ráðh. — Í þriðja lagi vitnaði hæstv. ráðh. í, að sýslunefndir mættu ekki samþykkja fjallskilareglugerðir nema með leyfi rn. En þetta er lagaatriði. Þetta er kvöð, og þarf því lagaboð henni til framkvæmda, og er þá samþykki ríkisstj. nauðsynlegt. Sýslunefnd getur hins vegar sett reglugerð án þess að leita nokkurrar staðfestingar, en ef hún felur í sér skuldbindingar, þarf að binda það með lögum. Þess vegna er það líka í sambandi við það sem einkamál hvers héraðs. Það hefur aldrei verið ákveðið í lögum, að það, sem ákveðið er í héraði sem einkamál hvers héraðs, skuldbindi borgarana eins og landslög væru. Til þess að slíkt fái lagagildi, verður að vera fyrst og fremst lagastafur fyrir því að setja slíkar reglur, og svo verður að lögfesta þær á eftir. Hv. þm. verða að fá að vita það rétta í þessu efni, svo að þeir geti ekki borið fyrir sig neitt, sem sagt er og ekki er á rökum reist.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 5. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Árn. um að vísa málinu til rík-

isstjórnarinnar felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, BG.

nei: GÞ, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SK, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ.

SB greiddi ekki atkv.

3 þm. (GTh, SEH, StJSt) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SG.

nei: SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, BG.

SB greiddi ekki atkv.

2 þm. (SEH, StJSt) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Ingólfur Jónsson: Ég segi já, en vil taka það fram, að skýringar hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Mýr. um skiptingu fjárins eru vísvitandi blekkingar.

Bjarni Ásgeirsson: Jafnvel þótt búnaðarsamband það, sem ég er meðlimur í, hafi hagnað af skiptingu þessa fjár samkv. frv. þessu og þess vegna væri heillandi fyrir mig að greiða atkv. með því, segi ég nei, þar sem ég tel frv. í heild ranglátt, heimskulegt og óheilbrigt.

Jörundur Brynjólfsson: Það er að bæta gráu ofan á svart að brigzla mönnum um vísvitandi blekkingar. Hér er engum vafa bundið, hvernig skipting fjárins verður, og því segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Frv. þetta er óhæfa eins og það er hugsað, og þar sem ómögulegt er að framkvæma það, að gjöldin renni einungis til þeirra búnaðarsambanda, sem þau koma úr, segi ég nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frá frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fara að ræða þetta frv. Ég vildi aðeins benda hæstv. forseta á, að þetta mál er töluvert deilumál, og þótt enginn hafi kvatt sér hljóðs, þá eru ýmsir, sem mundu hafa viljað taka til máls, sem eru ekki á fundinum. Vildi ég mælast til, að málinu yrði frestað.

Forseti (StgrA): Ég sé ekki ástæðu til að fresta málinu, þar sem öllum þm. var kunnugt um, að þetta mál var á dagskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 441, n. 615 og 645).

Frsm. 1. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Fyrir hönd þess hluta landbn., sem ég hef framsögu fyrir, skal ég vera fáorður. Þetta mál hefur verið mjög rætt hér á Alþ. og annars staðar og með meiri ákafa en efni standa til. Hins vegar er ekkert hik um afstöðu mína til þess. Ég tel réttmætt, að fé búnaðarmálasjóðs renni til sambandanna til ráðstafana. Ég vil geta þess, að þegar búnaðarmálasjóður var stofnaður, þá var ég því mótfallinn að vera að þessu. Ég vildi láta bændur hafa óskipt umráð sem mynduga menn. Og því nær, sem ég sé, að heildarákvörðunarrétturinn er þeirra eiginn, því betur tel ég farið. Ég tel þetta frv., um að færa ráðstöfunarréttinn til bændanna eða nær þeim og þeirra verkahring, því spor í rétta átt. Og í trausti þess, vitandi að þeir verja þessu fé vel sem öðru, þá tel ég, að öllu sé óhætt með þessa ráðstöfun. Það væri að vísu einnig æskilegt að hafa fé til ráðstafana, beint eða óbeint í þágu bændastéttarinnar, t. d. ef fé fengist til byggingar á húsnæði hér í Reykjavík, en ég tel ekki rétt að verja þessu fé til þeirra ráðstafana, heldur senda féð heim í héruðin til bændanna til þeirra eigin ráðstafana.

Það getur vel verið, að menn vilji vekja langar umr. um þetta, en ég vil ekkert gera til að lengja þetta, og legg því til, að frv. verði samþ.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Við, sem höfum undirritað nál. frá 2. minni hl. landbn., 1. þm. N.-M. og ég, höfum leyft okkur að koma fram með rökst. dagskrá um, að deildin vísi þessu frv. frá sér og stjórnin láti athuga það nánar í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Fyrst og fremst er sú ástæða fyrir því, að við gerum þetta, að hér á þessu þingi munar litlu um það fylgi, sem er með eða móti þessari lagabreytingu. Og nú fara kosningar í hönd, og því rétt að bíða og sjá, hvernig alþingiskosningar fara, því að það gæti orðið fyrsta verk næsta Alþ. að breyta því, sem hér er verið að gera, ef andstæðingar frv. ná meiri hl. Ég geri ráð fyrir því, að bændur muni una því illa að vera svo sviptir umráðarétti yfir sjóðnum sem hér stendur til, og því komi fram kröfur um að afnema þetta eða hvert búnaðarsamband hafi óbundnar hendur um það, hvort það innheimtir þennan skatt eða ekki, og því réttast að veita búnaðarsamböndunum aðeins heimild til þess að innheimta gjaldið og leggja það á hverju í sínu umdæmi eftir nánari fyrirmælum. Ég býst nú við, að mörg búnaðarsambönd kæri sig ekki um að fá þetta fé úr höndum ríkissjóðs. Ég geri ráð fyrir, að réttast sé, að lögin verði látin standa óbreytt eða að gerðar verði á þeim miklar breytingar.

Hv. 2. þm. Árn. kvað svo á, að ekki skyldi hér teygja lopann, en ég er ekki vanur því að vera margorður. Ég tel, að ekki hafi verið gerð öllu meiri árás á bændastéttina en með þessum breyt., er Nd. samþykkti. Þeir eru ekki aðeins sviptir forráðarétti sínum, heldur er gengið svo langt, að stofnun bænda, Búnaðarfélagi Ís-

lands, er ekki trúað fyrir að vera reikningshaldari þessa fjár, en Búnaðarbankanum falið það. Án þess að ég sé sérstaklega fylgjandi stjórn Búnaðarfélagsins, þá held ég, að henni væri trúandi fyrir þessu fé. Og nú mega búnaðarsamböndin kasta þessu fé út í hvippinn og hvappinn, þar þarf engan umsjónarmann, þótt búnaðarþing þyrfti þess, En það þurfti bara að kippa þessu úr höndum Búnaðarfélagsins. Hér er illa farið að bændastéttinni og furða, að slíkt skuli renna undan rifjum fyrrv. bónda. Ég get tekið það upp, sem ég hef áður sagt, að þeir, sem stóðu að þessari sjóðsstofnun, voru í þeirri trú, að hér væri verið að vinna fyrir bændastétt landsins og í hennar þágu, en áttu sér einskis ills von, að vélar væru að baki, og sjóður þessi yrði í höndum búnaðarþings og Búnaðarfélags Íslands. Og þótt þetta væri lamað með því, að tilsjónarmaður var settur, þ. e. landbrh., þá hefur þó allt verið kyrrara síðan. En nú er laumazt aftan að bændum og þeir og þeirra stofnun svipt yfirráðum þessum. Ég skal ábyrgjast, að ef bændur hefðu vitað, að þannig yrði að farið, þá hefðu þeir aldrei leitað á náðir Alþingis um sjóðstofnun þessa. Ég hef minnzt á það hér, að nú reynir á, hver er hugur bænda um þennan sjóð, sem hér er deilt um, því að nú kemur til þeirra kasta að velja sér búnaðarþingsmenn, og geta þeir því valið fulltrúa sína eftir því, hvaða hug þeir bera til þessa máls, og eftir það er ekki hægt að segja, að ekki sé farið eftir vilja bænda um úthlutunina, því að það er hægt að setja þessum fulltrúum reglur, sem þeir eiga að fara eftir.

Ég tel þetta mikið mál fyrir heiður og sæmd bændastéttarinnar, og það verður áreiðanlega tekið tillit til þess við búnaðarþingskosningarnar, hver hugur manna er til þessa. Og ég er alveg undrandi yfir þeim mönnum, sem eru aldir upp í sveit og þykjast ekki vera angabrotnir eða rótarslitnir, að þeir skuli geta fylgt þessu frv., þar sem óhætt er að segja, að verið er að reyna að lama hið eina athvarf og málsvara bænda, sem er Búnaðarfélagið, og sýna þeim slíka óvirðingu, að þeir eru ekki aðeins sviptir umráðarétti sínum, heldur eru þeir einnig sviptir reikningshaldi þessa fjár.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en vona, að það séu það margir vinir og velunnarar hinnar fornu bændastéttar hér, að þeir láti ekki pólitíska lóuþræla villa sér sýn, er þeir fara að eins og Flatmýringurinn sællar minningar, sem stóð á því og tróð það niður í dýið, sem hann vildi draga upp úr því. En sá var munurinn, að hann var í góðri trú, að hann væri að bjarga, hver sem trú þeirra manna var, er breyttu frv. í Nd., en létu svo sem þeir væru að draga það upp úr.

Gísli Jónsson: Það er táknrænt fyrir þetta frv., að hvorugur þeirra hv. þm. úr landbn., sem hafa lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt, þolir að vera inni, á meðan málið er rætt. Það er eins og eitthvað brenni undir sitjanda þeirra, — eða eru þeir bundnir svo sterkum pólitískum aga, að þeir þora ekki að hlusta á rök í málinu?

Ég vil benda á það, hvort hv. 7. landsk. hefur ekki átt sæti í Nd., þegar þetta mál var þar til afgreiðslu, og ef svo er, hvort hann hefur þá rétt til að greiða atkv. hér. Annars reikar þessi hv. þm. hér um eins og fló á skinni, og enginn veit, undir hvaða merki, en þetta skal verða rannsakað.

Ég vil benda á það, að þegar þetta mál kom fyrst fram, þá var það borið fram af mér og hv. þm. Str., og átti að vera sárabætur fyrir þá rangsleitni, sem bændum var sýnd með orlofslögunum. Þeir fengu þessi fríðindi, að mega leggja þennan skatt á sjálfa sig, en síðan var þessu breytt eftir ósk bænda, svo að þeir mættu verja þessu fé til ferðalaga, menningarmála eða annars þess, sem þeim kæmi betur. Ég greiddi atkv. á móti því, að þetta yrði að heyra undir ráðh., en þó voru nokkur rök fyrir því, því að með þessu er sú skylda lögð á herðar ráðh. að innkalla þetta fé. En hér er um að ræða að leggja skatt á bændur, og því ætti ríkið ekkert að skipta sér af þessu, en lofa bændum að leggja á sig þessi útsvör til framkvæmda, sem Alþingi hefur viðurkennt, að því beri að styrkja, með jarðræktarlögunum. Það má nærri geta, hvort Búnaðarbankinn fari að reikna út, hvað hver bóndi á að fá. Þetta verður að vera í höndum Búnaðarfélagsins, en ekki Búnaðarbankans.

Hér stendur í frv.: „Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum.“ Hvernig hugsa menn sér, að Búnaðarbankinn geti gert þetta? Ég er alveg undrandi yfir, að menn skyldu geta látið þetta þannig frá sér fara. Með þessu er verið að lögfesta útsvar á bændur í 10 ár. Ég fylgi ekki þessu frv. og tel það vansæmd fyrir Ed. að ganga frá þeirri hugmynd, sem var á bak við, er þessi sjóður var stofnaður. Það er að reka hnífinn í bak okkar, sem stóðum að þessu og bárum það fram til sigurs. Ég skal játa það, að hv. 2. þm. Árn. hefur alltaf verið fjandmaður þessa máls, ýmist sýnt því linju eða slepju, en langoftast fullan fjandskap. Ég mun svo ekki halda uppi þrefi um þetta, en mun greiða atkv. á móti frv., en get fylgt hinni rökstuddu dagskrá.

Umr. frestað.

Á 98. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 1. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Að því er snertir andmæli þau, er fram komu við þau orð, sem ég lét falla í fyrri hluta þessara umr., þá er þeim raunar engu að svara. Þau voru öll sungin í sömu tóntegund og efni lágu fyrir um. Ég get að sönnu endurtekið það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að mér þykir orðræður manna allar í þessu máli á Alþ. meiri en svo, að mér þyki þær svaraverðar. Þær voru öllu harðari en ástæða var til. Rétt er hjá hv. þm. Barð., að ég hafi sýnt þessu máli fjandskap að því leyti, að ég lét í ljós, að ég teldi, að eigi ætti að klípa utan af afurðasöluverði bænda til þessarar sjóðsstofnunar, og þeir gætu sjálfir ráðið ráðum sínum í þeim efnum, og hef ég aldrei verið hrifinn af þessu máli. Það óskemmtilega er líka komið á daginn, að af því hafa hlotizt miklar

kappræður á þ.; þex og leiðindi hafa og vaknað, og yfirleitt hefur þetta orðið Alþ. til lítillar sæmdar.

Reyndar er dálítið látið í té, þ. e. ½% gjald af söluafurðum landbúnaðarins, en það svarar varla þenslu málsins í þingsölunum. Hv. þm. Barð. er nú vikinn burt, sé ég er, en það gerir ekkert. Eru það líka engin lastmæli, þótt sagt sé, að meiri hluti landbn., sem vill ljá málinu *fylgi hér í hv. Ed., hefði átt að búa betur um* hnútana. Málinu er nefnilega ábótavant í mörgu. Ég hef ekki hirt um að láta til mín taka þá hlið málsins, er hér um ræðir, því að ég á þar eigi hlut að. En það verð ég að segja, að ég tel málið nær sínu takmarki, að bændur sjálfir hafi úthlutun fjárins með höndum, fremur en svo sé um búið sem ætlazt er til með l., eins og þau eru nú úr garði ger. Ég vil ekki gera lítið úr, að ýmsum framkvæmdum í þágu bænda hér, svo sem varðandi húsaskjól o. fl., er mjög ábótavant. Menn hljóta að sjá, að þessi leið er algerlega ófullnægjandi og nauðsyn sé til, að fé verði fundið til þessa á einhvern annan hátt. Ég held fram, að féð eigi að fást annars staðar að. Það mun fyrr eða síðar sjást, að hinar miklu og víðtæku þarfir landbúnaðarins og bændastéttarinnar gefa okkur miklu stærri verkefni um, hvernig úr skuli bæta, en svo, að æskilegt sé að auka þex og orðræður.

Hv. þm. Dal. var eitthvað að segja um vandkvæði á úthlutun fjárins. E. t. v. er það rétt. En það er ekki þar fyrir, að hann o. fl. eiga það til að grauta saman úr sömu skál. (*ÞÞ:* En ekki vanur að lepja úr henni.)

Páll Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. Dal., sem er frsm. fyrir 2. minni hl. landbn., sem stendur fyrir nál. á þskj. 645, hefur gert fullkomna grein fyrir skoðunum okkar á málinu. Því er e. t. v. „faktiskt" talað óþarft fyrir mig að kveðja mér hljóðs. Mér þykir þó rétt að geta örfárra atriða varðandi þetta frv.

Ég ætla þá fyrst að benda á það, að leitað hafði verið, er l. um búnaðarmálasjóð voru fyrst sett, álits bændanna sjálfra, bæði óbeinlínis að sumu leyti og líka beinlínis, þ. e. leitað til ýmissa einstakra bænda, og varð að mestu leyti samkomulag hjá bændum, að l. yrðu sett samt, eins og frv. lá fyrir, enda var það gert.

Það frv., er hér liggur fyrir, er allt öðruvísi en l. voru í upphafi og eru nú. Ég þarf ekki að útskýra þetta mjög. Eftir núgildandi l. ráðstafa fulltrúar bænda fénu, en eftir frv. hér er það Alþ., sem því ráðstafar. Þar eð vitað er, að bændur óskuðu eftir eða felldu sig við, að l. *um sjóðinn yrðu sett í öndverðu, en hins vegar*, að nú hafa margir bændur eða samtök þeirra mótmælt l., eins og á að setja þau eftir frv. hér, þá finnst mér, að mátt hefði bíða til næsta Alþ. að setja þessi lög.

Í sumar verða tvennar kosningar, nefnilega til Alþingis og líka búnaðarþings. Ætti þá að vera hægt um vik fyrir bændur að velja menn á búnaðarþ. með hliðsjón af þessu deilumáli. Sú nýja ráðstöfun, er í frv. felst, getur fyrst haft áhrif 1947, því að búið er að ráðstafa fénu fyrir þetta ár. Mér fyndist því liðlegra, enda meiri nærgætni, ef breyta á l. á annað borð, og vegna risinna deilna hér á þingi, að láta setningu l. bíða, þar til að hvorum tveggja kosningum liðnum. Ég fyrir mitt leyti get látið þess getið, að mér hefði fundizt réttara, ef l. ætti að breyta í þá átt, er frv. gerir ráð fyrir, að þá yrðu sett almenn heimildarlög fyrir sambandssvæðin með reglum til að innheimta gjöld af hverju svæði. Þótt varla sé um deilt, að eðlilegt sé, að aðrar *skoðanir komi fram í málinu*, m. a. þessi, þá þykir mér eðlilegt, að samtök bænda gætu sýnt vilja sinn og látið í ljós álit sitt, áður en l. sé breytt.

Veður hefur verið gert út af þeirri ákvörðun síðasta búnaðarþings að leggja fram fé til hótelbyggingar handa bændum. En ég verð að segja það, að mér þykir till. búnaðarþings hafa verið affluttar mjög í umr. manna. Ég fæ eigi séð, að till. hafi á neinn hátt gefið tilefni til að fella þann úrskurð, að búnaðarþing bænda sjálfra sé þess ekki fullfært að hafa með höndum framvegis ráðstöfun á fé búnaðarmálasjóðs. Á fyrra þ. komst inn í frv. ákvæði þess efnis, að landbrh. þyrfti að leggja samþykki sitt á ráðstafanir búnaðarþings að því er úthlutunina úr sjóðnum snertir. Mörgum hefur þótt þetta óviðfelldið ákvæði, og hafa verið uppi háværar raddir um að mótmæla þessu athæfi. Mér þykir vorkunnarmál, að bændur vildu losna við ákvæðið. Ég sé ekki betur en frv. þetta sé að nokkru leyti eins konar hefndarráðstöfun vegna aðfinnslna, er fram hafa komið um þetta atriði laganna. Ég *tel víst, að hæstv. núv. fjmrh. mundi ekki* misbeita þessu valdi. En mér þykir þó ákvæðinu hafa verið þannig háttað, að eðlilegt megi teljast, að bændur vildu losna við það. Þessar umkvartanir hafa þó eigi verið svo harðar, að það réttlæti setningu l. Það virðist beinlínis viðurkennt í nál., að þetta sé hefndarráðstöfun.

Að minni hyggju gerir dagskrártillagan á þskj. 645 ljósa grein fyrir málinu og bendir á sjálfsagða leið. Ég mun því greiða henni atkv. og óska þess, að hv. þdm. geti fallizt á hana. Ég held, að þannig verði betur séð fyrir málinu vegna þeirrar andúðar, er gætir í garð þess hjá mörgum hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99., 101. og 102. fundi í Ed., 4., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Ed., 10. apríl, var enn frambaldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 645, frá 2. minni hl. landbn., felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ, BSt.

nei: BrB, EE, JJ, ÁS, LJóh, MJ, PM, BBen, StgrA.

HG greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jónas Jónsson: Ég býst við að gera nánari grein fyrir skoðun minni við 3. umr., en segi annars nei við dagskránni.

1. gr. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EE, JJ, ÁS, LJóh, MJ, PM, StgrA.

nei: BSt, GJ, GÍG, HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ.

HG greiddi ekki atkv.

2. gr. samþ. með 9:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:7 atkv.

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég var búinn við 2. umr. að tala um þetta mál og þarf því ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði þá. En af því mér datt í hug að flytja hér örlitla brtt. við frv., og þá um leið kanna enn betur hugi þeirra manna, sem hér eiga sæti í d., til Búnaðarfélags Íslands, þá vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að bera upp þessa brtt. Það er aðeins breyt. á einu orði, að í staðinn fyrir „Búnaðarbanki Íslands" komi: Búnaðarfélag Íslands. — Það hefur verið í l. áður, að Búnaðarfélag Íslands ætti að hafa allt reikningshald og fjárvarðveizlu fyrir búnaðarmálasjóð, og það sé ég enga ástæðu til að tekið sé af því félagi og sett í hendur Búnaðarbanka Íslands. Þetta virðist aðeins gert til þess að reyna að niðurlægja þessa stofnun, Búnaðarfélag Íslands, og mér finnst nóg að svipta búnaðarþing umráðum yfir sjóðnum, þó að Búnaðarfélaginu sé trúað fyrir því að ráðstafa þessum sjóði og hafa hann í sinni varðveizlu. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 791) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Við atkvgr. við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að ég mundi ræða þetta mál stuttlega við þessa umr., og er það út af sérstöku atviki og raunar utan við málið sjálft, en snertir þó suma menn í þessari hv. d. En áður en ég vík að því, sem er aðalatriðið, vil ég segja fáein orð um þetta mál, eins og það liggur fyrir, og vil þá sérstaklega, í sambandi við áhuga hv. þm. Barð. og hv. þm. Dal., segja það, að mér finnst þeir hafa sýnt óþarflega mikinn dugnað við sínar till., þar sem það er sýnilegt, að sá skoðanamunur, sem er um meðferð þessa fjár, er þess eðlis, að það mun í framkvæmdinni, þó að frv. verði samþ., nást það, sem vakir fyrir þessum hv. þm. Ég vil benda á, að skoðanamunurinn er aðeins sá, hvort þetta fé sjóðsins á að vera undir stjórn Búnaðarfélags Íslands í einu lagi eða hjá búnaðarfélögum héraðanna. Þess vegna er það, að þegar því er haldið fram, að það sé skaðlegt, að búnaðarfélög héraðanna hafi þetta með höndum, þarf að færa fyrir því nokkur rök, sem ekki hefur verið gert. Vil ég í þeim efnum sérstaklega skora á hv. þm. Dal., þar sem hann er einn af helztu mönnum í sínu búnaðarfélagi og hefur sýnt áhuga á því að bæta fjárhag félagsins. En það vekur nokkra furðu hjá mér með þessa tvo hv. þm., að þeir virðast ekki hafa veitt því eftirtekt, að ef búnaðarmálasjóði er skipt upp, þá er bændum í lófa lagið að greiða þetta fé þangað, sem þeir vilja hafa það. Ekkert bannar sumum einstaklingum að senda sjóðinn aftur til Búnaðarfélagsins, en ég býst ekki við, að það verði, því að bændur munu telja nóg brúk fyrir hann. Ég segi, að sú staðreynd er fullkomin sönnun þess, að sjóðurinn eigi að koma til félaganna. Ég vil friða þessa hv. þm. með því að benda þeim á, m. a. hv. þm. Dal., að láta Dalamenn sýna trúnað sinn í verkinu með því að senda peningana aftur. Það er ekki þar fyrir, að mér er líka að mörgu leyti vel við það að reisa gistiheimili fyrir bændur, en ég tel bara þörfina fyrir þessa peninga miklu meiri í sveitunum sjálfum.

Ég vil þá víkja sögulega að málinu. Ég hygg, að það hafi verið Alþfl. frekar en Sósfl., sem beitti sér fyrir orlofshreyfingunni. Þetta var umfangsmikil hreyfing til þess að auðvelda mönnum við sjávarsíðuna að fá sér upplyftingu gegnum orlofin. Er að þessu kom, þótti nokkrum þm. úr sveitakjördæmum, að sveitamenn ættu líka að fá rétting sinna mála. En þegar það gekk ekki, að sveitafólk fengi sérstök orlof, þá var till. fram borin um að veita ákveðna fjárhæð handa bændum til ferðalaga. Fróðum mönnum reiknaðist svo til, að 10 kr. kæmu á hvern bónda. En víst er um það, að ekki varð úr þessu fyrirtæki. Bændur sjálfir áttu ekki frumkvæðið að þessu, og þeir voru ekkert að hugsa um orlof. Orlofsl. voru orsökin til þessarar hreyfingar, sem síðan kom upp, að skattleggja bændur í þessu skyni. Svo var samþ. frv. um þetta á Alþ., en með þeirri klásúlu, að landbrh. skyldi samþ. allar gerðir sjóðs þess, sem stofnaður var í þessu skyni. Þetta var mjög nýstárlegt og setti sjóðinn í spaugilegt ljós. Meiri hl. Alþ. hafði ekki nægilega trú á Búnaðarfél. Íslands. Þetta var vantraust á Búnaðarfélagið. Ég álít, að þetta skipulag sé óheppilegt, fyrir báða aðila, ráðh. og bændur. Ef úr þessu yrði, þá væri afstaða ráðh. lík og afstaða Nellemanns til Íslands. Hann gat neitað því, sem hann vildi, og gerði það stundum. Ef stirfni væri milli stjórnarinnar og Búnaðarfél. Íslands, og það er ekki frítt við, að svo sé nú, þá gæti ráðh. neitað að samþ. ráðstafanir þess, og mundi það leiða til sífelldra árekstra. Svo er málum komið nú, að meiri hluti þings hefur tryggt sér vald í þessum efnum. Til þess að stuðla að því, að þetta verði ekki stöðugt deiluefni utan um Búnaðarfél. Íslands, væri næg ástæða að gera breyt. á skipulagningu sjóðsins. En svona var málið, þegar gengið var frá þessari löggjöf. Ég vil nú segja það til leiðbeiningar fyrir hv. þm. Str., að Gunnar í Grænumýrartungu var andvígur frv. Gunnar reyndi að fá mig til þess að hefja andróður gegn frv. Gunnar sagði: Ef þið samþ. að draga saman þessa fjárhæð, þá gengur það í 1—2 ár, en ef harðnar í ári, verður farið að taka fjárvaldið af Búnaðarfél. Ísl., er það fær frá ríkinu. Ég segi þetta til leiðbeiningar hv. þm. Þetta er ekki frá bændum sjálfum, heldur tilviljunarmál, sprottið frá orlofsl. Hér er Búnaðarfélag Íslands sett undir áhrif Alþ. Framsýnir bændur

hafa séð fyrir, að þetta verður til ólukku fyrir bændastéttina. Sumir hafa haldið því fram, að bændur hafi verið ákafir til þessa máls. Ég vil segja, að eftir að ákveðið var að senda peningana heim í héruðin, þá hafa t. d. verið gerðar samþykktir í Búnaðarsambandi Suðurlands um að senda áskoranir um, að þetta næði fram að ganga. Mótmæli hafa kannske komið vestan úr Dölum.

Ég vil þá víkja að þeirri hættu, sem Búnaðarfélag Íslands hefur sett sig í undanfarið. Ef það hefði í öllum aðgerðum sínum verið ópólitískur félagsskapur, er líklegt, að engir úfar hefðu nokkurn tíma risið og öll aðstaða þess hefði verið betri en nú er. En nú undanfarið hefur félagið staðið í stórræðum bæði við að mynda og fella ríkisstj. og mótmæla þeim. Ég fer ekki út í það, hvort þetta var réttmætt eða eigi. En svo mikið er víst, að þetta er nýjung, sem hefur gefizt illa, því að það kom allt önnur stjórn en félagið ætlaðist til. Fram hefur komið vantraust á hana frá Búnaðarfélagi Íslands, en hún hefur aldrei setið fastar en einmitt eftir að þessi mótmæli komu fram. Ég held, að allar tilraunir félagsins til þess að eiga við ríkisstj. hafi ónýtzt eða farið út um þúfur. Sá orðrómur hefur komizt á kreik, að Búnaðarfélag Íslands væri að gera sér virki. Það getur auðvitað verið gott að hafa virki, ef árás er yfirvofandi, en getur að öðrum kosti ekki verið til annars en að skaða aðra. Þessar stjórnarmyndunartilraunir hafa engan árangur borið. Ég er nokkuð kunnugur Búnaðarfélagi Íslands frá því 1919, og Tryggvi Þórhallsson hugsaði sér aldrei að draga það inn í pólitík.

Sumarið 1944 var kvatt saman búnaðarþing. Það sumar hafði verið mikil elja við að reyna að mynda ríkisstj., en þegar á leið haust, sögðu forkólfar Framsfl., að ljóst væri, að ekki væri hægt fyrir þá að vinna með sósialistum. Morgunblaðið, sem oft segir satt, en ekki þó alltaf, sagði, að þetta búnaðarþing væri kvatt saman fyrir tilstuðlan Framsfl. og Sjálfstfl. og þá fyrir forgöngu Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar. En er búnaðarþing var komið saman, var þingfulltrúum sagt, að eiginlega væri afráðið að mynda samstjórn þessara tveggja flokka. Þessir áhugamenn töldu hentugt, að búnaðarþing lýsti yfir því, að það væri þess ekki hvetjandi, að bændur fengju þá hækkun, er þeim bar skv. landbúnaðarvísitölu. En þá um veturinn hafði Dagsbrún fengið kauphækkanir, er mikla þýðingu höfðu úti um land. Bæði Morgunblaðið og Tíminn sögðu, að allir mættu una við 16% kauphækkun í Reykjavík. Bæði blöðin sögðu, er sex manna nefndar samkomulagið kom, að þá gerði ekkert til, þó að kaupið hækkaði, því að þá hækkaði afurðaverðið líka, og héldu því fram, að sáttmáli þessi væri nokkurs konar Móselög, meðan stríðið stæði. Og eftir sáttmálanum hafði þá umrædd kauphækkun áhrif á söluverð bænda. Nú sögðu þessir ágætu menn, að bændur skyldu ganga á undan í því að lækka sínar tekjur, og svo mundu aðrar stéttir koma í kjölfarið. Reynt var að fá menn til þess að undirskrifa þetta, en það er mála sannast, að það gekk treglega, eins og í Kópavogi. Trúboð þetta gekk illa. Einn mann tókst að fá til að láta undan eftir hálftíma.

En nú er skemmst frá að segja, að þetta fréttist austur fyrir fjall, að það ætti að láta bændur gefa eftir samtals 8 millj. kr. af afurðaverði því, sem þeim bar, og vaknaði þá almenn alda um allt Suðurlandsundirlendi hjá fylgismönnum beggja flokkanna, er að þessu stóðu. Sunnlendingar höfðu fengið að kenna á 16 prósentunum, og boðaði þá Búnaðarsamband Suðurlands sína 40 fulltrúa á fund að Selfossi, og ætluðu þeir að verða búnir að gera fundarsamþykkt, áður en búnaðarþing lyki störfum. En þann sama eftirmiðdag sem fundurinn var á Selfossi var ályktunin gerð á búnaðarþingi, og aðeins 2 menn sluppu óskaddaðir þaðan. En nú þótti stórhöfðingjum Reykjavíkur ekki við eiga, að bændur væru að sýna mótþróa. Þótti nú mikið við liggja, og voru nokkrir þm. sendir austur að Selfossi til þess að telja um fyrir bændum, og héldu þeir þar margar ræður og túlkuðu skoðanir vina sinna, þ. e. skoðanir sjálfra sín. Bændur stóðu upp í hárinu á þm., og bar þessi för engan árangur, þrátt fyrir hinar ágætu ræður þingmannanna. Aðeins einn maður greiddi ekki atkvæði. En bændur Suðurlands sigruðu þm., þó að þeir væru ekki eins góðir ræðumenn, en af því að þeir höfðu betri málstað. Næst gerðust þau tíðindi, að blöðin neituðu að geta um fundinn, því að þetta var uppreisn gegn þeim stóru í Reykjavík, og útvarpið, sem er eins og Spegillinn, að vilja alltaf vera með stjórninni, neitaði að taka ályktun sambandsins til birtingar. Ég var þá, eins og oftar, nokkuð utan við þessa hluti, hafði ekki verið beðinn liðsinnis við þessa starfsemi. — Mér fannst ánægjulegt, að stórhöfðingjar flokkanna kæmu austur að Selfossi. Þess vegna boðaði ég til fundar á Selfossi og bauð form. Framsfl. og form. Sjálfstfl. jafnan ræðutíma á við mig sem fundarboðanda og þá, sem voru á Selfosslínunni. En nú byrjar ógæfan í þessu máli, því að um leið og útvarpsstjóri fær auglýsingu mína um fundinn í hendur, sem var hlutlaus, fer hann með hana í herstöðvar flokkanna og segir hér vera landráð á ferð og það sé eins gott, að stjórnarvöldin hindri, að slíkar almennar umr. fari fram. (*BBen:* Voru þeir þá orðnir stjórnarflokkar?) Ég kem að því síðar, í hvaða ástandi tilhugalífið þá var, en ég skal ekki hlaupa yfir það. — Nú hefði verið langeðlilegast, að útvarpsstjóri hefði tilkynnt mér, ef honum hefði þótt svo vera, að auglýsingin væri þannig, að hann vildi ekki taka hana. En hann gerði það ekki, heldur fór með hana til flokkanna. Og út úr því kemur það, að hv. þm. Str. virðist hafa ákveðið að boða til sprengifundar á Selfossi einum eða tveimur dögum áður en fundurinn átti að vera, sem ég hafði ákveðið þar. Og ef ég man rétt, voru formenn beggja þessara þá tilvonandi stjórnarflokka undirskrifaðir þessa auglýsingu. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar útvarpið tók þessa auglýsingu þeirra á undan minni auglýsingu, þá gat enginn, sem á það hlustaði, haldið annað en að ég væri með sprengifund þarna, þegar mín auglýsing er lesin á eftir, en þeirra fundur dagsettur á undan fundinum, sem ég boðaði. Þetta var vissulega

gert með allmikilli herkænsku í sambandi við útvarpið, til þess að reyna að kæfa uppreisn bændanna, því að það var talið sannað, að ég væri riðinn við þeirra samtök. — Ég varð náttúrlega að sætta mig við, að þarna væri haldinn fundur á Selfossi, áður en ég hélt minn fund. Mér kom það ekkert við. En það, sem fór að vekja nokkurn grun um, að þessi trúlofun væri ekki eins traust og búast mátti við, var, að form. Sjálfstfl., sem hafði tilkynnt, að hann mundi ekki mæta á mínum fundi, hann mætti ekki heldur á þessum fundi, sem haldinn var á undan mínum fundi, heldur sendi á fundinn hina vöskustu menn. Þar var valið lið á fundinum, því að auk hv. þm. Str. var þar skilnaðarforsetinn Gísli Sveinsson, og var ekki úr betra að velja á sjálfstæðisheimilinu, úr því að sá tilvonandi forsrh. var ekki til staðar. Það var prýðilega til vandað þarna á Selfossi. Og þá var ekki síður til vandað á Skeiðunum, því að þangað sendi Sjálfstfl. bíl með hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. A.-Húnv., sem síðan hefur fengið ýmis stíf efni að heyra frá framsóknarmönnum, en var á þeirri stund það hátt í náðinni hjá flokknum, að hv. form. þingflokks framsóknarmanna, 2. þm. S.-M., fór upp í bílinn með þessum „kvislingi", sem hv. þm. A.-Húnv. hefur stundum verið nefndur í Tímanum upp á síðkastið. (*BBen:* Kom þeim ekki illa saman í bílnum?). Það vonast ég til, að komi fram í sjálfsævisögum þeirra síðar meir. En það eina, sem opinbert er því viðkomandi, er það, að þeir unnu saman í kristilegum anda og bróðerni á Skeiðunum og fullyrtu við bændur, að stjórn væri ákveðin, aðeins eftir að ákveða um ráðherra, sem yrðu úr Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta líkaði Skeiðamönnum vel. En það þótti Skeiðamönnum svik, þegar þeir fréttu, að þetta allt væru ósannindi og tálvonir, sem þeim var tjáð um þetta, og þykir þeim skömm að, þegar minnzt er á þennan fund, þar sem þeir voru vélaðir svo mjög.

Austur á Rangárvöllum var líka fundur, og þar komu saman hv. þm. Rang. allir, sem þar eru búsettir, og var þar hinn mesti fagnaðarfundur. Þar var vináttan svo mikil með þeim hv. 1. þm. Rang., hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. V.-Sk., sem er búsettur þar í Rangárvallasýslu, að það mátti heita, að þeir hefðu allir þennan dag svarizt í fóstbræðralag og lýst yfir einlægri sátt og samlyndi. Og þeir voru í því skapi, sem fermingarbörn eru, sem ganga til altaris. Og þeir munu hafa lýst því, a. m. k. hver við annan, að það væru engin Pýreneafjöll á milli þeirra. Og einmitt sá maðurinn af þeim, sem hafði haft kjördæmið í Vestur-Skaftafellssýslu, sagði, að honum mundi aldrei detta í hug að bjóða sig fram aftur á móti öðrum eins ágætismanni eins og þáv. hæstv. forseta sameinaðs þings. En það er að segja af fundarsókninni þarna í Rangárvallasýslu, að þar var nokkur tregða á, því að á fundinum voru það eitthvað 20 eða 25, sem greiddu atkv. En það er lítil uppskera, þar sem hvor þessara flokka held ég hafi um 1000 atkv. á kjördegi.

En e. t. v. var frægastur fundurinn á Selfossi. Þangað var sendur maður, sem hafði verið 8 ár forsrh., og sjálfur forseti sameinaðs þings, — sem hafði „frelsað landið" þá um vorið, ef ég man rétt, á Þingvöllum. — En einhvern veginn var það, — eins og Lárus í Klaustri sagði einu sinni — að það var einhver óhugur í þeim. Og sjálfstæðismenn hefur grunað, að það mundi verða lítil fundarsókn. Reyndin varð sú, að það var safnað saman þeim kommúnistum, sem handbærir voru þarna, þannig að þetta varð enginn bændafundur, sem m. a. sannaðist líka með því að hæstv. forseti sameinaðs þings lýsti, að sér sýndist, að fjórir bændur væru þarna saman komnir á fundinum. Hins vegar var töluvert þarna af unglingum, sem, ef ég man rétt, samþ. till. um, að þeir *væru mjög fylgjandi* þessari 8 millj. kr. eftirgjöf af hálfu bænda. Hygg ég, að þá hafi þáv. hæstv. forseta sameinaðs þings verið að verða ljóst, hversu ísinn var farinn að veikjast um stjórnarmyndun.

Rétt eftir þennan fund kom það í ljós í sambandi við búnaðarþing, að þeir framsóknarmenn, sem höfðu hvatt til þess, að það væri kallað saman, höfðu verið vélaðir og blekktir, því að það kom að vísu ný ríkisstj., en það var allt önnur ríkisstj. en átti að koma eftir óskum búnaðarþings. Það *komu sem sé í stjórnina* tveir burgeisar úr Reykjavík fyrir Sjálfstfl. og svo tveir kommúnistar og tveir Alþfl.-menn. Sérstaklega mun mega líta svo á, að búnaðarþing hafi haft ömun að hinum alrauða flokki, sem þá í fyrsta skipti settist í ráðherrastólana og ekki hafði nú verið með nein bliðmæli eða tæpitungu við bændur, hvorki í blöðum né öðruvísi. En áður en þetta var svo langt komið allt, og skiptir ekki, þótt það muni dögum, en það sýnir, hvernig þessu var niður raðað, þá var það *svo, að eftir að búnaðarþingi lauk,* þá skrifuðu þessir tveir aðalforkólfar flokkanna, sem ætluðu að stíga í eina sæng, grein, annaðhvort báðir saman eða annar fyrst og hinn afritaði svo greinina með dálítið breyttu orðalagi, því að þar var orðamunur, en ekki efnismunur, og önnur greinin kom út undirskrifuð af Ólafi Thors, en hin undirskrifuð af Hermanni Jónassyni. (*BBen:* Hvor skrifaði sína grein á undan?). Efni bréfanna og undirskriftirnar eru aðalatriðið fyrir mér, hvor sem meiri áhrif hefur haft á orðalagið. *En í þessu plaggi var sagt,* að bændur væru ánægðir með það, sem gert hefði verið. Því var það talið sem sjálfsagt, að þingið færi ekki að troða inn á bændur þessum 8 millj. kr., fyrst búnaðarþing kærði sig ekki um það. Og það var sagt í báðum þessum greinum, að bændur hefðu sýnt hinn mesta drengskap. Í annarri greininni var sagt drengskap, en hinni þegnskap. Svo segja þeir í þessu plaggi, að bændur megi vera þakklátir fyrir þessa forsjá, því að þeir séu réttlausir. Sex manna nefndar álitið sé ekki virði þess pappírs, sem það er skrifað á. Svo þökkuðu þessir menn búnaðarþinginu fyrir það að hafa sýnt sanna ást á föðurlandinu og velferð þess. Og svo koma undirskriftirnar. Nú leiðir það af efni málsins, að þessi grein hefur verið skrifuð í einu eða tvennu lagi og prentuð og birt áður en upp úr slitnaði þessari trúlofun, alveg eins og hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. S.-M. voru í friði og elskulegheitum bæði á Skeiðunum og í bílnum, enda þótt kárnað hafi um vin-

skapinn og farið hafi stíf orð á milli síðan, eins og oft er, þegar trúlofun er riftað. Þannig var þetta yfir alla línuna, að þar sem kærleikar voru áður, má segja, að hatrið hafi komið í staðinn.

Það er skemmst af því að segja, að eftir að þetta er allt búið, búið er að setja sprengifund á fund minn og sunnlenzku bændanna, með þeim árangri, að það komu svo sem engir á þann fund, og eftir að búið var að skrifa þessar greinar og sérstaklega það, að báðir þessir forkólfar flokkanna voru búnir að afneita gersamlega þessu „magna charta", sem bændur höfðu treyst á, þá kemur það „eins og þjófur úr heiðskíru lofti", eins og máltækið segir, að mynduð var ríkisstj. En þá kom það fyrir, sem oft á sér stað, þegar foreldrar ætla sér að eiga dreng, þá fæðist stúlkubarn — eða öfugt —, þá kemur þessi erki-syndaselur, hv. þm. G.-K., sem búið var af núv. samstarfsmönnum hans að setja út af sakramenti fyrir stórkostleg pólitísk afbrot með blaðagreinum, — hann kemur og hefur í ríkisstj. með sér hið austræna lið og ýmsa aðra menn, og er þá sannarlega nokkuð digurbarkalegur. (*MJ:* Hann var með alla með sér nema þá, sem hann átti að hafa með). Ég hef reynt í mínum orðum að láta það koma fram í flutningi máls míns, hverjir áttu að koma í ríkisstj. og hverjir ekki. Svo komu búnaðarþingsmenn heim til sín af þinginu, og væntu þá, að mynduð yrði ríkisstj., sem sumir a. m. k. bjuggust við, að hv. þm. Str. mundi verða forsrh. í og kannske þá hv. þm. G.-K. meðráðh. eða a. m. k. einhver góður maður eða menn frá honum. Þetta höfðu þeir vonazt eftir að heyra. En í staðinn fengu þeir þann ráðherralista, sem við þekkjum nú svo vel, og svo tilbærilega stefnuskrá, sem ríkisstj. sú hin nýja lét útbýta og útvarpa. Síðan sjá þeir í Morgunblaðinu, að gengið hefur verið frá dauðu þessu litla plaggi, sem þeir treystu á. Þannig sáu bændur þá, að með þá var farið eins og fífl og þeir ginntir til Reykjavíkur og þeim þar sagt allt ósatt í þessum efnum, þeim gefnar vonir, sem svo ekki voru uppfylltar, og þeirra trúnaður misnotaður eins og frekast var hægt. Þarna var kippt burt þeim grundvelli, sem bændur áttu siðferðislega kröfu á, að byggt væri á. Og þar að auki er sá flokkur, sem ekki komst í stjórn, sem talið er, að hafi mest fylgi hjá bændum, búinn að bæta því við að svipta bændur, í nokkurs konar flokksnafni, þeim siðferðislega rétti að halda því fram, að þetta hafi verið rangt. Þannig sættu bændur tvöföldu misrétti, þar sem þetta haust komu líka kauphækkanir hjá verkalýðnum, og svo voru hækkuð laun starfsmanna ríkisins með launal., eins og þau komu á eftir, meðan bændur fengu engan rétt til að fara eftir sex manna nál. um verðlag á sínum vörum. Þetta var gert, eftir að búið var að láta bændur gefa eftir peninga, sem voru þó ekki nema 8 millj. kr., en þeir samt áttu rétt á, eins og embættismenn á kauphækkunum, og þá var einnig búið að taka frá bændum allan siðferðislegan rétt til þess að halda sínum málum til streitu. Enda var litið svo á, að hv. þm. Str. og hv. þm. G.-K. hafi hvor fyrir sína menn algerlega afskrifað sex manna nefndar sáttmálann.

Nú er skemmst af að segja, að búnaðarþingsmönnum þótti þetta orðið illa komið málum. Og þegar svo kom til stjórnamyndunar þeirrar, sem hv. þm. G.-K. stóð fyrir, þá gengu 5 af hans vöskustu mönnum úr liðinu, — ekki úr flokknum, — en neituðu að styðja ríkisstj. Og í þeirri fylkingu voru þrír búnaðarþingsmenn, þeir hv. þm. Borgf., hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Skagf. Enn fremur var svo í þessum liðssafnaði hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk. þm., þáv. forseti sameinaðs þings. Ekkert sýnir betur en aðgerðir þessara manna, að þeir þóttust hafa orðið fyrir greypilegum vonbrigðum af sínum flokkskollegum. Því að það er vitað um a. m. k. þrjá af þessum mönnum, sem lengi hafa verið þm., að þeir hefðu ekki yfirgefið þannig vini sína í Sjálfstfl., ef þeim hefði ekki fundizt greypilega af sér brotið gagnvart bændum. Það, sem þeir hefðu átt að gera, var að láta leiðtoga sinn í flokknum fá verðugt þakklæti fyrir. En að þeir gerðu það ekki, býst ég við, að hafi stafað af því, að þeim hafi fundizt hann hafa nóg annað að bera og ekki viljað á það bæta. En þá kom það undarlega fyrir í þessu, sem e. t. v. er erfitt að útskýra, nema út frá reynslu táldreginna kvenna í ástamálum, sem stundum gera nákvæmlega öfugt við það, sem búast mátti við, nefnilega að þessir fulltrúar, sérstaklega þessir þrír hv. þm. úr Sjálfstfl., sem ég nefndi, að voru á búnaðarþingi, hefðu sýnt réttláta gremju sína við þessa sína menn fyrir að taka þátt í nokkurri spilamennsku. Það var eðlilegt, að þessir þrír hv. þm. hefðu sagt: Nú erum við ekki lengur með á þessari línu. — En í stað þess dragast þeir nokkuð inn í þessa spilamennsku, sem eiginlega hefur ekki borið neinn árangur, heldur aðeins skaðað. Því að það var eðlilegt, að þessir búnaðarþingsmenn og aðrir, sem á því þingi sátu, hefðu sagt: Við viljum bíða hér í Reykjavík og sjá, áður en við samþ. að afsala fyrir hönd bænda þeirra siðferðislega grundvelli fyrir réttmætum kröfum, hvaða ríkisstj. kemur og hvaða ákvarðanir hún vill taka á móti. — En þetta var ekki gert. Og það ætla ég að segja sérstaklega við hv. þm. Dal., af því að hann hefur talað hér í dag, að þó að það hefði ekki verið neitt annað en þessi misheppnaði leikur, sem búnaðarþing hefði gert, þá á það ekki skilið að fá þennan sjóð handa á milli. Þessir menn úr Sjálfstfl. eru sjálfsagt ágætir menn við þau störf, sem þeir hafa kunnáttu til og er þeirra fag. En þeir hafa sýnt, að sem fulltrúar á Búnaðarþingi kunnu þeir ekkert til þeirra starfa, sem þeim var trúað fyrir. Þeir voru þar komnir á annað plan en þeirra rétta. Og það hefði verið eðlilegast, að þessir menn hefðu sagt: Nú sjáum við, að við höfum gert axarskaft, og við komum aldrei að þessu aftur. — En það var síður en svo, að þetta yrði tilfellið. Búnaðarþing vill nú blanda sér sem mest í það, sem liggur utan við svið búnaðarþings. Og það kom þá í ljós, að sunnlenzku bændurnir, undir forustu hins 82 ára rausnarbónda, Guðmundar á Stóra-Hofi, höfðu sagt sem svo: Nú, eftir Selfossfundinn og það, sem þar gerðist, getur okkur ekki annað en verið ljóst, að við verðum að vinna saman sem stétt, hvað sem okkur ber á milli að öðru leyti. Hver einasta stétt, þó ekki

séu nema 10 menn í henni, myndar stéttarfélag, og við verðum að mynda okkar stéttarfélag, bændurnir. Þetta var eðlilegast. Menn geta haft mismunandi skoðanir á mörgum hlutum. En ef þeir eru bændur, eiga þeir að standa saman um hagsmunamál sín sem bænda. — Nú hefði mátt búast við, að bændafulltrúarnir á Alþ. hefðu fagnað þessu. En því var ekki að heilsa. Þá koma hv. þm. Str. og hv. 2. þm. S.-M., sem höfðu verið á hinum fræga Skeiðafundi — og að því er virðist hefur hv. form. Sjálfstfl. átt þátt í því, — og hafa sinn fund á miðju sumri, eingöngu í því skyni að eyðileggja frjáls samtök bænda. Svo koma búnaðarþingsmenn saman í Reykjavík. Og þegar hæstv. ríkisstj. fær um það að vita, beinir hún þeim tilmælum til fulltrúa bændanna þar, að ef þeir séu eitthvað að hugsa um dýrtíðarmálið, þá finnist hlutaðeigandi ráðh. ánægjulegt, ef þeir vildu tala við Alþýðusamband Íslands. Og þetta verður úr. Menn eru þá sendir úr hópi bænda til þess að tala við kommúnistann, sem stýrir Alþýðusambandinu. Og skemmst er af því að segja, að kommúnistar hafa þar skjót svör uppi. Þeir segja, að þeir vilji ekkert tala um verðlag og kaup við þessa bændafulltrúa, en þeir skuli skipuleggja með þeim landbúnaðinn, hvernig hann eigi að vera, til þess að hann beri sig. (*ÞÞ:* Hvaða vitleysa). Það er ekki hægt að gera fullkomnara grín að fulltrúum bænda en þetta. Og niðurstaðan varð sú, að það var ekkert gert í þessu máli. Eftir alla ósigrana var þetta það allra grátspaugilegasta að fara að tala við kommúnista, þótt þeir kunni vel að halda á sínum stéttarmálum og hafi sýnt, að þeir eru ekki auðunnir á þeim vettvangi. Það eina, sem gerðist á þessu búnaðarþingi, var það, að fulltrúar þar komu sér saman um, að þeir skyldu ganga að bændasamtökum Sunnlendinga dauðum. Og síðan sendir stjórn Búnaðarfélags Íslands menn út um allt land til þess að agitera í kosningum til stofnfundar stéttarsambands, og beitt var í því efni öllum venjulegum aðferðum, sem flokkar beita í slíkum erindagerðum. En Sunnlendingar höfðu engan áróður, heldur treystu bændunum og málstaðnum. En allur kraftur áróðursins frá Búnaðarfélaginu var settur í það, að stjórn Búnaðarfélagsins gæti náð þessum trúnaðarmannasamtökum undir sig. Ég hefði álitið fullt svo heppilegt, að stjórn Búnaðarfélags Íslands hefði í sumar í óþurrkunum reynt að gera eitthvað til þess að hjálpa bændum til þess að verka hey sitt í stað þess að vera að agitera fyrir kosningu fulltrúa á stofnfund stéttarsambands bænda. En því gerði hún ekkert. Og þegar svo kom að stofnfundi stéttarsambands bænda, var þar undirbúinn meiri hluti frá Búnaðarfélagi Íslands. Þessi meiri hl. ákvað fundarstjóra á fundinum og stjórn í þessu nýja félagi, og létu þeir allmikið yfir sér. En ef þessir menn frá Búnaðarfélaginu hefðu ekki skipt sér af þessum stofnfundi, hefði risið þarna upp ópólitískt stéttarsamband bænda. Svo var kosin stjórn og þetta kallað stéttarsamband bænda. Og það, sem hefur svo gerzt síðan í þessu, er það, að samhliða því, að hæstv. ríkisstj. tók málið algerlega í sínar hendur, eftir að búnaðarþing er búið að koma saman og búið er að fara þessa spaugilegu ferð til kommúnistanna, þá mun ríkisstj. hafa séð, að það væri ekkert á að byggja í þessum efnum og sjáanlega líka ekkert á þessum stéttarsamtökum, þau mundu renna út í sandinn. Og þá kallaði ríkisstj. saman 25 menn, að yfirgnæfandi meiri hl. úr tveimur flokkum, sem bændur yfirleitt aðhyllast annan hvorn. Upp af þessari 25 manna n. var svo kosin verðlagsnefnd, og þessi verðlagsnefnd ákvað svo afurðaverð bænda þetta ár. Og ég fer ekkert sérstaklega út í það atriði út af fyrir sig, því að það liggur utan við ramma þessa máls, sem hér er um að ræða. Og ef frá er tekið eitthvað ofurlítið af mótmælum frá búnaðarfélögum og pólitískum andstæðingum, hefur bændastéttin kannske raunverulega látið við þetta sitja. Bændur eru seinir til vandræða, og má segja, að ef það hefur verið meining hæstv. ríkisstj. að koma á einræðisvaldi bæjarflokkanna um afurðasölumál bænda, þá hafi það tekizt þannig, að ekki hafi skapazt nein sýnileg óánægja, sem líkur séu til, að óánægðir flokkar hafi gagn af. Þar með er ég ekki að segja, að þeir ættu ekki að hafa gagn af því. Það skref, sem hæstv. ríkisstj. tók í þessu máli, er algerlega eins dæmi. Og það er líklega eins dæmi, að ein stétt sé algerlega máttlaus og valdalaus og liggi við fætur valdhafanna. Ég hygg, að þeir, sem standa að ríkisstj., hafi ekki farið eins illa með bændur og búast mætti við. En hvers vegna eru íslenzkir bændur samt sem áður varnarlausir í þessum efnum? Fram til síðustu styrjaldar, áður en dýrtíðin hófst, höfðu bændur sláturfélög, mjólkurbú og kaupfélög, sem önnuðust slátrunarstarfsemi og framkvæmdu verðlagningu á afurðunum. Þessar stofnanir bænda réðu þá verðinu á þessum afurðum, líkt og verkamenn ráða sínu kaupi, og það er það eðlilega í málum bænda. En þegar svo dýrtíðin er orðin svo mikil sem hún er hér, að maður, sem hirðir kýr í fjósi, heimtar 1000 kr. á mánuði og allt frítt, þá varð verð á landbúnaðarafurðum utan við eðlilegan grundvöll. Þetta kaup, sem ég nefndi, var miðað við kaup í bæjum hjá setuliðinu. Verkamenn notuðu sitt vald áfram, er dýrtíðin kom, og héldu upp kaupinu nokkuð stíft, margir kannske töluvert meir en hyggilegt var, en þó aldrei meir en svo, að vinnan hélzt. Og ef bændur hefðu farið eins að og sagt: Þið fáið ekki kjöt frá okkur eða mjólk, nema þið borgið þetta verð fyrir það, sem við setjum á vörurnar, viljið þið það ekki, fáið þið ekki neitt, — það hefðu getað orðið verkföll um þetta — en þetta var það vald, sem hægt var fyrir bændur að beita. Og ef Laugarvatnsfundurinn hefði farið fram í friði, þá trúi ég því persónulega, án þess nokkur hafi sagt mér það, að núv. hæstv. landbrh. mundi hafa tekið tillit til þess félagsskapar, sem þar hefði verið myndaður. Ég vil ekki spá því, að hæstv. ráðh. hefði farið að öllu eftir vilja félagsskaparins. En eftir því, sem fram hefur farið, finnst manni líkur til, að ríkisstj. hefði látið undan eðlilegum kröfum bænda. En nú voru þær kröfur ekki til. Það var ekki eftir nema rústir. Kaupfélögin og sláturfélögin gátu ekkert sagt. Þau höfðu ekkert verðmyndandi vald lengur.

Af því að ekkert raunverulegt stéttarsamband var stofnað á Laugarvatni, urðu bændur að snúa sér til Búnaðarfélags Íslands. En hvað hefur svo gerzt í vetur? — Það er ekki af aðdáun á form. Dagsbrúnar, að ég nefni það, en í vetur hefur sá góði maður kallað út sinn her og sagt honum að vinna ekki eina viku. Og eftir að þessi vika var liðin, leggur þessi Dagsbrúnarkappi 1350 kr. í lófann á hverjum verkamanni. En hvað skyldi hafa gerzt í bændasamtökunum undir stjórn Sverris í Hvammi og í Búnaðarfélagi Íslands undir stjórn Bjarna á Reykjum? Það hefur ekkert gerzt fyrir bændur, þó að Sverrir hafi komið hér öðru hverju og haldið fundi, af því að þetta félag, sem hann er fyrir, hefur enga peninga, en hefur ætlað að fá peninga úr búnaðarmálasjóði. Og ég hygg, að álitið sé, að það eigi að fara til landbrh. og fá þar peninga. Og þetta er það alspaugilegasta í þessu fyrirtæki og sýnir, að allt þetta búnaðarsjóðsmál er vanhugsað frá byrjun. Það kemur ekki heldur fyrst fram frá bændum sjálfum, heldur áhugamönnum í hópi fulltrúa bænda, sem sé nokkrum hv. þm. Þegar orlofslögin voru sett fyrir fáum árum, þótti þessum fulltrúum bændanna bændur settir hjá, og þeir vildu skattleggja bændur til þess að þeir fengju eitthvað á móti. En bændur gátu sagt: Af því að okkur finnst, að okkur sé misboðið með því, að búnaðarþingið ákvað okkur þessa 8 millj. kr. eftirgjöf, þá viljum við lofa Búnaðarfélaginu að sjá um sig, en annast okkar stéttarsamtök sjálfir. Þetta var vilji bændanna úr báðum sveitaflokkunum, þangað til þeir voru blekktir af búnaðarþinginu haustið 1944. Búnaðarfélagi Íslands hafði alls ekki komið til hugar að stofna stéttarsamtök bænda, eins og sást á því, að ráðamenn þar voru ákaflega reiðir út í Guðmund á Hofi og hans félaga fyrir að vera með nokkurt braml í því skyni að reyna að stofna slík óháð samtök bænda. Framkoma ráðamanna í Búnaðarfélaginu var þess vegna ekki annað gagnvart þessari tilraun til myndunar stéttarsamtakanna en óvinátta frá byrjun, þangað til þeim loks tókst að yfirtaka þessi samtök til þess að eyðileggja þau svo. — Og afleiðing þess er sú, að bændastéttin hefur engan rétt fengið. Það eina, sem þessir menn, sem telja sig forsjá bænda, hafa gert í vetur, er að halda fundi, og þeir hafa gefið út einhvern pésa, sem er algerlega þýðingarlaus. Og meðan bæjarflokkarnir hafa hækkað laun sín stórum skrefum, hefur ekkert verið gert hliðstætt fyrir bændur. Það er því óhugsandi annað en að leggja þetta mál fyrir þjóðina sjálfa. Og ég hef gert það í þessari ræðu minni, og getur vel verið, að ég noti hana til þess að gefa fólkinu eitthvert hugboð um þær blekkingar, sem bændur urðu fyrir, þegar mynduð var ríkisstj. haustið 1944.

Ég held, að ég verði að segja það hér við hv. þm. Dal., þó að ég sé ekki eins lærður í því eins og kommúnistar, að ég hef þó lítillega fylgzt með því, hvernig stéttarfélög eru mynduð. Og þessar aðgerðir Búnaðarfélags Íslands í sambandi við stéttarsamtök bænda eru fyrir neðan allar hellur. Því að stéttarfélög eru mynduð af áhugamönnum, sem gera sjálfir samþykktir um stéttarfélagsskapinn og borga sjálfir í félagssjóð, gera svo sambönd slíkra félaga af sama tagi og afla áframhaldandi fjár í félagssjóð hjá sjálfum félagsmeðlimunum, gera svo verkföll eða sölubönn, ef því er að skipta, til þess að hafa sitt mál fram. Og í þessum framkvæmdum eru þessi félög frjáls. Þau geta orðið yfirbuguð, en þau eru frjáls. Ef leiðtogar Búnaðarfélags Íslands hefðu ætlað að mynda stéttarsamband bænda, hefðu þeir getað það, ef þeir hefðu farið rétt að. En þegar þeir höfðu gert axarskaft í þessu efni, vildu þeir ekki viðurkenna það. Og af því að þeir höfðu reynt að mynda félagsskap bænda, þrátt fyrir það þó að þeim hefði mistekizt það, vildu þeir, að bændur skyldu hlýða þeim. Þess vegna er það, að Búnaðarfélag Íslands, sem er ekkert annað en deild í stjórnarráðinu og hefur alla sína peninga þaðan og ráðh. verður að samþykkja búnaðarmálastjórann, er félag, sem er fjarri því að hafa nokkurn minnsta rétt gagnvart stjórnarvöldunum. Og þetta er undirstrikað með því, að önnur stjórnarvöld en samtök bændanna ráða formann búnaðarmálanna og aðalmanninn í þessari starfsemi, sem Búnaðarfélagið rekur. Og Búnaðarfélagið getur nákvæmlega alls ekkert gert af sínum framkvæmdum, nema ríkið veiti til þess peninga. En af þessu leiðir það, að Búnaðarfélagið er algerlega óhæft til þess, — ekki óhæft til þess að standa fyrir ræktunarmálum og úthlutun styrkja til landbúnaðarmála, því að til þess er það stofnað, — heldur óhæft til þess að standa fyrir málum bænda gagnvart ríkisstj., af því að það er háð henni. Þess vegna er það ekki nema hringavitleysa að segja, að Búnaðarfélag Íslands eigi að sinna slíku. Þó að leitað væri á allri jarðarkringlunni, þá mundi ekki finnast eitt einasta stéttarfélag, sem gerði slíka tvöfalda vitleysu eins og Búnaðarfélag Íslands hefur gert sig sekt um. Í fyrsta lagi að ætla að láta fyrirtæki, sem ríkisstj. réð yfir, standa fyrir stéttarmálefnum vissrar stéttar, og í öðru lagi að ætla að láta félagssjóð stéttarfélags vera peninga, sem löggjafarsamkoman ákvæði með skattgjaldaákvæðum og sjálft ríkið innheimti.

Ég held, að ég hafi gert skil þessu máli, sem lítið er að forsögu, og lýst, hvernig það hefur þróazt, að Búnaðarfélag Íslands, síðan sú stjórnarmyndun mislukkaðist, sem ég hef greint frá, hefur skoðað sig í andófi við hæstv. ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. í einhverju andófi við það, þó að þetta hafi farið heldur rólega, eins og má búast við, þar sem núv. hæstv. landbrh. er meiri friðarmaður en styrjaldar. Þó hefur í þeim samskiptum gerzt nokkuð tíðinda, m. a. það, að Búnaðarfélag Íslands hefur óskað eftir því, að hæstv. landbrh. fengi þessu kjöltubarni sínu verðlagningarvald. Þessu virðist hæstv. landbrh. hafa neitað, og það legg ég út þannig, að hann hafi enga ástæðu séð til þess, af því að hann gæti búizt við því, að Búnaðarfélagið skapaði ríkisstj. erfiðleika með verðlagningunni. En af því að það er háð ríkisstj., þá kom það eðlilega ekki í þá afstöðu að vera í andstöðu við ríkisstj. Ríkisstj. hefur sennilega ekki heldur treyst hlutleysi Búnaðarfélagsins og þess vegna skipað þetta búnaðarráð svo kallaða. En þetta er ákaflega

háskalegt fordæmi. T. d. gæti maður hugsað sér, að eftir skamma tíð verði í sæti landbrh. harðsnúinn andstæðingur sveitanna, og gæti þá það vald, sem hæstv. núv. ráðh. hefur um verðlagningu landbúnaðarafurða, orðið miklu hættulegra í höndum hans en manns eins og hæstv. núv. landbrh., sem vill fara gætilega.

En svo kom annað fyrir, sem ég vil hreyfa hér, sem sýnir, að ríkisstj. fulltreystir ekki stjórn Búnaðarfélags Íslands. Það er það, að í sumar sem leið kom upp deila í Búnaðarfélagi Íslands milli stjórnarinnar þar og ritstjóra Freys, þess manns, sem hefur verið einhver duglegasti áhugamaður í landbúnaðarmálum, sem til er hér á landi, og hefur gert meira en nokkur annar ráðunautur til þess að koma á véltækni við landbúnaðinn. Nú skal ég ekki segja, hvernig á því stóð, nema stjórn Búnaðarfélagsins vildi ekki hafa þennan mann við ritstjórn Freys og sagði honum upp. En þetta félag, sem komið var upp til þess að bana stéttarsamtökum bænda — því að sagt er, að Árni G. Eylands *hafi vitað*, að það átti að segja honum upp, — það skrifaði undir, og þar með 22 af 25 búnaðarþingsmönnum, áskorun til ríkisstj. um það, að þeir vilji hafa Árna G. Eylands áfram við Frey. En það var svo mikill einræðiskraftur í stjórn Búnaðarfélags Íslands, að hún lét hann fara. En Árni Eylands rís upp, eins og fuglinn Fönix, í margfaldri dýrð og að lokum uppi í stjórnarráði og er þar sérfræðilegur þjónustumaður hjá hæstv. landbrh. Nú veit ég ekki, hvort hæstv. landbrh. hefur tekið þátt í þessari deilu. Mér þykir sennilegast, að hann hafi ekkert skipt sér af henni. En hitt er víst, að hann gerir það, sem enginn ráðh. gerði áður, að fá sérfræðilegan mann í landbrn. Þetta er fyrst og fremst skynsamleg ráðstöfun, að hafa kunnáttumann á landbúnaði í landbrn. (*BBen:* Mundi vera þörf á því, ef hægt væri að treysta Búnaðarfélaginu?). Ég álít að vísu, að þetta hafi verið jafnrétt, þó að þetta hafi verið elskulegur stuðningsmaður ríkisstj. En ég er ekki viss um, að þessi þarfa framkvæmd hefði komizt á, ef ekki hefði fengizt í þessa stöðu maður, sem hvarf frá þessu verki hjá Búnaðarfélaginu.

Það mætti víst tilfæra eitthvað fleira en þetta til að sýna, að ríkisstj. sé meira og meira að skapa vald í landbúnaðarmálum í stjórnarráðinu. Og nú vildi ég segja það, ef einhver úr stjórnarliði Búnaðarfélags Íslands væri hér viðstaddur, að ég vil ráða þeim, sem í þeirri stjórn eru, til að hætta þeirri pólitík, sem þeir reka. Þeir hafa hingað til tapað hverjum einasta leik í viðureigninni við stjórnarvöldin í landinu. Mér þætti ekki ósennilegt eftir því, sem á undan er gengið, að það þyrfti ekki að byggja sérstakt búnaðarfélagshús, heldur mundu ráðunautarnir og búnaðarmálastjóri lenda í stjórnarráðinu, og allir þeir peningar, sem í Búnaðarfélagið koma utan af landinu. Þess vegna er það, að þeir góðu menn, sem hafa sent mér nokkrar hnútur út af því, að ég hjálpaði ekki til að drepa þetta frv. við 2. umr., geta tæplega búizt við öðru en að ráðunautarnir flytjist upp í stjórnarráð og sendi gróðann þaðan út um landið. En þá er eins gott að hafa mín ráð og draga sig út úr þessu pólitíska veseni. Ef þeir vilja hafa pólitík í þessu, þá er það ekki mín sök, því að ég hef gefið þeim aðvörun.

Ég er þá kominn svo langt í þessu máli að hafa leitt rök að því, að búnaðarmálasjóður er orðinn til af tilviljun, fyrir orlofsbaráttuna, enn fremur að stéttarsamband bænda, sem hefur vaxið í nánu sambandi við Búnaðarfélagið og er kosningatæki, er og verður þýðingarlaust, því að stéttarfélag hefur aldrei lifað á ríkisstyrk.

Ég ætla þá að segja frá atviki, sem nýlega kom fyrir. Á fundi framsóknarmanna, sem nýlega var haldinn, lýsti hv. þm. Str. því yfir, að Framsfl. hefði skapað skipulag Búnaðarfélagsins, það sé flokksverk og að Búnaðarfélagið sé að skapa stéttarsamband bænda, og af þessu leiði svo það, að núv. formaður Framsfl. álíti, að Búnaðarfélagið sé útvirki Framsfl. og stéttarsamband bænda sé útvirki líka, og hv. þm. lét orð falla um það, að menn eins og ég og nokkrir aðrir álitu, að stéttarsamtök bænda ættu ekki að *vera háð neinu valdi nema bændanna sjálfra*. Hann gaf í skyn, að við ættum að eiga von á hörðu eins og uppreisnarmenn. Hv. þm. Str. er þarna í baráttu fyrir því að gera Búnaðarfélagið að útvirki. Hann hugsar sér tvö útvirki fyrir Framsfl., Búnaðarfélagið og stéttarsambandið. Hvað ytra útvirkið snertir hygg ég, að jafnveikur félagsskapur hafi aldrei verið á flot settur, en býst við, að hv. þm. Str. hafi samt hina mestu ánægju af þeirri virkisgerð. En nú vil ég sem framsóknarmaður segja það, að ég er ekki að efa, að þetta hafi verið af fullum heilindum gert og til gagns bændastéttinni. Hins vegar er ekkert að því, þó að slíkt félag sé tengt við einhvern stjórnmálaflokk. En ég vil taka annan félagsskap, það er samvinnufélagsskapurinn, sem margir líta svo á, að hafi stutt Framsfl. og Framsfl. stutt hann. Nú er vitað, að í samvinnufélagsskapnum er mikið af sjálfstæðismönnum, Alþfl.-mönnum og sósíalistum, en samt sem áður má segja, að langflestir menn í samvinnufélögunum hafi, a. m. k. á fyrri árum, hallazt að Framsfl. Ég er búinn að vera 24 ár á *þingi og hef stundum orðið að ráða fram úr um* þessa hluti, en ég verð að segja það, að ég hef þó alltaf verið fyrst og fremst samvinnumaður og þar næst framsóknarmaður. Ef hagsmuni samvinnufélaganna og Framsfl. greindi á, áleit ég, að hagsmunir samvinnufélaganna ættu að ráða. Aftur á móti hefur þetta farið öðruvísi fyrir sumum flokksbræðra minna, sem m. a. sömdu um það við Sjálfstfl. 1942 að leggja stríðsgróðaskatt á samvinnufélögin í landinu. Þetta var afneitun á samvinnulögunum frá 1921. Þessi skattur er svo hár, að Kaupfélag Eyfirðinga hefur orðið að borga 300 þús. kr. af verzlun félagsmanna. Það, að tilteknir framsóknarmenn gerðu þennan sáttmála í góðri trú, svona óhagstæðan samvinnufélögunum, er árangur af því, að það hefur farið of mikið í flokkinn, það hefur farið meira í hann en í samvinnufélögin. En mér sýnist alveg ljóst af ræðu hv. þm. Str., að hann dragi ekki dul á það, að Framsfl. hafi skapað Búnaðarfélagið, og það er nokkuð rétt í þessu út af fyrir sig, þ. e. a. s., Framsfl. setti lögin og það er líka rétt, að Búnaðarfélagið

hefur skapað stéttarsambandið í því ástandi, sem það er, en þar fyrir álít ég ekki, að Framsfl. eigi rétt á því að hafa hlunnindi af slíku almennu fyrirtæki. Þegar ég var að basla við að koma upp Laugarvatnsskólanum og færa út skólann á Akureyri, þá stóð í Morgunblaðinu, að ég ætlaði mér að verða skólastjóri í öðrum hvorum þessum skóla. Þetta er sami hugsunarhátturinn og hjá hv. þm. Str. og Framsfl., að menn, sem fást við almenn mál, eigi að fá fyrir það vegtyllur og launabætur. Ef hv. þm. Str. heldur þessu til streitu, þessari eitrun á móti þeim, sem viðurkenna, að svona fari, er það til erfiðleika fyrir hann og Búnaðarfélagið. Stéttarsambandið þarf ekki að tala um á þessum grundvelli. Ástæðan til þess, að ég er mótfallinn þessu, er sú, að ég vil, að hér rísi upp heilbrigt stéttarsamband. Ég vil almennilegt Búnaðarfélag, almennilegt ráðuneyti og stjórnarráð. Ég álít, að þessi fyrirtæki, Búnaðarfélagið og stéttarsambandið, eigi að vera miðuð við þarfir bænda, en ekki nokkurra valdamanna í Reykjavík.

Ég held ég fari þá að nálgast nokkuð síðasta þáttinn í þessu efni, sem er um mína persónulegu afstöðu til þessa máls. Hún er sú, að ég hef, frá því að þetta mál komst á hreyfingu, en það er sprottið af Selfosshreyfingunni, séð, hvernig farið er með bændur og hvað máttlaust Búnaðarfélagið er. Þess vegna hef ég enga trú á Búnaðarfélaginu og álít, að það eigi ekki að leika sér með þessa peninga. Þegar þetta mál var komið frá neðri deild og komið til 2. umr. hér í d., fékk ég einn dag bréf frá form. og ritara Framsfl., þar sem mér var tilkynnt, að flokkurinn hefði gert þetta mál að flokksmáli, —gert það að flokksmáli, að þessi löggjöf, eins og hún liggur fyrir, yrði felld í efri deild. Ég skrifaði svo þingflokknum og þakkaði fyrir þessa skilgreiningu og sagðist mundu leggja fyrir form. þingflokksins við 3. umr. nokkrar spurningar um það, hvernig flokkslögunum væri beitt, hvernig þeim hafi verið beitt, sérstaklega á árunum 1942—1944, þar sem mér sýndist það vera nokkuð sérkennileg aðferð, og gaf í skyn, að ef flokkslögin hefðu verið hlutlaus, hefði verið til athugunar, hvort mér bæri að hlýða því frekar en öðru. Það næsta, sem ég sé, eftir að ég hafði vísað þessu máli til 3. umr., þar sem ég vildi fá fleiri upplýsingar, áður en ég greiddi atkv., er það, að í „Tímanum“ kom kröftug skammagrein um mig. Var sagt, að ég hafi svikið bændur með því að hjálpa til, að þetta frv. væri ekki drepið við 2. umr. hér í d. Ég þykist vita, að sá mikli og góði glímukappi, hv. þm. Str., muni hafa staðið að þessari greinargerð, sem er kröftuglega samin, eins og sæmir um aflraunamann, og er ekkert út á hana að setja út frá því sjónarmiði. Nú vil ég beina til hans þeim orðum, sem munu hafa áhrif á, hvernig ég greiði atkv. um málið. Ég vil taka það fram, að eftir það að Sósfl. var myndaður, sem hafði nokkuð kröftuga stefnuskrá 1937, í sambandi við Alþfl., heimtaði hann að hafa leyfi til þess að taka tillit til þess, sem gerðist í Rússlandi, og lét á sjá, að hann starfaði undir vissum kringumstæðum og eftir fyrirmælum utan að. Þá gerðist það á flokksþingi Framsfl. 1937, að það er ákveðið, að Framsfl. skuli ekki starfa með byltingarflokki. Það mátti breyta orðunum þannig, að Framsfl. ætlaði ekki að starfa með Kommúnistafl. og ekki með Nazistafl. Þetta gerðist 1937, og þessu var fylgt nokkurn veginn, þannig að Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. stóðu í hörðum deilum við Kommúnistafl., og fóru stór orð frá þessum unga flokki. Ég ætla, að þetta hafi verið trúlega haldið af flestra hálfu. Það heyrir ekki hér undir, hvort nokkur vinsemd hafði verið frá hálfu Sjálfstfl. í þessu efni, því að nú er það Framsfl. og hans afstaða til kommúnista, sem um er að ræða. Ég tel það sönnun fyrir því, að þetta hafi verið alvarlega meint hjá Framsfl., að núv. form. flokksins beitti líkamlegum aðgerðum í pólitískri deilu hér í þessum sal við þáv. og núv. form. kommúnista. Form. kommúnista hafði sagt mjög mikið ósatt og kom fram á annan hátt en átti að vera, en núv. form. Framsfl. taldi við eiga að beita líkamlegum aðgerðum við þennan hv. þm. og hélt því fram, að þetta hefði verið íslenzkur kinnhestur, sem hann hafði veitt honum. Ég álít að vísu, að forkólfar kommúnista hafi brotið af sér, en sé samt ekki, þó að um byltingarmenn væri að ræða, að ég geti gefið þessu meðmæli. Það, sem ég vil sanna, er, að á þessum tíma, áður en stríðið skall á, var núv. form. Framsfl. alvara um það að halda sér frá samstarfi við leiðtoga kommúnista.

Annað dæmi kom fram, sem mér finnst rétt að segja frá, úr því verið er að rekja þessa sögu hér. Ég hef ekki borið gæfu til samlyndis við kommúnista og þeir ekki við mig. En það var nokkur kunningsskapur milli mín og þess þm. Sósfl., sem nú er háttsettur maður í nýsköpunarráðinu. Við þekktumst á yngri árum. Þessi kunningsskapur hélzt milli mín og þessa þm. kommúnista þrátt fyrir skoðanamun. Einhvern tíma var það, að við spjölluðum eitthvað saman í nokkurri glettni. En eftir það veitti núv. form. þingfl. Framsfl. mér átölur fyrir það, að ég skyldi vera að brjóta góðra manna siði með því að vera að sækjast eftir persónulegum kunningsskap við þessa andstæðinga, sem svo mjög voru á annarri línu, eins og ég hef sagt frá.

Nú líður fram að stríðinu, til ársins 1940, þegar þjóðstj. réð hér. Þá var samþ. hér till. með flestum atkv. þjóðstjórnarþm., sem spratt af deilunni um Finna, var það nokkurs konar bannfæring á kommúnista. Þetta var samþ., og bar ekki á því, að núv. forráðamenn Framsfl. hefðu neitt út á þetta að setja, heldur voru þeir stuðningsmenn þess. Ég segi þetta til að sýna, hvaða skoðun þessir menn höfðu á sósíalistum 1940. Líður nú að næsta flokksþingi Framsfl. Þá er endurtekin sama línan, að ekki verði hafður félagsskapur við kommúnista, heldur sé það stefnumark flokksins að byggja á samvinnuhreyfingunni og frjálsum samtökum og hann gæti ekki átt pólitíska samleið með flokki, sem vildi koma fram málum með ofbeldi. Þannig var þá tvisvar búið að samþ. það, að svona skyldu framsóknarmenn hegða sér. Árið 1942 liðast þjóðstj. sundur.

Ég held ég geri hér lítilfjörlegan útúrdúr til þess að upplýsa atriði, sem er eins gott að hv.

þm. viti glöggt um. Þegar þjóðstj. var að liðast sundur, fékk ég því til leiðar komið, að sett var á sáttanefnd manna úr Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl., þar sem reynt var að koma á málamiðlun. Margir menn voru þessa máls fýsandi, þar á meðal Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., og margir aðrir góðir menn. Upp úr þessum deilum, sem verið höfðu, kemur bréf frá Sjálfstfl. til okkar framsóknarmanna, þar sem Sjálfstfl. segir: Við bjóðum upp á tvo kosti: Annars vegar, að forsrh., Hermann Jónasson, hætti við að leysa upp þingið, það verði *engar kosningar og ríkisstj.* sitji áfram, eða, ef forsrh. endilega vilji leysa upp þingið, þá geti þeir ekki annað en farið inn á þá leið að samþ. kjördæmamálið. Af því að þetta spor, þessi upplausn 1942, varð síðar þýðingarmikið atriði í okkar sögu, þ. e. a. s., hvernig tókst til með dýrtíðina, álít ég æskilegt, að hv. þm. Str. geri grein fyrir því, hvað það var, sem kom honum til að leysa upp þingið 1942.

Svo kom hinn þátturinn. Það kom ný stjórn, gífurlegar kauphækkanir, það var horfið frá að halda dýrtíðinni niðri. Hvað gat hv. þm. Str. gengið til að gera þetta? Hvernig gat maður, sem þá var stjórnarform., látið það tækifæri ónotað að stöðva dýrtíðina, þegar átti að tryggja honum völd áfram? Ég get ekki skilið það öðruvísi, þar sem hann *hafði verið forsrh.* í 8 ár og talið sig til þess vel færan, en að hann hafi þá eygt möguleika til þess að vera það áfram undir öðrum kringumstæðum.

Stuttu eftir að þetta leystist upp, fer annar flokkurinn, Framsfl., að halda því fram, að nú eigi að koma vinstri stjórn. Framsfl. eigi að mynda stj. með kommúnistum og Alþfl. Upp úr þessu myndast svo verulegur skoðanamunur milli mín og þessara manna í Framsfl. Ég stóð á gamla grundvellinum, ég áleit ólöglegt fyrir flokkinn að fara út af honum. Svo líða 2 ár, yfir á vordaga 1944, þangað til næst er haldið flokksþing framsóknarmanna. Þá beitti hv. þm. Str. sér fyrir því að fella burtu þetta bann á samvinnu við byltingarflokk. — Ég tek frá árin 1942—1944, þegar núv. formenn flokksins beita sér fyrir að þverbrjóta samþykktir flokksins. Nú vil ég spyrja hv. þm. Str.: Hvaða afsökun hefur hann fyrir því að þverbrjóta svo samþykktir flokksins? Og ég vil leyfa mér að halda því fram, *að eftir að stofnlög flokksins höfðu verið* þverbrotin, hafi skipulag þeirrar stofnunar verið brotið niður. Þess vegna er það, að samhliða því að ég óska eftir svörum frá hv. þm. við þessum spurningum, þá geta þau harðyrði, sem hann sendir mér í blöðum, ekki grundvallazt á öðru en því, að ef ég nú skyldi fylgja þessu frv. í andófi við samþykktir flokksins, þá væri ég brotlegur. Nú vil ég ekki fullyrða, hvað ég geri. Það gætu komið fram svo glögg rök frá hv. þm. Str., að mér fyndist, að ég ætti að beygja mig fyrir flokkslögunum. Ég er að bíða eftir því að fá að heyra hjá hv. þm. Str. rök fyrir því, hvernig honum dettur í hug, að nokkur maður áliti, að flokkslög Framsfl. gildi, eftir að ráðamenn flokksins eru búnir að troða á þeim í tvö ár. *Jafnframt álít ég*, þó að það liggi ekki beint við, að það sé rétt, að hann útskýri, hvernig stóð á því, að hann tók þessa undarlegu kúvendingu til samstarfs við kommúnista, þvert ofan í samþykktir flokksins. Ég veit, að hv. þdm. skilja það, að svo framarlega sem hv. þm. Str. getur ekki komið með mjög skilmerkilega greinargerð fyrir því, hvernig honum og hv. 2. þm. S.-M. leyfist að þverbrjóta stofnlög Framsfl., þá geti það tæplega talizt svo mikil höfuðsynd, þó að mér, sem gömlum manni, detti í hug að fara í fótspor þessara ungu og rösku manna og brjóta eitthvað lítils háttar einu sinni. Ég bíð eftir hinu viturlega orði frá hv. þm. Str.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti hv. þm. S.-Þ. yfir því, að hann mundi gera grein fyrir atkv. sínu við þessa umr. Hann hefur nú haldið hér 2 klukkustunda ræðu í sambandi við þessa yfirlýsingu. — Það hefur nú tekizt í hv. Nd. að gera þetta litla mál að einhverju stærsta pólitíska máli þingsins. Þar var það þvælt dag eftir dag í löngum og hörðum umr., og nú virðist hér vera byrjað á því sama, að halda hér um þetta margar og langar ræður, ef marka má á frumræðu þeirri, sem hv. þm. S.-Þ. flutti hér í dag. Hann byrjaði að vísu með því að ætla að skýra það fyrir okkur, sem höfum greitt atkv. móti frv. hingað til, hvað við værum á rangri leið. Annars gekk ræða hans, *eins og svo oft áður hér á þ. síðustu ár*, út á það að gera alveg sérstaklega uppgjör í Framsfl. á milli hans og núv. formanns flokksins. Kom sá kafli ræðunnar lítið við þessu máli, og skal ég ekki blanda því inn í mínar aths. Ég vil hins vegar í tilefni af því, sem hann skaut til mín, að ég væri hér algerlega á rangri línu og hefði ekki kynnt mér þetta stutta frv., — benda honum á, að það, sem hann hélt fram í ræðu sinni, bendir til þess, að hann hafi alls ekki lesið frv. Hann hélt því fram okkur til leiðbeiningar, og sneri sér aðallega til mín og hv. þm. Dal., að þetta væri prófsteinn á það, hvort við tryðum bændum til þess að fara með þetta fé eða ekki, því að þeir gætu alltaf skilað þessu fé aftur til Búnaðarfélagsins. En nú vil ég benda hv. þm. S.-Þ. á það, að í *3. málsgr. frv. stendur*, með leyfi hæstv. forseta: „Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum. Skulu samböndin verja þessu fé til jarðræktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma.“ Hvernig má skilja það, þegar Búnaðarbankinn er búinn að skipta þessum gjöfum eða þessu fé til bænda, að þá geti þeir hlaupið með það í búnaðarfélögin, ef þeir eiga að uppfylla þessi ákvæðnu lög? Mér skilst, að hér sé fyrirskipað, að þessu fé skuli varið til opinberra framkvæmda.

Öll ræða hv. þm. S.-Þ. var sem hann mælti á móti betri vitund, og er augljóst, að hann hefur ekki lesið þetta frv. *Annars minnti ræða hans* helzt á gamlan tengdaföður, sem tapað hefur auðugum biðli vegna ljótrar og illrar dóttur sinnar, eða hjónabandsmiðlara, sem misst hefur milliliðagróða, sem hann átti von á.

Ég orðlengi ekki um þennan hluta ræðu hv. þm. S.-Þ., en vegna tilefnis mun ég snúa orðum mínum til þeirra manna, sem hafa sótt þetta

mál í báðum deildum. Frv. gerir ráð fyrir því, að fé sé safnað í sjóð en dreift síðan út á meðal bænda. Útgerðarmenn mundu sakna þess, ef eins væri farið að með þeirra sjóð. Það er alls enginn munur á því að skipta öllum fiskveiðasjóði á milli útvegsmanna á öllu landinu, og að skipta búnaðarmálasjóði milli bænda, nema þá að einhver önnur öfl séu á bak við en nefndarálitið segir til um, og ég vona, að sú óhamingja hendi ekki hér í hv. Ed. Alþ., að sú stefna verði ofan á. Mér þótti rétt að taka þetta fram, að ég er í andstöðu við minn flokk í þessu máli.

Það er hættulegt að halda áfram á þessari braut, en ég ætla nú ekki að orðlengja þetta frekar, en áður en ég lýk máli mínu, þá leyfi ég mér að bera fram skrifl. brtt. við 1. gr. frv., að 3. málsgr. hennar falli niður. Ef hún verður samþ., fær sjóðurinn að standa óhreyfður, unz hv. sækjendur þessa máls vitkast betur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 800) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. þm. S.-Þ. hafði haslað hv. þm. Str. hér völl í kvöld, og mun ég eigi tefja þeirra vopnaviðskipti, en svara lítillega ummælum hv. þm. S.-Þ., þar sem hann taldi rétt, að sjóður þessi færi til búnaðarsambandanna, og er rétt, að hringrásin haldist, fyrst hún er byrjuð. Alþingi úthluti búnaðarsamböndunum fé og búnaðarsamböndin svo aftur Búnaðarfélaginu. Hér er um mikið alvörumál að ræða, og það má þingheimur vita, að ef þessi breyt. nær fram að ganga, að stéttarfélag bænda fái heimild til þess að innheimta þetta fé, þá er eins gott að gefa holl ráð, því að krókaleiðir eru leiðinlegar. Ég tek það fram, að breyt. er um það, að Búnaðarfélagið eigi að hafa umráð yfir sjóðnum. Búnaðarmálasjóður og Búnaðarbankinn er prófsteinn á það, hvort hv. þdm. treysta stjórn stéttarfélags bænda eður eigi.

Hv. þm. S.-Þ. virtist muna það, að nú er föstutími og að lesin sé nú píslarsaga. Hann snerist hatramlega að Búnaðarfél. Íslands og búnaðarþingi. Auðheyrt var á honum, að hann vildi refsa þessum stofnunum. Þessi hv. þm. sagði, að búnaðarþingsmenn hefðu verið undirokaðir og neyddir til eftirgjafar á kjötverði í fyrra hér á landi, og hann talaði einnig um óheimild okkar á búnaðarþingi til þess að ganga inn á þetta, en ég verð að segja þessum þm. það, að áður en þessi ákvörðun var tekin á búnaðarþingi, þá var ég búinn að halda 3 fundi um málið í mínu kjördæmi, áður en þetta var samþykkt. Hann áminnti einnig búnaðarþing og Búnaðarfélagið um að skipta sér ekki af því, sem þeim kæmi ekki við. Nei, þeir munu ekki láta hv. þm. S.-Þ. skapa sér reit.

Þá var þessum hv. þm. tíðrætt um hin nýju bændasamtök, sem stofnuð voru að Laugarvatni, og þótti það ærið í ráðizt, að búnaðarþing sagði ekki já og amen við þessum samtökum. En hvernig var þetta? Var ekki læðzt hér beint inn á starfssvið Búnaðarfélagsins, og var það ekki meiningin, að Búnaðarfélagið kysi menn á þetta þing? Ef svo hefði ekki verið um hnútana búið, þá hefði búnaðarþing ekki skipt sér af þessum samtökum. Mér skildist á þessum hv. þm., að ráðunautarnir væru teknir af Búnaðarfélaginu og settir upp í stjórnarráð og sætu þar án þess að vera á vegum félagsins. Þetta er svo mikil fjarstæða, að hún er ekki svaraverð, og ég verð að segja það, að þessi hv. þm. hefur oft verið nær sannleikanum áður en nú í þessari síðustu ræðu sinni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er fátt, sem ég þarf að segja, og mun ég ekki tefja mikið, því að hv. þm. Barð. og hv. þm. Dal. hafa svarað hv. þm. S.-Þ. svo rækilega, að það er að bera í bakkafullan læk að bæta hér miklu við. Þó eru hér örfá atriði, sem ég þarf að minnast á, þar sem hv. þm. S.-Þ. fer með sögulegar skekkjur, sem ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta, þótt þessi lestur hans sé nú orðinn margupptugginn bæði í „Ófeigi" og er 4. eða 5. lestur hans hér í þessari hv. d., eins og hv. þm. Barð. komst að orði.

Þá er það fyrst um eftirgjöfina á kjötverði. Búnaðarfélag Íslands samþykkti eftirgjöfina, 9,4%, vegna ógangna í dýrtíðarmálunum, en vildi ekki skipta sér af, hverjir voru í ríkisstj., og hann talaði um það, að búnaðarþingsfulltrúarnir hefðu verið án umboðs. Þetta er rangt. Búnaðarþingsfulltrúarnir komu með umboð, t. d. Helgi í Leirhöfn, fulltrúinn úr Eyjafirði og fleiri. Þetta er því rugl í höfði þessa hv. þm. og er því aðeins til þess að halda uppi áróðri gegn Búnaðarfélagi Íslands. Þá má minna á, að samkomulagið, sem gert var af ríkisstj., hefur verið svikið með því, að dýrtíðin hefur verið látin hækka og það hefur farið fram, sem oft hefur verið lýst. En þá virðist einkennileg ályktun hv. þm., að snúast gegn flokknum og búnaðarþingi, sem gerði þessar ráðstafanir af þjóðarnauðsyn, til þess að koma í veg fyrir, að dýrtíðin yxi atvinnulífinu yfir höfuð, — þ. e. Framsfl. Þeir, sem hafa svikið þessar samþykktir, sem gerðar voru á búnaðarþingi, það eru fyrst og fremst jafnaðarmenn, sósíalistar og sjálfstæðismenn, sem að ríkisstj. standa, því að það blandast ekki málum, að þeir tóku við framkvæmd í þessa átt, og er ekki dregið í efa, að þær samþykktir, sem búnaðarþing gerði, og það tilboð, það var raunverulega misnotað eins og hægt var að misnota það. Ég skal ekki fara inn á þær deilur, sem stéttarsamtök bænda eiga í við hæstv. landbrh., sem reyndi að draga af bændum þær uppbætur, sem þeir eiga samkv. l. frá 1944, og endirinn verður sá, að þeir verða að fara í mál við stj. til þess að bændur nái rétti sínum. En það mun alls ekki um það deilt, að þeir, sem hafa brigðað því samkomulagi, sem gert var við búnaðarþing, það eru einmitt þessir flokkar, en þá virðist það því einkennilegra, að þessi hv. þm. snýst fyrst og fremst með þessum flokkum í öllum þeirra ofsóknum á hendur bændum í þessu máli viðkomandi búnaðarmálasjóði, búnaðarráði og mörgum fleirum, en gegn Framsfl., sem viðurkennt er, að hafi í engu brugðizt í þessu máli. Þetta ætla ég ekki að minnast á nánar nú, en

þetta eitt út af fyrir sig er áreiðanlega merkilegt umtalsefni, sem síðar verður rætt. En þetta efni allt, sem hv. þm. flutti hér, kemur sáralítið þessu atriði við, og tel ég ekki rétt að misbjóða hv. þd. og hæstv. forseta með því að rekja nema í örstuttu máli þessi atriði, sem hv. þm. dró hér inn í umr. — Hv. þm. sagði, að á fundunum austanfjalls hefðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn gefið í skyn, að það mundi verða mynduð stj. framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Þetta er, eins og um starfsemi búnaðarþings, óeðlilegur heilaspuni hv. þm., því að það var tekið fram á öllum fundunum, að þetta væri laust við alla stjórnarmyndun, og ég man það sérstaklega um fundinn á Selfossi, að þegar ég var spurður um þetta, þá sagði ég, að þetta kæmi stjórnarmyndun ekkert við. Þegar búnaðarþingsfulltrúarnir spurðu, hvort stjórnarmyndun stæði þarna á bak við, þá var þeim sagt, að þetta stæði ekki í sambandi við neina ákveðna stjórnarmyndun, svo að þetta er skáldskapur, sem svo oft hefur verið endurtekinn, að hv. þm. virðist sjálfur vera farinn að trúa því. Enn kemur fimmta eða sjötta brenglunin á staðreyndum. Hv. þm. segir, að hv. þm. V.-Sk. hafi lýst því yfir við keppinaut sinn þar austurfrá, að hann mundi ekki bjóða sig fram á móti honum við næstu kosningar, — svo mikil hafi blíðskaparmælin verið milli þeirra út af þessu samkomulagi, og átti það að vera í framhaldi af eftirgjöf Búnaðarfélagsins. Þetta er sami heilaspuninn, því að þessi yfirlýsing var gefin í sambandi við það, að umræddur þm. skrifaði bréf um kollsteypu Sjálfstfl. varðandi stjórnarmyndun og lýsti því með átakanlegum orðum, og þegar hv. þm. V.-Sk. sá bréfið, lýsti hann því yfir, að ef bréfritarinn stæði við það, sem hann hafði skrifað í bréfinu, og breytti pólitískt í samræmi við það, þá mundi hann ekki bjóða sig fram á móti honum. Í sambandi við þetta er talið, að þessi yfirlýsing hafi verið gefin, án þess það sé vitað með nokkurri vissu, hvort þessi orð hafa verið töluð. Nú veit maður ekkert um það, hvernig bréfritarinn, þm., sem þarna á hlut að máli, muni standa við það, sem hann hefur um Sjálfstfl. ritað í þessu bréfi, — ég geri ráð fyrir, að það verði bráðum birt, og þess vegna er ekkert sýnt um það, hvernig þetta muni enda, viðskiptin milli þessara tveggja þm.

Ég nenni ekki að fara nánar inn á svo kallað sex manna nefndar verð og það, sem ég hef um það sagt og núv. forsrh. Því hefur verið haldið fram 10—20 sinnum, að bændur hafi átt kröfu á ákveðnu verði samkv. sex manna nefndar verðinu, kröfu á ríkissjóð. Þetta er hin mesta firra, og mig undrar, að menn, sem sitja hér á Alþ. og meta þingmannsæru sína nokkurs og lesa l. frá þinginu, skuli halda öðru eins og þessu fram, að bændur hefðu átt að byggja kröfu sína á ríkissjóð samkv. þessum l. Það ber að segja hið sanna, að það, sem þeir áttu kröfu til, eins og ég geri ráð fyrir, að hver þm. viti, það var það, að þeir áttu kröfu til þess að ná sex manna nefndar verði með því að setja svo hátt verð á vörur á innlendum markaði, að þeir gætu fengið fram yfir sex manna nefndar verð og notað það til þess að bæta upp vöruna, sem seld var til útlanda, og það var talið, að það þyrfti að setja 18 kr. á kjötkg. 1944 til þess að ná sex manna nefndar verðinu. Það boðaði kjötverðlagsnefnd. Þess vegna var það, þegar sett var haustverð, þá kom stj. og sagði: Þið setjið ekki verðið nema í samráði við okkur, — og þá varð samkomulag um, að innlenda verðið skyldi vera lægra, gegn því, að ríkisstj. tæki ábyrgð á verði þess útflutta. Þetta var gert til þess að koma í veg fyrir það, að dýrtíðaraldan risi svo hátt, að framleiðslan stöðvaðist. Þetta gerði Jón Árnason 1943. Kjötverðlagsn. fór ekki til ríkisstj. og sagði: Við viljum setja okkar ákveðna verð á innlendum markaði. — Ef það hefði verið í l., að bændur hefðu átt kröfu á sex manna nefndar verði, þá hefði verðlagsn. 1944 og Jón Árnason svikið hlutverk sitt. En vitanlega var þetta ekki gert, vegna þess að það var aldrei neinn stafur í l. um þetta annað en það, sem ég hef greint, að bændur höfðu rétt til að setja innlenda verðið svo hátt, að þeir hefðu von um að fá sex manna nefndar verðið. Það, sem við sögðum um þetta, ég og hæstv. forsrh., var þess vegna lögfræðileg staðreynd, og mig undrar, að það skuli vera gerð tilraun til þess að halda þessu fram hvað eftir annað.

Þá fara að styttast þessi atriði, sem ég þarf að leiðrétta. Hv. þm. sagði, að ég hefði á miðstjórnarfundi hjá Framsfl. sagt, að samvinnufélögin og Búnaðarfélagið væru sköpuð af Framsfl., og gefið það í skyn, að efling þessara stofnana væri efling Framsfl. Það hefur komið fyrir, að þessi hv. þm. hafi ekki farið nákvæmlega með sögulega atburði og staðreyndir, það hefur komið fyrir hann eins og aðra, að staðreyndir hafi lítils háttar skolazt til í meðförunum, þó að ekki væri þriðji aðilinn til þess að bera á milli. En þessi orð eru, alveg eins og það, sem hv. þm. sagði um þm. V.-Sk., Búnaðarfélagið o. fl., gripin úr lausu lofti. Ég hef aldrei talað þau; alveg þvert á móti er þetta öfugt við staðreyndir. Ég minntist á þessi félög, samvinnufélögin og Búnaðarfélagið, og tók það fram, að vitanlega ættu bæði þau félög að vera ópólitísk, en það, sem Framsfl. fyrst og fremst gerði, ekki sízt fyrir íslenzka bændur, væri að efla ópólitísk félagssamtök þeirra, og minntist á, hvað það væri ánægjulegt, hversu vel hefði tekizt að halda samvinnufélögunum og Búnaðarfélagi Íslands ópólitískum hin síðari ár. Svo að þetta er alveg öfugt við það, sem hér er borið fram. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta og efast ekkert um það, að þegar hv. þm. S.-Þ. heyrir þessa leiðréttingu, þá muni hann ekki endurtaka þetta.

Svo kem ég að öðru atriði, sem kom málinu enn minna við, og ætla ég að segja um það aðeins fáein orð. En áður en ég kem að því, vildi ég aðeins segja það, þar sem hv. þm. minntist á snerru okkar hæstv. menntmrh., að ég held satt að segja, að þessari snerru, sem átti sér stað milli mín og hæstv. ráðh., sé gert allt of hátt undir höfði og okkur báðum sögupersónunum með því að minnast svo oft á þetta sem hv. þm. gerði, — þetta, sem gerðist hér í hliðarherbergjum þingsins. Hv. þm. vitnaði í Alþingi hið forna í þessu sambandi, en ég held, að það

þurfi ekki að fara svo langt, ég held að það þurfi ekki að fara nema aftur til þingsins í þessum sölum til þess að sjá, hvað þessi snerra okkar hæstv. menntmrh. er lítilfjörleg og eiginlega okkur til minnkunar, og ætla ég, að flestir séu svo sögufróðir í sögu þingsins, að þeir viti það, — svo maður tali nú ekki um viðureignina áður en þingið fluttist til Reykjavíkur, þetta var þá allt myndarlegra, enda við því að búast, þar sem þetta voru miklu merkari menn en við — eða ég. En nú sýnist þetta allt standa til bóta, því að á milli stjórnarflokkanna er það þannig, að í staðinn fyrir að vera að þessu krukki í hliðarherbergjum, þá slást menn nú, eins og t. d. vestur á Ísafirði, og ég sé, að blöðin eru farin að tala um það, Alþýðublaðið, Þjóðviljinn og Morgunblaðið, að eiginlega sé sár vanlíðan í stjórnarliðinu, vegna þess að þeir geti ekki hver um sig gert hinn höfðinu styttri, svo að þessi snerra okkar er eiginlega orðin sér til minnkunar, enda heyri ég sagt, að hæstv. menntmrh. hafi síðar farið þeim orðum um hana, — hann hefur eiginlega sagt um hana svo skemmtilegan hlut — að ég virði hann miklu meira fyrir.

Að því er snertir það flokkslega í þessu máli, þá vil ég segja þetta: Hv. þm. minntist á það, að við, hæstv. núv. forsrh. og ég, hefðum skrifað greinar, sem væru alveg eins, um 9,4%. Ég skal ekkert um það segja, en ég er að hugsa um að taka upp alveg sama siðinn eins og hæstv. forsrh. viðhafði í Nd., þegar uppreisnin átti sér stað gegn ráðh. Þá svaraði hann eitthvað á þá leið, að hann svaraði þm. ekki neinu, en sagði, að hann skyldi bara koma á flokksfund, þar væri vettvangur til þess að ræða málin, og þar með var þeirri ofanígjöf lokið. Ég vil taka mér ráðh. til fyrirmyndar og segja við hv. þm. S.-Þ.: Komdu á flokksfund og ræddu málið þar, þar er sá rétti vettvangur. Það er ekki hér, sem á að ræða um þessi mál, þó að hæstv. forseti hafi verið svo góðviljaður að leyfa það.

Jónas Jónsson: Ég vil reyna að leiðbeina þeim hv. þm., sem búa við Breiðafjörð, um það, hvernig þetta réttlætismál bændanna getur gengið á þann bezta hátt, sem ég hef líka sýnt þeim fram á. Það, sem hér liggur fyrir, eins og allir vita, er það, að það er lagður skattur á bændur, t. d. í Dalasýslu, sem nú sem stendur er dreginn saman í Reykjavík hjá Búnaðarfélaginu og á að vera til þess að liðsinna bændum um ræktun og allt mögulegt. Ef hann er notaður á þennan hátt, eins og til er ætlazt, mundu verða veittar úr þessum sjóði töluverðar summur, t. d. í kjördæmi hv. þm. Barð. eins og í Dalasýslu og annars staðar. Þess vegna get ég ekki skilið það, að þeir finni ekki, að þarna er tilgangurinn að senda þetta beint frá miðstjórn í Reykjavík. Hitt er auðvelt fyrir kjósendur hv. þm. Barð. að segja, að þetta eigi allt að fara í ræktun, og þess vegna er ekkert, sem bannar okkur að nota þetta beint. Ég veit, að þessir tveir þm. bera þessi kjördæmi fyrir brjósti, og þá hljóta þeir að vera ánægðir yfir því að vita, að bændur fá þessa peninga til þess að auka við þær framkvæmdir í ræktunarmálum, sem þeir hafa þegar gert. Eitt af því, sem gert er með þessu frv., er að veita þeim störfum, sem nú eru gerð, frá Reykjavík til búnaðarsambandanna, og ég trúi ekki öðru en hv. þm. hallist að þeirri skoðun, að það sé ekkert á móti því að skapa nokkuð meiri heimastjórn í þessum efnum en verið hefur. Þetta er lítil byrjun, en getur orðið miklu meira, ef það fer svo sem ég hef varað við, að Búnaðarfélagið komist inn í fína stofu í stjórnarráðinu, og Búnaðarfélagið hefur eiginlega siglt hraðbyri inn í stjórnarráðið, en þetta er óeðlilegt, þar sem Búnaðarfélagið er ekki stofnað sem flokkslegt atriði.

Af því að hv. þm. Dal. er svo mikill ræktunarmaður, þá vil ég benda honum á, án þess að ég ætli að fara að kenna honum búskap, að ef hann fengi þessa peninga, þá held ég, að það væri gott að nota þá til þess að kenna ungum bændum að fara með vélar. Það er ekki nema gott um það að segja, að menn í sveitum fái bíla, einkum ef hægt er að nota þá til jarðræktarframkvæmda, en það er líka nauðsynlegt að kenna mönnum að fara með þessi tæki, og ég sé ekki, hvar sýslusjóður á að hafa peninga til þess. Þess vegna held ég, að það væri gott að nota þessa peninga á þennan hátt.

Þá sagði hv. þm. Barð. — og nefndi tvo sjóði, — að það væri óviðeigandi að fara að skipta þessum sjóði upp. Mér er sérstaklega kunnugt um fiskimálasjóð og að stjórn hans hefur fengizt við fiskimál alveg ópólitískt, og þess vegna hafa stjórnirnar fengið að njóta sinna góðu daga í vinsemd.

Hv. þm. Str. hefur nú ekki notað sinn náttúrlega vaskleika eins og hann er vanur, en mér finnst það heldur yfirlætislaust af honum að gera ráð fyrir því, að kynslóðin yrði svo hægfara sem hann vék að. Það er ómögulegt að neita því, að það var velgerð við hæstv. forsrh., að losa hann við að draga þessar 8 millj. út úr hinum frægu rottuholum. Ég veit, að bændur eru hjálpfúsir, en þessu trúir enginn, að þeir gefi eftir 8 millj. kr. af sínum réttmæta hlut og án nokkurra skilyrða. Fimm menn úr Sjálfstfl., þar á meðal tveir, sem eru bundnir margra ára vináttu við Sjálfstfl., sögðu líka: Við erum ekki með. — Ég þekki þm. Borgf., og það er ekkert fjær honum en brigðmælgi, og því mundi hann styðja þá stjórn, sem sjálfstæðismenn eru í, ef eitthvað hefði ekki komið fyrir. En hvað hafði komið fyrir? Því hafði verið lofað, að mynduð yrði stjórn, sem kommúnistar yrðu ekki í, stjórn ábyrgra flokka. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Str. að segja annað. Hann fer hörðum orðum um hæstv. forsrh., en það var þá skrýtið, að þeir skyldu renna saman í sláturtíðinni, um það leyti, þegar ég boðaði fund á Selfossi. Þá var haldið herráð í þinginu, og mér er sagt, að beztu menn flokkanna sluppu, einungis fyrir vaskleika sinn, frá því að fara með. Hvað áttu þessi fleðulæti að þýða? Ég boða fund, og þeir senda þangað herráð, eins og þegar Hitler var sem voldugastur, og mér er sagt, að það hafi verið brennivín með í bílnum. Og þegar maður lítur á þetta samkomulag Framsfl. og Sjálfstfl., þá er eins og þeir hafi gengið á gylltri brú, því að ærumeiðslin hafa gengið bæði á undan og eftir. En hv. þm. Str. hlýtur að gera grein fyrir sínum

hlut í þessu. Þetta eru hlutir, sem allir vita. Hvaða erindi áttu hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. S.-M. austur á þennan eina fund? Þá voru þeir góðir vinir. Þá fóru þeir heim eins og nýtrúlofað par, — en trúlofun getur bilað. Og það var þetta, sem gerðist. Núverandi kvislingur, hv. þm. A.-Húnv., var trúlofaður 2. þm. S.-M. Hvað gátu þeir viljað? Bændur gátu ekki annað séð en þeir mundu mynda stjórn og urðu „skúffaðir" eftir allt þetta dufl og daður, sem svo varð ekkert úr, allt svik og prettir. Ég vil ekki móðga þessar persónur með því að segja, að þeir hafi ekki meint eitthvað með þessu.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta, því að hitt vita allir, að haldnir voru stöðugir fundir í Búnaðarfélaginu heima hjá Páli Zóphóníassyni. Og þessir menn sýndu fram á nauðsyn þess og hvað það væri mikils virði fyrir föðurlandið að gefa eftir þessar 8 millj. kr. En þeir höfðu enga heimild til að gera þetta. Ég hefði aldrei ráðlagt bændum að gera þetta, heldur að láta aldrei undan fyrr en það væri gert, sem þeir vildu.

Hv. þm. Str. sagði, að 3 flokkarnir hefðu svikið bændur. Þetta er sama tækniorð og hann hafði um mig í Tímanum. En ég sé ekki, að það sé nokkur brú í þessum ásökunum. Það er ómögulegt annað en að fríkenna menntmrh. af þessu og hans flokk. Það er aðeins hægt að ásaka þann hluta Sjálfstfl., sem fór í stjórnina. Það er ekki hægt að áfellast fimmmenningana; þeir hafa sýnt, að þeim var alvara. Þá sagði hv. þm. Str., hvaða örlög mundu bíða mín, — það voru grimm örlög. Enn fremur sagði sami hv. þm. um sex manna nefndarálitið, að það væri tóm vitleysa. Ég vil biðja hv. þm. um að líta í Tímann og Morgunblaðið og sjá þar hinn yfirstreymandi fögnuð yfir því, hvaða dásemdar úrlausn þetta sex manna nefndarálit væri. Mér finnst, að þessum mönnum hafi yfirsézt. Þeir áttu að láta blöð sín segja allt annað. Sex manna nefndarálitið og réttur bænda komu upp eins og selshausinn á Fróðá. En ég vil beina því til hans sem eftirmanns míns í flokknum, að þegar Ólafur Thors yrði forsrh. og hann sjálfur í opposition, — hvaða vit var þá í því að gefa honum syndakvittun? Nú er flokkurinn í andstöðu og deilir á forsrh. Hvaða vit var þá í því að skrifa undir þetta? Hvað hefði verið betra en hafa 8 milljónirnar og sex manna nefndarálitið sem vopn, til þess að leggja með þann jötun, sem þarna situr, og segja: „Hann hefur svikið bændur."?

Forsrh., sem brosir hér til allra í dag, getur litið með velþóknun á þetta, er hann lét hv. þm. Str. leggja niður 8 milljónirnar og sex manna nefndarálitið. Ég vona, að þegar hv. þm. Str. kemur heim eftir þessar umr. og sofnar, þá segi hann við sjálfan sig: Ég skal aldrei framar láta leika á mig! — Þetta segi ég sem eldri maður, því að það mun aldrei hafa komið fyrir í allri sögu landsins, að svona hafi verið leikið á nokkurn flokksforingja í stjórnmáladeilum eins og ég gruna hæstv. forsrh. að hafa gert í þetta sinn. Það hafa verið klókindi hans að deila ekki við hv. þm. Str., þegar hann skammaði hann sem mest.

Hv. þm. Str. sagði, að sex manna nefndarálitið fæli ekki í sér neina skyldu fyrir ríkið. Það væri Alþ., sem ákvæði um þetta, og hlutur bænda væri jafngildur og annarra. Þetta er alveg rangt hjá hv. þm. Str. Sama þing og ákvað þessi l. átti þá á einhvern annan hátt að bæta þetta upp. Svona litu bændur á, og svona leit Moggginn á. Hann sagði, að þarna væri öryggi. Það var misgáningur hjá þm., er hann minntist á samvinnufélögin og búnaðarfélögin. Hann sagði það mína skoðun að láta samvinnufélögin sitja í fyrirrúmi fyrir flokknum. En kjarninn var sá, að Framsfl. hafði haft forustuna í Búnaðarfélagi Íslands og skapað það. Hann segir og, að Framsfl. hafi skapað bændasamtökin. En hann segir: Svo eru menn, sem eru á móti þessu sunnanlands. — Hann vill láta beita slíka menn hörku. Núverandi stjórnarflokkar líta einmitt á Búnaðarfélag Íslands sem vitni á móti okkur, og eins og ég benti á í dag, treystir stj. sér betur en Búnaðarfélagi Íslands, og svo er stéttarsambandið alveg undir Búnaðarfélaginu, svo að ekki treysta þeir því heldur. Það, sem að er, er það, að fyrir alþjóð manna er Búnaðarfélag Íslands alltaf lamið, því að það er neðar í brekkunni. Þeir bíða alltaf ósigur. Þess vegna eiga þeir ekki að vera að fara í stríð og ganga mót fallbyssueldinum. Mig furðar á því af greindum mönnum, að þeir skyldu ekki sjá það, að eftir 1923 var búið að kúga þá í því, að þeir réðu vali framkvæmdastjóra. Það er sorglegt, að menn, sem hafa gáfur, hafa samt lent í því að halda Búnaðarfélaginu í pólitískri streitu. Og nú vil ég nota tækifærið, vegna þess að hér inni eru margir menn og sumir þeirra eru merkir bændur. Ég vil nota tækifærið til þess að segja, hvers vegna það var svo örlagaríkt, eftir slæmri tilvísun þm. Str., að Búnaðarfélagið eyðilagði stéttarsamband bænda. Ef ég hefði haft áhrif á það, hvernig beita ætti andófi gegn stj., hefði ég spurt, hvar sprunga væri í liði Ólafs Thors. Ekki hjá krötunum og ekki hjá kommúnistum, heldur hjá 5-menningunum. Þm. Str. átti að koma með vantraust á kommúnista. Hvers vegna var það ekki gert? Vegna þess að hann bjóst við því, að Ólafur Thors ylti út úr og hann sjálfur þyrfti að fara yfir til kommúnista. Það, sem gerðist á öðru ári utanþingsstjórnarinnar, er tvennir 14 komu fram og fengu Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson og mikinn hluta bæjarmanna úr Sjálfstfl., var, að þá var verið að þoka bændum saman um sín mál. Á móti þessu reis þm. Str. af alefli, og var það eitt hans mesta óhapp. Ef hann hefði þolað það, að bændur efldu samtök sín, án þess að hann dreymdi nokkuð um völd, þá hefði hann ekki þurft að koma með þetta vantraust nú. En það er enginn dugur í þessu andófi. Einu hjálpinni til framsóknarmanna, 5-menningunum, hefur þm. kastað á glæ og vildi ekki taka afstöðu með bændum. Það er langt frá því, að mig langi til þess að styðja Morgunblaðið í árásum þess á vitsmuni hv. þm. Str., en nú bara neyðist ég til að viðurkenna það, sem blaðið hefur haldið fram.

Í stéttarsambandi bænda hefur þm. fengið nokkra af 5-menningunum með sér. Ef þeir vildu rísa gegn Pétri Magnússyni vegna þess að hann hefur tekið verðlagningarvaldið úr höndum bænda, sem ekki var auðvitað hægt að þola,

þar sem duglegir bændur eiga í hlut, þá var aðeins einn hlutur, sem gat komið Pétri Magnússyni í vanda, og það var stofnun alveg óháðs stéttarsambands bænda. Ekki pólitísks sambands, heldur málefnalegs. Ef sá kraftur hefði verið lagður frá Búnaðarfélagi Íslands og að fengnum þessum liðsauka, þá hefðu bændur eins getað gert verkfall og Sigurður Guðnason gerði. Ágúst í Birtingaholti hefði þá getað komið til landbrh. og sagt við hann: Viltu fá mjólk eða ekki næstu viku? — eins og Sigurður Guðnason sagði, og hugsa ég, að tvær grímur hefðu runnið á landbrh. Bændum hefðu auðvitað aldrei dottið í hug að setja verðið úr hófi fram hátt. Þm. Str. hefur nú látið forsrh. fá bæði 8 milljónirnar og sex manna nefndarálitið.

Það hefði verið lafhægt fyrir núv. ríkisstj. að fara miklu verr með bændur en hún hefur gert, því að þeir hafa handónýtt Búnaðarfélag Íslands og stéttarsamband. Það er nefnilega þannig með þm. Str., að hann kann ekki að tefla, þegar hann þarf að tefla einn.

Við hæstv. forsrh. höfum oft skammazt og sýnt hver öðrum klærnar í 20 ár. En eftir að samstarfið tókst milli þriggja flokka, reyndi ég hann aldrei að því að reyna að beita mig brögðum. Ég verð að segja það, að ég er hissa á því, hvers vegna þm. Str. hefur ekki getað unnið með forsrh. Ég áleit af minni reynslu, að aðrir gætu unnið með honum. Ég held, að þm. Str. hafi haft eitthvað óhentugan máta í skiptum sínum við Ólaf Thors. Þrátt fyrir þetta mun ég pólitískt greiða atkv. með vantrausti á móti Ólafi Thors.

Hv. þm. Str. eyddi miklum tíma í að ræða um handalögmál sín við menntmrh. og þótti þau lítilfjörleg. En ég held, að þetta sé sögulega skakkt. Mér hefur alltaf virzt það verða mönnum til ófarnaðar að gefa kinnhesta, og ég skal taka þrjú dæmi úr Íslandssögunni. Þegar Gunnar á Hlíðarenda gaf Hallgerði kinnhestinn, þá kostaði það hann lífið. Þegar Hermann Jónasson gaf Brynjólfi Bjarnasyni kinnhest, þá kostaði það hann ráðherradóm, og á Ísafirði kostaði það Hannibal Valdimarsson meiri hluta í bæjarstjórn, þegar hann gaf Sigurði Bjarnasyni kinnhestinn. Ég vona nú, að þessir frægu menn, Gunnar, Hermann og Hannibal, láti sér þetta verða til varnaðar og búi betur að Hallgerði í öðrum heimi. Um meðferðina á núv. ráðh. er mál betra, og fer hann betur frá þessu. En þm. Str. segir, að þetta hafi verið íslenzkur löðrungur, og gefur það tilefni til þess að ætla, að hann hafi verið vel úti látinn.

Ég get varla látið hjá líða í þessu sambandi að minnast á, hvað það var, sem kom Framsfl. til að hafna boði Sjálfstfl. 1942. Ég tel rétt, að þetta komi fram sögunnar vegna, að þótt Sjálfstfl. hafi margar syndir að bera, þá er hann saklaus í þessu tilfelli. Nú hafa hinir sömu menn, sem á sínum tíma höfnuðu samvinnu við Sjálfstfl., gert það að flokksmáli að fella þetta frv., og þar eð ég hef neitað að hlýðnast þessu, hefur verið skotið á mig úr byssu, sem er álíka kraftmikil og notuð var á kolluna forðum, enda fer það nú líklega svo, að ég lifi ekki síður en kollan.

Það hefur verið borið út um allt land, að ég hafi álíka og Snorri á Helgafelli haft í frammi klókleg ráð og sé nú orðinn margfaldur svikari við bændastéttina í þessu máli. Nú var það vitað af flokksbræðrum mínum, að ég stóð með Sunnlendingum og á móti Búnaðarfélaginu í þessu máli, og þeir gátu búizt við, að ég sviki ekki þá, sem ég hafði stutt. Kannske hryggir það hv. þm. Str., þegar ég segi honum, að ég hélt 300 manna fund norður í Þingeyjarsýslu, og voru þar allir á einu máli um frjáls bændasamtök, og þótt þessi hv. þm. vilji beita hér sinni handjárnapólitík án þess að geta fært rök fyrir máli sínu, þá hlýtur hann að skilja, að hann getur ekki sótt mig til sektar fyrir það að svíkja ekki kjósendur mína, og greiði ég hér atkv. samkv. því.

Nú vil ég að lyktum lýsa því yfir, að þar sem þeir menn, sem nú hyggjast beita við mig handjárnapólitík, hafa þrásinnis brotið stöðulög síns flokks, tel ég mér ekki skylt að hlýða þessum skipunum og skal því segja hv. þm. Str. það, að ég greiði atkv. með þessu frv. Í fyrsta lagi af því, að ég tel það rétt, í öðru lagi af því, að ég tel, að bændur hafi þegar orðið fyrir nægu ranglæti, og í þriðja lagi af því, að mér er kunnugt um, að bændur í Þingeyjarsýslu vilja frjáls stéttarsamtök. Jafnframt og ég lýsi þessu yfir, vil ég minna hv. þm. Str. á kenningu eftir Herbert Spencer, þar sem hann heldur því fram, að brotið sjálft eigi að framleiða hegninguna. Þar sem þessi hv. þm. hefur þrásinnis brotið grundvallarlög flokks síns, getur hann ekki búizt við, að aðrir virði þau lög, og má nú gjalda þess. Ég vænti, að hann hafi nú lært, að það borgar sig ekki, lært, að hegningin hittir þann seka.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. S.-Þ. hefur nú, ætla ég, þurft hátt á þriðju klst. til að gera grein fyrir atkv. sínu. Mér þykir því sem það muni ekki reiknað mér til syndar, þótt ég noti stutta stund til að gera grein fyrir mínu atkvæði, þótt ég hins vegar muni láta það nægja, að það komi fram, að ég tel, að það mál, sem hér er um deilt, sé hreinasta hégómamál, og hirði því ekki um að greiða atkv. — Hinu skal ég ekki neita, að mér þykja fróðlegar upplýsingar flokksforingja Framsfl., þeirra þm. Str. og þm. S.-Þ., og þá ekki sízt um samningana við Sjálfstfl. 1942, sem hv. þm. S.-Þ. hefur nú upplýst, að áttu sér stað, þótt atvikin háttuðu því svo, að ekkert varð af þessum samningum. Enn fremur er fróðlegt að heyra, hvernig samkomulagið er á þessu flokksheimili, þó að óneitanlega væri viðkunnanlegra, að leiðtogarnir gerðu upp sínar sakir á flokksfundum heldur en færa slíkar umr. hér inn á Alþingi.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gefa hv. þm. S.-Þ. mörg heilræði, en eitt vil ég þó gefa honum, og það er það, að ég held, að það væri honum hollt að gæta að því, að hverju er hlegið, þegar hans nýju samherjar hlæja hér í salnum í kvöld. Það er naumast hægt að hugleiða sögu hv. þm. S.-Þ. og framkomu hans nú upp á síðkastið án þess að sjá, hve afstaða hans verður í senn brosleg og

raunaleg. Sumum kann e. t. v. að detta í hug, að um einhver sannindi sé að ræða varðandi samninga milli Sjálfstfl. og Framsfl., eins og hv. 3. landsk. þm. vildi gefa í skyn, en ég vil upplýsa það, að þetta er einber heilaspuni, og má því til sanninda fletta upp í flokksbók Framsfl. Þar stendur ekki eitt orð um slíka samninga. Það var tilboð frá Sjálfstfl. og Alþfl., sem kannske er undirrót þessa orðasveims, en hv. þm. S.-Þ. virðist hafa allt annan hugsanagang en aðrir mennskir menn, þegar hann leitast við að finna óskum sínum og vonum stað í veruleikanum, og af þeirri ástæðu er framburður hans í þessu máli svo fjarri öllum sanni eða rökréttri hugsun. Þegar hann þrástagast á trúlofun, sem átt hafi sér stað 1942, kemur mér í hug saga um kerlingu, sem alltaf og ætíð sá trúlofaðar persónur, án þess að nokkur hæfa væri í slíku. Þannig fer hv. þm. S.-Þ. Hann sér trúlofanir, sem eiga sér enga stoð í veruleikanum og aldrei hefur verið til stofnað.

Það er allskoplegt að heyra nú, hvernig hv. þm. S.-Þ. talar um hæstv. forsrh., þennan góða, gráhærða, virðulega mann. Ja, öðruvísi mér áður brá. Það var öðruvísi lýsing á honum og flokksbræðrum hans, sem hv. þm. S.-Þ. gaf um þær mundir, sem hann hóf stjórnmálaferil sinn, og lýsing sú, sem hæstv. forsrh. hefur gefið af hv. þm. S.-Þ., er á þá lund, að ég treysti mér ekki til að hafa hana hér eftir. En það, sem var eftirtektarverðast í ræðu hv. þm. S.-Þ., var sá mórall, sem þar kom fram samhliða ofsjónunum, en hann er á þá lund, að hæstv. forsrh. er öfundsverður af því, að hann hefur fengið þm. Str. til að trúa sér og síðan brugðizt trausti hans. Þessi góði, gráhærði, virðulegi maður getur vissulega brosað að slíkum móral í ræðu hjá fornum andstæðingi, enda mun þetta vera eitt hörmulegasta vitni þingsögunnar um, hvert menn geta látið leiðast af hinum lægri hvötum.

Þá kem ég að því, þegar hv. þm. S.-Þ. tilfærði orð heimspekingsins Herberts Spencers, að sá vegur væri til að láta afbrotið sjálft leiða af sér hegninguna. Og það væri alltaf vís og örugg leið. — Ég mundi ekki telja mig öfundsverðan, ef ég væri kominn í ráðherrasæti á þann hátt, sem hv. þm. S.-Þ. lýsti, að hæstv. ráðh. væri kominn í það. En þessi mórall út af fyrir sig er dálítið einkennilegur. Og það er ekki rétt að láta hann fara fram hjá sér hér á spjöldum sögunnar án þess að vekja athygli á honum. Og ég verð að segja, að þegar litið er á önnur atriði þessa máls, þá verður þetta dálítið hvað öðru líkt. Það er ekki efi á því, að hæstv. ráðh. hefur gert talsvert að því að koma vingjarnlega fram við þennan hv. þm., og það kann að hafa laðað hann að honum. En þegar maður lítur á viðhorf þessa sama hv. þm. gagnvart Búnaðarfélagi Íslands og bændasamtökunum í landinu, þá verður þetta sama ofan á. Það eru fáir menn í svo kallaðri Selfosshreyfingu, sem fengizt hafa til þess að aðhyllast skoðanir, sem hv. þm. heldur fram viðkomandi viðhorfi bænda í bændasamtökunum, viðkomandi svo kallaðri eftirgjöf á afurðaverðinu. Og þessir menn eru — eins og hv. þm. tók hvað eftir annað fram, þegar hann lýsti atkvgr. í þessu máli, — menn, sem hann, að vísu að því er virtist óvart, sagði, að hann færi ekki að svíkja, þ. e. Selfosshreyfinguna. En Búnaðarfélag Íslands, með öllum þeim bændum, sem það hefur á bak við sig, það, sem hv. þm. S.-Þ. var einu sinni í mesta vinfengi við, það er nú óalandi og óferjandi, vegna þess að það vill ekki beygja sig undir hans vilja. Það var mikið skrifað til undirbúnings undir svo kallaða bændahreyfingu og bændasamkomuna á Laugarvatni. Hvernig fór það? Þar átti að koma fram nýr flokkur. Hv. þm. S.-Þ. kom þar. En mestu meðhaldsmenn Selfosshreyfingarinnar sögðu, að hann hefði aldrei átt að sýna sig þar. Hann sýndi sig þar og talaði þar, — en sigraði ekki. Það vildi næstum enginn á bændafundinum líta við stefnu hv. þm. S.-Þ. viðkomandi bændasamtökunum. Þess vegna urðu bændasamtökin, sem búið var að skrifa um mánuð eftir mánuð á þá leið, að þau mundu vekja nýja öldu í landinu, óalandi og óferjandi í augum hv. þm. S.-Þ., þegar sýnt var, að þau vildu ekki aðhyllast skoðanir hv. þm. S.-Þ. — Í Þingeyjarsýslu segir hv. þm. S.-Þ., að samþ. hafi verið með yfirgnæfandi meiri hluta, eins og á Selfossfundinum, mótmæli gegn 9,4% lækkuninni og annað í samræmi við það, sem hér er verið að prédika. Þetta getur verið. En einkennilegt er, að þegar kosnir eru menn úr kjördæmi þessa hv. þm. á fund bænda, þá voru kosnir tveir aðalandstæðingar hv. þm. S.-Þ. og Selfosshreyfingarinnar og þess að hafa bændasamtökin eins og hv. þm. S.-Þ. vill, þeir Björn frá Brún og Jón frá Gautlöndum. Og fyrst hv. þm. S.-Þ. fer út á það svið að ræða um þetta mál, þá verður að segjast, að sannleikurinn er sá, að það er næsta athyglisvert fyrir hann sjálfan, að flestir þeir menn og flestar þær stofnanir og flestar þær hreyfingar, sem hann áður var vinveittastur, hvort sem litið er á ungmennafélögin, Búnaðarfélag Íslands eða þær nýju hreyfingar, sem hann er að reyna að stofna, hvort sem litið er á slíkar hreyfingar eða menn, sem hafa verið í svipaðri afstöðu um vinfengi við hann, þá stendur þetta allt öfugt nú gagnvart honum við það, sem var. Og ég held, að það væri áreiðanlega þess vert fyrir hv. þm. S.-Þ. að fara að hugleiða þetta og hugleiða það, hvort sá hlátur, sem hann heyrir undir sínum ræðum hér hjá áheyrendum, er ekki að einhverju leyti kuldahlátur. Það er stundum gaman fyrir andstæðinga að heyra menn éta ofan í sig flest eða allt það, sem þeir hafa sagt og byggt upp á langri ævi.

Ég veit náttúrlega ekki, hvort ég man eftir því að mótmæla öllu því, sem hér kom fram hjá hv. þm. S.-Þ. af staðhæfingum og ósannindum. Það er t. d. eitt, að hv. þm. sagði, að hv. þm. V.-Sk. hafi lýst afdráttarlaust yfir, að hann hafi ekki ætlað að bjóða sig fram til þings á ný. Þetta er algerlega ósatt, eitt af því í ræðu hv. þm. S.-Þ., sem er gripið algerlega úr lausu lofti. Og verð ég að segja það um þennan hv. þm., að mér þykir leitt að þurfa hvað eftir annað að lýsa þessar frásagnir, sem hann kemur hér fram með, alger ósannindi. Ég hef enga ánægju af því, en það er ekki hægt að komast hjá því.

Þó að það kæmi ekki málinu mikið við, minnt-

ist hv. þm. S.-Þ. hér á kolluna, sem menn kannast mjög mikið við. Og hann sagði, að ég hefði, jú, skotið á þessa kollu, en hún hefði lifað, og eins hefði farið um hann sjálfan. Ég skal ekki neinu spá um það, hvernig fer með hv. þm., hvort hans pólitíska líf verður langt eða ekki. En ég verð að leiðrétta hv. þm. um kollumálið. Hin sögulega staðreynd er, að samkv. dómi hæstaréttar átti ég ekki að hafa sigtað á kolluna, en hún á að hafa dáið. — Og það kynni nú ekki að vera eins með þessar blaðagreinar, sem hann telur, að ég hafi skrifað. Það er a. m. k. ekki alveg víst, að ég hafi skrifað þær eða því skoti hafi verið sigtað á hann sérstaklega. En vonandi fer það þá ekki að öllu leyti um hann eins og kolluna.

Mér kemur ekki til hugar að ræða hér um flokksmál Framsfl. Það eru mál, sem hv. þm. S.-Þ. getur rætt á flokksfundum. Hann var boðaður á flokksfund, og þar gat hann rætt um þau mál.

Loks vil ég segja þetta: Það má telja einkennilegan leik örlaganna, að þetta mál skuli hafa orðið til þess að rifja upp það atriði, sem hv. þm. S.-Þ. telur höfuðsynd í lífi Framsfl. Ég álít, að það sé mjög fávíslegt að leggja áherzlu á að koma þessu máli fram, — mjög fávíslegt. Og ég vil, að það standi tvítekið í þeim orðum, sem ég segi um þetta mál. Ég er viss um það, að það líður ekki á löngu, að þessi lög verði afnumin. Og þau *skulu verða afnumin*. Ég á við þau lög, sem ég býst við, að nú verði samþ., þannig að bændur verði sviptir þeim rétti, sem þeir vissulega eiga. Það er fávíslegt vegna þess, að það er óhyggilegt gagnvart stórri stétt að sækja mál svona fast, — rangt mál. Og það má heita alveg merkilegt, að það skuli hafa orðið örlög hv. þm. S.-Þ. að fylgja þessu máli. Það er vitanlega alveg rangt hjá honum, sem þarf ekki að endurtaka hér í hv. d., að samningarnir haustið 1944 um afurðaverðið hafi verið óhagstæðir fyrir íslenzka bændur. Þeir samningar voru fyllilega hagstæðir fyrir íslenzka bændur. Og ég vil segja, að eins og þeir voru undirbúnir og með þeim réttindum, sem bændur áskildu sér, — sem þeir og munu sækja, — þá eru þeir hagstæðir, samanborið við það að þurfa að setja 18 kr. verð á kjötkg. Þessir samningar voru á allan hátt heppilegri en það. En það, sem kom á eftir þessu máli, eru svikin haustið 1945, þegar sanngirni bænda haustið 1944 er notuð til þess að níðast á þeim haustið 1945, með því að taka af þeim það vald, sem þeir áttu að hafa til þess að ákveða verð á afurðum sínum. Og þetta var gert án þess að þeir fengju nokkrar útflutningsuppbætur, sem þeir fengu samkv. samningunum um afurðaverðið árið áður. Þess vegna má það heita einkennilegt og tvenns konar leikur örlaganna, að hv. þm. S.-Þ., sem er að deila á okkur framsóknarmenn fyrir að hafa gert samning um afurðaverðið haustið 1944 eins og við gerðum, verður til þess að ganga með til þess að styðja þá sviksemi, sem bændum hefur verið sýnd með framferðinu í verðlagsmálum þeirra haustið 1945. Þ. á m. greiðir hann atkv. með því að samþ. l. um búnaðarráð, sem svipta bændur valdi til þess að ákveða verðlag á afurðum þeirra. Og það er meira, sem hér kemur til greina. Það er vitað, að þetta frv. er flutt að tilhlutun kommúnista. Þó að hv. þm. A.-Húnv. sé meðal flm., þá er frv. flutt af kommúnistum fyrst og fremst til þess að eyðileggja stéttarsamtök bænda. En hv. þm. A.-Húnv. lítur svo á, að yfir stéttarsamtökum bænda geti hann ekki sjálfur ráðið. Og með því að vera með samþykkt þessa frv. er hv. þm. S.-Þ. — jafnframt því sem hann er að deila á Framsfl. — kominn í samstarf með kommúnistum um eitt það versta níðingsverk, sem unnið hefur verið á íslenzkri bændastétt. Þetta er einkennilegt örlaganna spil. En þannig er það. Og það er vitað mál, að ef hv. þm. S.-Þ. greiddi ekki atkv. með kommúnistum í þessu ofsóknarmáli á íslenzka bændastétt, þá væri þetta mál fallið hér í þessari hv. þd. Og þetta er sami hv. þm., sem er að deila á Framsfl. fyrir það, að hann hafi rætt við kommúnista haustið 1942, þegar Sósfl. óskaði eftir því, að Framsfl. ræddi við þá. Ég held, að það gildi þá hið sama um þetta eins og það, sem ég var að lýsa með nokkrum orðum hér áðan, að það snýr einkennilega margt öfugt við nú hjá þessum hv. þm., miðað við það, sem áður var. Og af því að hv. þm. S.-Þ. gaf mér heilræði fyrir nóttina, þá held ég, — án þess að ég ætli að gefa honum heilræði, — að hann hefði gott af að hugsa um það, áður en hann gengur til svefns í kvöld, hvernig stendur á því, að menn og málefni, vinir og óvinir, þetta allt snýr nú öfugt við gagnvart þessum hv. þm. samanborið við það, sem var fyrir nokkrum árum. Þetta er spurning, sem hv. þm. hefði gott af að hugleiða, um leið og hann leggst til svefns.

Frsm. 1. minni hl. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Eftir umr., sem hér hafa farið fram, gæti aðvífandi áheyrandi haldið, að eitthvert glæpamál væri á dagskrá, fremur en venjulegt þingmál. En til þess að minna á, að svo er ekki, og til þess að ekki slitni þessar umr. algerlega úr tengslum við dagskrármálið, þykir mér viðkunnanlegra, af því að ég er frsm. fyrri minni hl. landbn., að segja nokkur orð. Hér hafa verið haldnar fleiri klukkutíma ræður, ekki um málefnið sjálft, hvernig eigi að haga útbýtingu fjár úr búnaðarmálasjóði, heldur eru það rætur gamalla synda, sem er verið að greiða hér úr og skýra fyrir þingheimi, hvaða vaxtalögum séu háðar.

Ég tel þetta mál, sem fyrir liggur til umr., ekki stórmál. Og þegar lög þessi um búnaðarmálasjóð voru fyrst samin, var ég andstæður framgangi þess máls. Ég áleit ekki rétt að klípa utan úr afurðaverði bænda og því bezt að lofa þeim áfram að hafa ráðstöfunarrétt á því, sem þeir fengju fyrir söluvörur sínar. En þrátt fyrir það, þótt ég léði því lítt liðsyrði, þá varð niðurstaðan svo sem hún varð. Og það er komið á daginn, að þessi lagasetning ætlar að verða mæðubarn. Ég vildi, að bændur fengju þetta fé sjálfir til umráða, en hæstv. Alþ. tæki ekki að sér forsorgun á þessum hluta afurðaverðs þeirra. En úr því að svo er komið, að Alþ. hefur gert þetta, þá álít ég, að úthlutunarrétturinn á þessu fé eigi samt sem áður að vera sem allra næst

heimavettvangi bændanna sjálfra. Því fjær sem sá réttur liggur heimavettvangi bænda sjálfra, því dýpra finnst mér seilzt ofan í vasa þeirra. Og þó að hér hafi blandazt í umr. um þetta mál, að þessu fé sé rétt að verja til hluta, sem nauðsynlegir eru, t. d. eins og að reisa samkomuhús fyrir bændur, þá vil ég ekki, að orð mín skiljist svo, að ég telji ónauðsynlegt, að slíkt hús verði reist. T. d. eru húsakynni Búnaðarfélags Íslands og búnaðarþings algerlega óviðunandi, svo að jafnvel skömm er að fyrir íslenzka bændastétt. Og það þarf að taka með stórhug á því máli. En fjárframlög til þess eiga að vera með allt öðrum hætti en hér er um að ræða, að vera með smánart utan úr vöruverði bænda. Ég get því fallizt á það, sem hv. 3. landsk. þm. sagði, að það er spurning, hvort þessi lagasetning væri ekki bezt komin þannig, að hún væri algerlega numin úr gildi aftur. Og ef bændur vilja veita fé til sinna eigin þarfa, þá eiga þeir að segja sjálfir til um það, hvað mest kallar að um að framkvæma hjá þeim, bæði í búnaðarfélagsskap þeirra heima fyrir og jarðræktarframkvæmdum.

Ég get ekki skilið, hvað meint er með því, er einn hv. þm. hefur sagt, að þetta mál sé flutt fyrir áhuga kommúnista og viss bændafulltrúi hafi hjálpað þeim í því. Er það þá meiningin, að það eigi að stimpla málin eftir því, hvort fulltrúar bænda flytja þau ásamt kommúnistum eða ekki kommúnistum? Ég hef haldið, að það eigi að meta þingmálin eftir málefnalegu gildi þeirra, en ekki eftir því, hverjir eru flm. þeirra. Og að þetta mál sé flutt til eyðileggingar stéttarsamtökum bænda, það fæ ég ekki skilið. Viðkomandi stéttarsamtökum bænda finnst mér, að þeir kunni að standa saman um sín hagsmunamál eins og aðrar stéttir. Og ég hef haldið, að prófsteinn á stéttarsamtök þeirra sé á allt öðrum vettvangi en hvort þessi eða hinn ráði yfir þessum hálfa hundraðshluta af söluverði afurða þeirra. Ég hélt, að hann væri á þeim vettvangi, að bændur skildu, hvað eru sameiginleg mál þeirra.

Það er ekki mitt meðfæri að halda langar ræður. Ég held, að ég gæfi upp andann fyrr en ég hefði lokið því að halda tveggja eða þriggja klukkutíma ræðu. En ég vildi bara láta þessi fáu orð fylgja úr garði áliti okkar tveggja nm. í hv. þd. Og þar sem ég tel þá málsmeðferð réttláta og óskaðlega, sem við leggjum til, þá vænti ég þess, að hv. þd. geti fallizt á niðurstöður okkar nál.

Jónas Jónsson: Ég býst við, að mín aths. verði stutt, því að nokkuð er nú liðið á kvöld.

Hv. þm. Str. segir, að ég sé mjög vinafár og menn hafi margir aðrar skoðanir en ég. Ég get sagt þessum hv. þm., að ég harma það ekkert, t. d. í því tilfelli, þó að ég hafi ekki sömu skoðanir og framsóknarmenn, þegar þeir villtust út af leið flokksins og hafa verið villtir síðan og hefur ekki tekizt að hafa nokkur jákvæð áhrif á þjóðmálin síðan árið 1942. Þá þykist ég betur farinn að vera ekki með í för þeirra, sem þannig hafa villzt í þokunni.

Hv. þm. Str. minntist á það, að Jón Baldvinsson var rekinn úr Dagsbrúnarfélaginu, og hann dó skömmu síðar. Það var álitið, að þetta hefði verið óverðskuldað meðferð, sem hefði átt þátt í því að stytta honum aldur. Ég er nokkuð líkt settur að vissu leyti og Jón Baldvinsson var þá. Ýmsir af samstarfsmönnum hans ráku hann þá úr Dagsbrún. Og það er almennt talið, að hv. þm. Str. langi til að reka mig líka úr Framsfl. En það er hægt að reka menn úr kirkju og flokki, en menn fara ekki, nema menn vilji fara sjálfir. Það er ekki til neins að ætla að reka mig frá framsóknarstefnunni. Ég hef haldið við stefnuna. En þegar menn hafa villzt frá þeirri stefnu, — eins og hv. þm. Str., — þá hafa menn verra af því. En sá hv. þm. getur litið yfir það fyrir það tímabil, síðan hann kom inn í þingið, hvernig ég studdi hann til valda, hvernig ég skaut undir hann skábretti, þegar hann þurfti að semja frið við gamla andstæðinga. Hv. þm. Str. getur ekki gert gys að því, að ég hafi ekki haft nógu illt álit á hv. þm. G.-K. Ég hef verið miklu meira á móti hv. þm. G.-K., Ólafi Thors, heldur en hann, og það hefur munað miklu meira um mína mótstöðu gegn honum en mótstöðu hv. þm. Str. Hv. þm. G.-K. var með dugnaði á móti mér og ég á móti honum. Hins vegar hef ég gefið hv. þm. Str. þrjú ár í ráðherrastóli með þessum manni, hv. þm. G.-K. Ég fékk framlengt samstarf borgaraflokkanna með ýmsum aðgerðum, af því að ég vildi gera það. Um hitt er svo afbrýðisemi hjá hv. þm. Str., að ég hef ekki reynt svik af hæstv. núv. forsrh. En hv. þm. Str. hefur borið á hann svik, og hann hefur gengið svo langt að segja, að þessi svik hafi orðið þess valdandi, að hér er ekki hægt að halda áfram borgaralegu samstarfi. En hv. þm. Str. þarf ekki að búast við, að langt líði, án þess að ég geri grein fyrir því, hvað hans áhrif hafa gert að verkum í hinu pólitíska lífi flokks hans.

Hv. þm. Str. vildi sanna það, að séra Sveinbjörn væri ekki hættur við þingmennskuframboð. Ég hef ekki sagt um það annað en það, sem ég hafði eftir manni, sem beinlínis hefur talað við hv. þm. Str. Og hv. þm. Str. fer austur í Skaftafellssýslu og biður tvo tiltekna menn að vera í framboði á móti sýslumanninum, en þeir neita báðir. Og svo gekk annar þeirra úr flokknum með símskeyti til þess að sýna hv. þm. Str., að hann vill ekki vera með honum lengur. Því að hann sá fram á, að einn hinn greindasti og menntaðasti maður þessa þings, Sveinbjörn Högnason, var ekki hættur við þingmennskuframboð. En þá er hv. þm. Str. búinn að gera sér krók austur í Skaftafellssýslu til þess að fara á bak við hv. þm. V.-Sk. (SvbH) og útvega fyrst einn og svo annan mann í hans stað til framboðs.

Þessar umr. munu nú vera að fjara út, og mér þykir ótrúlegt, ef hv. þm. Str. skilur það ekki, að það er nokkurs konar Nemesis, sem eltir hann hér. Honum varð gott af því upp á veraldlegar valdastöður að kynnast mér. Ég á honum hins vegar ekkert að þakka. Ég hélt honum í ráðherrastólnum í átta ár, — með miklum erfiðleikum oft og tíðum —, en þegar ég gat ekki gert það lengur fyrir hans þrákelkni, þá gekk hann út á eyðihjarnið og hefur verið þar

síðan. Ég held, að hv. þm. Str. ætti að skilja það, að það er ekki skemmtileg aðstaða fyrir mann, sem getur með réttu sagt, að hann hafi verið lengur forsrh. á Íslandi en nokkur annar maður. Og það er enn minna skemmtilegt, þegar það er athugað, hve litið liggur eftir hann frá þeim tíma, er hann var ráðh. En enn minna liggur eftir hann, eftir að hann gekk út á eyðimörkina, því að þar dvelur hann við eymd og vesöld. Því að ef viðkomandi andófi gegn ríkisstj. það er borið saman, sem eftir hann liggur annars vegar, og hins vegar eru athuguð þingtíðindi frá árunum 1924—1927, þá er sýnt, að hans andstaða og hv. 2. þm. S.-M. gegn ríkisstj. er aumleg móts við andstöðu okkar Tryggva Þórhallssonar á móti stjórn Jóns Þorlákssonar, af því að hv. þm. Str. hefur ekki í sér þann neista, sem þarf til þess að vera í þeirri vandasömu aðstöðu. Hv. þm. Str. hefur sem sé ekkert getað, síðan honum betri menn hafa hætt að geta borgið honum. Og þannig mun það verða, þangað til hans eigin þungi ber hann þangað, sem hann á að vera til efstu stundar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það eru óskapleg örlög, sem fyrir mér eiga að liggja, a. m. k. í augum hv. þm. S.-Þ. En það, sem ég ætla að vekja athygli á, er þessi einkennilegi hugsunarháttur, sem finna mátti gegnum alla ræðu hv. þm. S.-Þ., að það sé höfuðólán að vera ekki við völd, hvernig sem maður kemst í þau, — þó að það sé með svikum. Eins og hann talaði, mátti halda, að hann hefði komizt til valda á þann hátt. Hann sagðist ekki kæra sig um að vera mjög mikið við riðinn flokk, sem væri valdalaus um þjóðmál, eins og Framsfl. Hvernig lízt hv. þingmönnum á þennan hugsunarhátt? Það er þetta sama, sem kemur enn fram hjá hv. þm. S.-Þ., að það er ekki aðalatriðið að berjast í flokki fyrir málefni, sem maður álítur, að sé rétt, og fara úr ríkisstj. vegna þess, að maður sé í andstöðu við það, sem ríkisstj. að öðru leyti berst fyrir. Nei. Aðalatriðið fyrir honum er að vera við völd. — Hann sagðist hafa gefið hv. þm. Str. þrjú ár í ráðherrastóli. Það er fyrir honum aðalatriðið, að því er virðist, að vera í ráðherrastóli. Hitt er ekkert atriði, hvort maður berst fyrir réttum málstað. Það er ekkert atriði í hans augum fyrir Framsfl., hvort flokkurinn berst fyrir réttri stefnu, hvort dýrtíðarstefna ríkisstj. er rétt eða stefna Framsfl. er rétt, heldur hitt, að Framsfl. tekst ekki að vera við völd. Og hann segir, að þessi þm. Str. hafi komið í veg fyrir borgaralega samvinnu. Það skiptir ekki hv. þm. S.-Þ. máli, hvort sú borgaralega samvinna er á heilbrigðum grundvelli, heldur hitt, að Framsfl. komist inn í borgaralega samvinnu.

Hv. þm. S.-Þ. sagði enn fremur, að ég hefði staðið í vegi fyrir því, að Framsfl. tæki þátt í ríkisstj., því að ég hefði viljað vera sjálfur þar í forsæti. Það er margsýnt fram á, að Framsfl. bauð, að forsrh. yrði Björn Þórðarson. Fyrir því liggja bréf. Og Framsfl. bauð samvinnu upp á viss býti, sem voru þannig, að hægt var við að hlíta, og allt annar ráðh. átti að vera í forsrh.-stóli en Hermann Jónasson, sem ekki gerði sér neina von um að komast þar að.

Þá minntist hv. þm. S.-Þ. á Jón heitinn Baldvinsson. Ég fer ekki inn á að ræða það mál. Það er horfið mál og látinn maður. Ég skal ekki tala um þá atburði. En ég held, að hv. þm. S.-Þ. hefði ekki átt að minnast á Jón Baldvinsson, því að nafn þess manns rifjar upp minninguna um þann vitnisburð um hv. þm. S.-Þ., sem Jón Baldvinsson skrifaði nokkru áður en hann dó. Ég held, að hv. þm. S.-Þ. hefði helzt ekki átt að minnast á Jón Baldvinsson sem mann, sem hann tæki trúanlegan á öllum sviðum. Því að ef nokkurn tíma hefur verið gefinn vitnisburður svo að manni hrýs hugur við honum, þá er það vitnisburður sá, sem Jón Baldvinsson hafði um hv. þm. S.-Þ., og bréf, sem hv. þm. S.-Þ. fékk frá honum.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að Framsfl. hefði verið að villast burt frá framsóknarstefnunni. Og hann segir, að ég sé ekki mikill bardagamaður og illa gefinn. Það er satt, ég er ekki mikill bardagamaður og kannske allt of lélegur í andstöðu gegn núv. ríkisstj. Og það er sjálfsagt rétt, að ég hafi ekki mikla hæfileika. En það verður við það að sitja. En einkennilegur er þó einn hlutur, að þessi lítilmótlega og hæfileikalausa stjórnarandstaða, sem við hv. þm. S.-M. og ég eigum að vera, skuli vera þannig, að allt flokkslið Framsfl. skuli yfirleitt hafa villzt með þessum mönnum, en frá þessum sprengi- og bardagamanni, sem hv. þm. S.-Þ. segir sjálfur, að hann sé. Það er það undarlega við þetta allt saman. Og það er ekki aðeins það, að allir framsóknarmenn hafi villzt burt frá þessum hv. þm., heldur svo að segja hver einasti vinur hans og samherji frá því fyrsta. Og ekki geta þetta verið mín verk, jafnlítilmótlegur og ég á að vera og jafnlítill bardagamaður og hv. þm. S.-Þ. segir, að ég sé. Það er eitthvað annað, sem hér kemur til. Nú vil ég, að hv. þm. S.-Þ. hugsi um þetta í nótt, þegar hann gengur til hvílu, hvort orsök þessa muni ekki vera eitthvað, sem liggur í honum sjálfum. Það er svo bezt að láta þetta vera útrætt að sinni.

Viðvíkjandi valdatöku ríkisstj. og því, hvort einhver flokkur hefur völd eða ekki og hvort hægt er að koma á borgaralegri samvinnu, þá sannast að segja hrýs mér svo hugur við þessum hugsunarhætti, sem fram kom hjá hv. þm. S.-Þ. og ég hef lýst, að mér þykir fyrir því, að hann skuli vera til hér innan sala þessa þings. Og ég held, ef ég ætti að gefa hv. þm. S.-Þ. leiðbeiningar um það, hvernig stendur á öllum þessum ósköpum, sem hann er að lýsa um fráhvarf Framsfl. frá honum, sem hann kallar þokuvillu, sem getur ekki verið af mínum sökum, þar sem ég er svo lítilmótlegur og lítill bardagamaður, þá held ég, að ég vildi benda þessum hv. þm. á að athuga það, hvort það er ekki eitthvað vegna þessa hugsunarháttar, sem þessi hv. þm. hefur tamið sér og mér hrýs hugur við, hvernig fyrir honum er komið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 791 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, GÍG, HermJ, IngP.
nei: JJ, ÁS, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, StgrA.
HG greiddi ekki atkv.
Brtt. 800 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, GÍG, HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ, BSt.
nei: BBen, BrB, EE, JJ, ÁS, LJóh, MJ, PM, StgrA.
1 þm. (HG) fjarstaddur.
Frv. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, ÁS, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, StgrA.
nei: HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, GÍG.
1 þm. (HG) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 814).

57. Virkjun Sogsins.

Á 55. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um virkjun Sogsins (þmfrv., A. 350).

Á 63. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Þetta frv. er flutt af iðnn. samkv. ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur. Nm. hafa áskilið sér óbundnar hendur um breyt., sem fram kynnu að koma. Þetta frv. er endurskoðun á l. um virkjun Sogsins frá 1933, endurskoðun, sem fer í þá átt, að þar sem þau l. ná aðeins til eins virkjunarstaðar í Soginu, tekur þetta frv. til fullvirkjunar alls Sogsins. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem Reykjavíkurbær og Sogsvirkjunin kunna að taka til að koma upp mannvirkjum við Sogið. Er sú upphæð tiltekin 34 millj. kr. Með þessu frv. er Sogsvirkjuninni og Reykjavíkurbæ heimilað að reka fyrst og fremst orkuver við Ljósafoss og reisa einnig og reka önnur orkuver við Sogið og gera afspennistöðvar, til þess að sem hægast sé að afhenda orkuna til Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða til annarra notenda utan orkusvæðis Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Áður en ráðizt er í aukningu samkv. frv., er Sogsvirkjuninni og Reykjavíkurbæ skylt að senda ráðh. uppdrætti og lýsingar, og það er á hans valdi að krefjast breyt. á þeim, ef hann eða sérfræðingar ríkisstj. telja þær æskilegar vegna almennra hagsmuna.

Þá er í frv. ákvæði um það, að ríkisstj. láti í tæka tíð gera umbætur á vegum, sem nauðsynlegar verða vegna flutninga í sambandi við fyrirhuguð mannvirki, og að ríkið kosti þessa vegagerð að helmingi móti Sogsvirkjuninni. Enn fremur er ákveðið, að Sogsvirkjunin megi telja þennan kostnað til stofnkostnaðar. Þá eru enn ákvæði í frv., að telja megi til stofnkostnaðar vatnsréttindi, sem þegar hafa verið keypt, og enn fremur að Sogsvirkjunin greiði ríkissjóði andvirði þeirra vatnsréttinda, sem hann á, jafnskjótt sem fengið er lán til framkvæmda, eftir nánari ákvæðum, sem til eru tekin í gr., sem um þetta fjallar. Þá er, eins og ég sagði áðan, tiltekið, að ríkissjóður ábyrgist allt að 34 millj. kr. til Reykjavíkur til þessara framkvæmda, enda samþ. ráðh. lánakjör. Ég býst við, að hér sé svo til ætlazt af bæjarstjórn Reykjavíkur, að þessi upphæð komi til viðbótar þeim milljónum, sem ríkissjóður hefur þegar ábyrgzt vegna orkuversins við Ljósafoss. Samkv. ákvæðum síðustu gr. þessa frv. eru úr gildi numin l. nr. 82 19. júní 1933, um virkjun Sogsins. Ég tel það þess vegna réttara, að aukið verði hér inn í, að þessi ábyrgðarupphæð komi til viðbótar þeim upphæðum, sem ríkissjóður er þegar ábyrgur fyrir, og mun ég milli umræðnanna bera mig saman við meðnm. mína um þetta atriði.

Þá segir í 6. gr., að Sogsvirkjunin selji raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en eins sé henni skylt að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota í nálægum héruðum við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 10%. En verðið má þó aldrei vera hærra en svo, að jafngildi því verði, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að fullnægja raforkuþörf að auka við þessa virkjun, þá er Reykjavíkurbæ skylt að framkvæma þessa aukningu, þar til Sogið er virkjað að hálfu leyti, enda ábyrgist ríkissjóður lán í þessu skyni fyrir Reykjavíkurbæ. En þegar að því kemur að auka virkjun fram yfir fullvirkjun til hálfs, ber ríkissjóði að sjá um þessa aukningu, nema öðruvísi verði um samið. Er þá ríkissjóði ætlað að gerast meðeigandi í Sogsvirkjuninni, og kaupi hann tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað.

Ég hef nú rakið í stuttu máli innihald þessa frv. Eins og ég gat um, er það flutt að tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hefur hún athugað það á sínum tíma og gert á því nokkrar breyt. til samræmis við frv. til raforkulaga, sem liggur fyrir Alþ. Það er ætlazt til, að þetta frv. komi á eftir samþykkt raforkulagafrv. Eins og kunnugt er, er fullvirkjað orkuver við Ljósafoss, og orkan, sem þaðan fæst, er að heita má fullnotuð. Mest af þeirri orku er notað í Reykjavík, eða um 90%, en afgangurinn í Hafnarfirði og hér í nágrenni.

Þetta er endurskoðun laganna um virkjun Sogsins, og aðalbreyt. er sú, að þetta nær til alls Sogsins og hefur í för með sér aukna ábyrgð fyrir ríkið. — Ég óska svo eftir, að málinu verði vísað til 2. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Það hefði nú verið eðlilegra, úr því að bæjarstjórn Reykjavíkur stendur að þessu frv., að það hefði verið flutt af þm. Reykjavíkur. Hv. iðnn. hefur tekið þetta mál að sér, en ég tel, að það heyri betur undir fjhn., og hefði því verið eðlilegra, að það hefði

verið flutt af henni. Það má nú e. t. v. segja, að þetta skipti nú ekki svo miklu máli, en þó er það venja, að þær n., sem málin heyra aðallega undir, flytji þau. Um þetta mál er ekki að efast, að það heyrir undir fjhn., og mig furðar stórlega á starfshögun þessa máls. En eðlilegast hefði mér þótt, að þm. Reykv. hefðu flutt þetta, sökum þess, hvernig þessu er háttað. Hv. frsm. leggur þetta hér fyrir, en lætur þess ekki getið, hvort hann sé fylgjandi frv.

Þótt ekki megi segja, að stóra raforkulagafrv. sé alveg tekið aftur með þessu, þá er þó höggvið stórt skarð í það, því að eitt sveitarfélag hefur umráð um þessa virkjun. Ríkissjóður er enginn meðeigandi eða hluthafi í þessu, og brýtur það algerlega í bága við frv. um hina almennu raforkuvirkjun um landið allt. Ég tel engan vafa á því, að öruggast sé, að ríkið standi að þessu, og tel ég alveg fráleitt að taka upp aðferð sem þessa, sem brýtur í bága við hina almennu raforkulöggjöf. Ríkið getur alveg eins staðið að þessu eins og bæjarfélagið, þar sem ríkið gengur í ábyrgð fyrir láni til framkvæmda þessara, og Reykvíkingar þurfa einskis í að missa, þótt ríkið standi að þessu. — En ef þessi leið verður farin, þá má gera ráð fyrir, að aðrir staðir geti einnig komið, t. d. Akureyri og Borgarfjörður, og ef svona er farið að, þá er búið að eyðileggja tilgang raforkul., og vil ég vænta þess, að hv. iðnn. taki þetta til athugunar.

Ef Reykvíkingar hafa óttazt, að stækkun Sogsvirkjunarinnar drægist, þá skal ég styðja það, að sú stækkun verði framkvæmd, svo að það tefji ekki, að Reykvíkingar fái þetta svo fljótt sem unnt er. — Og þetta frv. gengur í þveröfuga átt við þróun þessara mála í öðrum löndum, sem beinist að því, að ríkið sé sem mest eigandi að þessum framkvæmdum. Og það er lítilfjörleg bót, að ríkið geti orðið þátttakandi í þessu, þegar búið er að virkja, og ef nú einhver gróðavon yrði, þá fái aðrir en ríkið að gerast þátttakendur. Það er sungið við sama lag á bænum þeim. Það er að vísu ekkert illt um þetta að segja, en það kann að dragast, að ríkið verði meðeigandi. Og hér eiga allt önnur ákvæði að gilda fyrir þá, sem búa utan Reykjavíkur, og eignarréttur þeirra ekki eins helgur. Ég drep á þetta aðeins til þess að sýna blæinn, þótt það sé aukaatriði hjá kjarna málsins. Þetta frv. hróparar gegn öllum röksemdum, og er lítt skiljanlegt, að slíkt skuli koma fram í réttarþjóðfélagi.

Sigfús Sigurhjartarson: Maður skyldi ætla af orðum hv. 1. þm. Árn., að hér væri ægilegt mál á ferðinni, sem hrópar gegn réttaröryggi og skynsemi. Hann sagði, að það væri óeðlilegt, að þetta frv. væri ekki flutt af þm. Reykjavíkur. Þetta mætti í fljótu bragði virðast rétt, en þegar nánar er að gætt, þá er þetta eina eðlilega leiðin. Það er kunnugt, að iðnn. fjallaði um það allsherjarfrv., sem lagt hefur verið fram um þessi mál, og bæjarstjórnin gat ætlað, að hér bryti e. t. v. eitthvað í bága við heildarlöggjöfina, og því eðlilegast, að sú n., er um það fjallaði, tæki einnig við þessu frv. Hefur n. gert á þessu samræmisbreytingar, og kann ég henni þakkir fyrir. — Hv. 1. þm. Árn. sagði, að þetta heyrði frekar undir fjhn., og er það rétt, að þetta heyrir líka undir hana, hvað ríkisábyrgðina snertir.

Þegar ég nú þannig hef minnzt á inngangsatriði hv. 1. þm. Árn., skal ég snúa mér að nokkru að efnishlið þessa máls, áður en ég rek einstök atriði í ræðu hans.

Hvernig er aðstaða Reykjavíkur samkv. þessu frv.? Hver er réttur bæjarins og hver er réttur ríkisins? Reykjavíkurbær fær rétt til að reisa stöð við Sogið. Samkv. 3. gr. frv. er greinilega tekið fram, að ríkið á þar um allar framkvæmdir að hafa mjög víðtækan íhlutunarrétt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar."

Þetta er mjög rétt og eðlilegt. Með því er tryggt, að ríkisvaldið geti í öllum megindráttum ráðið, hvernig virkjunum er hagað, og gert kröfu til Reykjavíkur um það, að hagsmunir annarra landsmanna, sem hlut eiga að máli, séu einnig tryggðir. Fæ ég ekki betur séð en ríkinu sé gefinn hinn meiri réttur, og Reykjavík hinn minni.

Við höldum áfram að athuga málið nokkru nánar, og er þá 6. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota í nálægum héruðum við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923."

Hér er nú hvorki meira né minna en ákveðið alveg skýrt, að Reykjavík sé skylt að láta raforku til annarra héraða, við verði, sem aldrei má fara fram úr verði, sem Rafveita Reykjavíkur kaupir rafmagn af orkuverum í Soginu. Og sé ósamkomulag, ber að skjóta málinu til mats. Mér sýnist hér, enn sem fyrr, að ríkið fái meiri réttinn, en Reykjavík hinn minni. Ég undirstrika, að Reykjavík er skylt að láta orkuna af hendi. Þetta er ekki nýtt ákvæði í l. um Sogsvirkjun. Þetta hefur verið í eldri l., og samkv. því ákvæði hefur bærinn látið orku af hendi við Hafnarfjörð og Keflavík, og fleiri þorp munu á eftir koma. Og þetta gerist á þeim tíma, þegar Reykjavík hefur ekki nægilega raforku fyrir sig. Það skal ekki á þetta deilt sérstaklega. Þörf og réttur Hafnarfjarðar og þorpanna suður með sjó til raforku er vitanlega rík, alveg eins og þörf og réttur Reykjavíkur. En ég get ekki annað sagt en að Reykjavík, sem í þessu tilfelli hefur reist orkuverin og rekið þau, hún fær minni rétt, þegar ríkinu er gefinn hinn meiri rétturinn, þar eð ákveðið er, að rafmagn skuli selt til annarra staða, jafnvel þótt eitthvað

skorti á að fullnægja orkuþörf Reykjavíkur.

Þá er að athuga 7. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun.“ Hér er mjög skýrt til orða tekið. Ríkið skal vera meðeigandi. Það er á valdi ríkisstj. að gera þetta skilyrðislaust. Hún skal gera þetta. Henni er að vísu heimilt að gera samkomulag við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun, en því aðeins, að vilji sé innan ríkisstj. Og að sjálfsögðu hefur Alþ. sitt vald og rétt til að skera að lokum úr, eftir því sem ástæða er til. Um eitt atriði er svo skipt réttindum og skyldum milli Reykjavíkur og ríkisins, að Reykjavík er skyld að halda áfram virkjunum þangað til Sogið er til hálfs virkjað, og skyld að láta öðrum héruðum í té rafmagn, jafnvel þótt Reykvíkinga sjálfa skorti rafmagn. Og ríkinu er skylt að ganga í þessa virkjun, þegar hálfvirkjað er, og verður fyrirtækið þar á eftir sameign ríkis og bæjar. — Ég hygg, að ef hv. þm. athuga frv. á rólegan hátt, muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, að við erum ekki með frv. að gera uppreisn gegn heildarlöggjöfinni um virkjun Sogsins, og að hér er alls engin ósanngirni af hálfu Reykjavíkurbæjar, hvorki gagnvart ríkisvaldinu né gegn öðrum héruðum, sem þannig eru í sveit sett, að þau gætu notið rafmagns frá Soginu.

Þá er að lokum nokkur ástæða til að gera grein fyrir, hvers vegna Reykjavíkurbær vill nú hefjast handa um þetta, og að ekki er, eins og hv. 1. þm. Árn. heldur fram, rétt og eðlilegt, að Reykjavíkurbær stöðvi sínar virkjanir og ríkið taki nú þegar við. Hvers vegna Reykjavíkurbær vill út í þetta fara, er auðséð. Bæinn vantar rafmagn í stórum stíl, og sú vöntun mun verða enn brýnni sem lengra líður. Því er nú svo háttað, að bærinn hefur sjálfur leyst þessi mál sín, og það ekki með óeðlilegum hætti. Það er eðlilegt, að svo stórt bæjarfélag hafi leyst það nauðsynjaverkefni að koma upp rafveitu til almenningsnota. Bærinn hefur nú þegar gert mjög víðtækan undirbúning að framhaldsvirkjun, látið gera teikningar og ýtarlegar rannsóknir á því, hvernig þeirri virkjun verði bezt fyrir komið. Þessar áætlanir allar verða í samráði við Rafmagnseftirlit ríkisins, sem er fulltrúi ríkisvaldsins, og ég hygg, að segja megi með fullri vissu, að þessi undirbúningur sé það langt kominn, að mögulegt sé að hefja starf þegar á komandi sumri, og er það nauðsyn. Væri hinn hátturinn upp tekinn að láta verkið nú þegar í hendur ríkisins og stöðva framkvæmdir Reykjavíkurbæjar, tel ég litlum efa bundið, að verða mundi til tafar fyrir málið. Og það mundi verða eini vinningurinn, því að þó að ríkið færi að virkja, mundi réttur annarra héraða en Reykjavíkur á engan hátt verða betur tryggður en hann er tryggður í þessu frv. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að ríkisstj. geti hafizt handa o. s. frv. En einu vildi ég biðja hann að svara í því sambandi. Hvers vegna hefur ríkið ekki hafizt handa? Hver var, lofsællar minningar, um langt skeið ráðandi stjórn í landinu, sem þessi þm. studdi? Allan þann valdatíma streymdi Sogið sína leið til sjávar, flutti með sér þá geysiorku, sem við allir þekkjum, þetta bezta fallvatn landsins þá eins og nú. Og samkv. eldri l. um Sogsvirkjun gat ríkisvaldið hafizt handa eða gripið inn í, orðið meðeigandi að virkjuninni og hafið stórar framkvæmdir, lagt taugar um Árnessýslu og suður með sjó og út um hvippinn og hvappinn, eftir því sem við þótti eiga. Þetta gat ríkisvaldið gert, en gerði það ekki, — og ekki heldur, þó að það væru framsóknarmenn, sem sátu á valdastólum, og það væru framsóknarmenn, sem réðu mestu — stundum öllu — í sölum Alþingis. Ég er ekki í vafa um það, að reynslan hefur sýnt, að Reykjavíkurbær hefur verið mikilvirkari aðili á þessu sviði, enda er sannast mála, að Reykvíkingar eru þeir, sem brýnasta hafa fundið þörfina fyrir aukna raforku, og engum lá nær en þeim og þeirra fulltrúum að sjá um þessar stórkostlegu framkvæmdir. Og mér er nær að halda, að ef Reykjavíkurbæ hefði verið bannað að virkja Sogið, — eins og mér skilst hv. 1. þm. Árn. vilja, að nú sé gert, — þá er mér nær að halda, að það hefði orðið um litlar framkvæmdir að ræða samanborið við það, sem nú er, og að þannig hefði verið séð fyrir þörf Reykvíkinga, að á engan hátt hefði verið við hlítandi, — og er nógu slæmt eins og er.

Ég skal svo ekki eyða meiri tíma í að ræða þetta mál. Ég vil vænta þess, að hv. þm. taki þessu máli yfirleitt með sanngirni og skilningi. Ég veit, að hv. iðnn. mun hafa málið til meðferðar meðan það er innan þessarar d., og mun vera fús að ræða brtt. og taka við aths., sem fram kunna að koma, hvort heldur er frá þm. eða öðrum aðilum. Ég vænti þess, að frv. verði fljótlega afgr. gegnum d. og meginefni þess verði ekki haggað, því meginefni, að Reykjavíkurbæ verði kleift að auka sínar virkjanir og ríkinu jafnframt gefinn sá ríki réttur, sem í frv. felst, að hafa íhlutun og tryggja hag alls almennings í sambandi við þær virkjanir, sem fram kunna að fara.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. 8. þm. Reykv. hefur nú andmælt því, sem ég sagði um þetta mál, fannst ég taka fulldjúpt í árinni um efni málsins. Og hann vann það til að víkja orðum mínum við til að fá átyllu til að gera það að umtalsefni, hvernig þetta mál og undirbúningur þess kemur við ákvæði hinnar almennu löggjafar. Ég var ekki að segja, að þetta mál væri hróp gegn réttarörygginu, ég talaði um, að röksemdir fyrir þessu máli hrópuðu gegn röksemdum fagmanna um það, að framkvæmd þessa máls þyrfti að vera á einni hendi, og það er líka svo. Ef hv. þm. þekkir ekki þau gögn, sem fram hafa komið áður af hálfu okkar helztu kunnáttumanna í þessum efnum, þá ætti hann að kynna sér þau. Þeir telja tvímælalaust bezt og affarasælast fyrir framkvæmd þessara mála, að ríkið standi þar eitt að, og segja, eins og eðlilegt er, að slíkt verði langsamlega ódýrast, ódýrust stjórn, auðveldara að hafa það fyrirkomulag á öllum framkvæmdum, sem hagfelldast er og ódýrast, en með sama öryggi fyrir notendur, auðveldara að fá ódýr lán o. s. frv., minna

mannahald, yfirleitt allar framkvæmdir og starfræksla einfaldari. Enda segir þetta sig sjálft. Hver maður, sem þekkir til stórfelldra framkvæmda, getur sagt sér fyrir fram, að svona hlýtur þetta að vera. Það er gegn þessum röksemdum, sem þetta frv. hrópar. Það eru engin rök gegn þeim málstað, sem ég held fram, þó að þm. segi, að Reykjavík hafi leyst þetta mál fyrir sig og sé því eðlilegt, að hún sigli sinn sjó áfram. Þetta er nú stærsti bærinn, og það svo, að í Reykjavík er saman kominn liðlega ⅓ hluti þjóðarinnar. Hér eru langsamlega flestar opinberar stofnanir og stórfelldastar. Og svo stendur mismunandi á fyrir öðrum stöðum. En hví þá ekki að leyfa hverjum stað að sinna þessu máli út af fyrir sig, án minnsta tillits til annarra þegna þjóðarinnar og þeirrar aðstöðu, sem þeir kunna að hafa? Það er hreint ekki mikil félagshyggja, sem kemur fram í þessum málflutningi hjá hv. 8. þm. Reykv. Manni gæti dottið í hug, ef maður nú ekki þekkti þennan hv. þm., hvar hann skipar sér í sveit, að hann væri einhvers staðar annars staðar í flokki, því að það mundi verða talið öðrum nær að túlka svona sjónarmið.

En þá er eftir sú afsökun, sem hv. þm. vill náttúrlega grípa til og fleyta sér á, það, að umbjóðendur hans hér kynnu nú í framkvæmdinni að hafa betra af því að vera sér, en verkamenn og sjómenn annars staðar. Og þá er sjálfsagt að láta það sjónarmið ráða, — lengra nær nú umhyggjan ekki og jafnaðarmennskan. Eitthvað finnst mér nú geiga í röksemdunum um sósíalismann.

Hv. þm. fór að rekja ákvæði frv. Þess þurfti hann ekki fyrir mig. Og hann kom ekki heldur með eitt einasta atriði, sem hnekkti því, sem ég sagði, — hvernig þessu skýtur skökku við, bæði að nokkru leyti því frv., sem komið er til Ed., og sérstaklega því, sem hér er fram komið. Það gerbrýtur þá hugsun, sem liggur til grundvallar hinum almennu raforkulögum. Það bætir lítið úr, þó að hv. þm. skírskoti til ákvæða 7. gr., að þegar hálfvirkjað sé, geti ríkið (*SigfS:* Skuli!), nei, það getur það, því að þetta ákvæði, að það skuli gera það, er tekið aftur undireins, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun.“ Nema samkomulag verði um aðra tilhögun! Með öðrum orðum: Það mundi verða eftir þessu á valdi ráðherra, hvað gert yrði í þessu efni. Ef nú ríkisstj. kysi að blanda ríkinu ekki inn í þetta, þá er opin leið að semja. Fyrir það að málinu er komið í þetta horf, er miklu torveldara fyrir síðari tímann um framkvæmdir af ríkisins hálfu en ef það gengi strax út í þær, því að því meiri fjárhæðir, sem búið er að binda í fyrirtækinu og framkvæma meira, því erfiðara er fyrir ríkið að grípa inn í.

Hv. þm. sagði, að ríkið hefði haft heimild til að vera þátttakandi, en ekkert hefði gerzt í því efni. Þó að ég hefði hreyft þessu máli á þingi, þá sá ég fram á, að það væri ekki til neins. En hvað er svo þessi virkjun mikil, sem hér um ræðir? Það á að virkja Sogið að hálfu leyti. Ekki veit ég nema það kynni að verða einhver ágreiningur um það, hvenær telja skyldi hálfvirkjað, og ekki er víst, að auðvelt yrði að leysa þá deilu, því að jafnan yrði álitamál um það, hvenær hálfvirkjað gæti talizt. Það er vissulega undir því komið, hvernig virkjanirnar yrðu framkvæmdar, sem gætu orðið þrjár eða fleiri. Talið er, að tvímælalaust séu 100 þús. hestöfl í Soginu a. m. k. En ég gæti vel búizt við, að það fyrirkomulag mætti hafa á virkjun Sogsins, að nytja mætti miklu meira afl. En þó að við tökum einföldustu tölurnar og segjum 50 þús. hestöfl, þá er þetta ekki smávegis fyrirtæki. Þetta mál er því ekki neitt lítilvægt og ekki jafnsjálfsagt, að það gangi fram í þeim búningi, sem það er nú, eins og hv. 8. þm. Reykv. vill vera láta, nema við eigum að löghelga þá aðferð, sem kannske hefur stundum verið viðhöfð í þessu þjóðfélagi, að hver aðili innan þjóðfélagsins olnbogi sig áfram eftir sinni getu án tillits til annarra, eftir því sem aðstaðan leyfir. Óneitanlega kemur sú stefna dálítið fram í þessu máli.

Hv. þm. hélt því fram, að tefja kynni framkvæmd málsins, ef ríkið hefði framkvæmdirnar á hendi, en ekki bærinn. Þetta tel ég fjarri öllu lagi. Hvað hefur Reykjavíkurbær til að bera umfram ríkið sjálft til þessara framkvæmda? Mundi ekki Reykjavíkurbær vera fús til að láta það af mörkum, sem hann hefur yfir að ráða viðvíkjandi undirbúningi til framkvæmda, og fjármuni, til að flýta fyrir framkvæmd þessa máls? Það veit ég, að bærinn vill gera á augabragði.

Hv. þm. sagði, að sér hefði skilizt, að ég vildi banna Reykvíkingum að virkja Sogið. Þetta er ekki rétt, ekkert orð féll hjá mér, sem mátti skilja í þá átt. En mér finnst óþarfi, að þeir einir virki Sogið. Mér finnst réttara, að ríkið geri það, og það er allt annað mál. Ef það lægi fyrir eitt af tvennu, að Reykjavík virkjaði Sogið eða það yrði ekki virkjað, þá mundi ég hiklaust mæla með því, að Reykjavík virkjaði það. En það er ekki þetta, sem hér er verið að ræða um, heldur er það það, hvort taka eigi upp þá stefnu, að þeir, sem bezta aðstöðuna hafa til framkvæmda í þessu efni, skeri sig út úr, án þess að skipta sér af öðrum.

Síðan vék hv. þm. að því, að Framsóknarstjórnin, sem hér hefði setið að völdum áður, hefði ekki virkjað og þar fram eftir götunum. Svona röksemdum er alltaf hægt að slá fram. Hv. þm. hefur áreiðanlega þann kunnugleika frá þeirri tíð, að hann veit vel, að hvorki voru þá til heildarlög um þetta efni, sem ríkisstj. gæti framkvæmt stórvirkjanir eftir, og eins er það, sem oft vill enn verða, að nýbreytni, sem menn hafa ekki nægilega þekkingu á, hindrar framkvæmdir. Loks má minna á það, að um langt árabil voru fjárhagsástæður hinar erfiðustu, lágt verð á afurðum okkar á erlendum markaði og hinum litla gjaldeyri varð að miðla til hinna allra nauðsynlegustu hluta. Og hvað sem líður ríkisstj. og ríkinu á þessum árum, þá mundu einstök sveitarfélög hafa framkvæmt ýmislegt meira sér til hagsbótar, ef nokkrir möguleikar

hefðu verið á slíku. En það er margt, sem grípur inn í eðlilega framkvæmd slíkra mála.

Þá vék hv. þm. að því, að eftir frv. væri réttur Reykjavíkur minni en ríkisins. Þar á hann við það, að þegar til framkvæmda kemur, hafi ríkið eftir þessu frv. svipaðan rétt og það hefur haft eftir eldri löggjöf. Nú er það vitað, að Reykjavík hefur ekki getað fullnægt sinni eigin þörf fyrir raforku, hvað þá heldur þörf annarra landshluta, þótt nú hafi verið bætt úr þessu hvað Reykjavík snertir í svipinn. Þannig getur maður séð, hvernig þetta getur verið. Og það er fjarri því, að fólkið fái orkuna með nokkuð betri kjörum, þótt framkvæmdirnar séu í höndum bæjarins, heldur en ríkið sjái um þetta. Ég skal játa það, að þessi 10% eru ekki stór upphæð, en þetta er þó tíunda hver króna og er þessu fólki, sem fyrir utan Reykjavík er, töpuð. Ríkið á að eiga það fé samkv. frv. En það er síður en svo, að þetta sé nokkurt höfuðatriði. Höfuðatriðið er hin almenna framkvæmd, sem á að tryggja, að sem mestur hluti þjóðarinnar geti orðið þessarar orku aðnjótandi, en okkur greinir einmitt á um leiðirnar til þess. Og þegar þetta er haft í huga, er ég ekki í neinum vafa um, að ég hef rétt að mæla, enda er þessi skoðun studd af okkar beztu mönnum, einmitt þeim mönnum, sem hafa sérþekkingu á þessum málum. Þannig liggur það ljóst fyrir, hvert stefnt er.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar umr. um þetta mál var frestað í fyrradag, og var ástæðan til þess sú, að ég hef litið svo á, að grundvellinum fyrir starfsemi raforkuframkvæmda hér á landi hefði verið slegið föstum með því frv. til raforkul., sem afgr. var frá þessari hv. d. rétt áður en þingi var frestað. Samkv. því frv. er gert ráð fyrir því, að þegar um stærri virkjunarframkvæmdir er að ræða, verði þeim hagað þannig, að ríkið sé þar aðili að. Að vísu var sú breyt. gerð á 1. gr. þess frv., — ég ætla við 3. umr. málsins, — að aðrir aðilar en ríkið, sem hafa hafið slíkar framkvæmdir áður en l. þessi öðluðust gildi, fái að vera áfram aðilar að þeim framkvæmdum, og geta þeir samkvæmt því frv. fengið leyfi viðkomandi ráðh. til þess að halda virkjunum áfram, sem þeir eru byrjaðir á, ef þeir fara fram á slíkt innan 6 mánaða frá gildistöku þeirra l. Við, sem stöndum að Andakílsárvirkjuninni, höfum haft mikinn hug á því og raunar fengið því framgengt — að vísu með miklum erfiðismunum — að fá að halda áfram þeirri virkjun, sem þar hafði verið fyrirhuguð og nú er byrjað á. Þegar við hv. þm. Mýr. (BÁ) fluttum á þ. 1943 frv. um það að fá sérleyfi til handa þeim aðilum, sem að þessari virkjun standa, til þess að ráðast í hana, þá hafnaði Alþ. því að veita slíkt sérleyfi, en hins vegar tókst okkur að fá hér ríkisábyrgð fyrir þeirri upphæð, sem á þurfti að halda til að afla véla og annarra hluta til þessarar virkjunar. Á þessum grundvelli fékkst leyfi viðkomandi ráðh. til þess, að virkjun yrði hafin. Hefur þetta orðið þess valdandi, — sem sé það, að viðkomandi aðilar fengu frjálsar hendur til þess að ráðast í þessar framkvæmdir, — að nú er búið að afla allra véla, sem til virkjunarinnar þarf, og sömuleiðis annars nauðsynlegs efnis og leiðslna í sambandi við hana. En það varð þó að ganga í gegnum miklar þrengingar til þess að koma þessu eins langt áleiðis og það nú er.

Ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við það, að ágreiningur virðist hafa komið upp um það milli hv. 8. þm. Reykv. (SigfS) og hv. 1. þm. Árn. (JörB), hvort heppilegt væri, að einstök félög stæðu að þessum virkjunum — hvort heldur það væri bæjarfélagið eða fleiri aðilar — eða þetta væri algerlega á vegum ríkisstj. eða ríkisins. Ég býst við því, að ef þeim aðilum, sem standa að Andakílsárvirkjuninni, hefði verið fyrirmunað af hv. Alþ. að hefjast handa um þessar framkvæmdir, þá hefði á þessum tíma ekkert verið gert af hálfu ríkisvaldsins til þess að undirbúa eða hrinda í framkvæmd þessari virkjun, þannig að þetta mál stæði fast enn í dag, eða þangað til endanleg löggjöf hefði verið afgreidd hér á hv. Alþ. um þessi efni.

Ég er þess vegna alveg sammála því, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði um þetta atriði, og tel mjög varhugavert að útiloka eða þrengja mjög framtak einstakra félaga í löggjöf um þessar framkvæmdir. Hitt get ég ekki viðurkennt, að það sé réttmætt af löggjafans hálfu að veita einum aðila aðstöðu í þessum efnum, sem öðrum er fyrirmunuð. Frá þessu sjónarmiði mun ég halda því fram, að framtak einstakra aðila í þessu efni sé mjög mikilsverður þáttur í því að hrinda þessu máli áfram, og að ekki eigi að setja fótinn fyrir þetta, eins og segja má, að gert sé með frv. til raforkul. og því frv., sem hér liggur fyrir um virkjun Sogsins og er greinilegasta dæmið um þetta. Því að ef svo hefði verið frá þessu máli gengið í frv. til raforkul., hefði vissulega ekki þurft samtímis að flytja sérstakt frv. um það að veita Reykjavíkurbæ annan rétt en öðrum er veittur samkv. frv. til raforkul. — Ég vil þess vegna — og kvaddi mér aðallega hljóðs af þeirri ástæðu — skjóta því til hv. iðnn., sem var mjög fús til að taka til greina ýmsar ábendingar, sem fram komu hér í hv. d. þegar frv. til raforkul. lá hér fyrir, en nú er það að vísu komið til hv. Ed. — og má búast við, að það komi hingað aftur, og er auk þess eðlilegt og æskilegt, að samstarf sé milli iðnn. beggja hv. d., — hvort ekki væri ástæða til, að innan takmarka þeirrar heildarlöggjafar, sem sett væri um þessi efni, væri ákvæði, sem gengi í svipaða átt og gert er með því frv., sem liggur fyrir, en þar sem viðkomandi aðilum væri gert jafnt undir höfði, er hefðu svipaða aðstöðu og hér er um að ræða. Og þannig er t. d. ástatt um Laxárvirkjunina, eins og hv. 1. þm. Árn. benti á, þar sem um er að ræða mjög mikla vatnsorku, sem verður til afnota fyrir mjög stórt svæði norðanlands. Þessu hagar einnig mjög svipað til með Andakílsárvirkjunina, því að í þeim till., sem raforkumálan. var með á sínum tíma, var gert ráð fyrir því, að lagt væri til rafmagn frá Andakílsárfossunum til annarra héraða en þeirra, sem standa að virkjuninni. Ég býst við, að hið

sama verði einnig uppi á teningnum, þegar til virkjunarframkvæmda kemur austanlands, á Vestfjörðum eða í Húnavatns- eða Strandasýslum. — Mér finnst því heppilegra undir öllum kringumstæðum, að ákvæði um öll þessi raforkumál væru í einni löggjöf, en að ekki sé verið að semja löggjöf fyrir einstök bæjarfélög samtímis því, sem hv. Alþ. er að setja heildarlöggjöf um þessi mál. En það, að við hv. þm. Mýr. gengum ekki frekar fram í því að tryggja þeim aðilum, sem standa að Andakílsárvirkjuninni, frekari rétt en felst í frv. til raforkul., stafar af því, að við höfðum skilið það þannig hér í hv. d., að ekki mundi þýða að flytja málið á þeim grundvelli, þótt við teldum hins vegar, að betri lausn fengist á málinu með því að hafa rýmri rétt í frv. til einstakra aðila til þeirra framkvæmda, er hér um ræðir. Þess vegna finnst mér það koma einkennilega við, þegar frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, kemur fram, og það verður til þess, að við hv. þm. Mýr. ásökum okkur fyrir, að við skyldum ekki ganga lengra fram í að tryggja aðilum Andakílsárvirkjunarinnar betri réttindi en við gerðum til þess að færa málið inn á þessa braut. Nú veit ég að vísu ekki, hver afdrif þessa frv. verða hér, og hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér það.

Enn fremur vil ég benda á annað atriði í þessu frv., sem mér virðist ekki koma alveg heim við sams konar ákvæði í frv. til raforkul. Í því frv. eins og það lá hér fyrir átti hámark þeirrar upphæðar, sem ríkið ábyrgist, þegar um er að ræða framkvæmdir annarra en ríkisins, eins og t. d. héraðsrafveitur, að vera ⅔ lánsupphæðarinnar. Við hv. þm. Mýr. fluttum hér brtt. um það, að í þessum efnum skyldi það hámark látið halda sér, sem nú hefur verið um alllangt skeið, sem sé að ábyrgðin nái til 85% af lánsupphæðinni. Þetta var samþ. hér í hv. d. og málið að þessu leyti afgr. til hv. Ed. Nú stendur í 5. gr. þessa frv., að ríkisstj. ábyrgist lán til handa Reykjavíkurbæ til þessara framkvæmda, sem eru að upphæð allt að 34 millj. kr., en engin slík ákvæði eru þar sett inn um það, að ábyrgðin megi ekki vera nema 85% af heildarkostnaði, heldur getur hún náð til alls þess kostnaðar, sem leiðir af virkjuninni, þ. e. a. s. að 34 millj. kr. Þetta er í ósamræmi við ákvæðin í frv. til raforkul., og verð ég því að láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel ekkert réttlæti í því að veita þeim aðila, sem um er að ræða í frv. því, sem hér er til umr., ríkari rétt í þessum efnum en gert er ráð fyrir, að allir aðrir verði að búa við. Ég vildi þá líka skjóta þessu til iðnn., en ég legg sem sagt áherzlu á það, að ef afstaðan hér á Alþ. hefur breytzt frá því að raforkulagafrv. var afgr. héðan, og nú þykir rétt að veita einstökum aðilum, sem að þessum málum standa, ríkari rétt en gert er með raforkulagafrv., sem á að verða grundvöllur að heildarlöggjöf um raforkumálin, þá verði það látið ná til þeirra aðila annarra, sem þarna koma til greina og mundu óska sér til handa svipaða aðstöðu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs á síðasta fundi d. til þess að andmæla nokkuð hv. 1. þm. Árn. En áður en ég sný mér að því verkefni, vil ég benda á, sem ég geri ráði fyrir, að hv. þm. sé ljóst, að frv. er algerlega í samræmi við raforkulagafrv. eins og það var afgr. héðan úr d. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við gildistöku þessara l. er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðh. er heimilt að leyfa aukningu á þessum orkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku l.“ o. s. frv. Hér er um að ræða, að Reykjavík fái fyrirhugaða virkjun við Sogið, og hún er fyrir löngu fyrirhuguð og, eins og ég hef áður tekið fram, undirbúin og vel á veg komin. Ég held, að megi segja, að verkfræðilegum undirbúningi sé að mestu lokið og hafizt verði handa á komandi sumri.

Ég held, að ég megi segja, að meginefni þessa frv. sé í fullu samræmi við 1. gr. frv. um raforkumál, sem nú er í Ed., eins og ég hef tekið fram, en ég vil í tilefni af ummælum hv. þm. Borgf. taka það fram, að þegar við ræddum þetta mál, um virkjun Sogsins, þá var ekki verið að ræða um ríkið eða bæjarfélagið, það var ekki verið að setja þessa aðila hvorn gegn öðrum. Ég skal í höfuðatriðum rekja efni þessa frv., og efni þess er þetta: Reykjavíkurbær fær rétt til þess að halda áfram að virkja Sogið, allt að því marki, að það verði virkjað til hálfs. Þessum rétti fylgja vissulega margar skyldur. Sú fyrsta, að bænum er lagt á herðar, að hann verði að ljúka þessari virkjun á Soginu til hálfs Það er hans hlutverk að fylgja því fram. Framkvæmdirnar eru háðar eftirliti ráðh., þannig að fyrir hann verður að leggja alla uppdrætti og áætlanir og ráðh. hefur vald til þess að krefjast breytinga á hvoru tveggja. Enn fremur er sú skylda lögð á bæjarfélagið að láta raforku í té frá raforkuverinu við stöðvarvegg og við afspennistöðvar til almenningsþarfa, þótt utan Reykjavíkur sé, við lögákveðnu kostnaðarverði og samkvæmt mati á hverjum tíma. Það eru ekki neinar smáræðisskyldur. Og loks er svo, sem ég áður hef rætt, að ríkið getur gengið inn í þetta virkjunarstarf bæjarfélagsins og því er skylt, ef ekki hefur önnur ákvörðun verið tekin síðar, að virkja það, þegar bærinn hefur hálfvirkjað Sogið. — Hér er því ekki, eins og ég hef áður tekið fram, ríkið gegn bæjarfélaginu eða bæjarfélagið gegn ríkinu, heldur samstarf. Meginatriðið er, að framkvæmdin sjálf sé í höndum þess aðila, sem líklegastur er til að ljúka henni sem fljótast, og hér er mikið starf, sem þarf að leysa, og því má engin töf verða. Jafnframt verður að gæta þess, að réttur engra aðila sé fyrir borð borinn og þannig hagað framkvæmdunum, að allir aðilar geti notið góðs af þeim. En varðandi það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ekki væri rétt að veita einum aðila það, sem öðrum væri meinað í þessu efni, þá er ég honum fullkomlega sammála. Ég tel ekki efamál, að ef önnur héruð kæmu með sambærilegar ástæður og Reykjavíkurbær hefur fært fram í þessu frv., þá ber þinginu að taka það sömu tökum og það vonandi tekur þessu frv. En undir öllum kring-

umstæðum er það trygging fyrir, að framkvæmdirnar gætu gengið fljótt og greiðlega. Það má vel vera nokkuð rétt það sjónarmið hjá hv. þm. Borgf., að það sé í sjálfu sér óeðlilegt að þurfa að hafa um þetta sérstakt frv., heldur fella ákvæði um það inn í aðalfrv. En ég skal taka það fram, að bæjarráð fól iðnn. að athuga þetta frv. og hvort samrýma bæri aðalstefnu þess inn í heildarlöggjöfina, en slíkt hefði hlotið að tefja, úr því sem komið var, og ég tel ekkert athugavert við það, þó að svo væri ekki gert.

Ég geri ráð fyrir, að rétt sé á það bent hjá hv. þm. Borgf., að í 5. gr. frv. um Sogsvirkjunina og frv. um raforkuver sé ekki fullt samræmi. Ég vil taka það fram, að Reykjavíkurbær hefur aldrei notið neinnar ríkisaðstoðar við lán vegna síns innanbæjarkerfis og fer ekki heldur fram á það, heldur aðeins að njóta ríkisábyrgðar með lán til þess að koma upp aðalorkuverinu. En ákvæðið um 85% af kostnaðarverði hygg ég, að sé miðað við heildargreiðslu, en ég sé fyrir mitt leyti ekkert á móti því að bæta inn í 5. gr. ákvæði um það, að ábyrgðin fari ekki fram úr 85% af kostnaðarverði. Verður þá annars vegar talað um 34 millj. kr. og hins vegar, að greiðslan fari ekki fram úr 85% af kostnaðarverði. Ég hygg, að slíkt sé á engan hátt óaðgengilegt, hvorki fyrir Reykjavíkurbæ né ríkið.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. Árn., sem hann flutti hér, þegar málið var síðast á dagskrá. Hann hóf ræðu sína með því að vitna til kunnáttumanna á sviði raforkumála, sem teldu, að ríkið eitt ætti að hafa þennan rekstur með höndum, og frv. væri í mótsögn við allar þeirra röksemdir. Nú spyr ég hv. þm., hverjir eru þessir kunnáttumenn? Ég skal ekki mikið fullyrða, en ég vil leyfa mér að draga mjög í efa, að þessir kunnáttumenn séu andvígir þessu frv. Ég geri mér hugmynd um, að sá kunnáttumaður, sem hv. þm. á við, sé forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins, en ég veit ekki betur en hann sé hlynntur þessu frv., sem fyrir liggur um virkjun Sogsins. Ef það eru einhverjir aðrir kunnáttumenn, sem hv. þm. hefur í huga, er æskilegt að heyra, hverjir það eru og þeirra álit um virkjun Sogsins. Ég má til að skjóta því til hv. þm., að ef miðað er við kunnáttumenn eins og þá, sem mynda meiri hl. raforkumálan., Jón Pálmason o. fl. hv. þm. og Sigurð Jónasson forstjóra, þá tek ég þá ekki gilda sem kunnáttumenn á sviði raforkumála, hv. 1. þm. Árn. verður að fyrirgefa mér það. En eigi hv. þm. við einhverja aðra, t. d. eins og Jakob Gíslason, væri æskilegt að heyra það. En séu það ekki slíkir kunnáttumenn, sem hv. þm. á við, þá eru orð hans dauður bókstafur, sem ástæðulaust er að lesa.

Næsta röksemd. hv. þm. er sú, að auðveldara muni að fá lán til framkvæmdanna, ef ríkið á hlut að máli. Mér eru ekki kunnir neinir erfiðleikar á því, að Reykjavíkurbær geti fengið umbeðið lán. Ég efast ekki um, að ríkið eigi auðvelt með það líka, en ég tel óhætt að fullyrða, að það verður enginn Þrándur í Götu þessa máls, ef þetta frv. verður að l., að Reykjavíkurbær eigi erfitt með að fá lán til framkvæmdanna.

Þriðja röksemd hv. þm. er sú, að það þurfi minna mannahald, ef ríkið annist framkvæmdirnar. Ég hef enga trú á, að hægt yrði að komast af með minna mannahald, þó að þetta yrði rekið af ríkinu, en ekki af Reykjavíkurbæ. Það er engin skynsamleg ástæða til þess að halda það. Og það má taka það fram í þessu sambandi, að þetta kemur á engan hátt í mótsögn við þessa heildaráætlun, sem verið er að gera um raforkumálin, og á engan hátt í bága við yfirstjórn ríkisins á þessu máli sem heild.

Þá talaði hv. þm. um, að erfitt mundi að neita öðrum stöðum um sama rétt og Reykjavík fengi. Þá hlið hef ég rætt, og ég tel sjálfsagt, að Alþ. geti ekki gert upp á milli staða, sem koma með sams konar ástæður, og engum stað séu tryggð viss forréttindi, en öðrum aðilum meinaður aðgangur að orkunni, og er þess gætt með þessu frv., og mundi svo að sjálfsögðu verða um aðra staði.

Hv. þm. gat þess, að sér þætti gæta í ræðu minni furðu lítillar félagshyggju og að ég mundi koma hér fram sem umboðsmaður umbjóðenda minna í Reykjavík. Ég ber engan kinnroða fyrir það að koma hér fram sem umboðsmaður þeirra Reykvíkinga, sem hafa falið mér umboð sitt hér á hæstv. Alþ. eða í bæjarstjórn, og ég álít, að það komi ekki í bága við neina félagslega hyggju, þó að ég vilji fara beztu leiðina til þess að tryggja einum þriðja landsmanna aðgang að raforku á eins varanlegan og auðveldan hátt og hægt er um leið og engum öðrum er varnað sama réttar, sem tilkall getur átt til hans. Annars get ég ekki varizt að minnast þess, að ég held eiginlega, að það hafi bólað á heldur minni félagshyggju hjá hv. 1. þm. Árn. og skoðanabræðrum hans, þegar þeir voru að fjalla um 35. gr. frv. um raforkul., þar sem þeir komu til leiðar, að raforkulánasjóði er hægt að útdeila til smástöðva hingað og þangað úti um land. Það finnst mér ákaflega takmörkuð félagshyggja að líta aðeins á einstaka ágæta bændur úti um landið og mjög miklu lengra frá því að geta kallazt slíkt en það, sem stefnt er að með þessu frv., þar sem litið er á hagsmuni 45 þús. manna í Reykjavík og Hafnarfirði og á Suðurnesjum og öðrum stöðum, sem eðlilega ættu að geta fengið aðgang að Sogsvirkjuninni.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um það, að ríkið hefði haft heimild til þess að verða þátttakandi í Sogsvirkjuninni, eins og ég hef bent rækilega á, en sagðist ekki hafa komið með till. um það af því, að hann teldi það algerlega þýðingarlaust, og kom hann í því sambandi inn á það, að það væri dálítið undarlegt, hvað tiltölulega hægt gengi með virkjunina fyrir Reykjavík, því hefði verið haldið fram á sínum tíma, að Reykjavíkurvaldið hefði ekki nándar nærri verið nógu stórhuga í framkvæmdum hvað snerti rafmagnsmálin. En þó að meiri stórhugur hefði þurft að ríkja, þá var þó ríkisvaldið þá enn smærri hugar, og sérstaklega var sá hugur smár, þegar flokkur hv. 1. þm. Árn. var hér allsráðandi á þingi og í ríkisstj., og það er víst, að ef sú ríkisstj. hefði átt að leysa þetta mál Reykvíkinga, þá væri það þó ekki komið þetta áleiðis, heldur áreiðanlega í aðalatriðum óleyst. Og hv. þm.

mætti vel minnast þess, að flokksblöð hans og flokksbræður töldu ekkert annað meiri þjóðarvoða fyrir 15 árum síðan en að ríkið gengi í ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ, þegar verið var að undirbúa virkjun Sogsins. Það er sýnishorn af því, hvers hefði mátt vænta af ríkisvaldinu, sérstaklega í höndum Framsfl., ef hann hefði haft þetta mál með höndum.

Þá var hv. þm. með aths. um það, að það væri dálitið efamál, hvenær búið yrði að hálfvirkja Sogið. Þetta er sagt til þess að segja eitthvað. Það mun vera ákaflega auðvelt að gera sér nokkra grein fyrir því, hve mikil orka felst í Soginu, og ef hv. þm. vill, þá má það vera tekið fram í frv., hve mörg hestöfl verði að vera virkjuð, til þess að Sogið geti talizt virkjað til hálfs, svo að þessum vandræðum sé þá vikið frá hv. þm.

Þá sagðist hv. 1. þm. Árn. ekki ætla að banna Reykvíkingum að virkja Sogið, en gera óþarft, að þeir gerðu það. Það er nú svo. Ég hef vikið að því áður, að ef þessi hv. þm. hefði ráðið kringum 1930 og gert óþarft, að Reykvíkingar virkjuðu Sogið, þá væri sú virkjun langtum skemmra á veg komin en hún er nú.

Ég þarf ekki að eyða öllu meiri tíma í að ræða þetta og býst ekki við að eyða meiri tíma til þess hér eftir. Ég er búinn að sýna mjög rækilega fram á, að frv. er í samræmi við það, sem hv. d. hefur afgr. frv. það um raforkumál, sem nú er í Ed., og ég hef einnig sýnt fram á, að hér er ekki um að ræða bæjarfélagið gegn ríkinu eða ríkið gegn bæjarfélaginu, heldur samstarf, þar sem ríkið tryggir sér og þegnum sínum sanngjarnan rétt og Reykjavík hlýtur í raun og veru meiri skyldur en rétt er, en orsökin til þess, að ég held því fram, að Reykjavík eigi að hafa þetta sjálf með höndum, er sú, að ég er sannfærður um, að það greiðir betur fyrir virkjuninni en ef það væri lagt í hendur annarra aðila á þessu stigi málsins.

Jörundur Brynjólfsson: Ég var hálfpartinn að búast við því, að hæstv. samgmrh. tæki hér til máls. (*Samgmrh.:* Hann heyrir). Mér hefði verið meiri ánægja að heyra eitthvað til hans, því að ég hafði búizt við, að hann bæri þær tilfinningar í brjósti fyrir sínu fóstri, þar sem lagzt er svona hroðalega á það og reynt að tortíma því, og að hann mundi ekki horfa á slíkt án þess að bera fram einhverjar varnir. Það hefði mátt ætla, að móðurtilfinningarnar væru það ríkar. Og áður en ég nota minn veika rétt, sem hæstv. forseti hefur gefið mér, væri mér mikil þökk á að heyra álit hæstv. samgmrh. En það getur þó komið á eftir, og ég vona, að það verði til varnar frv. í Ed., sem með þessu frv. á gersamlega að tortíma.

Það verður aldrei skilið öðruvísi, hvað mörg orð sem verða sögð um það, að efni þessa frv. afturkallar mikið af hinu frv. fyrir stór svæði landsins, og eins og kom eðlilega fram í ræðu hv. þm. Borgf., þá verður framkvæmdin í raforkumálunum á annan veg með þessu frv. en gert er ráð fyrir með því frv., sem er í hv. Ed., því að þau brjóta gersamlega í bága hvort við annað. En verði hinum svæðunum gefinn sami réttur og hér er ætlazt til, að gert verði um virkjun Sogsins fyrir Reykjavík, verða Austfirðir og Vestfirðir algerlega eftir og algerlega búið að eyðileggja heildarvirkjunina. Ef Laxárvirkjunin gengur þannig fyrir sig og Akureyrarbær stendur að henni, og ef svo þeir, sem hafa rétt til Andakílsár, fara eins að, og Sogið virkjað fyrst að hálfu leyti, skulum við segja, sem stendur þó til, að verði að öllu leyti, hvað er þá eftir? Það eru Austfirðir og Vestfirðir, af því að þeir eru utan við þetta kerfi. Milli þessara höfuðstöðva kynnu að koma einhverjar smástöðvar. Það kynni að vera, að það bætti eitthvað úr, en meginkjarni frv. þess, sem upphaflega var talað um, er allur runninn sundur og án nokkurs samhengis, og málið er komið með þessu í hendur félaga, sumpart bæjarfélaga og annarra félaga, en ekki í höndum ríkisins. Menn geta náttúrlega haft þessar framkvæmdir, en þá þýðir ekki að vera með þessi látalæti og tala um, að þetta frv. sé í samræmi við hitt frv. og það sé tryggt með slíkri löggjöf að koma á heildarvirkjun, sem ríkið standi að. Það var við því að búast, að hv. þm. Borgf. léti þessa skoðun í ljós. Og þó að hv. þm. Ak. sé ekki farinn að tala í þessu máli, þá er ekki nema eðlilegt, að hið sama komi fram hjá honum. En ég harma það, að svo virðist sem hv. þm. Borgf. sé til með að fylgja fram þessari stefnu. En þær fullyrðingar hv. þm., að ekki væri enn farið að virkja Andakílsána, ef þeir aðilar, sem hafa haft verkið með höndum, hefðu ekki gert það, efa ég að séu réttar, enda hefur ekki staðið á okkur, sem í mþn. störfuðum, og öðrum, sem vilja koma þessu heildarkerfi á, að láta ríkið gera ráðstafanir í þessa átt, og aðstoð okkar var boðin fram varðandi virkjun Andakílsárinnar.

Hv. 8. þm. Reykv., sem hefur verið aðalandmælandi minn í þessu máli og, eins og skiljanlegt er út frá hans sjónarmiði, virðist líta svo á, að þessi mál séu bezt komin í höndum einhverra félaga, í þessu tilfelli Reykjavíkur, — það er náttúrlega hans skoðun, og við því er ekkert að segja. En hv. þm. ætti ekki að vera að gera það að gamni sínu að reyna að telja mönnum trú um, að ákvæði þessa frv. séu í samræmi við hitt frv. Slíkt þarf ekki að bera fram fyrir nokkurn mann, sem skilur íslenzkt mál. Enda kom það greinilega fram í ræðu hv. þm. Borgf., að hann finnur mun á efni þessara frv., og þar skakkar líka miklu. Hv. þm. sagði, að þetta frv. sé í samræmi við ákvæði raforkulagafrv. um framkvæmdir, vegna þess að í 1. gr. frv. fælist heimild til handa þeim stöðum, sem eiga rafveitur, til að fara með þær eins og hér er stofnað til fyrir Reykjavík. Það fyrsta, sem ég vil segja þessu viðkomandi, er það, að ef svo er, þá skilst mér, að ekki sé þörf að setja sérstök lög um virkjun Sogsins. Þarf tvöföld lög til þessa? Nægir ekki heimild í einum lögum? Ein lög hafa verið látin nægja. Aldrei hef ég að minnsta kosti heyrt gildi laga vefengt vegna þess, að ákvæði þeirra hafi aðeins staðið í einum lögum. Þetta er því aðeins játning þess, eins og líka rétt er, að heimild til svona framkvæmda er ekki til í lögum. Þess vegna þarf að setja lög um það. Og ég vil einmitt minna á það, að við

umr. um raforkufrv. hér í d. minntist ég einmitt á það, að svo kynni að fara, að þetta ákvæði 1. gr. yrði reynt að túlka í þessa átt, og gerði ég í því sambandi fyrirspurn til hæstv. samgmrh. um, hvernig skilja bæri þessa gr. Hæstv. samgmrh. var svo góður og hreinskilinn, að hann ræddi ýtarlega, hvað í þessu ákvæði fælist, og hæstv. ráðh. taldi, að því færi fjarri, að þessi heimild næði til þessarar virkjunar. Ég vil geta þess að gefnu tilefni, að ég lít alls ekki á mig sem kunnáttumann í rafmagnsmálum eða félaga mína í n. Ég held meira að segja, að mþnm., sem klauf sig út úr, sé ekki heldur neinn kunnáttumaður. Hann er verkfræðingur, — ég held ég megi segja byggingaverkfræðingur. En þeir kunnáttumenn, sem eitthvað hafa um þetta mál fjallað, t. d. Steingrímur Jónsson, Jakob Gíslason o. fl., man ég, að skrifuðu undir ýtarlega skýrslu, þar sem þessi skoðun, sem ég held fram, er sett fram af þeim sjálfum. Svo sannar það vitanlega ekki neitt, þótt það kunni að vera, að þessir menn telji nú, að Reykjavík eigi að virkja Sogið. Það varðar mig ekkert um. Ég ber enga ábyrgð á því, þótt þeir fallist nú á till., sem brýtur í bága við það, sem þeir hafa áður talið einfaldast og hagkvæmast í framkvæmd. Það er ekki mitt að svara fyrir það.

Hv. þm. vék að því, að ég hefði staðið að till. um dreifingu á raforkumálasjóðnum. Það er rétt, að ég flutti till. um að útiloka ekki þá menn, sem eru alveg útilokaðir frá þessum kerfum og hafa enga leið til að fá raforku til sinna nota nema með því móti að standa straum af því sjálfir. Sú till. var felld, en mig minnir, að önnur till. væri samþ., sem útilokar það ekki, að veitt verði til mótor- og vatnsstöðva á þessum svæðum, en það má líka veita til slíkra stöðva innan heildarkerfisins. Það var ekki eftir minni till. Hæstv. forseti er nú orðinn óþolinmóður, og ég ætla mér ekki að misnota þolinmæði hans frekar.

Hv. 8. þm. Reykv. taldi það óþarfa af mér að telja það geta orkað tvímælis, hvað telja skuli Sogið hálfvirkjað, því að það lægi ljóst fyrir. Ég hygg, að það liggi ekki ljósara fyrir en t. d. ákvæði 1. gr. raforkulagafrv. með þeirri skilgreiningu, sem fram hefur komið. Er þó þegar búið að snúa svo út úr því ákvæði, að það er talið vera í samræmi við ákvæði frv., þar sem leyfa á Reykjavík að virkja hálft Sogið.

Þakka ég svo hæstv. forseta þolinmæðina.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. innti eftir mínu áliti á þessu frv. Ég skal gjarnan verða við ósk hans. Ég hef hlýtt á þá, sem frv. hafa borið fram, og eins hina, sem hafa andmælt því. Einnig var mér áður kunnugt um frv. Mér var sent það af rafmagnsstjóra Reykjavíkur, áður en það kom fram hér í hv. d., og ég skal segja það strax, að ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga, þótt það sé samþ. í svipuðu formi og það liggur fyrir nú.

Hv. 1. þm. Árn. taldi áðan, að ég ætti að sýna a. m. k. nokkra umhyggju fyrir mínu fóstri, þar sem raforkul. væru. Ég skal viðurkenna það, að mér er sárt um það frv. og ég óska, að það gangi fram. En hv. 1. þm. Árn. man kannske eftir því, þegar það var hér til umr., að þá lét ég í ljós nokkurn vafa á því, að rétt væri að binda, eins og frv. gerði, við ríkið rekstur og allar framkvæmdir í þessu efni. Ég minntist þá á till., sem komið hefði fram á sambandsfundi íslenzkra rafveitna, þar sem bent var á, að ekki væru allir sammála um, að bezt væri að binda þetta eingöngu við ríkið. Og rökin fyrir þessu voru þau, að aðalatriðið væri, að allir aðilar, sem hefðu möguleika til framkvæmda í þessu efni, tefðust ekki, ef þeir sjálfir gætu framkvæmt gagnlega hluti, sem ekki kæmu í bága við heildarplanið, sem verið væri að vinna að. Og ég álít, að þetta frv. geri það ekki. — Hv. 1. þm. Árn. minntist á heimild varðandi þetta í raforkul. og gat þess, að hv. 8. þm. Reykv. teldi, að framkvæmdir þessar væru samkv. ákvæðum þeirra laga, eða liti svo á, að skýra mætti a. m. k. ákvæði þeirra l. á þann veg. Einnig gat hv. þm. þess, hvernig ég hefði litið á þau ákvæði laganna og skýrt þau. Ég fyrir mitt leyti tel, þótt þau ákvæði gangi að vísu í svipaða átt, að þau nægi ekki til þeirrar starfsemi, sem hér er fyrirhuguð, og þurfi því að setja sérstök l. varðandi þetta mál. Aðalatriðið frá minni hálfu er það, að Reykjavíkurbær og Sogsvirkjunin hafi nokkra sérstöðu í þessu efni. Í fyrsta lagi þá, að hún er byrjunarvirkjun í stórum stíl og hún hefur selt orku út fyrir takmörk Reykjavíkur. Reykjavík hefur keypt sér viðtæk vatnaréttindi þarna. Þá má benda á, að Rafveita Reykjavíkur hefur unnið um áratugi að undirbúningi þessarar virkjunar og sérfræðingar og starfsmenn Rafveitunnar hafa innt allar rannsóknir af hendi og hafa haft á hendi alla málsmeðferð frá upphafi. Ef ríkissjóður gripi nú fram fyrir hendur þeirra, gegndi um það allt öðru máli en þótt ríkissjóður tæki að sér virkjun þar, sem engar undirbúningsrannsóknir hafa verið framkvæmdar og litlar eða engar líkur til, að viðkomandi hérað geti haft það verk með höndum. Reykjavíkurbær hefur þeim fagmönnum á að skipa og þá möguleika, sem fáir eða engir hafa aðrir. Við þetta bætist svo það, að sú stofnun, sem ríkisstj. ræður yfir til þess að framkvæma rafvirkjanir út um land, Rafmagnseftirlit ríkisins, hún er yfirhlaðin störfum. Þótt þeirri stofnun yrði falið að framkvæma verkið, gæti hún það ekki nú eins fljótt og rækilega og sérfræðingar Reykjavíkur. Rafmagnseftirlit ríkisins hefur yfir að ráða takmörkuðum mannafla og getur ekki með litlum fyrirvara tekið að sér verk, sem kostar tugi milljóna króna, án þess að hafa um það mikinn og víðtækan undirbúning. Þetta er að mínu viti sérstaða Reykjavíkur: Málið hefur frá upphafi verið í höndum bæjarins, bærinn hefur aflað sér nauðsynlegra réttinda, bærinn hefur látið fara fram rannsóknir og gera áætlanir þær, sem gerðar hafa verið, og hefur sérfræðingum á að skipa, sem nægja til að hafa framkvæmdirnar með höndum. Þetta er sú hliðin, sem að Reykjavík sjálfri snýr. Þá er að líta á hina hliðina, — hvernig séð er fyrir rétti annarra landsmanna en Reykvíkinga við framkvæmdir þessar. Hvernig er séð fyrir því að tryggja öðrum landsmönnum rafmagn frá þessu orkuveri? Ég get ekki betur séð en fyrir því sé séð eins vel og hægt er að hugsa sér. Hér

stendur: „Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota í nálægum héruðum við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað.“ Ég get ekki betur séð en almenningi séu tryggð afnot af þessari raforku alveg eins og Reykvíkingum. Í 1.—2. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir því til frekara öryggis, að fyrirtækið skuli vera sérstakt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi og rekið samkvæmt reglum, sem ráðh. staðfestir. Ég fæ ekki séð, að með þessu sé tækifæri fyrir Reykvíkinga til að nota fyrirtækið til sinna þarfa á kostnað annarra, heldur séu einmitt mjög greinileg ákvæði, sem tryggi almenningi í landinu not af því.

Ég tel svo óþarfa að eyða frekar orðum að þessu atriði. Ég er á sömu skoðun og ég var, þegar raforkulögin voru afgreidd til Ed. Ég álít, að fyrst og fremst beri að líta á það, að sem mestur hraði verði á þessum framkvæmdum. En ég lít ekki eins á það, hvort hér er um að ræða hreinan ríkis- eða bæjarrekstur eða rekstur félaga, sem starfa í almennings þágu, svo framarlega sem rekstrarformið tryggi almenningi sömu not á sama hátt og við sama verði og ef um ríkisrekstur væri að ræða. Ef slíkt er fyrir hendi, sé ég engan mun á þessu. Almenningsnotin eiga að ganga fyrir. Þegar lagðar verða línur til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar og um Árnessýslu og víðar, þá selur þessi virkjun þangað rafmagn, þegar þess er óskað. Heimild er í l. um, að þetta verði gert þessum stöðum að skaðlausu.

Ég skal svo með nokkrum orðum minnast á ábyrgðarheimildina, sem rædd var hér nokkuð af hv. þm. Borgf. Réttilega benti hv. þm. á, að hér væri gengið út frá, að ábyrgð væri veitt fyrir allri upphæðinni af kostnaðarverði verksins, en hins vegar er annars staðar í raforkulögunum gert ráð fyrir 85% ábyrgðarheimild. En í þessu sambandi má benda á það, að þar, sem 85% eru samþ., þar er gert ráð fyrir sérstökum héruðum eða l. um sérstakar virkjanir og miðað við 85% af fullri virkjun. En ef allur kostnaður veitunnar er hér tekinn með, þá má gera ráð fyrir, að ekki verði farið fram úr 85%, enda á það bent af einum hv. þm., sem staðið hefur að flutningi þessa frv., að þetta takmark mætti líka setja inn í l., og er rétt, að hv. iðnn. athugaði það. Annars má benda á það, að nokkru öðru máli gegnir um fulla ábyrgð handa þessari virkjun en ýmsum öðrum, þar sem þessari virkjun er lagt ýmislegt á herðar, sem öðrum veitum er ekki áskilið. Þessari veitu er skylt að selja almenningi í landinu rafmagn til jafns við íbúa Reykjavíkur, sem byggja hana, án tillits til þess, hvort íbúar Reykjavíkur hafa nægilegt rafmagn til sinna afnota. Þeir eru jafnréttháir og þeir, sem búa utan bæjarins. Þegar svo er ástatt um fyrirtæki, sem frá upphafi er kostað af bænum, þá er tilefni nokkurt til þess, að fríðindi kæmu í einhverri mynd á móti, sem í þessu tilfelli væri ábyrgðarheimild.

Ég tel ekki, að þetta frv. brjóti nokkuð í bága við frv. til raforkulaga. Ég tel það á vissan hátt eðlilegt framhald af því, þótt ekki sé heppilegt að setja frv. sem sérákvæði í þau. Hér á landi er ekki heldur um svo mörg fyrirtæki að ræða, sem eru hliðstæð þessu, svo að ekki er ástæða til að óttast, þótt sérstaka lagasetningu þurfi um þessa virkjun. Það er ekki nema ein virkjun önnur hliðstæð þessari, og þó aðeins að nokkru leyti, Laxárvirkjunin. Og með sömu skilyrðum er ég óhræddur að veita Laxárvirkjuninni sams konar heimild og þetta frv. gerir ráð fyrir Sogsvirkjuninni til handa. Aðalatriðið er, að þessi framkvæmd gangi greiðlega og haganlega og allir kraftar, sem fyrir hendi eru og vilja vinna, séu notaðir til hins ýtrasta, án þess að koma í bága við heildarplanið.

Sigfús Sigurhjartarson: Aðeins örstutt aths., herra forseti.

Það er óþarft að taka fram, að hv. 1. þm. Árn. er rökslyngasti maður og sýnir venjulega sanngirni. Ég held því, að það séu fullar sannanir fyrir því, að hér sé rökþurrð, er hann heldur ræðu eins og áðan. Hann hóf ræðu sína á því að segja, að ég vildi fela þessi mál einhverju félagi. Nú veit hv. þm., að mér hefur aldrei til hugar komið að fela þessi mál öðrum félögum en sveitar- og sýslufélögum, og þá með miklum takmörkunum, og eru það miklar skyldur, sem lagðar eru á þau félög í því frv., sem hér liggur fyrir. Þessi hv. þm. veit vel, að ef við erum að koma á stofn þjóðnýtingu fyrirtækja, þá geta þau ýmist verið í höndum sveitarfélaga eða ríkisins, eftir því sem hagkvæmast þykir til framkvæmda, hvort tveggja til að tryggja rekstur með almenningsheill fyrir augum, og í þessu frv. er það tryggt, að það er ekki aðeins eitt sveitarfélag, sem þarna kemur til greina, heldur hvert annað sveitarfélag, sem til þess hefur aðstöðu.

Þegar svo hv. þm. hefur lokið þessari röksemdafærslu um, að ég vilji fela þetta einhverju félagi, þá kemur hann að hinu, að það væri barnaskapur að ætla að telja mönnum trú um, að þetta gæti samrýmzt heildarfrv. til raforkulaga, og sagði, að allir læsir menn mættu glöggt sjá, að hér væri ósamræmi á milli. Ég tek ekki nærri mér, þó að hann bregði mér um það, að ég sé ekki læs, en ég vildi benda honum á það, að margir mættu lenda í sama hópi, og skal þá fyrst frægan telja, þann þm., sem síðast lauk máli sínu, hæstv. samgmrh. Hann hefur lýst yfir, að hann telji, að þetta frv. geti samrýmzt þeirri heildarstefnu, sem í raforkufrv. felst.

Svo kom hann að því að tilgreina þá kunnáttumenn, sem ég bað hann að greina, hverjir væru og hann teldi, að hefðu látið í ljós ákveðna stefnu í rafmagnsmálum í heild, en þessi stefna í frv. bryti í bága við. Nefndi hann þá Steingrím Jónsson, rafmagnsstjóra í Reykjavík, sem hlýtur að koma í hóp ólæsra og óskrifandi manna, því að hann mun vera þeirrar skoðunar, að þetta frv. sé í fullu samræmi við það frv., sem hann átti þátt í að undirbúa. Næst nefndi hann svo Jakob Gíslason, forstöðumann Rafmagnseftirlits ríkisins. Ég átti líka von á því.

Nú hefur form. iðnn. skotið því að mér, að hún hafi beðið Rafmagnseftirlitið að athuga frv. um Sogsvirkjunina og bera það saman við ákvæði heildarfrv., sem sá sami maður hefur átt drjúgan þátt í að semja. Og þá segir hann, að þetta frv. um Sogsvirkjunina geti samrýmzt heildarfrv., svo að einnig þessi maður, ásamt mér og rafmagnsstjóra Reykjavíkur, kemur í hóp hinna ólæsu og óskrifandi, þar sem þeir eru sannfærðir um, að hér sé um samræmi að ræða en ekki ósamræmi.

Vegna þess að ég fékk aðeins leyfi til stuttrar aths., skal ég láta þetta nægja, en hygg, að lengri umr. um málið mundu hafa litla þýðingu. Ég vil aðeins vænta þess, að hv. d. bregðist vel við þeirri ósk Reykvíkinga, að þeir fái að halda áfram að vinna þar stórvirki til hagsbóta fyrir þær 45 þús., sem hér búa, Hafnarfjörð, Grindavík, Njarðvíkur og svo Eyrarbakka og Stokkseyri og önnur blómleg byggðarlög í kjördæmi hv. 1. þm. Árn.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Það hafa orðið talsverðar umr. um þetta mál., og hefur frv. sætt gagnrýni frá tveim þm. Að vísu hafa 8. þm. Reykv. og samgmrh. að mestu tekið það ómak af mér að svara, en ég vil þó gera örlitlar aths.

Iðnn. var sent þetta frv. af bæjarstjórn Reykjavíkur og beðin um flutning á því. Það er ekki rétt, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, að ætlazt hafi verið til þess, að við annaðhvort flyttum frv. eða samræmdum það og felldum inn í frv. til raforkulaga, enda kom það fullseint til þess. En hins vegar held ég, að það hafi verið rétt hjá n., þó að þetta hvort tveggja hafi verið til, að flytja þetta sem sérstakt frv. Hér er um það mikið mál að ræða, t. d. er ábyrgðarupphæðin það stór, að mér finnst miklu heppilegra og viðkunnanlegra, að Alþ. fjalli um það sérstaklega og veiti þessa ábyrgð með sérlögum en að fella það inn í almennu lögin. Með því væri velt á hlutaðeigandi ráðh. fullmikilli ábyrgð, sem hann ætti að losna við.

Við samræmdum þetta frv. Það var samið, eins og hv. 8. þm. Reykv. tók fram, af rafmagnsstjóra Reykjavíkur, Steingrími Jónssyni, og við í iðnn. höfðum um það samvinnu við forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins að samræma það við frv. til raforkulaga, og við sem sagt unnum að þessu þrátt fyrir vöntun á verkfræðikunnáttu, eins og hv. 1. þm. Árn. bar mér á brýn. En ég hafði þó kunnáttumenn með mér í þessu, og við þóttumst hafa samræmt þetta frv. og finnum ekki, að hér beri svo mikið á milli. Ég held, að hv. 1. þm. Árn. sjái ofsjónum yfir því, sem hér er á ferðinni, því að eins og áður hefur verið bent á af hv. 8. þm. Reykv., þá felst það, sem þetta frv. fer fram á, einnig í 1. gr. frv. til raforkulaga, og meira að segja fer sú gr. öllu lengra.

1. þm. Árn. tók fram, að honum þætti sanngjarnt, að Reykjavík fengi leyfi til að halda þeim virkjunum, sem hún hefur þegar virkjað, og því fremur finnst mér hann sjá ofsjónum yfir því, sem hér er á ferðinni, þar sem hér er um stigmun að ræða. Hvar á að setja takmörkin? Þyrfti að binda þau endilega við 16500 kilowött frekar en annars staðar?

Hv. þm. kvartar yfir því, að nú sé Ljósafossstöðin fullvirkjuð, en ríkissjóður eigi ekki eyris virði í henni. Þetta er auðvitað rökrétt afleiðing af lögunum um Sogsvirkjunina 1933. Þau l. gera ekki ráð fyrir, að ríkið eigi í Sogsvirkjuninni fyrr en Sogið er virkjað að helmingi. — Hann kvartar yfir því, að ekki hafi nema einn bær fengið rafmagn frá Ljósafossstöðinni, og mun það rétt. En hv. þm. ætti að vera kunnugt, að rætt var um það í sumar að leggja línu bæði til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, sem og verður gert á þessu sumri, og verður þar um að ræða rafmagn frá Ljósafossstöðinni.

Ég held, að hv. þm. þurfi ekki að sjá ofsjónum yfir þessu. Hann gerir sér ekki ljóst, hvað þróunin í raforkumálunum er ör. Menn gerðu sig ánægða með það hér 1933 að setja þau ákvæði, að Reykjavíkurbær skyldi ekki virkja nema hálft Sogið, þá tæki ríkið við. Og hann er undrandi á því, að ríkið skuli ekki enn eiga neitt af Sogsvirkjuninni, en gerir sér ekki ljóst, að þróunin er svo ör núna, að við sjáum fram á það, að orka sú, sem er í Soginu, hún verður fullnotuð í fyrirsjáanlegri framtíð, og þá er skýlaust tekið fram í þessu frv., að helming þess skuli virkja af ríkinu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta nú, en ætla að mælast til þess við formann iðnn., að við höfum fund um málið enn á ný og athugum þetta atriði, sem hefur verið tekið fram um þessi 85%, nú milli umræðna.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. hefur máske ekki tekið eftir því, að það var fleira en eitt atriði, sem ég beindi til hv. iðnn. í þessu sambandi, því að mér skildist svo, þegar hann var að beina þeim tilmælum til form. n., að þá væri það til þess að taka til athugunar þær aths., sem ég hef gert um þá ábyrgð, sem um ræðir í þessu frv. Hitt er meginatriðið, sem ég beindi til n., að hún tæki til athugunar, hvort efni þessa frv. bæri ekki að taka inn í það frv., sem fyrir liggur til raforkulaga, og gera það þannig, að þeim aðilum, sem svipað stendur á um, þeim yrði skapaður sami réttur og á að skapa Reykjavíkurbæ með þessu frv. Þetta var vissulega aðalatriðið í því, sem ég beindi til n., og ég vænti, að n. gangi ekki fram hjá því, þegar hún fer að ræða þetta mál.

Mér þótti vænt um, að hv. 8. þm. Reykv. tók mjög vel í þá till. hjá mér, að þessi ákvæði yrðu tekin inn í heildarlöggjöf um þetta efni, og því vænna um það sem hann er einn aðilinn að þessu máli sem meðlimur bæjarstjórnar Reykjavíkur og sem fulltrúi Reykjavíkurbæjar hér á Alþ. Þegar þetta mál var sent til n. til flutnings, hefur hann talið eðlilegast, að málið kæmi ekki fram hér í þeim búningi, að það hefði verið flutt brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir um þetta efni, enda kom það vitanlega út á eitt fyrir Reykjavíkurbæ að fá eftir þeim leiðum óskum sínum fullnægt eins og með því að vera að flytja sérstakt frv. um þetta mál, og verð ég að segja, að ég kann illa við það að vera að afgreiða

þetta mál samtímis í mörgum pörtum. Vil ég mælast til þess, að n. taki þetta til athugunar.

Ég vildi aðeins taka þetta fram hér og legg áherzlu á það, að aðrir aðilar, sem eins stendur á um, verði látnir sitja við sama borð, og tel ég það undir öllum kringumstæðum eðlilegast, nú og í framtíð, að öll þessi ákvæði væru látin vera í sömu lögum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mig langar að óska eftir nánari skýringum á einstökum atriðum frv.

Í 5. gr. frv. er ákveðið um ríkisábyrgð handa Reykjavíkurbæ og nefnd upphæð allt að 34 millj. kr. Nú skilst mér á frv. að öðru leyti, að þarna muni innifalið það, sem Reykjavíkurbær nú kann að skulda vegna Sogsvirkjunarinnar og ríkið er í ábyrgð fyrir, og hefði ég gjarnan viljað fá skýringu á því, hve mikill hluti þetta væri af upphæðinni og hvað þarna væri nýtt eða væntanleg lántaka hér eftir.

Þá er það annað atriði, sem snertir 6. gr. þessa frv. Ég vænti, að forseti hafi ekki við það að athuga, þó að ég spyrji um þetta, þótt ræða eigi einstakar gr. við 2. umr. Þar er gert ráð fyrir, að þessi virkjun selji rafmagn fyrst og fremst til Rafmagnsveitu Reykjavíkurbæjar, en einnig til annarra orkuvera og aflstöðva, og raforkan verði seld við kostnaðarverði að viðbættu allt að 10 af hundraði. Þætti mér fróðlegt að vita frá flm. þessa frv., hvers vegna það er áformað að leyfa svona mikla álagningu á raforkuna. Í kostnaðarverðinu er að sjálfsögðu innifalið hæfilegt fyrningargjald af vélum og mannvirkjum, sem þarna er um að ræða, og auðvitað eru vextir af kostnaðarverði þeirra innifaldir í kostnaðarverðinu, og þá er þessi 10% álagning hreinn gróði, eða heimild til að taka 10% í álagningu ofan á allan kostnað. Mér finnst þetta vera óeðlilegt og vildi því óska eftir skýringum á þessu og beini því til flm., hvort þeir teldu ekki fært að lækka þetta til verulega muna.

Þá er að lokum í frv. víðar en á einum stað talað um fullvirkjun Sogsins og virkjun að hálfu, og mun hv. 11. landsk. vera með einhverjar tölur í því sambandi. En mér kemur í hug, að það kynni að verða einhver ágreiningur um það, hvað hægt væri að fá mikla orku alls úr Soginu, og þess vegna hefði ég nú talið eðlilegast, að þarna í frv. væru ákveðnar einhverjar tölur, tekinn fram t. d. einhver ákveðinn hestaflafjöldi, til þess að útiloka það, að þarna gætu orðið deilur um. Ef verkfræðingar hafa þegar reiknað út eða telja sig geta það, hve mikla orku megi fá úr Soginu, ætti að vera hægt að setja í staðinn fyrir þessa hálfu virkjun ákveðna tölu inn í frv.

Það hafa nú þegar orðið miklar umr. um þetta frv., og mönnum kemur ekki að öllu leyti saman um það, hvernig heppilegast sé að fara með þessi mál. Tel ég, að heppilegra hefði verið að ákveða þessa framkvæmd með öðrum hætti en hér er gert, en ætla þó ekki á þessu stigi málsins a. m. k. að fara að lengja umr. um þetta né heldur að gera aths. við einstakar ræður, sem fluttar hafa verið, þó að ástæða hefði verið til.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Ég vil svara nokkru aths. hv. þm. V.-Húnv. Þá er fyrst aths. hans við 5. gr. frv. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að í þessu atriði væri um misgáning að ræða í frv., og benti ég jafnframt á það, að n. mundi athuga það nánar. Þetta gat hv. þm. vitað, ef hann hefur hlustað á framsöguræðu mína.

Viðvíkjandi 10% álagningu, sem ræðumaður gat um, veit ég ekki vel, hvernig sá hundraðshluti er tilkominn, því að þetta mun vera úr gömlum lögum, en þetta má athuga.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum til þm. Borgf. Ég þóttist hafa svarað beiðni þm., hvort n. vildi ekki taka till. til baka. Okkur þótti rétt að hafa þessa till. í sérstöku frv., en fella hana ekki inn í hitt frv. En þetta verður athugað á fundi n. Enn fremur taldi þm. Borgf., að rök mín fyrir, að veita beri ábyrgð fyrir allri upphæðinni, væru ekki nóg. En ég segi fyrir mig, að mér finnst frekari raka ekki þörf. — Þm. sagði, að Rvík ætlaði eftir þessu að selja orku með ágóða, en hann athugar það ekki, að Rvík er skylt að láta í té raforku til nærliggjandi héraða með kostnaðarverði.

Hv. þm. lét í ljós, að þetta frv. væri óviðeigandi, þar sem það mundi brjóta í bága við frv. um rafveitur, sem nú liggur fyrir þinginu. En þetta er ekki rétt, þar sem Reykjavík hefur mikla sérstöðu, auk þess sem þetta frv. færir henni engin sérstök hlunnindi. En ég lofa því, að þetta skuli allt athugað í nefndinni.

Jörundur Brynjólfsson: Það er vegna þess að ráðh. o. fl. töldu þetta frv. vera í samræmi við raforkufrv., sem nú liggur fyrir Ed. Í því frv. er talað um hámark á stöðum öðrum en ríkisveitum, 2 þús. hestöfl, en hér er gert ráð fyrir, að Reykv. geti virkjað og rekið 50 þús. hestöfl. Þetta sjá allir, að er ekkert samræmi. En ef þetta ætti að vera samræmi, yrði ríkið að reka þessa fyrirhuguðu stöð, nema 2 þús. hestöfl af henni, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að Reykv. reki stöðina alveg á eigin reikning. — Sérfræðingar hafa álitið, að ríkisrekstur sé það heppilegasta og hagkvæmasta. Þess vegna skil ég ekki, að þetta frv. sé gert með ráðum þeirra.

Það var misskilningur, að eftir gömlu lögunum væri ríkinu ekki heimilt að gerast aðili að virkjun Ljósafoss þegar í upphafi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Vegna orða hv. þm. Árn., að í raforkufrv., sem liggur fyrir Ed., væri ekki heimild til að virkja nema 2 þús. hestöfl, vil ég taka fram, að mér var þetta fyllilega ljóst, því að ef raforkufrv. hefði heimilað stærri stöðvar, hefði ekki þurft að flytja þetta frv. En ég álít ekki óeðlilegt, að einmitt Reykjavík fengi nokkuð aukna heimild.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Hv. 1. þm. Árn. gleymdi því, sem stendur í 1. gr. frv. til raforkulaga. Þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Þó er þeim, sem við gildistöku þessara

laga eiga og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram.“ Og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun. Og sömuleiðis er ég ekki viss um, að hv. þm. skilji lögin frá 1933 rétt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 68. og 69. fundi í Nd., 15 og 18. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 19. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 350, 415).

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Milli fyrri umr. og þessarar hefur iðnn. haft þetta mál til athugunar og komið sér saman um að gera nokkrar brtt. við frv. Þessar brtt. eru á þskj. 415. 1. brtt. er við 5. gr. og er til orðin út af því, að í frv. hafði láðst að taka fram, að auk þeirrar ábyrgðarheimildar, sem þar er talin 34 millj., var lagt til, að þær ábyrgðir, sem Reykjavíkurbær hafði þegar fengið hjá ríkinu vegna Ljósafossvirkjunarinnar, ættu að vera með taldar, og hefur n. þess vegna umorðað gr. til þess að koma þessu inn, að auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður er í fyrir virkjun Ljósafossins, bætist við þessi nýja ábyrgðarheimild. Hins vegar hefur n. talið sanngjarnt að taka til greina aths., sem fram kom við 1. umr., að takmarka þessa ábyrgðarheimild við 85% af kostnaðarverði. Sér í lagi telur hún ástæðu til þess að styðja að því, að samræmi verði milli þessa frv. og raforkulagafrv. Hér er að vísu aðeins ábyrgð fyrir virkjunarkostnaði, en það má telja víst, að Reykjavíkurbær fái með raforkulagafrv. ábyrgð fyrir 85% af stofnkostnaði í viðbót við innanbæjarkerfið.

2. brtt., sem n. var ásátt um, er við 6. gr., þar sem lagt er til, að í staðinn fyrir orðin: „í nálægum héruðum“ komi: „utan Reykjavíkur.“ Það kom fram við 1. umr., að það gæti orkað tvímælis, að hve miklu leyti unnt væri að láta rafmagnið ná til fjarlægra héraða. Þótti því sjálfsagt að setja þetta inn, og er þá ekki neinn vafi um það, að öll héruð, sem hafa þess kost að geta sótt raforkuna til Sogsvirkjunarinnar, hafa leyfi til að fá hana. — Við sömu gr. er önnur brtt., sem n. var sammála um, en það er að breyta því, sem Sogsvirkjuninni er leyfilegt að leggja á kostnaðarverð raforkunnar, að breyta því úr 10%, eins og það er í frv., niður í 5%.

Á fundi n., þegar málið var rætt, mætti rafmagnsstjórinn í Reykjavík, og voru allar þessar brtt., sem hér um ræðir, bornar undir hann, og hafði hann ekkert við það að athuga, að þessu yrði breytt í frv. Annars er þetta ákvæði til orðið vegna ákvæða vatnal., þar sem segir, að selja megi raforkuna með allt að 10% álagningu. Væri álagningin meiri, bar að endurgreiða allt það, sem umfram var. Það kom fram hjá sumum nm., að þeir vildu jafnvel fella þessa álagningu alveg niður, en það þótti n. ekki fært vegna þess, að þá hefði þurft að áætla söluverð raforkunnar, og ef það yrði of hátt áætlað, þá yrði að endurgreiða það aftur. Ég skal geta þess, að við 2 nm. vorum frekar á móti þessari lækkun, en gengum þó til samkomulags, af því að við teljum, að það sé rétt, að þarna væri leyfð álagning og sérstaklega til þess að léttara væri að leggja á auknar veitur og viðbótarveitur.

Þá er enn ein brtt. Það kom fram við 1. umr., að menn teldu það orka tvímælis, hvenær Sogið væri virkjað til hálfs, og þótti því n. rétt að ákveða í frv., við hvaða kw.-tölu ætti að miða, sem er talið 86000 kw. í Soginu fullvirkjuðu, eftir því sem rafmagnsstjóri segir. N. kom sér því saman um þessar till. og leggur til, að þær verði samþ.

Ég skal að lokum að gefnu tilefni, áskorun frá hv. þm. Borgf. til n. um það að athuga, hvort hún teldi sér ekki fært að fella meginefni þessa frv. inn í raforkulfrv., taka það fram, að allir nm. mæltu með samþykkt þessa frv. sem sérstaks frv. og þeir telja, að með samþykkt þessa frv. sé ekki á neinn hátt brotið í bága við anda raforkulfrv. Í raforkul. er gert ráð fyrir, að hverjum sem er sé heimilt að virkja allt að 2000 ha., ef leyfi ráðh. komi til. Sé hins vegar um stærri virkjun að ræða, þá er Alþ. einu heimilt að leyfa hana, og þarf þá um það sérstaka lagasetningu. Hér hefur verið farið fram á leyfi til stærri virkjunar en 2000 ha., og um það verður að leita leyfis Alþ., og með samþ. þessa frv. er þessi leið farin.

Pétur Ottesen: Hv. iðnn. hefur samræmt þetta frv. við ákvæðin í frv. til raforkul. Þá hefur hún samræmt þetta að því leyti, að hér á að gilda sama hámark að því er snertir ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til virkjunarinnar. Þær aths., sem ég gerði um þetta, hefur n. tekið til greina. Einnig hefur hún flutt 2 eða 3 aðrar brtt., að gefnu tilefni, þótt ég gæfi ekki tilefni til þess, og má segja, að þessar brtt. stefni í rétta átt og geri frv. að orðalagi til einnig skýrara en annars hefði orðið. En meginatriði þess, sem ég beindi til n., að taka upp slík ákvæði sem þessi inn í raforkulagafrv., sem þá áttu einnig að geta gilt um hliðstæða aðstöðu, eins og ég benti þá á, — a. m. k. er það á tveim öðrum stöðum, sem nokkuð stendur líkt á um nú, sem sé virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu og Andakílsárvirkjunina, — hefur hún ekki getað fallizt á, eftir því sem hv. frsm. upplýsti hér nú. Telur hann réttara, að sú leið verði farin, að þegar óskir sviparðar þeim, sem í þessu frv. felast, koma fram, þá verði samin um það sérstök l., ef Alþ. á þeim tíma vill sinna slíkum málaleitunum. Ég benti á, að ég teldi heppilegra, að ákvæði um þetta væri að finna á einum og sama stað, sem sé í þeirri heildarlöggjöf, sem um þetta gilti, því að mér sýnist það dálítið einkennileg málsmeðferð, þegar samtímis því, að verið er að setja heildarlöggjöf um þetta, þá skuli einnig samþ. sérákvæði fyrir einstakan aðila. Það þýðir náttúrlega ekki að fara út í deilur um þetta hér, en með tilliti til þeirrar skoðunar, sem ég hef lýst í því efni, get ég ekki aðhyllzt þessa aðferð, þó að ég sé samþykkur þeirri stefnu, sem fram

kemur í þessu frv. og ég vil þá einnig að fái að njóta sín gagnvart öðrum aðilum, sem svipað stendur á um. Það, að ég vil ekki lýsa yfir fylgi mínu við frv., stafar eingöngu af þeirri aðferð, sem hér um ræðir, en ekki efni frv.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta. N. hefur sínar ástæður fyrir sinni afstöðu, og skilst mér, að hún standi öll óskipt að því, að haga nú afgreiðslunni þann veg, sem hv. frsm. hefur lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 20. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, IngJ, JJós, JPálm, JS, ÓTh, SigfS, SG, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, GSv, GTh, BG.

nei: SvbH.

HelgJ, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, BÁ, BK, EystJ, greiddu ekki atkv.

6 þm. (LJós, SB, SEH, SÞ, FJ, GÞ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 415,1 (ný 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 415,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 415,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

8.—10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 440, 453).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 453. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt. við 7. gr. frv. þess, er hér liggur fyrir. Mér sýnist nú, að allmjög sé horfið frá því, er raforkulagafrv. var hér á ferðinni, að höfuðorkustöðvarnar skyldu vera reistar af ríkinu, en nú er til þess ætlazt, að Reykjavík hálfvirki Sogið, og þegar lengra er komið, gerist ríkið meðeigandi og haldi svo virkjuninni áfram. En þó segir svo í 7. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs," — enda er þá miðað við 86000 kw. orku í Soginu fullvirkjuðu, — „skal ríkisstj. framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun." 1. tölul. í brtt. minni er að fella niður orðin „nema samkomulag verði um aðra tilhögun." Ef ríkið á á annað borð að virkja, virðist tími til kominn, að það gerist nú þátttakandi í þessari virkjun. Ég legg því til, að þessi orð falli niður. Og ég vænti þeirrar sanngirni af Reykjavíkurbúum, að þeir gefi þetta eftir og hafi þetta ekki sem gróðafyrirtæki. Og ekki býst ég heldur við, að þeir vilji gera þetta á kostnað annarra landsmanna. Þá eru brtt. við sömu gr. undir 2. og 3. tölul., og vildi ég biðja hæstv. forseta að bera þá báða upp í einu lagi. Ég get ekki séð neitt á móti því að gera það, sem þessar brtt. fela í sér. Ef ríkinu er það nokkur alvara að greiða fyrir þessu, þá verður það að hafa þarna hönd í bagga, enda hafa okkar helztu kunnáttumenn á þessu sviði hingað til talið bezt, að ríkið hefði þessar framkvæmdir með höndum, og þannig er þetta með ýmsum helztu menningarþjóðum nágrannalandanna.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Ég vildi aðeins fara þess á leit, að umr. yrði frestað, svo að okkur gæfist tími til þess að athuga brtt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir tilmæli hv. 11. landsk. þm. um að fresta umr., svo að tækifæri gefist til þess að athuga brtt. hv. 1. þm. Árn. Ég tel brtt. vel koma til álita. Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkið takist á hendur framhaldsvirkjum á Soginu, þegar hún er hálfnuð, nema samkomulag verði um aðra tilhögun við Reykjavíkurbæ. Ég tel enga ástæðu til þess að útiloka þennan möguleika, en teldi til bóta, að sá möguleiki væri fyrir hendi, að ríkið gæti gengið inn í virkjunina á fyrra stigi en um getur í frv. En ég vil ekki heldur útiloka, að Reykjavík geti haldið virkjuninni áfram.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. 3. umr. um þetta mál var frestað eftir tilmælum hæstv. samgmrh. og frsm. n., til þess að n. gæti athugað brtt., sem fram voru komnar frá hv. 1. þm. Árn. (JörB) og eru á þskj. 453. — N. hefur leitað umsagnar bæjarráðs um þessar till., og hefur nú borizt umsögn þess, sem, með leyfi hæstv. forseta, er á þessa leið: „Bæjarráð leggur móti því, að 1. og 2. brtt. tillögunnar verði samþ., en lætur afskiptalaust, hvort 3. tillagan verði samþykkt." — N. hefur síðan rætt um þessar till., og hefur þar ekki orðið samkomulag um þær, en meiri hl. n. hefur fallizt á að leggja það sama til og bæjarráð.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér þykir fyrir því, að hv. n. skuli ekki hafa fallizt á þessar brtt. mínar. Mér skilst þó, að hv. n. sé því frekar hlynnt, að 3. liður brtt. nái samþykki, en raunar fylgir þá 2. liður með, því að hann byggist á brtt. undir 3. tölul., eðli málsins samkvæmt, en öðru máli gegnir um 1. tölul. Hins vegar þykir mér ekki rétt að slá því lengur á frest, að ríkið gerist aðili, en þangað til Sogið er hálfvirkjað. — Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta. Atkvgr. mun skera úr. Ég tel hættu á því, að Reykjavíkurbær kunni að verða heldur sparsamur við fyrirtæki og aðila utan Reykjavíkur, ef þessu verður ekki breytt. Auðvitað getur löggjafarvaldið hvenær sem er gripið fram í, en

til þess þarf að skapast annað viðhorf en nú ríkir. Það er eðlilegt, að Reykjavík hlúi að sínum hag, en það er ekki sanngjarnt, að hún sitji yfir annarra hlut, en mér virðist ekki laust við, að sumir fulltrúar, sem eiga kjörfylgi í bænum, líti svo á.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en láta atkvgr. skera úr.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Ég vil taka það fram, að ég tel rétt, að 1. brtt. hv. þm. Árn. verði felld. Þess er skemmst að minnast, að þegar Ljósafoss var virkjaður og ríkið átti samkvæmt lögum rétt á að taka þátt í virkjuninni, taldi það sig ekki tilbúið að taka þátt í virkjuninni.

Ég held, að hv. 1. þm. Árn. geti sparað sér allan ótta við það, að Reykjavík muni misnota sína aðstöðu og skammta sveitunum rafmagn, því að í 6. gr. stendur, að Reykjavíkurbæ sé skylt að láta í té raforku til almenningsnota utan Reykjavíkur. Verði þetta ekki hægt, er bænum skylt að auka virkjunina.

Jörundur Brynjólfsson: Það þýðir raunar ekkert að ræða um þetta. Það sannaði að vísu ekkert, sem hv. 11. landsk. sagði. En ef það væri lagaskylda, að ríkið gerðist aðili að virkjuninni, gæti það ekki skotið sér undan því, en að öðrum kosti verður það ætíð vilji Reykjavíkur, sem ræður, og við því á löggjafinn að sjá, að engra hlutur sé fyrir borð borinn.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Hv. þm. Árn. sagði, að það sannaði ekkert, þótt ég hefði upplýst, að ríkið hefur ekki enn þá viljað eiga þátt í þessari virkjun. Ég vil taka fram, að ég hef þessar upplýsingar frá rafmagnsstjóra Reykjavíkur.

ATKVGR.
Brtt. 453,1 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, BÁ, BK, EystJ, FJ, GSv.
nei: JJós, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, EOl, HB.
BG greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÓTh, SB, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GÞ, GTh) fjarstaddir.
Brtt. 453,2—3 samþ. með 16:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 604).

Á 91. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 604, n. 686).

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Það eru nú í gildi lög um virkjun Sogsins, frá árinu 1933. Þau lög voru grundvöllur undir þær virkjunarframkvæmdir, sem þá voru fyrirhugaðar við Sogið. Aðalatriði þeirra l. var ákvæði 4. gr. þeirra um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast 7 millj. kr., sem verja skyldi til þeirra fyrirhuguðu framkvæmda. Nú eru þær fyrirætlanir, sem þá voru fyrirhugaðar, komnar í verk. Ef þetta frv. verður að l., falla gömlu l. um virkjun Sogsins úr gildi, en þau nýju koma í þeirra stað. Þau nýju verða sams konar grundvöllur undir þær framkvæmdir við Sogið, sem nú eru fyrirhugaðar, eins og eldri l. voru á sínum tíma undir þær framkvæmdir, sem þá voru ráðgerðar. Aðalatriði þessa frv. og meginkjarni eru ákvæði 5. gr., þar sem ríkisstj. er heimilað að takast á hendur fyrir ríkisins hönd ábyrgð á 34 millj. kr. láni til hinna nýju framkvæmda.

Þetta frv. var flutt í hv. Nd. og afgr. þaðan og tók þar nokkrum breyt. til samkomulags með mönnum. Iðnn. þessarar hv. d. hefur kynnt sér efni frv. og m. a. borið það saman við eldri lög um virkjun Sogsins, og er n. um það sammála að leggja það til við hv. d., að hún samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Bjarni Benediktsson: Ég veitti því athygli áðan, að hv. Nd. hefur gert breyt. á frv. í gagnstæða átt við það, sem bæjarráð Reykjavíkur hefur mælzt til. Þar sem frv. er flutt að beiðni bæjarráðs í upphafi og hér er um að ræða eitt höfuðatriði frv., þá vil ég mælast til, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá. Ég vildi óska, að málið nái fram að ganga, en vil bera mig saman við aðra aðila og vita, hvort hægt er að fallast á þessa breyt. eða ekki.

Forseti (StgrA): Þessari umr. er frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Ed., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 604, 754).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 754. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Brtt. þessar eru fluttar vegna breyt., sem gerðar voru á þessu frv. í Nd. Hv. 1. þm. Árn. flutti við 3. umr. málsins brtt., sem náðu fram að ganga þrátt fyrir mótmæli bæjarráðs gegn tveimur þeirra af þremur, en frv. er upphaflega samið af bæjarráði og var sent því til umsagnar.

Brtt. mínar miða að því að færa frv. til fyrra horfs að því er varðar tvær af þeim breyt., sem

gerðar voru, en láta hina þriðju standa. Brtt. hljóða svo:

„Við 7. gr.

1. Aftan við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun.

2. Aftan við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og eigandi að helmingi, þegar vatnið er fullvirkjað."

Eins og þetta er nú, verður ríkið eigandi að virkjuninni að hálfu, þegar virkjun Sogsins er lokið. En eins og frv. var upphaflega og eins og brtt. mínar miða að, skal þetta ekki verða nema samkomulag náist um þetta. Með þessu eru ekki lögð of mikil völd í hendur bæjarins, en hins vegar mun engin ríkisstj. fallast á það, sem hún telur sig ekki hafa þingvilja fyrir. Eins og þetta er nú í frv., þarf að ónáða Alþ. með löggjöf, þar sem annars nægir vilji ríkisstj. Er því einungis um einfaldari aðferð að ræða. Frv., eins og ég vil hafa það, er í samræmi við núgildandi lög um virkjun Sogsins. Þegar Ljósafoss var virkjaður, hefði orðið að leita til Alþ., ef hliðstæð ákvæði hefðu þá verið í lögum, en þá gaf ríkisstj. leyfi sitt og hefur ekki, svo að mér sé kunnugt, sætt neinni gagnrýni fyrir. Ef ríkisvaldið telur sig á sínum tíma fært til að taka þetta að sér, þá synjar það umsókn bæjarráðs, en fari svo, að ríkinu komi betur, að Reykjavíkurbær haldi áfram að annast þessar framkvæmdir, þá er ástæðulaust, að til þess að það megi verða, þurfi sérstök lög. Ég held, að þegar menn athuga þetta, þá sjái menn, að það er að öllu réttara, sem brtt. mínar miða að. Ég tel málinu spillt, ef þær ná ekki fram að ganga, þótt það hafi ekki neina úrslitaþýðingu.

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Þessi brtt. hefur borizt hingað nú á augnablikinu svo að segja, og ég segi fyrir mig, að ég er ekki fullkomlega búinn að átta mig á, hvaða verkanir hún getur haft. Iðnn. hefur lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en þar sem nýjar till. hafa nú borizt, væri betra, að n. fengi tækifæri til að ræða þær. Ég vil því mælast til, að forseti taki málið af dagskrá í dag.

Umr. frestað.

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað brtt. 754, og leggur meiri hl. n. til, hv. þm. Barð. og hv. 9. landsk. þm., að till. verði samþ. Hins vegar finnst mér ekki þörf á því að samþ. þessa brtt., álít, að frv. sé gott eins og það er, en geri það atriði ekki að kappsmáli.

ATKVGR.

Brtt. 754,1 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, GJ, HG, ÁS, ÞÞ, StgrA.

nei: BSt, EE, IngP, PHerm.

6 þm. (GÍG, HermJ, JJ, LJóh, MJ, PM) fjarstaddir.

Brtt. 754,2 samþ. með 7:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 109. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. Ed. hefur breytt þessu frv. lítils háttar. Ég hélt þó, að þess hefði ekki verið þörf, svo framarlega sem fyrir mönnum vakir að gera heldur gagn en ógagn með breyt. Breyt., sem hér var gerð á frv., var um að gera aðeins auðveldara fyrir ríkið að verða þátttakandi í þessu mannvirki, en með þeirri breyt., sem Ed. gerði á frv., er þetta a. m. k. nokkuð torveldað, svo að ekki sé meira sagt. Ég á því ekki annan kost en leggja fram skriflega brtt. um að færa frv. til hins fyrra horfs. Ég vildi vænta þess, að hv. Nd. standi fast við þá samþykkt, sem hún áður hefur gert í þessu máli. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en mun afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 816) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Þetta stórmál er nú fyrst tilbúið í frumvarpsformi og menn munu ekki hafa haft kost á að athuga það sem skyldi, og er það óforsvaranlegt að fá ekki kost á því að athuga breyt. þær, sem hv. Ed. hefur gert á því. Ég vona, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá, svo að unnt sé að athuga breyt. þær, sem hv. Ed. hefur gert á því. Frv. var nú rétt fleygt til mín, og er vafasamt, hvort dm. hafa lesið það með áorðnum breyt. Mælist ég því til, að frv. verði tekið af dagskrá.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Hvað viðkemur ræðu hv. þm. V.-Sk., þá birtist áhugi hans í þessu máli furðu seint. Ég vil taka það fram, að hér er ekki um að ræða neinar stórbreyt. á frv. og þær breyt. voru nú einmitt ræddar hér í þessari hv. d. og samþ. hér gegn n. þeirri, sem fjallar um málið, en þrátt fyrir það var þetta samþ. hér í d. Að breyt. sé stórvægileg er misskilningur, en hér er aðeins um að ræða setningu, sem fáir vilja fella og er um, að ef Sogið verði virkjað, þá eigi ríkið að gera það, nema samið sé um annað. Þessi varnagli er eðlilegur. T. d. er aukin virkjun var fyrirhuguð í Soginu 1942, þá skrifaði bæjarstj. Reykjavíkur ríkisstj. og spurðist fyrir um það, hvort ríkið vildi virkja, og ríkið gaf það svar, að það væri ekki tilbúið til þess, og varð því úr, að Reykjavík framkvæmdi virkjunina upp á eigin spýtur. Þetta er því ósköp eðlilegt.

Meiri hl. iðnn. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins hvað viðkemur ræðu hv. þm. V.-Sk. að

benda á, að brtt. mín er aðeins sú að kippa til baka breyt. Ed., og frekari breyt. gerði hv. Ed. ekki á frv. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara að rökræða hér þetta mál, það gerði ég við fyrri umr., en ég ætla nú samt að leyfa mér að senda hv. 11. landsk. nokkur orð. — Á ræðu hans var það helzt að heyra, að meiri hl. iðnn. ætti að ráða því, hvaða bein væru hér á borð borin í þessari hv. d. Ég vil nú benda þessum hv. þm. á það, að hann hefur ekki meiri rétt hér en aðrir þdm. Þau eru jafngild atkv. þdm., þótt þeir eigi ekki sæti í iðnn. Þessi hv. þm. var samþykkur minni hl. á sínum tíma og vonandi, að þm. standi við samþykkt sína við 3. umr. Það er bókstaflega furðulegt af þessum hv. þm. að leggja á það áherzlu að gera ríkinu erfitt fyrir til þess að ganga til verks með þessa virkjun. — Það er óþarfi af þessum hv. þm. að láta ljós sitt frekar skína í þessu máli. Hann er búinn að sýna svo oft vilja sinn og villir ekki á sér heimildir. Það liggur bert fyrir af frammistöðu þessa hv. þm., að hann vill torvelda, að ríkið taki þátt í þessu. Um annan tilgang er ekki að ræða hjá honum, þessum hv. þm.

Ég hef ekki skap í mér til þess að eyða fleiri orðum að þessum hv. þm. Sjálfur er hann búinn að túlka vilja sinn og er illt, að þessi ungi maður skuli vilja hindra það, að almenningur í landinu eigi kost á því að fá raforku. Allt tal þessa hv. þm. er í þessa átt. Maður skyldi ætla, að þessi maður væri frá steinöld, að ég tali nú ekki um hug almennings í landinu, sem hefur byggt vonir í sambandi við þetta rafmagn.

Ég mun nú ekki að sinni fjölyrða um þetta frekar, en ég gat ekki annað en sent honum kveðju, og má hún fylgja honum sem skuggi í þessu framfaramáli.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hv. 11. landsk. sagði, að ekki væri hér um neina stórbreyt. að ræða, en það er samt alls engin afgreiðsla á þessu máli, að því er nú fleygt í hendurnar á mönnum, og ég verð að segja það eins og er, að ég hef ekki haft tíma til að lesa frv. yfir, því að ég var upptekinn við önnur störf. — Hins vegar viðurkennir Ed., að hér sé um stórvægilega breyt. að ræða. Öðru breytti d. ekki í frv. Hv. 11. landsk. sagði líka svo, og er ég sammála honum í því og var líka auðheyrt á honum, að hér væri um stórmál að ræða.

Afgreiðslan á þessu máli er sú, að útiloka á hinar dreifðu byggðir frá því að fá rafmagn, og gefa einhverjum aðila sérstöðu til vinnslu raforku úr þessu vatni. T. d. væri þetta möguleiki fyrir Rvík, og hv. 6. þm. Reykv. hefur þau ítök hér á hæstv. Alþ., að hann getur tryggt Reykjavík einokunaraðstöðu í þessu máli. — Nú er farið að leggja línur að Hellu og í Þykkvabæinn, en raforkan, sem fæst, er frá 20 ha. mótor. Ef ríkið má ekki fá raforku inn á línuna, þá er hér um stórfenglega breyt. að ræða á frv. og hún er mjög vafasöm, að allir verði réttlausir, nema einn staður. Það er því fyllilega athugandi að fresta afgreiðslu þessa máls.

Hæstv. samgmrh. gerist nú órór í stólnum. Hann hefur talað alldigurbarkalega um auglýsingaraflínur sínar út um sveitirnar og rær að því öllum árum, að Rvík nái einkarétti á virkjun Sogsfossanna. (*Samgmrh.:* Má ég segja eitt orð?): Hæstv. ráðh. má tala og spyrja. (*Samgmrh:* Ég spyr þennan hv. þm. um auglýsingar mínar í blöðum eða útvarpi varðandi þetta mál). Í þskj., sem fylgir þessu máli, eru prentaðar upplýsingar frá rafmagnseftirliti ríkisins og segir þar, að aukning Sogsins geti ekki komið til framkvæmda fyrr en árið 1950. Rvík hefur ekki nóg rafmagn eins og er og hyggst að koma hér upp eimtúrbínustöð þegar á næsta hausti. — Það er því alls ekkert annað en auglýsing hjá hæstv. samgmrh. um línulagningar á þessum og þessum stöðum. Ég áfellist skriffinnskuna og auglýsingarnar í þessu efni, því að vitað er, að Rvík hefur ekki nægt rafmagn og hin fyrirhugaða virkjun kæmi í fyrsta lagi til framkvæmda 1950. Þessar auglýsingar eru því ekki annað en pennastrik frá hæstv. samgmrh. Sannarlega er nóg komið af slíkum vinnubrögðum, og ég vil biðja um raunhæfar framkvæmdir og fá rafmagn á línurnar, en ef það fæst ekki, þá hefjist fólkið sjálft handa um eigin virkjun.

Þessi hæstv. ríkisstj. virðist annars vera heilög, og henni ferst illa að tala um tafir á málum, og ef mér sýnist rétt nú, þá eru bekkir stjórnarliðsins þunnskipaðir nú. Ef ekki má taka málið af dagskrá nú, þá vil ég atkvgr.

Forseti (SigfS): Ég sé ekki ástæðu til þess að taka málið af dagskrá, þar sem öllum er það þegar kunnugt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki fylgzt hér með málum, en heyrði sitthvað úr ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann áfellist auglýsingastarfsemi í sambandi við raflínulagningar um Suðurlandsundirlendið. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að Framsókn hafði þetta í hendi sér á valdatíma sínum, en gerði ekkert í raforkumálum sveitanna og hefst ekki handa enn. Hvað viðkemur auglýsingum mínum, þá var hér um bréf að ræða, sem birt var í Ríkisútvarpinu og kom ekki frá mér, og ráðuneytið hefur ekki haldið á lofti neinni auglýsingastarfsemi í þessu efni.

Þm. lagði upp úr því, að taka ætti upp rafmagn á línurnar frá Selfossi. Þessi hv. þm. sagði einnig, að ekki væri næg orka í Soginu fyrir þessi héruð. Þetta er fjarri staðreyndum og er rangt, að ekki sé til nóg orka á næstunni fyrir Rvík og nágrenni. Það er fullkomlega nægilegt rafmagn fyrir hendi frá Soginu til þessara staða á Suðurlandsundirlendinu og það er sérstaklega mögulegt eftir þær ráðstafanir, sem Reykjavíkurbær hefur gert til úrbóta þangað til aukning Sogsvirkjunarinnar kemur til framkvæmda. Enn fremur er tryggt, að þessir staðir, sem rafveita Suðurlands á að ná til, hafa sama rétt til rafveitu og Reykjavíkurbær. Þess vegna er ekki um neinn afgang að ræða til þessara staða frá Soginu, heldur fullkomið jafnrétti á við Reykjavíkurbæ, sem er eigandi Sogsvirkjunarinnar. Hvernig hv. þm. ætlar að fá menn til að trúa því, að hér sé um auglýsingastarfsemi að ræða, fæ ég ekki skilið, því að rétturinn til rafmagnsins nær jafnt til allra.

Ég skal svo ekki tefja hv. d. frekar að svo stöddu með löngum ræðuhöldum um þetta mál. Hins vegar er ég alveg reiðubúinn til þess að tala við þessa hv. þm. um málið, hvenær sem þeir vilja, og hefði ég gaman af að heyra þá gera grein fyrir afstöðu sinni frammi fyrir kjósendum.

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Ég þarf litlu að svara rausi hv. þm. V.-Sk. Þó mátti ráða af því, að hvað hann snerti, hefði mátt fresta afgreiðslu málsins. Þó að það sé hér eftir 3. umr., mátti sjá greinilega, að hann hafði ekki kynnt sér efni frv. Hann sagði, að sveitirnar yrðu afskiptar í rafmagnsmálunum, en Reykjavík mundi fá öllu sínu framgengt. En hverju vill Reykjavík koma fram? Það, sem hér er farið fram á, er það, að reist verði rafmagnsstöð fyrir Reykjavík. En í 7. gr. frv. segir, að rafmagn skuli og látið til hinna dreifðu byggða. Framsóknarmenn reyndu ekki að dreifa rafmagni um byggðirnar hér áður, eins og til er ætlazt í þessum l. Árið 1942 héldu þeir að sér höndunum í því máli. En það hefur svo sem komið í ljós, að ekki hefði veitt af að fresta afgreiðslu þessa máls vegna vankunnáttu þessa hv. þm. Það verður þó að teljast hart, þar eð einstakir þm. hefðu átt að geta kynnt sér málið rækilega. — Ég sé þá ekki ástæðu til þess að víkja meira að þessum hv. þm.

Ég veit ekki, hvað hefur komið hv. 1. þm. Árn., þeim orðvara manni, til þess að væna mig hér um ósannindi. Þetta er í þriðja sinn, sem hann bregður mér um ósannindi. Ég vil taka það fram, að þessar till., er hér um ræðir, eru samþ. gegn vilja meiri hl. iðnn. hér í þessari hv. d. og þrátt fyrir mótmæli meiri hl. n. Ég veit því ekki til, að ég hafi farið með ósannindi í þessu máli. En kannske segir hv. þm. þetta vegna þess, að mínar till. hafa fengið meiri byr hér en hans? Hann segir, að tal mitt hér beinist að því að torvelda, að rafmagnið dreifist út um landið. Ég átti sæti í raforkumálan. með hv. þm. Hún klofnaði, og var ég einn í minni hluta. Meiri hl. lagði fram fyrir Alþ. frv., sem reyndist svo gallað, að það var ekki tekið fyrir. Hins vegar var haldið áfram að vinna að málinu og var það birt eftir mínum till., sem bezt má sjá af því, að það er mín afstaða, sem mörkuð er þegar í l.

Ég er kannske ungur á mælikvarða hv. þm., þó að ég sé kominn yfir fertugt. En ég álít, að hv. þm. mætti vera þakklátur fyrir það, að afstaða hans í þessu máli gleymdist.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég vildi aðallega svara einu atriði í ræðu hæstv. samgmrh., en hann virðist ekki vera viðstaddur núna og vildi ég óska þess, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess að fá hann hingað í d., ef hægt væri.

Ég ætlaði ekki að taka hér til máls við þessa umr., en nokkur orð í ræðu hæstv. samgmrh. gáfu mér tilefni til þess að standa upp.

Þetta rafmagnsmál, sem deilur hefur vakið, er lína sú, sem fyrirhugað er að leggja frá Selfossi og austur í Þykkvabæ árið 1947. Ráðh. talaði um það, að mikill áróður hefði verið gegn þessu máli austan fjalls. Þetta er auðvitað hinn mesti misskilningur, þar eð þetta hefur verið og er mesta áhugamál sveitanna, mál, sem varðar svo miklu, að brýn nauðsyn er á, að það leysist sem allra fyrst, og um það eru menn sammála.

Mþn. í raforkumálum lagði fram frv. til raforkul., en það fann ekki náð fyrir augum hæstv. ríkisstj. og lét hún þá semja annað frv., sem nú er orðið að l., en það gengur bara ekki eins langt og hitt.

Við vildum, þegar lína væri komin til Eyrarbakka, fá línu þaðan beint austur í Þykkvabæ. En með sínum alkunna dugnaði fékk hv. samþm. minn því framgengt, að línan yrði fyrst lögð heim til hans. Og það er út af fyrir sig fjarri mér að lasta það og raunar ekkert við það að athuga. Ég býst ekki við, að það standi á Rangæingum að verða við þeim kvöðum, sem á þá kunna að verða lagðar í þessu skyni. Og fyrir hálfum öðrum degi var samþ. á sýslufundi Rangárvallasýslu að leggja fé á móti til þessarar línu, og var það samþ. einróma fyrir tilmæli mín.

Hins vegar játa ég, að ýmsir menn líta til þess, hve lítið rafmagn er nú aflags fyrir Reykjavíkurbæ. Og nú stendur hér til að koma upp eimtúrbínustöð við Elliðaár til bráðabirgða. Það má því búast við því, að á næstunni verði lítið rafmagn fyrir austanmenn, þar sem varla er ráð fyrir gert, að þessi stækkun fullnægi þörfum Reykjavíkur. Ég held, að þessi skoðun þeirra austan fjalls sé nokkuð rétt.

Það sló nokkrum óhug á menn fyrir austan, þegar sama kvöldið og sýslunefndinni var skrifað um þessa ákvörðun að leggja línuna austur, kom tilkynning um það í útvarpinu, og hlýtur hún að vera komin frá hæstv. samgmrh. Satt að segja fannst mörgum þessi auglýsing skrumkennd. Mönnum fannst þetta óþarfa bráðræði, þar sem framkvæmdir áttu ekki að hefjast fyrr en 1947. Og sannast mála er það, að það dofnaði yfir vonum manna við þessa auglýsingu. Litið var á þetta sem kosningabeitu. Mér finnst skrýtið að hlaupa svo fram fyrir skjöldu, og margir héldu, að hér væri um auglýsingastarfsemi að ræða. Við væntum þó, að alvara sé á bak við og við þetta sé staðið. En ég þekki hæstv. ráðh. ekki að slíku og ég efast ekki um, að ef þessi hæstv. ráðh. fer með þessi mál, muni honum vera alvara. En eins og málum er nú komið í Sog· inu og fyrir liggur hér á þskj., þá held ég, að við megum bíða eftir þessu í 4 ár. Það, sem hér liggur fyrir, sú brtt., sem komin er frá Ed., hún er þannig vaxin, að við megum búast við því, að Reykjavík sitji fyrir.

Fyrir rúmum 2 árum síðan sagði hv. 11. landsk., að hann vildi ekki, að sveitirnar fengju rafmagn, því að það mundi seinka fyrir eyðingu þeirra. Þetta sagði hann þá. — Ég býst við, að landsmönnum þyki meiri trygging í því, að ríkið hafi framkvæmdir þessara mála með höndum en einstök bæjarfélög, því að búast má við, að þau vilji skara eld að sinni köku, og er það í sjálfu sér ekkert nema mannlegt. Þess vegna held ég, að mjög nauðsynlegt sé, að breyt. Ed. verði aftur felld úr frv.

Ég vil svo ekki lengur orðlengja þetta meira.

Nú er orðið áliðið þings, og því hefur verið haldið fram, að við framsóknarmenn höfum tafið þingstörfin, en ég held, að ég hafi a. m. k. ekki talað nema 1—2 sinnum á þessu þingi síðan um nýár.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Þetta verður aðeins lítið, sem ég vildi segja. Það hefur komið fram, að hæstv. samgmrh. og hv. 11. landsk. leggja áherzlu á þá breyt., sem vitanlega er til þess að draga úr því, að sveitirnar austanfjalls fái rafmagn.

Ég vísa á bug þeirri staðhæfingu hæstv. samgmrh., að ég hafi verið að áfellast hann fyrir aðgerðir hans í samgöngumálunum. Það er ekkert að þakka eða áfellast, því að hann hefur alls ekkert gert fyrir samgöngumál Suðurlandsundirlendisins.

Þó að pantað hafi verið efni í háspennulínu austur í Rangárvallasýslu, þá er engin trygging fyrir því, að það fari til þess, sem það var fyrirhugað fyrir, eða annað eins hefur maður a. m. k. séð.

Þá vil ég algerlega mótmæla því, að Framsfl. hafi haft það á sínu valdi að leggja þessa línu austur. Aðeins á 2—3 þingum hefur flokkurinn haft meiri hluta, 1931—32, og ef hæstv. ráðh. áfellist flokkinn fyrir það, þá er hann ekki síður að löðrunga sjálfan sig og sinn flokk í þessu máli, því að eina tækifærið hefði þá verið, þegar flokkurinn var í samstjórn með Alþfl. En honum ætti að vera kunnugt, að á þeim árum voru aðrar fjárhagsástæður en nú, þar sem þá voru kreppuár, en nú eru veltiár. Og þó að þetta mikla veltutímabil hafi verið viðkomandi fjárl., hefur lítið borið á framkvæmdum hjá hæstv. ríkisstj., þó að hæstv. samgmrh. hafi hælt sér af framkvæmdum, sem gerðar hafi verið í landinu, enda var eitt stjórnarblaðið nú alveg nýlega að segja það um þennan ágæta samgmrh., að slíkt sleifarlag, sem væri á strandferðunum, hefði aldrei átt sér stað fyrr og væri hreint hneyksli, sem þyrfti að kippa í lag. (*Samgmrh.:* Það er framsóknarmaður, sem stjórnar þeim). Ég tel víst, að það sé undir yfirstjórn hæstv. samgmrh. Eða kannske hann hafi afsalað sér stjórn á samgöngumálunum, og þá er, held ég, ekki af miklu að láta í þeim efnum fyrir hann? Og það er þess vegna með öllu út í bláinn sagt, að farið sé að framkvæma það, sem hæstv. ráðh. segir, að við framsóknarmenn höfum svikizt um undanfarið. Ég þori að fullyrða, að ábyrgðin er meiri hjá hæstv. ríkisstj. en Framsfl. á því, að ekki er enn farið að leggja þessa línu. Ég er alls ekki umboðsmaður þeirra, sem eiga heima á þessu svæði. En sem búsettur á þessu svæði, sem þessar línur á að leggja til, vil ég segja það, að ég gef ekkert fyrir þær línur frá orkuveri, sem þannig eru, að ekki eru til annars en að æra upp í mönnum sult, þ. e., sem aðeins eru til ljósa. Og það stendur í nál., sem ég tel víst, að sé frá ríkisstj., í grg. um hreinsun og herzlu síldarlýsis, áliti frá forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins, m. a., að Reykjavík muni ekki vera fær um að veita afl til þessarar verksmiðju fyrr en viðbót er komin við Sogsvirkjunina, og hér er greint í þessari grg., að aukning Sogsvirkjunarinnar muni ekki verða fullgerð fyrr en 1950. Og ef Reykjavík getur ekki látið raforku til einnar verksmiðju hér í Reykjavík af því afli, sem fyrir er, þá sér hver maður, hvernig það mundi ganga, ef leggja ætti margar línur í viðbót frá Soginu við það, sem nú er, og hvað þær yrðu rétthár í þessum efnum. Þess vegna ætla ég að standa við það, sem ég hef sagt sem einn af búsettum mönnum á þessu svæði, að þetta raforkuleiðslumál fyrir sveitirnar þarna eystra er mest auglýsingaskrum, enn sem komið er. Og ég á eftir að sjá framkvæmdirnar, sem á eftir muni koma. Ég ætla a. m. k. ekki að þakka hæstv. ríkisstj. neitt í þeim efnum fyrr en það kemur í ljós, að þetta mál sé fyrir henni eitthvað annað en orðin tóm.

Þá sagði hæstv. samgmrh., að það væri áróður að segja, að ekkert rafmagn væri til á Selfossi. Er nokkuð rafmagn til á Selfossi? Ég veit ekki til, að þar sé rafmagn til nema frá einum litlum mótor. Og ég hefði vart trúað því, að jafngætinn og glöggur maður og hæstv. samgmrh. er mundi viðhafa fullyrðingar eins og þær, að fullkomlega nægilegt rafmagn væri til í Soginu eins og verið hefur til þessa, því að það er ekkert annað en að stangast við staðreyndir, sem þeir menn vita bezt og hafa fengið að reyna, sem síðast hafa fengið línur til sín þaðan, því að þeir fá þaðan ekki rafmagn nema mjög takmarkað til sinna nota. Og ég get ekki skilið, að meiri trygging mundi vera fyrir þá um að fá rafmagn, sem austar á Suðurlandsundirlendinu búa.

Þá talaði hæstv. samgmrh. um það, að þegar eimtúrbínustöðin kæmi, mundi rakna mjög úr þessu. Ég hef alltaf skilið það svo, að það væri dýrt að framleiða rafmagn með eimtúrbínustöð til að leiða það út um landið. Og ég hef skilið það svo, að bygging eimtúrbínustöðvar hér í Reykjavík mundi eingöngu vera miðuð við, að það væri varastöð til þess að grípa til, þegar vantar rafmagn, en ekki til þess að selja rafmagn. Og að hæstv. samgmrh. skuli grípa í þetta hálmstrá, sýnir ljóst, hve málstaður hans er lítils virði, — þessi maður, sem ekki þurfti áður, ef hann varði góðan málstað, að grípa til slíks. En það var reyndar áður en hann komst í þann félagsskap, sem hann nú er í.

Þá vil ég aðeins svara hv. 11. landsk. þm. örfáum orðum, sem kom hér með mjög mikla umvöndun í minn garð, og sagði, að komið hefði í ljós, að ég hefði ekki kynnt mér málið, og þess vegna væri í raun og veru skylda að láta mér upplýsingar í té. Ég efast um, að sá hv. þm. hafi lesið þetta frv. fyrr en um leið og það var tekið fyrir nú við umr. En það þykir mér hart frá hans hendi — og ég verð að segja: Heyr á endemi! — þegar hann bregður öðrum þm. hér um það, að þeir hafi vanrækt að setja sig inn í mál, sem hér koma til meðferðar. Ég hef ekki séð neitt sérstakt ljós skína frá þessum hv. þm., sem gefi mér tilefni til að halda, að hann sé fær um að fræða aðra, því að oftast þegar ég hlusta á þennan hv. þm. verður það til þess frekar að rugla mig — í hvaða máli sem er — heldur en að gera mér glögga grein fyrir því. Hygg ég, að margir aðrir hv. þm. geti sagt það

sama. — Hv. 11. landsk. þm. sagði, að skylt væri að láta í té utan Reykjavíkur rafmagn, bæði eftir nýju og gömlu l., með kostnaðarverði og jafnrétti við Reykjavík, — hann sagði að vísu: „með kostnaðarverði o. s. frv.“ En hvað var það, sem átti að felast í þessu „og svo framvegis“? Ætli það hafi ekki verið eitthvað, sem dró úr jafnréttinu? Því að ég veit ekki betur en heimilað sé í l., að Reykjavík megi leggja á þetta rafmagn eins og heildsalar gera, til þess að græða á hinum, sem eiga að fá orku frá verinu. En það mátti bara ekki nefna, hvað þetta „og svo framvegis“ var, en það er þetta, sem ég tók fram. Og það þarf náttúrlega engan að furða, þó að þeir, sem í Reykjavík búa og telja sig fulltrúa Reykjavíkur, vilji fá þá aðstöðu gagnvart öðrum um raforkusölu, sem heildsalar hafa um álagningu gagnvart öðrum. Þetta er mjög mannlegt. En ég sem einn þeirra manna, sem búa á þessu svæði, sem talað er um hér að leiða rafmagn til, neita réttmæti þessarar sérréttindaaðstöðu Reykjavíkur, bæði í þessu máli og öðrum viðkomandi Suðurlandsundirlendinu. Hún er ekkert jafnrétti eða réttlæti, heldur yfirgangur og ranglæti, og því lengur sem henni er haldið áfram og þessari aðstöðu er mælt bót af fulltrúum eins og hv. 11. landsk., því fyrr er þess að vænta, að það muni verða mynduð þau samtök, sem geta líka talað sínu máli gagnvart Reykjavík.

Hæstv. samgmrh. var að tala um, að við hefðum rætt um það, þegar ekki væri betur um þessi mál séð en gert væri, að þeir, sem búa austan fjalls, hefðu sína raforkustöð sjálfir. Ég hef verið því fylgjandi, að þeir á Suðurlandsundirlendinu hefðu rétt til þess að eiga sína raforkustöð, alveg eins og Reykjavík á sína. Og ef þannig á að jafna aðstöðumun, sé ég ekki annað en að við séum á réttri leið. — En hvað vakir á bak við þetta, kemur bezt í ljós í þeim ummælum, sem hv. 11. landsk. þm. hefur haft hér á hæstv. Alþ., að ef greiða ætti fyrir því, að sveitirnar fengju rafmagn, yrði það til þess að tefja fyrir því, að þær færu í eyði. Það er einmitt þessi hugsunarháttur, sem kemur fram hjá hv. 11. landsk., að það sé einmitt það, sem stefna eigi að, að reyna að tæma sveitirnar meir og meir. Og einn af flokksmönnum þessa hv. þm., sem hér sat á þingi áður, lét einu sinni svo um mælt, að það væri hið mesta ólán, að nokkurn tíma skyldi hafa sprottið nokkurt strá á þessu landi. Og hugurinn til sveitanna mun enn vera svipaður hjá þessum flokki. En ég vil nú segja það þeim, sem hér vilja ekki ganga inn á það, að jafnrétti fáist fyrir alla, sem þurfa að nota virkjun Sogsins, að það er hægt að brýna svo deigt járn, að það bíti. Og ég hygg, að það muni kannske ekki ganga eins greiðlega að tæma sveitirnar og hv. 11. landsk. þm. og aðrir, sem hafa sama hugsunarhátt, gera sér hugmynd um, að hægt sé í þessu efni.

Um þetta raforkumál duga engar ráðherrayfirlýsingar. Þær hafa ekki reynzt vel haldgóðar, eins og kunnugt er. Og ég hygg, að það muni varla þekkjast í nokkru landi, að ráðherrayfirlýsingar hafi komið hver á móti annarri frá einni og sömu ríkisstj., þar sem ráðh. hafa sagt hver annan segja ósatt, nema hér. Og þjóð, sem búin er að búa við slíkt stjórnarfar í nokkur ár, er ekki ákaflega ginnkeypt fyrir einhverjum verzlunartilkynningum, þó að þær eigi að heita tilkynningar frá ríkisstj. Þjóðin er farin að líta svo á, að ef það er fyrirsögn fyrir einhverju máli, að það sé tilkynning frá ríkisstj., þá sé ástæða til þess að leita sér frekari upplýsinga um sannleikann í málinu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú sjálfsagt tilgangslaust að elta ólar við þennan hv. þm., sem síðast talaði, þm. V.-Sk., því að hann talaði eins og maðurinn, sem sagði, að hann væri ekki hingað kominn til þess að láta sannfærast. (*SvbH:* Er þetta ný tilkynning frá ríkisstj.?). Ræða hv. þm. V.-Sk. gaf mér fullkomið tilefni til þessara orða, því að svo berlega snýr þessi hv. þm. við því, sem ég veit, að hann veit betur um málið, og því, sem sagt var hér áðan, að ég þarf ekki að leiða frekar rök að því. — Þegar ég kom hér inn í deildarsalinn áðan, var það hið fyrsta, sem ég heyrði hv. þm. tala um, að ríkisstj. hefði í frammi óhæfilega auglýsingastarfsemi í sambandi við raforkuframkvæmdir og að ekkert afl væri til aflögu í Soginu — og ég tala ekki um á Selfossi. Þess vegna væri það gabb og blöff hjá ríkisstj. að tala um að leggja nokkra rafmagnsleiðslu út frá þessum stöðum. Og hv. þm. V.-Sk. leyfði sér að áfellast það sleifarlag, sem hann sagði, að væri á raforkuframkvæmdum hjá ríkisstj., og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri heppilegra fyrir þessi héruð austan fjalls að virkja sjálf en að eiga nokkuð undir þessum framkvæmdum ríkisins. Mér virtist hv. 1. þm. Rang. taka þessu miklu skynsamlegar í sinni ræðu. Hef ég ekki við þá ræðu að athuga nema tvö atriði. Skal ég víkja fyrst að ræðu hv. þm. V.-Sk. — Hann sagði eitthvað á þá leið, að í þessum málum væri ríkisstj. ekkert að þakka eða vanþakka. Þetta getur verið rétt á vissan hátt. En svo sagði þessi sami hv. þm.: Eða hvað hefur verið gert? Þessum hv. þm. til leiðbeiningar skal ég upplýsa, hvað hefur verið gert í rafmagnsmálum þessa landshluta upp á síðkastið. Það hefur verið ákveðið að leggja línu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og haft hefur verið samstarf við héraðsstjórnir á þessum stöðum um þetta. Ákveðin hafa verið fjárframlög í þessu skyni og ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir viðkomandi héruð, til þess að þau geti lagt fram fé að sínum hluta til þessa kostnaðar. Gerður hefur verið út maður til útlanda til þess að kaupa efni í þessar raforkuveitur. Það er svo nýlega gert, að það er ekki farið að leysa þetta efni út á staðnum, en allur undirbúningur er fenginn til þess að línan komi upp, þegar efnið kemur til landsins. — Náttúrlega getur hv. þm. V.-Sk. sagt, að hann trúi engu af þessu. En hann verður þá bara að bíða, þangað til hann sér það. Og þá fyrst getur hann áfellzt ríkisstj., ef hún svíkur og víkur um framkvæmdir frá því, sem hér hefur verið sagt. Hann getur fengið sannanir fyrir því, að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar, bæði hjá ríkisstj. og rafmagnseftirliti ríkisins. Og ég undrast, að þessi hv. þm. skuli ekki

telja, að gerðar séu framkvæmdir í einhverju slíku máli fyrr en farið er að vinna í sjálfri línulagningunni, því að mikið verk liggur jafnan fyrir að framkvæma áður en svo langt er komið málum. Auk þessa var svo samþ. hér á hæstv. Alþ. heimild fyrir ríkisstj. til þess að nota kringum 2 millj. kr. til þess að leggja fram í línu frá Selfossi og austur um Árnessýslu, austur í Holt, sem skiptist þar yfir í Þykkvabæinn og til Hellu á Rangárvöllum, en þó þannig úr garði gerðar línurnar, að halda mætti þeim áfram austur um sýsluna, þegar hentugt þætti. Síðan hefur ríkisstj. ákveðið að nota þessa heimild og það hefur verið tilkynnt viðkomandi héraðsyfirvöldum í Árnes- og Rangárvallasýslum, þannig að það liggja fyrir hjá sýslumanni Árnessýslu og sýslumanni Rangárvallasýslu skilríki um, að ríkisstj. hefur ákveðið að nota þessa heimild og spurzt fyrir um, hvort viðkomandi héruð vildu leggja á móti þann hluta fjárframlags, sem lög gera ráð fyrir, og hefur nú — að vísu ekki alveg ákveðið — annað þessara héraða svarað þessu þannig, að þeir vilji, að þetta verði gert, og þakka ég þeim það ekki, þar sem ríkissjóður leggur fram ¾ hluta fjár til framkvæmdanna, en héruðin eiga að leggja fram ¼ hluta. — Í þessu sambandi hefur verið minnzt á, að hér væri um auglýsingastarfsemi að ræða. Ég hef, eins og ég sagði áðan í minni fyrri ræðu, ekki sett eina einustu auglýsingu eða blaðagrein af stað um þetta mál, annað en það, sem ég man eftir, að ég í Ed. í yfirlitsgrein um þingmál gaf leyfi til að hafa eftir mér um þetta mál. Um þá útvarpstilkynningu, sem valdið hefur hneykslun hér í hv. þd., get ég ekkert vitað, og vissi ekki um hana fyrr en ég hlustaði á hana. Hún er ekki undan mínum rifjum runnin og var ekki undir mig borin, enda sum atriði hennar þannig, að hún stenzt ekki veruleikann. Ég veit ekkert, hver að þessari útvarpstilkynningu hefur staðið, og það var a. m. k. ekki ráðuneytið og ekki ég, og vil ég þess vegna ekki, að ég sé neitt við hana bendlaður, enda hef ég enga auglýsingastarfsemi haft með höndum í þessu máli, því að fyrir mér hefur ekkert vakað annað en að koma þessu máli áleiðis svo fljótt sem unnt væri, þó að hv. þm. V.-Sk. telji það ólíklegt.

Hv. þm. V.-Sk. gekk svo langt, að hann fór að skýra frá því, að það væri aðeins til einn lítill mótor á Selfossi til raforkuframleiðslu, svo að það væru ákaflega litlar líkur til, að lína frá Selfossi gæti bjargað þeim fyrir austan með rafmagn, því að mér skildist hann telja, að þessi litli mótor gæti varla annað að fullnægja þörfum fyrir rafmagn á staðnum. Hér mælti hv. þm. mjög á móti betri vitund, því að hann veit, að það hefur engum dottið í hug að leggja línu frá þessum mótor. Hann veit, að það er fyrirhugað að leggja línu frá Soginu að Selfossi og svo frá Selfossi línu austur í sveitir. Þetta er því hreinn útúrsnúningur hjá hv. þm. og sú málsmeðferð, sem ekki er öðrum sæmandi en honum og verður ekki tekin alvarlega hér í hv. d.

Þá sagði hv. þm. V.-Sk., að sú eimtúrbínustöð, sem hér ætti að byggja í Reykjavík, mundi eingöngu verða varastöð, og kæmi þess vegna ekki til mála að geta veitt rafmagni austur um sveitir frá henni, enda muni vera óheppilegt að framleiða rafmagn hér með kolakyndingu og leiða það síðan austur á þá staði, þar sem héruðin eigi að fá raforku frá vatnsorkuveri. Hér ber að sama brunni, að hv. þm. V.-Sk. reynir að villa um staðreyndir eins og hann frekast getur. Rafmagnsnotkunin hér er ekki alltaf jöfn. Hún er stundum meiri og stundum minni, og það getur verið nokkrar klukkustundir á dag, sem venjuleg rafmagnsframleiðsla yfir sólarhringinn er ekki nóg fyrir bæinn, og þessari varastöð er ætlað að taka álagið, þegar það fer fram úr því, sem Sogsstöðin getur annað. Og við það, að þessi varastöð tekur að sér að sjá fyrir rafmagnsþörfinni meðan þetta ástand varir, þá verður það auðvitað til þess, að afgangur verður aftur af rafmagni við Sogið til þess að fullnægja rafmagnsþörf fyrir austan. Þetta veit ég, að hv. þm. V.-Sk. skilur, og hans málflutningur í þessu efni er því hreinn útúrsnúningur hjá honum.

Hv. þm. V.-Sk. vitnaði einnig í skýrslu, sem legið hefur frammi í þinginu frá atvmrh., sem er grg. um verksmiðju til herzlu síldarlýsis, og greindi hann úr þessari skýrslu frá því áliti rafmagnseftirlits ríkisins, að sú aukning, sem fyrirhuguð væri á Sogsvirkjuninni og nemur 30—35 þús. hestöflum, mundi ekki verða fyrr en árið 1950, og vildi hann aftur með þessu sanna, að þessi virkjun, sem hér um ræðir, kæmi langt of seint, og á meðan væri ekki á neinn hátt séð fyrir þessum auknu þörfum. En hann las ekki það, sem stendur nokkrum línum framar og gerbreytir málinu í þessu sambandi, þar sem gert er ráð fyrir, að við raforkuframleiðsluna í Reykjavík bætist 7500 kw. toppstöð. En raforkuþörfin til þessara staða, Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og í Holtin og Þykkvabæinn og til bæjanna þar í kring, er sjálfsagt um innan við 1000 kw. M. ö. o. það, sem ætlað er að bæta við Sogsstöðina til nota fyrir austan, er aðeins 1/7 partur af því, sem á að bæta við raforkuframleiðsluna hér í Reykjavík á næsta vetri. Þannig er fullkomlega séð fyrir því, að sú aukning á álagi, sem kemur frá þessum stöðum fyrir austan, Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og byggðunum, sem ég nefndi áðan, er aðeins örlítið brot af því, sem bætt verður við raforkuframleiðsluna hér í Reykjavík. En um þetta las hv. þm. V.-Sk. ekki úr sama plaggi og hann las upp úr áðan, sjálfsagt viljandi, af því að hann vildi ekki láta þetta koma fram.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að Framsfl. hefði ekki verið hér í meiri hluta síðan Sogið var virkjað, og það er víst nokkuð rétt, sem betur fer. En þó ætla ég, að ef Framsfl. hefði viljað beita sér fyrir málinu, — og að sjálfsögðu hefði honum staðið það næst, — þá mundi ekki hafa staðið á fylgi við málið, ef sá flokkur hefði viljað koma því fram, því að hann mun hafa átt flesta fulltrúana úr þeim héruðum, sem hér er um að ræða. Og að ég hafi á nokkurn hátt viljað löðrunga minn eigin flokk í þessu máli, kemur ekki til mála, því að hann hefur ekki staðið á móti því, að þetta yrði gert.

Hv. þm. V.-Sk. gekk svo langt, að hann fór að tala um strandferðirnar í þessu sambandi og tók upp ummæli blaða um ásigkomulag strandferð-

anna. Ég skal nú ekki hafa um það mörg orð. En ég vil aðeins segja þessum hv. þm. það í trúnaði, sem reyndar allir mega vita, að mér hafa borizt ákaflega margar kvartanir um rekstur strandferðanna á síðustu tímum, og margir hafa sitt hvað við þær að athuga, og margir af þeim beina þeim aðfinnslum gagnvart forstjóranum, sem er framsóknarmaður, Pálma Loftssyni. Ég hef tekið þá afstöðu gagnvart þessum kvörtunum, að ég hef heldur reynt að bægja þeim frá en hitt, og reynt að bæta úr, án þess að til örþrifaráða hafi þurft að grípa. En ræður eins og sú, sem hv. þm. V.-Sk. nú hélt, örva sannarlega ekki til þeirra hluta.

Sem sagt, allt þetta tal hv. þm. V.-Sk. er fyrir mér aðeins augljóst merki um upprifnar taugar og slæman málstað. Þeir finna það, hv. þm. Framsfl., að þeir hafa ekki staðið vel að málinu, og að dómur þjóðarinnar er yfir þeim vofandi. Þess vegna þurfa þeir nú að gera ágreining út af aukaatriðum í þessum efnum. En aðalatriði málsins eru þau, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að koma þessum málum af stað og á þann hátt, að hægt er að auka þarna við framkvæmdir, þegar ákvörðun verður um það tekin á sínum tíma að teygja þessar línur út um þessar viðkomandi sýslur. Og ég hef lagt fyrir rafmagnseftirlit ríkisins fyrir nokkru að gera áætlanir um raforkuleiðslu frá Soginu um ýmis þéttbýlustu héruð Árnes- og Rangárvallasýslu, og ef þær athuganir sýna, að hægt verði að leggja þessar línur, geri ég ráð fyrir, að stefnt verði ákveðið að því að ráðast í þær, því að ég hef þá trú, að ef nokkrar sveitarafveitur geta komizt á á Íslandi, þá sé það í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Mér finnst engin alvara felast á bak við allar þær *kynlegu aðfinnslur hv. framsóknarmanna* í þessum málum, sem þeir hafa sett fram. Ég hélt því fram í minni fyrri ræðu, að það væri verið að reyna að koma af stað áróðri heima í viðkomandi héruðum, til þess að reyna að gera framkvæmd þessa máls tortryggilega. Hv. þm. V.-Sk. vildi mótmæla þessum áróðri austan fjalls á móti málinu, eins og hann orðaði það. En ég sagði ekki, að þessi áróður væri á móti málinu, heldur til þess að gera aðgerðir ríkisstj. í málinu tortryggilegar, þ. e. a. s. framkvæmd málsins, og það *staðfesti hv. 1. þm. Rang.* í gær, því að hann sagðist hafa orðið að beita sér fyrir því, að samþykkt fengist einróma fyrir því, að þetta yrði framkvæmt, og mér skildist, að sú samþykkt hefði fengizt aðeins vegna þess, að hann beitti sér fyrir því, því að þessi hv. þm. sagði: „Þessi samþykkt fékkst einróma fyrir eindregin tilmæli mín.“ En ég treysti honum til að sjá, að þetta er skynsamlegasta lausn málsins, og þess vegna hefði það verið málinu til ills, ef ágreiningur hefði verið um samþykkt þess heima fyrir, og það ber að hindra, að þessi áróður beri þann árangur, að málinu verði stofnað í voða, því að allir eru sammála um, að þetta beri að gera, þó að reynt sé af sumum að gera framkvæmd málsins tortryggilega. Annars sneri sá hv. þm., 1. þm. Rang., ræðu sinni mest um auglýsingastarfsemi, sem hann var að tala um, að hefði verið í sambandi við þetta mál, eins og reyndar hv. þm. V.-Sk. minntist á líka. En hv. þm. V.-Sk. talaði um útvarpsauglýsingu, sem birt hefði verið, þannig eins og hún lægi fyrir frá mér. (*SvbH:* Nei, ég hef aldrei sagt þetta). En ég hef aldrei staðið að henni.

Hv. þm. V.-Sk. sagðist hafa verið fylgjandi því frá upphafi, að sveitirnar fyrir austan ættu sína eigin rafstöð. Ég vildi óska, að hv. þm. V.-Sk. vildi beita sér fyrir þessu. Því að ef þeir þar eystra treysta sér til að reisa sína eigin stöð og reka hana á allan hátt, þá skal ég ekki vera meinsmaður þess. En þessi hv. þm. veit, að á því yrði verri útkoma en með því að fá rafleiðslu frá Selfossi.

Ég hef í þessum umr. ekki farið inn á efni frv., enda þarf þess ekki að þessu sinni. En út af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði um aðstöðu sveitanna og aðstöðu Reykvíkinga til þessarar virkjunar og til þess að fá rafmagn frá þessari virkjun, skal ég leyfa mér að vísa í ákvæði 6. gr. frv. og einnig í 7. gr. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er henni“ — þ. e. Sogsvirkjuninni — „einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota utan Reykjavíkur við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 5%.“ Þetta er þessi heildsalaálagning, sem hv. þm. V.-Sk. er að tala um. En hvernig er svo þessi heildsalaálagning? Það stendur hér strax á eftir því, sem ég las áðan: „Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað.“ M. ö. o., raforkuveitum fyrir austan fjall er tryggt rafmagn fyrir nákvæmlega sama verð og Reykjavík fær það á, og Reykjavík er skyld til að láta alla, sem búa á þessu svæði, fá rafmagnið alveg á sama hátt og Reykjavík og með sama verði, og það er kostnaðarverð að viðbættu í hæsta lagi 5%. — Nú kann hv. þm. að segja: Sogsvirkjunin getur safnað í sjóð á þennan hátt. En þá stendur í 7. gr., hvernig með skuli fara, þegar þessi sjóður hefur safnazt. Þar stendur: „Nú hefur virkjuninni safnazt varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur *annars vegar og notendum utan hennar hins vegar.*“ Það er svo nákvæmlega eins í þessu tilfelli réttur Reykvíkinga og réttur ekki Reykvíkinga. Þeir fá hvorir um sig rafmagnið jafndýrt. Og sömu reglur gilda um báða aðilana, ef varasjóður safnast, því að þá á hann að skiptast eftir sömu hlutföllum á milli þessara aðila og til hans hefur verið stofnað af þeim. Þetta ranglæti, sem notendum rafmagnsins utan Reykjavíkur á að vera skapað með þessu, sé ég því ekki, að sé til, heldur eru aðfinnslur út af þessu atriði *einungis* til þess að reyna að finna upp eitthvað til þess að gera málið tortryggilegt og til þess að reyna að búa til átyllu til þess að halda því fram, að ekki sé allt með felldu í framkvæmd málsins. Og hv. Framsflm. virðist koma illa það, sem verið er að framkvæma í þessu máli.

Þá hef ég rakið öll þessi atriði, sem á hefur

verið minnzt. Ég hef ekki gert það af því, að ég búist við að geta sannfært hv. þm. V.-Sk., því að ég tel, að undir vissum kringumstæðum sé alveg útilokað að reyna það. En ekki að síður tel ég rétt, vegna annarra hv. þdm., að þessar upplýsingar komi fram, svo að þeir, sem vilja, geti myndað sér um málið hlutlausa og heilbrigða skoðun.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. endaði orð sín á því, að það mundi vera útilokað, að hægt væri að sannfæra mig um það, sem hann taldi rétt vera. Ég vil bera honum allt annað. Ég er búinn að sannfæra hann um, hvað rétt er í þessu máli, þó að hann vilji ekki viðurkenna það. Ég þekki hæstv. samgmrh. að því að vera það skilningsgóðan mann, að hann yfirleitt þekki rök frá falsrökum. Og þegar ég heyri, að hann vill stangast á við staðreyndir, þá er það ekki annað en að vilja berja höfðinu við steininn. Hitt hef ég heyrt á ræðu hans, að hann er sannfærður um margt af þeim falsrökum, sem hann fer með. Hann bendir t. d. á 6. og 7. gr. frv. og segir, að með þessum ákvæðum, sem hann greindi, sé tryggt jafnrétti fyrir sveitirnar annars vegar og Reykjavík hins vegar í þessum málum, þó að leyfð sé þessi heildsöluálagning, 5%, á alla raforku, sem framleidd er til sveitanna. En hvers vegna stendur þá ekki, að það sé skylt að láta það með kostnaðarverði? Fær Reykjavík það ekki með kostnaðarverði? Er hún látin borga eitthvað það, sem fram yfir er kostnaðarverð á þessu? (*Samgmrh.:* Já). Og enn fremur vil ég spyrja: Ef sjóður myndast við þetta fyrirtæki, er þá tilætlunin, að menn fái úr þessum sjóði eftir því, sem menn hafa í hann lagt? Er hæstv. samgmrh., jafnglöggur maður, enn að því að bera það á borð fyrir hæstv. Alþ., að ekki sé hægt að verja hagnaði af fyrirtækinu til neins annars en að leggja það í sjóð? Hvernig stendur á, að hæstv. samgmrh. fer með slík falsrök eins og þessi? Eins og Reykjavíkurbær — ef hann hefur hag af rekstri orkuversins, sem hann á við Sogið, sem getur skipt hundruðum þús., sem hann getur haft á ári — geti ekki notað það fé til annars en að leggja það í sjóð, t. d. til að bæta sína línu og sína aðstöðu í þessu efni og bæta orkuverið til sinna þarfa, bæði leiðslur, línur og annað. En eftir þessu er öll málfærsla hjá hæstv. ráðh., að það muni ekki vera hægt með nokkru móti að koma fyrir hagnaði einhvers fyrirtækis með öðru en því að leggja það í sjóð. Þetta sýnir, hve bágborinn málstaður hæstv. samgmrh. er.

Þá sagði hæstv. samgmrh., að okkur framsóknarmönnum virtist koma það illa, sem verið sé að gera í þessum málum. Ég get ekki séð, að nokkrum manni geti komið illa það, sem ekkert er. Og hann talaði um yfirlýsingar. Það hefur ekkert komið fram af framkvæmdum ríkisstj. í málinu annað en yfirlýsingar, engar raunhæfar framkvæmdir í málinu. Og ef þessi hæstv. ríkisstj. t. d. hefði ekki traust þjóðarinnar til þess að halda áfram í þessu máli, þá sé ég ekki, að hún væri búin að afreka nokkurn hlut í þeim efnum, annað en að gefa út sínar venjulegu auglýsingar og yfirlýsingar.

Það er rangt hjá hæstv. samgmrh., að ég hafi sagt, að hann hefði gefið út þá tilkynningu, sem birt var í útvarpinu og minnzt hefur verið á í þessum umr. En hæstv. samgmrh. sagði líka, að hún hefði ekki verið sannleikanum samkvæm, þannig að ástæða var til, að ýmsir hefðu haldið, að hún væri frá ríkisstj.

Þá sagði hæstv. samgmrh. um austursveitirnar, að þessar línur, sem fyrirhugaðar eru fyrir austan, mundu ekki þurfa nema á 1000 kw. rafmagni að halda. Ég veit ekki, hvaðan sú fræðsla er komin, en einkennilegt þykir mér þetta, eftir rafmagnsþörf annars staðar, því að ég hygg, að á þessu svæði búi 3000—4000 manns, og það hefur held ég aldrei verið reiknað með minna en 750 w. rafmagnsnotkun á mann, þar sem minnst er notkunin, og allt upp í 1000 wött á mann, og fyrir Reykjavík er þessi notkun reiknuð miklu meiri. Þessar tölur virðast því vera út í bláinn.

Ég sé svo ekki, að nokkur ástæða sé til að ræða þetta nánar. Það er búið að sýna sig, hvað á bak við býr í þessu máli hjá hæstv. ríkisstj. Og það vildi ég fá fram og ekkert annað, svo að menn geti eftir því greitt atkv. Og ég hygg, að þeir, sem að brtt. standa, telji hana stórmál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að svara þessari aths. hv. þm. V.-Sk. Hann spurði: Greiðir Reykjavík hærra verð en kostnaðarverð fyrir sína raforku? Ég vil benda á það, að Sogsvirkjunin er sjálfstætt fyrirtæki, sem selur Reykjavík rafmagn, alveg eins og öðrum aðilum. Og ef Sogsvirkjunin selur íbúum Árnessýslu og Rangárvallasýslu rafmagnið nokkru hærra en við kostnaðarverði, sem má gera upp að 5%, selur fyrirtækið Reykvíkingum raforkuna sama verði, þannig að rafveitur þessara héraða og Reykjavík fá rafmagnið nákvæmlega á sama verði.

Þá spurði þessi hv. þm.: Er ekki hægt að verja fénu, sem ætlað er að leggja í varasjóð, öðruvísi en að leggja það í sjóð? Það má vera. En ef þarna er um að ræða greiðslu umfram kostnaðarverð, þegar allur kostnaður er tekinn til greina, þá sé ég ekki, að annað liggi fyrir en að þessi sjóður komi til skipta.

Þá sagði sami hv. þm., að 1000 kw. kæmi ekki til greina sem nægileg raforka fyrir þetta svæði fyrir austan, sem fyrirhugað er að leggja línur um og nefnt hefur verið, því að það væri a. m. k. 750 til 1000 wött, sem nauðsynlegt væri, að kæmi á mann. En venjulega mun ekki vera gert ráð fyrir nema 500 wöttum á mann, og þó í byrjun miklu minna, þannig að þessi tala 1000 kw., sem slegið er fram að litt athuguðu máli, mun ekki vera fjarri sanni, og er það þá ekki nema 1/7 partur þeirrar orku, sem Reykjavíkurbær bætir við sig á næsta vetri.

Þá byrjaði hv. þm. V.-Sk. aftur á að stagast á því, að engar raunhæfar ráðstafanir hefðu verið gerðar í þessum málum, eftir að upplýst er, að tveir rafvirkjunarfræðingar hafa verið sendir til útlanda til að undirbúa málið og annar þeirra er kominn heim, sem báðum var falið að kaupa efni til þessarar veitu, og eftir að búið er að gefa þessum héruðum, sem um er að ræða, skuldbindingu frá ríkissjóði. Og þess vegna hafa

þessir menn þar eystra aðgang að fé til rafveitnanna, hvaða ríkisstj. sem er við völd. — Skal ég svo ekki elta lengur ólar við ræðu þessa hv. þm., enda var ég búinn að svara mestu af því, sem fram kom í henni, áðan.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma í að ræða það, sem fram hefur komið hjá hæstv. samgmrh., enda hefur það verið gert af öðrum. Það er líka svo með hann, að ef minnzt er hér á sleifarlag á framkvæmdum vissra mála, sem heyra undir hans ráðuneyti, þá reynir hann að koma því á sinn undirmann. En hv. 11. landsk. talaði hér áðan og gat um störf raforkumálan. og raforkul., sem nú eru nýafgr. frá þinginu. Ef einhver ókunnugur hefði hlýtt á þessa ræðu hans og tekið mark á orðum hans, hlyti sá maður að álíta, að þessi hv. þm. væri mikill afreksmaður í rafmagnsmálum og eiginlega, að það, sem gert hefði verið í þeim málum, væri hans verk. En ég held, að þetta væru alrangar hugmyndir um afrek þessa hv. þm. Það var nú þannig með hans starf í mþn. í raforkumálum, að hann klauf sig þar frá öðrum nm. og skilaði nál., sem hann kallaði svo. En þetta svo kallaða nál. var nær eingöngu skætingur um okkur hina nm. í mþn., sem höfðum skilað okkar frv., en till. um framkvæmdir var þar ekki að finna. Þegar frv. það til raforkulaga, sem nú er nýlega afgreitt, var lagt fyrir þingið í vetur, bar það með sér, að mörg atriði úr frv. okkar, sem vorum í mþn., höfðu þar verið tekin með, og að mörgu leyti hafði verið höfð hliðsjón af því frv. við samningu þessa frv. Að vísu vantaði þar mörg þýðingarmikil ákvæði, sem voru í okkar frv. En þáttur hv. 11. landsk. í þessu máli nú á þinginu hefur verið þannig, að hann yfirleitt hefur verið í fararbroddi þeirra manna, sem hafa reynt að spilla fyrir og beita sér á móti breyt. til bóta, sem fram hafa komið í málinu. Þetta eru hans afrek í málinu, og er ekki ástæða til að öfunda hann af frammistöðunni.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla aðeins að leiðrétta eitt atriði hjá hv. 11. landsk. þm., sem sennilega er fram komið hjá honum af misheyrn, frekar en af mishermi. Ég hef ekki látið það í ljós, að hann hafi farið með ósatt mál, það mun enginn hafa heyrt mig viðhafa þau ummæli, en það, sem ég gerði að umtalsefni, var afstaða hans til málsins, og það er sitt hvað. Hv. þm. V.-Húnv. drap á það, hvern þátt hann á í þessu máli, og þarf ég þess vegna ekki að fjölyrða um það. En það er aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. samgmrh., sem ég kann ekki við, en það er um einhvern áróður austan fjalls gegn þessu máli. Ég frábið mig yfirleitt öllum getsökum í þeim efnum. En hafi verið minnzt á framkvæmd þessa máls, hef ég sagt frá því eins og ég vissi bezt, hvernig því líður. Ég hef ekki með einu orði lagt málinu neitt til spillis, eins og hæstv. samgmrh. getur getið sér til, því að ég vil vona, að hann væni mig ekki um áhugaleysi á því, að raforka fáist í mitt hérað og önnur héruð þar, sem mér er málið að vísu ekki eins skylt, en ég skoða mig þó í þessu máli sem öðrum stærri málum sem fulltrúa þeirra hér á þingi og skoða mig að því leyti ekki einungis bundinn við það hérað, sem hefur nú kjörið mig til þess að vera sinn fulltrúa hér.

Eitt atriði kom hér fram, sem hv. þm. V.-Sk. er búinn að gera að umtalsefni og ég skal ekki fjölyrða um, en það er viðvíkjandi raforkusjóðnum. En þetta atriði er ekki alveg rétt eins og hæstv. samgmrh. sagði frá því, og veit ég, að það er fyrir vangá. Það hefur verið safnað fé í varasjóð. Þegar ríkið gerist aðili að þessu, þá fær Reykjavík í sinn hlut það, sem lagt hefur verið fram af hálfu bæjarins í þann sjóð, en það, sem kom frá öðrum héruðum, hvort sem það kann að vera mikið eða lítið, gengur til ríkisins, en ekki til fólksins í þeim héruðum, þar sem fólkið hefur keypt raforkuna. Ég er ekkert að telja þetta eftir, því að ég geri ekki ráð fyrir, að það skipti miklu máli, að þetta verði neinn verulegur sjóður fyrir hin einstöku héruð, a. m. k. ekki fyrst í stað, sem kunna að fá raforkuna frá Soginu meðan Reykjavíkurbær á það fyrirtæki einn. En eigi að síður horfir málið svona við, og það er rétt, að það komi fram eins og það er. En ég geri ekkert úr þessu atriði hjá öðrum, sem eru miklu meiri.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hjó eftir því hjá hæstv. samgmrh., þegar hann talaði um rafveitur, að hann sagði, að það, sem þarna ætti að gera eða stæði til að gera, stæði Framsfl. næst Fyrir þessi orð hans vil ég alveg sérstaklega þakka honum. Hann finnur, að hvenær sem góð mál eru á ferðinni, þá standa þau sérstaklega nálægt Framsfl. Þetta kom tvisvar fram í hans ræðu. Ég vil sem framsóknarmaður þakka honum fyrir þessa viðurkenningu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þakka hæversku hv. 2. þm. N.-M. Ég hef ekkert við það að athuga, þó að hann þakki mér fyrir þau orð, sem ég lét falla um Framsfl., því að ég hef ekkert sagt annað en það, sem mér þótti rétt og skylt að minnast á, að ég taldi, að Framsfl. hefði borið að gera þetta, því að það væri í samræmi við það, að þeir áttu, þegar þessi mál voru til umr., flesta fulltrúa á þingi frá þessum héruðum, og það var ástæðan fyrir því, að ég taldi þessi mál liggja Framsfl. næst.

Þá skal ég nokkuð víkja að því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði. Hann vildi andmæla því, að nokkur áróður væri hafinn austan fjalls gegn málinu. Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki heyrt getið um þann áróður í sambandi við Árnessýslu, en ég hef heyrt, að nokkur áróður væri fyrir því í Rangárvallasýslu að telja, að málið sé einungis auglýsingastarfsemi og þess vegna sé bezt fyrir Rangæinga að snúa sér að virkjun heima fyrir. Þetta hef ég eftir skilorðum mönnum úr Rangárþingi. Það var þetta, sem ég meinti með því, að nokkur áróður væri hafinn til þess að gera málið tortryggilegt í þessu héraði. Ég veit ekki, hve mikil brögð eru að þessu, en þannig var málið flutt í mín eyru og er ég tilbúinn að greina að því heimildarmann.

Þá taldi hv. þm., að um nokkurn misskilning væri að ræða um skiptingu varasjóðs Sogsvirkj-

unarinnar, ef til kæmi, að hún yrði sameign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs. Þessu yrði nokkuð misskipt, þar sem Reykjavík fengi endurgreiddan sinn hlut framlagsins, en einstaklingar fengju ekki sinn hlut, heldur rynni hann til ríkisins. Ég held, að ekki sé um neinn misskilning að ræða í þessu sambandi, því að þannig er málum skipað eftir frv., að þessum varasjóði er skipt milli Reykjavíkurbæjar fyrir hönd þeirra umbjóðenda, sem hann rekur rafveitur fyrir, og ríkissjóðs til rafveitna ríkisins, vegna þeirra umbjóðenda, sem hann hefur. Þessu verður þannig skipt milli tveggja stofnana, sem hafa með höndum rekstur þeirra rafveitna, sem taka að sér það, sem Sogsvirkjunin tók að sér áður, og borgarar Reykjavíkur fá ekki útborgað þetta fé, heldur er það skrifað á reikning rafveitu Reykjavíkur, og hinir fá ekki heldur útborgað, heldur færist féð á reikning rafveitna ríkisins. En báðir aðilarnir, sem greiða í sjóðinn, njóta sinna fjárframlaga í þessum hlutföllum vegna þess, að þeir verða að borga inn til fyrirtækja, sem hafa með höndum rekstur þeirra rafveitna, sem Sogsvirkjunin hafði áður með höndum.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. þreytist aldrei á að tala um áróður. Nú er hann kominn austur yfir Þjórsá og næst kemst hann kannske austur að Jökulsá. Ég hef fyrir mitt leyti ekki orðið var við neinn áróður í þessu máli, en Rangæingar eru þannig settir, að þeir taka á móti því, sem fram kemur og þeir halda, að sé til bóta. En hitt sagði ég áðan, að það sló óhug á marga menn, sem vildu vona, að hægt væri að byggja eitthvað á þessu. Ég var austur í Þykkvabæ, þegar þessi skrumauglýsing kom í útvarpi og blöðum, og það var sama daginn og ráðh. skrifaði n. bréf um þetta efni. Sveitamennirnir eru nú þannig gerðir, að þeir leggja meira upp úr athöfnum en auglýsingum, ef þeir hafa í huga að framkvæma eitthvað til hagsbóta fyrir sig eða aðra. Þeir eru ekki vanir að hlaupa með það í útvarp og blöð, þó að þeir framkvæmi eitthvað. En þetta er kannske bara gamaldags hugsunarháttur þeirra, sem í sveitunum búa. En svo stóð nú á, að kosningar stóðu fyrir dyrum, og sumir líta þannig á, sem tala við mig, að einhver kosningaáróður kunni nú að hafa verið í þessari auglýsingu. Þetta sögðu þeir við mig. Vonandi er ekki að ásaka hæstv. ráðh., því að hann segist ekkert vera bendlaður við þetta, og þykir mér vænt um það, af því að ég hef ekki orðið var við svona skrumauglýsingar hjá honum um sig eða sín verk. Hver þetta hefur gert, veit ég ekki. Samþm. minn sést ekki hér í dag. Ég hefði þó gjarnan viljað spyrja hann, en varla hefur hann þó gert það. En þá er eftir að vita, hver það hefur gert. Ég held a. m. k., að það hafi verið gert hæstv. ráðh. til lofs og dýrðar og kannske einhverjum fleirum. En sem sagt, ég læt það engin áhrif hafa á mig eða mín afskipti af þessu máli. Mér er nokkurn veginn sama um þessa auglýsingu, sérstaklega ef hún yrði ekki til þess að draga úr vonum þeirra manna, sem þrá, að eitthvað verði úr því, að þeir fái rafmagn.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. En dálítið er það undarlegt með þessa 5% álagningu. Það voru 10% í fyrsta frv., sem lá fyrir þinginu, og einn þm. sagði mér það, sem mjög stendur nærri Reykjavík, að þetta væri alltaf hægt að lagfæra, því að Reykjavík væri svo sterk, að hún gæti hækkað þessa prósentu þegar henni sýndist, og þá má búast við, að þetta geti komizt upp í að verða eins konar heildsöluálagning.

Jörundur Brynjólfsson: Ég kann ekki við það, að hæstv. samgmrh. skuli bera á móti aths., sem ég gerði um tölur, því það er ekki hægt. Við skulum taka dæmi. Segjum, að varasjóður sé 900 þús. kr., hlutur Reykjavíkur 800 þús. kr., og segjum, að tveimur héruðum séu ætlaðar 100 þús. kr., sinn helmingurinn hvoru, — þá falla þessar 50 þús. kr. ekki í þeirra hlut, sú eign fer til ríkisins, og skiptir ekki máli, þó að ríkið ætli að annast útvegun rafmagnsins í þessi héruð, því ber einnig skylda til í framtíðinni að láta Reykjavík þetta í té. Þess vegna er það rétt, sem ég sagði, en það er ekki rétt, eins og hæstv. ráðh. segir, að það standi nákvæmlega eins á. Hitt er annað mál, að það munu ekki verða stórvægilegir fjármunir frá öðrum héruðum í þessum sjóði, svo að að því leyti varðar það ekki miklu fyrir þau, enda höfuðatriðið, að framkvæmd málsins fari þannig úr hendi, að héruðin fái nægilega raforku, en það er annað mál og breytir ekki þessu. En ég kann ekki við, að hæstv. ráðh., sem er bæði minnisgóður og skýr og þar að auki reikningsmaður, sé að bera á móti þessu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég dreg í efa, að ég eigi skilið það fallega viðurnefni, reikningsglöggur og skýr. Ég fæ ekki skilið það, sem hv. þm. sagði, og þykir mér það leiðinlegt. En mér skilst, að þessi upphæð, sem kann að hafa safnazt í varasjóð, og ef fleiri aðilar en Reykjavíkurbær gerast meðeigendur að virkjuninni, að hann skiptist þarna í tvo hluti í réttum hlutföllum við það, sem Reykjavík annars vegar og allir aðrir héraðsbúar hins vegar hafa lagt í sjóðinn, og ríkissjóður komi þarna fram sem nokkurs konar umboðsmaður fyrir þessa aðila utan Reykjavíkur og þeir í gegnum hann njóti þessa sjóðs í hlutfalli við það, sem þeir hafa lagt fram. — Að öðru leyti skal ég ekki ræða þetta frekar.

ATKVGR.

Brtt. 816,1 felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EystJ, GSv, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH.

nei: ÞB, EOl, EmJ, FJ, GTh, HB, JJós, LJós, ÓTh, SigfS, SEH, STh, StJSt, GÞ.

11 þm. (ÁkJ, ÁÁ, BÁ, IngJ, JPálm, JS, PO, SB, SG, SK, BG) fjarstaddir.

Brtt. 816,2 tekin aftur.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, ÓTh, PZ, SigfS, SEH, STh, SÞ, StJSt, SvbH, ÞB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, JJós, GÞ.

PÞ, SkG greiddu ekki atkv.

12 þm. (PO, SB, SG, SK, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, BK, IngJ, JPálm, JS, BG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 817).

58. Austurvegur.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Austurveg (þmfrv., A. 329).

Á 50. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég tel í rauninni ekki nauðsynlegt að fara nú mörgum orðum um þetta frv., ef maður hefur í huga tvö málsatriði, sem hér koma til greina, annars vegar hina viðurkenndu og miklu þörf á að treysta samgöngur milli höfuðstaðarins og Suðurlandssvæðisins, sem engum blöðum er um að fletta, að er ærin og mikil, og svo hins vegar það, að fyrir stuttum tíma var skipuð mþn., þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka áttu sæti, og þessi n. hefur nú skilað till. um úrlausn þessara mála. Og þar sem n. var að miklu leyti skipuð sérfróðum mönnum og auk þess sérstaklega kunnugum mönnum og hefur mikið starfað að þessu úrlausnarefni og orðið á eitt sátt um niðurstöðu, þá sýnist ekkert annað vera eftir en að ganga á lagið eftir þeim niðurstöðum og treysta málið til framgangs. Þetta frv. er samið í samræmi við álit mþn., svo langt sem það nær, og hvergi vikið frá verulega. Sérstaklega má geta þess, að hér er bætt við því ákvæði, að ef hagur ríkissjóðs virðist ekki svo glæsilegur, þegar til framkvæmdanna kemur, að nægilegt fé yrði fyrir hendi án þess að gengið yrði á aðrar nauðsynlegar framkvæmdir, þá sé ríkisstj. heimilt að taka lán til framkvæmdanna. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að vitanlega er ekki skylt að nota það, heldur aðeins að hafa það í bakhöndinni, ef á þyrfti að halda. Þetta er það, sem er á sérstakan hátt tekið fram í frv. Þegar miðað er við sex ára framkvæmd á þessari miklu vegagerð, eins og mþn. miðar við, að verði gert, þá er það gert með tilliti til þess, hve stórvirk vinnslutæki eru fljótlega og örugglega fyrir hendi, og að sama skapi, hvernig vinnuafli, verkstjórn og verkalýð við þetta mannvirki sé háttað að hverju sinni. Þetta ætti að verða til umbóta á þessari lagasetningu og ekki til annars, því að vitanlega er sanngjarnara og varkárara, að megi hnika þessu til, að ekki sé unnið jafnt öll árin, heldur yrði heimilt að vinna meira annað árið og minna hitt, eftir því sem til hagar um stórvirk tæki og hve mikið er að gera í landinu að hverju sinni. Ég hygg, að þótt þessi varnagli sé sleginn, þar sem þetta er beint eða óbeint sagt í frv., þá verði ekki álitamál, að það sé til bóta að taka þetta fram.

Ég vil fáu einu bæta við þetta, því að ef ætti að lýsa hér með mörgum orðum þeirri nauðsyn, sem er á því, að bæta hér úr, þá er það frá sjónarmiði allra, sem nokkur kennsl bera á, hvað um er að ræða, annars vegar framleiðsla stærsta samfellda framleiðslusvæðis landsins, Suðurlandsundirlendisins, og hins vegar þörf höfuðstaðar landsins. Þarna koma hagsmunir svo margra til greina, að það er ekki of mikið sagt, að það sé hálf þjóðin, og þegar svo langt er komið, þá veit ég, að enginn leyfir sér að halda því fram, að þetta sé héraðspólitík, heldur almenn landspólitík, landshagsmunamál. Því verður ekki á móti mælt, að svona er ástatt um þessa hluti.

Það er ástæða til að taka það fram, að þegar um þessa samgöngubót er rætt, þá hefur þar margt komið til skjalanna og margt komið til álita. Þetta er meira en þrjátíu ára stríð. Það er síðan hingað kom ungur og djarfur verkfræðingur, Jón Þorláksson. Þá byrjaði hann að ræða um járnbrautarmálið. Þá opnuðust sjónir manna fyrir því, að það yrði að opna á traustan hátt þessa leið. Og nú stendur nokkuð sérstaklega á, þar sem n., skipuð sérfróðum mönnum úr öllum þingflokkum, hefur rannsakað málið gaumgæfilega og gefið út um það nál., sem hefur verið útbýtt meðal allra hv. þm., þar sem allir hv. nm. eru á eitt sáttir um málið og hvernig beri að leysa það.

Ég hef þá að svo stöddu ekki fleira um málið að segja. Ég vona, að hv. þdm. séu ásáttir um, að málið verði ekki að þessu sinni mikið tafið, svo framarlega sem á að vísa því til n., sem ég geri að till. minni, að verði samgmn. þessarar d. Læt ég svo í sparnaðarskyni á tíma máli mínu lokið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir ekki óeðlilegt, þó að hv. 2. þm. Árn. hafi borið fram þetta frv., því að eins og hann segir, eru sterk rök, sem mæla með, að frv. sé borið fram. Eins og hann hefur tekið fram, er hvergi vikið frá þeim till., sem fram koma í nál. Málið hefur verið rannsakað af n., sem þar til var kjörin og skipuð var annars vegar sérfróðum mönnum og hins vegar pólitískum hagsmunamönnum, svo að það virðist, sem málinu ætti að vera fullkomlega bjargað í höndum þessara aðila. Samt er það nú svo, að fyrir augum leikmanna á þessu sviði virðist, að málið þurfi miklu betri undirbúning en enn er orðið hjá þessum mönnum. Skal ég þá fyrst fara nokkuð út í það.

Fyrst er hér gert ráð fyrir að fara nýja leið í gegnum Þrengslin. Um þessa leið hefur verið deilt hér á þingi mikið áður, og virðist hún nú ætla að sigra í þessari baráttu um, hvar vegurinn eigi að liggja austur yfir fjall eða milli þessara tveggja byggða, Reykjavíkur og austurláglendisins. Það bendir þá til þess, að þeir hafi haft rétt fyrir sér, sem vildu hafa þessa leið í upphafi. En eftir að komið er yfir mestu snjóþyngslin og erfiðleikana á fjallinu, þá er ekki gert ráð fyrir að halda inn á þjóðveginn, sem nú er, heldur fara út af honum og yfir foræðin í Ölfusinu til Selfoss. Nú er upplýst, að þarna er víða a. m. k. sex metra dýpi og aðeins fúamýri og alveg órannsakað, hvort þar er nokkuð fremur botn en í síkinu við Hvítá, sem hefur

kostað ríkið mörg hundruð þúsund fram yfir það, sem áætlað var, og ef jarðvegurinn á þessu 2—3 km svæði yrði eins og síkið hjá Ferjukoti, þá þyrfti að þrefalda þessa upphæð eða meira. Sé kastað svona höndunum til undirbúnings málsins á öllum sviðum, þá er ekki undarlegt, þó að menn vilji líta í kringum sig, áður en gengið er frá frv.

Ég viðurkenni, að það er mikil nauðsyn fyrir þá, sem búa austan fjalls, að fá sem öruggasta leið yfir fjallið. En það getur ekki verið, að það sé jafnmikil nauðsyn að gera nýjan veg austur yfir Ölfusið, sem hlýtur að kosta mikið fé. Mér vitanlega hefur aldrei komið fram, að erfiðleikar væru að komast frá Hveragerði austur að Ölfusá og ekki heldur frá Hjalla að Ölfusá, svo að það hlýtur að liggja eitthvað annað til grundvallar fyrir, að eigi að eyða milljónum í að byggja þennan veg og nota ekki þann, sem fyrir er. Ég vænti þess fyllilega, að samgmn., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þetta gaumgæfilega og breyti frv. a. m. k. á þann hátt, að vegurinn verði ekki lagður lengra en niður af fjallinu fyrst um sinn og nota svo gamla veginn, eins og hann liggur fyrir, með þeim endurbótum, sem þarf þar að gera.

Mér þykir einkennilegt að sjá samanburðinn hér á því, hvað kosti að leggja þennan veg austur á móts við það, hvað kostar að leggja hann yfir Hellisheiði. Það virðist, eftir því sem kemur fram í nál. á blaðsíðu 17, að það kosti 9,6 millj. að leggja nýjan malarveg með því að fara þá leið frá Lækjarbotnum austur í Ölfus, sem nú er þegar lögð, en ef á að gera nýja leið um Þrengslin, þar sem enginn vegur er fyrir, þá á það að kosta 7,2 millj. kr., svo að með þessu virðist upplýst frá vegamálastjóra, að allt, sem hefur verið lagt í leiðina frá Lækjarbotnum austur í Ölfus, sé verr en ekki gert, því að varla verður það skilið öðruvísi en að það sé hvergi hægt að hafa nokkra stoð af þeim vegi, sem fyrir er. Og ef það skyldi vera rétt, þá vil ég ekki gleypa, eins og þorskur gleypir agn, þá áætlun, sem hér liggur fyrir frá þessum manni. Mér finnst þetta benda mjög til þess, að þessi mál þurfi gagngerðrar athugunar við á ný, því að eftir því sem hér kemur fram, verður rúmum tveim millj. ódýrara að leggja nýjan veg yfir Þrengslin en að endurbæta þann gamla svo, að hann verði jafngóður og nýr vegur.

Þá vil ég í þriðja lagi benda á, að þær niðurstöður, sem þessir menn komast að, eru einhverjar þær fáránlegustu, sem ég hef séð. Í fyrsta lagi leggja þeir mikla áherzlu á, að setja verði rúmar 22 millj. í þennan veg og að það verði gert á 6 árum, og þeir leggja svo mikla áherzlu á þetta, að lagt er til, að 3,7 millj. verði teknar upp á fjárl. fyrir 1946, þó að málið sé ekki komið í gegnum þingið eða frekari rannsókn hafi farið fram, vitandi það, að vegamálastjóri hefur ekki tekið þessa fjárhæð upp í till. sínar um fjárveitingar til vega í fjárl. næsta árs. En þegar búið er að setja þessa till. ófrávíkjanlega fram, þá er sett fram önnur till., að meðan sé verið að byggja þetta mannvirki, þá skuli leggja allt kapp á að ljúka þeim vegi, sem kallaður er Selvogsvegur, og ekki einasta það, heldur einnig, að á sama tíma verði Þingvallaleiðin endurbætt. Mér er óskiljanlegt, hvernig n., sem er skipuð jafnágætum mönnum, getur látið fara frá sér slíkt plagg. Þeir leggja fyrst til að henda milljónum króna í tvær leiðir, sem fyrir eru, til að ljúka þeim á sama tíma og enn fleiri millj. eiga að fara í þriðja veginn. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þegar samgmn. tekur þetta mál til meðferðar, þá starblíni hún ekki á þennan einasta veg á landinu. Hún getur ekki lagt til, að þetta frv. verði samþ., nema reynt sé um leið að uppfylla á sama hátt kröfur frá öðrum héruðum, sem að sjálfsögðu eiga eins mikinn, ef ekki meiri rétt til samgöngubóta en þessi. Hér er þó um að ræða veg, sem hægt er að fara og á að ljúka samkvæmt till. þessara manna, sem sé öryggisvegur, þegar snjór er á fjallinu, og þá séð fyrir flutningum vetur og sumar, meðan önnur héruð hafa engan veg, ekki einu sinni sem hægt er að koma hjólbörum eftir. Taki Alþingi þá röggsemi á sig að samþ. þetta frv. og ákveða, að stj. sé heimilt að taka 22 millj. kr. lán til framkvæmdanna eða allt að því, þá finnst mér, að á sama tíma og þeir binda sig þeim bagga, verði þeir einnig að leysa samgöngumál annarra héraða, ekki eingöngu vegamál, heldur einnig brúamál. Ég vil líka minna á, að í þessari till. er gert ráð fyrir að leggja fé í nýjar brýr, sem eru allt að 14 metra langar, þó að önnur brú sé þar í minna en eins km. fjarlægð, meðan neitað er um fé til brúa annars staðar, þar sem menn eru skildir sundur frá öðrum héruðum, af því að fé fæst ekki til að byggja þar brýr.

Mér hefur þótt rétt að láta þetta koma fram til leiðbeiningar fyrir n., því að hvað sem mþn. líður, þá getur samgmn. ekki afgr. málið nema með tilliti til annarra þarfa, sem eiga sér eins mikinn rétt, ef ekki meiri.

Hermann Jónasson: Þessi vegur, sem hér er gert ráð fyrir að leggja, er tvímælalaust einhver allra nauðsynlegasti vegur á þessu landi, þar sem hann á að tengja saman aðallandbúnaðarsvæði þjóðarinnar og höfuðborgina, sem er orðin mjög stór og margir mundu segja óeðlilega stór. Þessu máli, samgöngumáli þessa mikla landbúnaðarsvæðis og höfuðstaðarins, verður ekki komið í viðunandi horf nema járnbraut sé lögð eða lagður vegur fyrir stóra bíla, allt upp í 10—12 tonn. Fyrr verður ekki það lag á flutningum milli þessara staða, sem verður að vera á flutningum milli höfuðborgarinnar og stærsta framleiðslusvæðis landsins. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að lögð sé sérstök og óvenjuleg áherzla á þetta, vegna þess hvernig stendur hér á. Tala ég þetta sem þm. fyrir hérað, sem er ekki meðal þeirra, sem þarna eiga að koma til greina. Ég er því þakklátur fyrir, að frv. hefur komið fram. Það hefur nú sýnt sig við þá rannsókn, sem fram hefur farið, að heppilegast sé að leggja veginn í gegnum Þrengslin, og margir, sem hafa farið þá leið í snjóþyngslum, álíta, að þessi niðurstaða sé rétt.

Hvernig það er með vegarstæði yfir forirnar, skal ég ekki segja, en mér er sagt, að þar sé

nú landið með allt öðrum hætti síðan það var þurrkað.

Viðkomandi því, að ekki sé dýrara að leggja nýjan veg en að byggja ofan á þann gamla, þá er það ekki óeðlilegt, því að sennilega er mikill hluti gamla vegarins þannig gerður, að hann er ekki steinlagður, en vitanlega er ósteinlagður vegur á þessu svæði gagnslaus, því að þá sker vitanlega niður úr honum seinni part vetrar þráfaldlega, þegar votviðri eru og klaki er að fara úr jörð. Það er því sennilega litlu dýrara að byggja nýjan veg en að laga þann gamla, en vegurinn var einu sinni byggður þannig, að hann var ekki steinlagður, þó að það þyki ófullnægjandi og sé alveg ófullnægjandi fyrir þann þungaflutning, sem nú á sér stað og er gersamlega eyðileggjandi fyrir þá vegi, sem eru ekki steinlagðir.

Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. með lengri ræðu um þetta mál, sem að vísu er ákaflega stórt mál, sem margt mætti segja um. Hv. flm. sagði í þessu sambandi, að um gönuhlaup hefði verið að ræða, sem ekki tjóaði að tala frekar um. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hér sé átt við Þingvallaleiðina, og mun því vera átt við veginn suður til Krýsuvíkur og austur þá leið. En ég vil aðeins geta þess, vegna þess að nokkuð er um þetta talað í sambandi við þessa vegalagningu yfir Þrengslin, að þetta er ekkert gönuhlaup. Þarna í Krýsuvíkinni er land, sem er kannske eitt af því allra bezta og auðugasta landi, sem þessi þjóð á, og er því ekkert undarlegt, þótt vegur sé lagður um þetta svæði. Vegurinn frá Krýsuvík austur Selvog og til Suðurlandsundirlendisins er mikið mannvirki, en hann er síður en svo nokkurt gönuhlaup, og það er sjálfsagður hlutur að leggja hann, þar sem vitað er, að til hans má áreiðanlega grípa þegar snjór er, þótt hann geti ekki orðið aðalleið, þar sem vegurinn er ekki gerður fyrir mikinn þungaflutning.

Um þetta mál vil ég svo segja það, að þótt flutt sé um það frv., og það er gott, að það kom fram, þá er aðalatriðið, að hægt sé að leggja fram fé til verksins. En allir eru nú sammála um þessa leið, og ég vona, að hv. flm., sem er stuðningsmaður ríkisstj., sjái um það, að peningar verði lagðir fram. En það má vel vera, að nauðsynlegt sé að samþ. till. um lántöku til þess að hægt sé að koma þessu í framkvæmd, ég skal ekkert um það segja á þessu stigi málsins. Ég geri ráð fyrir, að ríkið þurfi að taka lán til svo margra hluta, eins og nú horfir. En ef byggja á þennan veg aðeins fyrir lánsfé, þá gæti svo farið, að dráttur yrði á því, að hann verði byggður.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég skil það vel, að hv. þm. Barð. talaði um málið eins og hann gerði. Ég skil það vel, að því ókunnugri sem menn eru þessu máli, því meiri vorkunn er þeim mönnum, þótt þeir misskilji það, sem að því lýtur. Ég heyrði það á ýmsum orðum, sem féllu hjá hv. þm. Barð., að hann brestur kunnugleika á málinu. Er ég því ekki að lá honum þau orð, sem hann fór með í sambandi við þetta mál. Mér virtist það vera meginatriði hjá hv. þm., hvort ekki væri hægt að nota þann langa veg, sem til er af gömlu leiðinni. Frá sjónarmiði n. og mínu og fjölda annarra, sem þarna þekkja til, þá hentar gamla vegarstæðið ekki, ef koma á á öruggum samgöngum milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins. Það er viðurkennt, að Hellisheiðarvegurinn er lagður þannig, að hann er undir sífelldri snjóahættu. Og þegar maður athugar, að því fylgir sífelldir snjómokstrar, mjólkurleysi fyrir höfuðstaðinn og annað slíkt, þá eru það miklir annmarkar. Vegurinn liggur sem sagt á meginleiðum, þar sem hann er óhæfur. Hann var ákveðinn í meginlínum í kringum 1890. Verkfræðingarnir miðuðu hann þá við allt annað en nú er miðað við. Þá var bara miðað við baggahesta og hestvagna, og miðað var við, að vegurinn yrði notaður á vorin, sumrin og haustin í mesta lagi. Við vetrarferðir var yfirleitt ekki miðað á þeim tíma. Það er því ekki undarlegt nú, þegar komið er fram á 20. öldina, þótt þessi vegur sé orðinn úr sér genginn og svari ekki tilgangi sínum. Og það er vonum seinna, sem farið er að svipast eftir öðrum stöðum, öðru vegarstæði. Við höfum leitað að þessu vegarstæði hvað eftir annað, og eru nú flestir sammála um, að vegurinn skuli lagður gegnum Þrengslin. Það er dálítið einkennileg tilviljun, að 1932 var lögfest vegagerð, sem skyldi vera gegnum Þrengslin. Niðurstaðan hefur orðið sú sama nú. En hvers vegna hefur þeim, sem rannsakað hafa þetta, orðið svona starsýnt á þessa leið? Það er vegna þess, að telja má víst, að þessi leið sé snjóléttust og því trygg allar árstíðir.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt, að ákveðin sé sú samgöngubót, sem örugga megi telja milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins o. s. frv. En á Alþ. hafa verið gerðar samþ. um annan veg. Það er því ekkert undarlegt, þótt hv. þm. Barð. og fleiri reki augun í þetta og spyrji, hvernig standi á þessum mörgu leiðum austur. Þarna á að lögfesta veg, sem kostar á þriðja tug millj. kr. milli Reykjavíkur og Selfoss, og svo er líka Þingvallavegurinn og Krýsuvíkurleiðin. Hvað á þetta að þýða? Ég álít, að ekki þurfi að eyða löngu máli til að svara þessu. Þingvallavegurinn er ekki til vegna höfuðstaðarins sérstaklega. Hann er til vegna þess, að helgistaðurinn Þingvöllur er í sveit settur þar sem hann er. Um Krýsuvíkurleiðina vil ég ekki ræða mikið að þessu sinni, það hafa orðið heldur leiðinlegar og langar umr. um þann veg. Ég vil taka það hér fram, að ég þóttist áður hafa orðað það málsatriði vægilega, svo að það þyrfti engan að særa. En ég hef alltaf haldið því fram, að vegarlagningin í Krýsuvík væri ekki lausn á aðalsamgöngumáli Sunnlendinga. Sú vegargerð kemur ýmsum að notum og er fyllilega réttmæt. Minn fordómur á þeim vegi er nú ekki meiri en þetta. Það er þegar búið að gera þar svo mikið, að ekki verður snúið við. En þó að Þingvallaleiðin sé til og Krýsuvíkurleiðin og þær verði báðar til, þá megum við ekki láta það glepja okkur, því að það er ófullnægjandi frá sjónarmiði allra, sem þekkja aðstæður allar. Þótt niðurstöður segi, að Krýsuvíkurleiðin verði snjólaus, þá verður að taka það með í reikninginn, að Krýsuvíkurleiðin verður í kringum 40 km. lengri en Þrengslaleiðin. Þetta er

meginatriði málsins. Á veturna, þegar ferðir hafa stöðvazt um Hellisheiði, er farin Þingvallaleiðin, sem lengur er fær. En það er eftirtektarvert, að um leið og nokkrir möguleikar eru á því, að hægt sé að gera Hellisheiði færa, þá eru allir, sem hlut eiga að máli, farnir að rífast í vegamálastjóra um að reyna að opna leiðina. Hvað snertir allan kostnað, munar það miklu, hvort farinn er 40 km. lengri eða skemmri vegur. Þetta kemur til með að vera mjög stórt atriði. Það varðar alla framtíð, að rétt afstaða sé tekin til þessa málsatriðis. — Nú er að athuga hitt, hvort mþn. hefur valið beztu leiðina með Þrengslaleiðinni eða ekki. Bezt er fyrir þá menn, sem hafa á þessu takmarkaða kunnugleika, að taka tillit til þess, sem fram hefur komið í málinu þessari leið til stuðnings. Bæði verkfræðilegt álit og upplýsingar fróðra manna, sem mark er á takandi, hníga í sömu átt hvað þetta snertir. Og það getur ekki verið nein tilviljun, að þessi leið skyldi einnig verða fyrir valinu 1932.

Hv. þm. Barð. virtist ætla að gera það að málsatriði, að stytta skyldi leiðina skáhallt frá Hjalla austur í Ölfus. Ég játa, að í þessu efni er allur varinn góður. Ég þakka hv. þm. Barð. fyrir að hafa vakið máls á þessu.

Hv. þm. Str. minntist á það í sinni ræðu, að það sé meira um vert að sjá um fé til vegarins en lögfestingu hans. Ég vil halda því fram, að með frv., eins og það nú liggur fyrir, þá sé sleginn sá varnagli, sem tryggi það, að fé verði til. Verði búskapur ríkisins svo góður, að hægt sé að veita fé til vegarins á fjárl. frá ári til árs, þá er það frá okkar sjónarmiði bezt. En þar sem margt er að gera í samgöngumálunum, þótti rétt að setja lántökuheimild í það. Mér heyrðist á hv. þm. Str., að hann væri í vafa um það, hvort rétt væri að ráðast í þessar framkvæmdir með lánsfé. Það er auðvitað ekki ákjósanlegt að þurfa að taka lán til hluta, en það er nú oft gert og talið nauðsynlegt. Í slíkum tilfellum er ekkert hægt að gera annað en að meta hverju sinni, hve brýn nauðsynin er, hvort hún er þess verð eða ekki. Mér heyrðist á sama hv. þm., að þetta væri mikið nauðsynjamál. Og hvað er þá annað hægt að gera en reyna að tryggja fjárframlög til þess? En okkur flm. langar ekkert til þess, að þessar framkvæmdir verði gerðar á kostnað annarra héraða.

Það er óþarfi að eyða að þessu fleiri orðum, þótt margt mætti fleira um þetta mál segja. Það er ekki minn vilji, að máli þessu sé flaustrað af, og tel ég, að allar skynsamlegar till. ættu að vera komnar fram áður en síðasta orð er sagt varðandi þetta stóra mál.

Gísli Jónsson: Ef hv. þm. Árn. hefði hlustað á mína ræðu eða skilið hana, þá hefði hann getað sparað sér sína löngu ræðu. Ég er ekki að mæla móti þessu máli, en ég tók það aðeins fram, að ekki mætti taka þessa áætlun eins og einhvern biblíulestur. Í þessu felst engin tilhneiging til að halda fram Hellisheiðarveginum. Mér virðist, að málið sé ekki nægilega athugað, og vildi ég benda hv. samgmn. á, að samkv. þeim till., sem fyrir liggja, er ljóst, að hægt er að bæta úr þessum málum á ódýrari hátt.

Mér skilst, að hér sé blandað saman óskyldum atriðum. Það er allt annað mál að bæta lélega vegi eða vegakafla eða fara að leggja nýja vegi, þar sem úrvalsvegir eru fyrir, svo sem er um veginn frá Elliðaám í Lækjarbotna. Þeir munu vafalaust margir, sem gætu fallizt á að leggja fram 3 millj. kr. til vega þar, sem augljós þörf er, þótt þeir hins vegar féllust ekki á, að aftan í það væri hnýtt 7 millj. kr. framlagi í óþekkta og vafasama leið. Og ég vil segja það, að hafi athugun þessa máls í n. ekki verið betri en skilningur hv. þm. Árn. á minni ræðu, þá hefur verið kastað til þess höndunum. Ég álít, að hv. samgmn. eigi að hafa öll héruð landsins í huga og meta meir að fullnægja brýnustu þörf, þar sem illir eða engir vegir eru, en að byggja upp vegi, sem sæmilega svara kröfum tímans. Ásælnin utan af landi mundi ekki vera slík, ef þar væru aðrir eins vegir og á þessu svæði. Og hv. þm. Árn. þarf ekki að undrast, þótt þm. annarra kjördæma fallist ekki orðalaust á slíkar till.

Ég ætlast til, að n. athugi þetta nánar án tillits til þess, hvað mþn. hefur ákveðið í þessu efni.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það gladdi mig að heyra, að hv. þm. Barð. leggur annan skilning í sín ummæli en ég gerði, og gerði ég þó vel. Ég veit, hvað vakti fyrir mþn. þegar hún samdi þetta álit. Það voru eingöngu búhyggindi. Það er margt fleira, sem athuga þarf, en kostnaðurinn við vegarlagninguna. Þar kemur líka til greina ending farartækjanna, rekstrarkostnaður, benzín o. fl., en um það skal ég ekki ræða nú. En ég skal heita þm. Barð. því, að það, sem hann benti á, skal tekið til athugunar í n., þótt ég búist við, að hún geri sínar till. um þetta.

Magnús Jónsson: Það er gott að heyra, að þm. Barð. er ekki mótfallinn þessu frv., þótt raunar væri erfitt að skilja það af ræðu hans.

Ég hef alla mína þingmannstíð heyrt hin sömu rök gegn þessu máli, þ. e., hvað mætti gera fyrir þetta fé annars staðar á landinu. Þetta er sterk röksemd fyrir þá, sem úti á landi búa, en hún þarf ekki að vera rétt fyrir því. Þessi framkvæmd þarf ekki að tefja aðrar framkvæmdir, hún getur staðið undir sér sjálf, og þótt fólk úti um land eigi sinn rétt, þá verður að taka tillit til, hvar þörfin er mest. Það eru ekki lagðar dýrar hengibrýr eða önnur fjárfrek samgöngutæki, nema í stórborgum og þar sem umferð er mikil. Hér er um það að ræða að tengja saman höfuðborg landsins, þar sem ⅓ landsmanna býr, og hin stærstu landbúnaðarhéruð í 60 km. fjarlægð. Hér eru fyrir hendi öll þau skilyrði, sem ættu að gera járnbraut nauðsynlega og sjálfsagða, en sú lausn þessara mála hefur ekki enn þá fengið byr hér á Alþingi. En hvað sem því líður, er það ljóst, að þetta 60 km. bil þarf að brúa. Nú er það kunnugt, að miklu getur munað á kostnaði við vegarlagningu eftir því, hvernig vegarstæðið er. En hér skiptir það mestu máli að fá sem beinasta og greiðasta leið, og verður í því tilfelli að ráða það sjónarmið, hvað hagsmunirnir eru miklir.

Það er um þrjár leiðir að ræða, fyrst járn-

braut, en frá því virðist nú vera horfið að sinni. Annað er að byggja vandaðan og varanlegan veg, og í því sambandi er rétt, að n. athugi möguleika á að stytta leiðina, t. d. með því að fara mýrarnar í Ölfusinu. Mér skildist á hv. þm. Barð., að hann gæti fallizt á 4. gr., en ekki meira, en ég vil segja, að þar sem hér er um að ræða framtíðarlausn, þá sé ekki í of mikið ráðizt. Ef Alþ. sýnist, að þetta stefni ekki alls kostar á rétta braut, þá er hægur vandi fyrir það að breyta einhverju, ef hentugra þykir.

Vil ég svo ekki fjölyrða um þetta, en ég vildi eigi láta því ómótmælt, þar sem ég veit af gamalli reynslu, að ævinlega, þegar rætt hefur verið um veginn austur, hafa blandazt inn í þær umr. vegamál annarra héraða, hvað þar sé allt í óstandi o. s. frv. En ég segi fyrir mitt leyti, að ég mun ekki láta neitt þvílíkt hafa áhrif á skoðun mína í þessu máli.

Gísli Jónsson: Það var aðeins örlítil aths., sem mig langaði til að færa fram. Ég hefði tekið allt öðruvísi á þessu máli, ef um járnbraut hefði verið að ræða. Þá hefði ég tekið undir ummæli hv. 1. þm. Reykv. — Öll mín ummæli hafa hnigið í þá átt að sýna fram á, hversu mál þetta er lítið undirbúið. Ég skal ekki segja neitt um það, hvort betra hefði verið að verja nokkrum millj. í járnbraut. Ef hv. 1. þm. Reykv. efast um afstöðu mína til þessa máls, get ég lýst yfir því, að ég er fylgjandi því að gera nýjan veg frá Svínahrauni og yfir í Ölfus. Það er búið að eyða mörgum millj. í eldri vegina, og sé ég ekki ástæðu til að eyða tugum milljóna í þessa nýju vegi. .

Það er auðvitað misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv., að svona gífurlegt framlag til þessa vegar muni ekki íþyngja um vegaframkvæmdir annars staðar á landinu. Það er t. d. augljóst, að vegna þess að veitt hafa verið hundruð þúsunda kr. í Krýsuvíkurveginn, hafa aðrir vegir orðið að sitja á hakanum, og þannig mun það einnig verða, ef veittar verða milljónir króna í Austurveginn, að vegaframkvæmdum víða annars staðar á landinu seinkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, n. 481).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Með því að ég er meðflm. að þessu frv., tel ég mér rétt og skylt að flytja meðnm. mínum þakkir fyrir þeirra góða skilning á þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um frv. þetta eða niðurstöður n., sem eru, að frv. verði samþ. með einni breyt. Það, sem mestu máli skiptir, er, að n. hefur fallizt á meginrök frv., sem eru þau rök, sem komu fram í rannsókn mþn. Það væri ekki til annars en að eyða tíma til óþarfa að fara að rekja þetta mál hér, þm. er nauðsyn þess of kunn til þess, enda væri það svo langt mál, þó að það hins vegar væri ekki erfitt mál.

Till. mþn. eru ekki handahófstill. í þessu máli, enda hafa þær ekki farið fram í einu. Athuganir um þetta hafa verið gerðar hvað eftir annað um langt skeið. Lagabálkur þessi er því vel undirbúinn af færustu mönnum. Það er líka nauðsynlegt, því að hér er um að ræða stórvirki, sem miklu skiptir, að komi að góðum notum, enda dýrt.

Ég vil drepa hér á eitt atriði, sem er þó að vísu getið um í frv. og einnig í milliþinganefndarálitinu, en ég vil þó greina nokkru nánar frá, vegna þess að það hefur valdið nokkurri gagnrýni í þessari hv. d. við 1. umr., en það var, hvort mþn. hefði komizt að réttri niðurstöðu um vegarstæðið yfir hinar svonefndu Ölfusforir, en þær eru, eins og kunnugt er, mjög blautar og illar yfirferðar, einkum neðan til. Ég hef aflað mér sérstakra upplýsinga um þetta og hvort öruggt sé að leggja veg yfir forirnar. Vitanlega eru þetta foræðisfen, en hið fyrirhugaða vegarstæði er mjög ofarlega eða nálægt hraunbrúninni og er því foræðið þar ekki nærri eins mikið, auk þess sem vegurinn kemur til með að liggja aðeins á stuttum kafla yfir mýri þessa og grundvöllurinn þar er malarlag, þó að nokkur mýri sé ofan á hraunlaginu. Þegar þessi mýri hefur verið ræst fram, telja sérfræðingar þetta vegarstæði öruggt. Það ætti að vera óhætt að trúa þeim mönnum, því að bæði eru það vegaverkfræðingar og framræslulandbúnaðarfræðingar. Það má og benda á það, að þegar járnbrautarlagning austur var til athugunar, töldu sérfræðingar ekkert á móti því að leggja hana yfir þessar forir og það þó allmiklu neðar en vegarstæðið er hugsað.

Þetta eru þau svör, sem liggja næst, að mþn. hefur athugað þetta gaumgæfilega og telur heppilegt að fara þessa leið. — Þá var og í sambandi við þetta tekið fram, að það gætu fundizt staðir, sem vill skefla í, niður í Ölfusið, en með myndarlegri hleðslu á þetta að vera hættulaust, en það má líka breyta til, ef um smáatriði er að ræða.

Þá hefur verið tekið fram, að ekki ríði jafnmikið á öllum atriðum þessa Austurvegar. Það er rétt og samkv. till. mþn., að vegagerðin verði fyrst ákveðin á vissum kafla. Fyrst verður heiðin sjálf brúuð, og er skýlaust tekið fram, að þar skuli framkvæmdir byrja. —Við höfum vísvitandi látið þess getið í nál., að áætlanir mþn. standi óraskaðar þrátt fyrir samþykkt þessa frv.

Að frv. er komið fram um þennan aðalveg er réttmætt og samkv. áliti mþn., sem leggur einmitt áherzlu á framkvæmd þessa vegar og gerir tímaáætlun um hann. Þetta er skýlaust samkv. áliti mþn. Ég tel tvímælalaust rétt að lögfesta þetta, sem er og líka í anda mþn. og eftir niðurstöðum hennar.

Það má geta þess, að við umr. fjárl. síðast var farið fram á það af tómri vinsemd, að veittur yrði ⅛ hluti kostnaðarins, og greiddi ég því atkv., þótt ég væri með lögfestingunni, en það náði ekki samþykki. Ég tel svo miklu máli sem þessu teflt í of mikla hættu með því að fresta því og deila um það við hverjar fjárlagaumr. Hugsunin á bak við þetta er sú, að allur sé varinn góður, ef fjármagn sé nóg fyrir hendi þessi

6 ár, þá sé allt í lagi, en ef út af ber, þá á ekki að láta takmarkaðan greiðslumöguleika úr ríkissjóði verða málinu að fótakefli, og því er lántökuheimildin sett, sem heimild, en ekki skylda.

Það þótti rétt að fella inn í frv. ákvæði eins og gert er í 5. gr. En þó þykir mér rétt að benda á, að gera má meira eitt árið en annað eftir því, hvernig á stendur. Það gæti t. d. staðið svo á, að annað árið væri rétt að framkvæma helmingi meira en hitt sökum þess, hve mikil vinnuorka væri fáanleg.

Ég vil nú geta um þetta, svona undan og ofan af, til skýringar á viðhorfinu, og með skírskotun til athugana mþn.

Það er eitt atriði, sem samgmn. hefur viljað breyta og er á þskj. 481, og tel ég það eðlilega afleiðingu af frv. Það er ekki tekið fram í frv., að gamli vegurinn skuli tekinn úr þjóðvegatölu. Þótti því eðlilegt að taka þetta fram, og var það alveg ágreiningslaust og þótti réttmætt, og því er brtt. á þskj. 481 komin fram, sem þarf engrar frekari skýringar við.

Ég lofaði að vera ekki langorður, en það hefur nú teygzt úr þessu, enda oft meira rætt, þótt um minni mál sé að ræða. Þetta er í eina skiptið, sem þetta mál hefur fengið friðsama athugun, þar sem mþn., skipuð mönnum úr öllum flokkum, hefur orðið sammála um það.

Ég vona svo, að þm. játi við atkvgr., og frv. fái náðar að njóta.

Gísli Jónsson: Ég hefði talið æskilegt, að hæstv. fjmrh. og samgmrh. væru viðstaddir við þessar umr., því að hér er nýmæli á ferð. Hæstv. fjmrh. hefur sagt í ræðu, að varhugavert væri að eyða svo miklu fé til verklegra framkvæmda, að það stöðvaði hér um bil alla framleiðslu í landinu. En nú langar mig til að vita, hvort hæstv. samgmrh. hugsar sér að fara inn á þessa braut. Hér er ákveðið, að einn vegur sé tekinn út úr vegalögunum. Hér er farið inn á algerlega nýja braut, og vildi ég, að þetta kæmi fram. Það kemur ekkert málinu við, hvort ég er með því að koma á veg austur í sveitir, en það þarf að leggja fleiri vegi á landinu. Hversu mikið vinnuafl er líka óhætt að taka frá atvinnuvegunum til vegabóta? Hér er líka lagt til, að mikið fé sé lagt til að leggja veg meðfram öðrum vegi, sem er vel nothæfur.

Ég get vel fylgt frv. að fengnum þeim upplýsingum frá ráðherra, að þessari stefnu muni verða fylgt annars staðar á landinu. Engar upplýsingar liggja heldur fyrir, bara áætlanir, og held ég, að ætti að vita, hvort ekki er hægt að rannsaka þetta nánar, áður en lögboðið er að leggja veginn þarna. Kunnugir menn segja, að þarna sé á löngu svæði algerlega botnlaust fen. Ég tel, að þessu þyrfti að breyta í 1. gr. Líka þarf að breyta því í 5. gr., að ef það á að setja takmarkið 6 ár, þá sé bætt við: enda tefji það ekki fyrir þeim vegaframkvæmdum, sem ríkið kynni að leggja í annars staðar á landinu.

Ég hef þá bent á þessi meginatriði og vona, að þetta verði athugað. En ég mun bera fram brtt., ef n. getur ekki fallizt á að gera á þessu breytingar.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég vil taka það fram samkv. ósk hv. þm. Barð. um, að ráðherrarnir verði við þessar umr., að ég tel það sanngjarnt að bíða, þar til þeir geta verið viðstaddir, en mér er kunnugt um, að báðir verða að vera fjarstaddir eins og stendur, og vil ég því leggja til, að málinu verði frestað og það tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 11. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 329, n. 481, 498).

Gísli Jónsson: Samkv. ósk minni var umr. frestað síðast. Var það ósk mín, að málið yrði ekki tekið fyrir, fyrr en hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. yrðu viðbúnir að svara og sæju sér fært að mæta hér í deildinni. Ég óska eftir, að svo verði til hagað, að þeir geti verið viðstaddir umræðuna.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði rétt í þessu, að hann óskaði, að hæstv. ráðh. gætu verið viðstaddir, þá læt ég þess getið, að málinu hefur verið frestað dag frá degi, vegna þess að ekki var unnt að taka það á dagskrá, svo að hæstv. ráðherrum hefur gefizt tími til að tala sig saman um það. Það hafa nú liðið þrír fundardagar svo, að málinu hefur verið frestað æ ofan í æ.

Ég hafði tal af hæstv. samgmrh., að nú yrði málið tekið á dagskrá, ef hann vildi gera svo vel að vera viðstaddur og láta vilja sinn og álit í ljós. En hann taldi vafasamt, að hann gæti það, af því að hann væri vant við látinn vegna máls eins í Nd. Þó kvaðst hann mundu gera aths. sínar við 3. umr., og ættu þær þá að geta komið fram. Hann sagði þetta við mig og eru það aðeins skilaboð frá mér til háttv. deildar. En hv. þm. Barð. getur leitað nánari skýrslu um málið.

Hæstv. fjmrh. gekk hér um rétt í þessu. Honum ætti því að vera hægurinn hjá að taka til máls, ef honum sýnist, láta vilja sinn koma fram, ef hann hefur áhuga á málinu. — Hæstv. samgmrh. sagði, að málið ætti að ganga til 3. umr., ef hann gæti ekki verið hér viðstaddur nú.

Brtt. liggja fyrir hér á þskj. 498. Þótt ég hafi ákveðna skoðun á þeim, veit ég ekki, hvort ég á að mæla nokkur orð um þær. Ég kann síður við að ræða um þær, þar eð tveir hv. flm. hafa ekkert látið frá sér heyra um þær. Ég læt þess getið, að reyndar hefur ekki verið haldinn fundur í samgmn. d., en till. hafa verið bornar undir ýmsa menn. Er það einróma álit okkar að mæla gegn þeim. Mælist því samgmn. til þess, að brtt. á þskj. 498 verði felldar.

Aðalatriðin í brtt. eru tvenns konar. Í fyrsta lagi, að til framkvæmda vegagerðarinnar skuli árlega veitt fé í fjárl. og framkvæmdir standi og falli með þeim fjárveitingum, og í öðru lagi, að lánsheimildin í 6. gr. frv., allt að 20 millj. kr., verði felld niður. Ég lít svo á hins vegar, að hv. flm. hefðu gengið hreinlegar til verks með því

að vera algerlega á móti frv., því að þúsund ára Þyrnirósarsvefn er lítið annað en dauðinn sjálfur.

Síðast í fjárl. var einungis þetta framlag borið fram, er í fyrri lið getur. Við fjárlagaumræður var togstreita um málið, en að lokum fékk það hægt andlát við atkvgr. Ég vona, að sama sagan endurtaki sig ekki hér. Frá sjónarmiði þeirra, sem vilja, að frv. verði annað en pappírsgagn eitt, er einsætt að vera á móti brtt. Skilningurinn á málinu og nauðsynin á framkvæmdum skipta hér miklu máli.

Um hitt atriðið, að nema brott lánsheimildina, er reyndar alveg sama að segja og hitt. Þeir, sem eru þeirrar trúar, að verkið eigi rétt á sér, mega skilja það, að allur er varinn góður, og ekki er verra að hafa þessa heimild. Hér er ekki um að ræða skyldu til lántöku, en heimildin er fyrir hendi, ef stjórnin þyrfti á þessu fé að halda. Hv. þdm. vita glöggt, hvaða munur er á heimild og skyldu.

Árið 1932 voru samþ. lög á Alþ. um nýjan veg á austurleið á sömu slóðum og nú er ráð fyrir gert, þ. e. frá Lækjarbotnum austur í Ölfus. Voru þau lögð undir fjárveitingarvaldið. Þessi l. standa auðvitað óhögguð í stjórnartíðindunum, en eru orðin 14 ára gömul. Þó eru vegfarendur ekki farnir að verða vegarbótanna varir. Hér er ekki um annað að ræða en að ganga rösklega að verki við þetta, styðja að framkvæmdum og taka einbeittum tökum á málinu. — Náttúrlega eru brtt. á þskj. 498 prýðilegur millivegur til tafar framkvæmdum.

Hæstv. samgmrh. heimilaði að láta málið ganga til 3. umr. Ég sé nú, að þessi varnagli má að engu verða, þar eð hæstv. ráðh. er nú kominn. Læt ég svo niður falla frekari orðalengingar vegna viðurvistar hans.

Gísli Jónsson: Umr. var frestað vegna fjarveru ráðh., en nú er hæstv. samgmrh. kominn. Ég óska, að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur og látinn vita um það, hann er í næsta herbergi. Ég er hér með ákveðna fyrirspurn til hans, og tekur ekki langan tíma að fá hana afgreidda. Við umr. um fjárl. fyrir 1946 hafði hæstv. fjmrh. mælzt til, að eigi yrðu nema 5 millj. kr. alls veittar til allra vega á landinu. En framlag þetta var hækkað upp í 7 millj. Hæstv. ráðh. sagði, að varhugavert væri að fara svo geyst í verklegum framkvæmdum. Hann hefur hvað eftir annað varað við því að leggja of mikið í sérstakar framkvæmdir nú, þar eð hætta sé á, að slíkar framkvæmdir dragi úr öðrum. Hefur og komið fram, að ekki sé rétt að einskorða sig við einar framkvæmdir. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann ætlar að láta vinna fyrir 6 millj. kr. til loka þess verks, er hér um ræðir, og nota þar hluta af lánsheimildinni.

Ég beini annarri fyrirspurn til hæstv. samgmrh. Hér er gengið í þá átt að taka ákveðinn veg út úr vegakerfinu. Að vísu er ætlazt til þess, að fé sé tekið að láni til þessa verks. En þess er ekki getið hér, hvort þetta skuli hafa áhrif á önnur framlög.

Mér skilst, ef þetta frv. verður að l., að þá fari svo einnig um aðra vegi í landinu. Hér er um nýjung að ræða, þar sem ráðgert er að setja sérstök lög um einn veg, taka hann út úr vegalögunum. Ef frv. verður samþ., þá er viðbúið, að haldið verði áfram á þessari braut og gefið fordæmi um aðra vegi, þar sem gera þarf stór átök. Ég vildi þá spyrja hæstv. samgmrh., hvort hann er þessu samþykkur. — Hvort tveggja það, er nú hefur verið nefnt, hefur áhrif á gengi þessa frv. En annars er meiri nauðsyn en að svo sé. Á grundvelli þess óska ég að fá skýr og ákveðin svör.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég á hér brtt. með hv. þm. S.-Þ. á þskj. 498. Eru þær um frv. þetta.

Ég skal taka það fram, að ég tel bæði rétt og gott að gera öruggan veg eða samgöngubót, svo að öruggar samgöngur megi á komast milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. En ég er á báðum áttum um, hvar bezt sé að hafa veginn. Hefur og ætíð verið mikið um þetta vandamál rætt, og kom í öndverðu fram, hvort eigi væri rétt að leggja járnbraut. Síðan var fundinn upp einn ágætur vegur, sem aldrei gæti brugðizt, um Krýsuvík, og það var talin fullnaðarafgreiðsla á málinu, þegar búið var að afgreiða þann veg hér. En nú er komið annað upp úr kafinu. Nú er komin fram áætlun um veg yfir Þrengslin, hvort sem það verður nú lengi talið bezta vegarstæðið. E. t. v. kemur enn ein ný n., sem kemst að allt annarri niðurstöðu, á næsta þingi, um að enn annars staðar sé bezta vegarstæðið austur fyrir fjall. En úr því að hv. þm. hafa ákveðið að hefjast handa um þetta mál, tel ég rétt að fylgja þeim að málum í tilraun um að koma þessum vegi yfir í Suðurlandsbyggðirnar. En ég sé hins vegar ekki, að það liggi það mikið á nú að ákveða um þennan veg, að það þurfi endilega að fara að taka lán eða veita nýja lánsheimild fyrir upphæð svo að tugum milljóna skipti til vegar þessa nú þegar, áður en farið er að hefjast handa um framkvæmdir við hann. Ég get verið með því, að byrjað sé á þessum vegi, miðað við það, að honum sé lokið á sex árum, eins og í frv. er gert ráð fyrir, en að það fari eftir því um framkvæmdina, sem ríkið í raun og veru getur. En mér þykja það vera dálitið skrýtnir framtíðardraumar um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, ef sagt er, að það sé sama og að drepa þetta frv. að fresta að samþykkja heimildina fyrir lántökunni. Ég vona, að hægt verði að veita til þessa vegar á fjárl. eitthvað um 3 millj. kr. og gera það þannig, eins og hv. þm. Barð. tók fram, að þar fyrir verði ekki tekið fyrir nýbyggingar annarra vega á landinu. Ég verð að segja það sem mitt álit, að ef útlitið er svo nú, að það, að veita ekki lánsheimild þessa nú þegar, þýði sama og dauða þessa frv., þá tel ég enn síður ástæðu til þess að fara að þjóta til að samþ. þessa lánsheimild. Og ég held, að hæstv. ríkisstj. sé orðin nokkurn veginn södd á þeim lánsheimildum, sem hún ýmist hefur aflað sér eða hefur verið troðið upp á hana, sem nema nú eitthvað töluvert á annað hundrað millj. kr., ef ég man rétt. Mér sýnist því, án alls kala til þessa vegar, ástæðulaust að fara að binda sig nú við tugmilljónalán út af vegi þessum, sem kemur hvort sem er smátt og smátt,

svo framarlega sem nokkur geta verður hjá ríkissjóði og svo framarlega sem þörf verður talin á þessum vegi, sem ég vænti nú, að verði. Og ég get ekki séð, frekar en hv. þm. Barð., að þessi vegur eigi sérstaklega að auglýsast þannig, að hann megi ekki vera í hópi annarra vega hér á landi, þannig að veitt verði fé til hans eftir getu úr ríkissjóði á hverjum tíma til að leggja fé til þess að koma honum áfram. En með þessu frv. er þó að vissu leyti gerð áætlun um hann, ef fé er veitt til þess á fjárl. Viljum við hv. þm. Barð. ekki, að farin sé önnur leið með þennan veg en nokkurn annan veg.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var í síðustu viku, að mér bárust tilmæli um það frá hv. þdm. hér, að ríkisstj. léti í ljós álit sitt á þessu frv. Af þessu tilefni vildi ég nú hafa rætt þetta í ríkisstj. á ráðherrafundi og hef enda gert það einu sinni eða jafnvel tvisvar síðan, án þess að nokkur endanleg afstaða hafi verið tekin. Svo að það, sem ég kann að segja hér við þessa umr., er frá mér persónulega og ekki flutt í nafni ríkisstj. allrar, því að það hefur ekki verið gengið frá málinu þar endanlega. En úr því að það er nú hér komið á dagskrá á ný, þá er sjálfsagt, að ég fyrir mitt leyti láti uppi mína skoðun á því.

Fyrst segi ég þá um það, að það, sem einkennir það fyrst og fremst, er, að það er ákaflega stórt og djarfhuga, og sízt er það að lasta. Ég hygg, að þetta sé einhver stærst hugsaða samgöngubótin, sem till. hafa verið gerðar um hér á landi, jafnvel miðað við till. síðustu ára. Það er hér gert ráð fyrir því, að varið verði 4 millj. kr. á ári á næstu sex árum til þess að byggja fullkominn bifreiðaveg með steinsteyptu slitlagi alla leið frá Reykjavík og austur til samgöngumiðstöðvar Suðurlandsundirlendisins, sem er Selfoss.

Ég fyrir mitt leyti skal strax taka það fram, að ég er því mjög hlynntur, að gerður verði góður vegur og fullkominn á þessari leið, vegna þess að umferðin er orðin þar svo mikil, að hún réttlætir jafnvel mjög kostnaðarsamar aðgerðir um vegagerð þarna, því að þær munu geta borgazt á næstunni mjög verulega með sparnaði á tækjum, sem notuð eru til flutninga á þessari leið, fljótari ferðum og minni fargjöldum og slíku. Þetta allt saman virðist vera fyrir hendi, og þess vegna sé þarna í raun og veru grundvöllur fyrir því, að farið sé út í þarfar og stórar aðgerðir á þessu sviði. Ég hygg, að engin leið á landinu sé til önnur, sem jafna megi neitt saman við þessa leið hvað umferð snertir, þ. e. veginn austur yfir fjall. Og hin mikla umferð um veginn er það, sem fyrst og fremst réttlætir þær aðgerðir, sem hér er gert ráð fyrir. Vegurinn er gerður fyrir umferðina, og því meiri sem hún er, þeim mun réttlætanlegra er, að kostnaðarsamar ráðstafanir séu gerðar um vegagerð, þar sem umferðin er mest.

En þetta frv. fer að sumu leyti inn á nýjar brautir. T. d. er það algert nýmæli, hygg ég, í lagasetningu um vegagerð, að gert sé ráð fyrir, að langsamlega mestur hluti upphæðarinnar, sem til hennar þarf, sé tekinn að láni. Það virðist, samkv. kostnaðaráætlun, sem gerð hefur verið, að gert sé ráð fyrir, að heildarkostnaður við þessa vegagerð muni verða um 22—24 millj. kr. En þar af er heimild í frv. til þess að taka 20 millj. kr. að láni. — Fleira er líka nýtt í þessu. T. d. er sett ákveðið tímatakmark fyrir því, hvenær veginum skuli ljúka. Það er ákveðið hér, að framkvæmdin miðist við það, að verkinu verði lokið á sex árum. Og það er nú kannske það atriðið, sem ég hygg, að verði erfiðast að uppfylla. Ég geri ráð fyrir, að það mætti, ef allir aðilar kæmu sér saman um að fá þetta fé, sem til þessa þarf. En ég efast um, að það geti orðið, án þess að það gangi út yfir annað, að ljúka þessu á sex árum. Ég hef það fyrir mér í því, að nú eru á fjárl. vegagerðir og brúargerðir og ýmsar opinberar framkvæmdir svo miklar, að ég álít, að engar líkur séu til þess, að hægt verði að fullgera þær framkvæmdir, sem nú eru á fjárl., með þeim mannafla, tækjum og fagmönnum, sem fyrir hendi eru. Þannig að það er þegar séð fyrir, ef ekki verða fengnir menn að, að þá er ekki hægt að ljúka öllum verkefnum, sem fyrir liggja, með þeim mannafla og tækjum, sem fyrir hendi eru. Ef nú að þessu ráði yrði horfið að efna til vegagerðar fyrir 4 millj. kr. á ári aukalega, — það eru ætlaðar 7—8 millj. kr. í fjárl. til nýbygginga vega, — þá mun þetta vera sama og að hækka vegafjárframlagið um rúmlega 50%, enda má gera ráð fyrir, þar sem verkið verður að vinna yfir sumarið, að til þess muni þurfa 200—400 manns. Og ég veit ekki, eins og stendur a. m. k., hvar á að taka þann mannskap. Ég hefði hins vegar talið um þessa vegagerð og samgöngubætur, sem henni yrðu samfara, að í lagasetningu um hana ætti ekki að setja tímatakmark. Eitt okkar mesta vandamál nú er skipting vinnuaflsins og að reyna að haga verkum sem mest þannig, að fólkið yfirleitt geti haft jafna og stöðuga atvinnu. Það er æskilegt að hafa stórverk eins og þetta til þess að jafna atvinnuleysistímabil, ef þau kæmu. Það er ekki víst, að eftirspurnin eftir vinnuafli á næstu tveim til þremur árum verði eins mikil og nú. Og þá væri mjög æskilegt að hafa verk eins og þetta til þess að jafna út eftirspurnina og láta í þetta verk menn, sem annars væru atvinnulausir. Þetta verk er til þess fallið öðrum verkum fremur, þar sem víða má í einu hafa menn við það, og er því mjög teygjanlegt, hvað fæstir eða flestir mættu vinna við það, sem mætti þá vera breytilegt eftir atvinnuástandinu í landinu.

Ég vil minnast á það, að í kostnaðaráætluninni um þennan veg eru gerðar mismunandi áætlanir, með mismunandi sementsverði. Eins og menn sjá á nál. mþn., þá er mjög verulegur hluti í þeirri kostnaðaráætlun fyrir útlent efni, eða með óbreyttu núverandi verðlagi 42,1%. Er þar gert ráð fyrir verði á sementi 250 kr., og á erlendu efni til samans, sementi og járni, alls kr. 105.000 á km., sem sagt 42,1% alls kostnaðar. Í þessu nál. eru settar upp mismunandi kostnaðaráætlanir með mismunandi sementsverði, frá 250 kr. verði á tonninu á sementinu og niður í 150 kr. Og það sýnir sig, að ef sementskostnaðurinn lækkaði niður í það síðar talda verð, þá

getur kostnaðurinn í heild af verkinu lækkað um upp undir 20%, eða um 40—50 þús. kr. af þessum 250.000 kr. Nú veit maður ekki, að þessi lækkun muni verða á sementinu. Frekar ætti þó að vera útlit til þess, að það gæti eitthvað lækkað á komandi árum, því að þó að það færi niður í það verð, sem í þessum áætlunum er gert ráð fyrir lægstu á því, 150 kr. tonnið, þá er það þó þrefalt verð á við það, sem var fyrir stríð, þar sem það kostaði þá 40—50 kr. tonnið hingað komið. — Einnig af þessum ástæðum tel ég ekki rétt að tímabinda þessar framkvæmdir eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Hv. þm. Barð. spurðist fyrir um það, hvað mundi verða sagt um svipaða vegi annars staðar á landinu og hvort flutningur þessa máls mundi þýða það, að í framtíðinni yrði farið út á þá braut að setja sérstök l. um ákveðna tiltekna vegi, sem stórt átak þyrfti til byggingar á. Ég get ekkert sagt, hvað hæstv. Alþ. gerir í því efni. En ekki þætti mér það ólíklegt. Og ég get vel trúað, að setning laga sem þessara, ef frv. þetta verður samþ., geti dregið alvarlegan dilk á eftir sér, sérstaklega ef tímaákvörðun verður sett inn í l., eins og hér er gert ráð fyrir. Hins vegar tel ég, að hér sé um svo stórt mál að ræða og alveg sérstaks eðlis, að vel gæti komið til mála að fara út í alveg sérstaka fjáröflun í þessu skyni. Þar gæti ýmislegt komið til mála, eins og t. d. einhver hækkun á benzínskattinum eða svipuð tekjuöflun. Benzínskatturinn hjá okkur er mjög lágur, og gæti vel komið til álita, hvort hann gæti ekki eitthvað farið hækkandi. Má hugsa sér, að honum eða einhverjum svipuðum tekjustofni yrði varið til fjáraflana til vegagerða eins og þessarar.

Mín afstaða til málsins er í stuttu máli sú, að ég er mjög hlynntur því, að gerð verði góð bifreiðabraut með varanlegu slitlagi úr steinsteypu eða öðru varanlegu efni milli Reykjavíkur og Suðurlands. Ég tel hins vegar varhugavert að fara út á lánabrautina og byggja þetta upp aðallega með lánsfé. Og ég tel einnig varhugavert að binda þetta vissu tímatakmarki, eins og gert er í frv. — Einnig vil ég leyfa mér að geta þess, að enn, eftir 10 ár, er ólokið vegarsambandi, sem átti að geta orðið vetrarvegur milli Reykjavíkur og Suðurlands, um Krýsuvík og Selvog, og mundi kosta að ljúka þeim vegi um 2½ millj. kr., eða um ⅔ hluta af því, sem gert er ráð fyrir, að unnið verði fyrir á einu ári að lagningu þessa vegar, sem frv. er um. Heppilegra hefði mér þótt, að gott átak hefði verið gert til þess að ljúka þessari vegargerð um Krýsuvík, til þess að hægt væri að prófa, hvernig sá vegur reyndist, áður en ákvörðun er tekin um að leggja þennan veg fyrir 20—24 millj. kr. Hins vegar viðurkenni ég, að sá vegur, um Krýsuvík, og þessi vegur, sem hér er um að ræða, eru ekkert sambærilegir að neinu leyti, og hafa málin heldur aldrei verið hugsuð þannig. Vegurinn um Krýsuvík er malarvegur og hugsaður sem vetrarvegur og því minna horft í lengdina, og hann er heldur ekki gerður með þeim beygjum og halla, sem nútíma bifreiðavegir eru gerðir með. Þess vegna eru þessir tveir vegir ekki sambærilegir. En ef Krýsuvíkurvegurinn yrði fullgerður á næstunni, mætti hugsa sér, að það mætti bjargast mun betur að vetrarlagi en nú, þó að einhver frestur yrði á lagningu fullkominnar bifreiðabrautar austur. En þessi nýja bifreiðabraut á fullkominn tilverurétt vegna þeirrar miklu umferðar, sem er á leiðinni milli Reykjavíkur og Suðurlands, og vegna þeirrar auknu umferðar, sem mundi af því leiða, að fullkominn vegur yrði lagður á þessari leið. Eins og sést á nál. mþn., sem hér fylgir, er sýnt fram á það með nokkrum og að mér finnst góðum rökum, að vextir af þessu fé, sem í þessa braut væri lagt, séu kannske nálægt því, sem hægt væri að spara í aksturskostnaði milli Reykjavíkur og Suðurlands, miðað við svipaða umferð eins og nú er. Og þar að auki má taka fram, að umferðin mundi aukast eftir að svona braut væri komin á þessari leið.

Ég, sem sagt, teldi rétt, að ekki yrði hrapað að neinu í þessu máli, sem er mjög stórt og þýðingarmikið, heldur yrðu farnar tröðnari slóðir, þó að eitthvað yrði farið hægar með því móti en í frv. er gert ráð fyrir, og að leitazt væri við að vanda betur til framkvæmdar málsins og kunna fótum sínum fullkomlega forráð.

Fleira hef ég ekki að segja um málið nú, nema sérstakt tilefni gefist.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég hef ekki talið mér nauðsynlegt að láta þetta mál mjög til mín taka nú, sérstaklega vegna þess, að ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þess við afgreiðslu fjárl. En af því að hv. þm. Barð. beindi til mín fyrirspurn, vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til frv. — Ég vil þá minna á, að fyrir nokkru meira en áratug síðan var samgöngumálið við Suðurlandsundirlendið til umr. hér á hæstv. Alþ. Menn greindi þá á um það, hver leið skyldi valin sem vegarstæði. Sumir voru þá þeirrar skoðunar, að hefjast bæri handa um að gera fullkominn veg, sem vandaðastan, sem líklegt væri, að verða mundi fær allan veturinn, um Þrengslin. En áður hafði farið fram athugun á þessu, og niðurstaðan af þeirri athugun varð sú, að Þrengslaleiðin var talin líklegust sem vetrarleið til frambúðar. Aðrir töldu skynsamlegast að leggja veg um Krýsuvík og Selvogsheiði yfir í Ölfus. Ég var þá þeirrar skoðunar, að réttara væri að velja Þrengslaleiðina, og bar þá fram till. um að verja fé, ekki stórri fjárhæð að vísu, í því sambandi, sem þó hefði nægt til þess að koma þessu verki af stað. En þeir, sem vildu velja Krýsuvíkurleiðina, urðu í meiri hluta á Alþ. Í samræmi við það var svo hafizt handa um að leggja veg um þá leið, sem meiri hl. Alþ. taldi, að heppilegri væri, og það er búið að leggja fleiri millj. kr. í þann veg, þannig að það er ekki eftir nema stuttur spotti ólagður á milli þeirra vega, sem lagðir hafa verið frá báðum endum á þessari leið, Krýsuvíkurleiðinni. Og þó að ég sé þeirrar skoðunar, að hér, um Krýsuvíkurleiðina, geti ekki verið um að ræða nema bráðabirgðalausn á samgöngumálunum við Suðurland, þá tel ég þó, úr því sem komið er, ekki annað fært en að ljúka vegargerð á Krýsuvíkurleiðinni áður en farið er að verja stórfé í veg

yfir Hellisheiði. Það hefur ýmislegt fram komið, sem bendir til þess, að talsverð hjálp viðkomandi vetrarferðum muni vera að því að ljúka lagningu Krýsuvíkurvegarins, þótt ekki sé þar að ræða um endanlega lausn samgöngumálsins við Suðurland. Það kostar ekki nema tiltölulega lítið fé að tengja saman vegarspottana á Krýsuvíkurleiðinni, sem komnir eru, a. m. k. miðað við að leggja veg yfir Þrengslaleiðina.

Fyrirspurn, sem hv. þm. Barð. beindi til mín, var sú, hvort ég teldi, að þessi heimild, sem ríkisstj. er veitt í frv. á þskj. nr. 329, til lántöku, mundi verða notuð, ef frv. verður að l. Hann benti jafnframt á það, hv. þm., að sú skoðun hefði komið fram hjá mér og reyndar fleirum, að á næstkomandi sumri mundi verða að draga vinnuafl frá framleiðslustörfum, ef framkvæma ætti allar framkvæmdir, sem ráðgerðar hafa verið á fjárl. og í öðrum l., sem þegar hafa verið samþ. Ef maður lítur á það, hvernig atvinnuskilyrðin eru nú í landinu og hve erfitt er að fá vinnuafl til nauðsynlegra framkvæmda, ef maður lítur í kringum sig þegar maður gengur hér um bæinn og sér húsin, sem verið er að byggja hér, standa óbreytt mánuð eftir mánuð og manni liggur við að segja missiri eftir missiri, svo sem t. d. skrifstofubygginguna við Arnarhvál, sem látin var í akkorð og tveir af ágætustu byggingameisturum landsins tóku að sér, og þar er nú, sex mánuðum eftir að samið var um hana, aðeins búið að steypa kjallara og eina hæð, — ef maður lítur á þetta allt og bætir því við, að von er næsta vor á auknum atvinnutækjum, því að það er gert ráð fyrir, að Sviþjóðarbátarnir komi hingað *flestir eða allir svo* snemma, að þeir geti komizt á síldveiðar, sem hefur í för með sér, að marga fleiri menn þarf á flotann, — þá held ég, að flestir hljóti að verða mér sammála um það, að miðlungi skynsamlegt sé að bæta við enn á næsta sumri stórkostlegum verklegum framkvæmdum. Menn mega ekki gleyma því, að til þess að gera miklar verklegar framkvæmdir verður framleiðslan að standa í blóma. Það væri að vinna á móti framkvæmdum að ganga svo langt, að með því yrði dregið úr framleiðslunni.

Að þessu athuguðu get ég sagt það afdráttarlaust hvað mig snertir, — en ég tek það fram, að það er ekki fyrir hönd ríkisstj., að ég get ekki mælt með lántöku í því skyni að bæta við þær framkvæmdir, sem þegar eru ráðnar. Ég hef ekki ráðið það fyllilega, hvort ég ber fram í ríkisstj. till. um að nota heimildina um að draga úr verklegum framkvæmdum, þó að útlit sé fyrir, að hjá því verði ekki komizt. Menn eru varla búnir að gleyma því, að fjárl. voru afgr. á annan hátt en æskilegt gat talizt. Og enda þótt ég segi ekki, að þar hafi verið um fullkomið gáleysi að ræða, þá var þó teflt á tæpasta vaðið. Stórkostlegar *fjárgreiðslur úr ríkissjóði* eru ákveðnar og miklar lántökur heimilaðar, og sýnist því meira en þörf á að spyrna einhvers staðar við fótum.

Mín skoðun er sú, að enda þótt frv. verði samþ., sé það fyrst og fremst viljayfirlýsing frá Alþ., en ég sé ekki möguleika á að hefja framkvæmdir nema þá dragi úr öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Það er ekki skemmtilegt að þurfa að taka slíka afstöðu til frv., sem að *flestra eða allra dómi* miðar í *rétta átt*. En ég álít þetta eðlilega lausn eins og nú er ástatt og get ekki tekið aðra afstöðu til þessa máls.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Mér þykir rétt að taka það fram, sem og vitað er, að það frv., sem hér liggur fyrir, er byggt upp af áliti mþn., sem skipuð var *mönnum* úr öllum stjórnmálaflokkum landsins, og ég hygg, að það sé erfitt móti því að mæla, að þetta frv. sé bezt undirbúna frv., sem lagt hefur verið fyrir það þing, er nú situr. Ástæðurnar fyrir þessari staðhæfingu minni eru þær, að í mþn., sem undirbjó frv., gætti ekki pólitískra flokkadrátta. Það var ekki hægt að brennimerkja n. með bitlinganöfnum, því að n. var skipuð nær eingöngu fagmönnum. Það var gert með það fyrir augum, að störf n. yrðu sem traustust. Nefndin rannsakaði og útfærði dyggilega það, sem fyrir hana var lagt, og að rannsókn lokinni gerði hún till., sem þetta frv. byggist á, fleira var henni ekki ætlað.

Mér finnst, að hv. þm. hljóti að taka tillit til þess, að niðurstöður og till. mþn. miðast við, að þessum framkvæmdum verði lokið á næstu 6 árum, því að í till. er beinlínis ætlazt til, að til *þeirra verði fyrst veitt á fjárl.* 1946. N. tekur þessa leið út úr. Þó að hún hins vegar telji þörf á bæði Krýsuvíkurveginum og Þingvallaveginum, þá tímabindur hún þær framkvæmdir ekki. Þetta atriði verður ekki dregið út úr, því að það er greinilegt í nál.

Ég vil taka það fram, að ég hef ekki miklu að svara í sambandi við þær umr., sem hér hafa spunnizt um þetta mál. Þó vil ég skýra nokkuð í sambandi við það sjónarmið, sem kemur fram í brtt. hv. þm. Dal. á þskj. 498. Þessi brtt. snýst um það, hvers vegna sé nauðsyn að taka þessa vegagerð út úr annarri vegagerð á landinu og taka jafnvel til þessara framkvæmda stórkostlegt lán. Ef við rennum huganum til baka, til þess tíma, þegar hlutföllin voru á annan veg milli fólksfjölda hér á Suðurlandi og annarra landshluta, þá skrifuðu og ræddu framsýnir umbótamenn mikið um bættar samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Það gekk jafnvel svo langt, að út voru gefnir pésar um málið. Þeir menn, er létu sig þetta svo miklu skipta, voru ekki ómerkari en Jón Þorláksson sjálfur. Það var að vísu ekki svona vegur, sem hann vildi leggja, heldur var það járnbraut. En *þeir, er þá þóttu konservatívir, vildu leggja veg* austur. Helzti foringi í þeirra hópi var Björn Kristjánsson. Björn var vegagerðarmaður og vildi jafnvel ganga svo langt að gera jarðgöng þar, sem fannfergið væri mest á vetrum. Framfarahugur hans hikaði því ekki við að játa mikla nauðsyn á þessu máli.

Frá þessum tíma hefur margt breytzt, en allt á þann veg, að stöðugt er meiri þörf fyrir öruggar og góðar samgöngur milli Reykjavíkur og suðursveitanna. Það eina, sem smækkað hefur, ef nokkuð er, er hugur okkar til þessa þjóðþrifamáls. — Það má geta þess, að í sambandi við járnbrautarmálið var fenginn hingað erlendur járnbrautarfræðingur, Sverrir Möller. Hann

hafði þá skoðun í fyrstu, að bezt mundi að gera járnbraut austur, en síðar snerist honum hugur og taldi beztu lausnina á þessu máli vera þá að gera traustan akveg austur.

Það hefur verið deilt um Krýsuvíkurveginn hér á Alþ. og víðar, en mér finnst sá ágreiningur alveg horfinn. Sá vegur er kominn svo langt á leið. En þar sem hér hefur verið gefið í skyn, að það sé svo lítið eftir af þessari vegargerð, að sjálfsagt sé að ljúka því áður en byrjað sé á Austurvegi, vil ég benda á, að enn munu um 30 km. vera ógerðir. Þetta á alls ekki að skiljast sem mótmæli gegn þessari leið, nema síður sé. En úr Svínahrauni og yfir á Ölfusveginn er skemmri leið, þó að hún sé að sjálfsögðu dýrari, og till. mþn. eru eindregið í þá átt, að sú leið eigi að ganga fyrir, og þær till. eru ekki fram komnar af handahófi. — Ég tel, að þetta frv. hafi verið óheppið að einu leyti. Þessi óheppni er árgæzkan, því að okkur er svo gjarnt að byggja út frá því, sem er. Það hefur komið fyrir, að flutningar austur hafa teppzt einn eða tvo daga, og þá hefur bærinn stunið af mjólkurleysi, og þá kemur greinilegast í ljós nauðsyn þessa máls og hvað það er mjög aðkallandi.

Ég get sagt það, að það, sem ráðh. mæltu hér, var bæði af hófsemi og skilningi. Mér virtist samgmrh. leggja megináherzlu á, að þetta frv. yrði ekki svo tímabundið sem gert er ráð fyrir. Hefði mþn. nefnt annan eða lengri tíma, hefðum við flm. tekið það upp í frv. Annars óska ég, að frv. fái að ganga óbreytt til 3. umr., en vildi hins vegar óska eftir því, að þetta atriði kæmi til athugunar milli ríkisstj. og flm. og reynt yrði að ná samkomulagi áður en málið verður tekið til 3. umr.

Það er eitt atriði, sem hér hefur komið fram og ég vildi aðeins minnast á. Það er vinnuaflið, hversu það sé takmarkað þegar athugað er, hversu miklar framkvæmdir eru ákveðnar. Í því sambandi verður fyrst og fremst spurt, hvaða framkvæmdir eru mest aðkallandi, hvaða framkvæmdir eiga að ganga fyrir, samkvæmt því og engu öðru verður dómur alþjóðar. Till. mþn. í þessu máli sýna ótvírætt, að hún telur þetta mál mjög aðkallandi, hvað sem öðru líður.

Ég vil svo að lokum bera fram tilmæli til flm. brtt. á þskj. 498, hvort hann vilji ekki taka hana aftur við þessa umr., en hún komi svo fram við 3. umr. Ef þessari umr. er lokið, óska ég, að atkvgr. verði frestað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hafa komið veigamiklar upplýsingar í þessu máli nú, og má þakka það forseta og öðrum, sem leyft hafa frestun á málinu, því að ella er ekki víst, að þær upplýsingar, sem hér hafa fengizt, hefðu komið fram. Ég hygg, að samgmn. hefði ekki skilað málinu óklofin, ef hún hefði verið búin að fá þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir.

Hæstv. samgmrh. sagði, að frv. þetta væri stórt og djarft hugsað. Ég er alveg sammála því, en við erum farnir að hugsa öðruvísi en áður og mörg frv., sem komið hafa fram á Alþ. nú, eru bæði stórt og djarft hugsað. Þá sagði ráðh., að brýn nauðsyn væri á að gera þennan steinsteypta veg, en það er bara í samræmi við aðrar framkvæmdir. Það er víða nauðsyn að fá góða vegi, og það er vissulega mjög margt, sem er mikið aðkallandi.

Mér finnst eðlilegt, að það komi fram, hvort ekki er hægt að binda þetta frv. við hækkun benzínskattsins. Ég skal gefa upplýsingar um, að það var rætt í fjvn. um það að hækka benzínskattinn til þess að koma á auknum framkvæmdum í landinu. En um þetta fékkst ekki samkomulag. Nú er það athugandi, hvort form. n. getur ekki komið því til leiðar í samráði við ríkisstj., að benzínskatturinn verði hækkaður og sú hækkun gengi til þessa vegar, og gæti ég betur fellt mig við þá leið en að taka 20 millj. kr. lán.

Hæstv. samgmrh. benti á, að það þyrfti 200—400 menn til að gera þetta, og veit ég ekki, hvort n. hefur gert sér þetta ljóst. Það væri þá e. t. v. rétt að flytja inn einhverja Pólakka, en það þarf þá að gera ráðstafanir til þess, og ekki víst, að Alþýðusambandið samþykki það. — Það er athyglisvert, sem hæstv. ráðh. viðurkennir, að hér muni koma á eftir sandur af lögum um einstakar framkvæmdir. Og er þetta ekki í samræmi við hið fyrra frv. hér á Alþ. um að sameina hafnarlögin til að forðast þetta? Hæstv. samgmrh. taldi rétt að ljúka fyrst við Krýsuvíkurveginn, og þyrfti þá að setja það hér í frv. Ég tel það fullkomið ábyrgðarleysi, eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að samþ. þetta frv. Og ef það þarf að fá viljayfirlýsingu um þetta, þá væri hægt að fá hana á annan hátt.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um rök hv. form. og frsm. samgmn. Hann hefur ruglað þessu saman, er hann sem form. n. má ekki gera, og tekið þetta mál út úr öllum öðrum samgöngumálum, af því að hann hefur sérstakan áhuga á þessu. — Þá spurði hv. þm., hvort samgönguþörfin hefði minnkað. Eins og það sé nokkur bending um, að samgönguþörfin hafi minnkað, þótt menn vilji ekki fylgja þessu máli út úr öðrum lögum. Ég vil benda hv. þm. á það, að það þarf nýja brú á Þjórsá og Iðu og það er nýbúið að leggja í Ölfusárbrú. Og þegar búið er að gefa þessum mönnum nýja brú á Þjórsá o. fl., þá þarf líka að leggja nýja vegi um þessi héruð. Hv. þm. er staðbundinn við þetta hérað, lítur bara á þennan eina veg, en ekki samgöngumál allrar þjóðarinnar. Ég vil biðja hv. þm. að sitjast við hlið hæstv. samgmrh., því að hann telur ekki rétt, að frv. fari óbreytt í gegn, og hv. þm. sagði, að ráðh. hefði bezta þekkingu á þessu, og vænti ég því, að hann taki tillit til þess, sem hann segir, því að hann hefur meiri þekkingu á þessu en við báðir.

Þá minntist hv. þm. á, að þessi n. væri skipuð ópólitískum sérfræðingum, en ég efast nú um, að Gunnar Benediktsson sé sérfræðingur í vegagerð, eða Árni G. Eylands. — Hæstv. samgmrh. álítur, að Krýsuvíkurvegurinn eigi að ganga fyrir, og hæstv. fjmrh. líka, en Alþ. og fjvn. lækkuðu framlagið til þessa vegar, sem átti að ganga fyrir. Ef við lítum á frv. sjálft, þá hygg ég, að viljayfirlýsingin, sem hæstv. fjmrh. talaði um, náist alveg, þótt þetta frv. verði ekki samþ. Ég tel, að vegamálastjóri hafi vald til að láta byggja vegina eins og heppilegast er talið fyrir

það fé, sem lagt er í þá. Hæstv. ráðh. hefur lagt á móti því, að þetta verði gert á 6 árum, svo að ekki er þörf á því ákvæði. Viðvíkjandi 7. gr. þá hefur ráðh. lýst því yfir, að ótækt sé að útvega lán. Frv. hefur því ekkert að gera í gegn á þessu þingi.

Þá vil ég benda n. á, að það er ekki sannað enn, að þörf sé á að kasta burtu vegi, sem liggur yfir láglendið, en leggja í nýjan veg, yfir fen og foræði, sem ekki er víst nema kosti meira en gert er ráð fyrir. Það mætti láta Gunnar Benediktsson moka þarna skít í nokkurn tíma til þess að kynna sér þetta. Og það er engan veginn víst, að þessi vegur verði betri. Ég tel það ekki neinn fjandskap við málið, þótt menn vilji ekki samþykkja þetta frv., eftir að ríkisstj. hefur lýst yfir því, að hún taki ekki lánið og ómögulegt er að fá fólk til þessara framkvæmda.

Ég vil svo ákveðið mælast til þess, að hv. form. samgmn. kasti burt heimasjónarmiðunum.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég skal vera stuttorður. Þegar ekki er hægt að segja neitt gott um bækur, þá er oft sagt um þær, að þær séu svo og svo margar blaðsíður að lengd, og er þetta í raun og veru nægilegt svar við ræðu hv. þm. Barð. Hann talaði um heimasjónarmið, hann þekkir það vel, en munurinn er bara sá, að annar er með heimabakað sjónarmið, en ég er hér með frv. um veg milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins. Aðrir nm. en ég eru utan af landi, nema enginn úr Barðastrandarsýslu, og þar hefur engra heimasjónarmiða gætt, heldur viðsýni. Hátalarinn tók ekki rétt upp það, sem ég sagði. Ég sagði, að mestur hluti n. væri skipaður fagmönnum, og það er því óþarfi af hv. þm. að vera með slíkan útúrsnúning.

Annars er það hálf-barnalegt af jafnsterkbyggðum manni og hv. þm. að hegða sér eins og hann gerði í ræðu sinni. Og það er broslegt að heyra þennan þm. tala um heimasjónarmið. Mig vantar bara „kómikina," en þetta gæti verið ágætt á senu. Ég lái honum þetta ekki, en hann á bara ekki að vera með vandlætingu. Hann talar um að fara yfir fen og foræði, en mþn. bendir á þessa leið, og það er ekkert aðalspursmál, hvort farið verður metra ofar eða neðar, en það á að hafa það, sem betra reynist.

Hv. hátalari sagði, að n. þyrfti að taka þetta betur til athugunar, en ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn að ræða þetta og ætlaði að ræða þetta við ráðh., svo að þetta var óþarfi af honum, bara púra mannalæti og til að slá um sig.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki ræða þetta frekar. Hv. þm. flúði alveg frá málinu. Ég óskaði eftir, að málið færi til n. sökum þess, að ef það kemur óbreytt frá n. við 3. umr., þá þarf annaðhvort leyfi forseta til að taka málið af dagskrá eða það þarf að liggja fyrir. En ef það væri tekið til athugunar, þá hafa þm. tíma á milli umr. til þess að kynna sér þetta. Ekki samt svo að skilja, að ég geri mér vonir um, að hv. form. n. skipti um skoðun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).

Á 83. og 84. fundi í Ed., 13. og 14. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 498 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 481 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

8.—9. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 571, 498).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég vildi nú ekki vekja umr. um þetta mál frekar. Það er búið að ræða það, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því. Ég vildi aðeins minnast á þá brtt., sem hér hefur komið fram á þskj. 498, frá þm. Dal. og hv. þm. S.-Þ., en hún er að minni skoðun þess eðlis, að samþykkt hennar væri það sama og að gera frv. að útlitssnotru pappírsgagni, en ræna það þeim mætti, sem fylgir því atriði frv. Það eru tvö atriði í þessari brtt., annars vegar að ákveða skuli í hvers árs fjárl., hvort veitt skuli til þessa verks, og svo hins vegar að nema burt lántökuheimildina. Hvorugt þessara atriða má tapast úr þessari lagasetningu, og verð ég því að mótmæla þessari brtt. Hún hefur verið athuguð í samgmn., og urðu allir sammála um að vera á móti henni.

Annars held ég, að lítið ynnist við að fara að fjölyrða um þetta nú. Ég vil þó geta þess, að eitt af því, sem fundið hefur verið að þessu frv. af hálfu þeirra, sem hika við það, er, að of tímabundið sé að miða þessar framkvæmdir við 6 ár. Ég vil svara því, að í 5. gr. er sleginn sá varnagli af okkur flm., að þar er tekið fram, að þessi ákvörðun skuli því aðeins gilda, að nægilegt vinnuafl sé fyrir hendi, svo og vinnuvélar. Ég álít hófsamlegt að setja þetta inn í frv., og er það nægilegt svar. Það er aðstaða liðandi stundar hverju sinni, sem segir til um þetta, og þeir, sem vilja taka málið af heilum hug, hljóta að viðurkenna, að þetta er sanngjarnt. Annars segi ég fyrir mitt leyti, að ef það mætti verða til samkomulags og til að sætta menn við frv., þá mundi ég greiða atkv. með því, að tíminn yrði lengdur í 8 ár, þótt ég teldi, að það sé óþarfi.

Ég ætla svo að bíða og sjá, hvort ástæða verður gefin til umr. um þetta stórmál. Það er betur undirbúið en mörg önnur mál, og er vafamál, að nokkurt frv. hafi fengið betri undirbúning, og ætti það eitt með öðru að ýta undir þm. að greiða því atkvæði.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er ekki ástæða

fyrir mig að vera að margræða þetta mál, þegar vitað er um forlög þess. Ég vil þó eigi láta það liggja í láginni að minnast á þær brtt., sem ég hef komið fram með ásamt hv. þm. S.-Þ. á þskj. 498. Ég bið velvirðingar á því, þótt ég fari aðeins út fyrir efnið.

Nú fyrir nokkru sást ei annað hjá meiri hl. Alþ. en leiðin um Krýsuvík og Selvogsheiði. Mér kæmi ekki á óvart, þótt þriðja vegarstæðið kæmi og kannske það fjórða innan skamms.

Svo er annað í þessu máli, sem mér fellur ekki, og það er sú byrjun hjá Alþ. að semja sérstök l. um sérstaka vegi. Það skapar fordæmi, sem gæti knúið aðra þm. til að koma fram sínum málum á þennan hátt, þar sem áður var látin nægja þál. Sýnist mér, að ekki geti þeir horft á, að nú séu tekin stórlán til þessa vegar, sem getur tafið framkvæmdir á vegum í þeirra kjördæmum. Vestur þar, sem ég enn hangi sem þingmaður, álíta þeir sig bera skarðan hlut frá borði þegar hér er eytt tugum millj. kr. í einn veg, en aðrar sveitir, eins og vestur þar, sem búa við slæm vegasambönd, falast aðeins eftir tugum þúsunda. Ég held það væri rétt að stinga hér fótum við og fara ekki lengra. Mér finnst það réttara og á ekki að gera málinu neitt til, þótt þessar brtt. okkar verði samþykktar. Ég tel það hyggilegra að veita til þessa vegar af fjárl. hvers árs.

Bjarni Benediktsson: Það er mjög skiljanlegt, að nokkrar aths. komi fram við þessa óvenjulegu aðferð. Ég held þó, að þær byggist meir á skjótu áliti en rækilegri íhugun um, hversu mikilsvert mál þetta er. Það er víst, að engin vegalagning á landinu kemur jafnmörgum landsmönnum að gagni og þessi. Hún er lífsskilyrði þess mikla fólksfjölda, sem býr hér vestan heiðar, í Reykjavík og víðar. Það er vitað, að þessir staðir eru sjálfum sér ónógir varðandi mjólk, sem ungum og gömlum er nauðsyn á. Það liggja fyrir skýrslur um það, að á undanförnum árum hafa komið fyrir ár, sem vegurinn yfir Hellisheiði hefur lokazt í 20—25 daga á ári. Þótt hægt hafi verið suma dagana að fara aðra leið, þá er ljós af þessu kostnaðurinn við þetta, og marga daga hafa mjólkurflutningar stöðvazt alveg. Ef þetta á svo að viðgangast áfram, þá skapast neyðarástand hér vestan heiðar. Ég fullyrði, að mikilsvert sé fyrir allan þennan mannfjölda hér, að vegasamband austur yfir fjall verði betra en nú er og að vetrarvegur verði tryggður. Sumir segja, að Krýsuvíkurvegurinn sé vetrarvegur. Ég og fleiri telja nú, að betra hefði verið, að sú vegarlagning kæmi á eftir þessum mikilvæga vegi á hinu hagkvæmasta vegarstæði. Ég vil vekja athygli á því, að mér sýnist, að komið gæti til mála að setja sérstök fyrirmæli um endurgreiðslu þessa fjár. Það er vitað mál, að þegar þessi vegur verður fullgerður, mun hann spara mikið hvað viðkemur bifreiðunum, bæði gúmmí og benzín, einkum á vetrarferðum, því að nýi vegurinn yrði bæði betri og styttri. Mér sýnist liggja nærri, að þegar búið væri að koma upp þessum nýja vegi, yrði lagt á sérstakt benzíngjald eða annað gjald til endurgreiðslu á kostnaðinum að einhverju leyti. Það er hægt að sýna fram á, að þessi vegur hlýtur að spara mikið fyrir þær bifreiðar, sem um hann fara, og ef beinn sparnaður yrði metinn, mundu menn sjá, að ekki væri of mikið að leggja þetta gjald á bifreiðarnar. Sökum þess, hversu fjölfarin þessi leið er, er réttlætanlegt að fara þessa óvenjulegu leið. Ég vildi beina þeirri spurningu, hvort ekki væri tímabært að setja slíkt ákvæði inn í frv. nú, um benzínskatt. E. t. v. ætti slíkt aukagjald þó ekki að setja á fyrr en vegarbótin væri komin á. Nægur tími væri þá til að setja lög um það seinna. Ég veit, að þótt þessi skattur væri takmarkaður við þennan veg, þá yrði hann eftirsóttur.

Ég hef nú bent á þetta, og hv. þm. Dal. hefur úr sæti sínu sýnt þessu velvild og tekið því vel, svo að ég tel líklegt, að hann taki aftur brtt. sínar. Ég vil enn ítreka um nauðsyn þessa vegar og vil vitna í grg. hv. 2. þm. Árn., en hann hefur um langan tíma verið aðalhvatamaður að þessu. Alþ. hefur gert skyssu áður, nú ættu þm. að safnast saman undir forustu 2. þm. Árn. og hrinda þessu máli fram og sýndist mér rétt, að deildarmenn samþykktu frv. óbreytt.

Jónas Jónsson: Það er að vísu erfitt að taka til máls eftir þessa miklu mælsku seinasta ræðumanns, en á misjöfnu þrífast börnin bezt.

Ég verð að segja, að það er nýjung, að það komi frá valdamanni í Reykjavík að vilja koma á vegasambandi milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Það er satt bezt að segja, að gengið hefur á endalausu þófi um þetta mál í heilan mannsaldur. Ég vil segja það til fróðleiks, að þegar þeir tveir buðu sig fram, Sveinn Björnsson, núverandi forseti Íslands, og Jón Þorláksson, þá sagði einn maður, að hann mundi heldur kjósa þann, sem væri minna með járnbrautinni. Jón Þorláksson féll bæði í Árnessýslu og í Reykjavík. Það hefur áhrif á þá, er ekki styðja stjórnina, að samgmrh. mælir ekki með frv. nú og fjmrh. segist ekki nota heimildina. Satt að segja varð ég nokkuð hrifinn af því, sem samgmrh. sagði, en það var, að hann væri hlynntur veginum, en vildi ekki leggja hann fyrir lán, heldur ætti að koma upp sérstakur benzínskattur, væri það miklu farsælla en að taka lán nú. — Ég get búizt við, að fólk víðs vegar á landinu krefjist hliðstæðra samgöngubóta af sínum þm. Hins vegar er það rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að þarna er mikil umferð og því mikilsvert að hafa þennan veg sem stytztan og beztan. Á hin rökin get ég ekki eins fallizt, að þessi vegur verði alltaf auður, því að á þessari leið yrði jafnvel meiri snjór en á Krýsuvíkurleiðinni.

Ég vildi óska, að hv. 6. þm. Reykv. vildi setja inn í frv. ákvæði, sem tryggja skattstofna til þessara framkvæmda. Á þann hátt er fordæmið ekki eins varhugavert.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég þarf raunar ekki að taka til máls vegna ræðu hv. þm. S.-Þ., en vegna miskilnings, sem mér þótti gæta, þykir mér rétt að taka fram, að hér er ekki um neina lántökuskyldu að ræða, heldur einungis heimild. En vitanlega mun engin ríkisstj. nota þessa

heimild og gera sér leik að því að taka margra millj. kr. lán, ef fé er til í ríkissjóði. Ég lít þannig á þetta mál, og þeir, sem meta meira nauðsyn þessa verks en peningalega aðstöðu ríkissjóðs á hverjum tíma. Ég hygg, að það sé engin tilviljun, að þeir 5 menn, sem valdir hafa verið til að rannsaka þetta mál og gera till. um það, komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þegar niðurstöður þessarar n. voru ræddar um daginn, var bent á, að hún hefði ekki flutt þetta frv. Það er rétt. Hún gerði einungis það, sem henni var falið.

Ég vil forðast að gera samanburð á öryggi þessa vegar og Krýsuvíkurvegarins. Ég vænti, að n. hafi rannsakað þetta nákvæmar en gert verður með pappírsgögnum inni á skrifstofum.

Ég vil leiðrétta þau ummæli hv. 6. þm. Reykv., sem voru þó mælt af góðhug í minn garð, um forgöngu mína í þessu máli. Ég ætla, að þörfin hafi knúið hér meir til átaka, án tillits til allra mannanafna. Stundum þykir það mikilsvert að vísa til vilja fólksins, en stundum þykir það lítilsvert, allt eftir því, hvernig málin horfa hverju sinni. En rétt þykir mér að benda á, að sýslufundur Árnessýslu tjáði sig fylgjandi þessu máli með 16 shlj. atkvæðum. (*GJ:* Þeir áttu ekki að borga). Þá hygg ég og, að bílstjórar viti, hvers virði þetta mál er.

Lánsheimildin er einungis til vara. Það er engin skylda að nota hana, og ég vildi óska, að hæstv. ríkisstj. fyndi aðra leið til fjáröflunar.

Hermann Jónasson: Ég skal ekki endurvekja deilur um þessa vegi, Krýsuvíkurveginn o. fl. En eins og kunnugt er, er sá vegur ákveðinn í l., og við afgreiðslu fjárl. var farið fram á að leggja svo mikið fé til þessa vegar, að áætlanir gætu staðizt, en þetta var fellt.

Í raun og veru er það einungis eitt, sem skiptir máli í þessu frv., og það er það, að í stað þess að leggja þennan veg fyrir fé ríkissjóðs á að taka lán til þess. Nú er ekki útlit fyrir, að ríkissjóður hafi betri ástæður síðar. Fleiri lántökuheimildir benda til, að fé muni ekki verða til í ríkissjóði. Ef lánsheimildin er felld úr frv., er það þýðingarlaust og ekkert verður úr framkvæmdum, að öðrum kosti fara framkvæmdir eftir efnum og ástæðum. Við, sem fylgjum þessu frv. af alhug, vitum þetta, en aðaláhyggjuefni okkar er yfirlýsing hæstv. fjmrh. Við viljum, að heimildin verði notuð, og ég vildi fara fram á það við hv. flm., að hann afli yfirlýsingar hjá hæstv. fjmrh. um, að heimildin verði notuð. Að öðrum kosti er gagnslaust að afgr. frv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég vil taka það fram vegna ræðu hv. þm. Str., að þótt það skipti miklu í þessu máli sem öðrum, að það njóti stuðnings viðkomandi ráðherra, þá er það ekki það eina, sem máli skiptir. Hins vegar er það þingmannsskylda að fylgja málinu, ef það á rétt á sér. Vitanlega geri ég mikið úr því, að hæstv. ráðh. sé málinu fylgjandi, en sá varnagli er sleginn í frv., að mannafli og vélakostur þarf að vera fyrir hendi. Þetta er sett í frv. af því að það er sanngjarnt og réttmætt. Það er hin mesta áherzla, sem þm. geta lagt á málið, að samþ. þetta frv., og ég þekki ekki þann flokksaga að geta ekki fylgt málinu, þótt yfirlýsing liggi ekki fyrir frá stjórninni um stuðning. Ég minnist þess að vísu, að hæstv. fjmrh. gat um erfiðleika og dró sínar ályktanir, en í því fólst engin neitun um það, að heimildin yrði ekki notuð. Það er eftirtektarvert, að þegar byggja skal gistihús fyrir fleiri millj., þá er ekki horft í það. En þegar taka á lán til að framkvæma þetta stórmál, sem beðið hefur í 30—40 ár, þá eru ótal ljón á veginum, að margra dómi.

Ég vil að lokum segja það, að ef hv. þm. Str. hefur átt við það, að fylgi hans með frv. byggðist á því, hvað hæstv. fjmrh. segði, þá mun ég gera hvað ég get til þess að þessi hv. þm. greiði atkv. með málinu.

Gísli Jónsson: Ég ætlaði ekki að taka til máls í þessu máli, en ég get ekki þolað lengur rökleysur hv. þm. Árn. án þess að mótmæla þeim. Hann verður að gera sér ljóst, að verði þetta frv. samþ., þá er farið inn á nýja braut, og þessi hv. þm. verður einnig að gera sér það ljóst, að geti viðkomandi hérað bent á nauðsyn þess að fá veg, þá hafa þm. talið sér skylt að styðja slíkt mál. Þessi vegur, sem hér um ræðir, er í vegalöggjöf, og verði þetta frv. samþ., þá er algerlega nýr háttur upp tekinn. Annars virðast það einkennileg vinnubrögð að eyða mörgum fundum í að láta vegi fara inn í vegalöggjöf, sem hafa verið í henni.

Hitt er svo annað mál, að í þessum umr. hefur ekki verið upplýst nauðsyn þessa vegar að öllu leyti. Það, sem hv. 6. þm. Reykv. benti á, að nauðsyn bæri til að tryggja flutninga á mjólk til Reykjavíkur, er að vísu rétt, en ég ætla, að slíkt hefði mátt gera á ódýrari hátt.

Viðvíkjandi benzínskattinum skal ég geta þess, að um það var rætt í fjvn. í vetur að hækka skatt til vegabóta. Þetta má vitanlega setja inn í frv. enn þá, en þá yrði um leið kreppt að annars staðar, þar sem sýslusjóðirnir stynja undir útgjöldunum. Þá kæmi stærsti hlutinn í þennan veg frá bílum, sem nota þennan veg. Ég vil gjarna taka höndum saman við hv. 6. þm. Reykv. um það mál, og þá er mér miklu ljúfara að fylgja frv., er þetta er sett inn í það. Hins vegar virðist mér sumir vilja loka augunum fyrir því, að annars staðar er tiltölulega eins brýn þörf fyrir veg og hér, og vil ég þó ekki neita því, að þörfin hér er mikil. Og það mega menn muna, að þegar þetta frv. er komið í gegn, þá koma sams konar kröfur frá ótal stöðum öðrum á landinu. Þeir, sem að þessu frv. standa, skulu ekki gleyma því.

Hermann Jónasson: Þeir, sem fylgdu í vetur, að lagt væri á fjárl. til þessa vegar, svo að hægt væri að hefja framkvæmdir í sambandi við áætlun n., fylgja þessu frv. og lánsheimildinni. Það, sem ég benti hv. 2. þm. Árn. á og hann virðist ekki átta sig á, var það, að ef þetta ætti að koma að gagni, þá yrði yfirlýsing að liggja fyrir. Og við, sem fylgjum málinu af fullri einlægni og viljum, að það komist í framkvæmd, hefðum af því meiri ánægju, ef við sæjum, að gagn leiddi af frv., en ég færði rök fyrir því, að

á því eru lítil líkindi vegna yfirlýsingar, sem fyrir liggur.

Bjarni Benediktsson: Ég stend fyrst og fremst upp til þess að leiðrétta ummæli, sem komu frá hv. þm. S.-Þ. Hann sagði, að það væri nýlunda, að þm. Reykjavíkur mæltu með frv. um samgöngubót á þessari leið eða sýndu í þessu efni verulegan áhuga. Þetta er misskilningur og fjarstæða, vegna þess að vitað er, eins og hv. þm. gat sjálfur um, að Jón heitinn Þorláksson, sem um langan tíma var forsvarsmaður mála Reykjavíkur, átti það sem eitt sitt mesta áhugamál að bæta úr þessu. Hann hafði að vísu um skeið a. m. k. meiri trú á járnbrautarlagningu en vegalagningu, en sú hugmynd fékk aldrei nægilegt fylgi til þess að hún næði fram að ganga. En vissulega skorti hann ekki áhuga í þessum efnum. Það má einnig minna á annan þm., Björn Kristjánsson, sem var þm. vestan heiðar og hafði mikinn áhuga á nýrri vegarlagningu þangað. Þm. vestan heiðar hafa allajafna sýnt þessu máli mikinn stuðning. (*JJ:* Hvað hét vegur Björns?) Ég veit það ekki, en þessi vegur heitir Austurvegur. (*JJ:* Vegur Björns hét Þjóðgat). Ég held, þótt mönnum hafi blöskrað á þessum árum að byggja skýli yfir veginn á snjóamestu stöðunum, að þá muni engum blöskra það nú, jafnvel ekki hv. þm. S.-Þ. Sannleikurinn er sá, að þm. Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu máli. En það hefur ekki náð fram að ganga vegna þess, að öðrum hv. þm., sbr. hv. þm. S.-Þ., þm. Barð. og aðra fleiri af ólíkum stjórnmálaflokkum, hefur blöskrað það mikla fé, sem þyrfti að fara í þetta til þess að gera þennan veg fulltryggan, og hafa ekki treyst sér til þess af kjördæmaástæðum að ljá því máli lið. Og það er alveg ljóst, að það er sama sjónarmiðið, sem enn kemur fram hjá þessum hv. þm. og öðrum hér í hv. deild.

Hv. þm. Barð. heldur því fram, að ef þetta yrði samþ., þá mundi þar af leiða, að það yrði að samþ. lánveitingar til allra annarra vega. Þetta er ekki rétt, því að eins og sýnt hefur verið fram á, þá er þetta frv. flutt af því, að alveg sérstaklega stendur á um þennan veg, allt öðruvísi en um alla aðra vegi, sem nefndir hafa verið. Út af fyrir sig er nú þegar jafngóður eða betri vegur austur yfir fjall en víða um land, og margir landshlutar mundu vissulega telja sig sæla, ef þeir hefðu jafngott vegasamband og er á þessari leið. En reynslan hefur sýnt, að vegna þess, hve margt fólk á hér hlut að máli, þá er þetta ekki fullnægjandi. Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að gera þessar sérstöku ráðstafanir.

Hv. þm. Barð. sagði, að ekki hefði farið fram nægileg rannsókn á skýrslum, sem fyrir lægju í málinu. Ég held, að allt geti orðið þessu máli til hindrunar annað en skortur á rannsókn. Ég held, að ekkert mál, sem tekið hefur verið upp í þessu landi, hafi fengið betri undirbúning en þetta mál. Menn hafa verið að stríða við að koma fram umbótum á þessu máli í fullan mannsaldur, verkfræðingur eftir verkfræðing og n. eftir n. hafa verið fengnar til þess að rannsaka, hvernig þessu yrði bezt fyrir komið. (*ÞÞ:* Og komast ekki til botns í því). Allir, sem skoðað hafa málið niður í kjölinn, hafa orðið sammála um að mæla með hinni svokölluðu Þrengslaleið. Leiðrétti þeir, sem betur vita, ef ég fer með rangt í þessu. Ég veit ekki betur en að þeir, sem rannsökuðu járnbrautarstæðið, teldu það bezt komið á þessari sömu leið. Þeir menn, sem af þekkingu og kappi hafa rannsakað þetta mál, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi leið yrði valin, talið hana hagkvæmasta. Ég tek ekki mark á því, þótt hv. þm. hafi verið safnað saman og farið með þá í stormi suður fyrir Hafnarfjörð og það talið svo rannsókn á því, að Krýsuvíkurleiðin væri hagkvæmust. Ég ber ekki mikið traust til þeirrar rannsóknar. Ég held hv. þm. Barð. þurfi ekki að setja það fyrir sig, að um ófullnægjandi rannsókn á þessu máli sé að ræða.

Varðandi þá till., að leggja skyldi á sérstakt gjald til að greiða fyrir þessari vegarlagningu eða standa undir kostnaði við hana, þá er, eins og ég benti á áðan, rangt að setja það gjald á fyrr en búið er að leysa þennan mikla samgönguörðugleika, sem hér um ræðir. Og það er mjög eðlilegt að taka sérstakt lán til þessara framkvæmda nú. Um það mætti svo setja sérstök l. síðar, að það skuli greitt með tekjum af þessum gjaldstofni, ef menn sjá ástæðu til þess vegna fjárhags ríkissjóðs að öðru leyti. En úr því að ágreiningur er um það, að þetta lán sé tekið til þessarar framkvæmdar, þá vil ég benda á, að sú rækilega rannsókn, sem fór fram hvað eftir annað, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu, að þetta sé hagkvæmasta leiðin. Ég held, að um það verði ekki deilt úr þessu. Ef rannsóknin hefði leitt til þess, að í stað þess að leggja veg álitu menn, að ætti heldur að leggja járnbraut, og ef menn væru eins sammála um það og þeir eru um, að þarna beri að leggja veg, þá þætti engum það óeðlilegra, að lán væri tekið til þess að leggja járnbrautina. Það hefðu allir réttilega tekið það fram, að slíkt stórvirki og járnbrautarlagning væri ekki framkvæmt með gjöldum samkv. fjárl. á hverju ári, heldur með því að taka lán til framkvæmdanna. Um þetta mundi enginn deila. En það gegnir bara alveg sama máli með þennan veg. Menn eru nú orðnir sammála um, að rétt sé að leggja veginn, og álíta, að ekki sé um nein önnur úrræði að ræða. Því ættu menn eins að geta komið sér saman um, að lagning slíkrar fullkominnar brautar er óhugsandi stórvirki nema með lántöku fyrst í stað. Þetta sýnist mér liggja í augum uppi. Enda sýnir reynslan, eins og ég hef bent á, að samkv. l. frá 1932 var ráðgert að leggja veg, sem ætlað var svipað stæði, og átti að veita til hans á fjárl. hverju sinni. Reyndin varð sú, að vegurinn var ekki lagður, því að aldrei þóttust menn hafa fé til að leggja í svo einstakt mannvirki sem þetta umfram tekjur hvers árs. Enginn mun nú skoða hug sinn um það, að ólíkt heppilegra hefði verið, ef 1932 hefði verið tekið upp það ráð að taka lán til þessa. Höfuðatriði þessa lagafrv. er lánsheimildin. Þessu stórvirki verður ekki hrundið fram nema með sérstökum ráðstöfunum. Þótt menn hafi þau ummæli eftir hæstv. fjmrh., að hann telji hæpið, að hann, vegna skorts á vinnuafli, taki lán í þessu skyni, þá

sannar það aðeins, að það, sem menn verða að beygja sig fyrir, er, hvort vinnuafl fæst til að vinna verkið eða ekki. Ef það er ekki fyrir hendi, er ekki hægt að ráðast í þessar framkvæmdir og því þýðingarlaust að taka lán. En sá fjmrh., sem nú er, mundi vitanlega beita þessari heimild strax og skilyrði væru fyrir hendi. L. mundu ekki gera ráð fyrir því, að lánið sé tekið meðan skortur er á vinnuafli, en það getur breytzt áður en varir, kannske strax í sumar. Ef frv. verður samþ., þá liggur þetta fyrir sem viljayfirlýsing Alþ. og skipun til ríkisstj. að ráðast í þessar framkvæmdir strax og skilyrði eru fyrir hendi.

Gísli Jónsson: Ég vil nota tækifærið til að mótmæla því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í sinni síðustu ræðu. Það stafar af því, að hann hefur ekki hlustað á þessar umr. og veit því ekki, um hvað hann er að tala. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. kemur heimild til að segja hér á Alþ., að mér blöskri það fé, sem fer til þessara framkvæmda. Ég hef alls ekkert talað á móti þessu máli, eins og hv. þm. mundi vita, ef hann hefði fylgzt með umr. Það, sem ég hef bent á, er galli, sem er á frv. annars vegar, og það, sem óþarft er í því hins vegar, vegna þess að það er í öðrum l., og tel ég það engan fjandskap við málið. Ég hef bent á það, að ef með þessum l. á að tryggja ákveðnum hluta þjóðarinnar rétt, þá eigi að tryggja öðrum hlutum þjóðarinnar sama rétt. Þessu hef ég haldið fram. Ég mótmæli því algerlega, að mér ofbjóði þessi fjárhæð, og ég mótmæli því, að ég láti stjórnast í þessu máli af kjördæmasjónarmiði. Ég skal ekki segja um það, hvort þetta geti átt við um hv. þm. S.-Þ., en það er algerlega rangt hvað mig áhrærir. Ég vil leyfa mér að benda á, að um það leyti sem verið var að ganga frá fjárl. fyrir 1946, var lagt til að verja nær 4 millj. kr. til þessa vegar. Ábyrgðarlaus fjvn. hefði lagt til, að það væri tekið upp á fjárl., og ég veit um einn hv. þm., sem var svo ábyrgðarlaus að taka við því. En hann hafði engin ráð til að fá á móti því tekjur. En ég veit ekki, hvernig á að fá þetta fram áður en búið er að ræða um það, hvernig ætlað er að afla tekna. Þess vegna er frávísun fjvn. á 3.7 millj. kr. enginn dómur um það, hvort hún er á móti málinu eða ekki.

Ég vil leyfa mér að benda hv. 6. þm. Reykv. á, — við hann er hægt að ræða mál, hann er ekki eins og fló á skinni hér og þar, — að lýst hefur verið yfir af hæstv. samgmrh., að ef hann ráði yfir þessum vegaframkvæmdum, þá ætli hann að láta gera Krýsuvíkurveginn, sem bæði ég og hv. 6. þm. Reykv. erum á móti. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að fjvn. lækkaði till. hans um fjárveitingu til þessa vegar um 150 þús. kr. — Ég vildi aðeins benda á þessa staðreynd. Það liggja gallar í málinu, en ég játa ekki, að ég sé með fjandskap gegn því, nema síður sé.

Þess utan vil ég hér benda á eitt atriði, og það vil ég fá hv. 6. þm. Reykv. til að skilja. Það er það, að ekki er meiri þörf fyrir Reykvíkinga að hafa mjólk handa sínum börnum, þótt þau séu 10 þúsund, heldur en fyrir aðra staði á landinu, sem hafa kannske ekki nema 500 börn. Og þennan rétt, sem verið er með þessu frv. að tryggja vissum hluta þjóðarinnar, vil ég líka tryggja öðrum hlutum hennar.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ekkert mál væri eins vel undirbúið og þetta mál. Um það skal ég ekki segja. En ég vil leyfa mér að benda á eitt atriði. Í till. n. er því haldið fram, að samfara þessari miklu þörf skuli enn þá haldið áfram með Krýsuvíkurleiðina og umbætur á Þingvallaveginum. Ég vil líka leyfa mér að benda á, að sundurliðað er, hvað hver vegarspotti kostar, og það skiptir millj., hvað hægt er að spara með lántöku fyrst um sinn með því að sleppa spottum, sem ekki eru eins aðkallandi og sá, sem liggur um Þrengslin. Ég tel þetta engan fjandskap. Það er áætlað að taka 20 millj. kr. lán til þess að gera alla leiðina. Samgmn. vill fara út fyrir öll takmörk til að tryggja á þessari leið steyptan veg, hvort sem hægt er að tryggja það öðrum landsbúum eða ekki. Samgmn. gerði allt til óþurftar fyrir málið og mér finnst hún hafi sýnt því meiri fjandskap en við, sem bentum á, að hægt væri að koma því á eðlilegri og betri rekspöl.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að menn mundu ekki telja það óeðlilegt að taka lán til járnbrautarlagningar. Það er önnur hlið á þessu máli. Og ég er ekki viss um nema þessi leið sé miklu óheppilegri en járnbrautarlagningin, en það er nokkuð annars eðlis. Þegar byggð er járnbraut, þá er tekið beint fast gjald til að standa undir kostnaðinum. En nú getur komið til mála að leggja sérstakt gjald á þá, sem fara eftir þessum vegi, en sem sagt, í þessu liggur eðlismunurinn. En ef farið er inn á þá braut að taka lán til vegagerðar þessarar, þá er ekki hægt að neita öðrum héruðum landsins að fara inn á þá sömu braut, svo framarlega sem þeir geta fært sönnur á það, að þeirra flutningaþörf sé eins brýn og hér. Og það er enginn erfiðleiki að gera það, því að þörfin er jafnsterk, þótt öðrum megin séu 50 þús. en hinum megin 10—20 þús. Ég er algerlega ósammála 6. þm. Reykv. um að setja þetta gjald. Það er fullkomlega rétt að taka gjaldið, ef það er látið renna til vegagerðar nú þegar. Ég vil, að hv. 6. þm. Reykv. hjálpi flm. til að leyfa það.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Gleði manna með frv. er enn meiri en fram hefur komið gagnvart flm. Ég vildi fyrir hönd flm. láta nægja hóflegri gleði með því að greiða atkv. með frumvarpinu. Hvað við kemur sérstöku gjaldi þá vil ég benda á, að mér er kunnugt, að víða í löndum, þar sem um styttri vegi og betri er að ræða, er oft heimtað sérstakt gjald, og væri það ekkert til fyrirstöðu með þennan veg. Meðal stórþjóða hefur verið farið svo að. Sé gjaldinu stillt í hóf, setja menn ekki fyrir sig smávægilegt gjald, og það er gróði manna að fara góðan veg og nota hlunnindi þessa vegar. Ekki er hægt að setja slík gjöld fyrr en um það bil, að vegagerðinni er lokið og vegurinn kominn á.

Þm. Barð. blöskraði féð til þessa vegar, þótt hann sé með málinu og greiði atkv. með því, og

bið ég afsökunar, ef ég hef verið of hvassyrtur, en mitt sjónarmið kom fram í minni seinni ræðu. Hann skyldi vera með frv. um járnbraut að Selfossi, ef hún næði á Langanes. Slík innskot yrðu frv. áreiðanlega að falli, yrðu til þess eins að eyðileggja það. Hér kemur fram kjördæmasjónarmið, *sem er að mörgu leyti eðlilegt.*

Ég þakka fyrir hönd flm., að hv. þm. Barð. ætlar að vera með frumvarpinu.

Magnús Jónsson: Hæstv. forseti hefur víst ekki heyrt til mín, er ég kvaddi mér hljóðs, en nú hefur hv. 6. þm. Reykv. tekið að nokkru af mér ómakið að svara hv. þm. Barð. — Hann ásakar okkur fyrir, að við fylgjumst illa með, þótt hann virðist oft gera það sjálfur og tali í þeim tón, að hann sé málinu ekki kunnur. Mér sýnist, að fyrst skuli vinna að því að tengja vegina saman að austan og vestan. Þm. Barð. talaði um botnlausar forir í Ölfusi, sem vegurinn ætti að liggja um. Með þessari vegarlagningu er stefnt að því að leggja eins fullkominn veg og getur verið að Selfossi. Þessi kafli austur mýrar yrði þá lagður síðast, eftir að nákvæm, verkfræðileg rannsókn hefur farið fram.

Hv. þm. Barð. telur, að þessi vegagerð eyðileggi vegagerðir annars staðar og taki fé frá öðrum vegum. Það má ekki tefja þennan veg. Þetta er alveg nýmæli, þess vegna kvaddi ég mér hljóðs. Þetta mál er alveg sérstakt og kemur ekki við öðrum vegum. Þetta mál er vaxið upp úr járnbrautarmálinu.

Hv. þm. S.-Þ. taldi það kannske vera vegna forsvars síns með járnbrautarmálinu, að Jón heitinn Þorláksson féll við þingkosningar, en hann er sögufróður maður, eins og menn vita. Þetta eru heldur fáfengileg rök, og er mér nær að halda, að annað hafi þar til komið, að hann hafi fallið af öðrum ástæðum. Jón Þorláksson var skarpur maður og fljótur að grípa og meta það bezta í hverju máli, og þó féll hann, og það máske eingöngu fyrir, hvað hann var gáfaður. Það er afstaða Jóns Þorlákssonar í sambandsmálinu, sem e. t. v. varð honum frekar að falli *en afstaðan gagnvart samgöngumálunum.*

Því fer verr, að járnbraut var ekki lögð, og ég er sammála þm. Barð., að bezt sé að hafa járnbraut þar sem langt er á milli byggðra staða. Þá gæti einn og sami maður ekið hundruðum smálesta af vörum, þar sem annars þyrfti fjölda manns. Það er galli, að þessu máli var ekki haldið áfram, en menn þráðu víðtækari samgöngur en járnbraut, því var sú leið ekki farin. Járnbraut mætti reka sem sjálfstætt fyrirtæki, en vegina verður að afhenda. Var hér talið mögulegt, að ríkið hefði vagna til rekstrar og hefði ágóða af, jafnvel að veita einkarétt á því.

Það mætti taka skatt af veginum, en ef menn láta sér ekki nægja tekjur svo að milljónum skiptir af veginum í sambandi við sjálfa flutningana um hann, þá tek ég undir með hv. þm. Str., að lánsheimildin er aðalatriðið. Það má ekki hvika um lánveitingu. Það fé, sem á að fara í aðra vegi, heldur áfram að fara í þá. Þessum vegi á að halda alveg sérstökum. Hann á ekkert að draga frá öðrum vegum. Það á að einangra hann, gera hann óháð fyrirtæki vegna lánsheimildar. Ég skil vel þm. Barð., sem sagði að það ætti að klípa af öðrum fjárveitingum til þess að leggja þennan veg. Málið er flutt nú sem sérstakt fyrirtæki af okkur, sem tökum á þessu máli með alvöru. Hv. þm. Str. þarf ekki að rekja það. Það hefur flm. gert.

Ég álít yfirlýsingu ráðh. eðlilega, að Krýsuvíkurvegi verði haldið áfram, og er ég því sammála. Það gæti verið gott að grípa til Krýsuvíkurvegarins, ef snjór fyllti austurveg þennan og gerði hann ófæran. Mönnum vex það í augum að gera steinsteyptan veg og síðan Krýsuvíkurveginn, en ekki er lítið í húfi með öruggar samgöngur. Ef járnbraut hefði verið lögð fyrir 20—25 árum, hefði hún margfaldað framleiðsluna þá. Merkur þm. reiknaði kostnaðinn við að leggja járnbraut í dagsláttum, hvað sú fjárupphæð, sem til járnbrautar þyrfti, dygði til þess að rækta upp margar dagsláttur af landi. Þau rök dugðu til þess að fella frv. Þessi afstaða hefur orðið til stórkostlegs tjóns, og hv. þm. ættu að skoða hug sinn, áður en þeir tefja þetta mál. Ég vil, að þingið vilji samþ. lánsheimildina, að það hafi kjark í sér til að gefa stjórninni hana. Ég legg áherzlu á, að lánsheimildin sé samþykkt, og skil vel þá þm., sem vilja ekki klípa af veitingum til annarra vega. Hv. þm. Barð. segir, að heil héruð gætu komið í kjölfar þessa máls og heimtað slíkar framkvæmdir og hér er um að ræða. Komi þm. Barð. með heil héruð, er sitt hvað, hvort málið sé brýn nauðsyn í fjölmenninu eða hvað fámenninu hentar. Það er ekki sama, hvort um er að ræða 50 þúsund menn, sem byggja afkomu sína á þessu máli, eða íbúa Paraláturfjarðar, sem eru um 500. Í fjölmenni er hægt að gera hluti, sem eru ekki mögulegir eða lítt mögulegir í fámenninu. Fjölmennið gerir þessa vegalagningu mögulega. Hvernig ætti að líta á, þegar Bretar byggðu risavaxna brú yfir Forth-fjörð til þess að stytta járnbrautina um örfáa kílómetra? Þetta margborgaði sig. Er þetta ekki hægt hér með þessum vegi? Helmingur þjóðarinnar stendur að vegi þessum. Ég verð að segja það, að það á ekki að *klípa af frá öðrum vegum, en það á að byggja* upp fjárhag þessara héraða, það er eðlilegur gangur málsins. Síðar mætti veita öðrum héruðum aðstoð, ef svo sýnist. Fyrsta skilyrðið fyrir strjálbýlið til þess að afla peninga til slíkra framkvæmda er að efla fjölbýlið til þess að standa undir framkvæmdum.

Ég vil leggja áherzlu á, þar sem fundi er að ljúka, að ég er með flutningi þessa frv. Mæli ég með því, að lántökuheimildin verði samþykkt, þar eð það á ekki að ganga á neins annars rétt í þessu frumvarpi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er ekki margt, sem ég ætla að segja, en hv. 6. þm. Reykv. talaði um, að þm. lýstu gleði sinni yfir frv. En það er síður en svo, að ég hafi gert það eða við, sem komum með brtt. við það. Þetta vesalings frv. er sorgarbarn feðranna. Einn talaði um járnbraut, og getur verið, að sá hugur magnist og sú hugmynd fái betri byr seinna.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um, að benzínskattur gæti hjálpað og orðið til bóta. Aðalflm. vildi

lengja tímann upp í 8 ár, sem skatturinn ætti að standa. Ég verð að segja, að þetta frv. er tilraun til þess að olnboga sig áfram. Það liggur fyrir, að þegar búið er að fá lán, þá gengur þessi vegur á undan framkvæmdum með aðra vegi. Þá gæti helzt komið til mála það, sem hv. þm. Str. sagði, að hann gerði sér von um, að ekkert gagn yrði að þessu, því að ekkert mundi verða af þessari lántöku. Og get ég skilið það frá hans bæjardyrum séð og hans flokksmanna, sem ætíð hafa staðið gegn lántökum stjórnarinnar, en þó þykir mér þetta geiga nú.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ef hér væru látnar 10 millj., þá kæmi hv. þm. Barð. og heimtaði 10 millj. fyrir eina 500 íbúa í hans kjördæmi. Ég hygg, að enginn hafi skilið orð hv. þm. Barð. svo, en við teljum, að við eigum hlutfallslega rétt á því, er Alþ. lætur af mörkum. — Mér finnst þessi vegur hálfilla undirbyggður og ekki búið að rannsaka Ölfusmýrarnar nægilega, og segja sumir, að það sé langt til botns austur á Ölfusmýrum, og hygg ég, að það sé einnig langt *til botns í þessu frv., og býst ég við*, að ég fylgi því ekki.

ATKVGR.

Brtt. 498,a felld með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, JJ, ÞÞ.

nei: BBen, BrB, EE, GJ, HermJ, IngP, ÁS, LJóh, MJ, PHerm, BSt, StgrA.

2 þm. (HG, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með því að ég tel, að ef þessi till. verði samþ., þá sé málið úr sögunni, en ég er málinu fylgjandi, þá segi ég nei.

Brtt. 498,b felld með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GÍG, JJ.

nei: PHerm, BSt, BBen, BrB, EE, GJ, HermJ, IngP, ÁS, LJóh, MJ, StgrA.

2. þm. (HG, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með sömu forsendum og við hina fyrri brtt., þá segi ég nei.

Frv. samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HermJ, IngP, ÁS, LJóh, MJ, PHerm, BSt, BBen, BrB, EE, StgrA.

nei: ÞÞ.

GÍG, JJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (HG, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Í fullu trausti þess, að þessar framkvæmdir verði ekki til þess að torvelda aðrar vegaframkvæmdir í landinu og þörfum annarra héraða verði mætt með sama skilningi, þá segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 97. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, þar sem hér er um allstórt mál að ræða, að beina nokkrum orðum til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar, en það verður *sennilega samgmn.*

Mál þetta var flutt í Ed. áður en ráðuneytinu hafði gefizt kostur á að athuga það nægilega, og er það því með nokkuð öðrum svip en ég hefði kosið. Frv. er að því leyti öðruvísi byggt upp en venja er til, að gert er ráð fyrir að fá langmestan hluta fjárins að láni, þetta er nýmæli í íslenzkri vegalöggjöf. Annað nýmæli er það, að ákveðið er, hvenær vegurinn verði fullgerður, eða eftir 6 ár.

Um frv. almennt vil ég segja það, að allir munu á einu máli um þýðingu þess að hafa góðar samgöngur á þessu svæði, og er þetta óneitanlega spor í þá átt. En hins vegar hefur mér fundizt gæta nokkurs misskilnings í þessu máli, því að leið þessi hefur verið sett í samband við vetrarferðir að nokkru leyti og gert ráð fyrir, að vegurinn gæti komið að notum sem vetrarvegur allan ársins hring. En það vil *ég leyfa mér að draga í efa.* Ég ætla, að önnur leið sé til þess hentugri, sem þegar er alllangt komin í framkvæmd. En eins og kunnugt er, var fyrir 10 árum byrjað að leggja veg um Krýsuvík sem vetrarveg milli þessara landshluta, og er honum svo langt komið, að ekki nema 2½ millj. kr. þarf í viðbót til að ljúka honum. Vart þykir mér það orka tvímælis að tryggja vetrarferðirnar með því að ljúka þeirri leið.

Þessi atriði vildi ég mjög, að hv. n., sem fær málið til athugunar, hafi til hliðsjónar, þegar hún tekur það fyrir til athugunar: Í fyrsta lagi, hvort ekki sé unnt að afla fjár til framkvæmdanna á annan hátt en með lántöku í svo stóru sniði, og í öðru lagi, hvort tímatakmarkið, sem sett er, sé ekki full þröngt, og í þriðja lagi, hvort ekki eigi að fullgera þann veg, sem unnið hefur verið að í 10 ár, áður en ráðizt er í þetta stórvirki. Sú fjárupphæð, sem þarf til að ljúka þeim vegi, er aðeins tíundi partur þess fjár, sem ætlað er til nýja vegarins. — Ég vil ekki, að orð mín séu skilin svo, að ég vilji leggja stein í götu þessa máls. En þessi atriði, sem ég hef nefnt, eru svo veigamikil, að þau verða að athugast áður en málið verður afgreitt.

Pétur Ottesen: Mér virðist hæstv. samgmrh. hafi ekki að ófyrirsynju vakið hér máls á því, að hér er gengið inn á nýja braut í vegamálum hjá okkur. Eins og hæstv. ráðh. gat um, hafa þjóðvegir landsins nær eingöngu verið byggðir upp þannig, að fé hefur verið veitt til þeirra framkvæmda á fjárl. hvers árs. Það hefur svo stundum farið svo, að nokkru meira fé hefur verið varið til einstakra vega en fjárl. gerðu ráð fyrir, þó aldrei í verulega stórum stíl. Hitt hefur einnig átt sér stað, að farizt hefur fyrir að vinna fyrir það fé, sem veitt var til einstakra vega á

því ári, sem fé var veitt. Það er því algert nýmæli hér á ferðinni, að taka fyrir eina ákveðna vegaframkvæmd og gera ráð fyrir, að tekið sé lán til þeirrar framkvæmdar og jafnframt kveðið svo á um, að þessari framkvæmd skuli lokið á ákveðnu árabili. Nú er um verulega stefnubreytingu að ræða í þessu stórmáli sem vegaframkvæmdir þjóðarinnar eru, að atvinnuvegir landsmanna eiga mikið undir því, hversu sækist í þeim efnum. Og tekur það ekki eingöngu til þeirra, sem búa úti um sveitir landsins, heldur er svo komið, að þeir, er við sjóinn búa, eiga mikið undir því komið, hversu háttað er um vegaframkvæmdir. Mér finnst þess vegna talsvert eðlilegt, að slík bylting í vegaframkvæmdum og sú, er hér um ræðir, væri ekki gerð öðruvísi en að sú ríkisstj., sem að henni stendur, lýsti yfir, að þetta væri stefna, sem ríkisstj. og meiri hl. Alþ. hefði tekið upp í þessum málum, og ætlaðist ekki til, að þetta flýtti fyrir framkvæmdum eins vegar, heldur yrði þessi tilhögun látin ná til þess að flýta fyrir nauðsynlegum vegum víða á landinu. Því að þótt megi segja, að þörfin geti verið brýn hér, þá stendur víða þannig á, að það er verið að koma á vegum, þar sem engir eða mjög lélegir vegir eru fyrir. En á þessari leið eru þó að minnsta kosti tveir vegir. Og eins og hæstv. ráðh. minntist á, þá er öllum hér á Alþ. kunnugt um, að þó nokkuð langt er komið að því að opna veg austur í sveitir eftir hinni svokölluðu Krýsuvíkurleið.

Eftir því, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., þá virðist svo sem hæstv. ríkisstj. standi ekki að þessu máli. En það tel ég afar óeðlilegt, að svo stór breyting sé tekin í málinu án þess að mörkuð sé einhver heildarstefna með þeirri breytingu. Væri þá eðlilegast, að ríkisstj. og Alþ. mörkuðu þá stefnu. Ég vil þess vegna benda á, að ef inn á þessa braut er farið, þá mun verða mjög sótt af öðrum, sem seint þykir ganga með vegaframkvæmdir hjá sér, að flýtt sé fyrir slíkri vegalagningu með því, að tekið sé í l., að þessum og þessum vegi skuli lokið á ákveðnu árabili, eins og hér er opnuð leið að, og jafnframt verði heimilað að taka lán til slíkra framkvæmda að því leyti, sem ekki er hægt að sinna þessari þörf á fjárl. hvers árs. Það er því að mínum dómi ekki viðeigandi að gera þessar ráðstafanir gagnvart einum vegi, svo framarlega sem þetta á ekki að verða nokkuð almenn regla þegar um stórar vegaframkvæmdir er að ræða, þar sem þörfin kallar mjög á, að hrundið sé í framkvæmd hið bráðasta, enda munu áreiðanlega á þessu eða næsta þingi koma fram till. um að bæta við fleiri vegum, ef farið er inn á þessa braut. Það er líka vitað, að þegar farið er inn á þessa braut, eru lagðar auknar byrðar á ríkissjóð, því að vexti og afborganir af þessu láni verður að taka upp á hvers árs fjárl. Ef hart er í ári, þá getur þetta beinlínis orðið til þess að draga úr möguleikum fyrir fjárframlögum til annarra vegaframkvæmda, því að það fé, sem fer til að borga vexti og afborganir af láninu, sem stofnað er til, það verður vitanlega ekki á sama tíma notað til annarra hluta. — Ég vildi hér með vekja athygli á þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 571, n. 712).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Mál þetta er fram komið í Ed. má segja í því formi, sem það er komið til þessarar deildar. Samgmn. Nd. hefur nú haft málið til meðferðar, og hafa allir nm. orðið á eitt sáttir eftir athugun á gögnum öllum, og telja þeir, að frv. þetta eigi að ná fram að ganga. Tveir nm. skrifa undir nál. með fyrirvara, og munu þeir gera grein fyrir sinni afstöðu.

Að þessu máli eru tvær undirstöður. Árið 1932 voru l. sett um þetta efni, en það voru lögin um Þrengslaveg, svo að hér er í rauninni ekki um neitt nýmæli að ræða, en síðan hefur málið fengið gagngerðan og öruggan undirbúning, svo að það er ábyrgðarhluti nokkur að láta nú dragast úr hömlu fremur en orðið er að veita þessu máli lagagildi. Verkfræðingar hafa verið til kallaðir að athuga þessa leið og gera mælingar og athuganir, og hafa þeir lagt til, að sú leið, er hér greinir í frv., verði valin, þar eð hún mundi öruggust til frambúðar. Þegar talað er um til frambúðar, er átt við, að þessi leið muni bílfær á þeim tímum árs, sem á annað borð er fært yfir fjallvegi. Nú er um að ræða aðra leið, hinn svokallaða Krýsuvíkurveg, sem er nokkru lengri, en margir telja öruggari, og skal því ekki í móti mælt, þótt hins vegar sé ekki fyrir því nein sönnun, þar sem Þrengslavegurinn er enn eigi kominn á og því engin reynsla af honum fengin.

Þá skal á það minnzt, sem fært hefur verið fram sem rök gegn þessum vegi, að með því að samþykkja þetta frv. yrðu hindraðar framkvæmdir varðandi byggingu Krýsuvíkurvegarins. Ég ætla þó, að þessu sé ekki svo háttað. Engum mun þykja hlýða að láta hætta við þann veg, sem þegar er langt kominn, þótt hins vegar sé horfið að því ráði að leggja þar veg, sem hann verður stytztur og jafnframt fullkomnastur.

Mér skilst, að nú sé úr sögunni að leggja járnbraut þessa leið, a. m. k. hreyfir því enginn, og má vera, að það sé rétt. En þá er auðsætt, að hverfa ber að því, sem næstbezt er, en það er fullkominn bílvegur, en eins og kunnugt er, hefur vegagerð mjög farið fram hin síðustu ár, svo að nú þarf lítinn hluta þess mannafla, sem áður gerðist, til að gera slíkan veg. Í 5. og 6. gr. frv. er gerð nokkur áætlun, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um áætlun um slíkt stórmál, en í 5. gr. segir svo, að framkvæmdir skuli miðaðar við, að vegurinn verði fullgerður á næstu 6 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt, svo og stórvirkar vinnuvélar. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán allt að 20 millj. kr. til að standa straum af þessum framkvæmdum. Nú er það vitanlegt, að

æskilegra hefði verið, að fé hefði verið handbært til þessa, en þó svo sé nú ekki, þá er það jafnframt kunnugt, að fé hefur einatt verið tekið að láni til ónauðsynlegri framkvæmda og í meiri óvissu en hér um ræðir. Þá er og þess að geta, að hér er einungis um að ræða heimild, sem vitanlega verður ekki notuð, ef fé er fyrir hendi.

Nú kann að vera, að einstakir þm. óski að flytja brtt. við þetta mál. En þá er þess að gæta, að nú er keppzt við að ljúka þingi innan fárra daga, en hins vegar mörg stórmál óafgreidd. Mætti því svo fara, ef þessu frv. væri nú breytt og sent aftur til Ed., að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess fyrir hönd meiri hl. samgmn., að frv. verði samþ. í því formi, sem það nú er.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það vildi svo til, að þegar þm. V.-Ísf. fór til útlanda, óskaði Alþfl. eftir því, að ég tæki sæti í samgmn.

Eins og nál. ber með sér, höfum við tveir skrifað undir með fyrirvara, og skal ég gera stutta grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari liggur, þó að þess sé að nokkru getið í nál. á þskj. 712. Enn fremur nægir nú raunar að vissu leyti að vísa til þeirra atriða og þeirrar umsagnar, sem kom fram hjá mér við 1. umr. málsins í d., því að þar rakti ég nokkuð það, sem ég hef við frv. að athuga. Ég gat þess þá, og er þeirrar skoðunar enn, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, fari inn á nokkuð óvenjulegar breyt., og hefði verið æskilegra, að tóm hefði gefizt til þess að athuga þær betur og vita, hvort ekki væri unnt að koma fram málinu í svipuðu formi fyrir framkvæmd þess og afgreiðslu með öðrum ráðum. T. d. hef ég talið og tel enn, að það væri æskilegt að þurfa ekki að taka mikinn hluta kostnaðarverðsins að láni, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég þykist sjá fram á, að margir muni á eftir koma og þess vegna sé hér farið inn á breyt., sem kannske verði erfitt að fóta sig á í framtíðinni, ef þessar reglur yrðu almennt úpp teknar. Ég gat þess einnig við 1. umr., og er enn sömu skoðunar, að langtum heppilegri vinnubrögð væri að reyna að fullgera fyrst þá vetrarleið, sem nú hefur verið unnið að að verulegu leyti, Krýsuvíkurleiðina, áður en byrjað er á framkvæmd þessa verks. Því að ég tel mig sjá fram á, þó að þetta frv. verði að l. og unnið verði eins og nú er gert ráð fyrir að lagningu vegarins, að þá verði vetrarflutningar milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur langt frá því tryggðir um næstu ár, en mundu vera það með því að nota sem svarar hálfu eins árs framlagi til þessa vegar til þess að fullgera þessa nauðsynlegu vetrarleið, sem áður hefur verið samþ. af Alþ., og munu margir vera sammála um nauðsyn þess.

Þá hef ég bent á, að það tímatakmark, sem þarna er sett, er svo þröngt, að tæplega sé hægt að ímynda sér, að hægt væri að fullgera veginn á svo stuttum tíma sem þar er gert ráð fyrir. Hins vegar hef ég lýst yfir sem minni skoðun, að ég væri sammála því aðalefni frv. að gera góðan bílfæran veg milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, eins fljótt og unnt væri og í alla staði á þann hátt, að fullnægt væri þeim kröfum, sem til hans væru gerðar. Fyrirvari minn, og að ég ætla einnig hv. þm. N.-Ísf., er þess vegna fyrst og fremst við það miðaður að reyna að koma frv. í það horf, að hægt verði að fara nákvæmlega eftir því í framkvæmd, því þótt æskilegt væri, að hægt væri að gera þennan veg á sem stytztum tíma, er til lítils gagns að setja svo stutt árabil, að fyrirsjáanlegt er, að tæplega er unnt að inna það af höndum á þeim tíma. Við höfum því orðið sammála um það, hv. þm. N.-Ísf. og ég, að flytja þá brtt. við 5. gr. frv., að í stað 6 ára, sem þar er gert ráð fyrir, komi 8 ár. Að öðru leyti geri ég ekki ráð fyrir, að ég muni standa að fleiri brtt. við frv. Ég vildi þó gjarnan skýra frá því, að ef ég á eitthvað með þessi mál að fara framvegis, mun ég reyna að undirbúa og gera ráðstafanir til þess, að ríkissjóður fái einhverja tekjuöflun, svo verulega, að ekki þyrfti að grípa til lánsheimildarinnar nema að sem minnstu leyti. Það tel ég nauðsynlegt. Hins vegar tel ég mjög nauðsynlegt, til þess að tryggja framgang málsins á þeim tíma sem hægt er að hrinda því í framkvæmd, að tryggðir verði einhverjir tekjustofnar í þessu skyni fram yfir lántökurnar. Ég er þeirrar skoðunar, að þó að þetta frv. verði samþ., þá eigi að reyna að flýta lagningu Krýsuvíkurvegarins meir en gert er ráð fyrir í fjárl., og mun ég fyrir mitt leyti vinna að því, að það verði gert, til þess að vetrarleið milli þessara staða verði tryggð eins örugglega og hægt er, hvort sem þessari vegargerð miðar áfram fljótt eða seint. En ég tel fyrir mitt leyti, þó að þessi vegargerð verði unnin, eins og hér er lagt til, að þá muni það sýna sig síðar, að full þörf er á Krýsuvíkurleiðinni til vetrarflutninga á snjóavetrum. Það er ég sannfærður um.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. n. sagði um það, að hann óskaði eindregið eftir, að hér yrðu engar breyt. samþ., er ég á annarri skoðun og vil eindregið leggja til, að þessi brtt. okkar hv. þm. N.-Ísf. verði samþ., því að þá tel ég, að frv. sé komið í það horf, að unnt sé að haga framkvæmdum að fullu í samræmi við það og ekki þurfi til fleiri breyt. að boða, því að varðandi Krýsuvíkurveginn má gera ráðstafanir um framkvæmdir með öðrum hætti. — Ég vil því leggja til við hæstv. forseta, að þessi brtt. okkar hv. þm. N.-Ísf. komi hér til umr. og atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 747) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil þakka hv. samgmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, og þarf ég ekki mörgum orðum um það að fara, því að ég get tekið undir það, sem hv. 10. landsk., frsm. n., lét hér ummælt um þetta mál. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve mikil nauðsyn er á þessari samgöngubót og hve mikill hluti þjóðarinnar á hér hlut að máli. Og þar að auki getur ekki heitið, að þetta mál sé neinn nýr gestur hér á Alþ., svo að engin ástæða er til að fjölyrða mjög um þetta.

Ég flutti hér á þingi fyrir áramót brtt. við fjárl. um fjárframlög til þessarar vegargerðar,

fyrstu greiðslu af sex. Sú brtt. var felld, eins og kunnugt er, og mun hafa verið álitið, að fjármunir væru ekki nógir fyrir til að samþ. slíka greiðslu. Mér þótti þetta miklu miður, vegna þess að þótt hér sé um nokkuð stóra upphæð að ræða, þá var hún, miðuð við þann mælikvarða, sem nú er á fjármunum hjá okkur, ekki svo ýkja há þegar tekið er tillit til þess, hve mikið nauðsynjamál er hér á ferð og hve mikinn hluta þjóðarinnar það snertir, hve gagnlegt og nauðsynlegt það er, bæði fyrir fólk hér vestan Hellisheiðar og eins fyrir þá, sem búa fyrir austan fjall. Ég sé nú á flutningi þessa máls í Ed., að nokkrir þeirra, sem greiddu atkv. gegn till. minni, hafa þó viðurkennt nauðsyn málsins með því að flytja þetta frv., og er það vitanlega góðra gjalda vert. Sá eini ljóður finnst mér þó á því, að þeir ráðh., sem málið heyrir undir, eru heldur andvígir þessu, og get ég að vísu talið það nokkurt vorkunnarmál, eins og ástatt er. Mér er sagt, að hæstv. fjmrh. hafi haft þau ummæli í Ed., að hann mundi ekki notfæra sér þessa heimild til lántöku. Og hæstv. samgmrh. mun einnig þar og að nokkru leyti hér hafa látið í ljós, að hann væri mjög ófús að framkvæma þetta verk með þessu móti, með lántöku. Þetta er í sjálfu sér ekkert furðulegt. Jafnmiklar lántökur og nú liggja fyrir þessu þingi, þá er það ekkert undarlegt, þó að ráðh., sem annast eiga framkvæmdir þessar og — að því leyti, sem hægt er að telja til ábyrgðar — eiga að bera ábyrgð á fjármálum landsins, kinoki sér við að bæta nú við lántökum ofan á það, sem fyrir er. Hins vegar get ég ekki á það fallizt, sem sumir halda fram, að komið geti fram hliðstæð dæmi um framkvæmdir í vegamálum hér á landi og menn geti með jafngóðum rökum talið, að taka beri lán til slíkra framkvæmda annars staðar. Því að enda þótt ég viðurkenni, að því fólki, sem þarna á hlut að máli, sé mikil nauðsyn á að fá bættar leiðir og lagða vegi, þá snertir það samt sem áður hvergi hér á landi jafnmikinn fjölda fólks né varðar jafnmiklu um bjargræði og fjárhagslega afkomu, svo að hérna stendur að þessu leyti öðruvísi á. Og þótt ég á engan hátt vilji leggja stein í götu þeirra, sem vilja umbætur í öðrum landshlutum — því að það er síður en svo, ég viðurkenni nauðsyn þeirra og vildi gjarna greiða götu slíkra umbótamanna —, þá verður þó að meta, hvar þörfin er mest, þar sem fjöldi fólks á bjargræði sitt undir því, að samgöngurnar geti haldizt, og fjöldi manna á jafnframt fjárhagslega afkomu sína undir því, hvernig um slíkar samgöngur fer. Ég vil því mega vona, hvað sem öðru líður, að þetta mál verði framkvæmt eins örugglega og ötullega og frekast eru tök til. Mér skildist á hæstv. samgmrh. hann vilja af sinni hálfu greiða fyrir því, að málið komist í framkvæmd, og það er vitaskuld höfuðatriði, þó að annars sé tryggt að fara þá leið, sem frv. að þessu leyti gerir ráð fyrir, að taka lán til framkvæmdanna.

Ég hef látið mér detta í hug aðra leið til að framkvæma þetta mál, þegar það brást, að Alþ. samþ. till. mína, sem ég bar fram hér á þinginu fyrir áramótin, upp á það að geta flýtt fyrir þessum framkvæmdum. Ég hef átt tal um það við hæstv. samgmrh. og mun nú ræða um það við hann nánar. Ég veit ekki, hvað um þessa leið kann að verða sagt, en ég ætla að nefna það við hann, og vel má eiga von á því, að við gætum borið saman ráð okkar og fundið leið til þess að tryggja öruggan framgang málsins með öðru móti en aðeins lántöku.

Ég skil vel, að hæstv. ráðh. vilji hafa nokkuð rýmri tíma með framkvæmdirnar, þó að það geti ekki skipt höfuðmáli, og skoða ég það frekar sem varúðarráðstöfun, að hann tiltekur 8 ár, heldur en að það eigi beinlínis að seinka framkvæmdum. Þannig vil ég skilja þessa brtt., og með þeim skilningi mun ég greiða henni atkv. mitt.

Hæstv. samgmrh. minntist á Krýsuvíkurveginn, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að þegar um snjóalög er að ræða, verður sú leið þrautalendingin milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Og þó að hinn nýgerði vegur verði að sjálfsögðu hærri, þá er samt engum vafa bundið, að á snjóavetrum verður hann gersamlega ófær bifreiðum. Það þýðir ekkert að blekkja sig með því, að hann verði alltaf fær, og þá er Krýsuvíkurvegurinn eina leiðin, sem alltaf verður snjólétt. Þess vegna ætti að snúa sér að því að fullgera Krýsuvíkurleiðina sem fyrst, enda ætti það ekki að þurfa að taka mjög langan tíma.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vona, að deildin taki málinu vel og það verði fljótlega afgreitt.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Þessi brtt. hæstv. ráðh. á þskj. 747, sem lýst hefur verið af honum sjálfum, er, eins og ég bjóst við, ekki veigamikil. Og ég held megi segja, að það sé meira formsatriði að vera að halda uppi fyrirvara og koma með brtt. en að það geti skipt nokkru máli um efnið sjálft. Það er vitað, eins og hv. 1. þm. Árn. kom að, að það hafa ekki allir verið ánægðir með framkomu þessa frv., og ef svo er, þá býst ég við, að hæstv. ráðh., eftir því sem honum hafa farið orð — og heyrði ég þó ekki allt, sem hann sagði, því að ég hef ekki alltaf verið við, — sé meðal þeirra, sem hafa haft einhvern ímugust á framkomu málsins. Ég skal ekki fara að rekja neitt sérstaklega nú þessar hvatir manna, en mér er í raun og veru óskiljanlegt, að nokkur skuli geta gert þetta árabil, 6 ár eða 8 ár, að nokkru atriði, sem ætti að verka þannig, að málið mundi tefjast meir fyrir það, að brtt. er fram borin, því að hún er gersamlega þýðingarlaus eins og ákvæði 5. gr. er, þar sem miðað er við, að nægilegt vinnuafl sé fyrir hendi og stórvirkar vinnuvélar. Og þegar hv. 1. þm. Árn. fór að tala um þessa óánægju, þessi leiðindi í sambandi við framkomu þessa máls, hélt ég, að hann mundi halda áfram og mæla með því, að frv. næði fram að ganga eins og það liggur nú fyrir, alveg breytingalaust. Og ef ég er hissa á því, að hæstv. ráðh. skuli álíta taka því að tefja málið með brtt., þá er ég meir hissa á því, að hv. 1. þm. Árn. skuli taka undir þetta, því að það heyrðist mér hann gera. Er þetta kannske ekki rétt hjá mér? (*JörB:* Jú, það er rétt). En þá vildi ég

mega spyrja: Er hér einhver, sem leiðist, að málið komi fram í þessu formi? Mér þætti mjög æskilegt að vita þetta, því að þetta er í raun og veru að deila um keisarans skegg, og það vil ég ekki. Og ég vildi ekki láta það hindra á nokkurn hátt þessa leið, þess verð ég nú að geta, þó að hins vegar megi segja, að ef tryggður er framgangur málsins og þessir tveir menn geta það, þótt áliðið sé, þá er það gott. En það hefur ekki alltaf verið þannig, að hv. 1. þm. Árn. hafi treyst hæstv. ráðh. til þess að vera með í því að framkvæma sín áhugamál. En það getur verið, að *þeir sameinist í því, og þá væri öllu vel borgið* að lokum. Ég neita því ekki, en þetta er alóþarft og óskiljanlegt af hálfu hv. 1. þm. Árn. að vissu leyti.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að segja, að ég undrast það heldur ekki að heyra þessar margendurteknu ástarjátningar þessara ræðumanna til Krýsuvíkurvegarins. En það var bara enginn, sem var að ráðast á hann, svo að þetta var líka óþarft. Annars vil ég segja það, að hvorugur þeirra getur um það sagt, hvort hinn nýi vegur um Þrengslin verður betri eða verri en Krýsuvíkurvegurinn, af því að reynsluna vantar, og styðjast þeir þar við ágizkun eina. En hvað um það. Ef menn við fullnaðarlausn slíkra mála geta verið nokkurn veginn sammála um framkvæmd þess, sem áður er byrjað á, og eins um framkvæmd hins, sem nú á að hefja, þá segi ég ekki meir um það og læt það gott heita og vona, að hæstv. ráðh. segi hið sama.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 10. landsk. sagði, en hann var að gera mér upp hvatir ýmsar í sambandi við þetta mál og sagði eitthvað á þá leið, að ekki væru allir ánægðir með, að frv. þetta hefði komið fram, og væri ég einn af þeim. Ekki veit ég, hvaðan honum kemur slíkt, og fær hann sjálfsagt upplýsingar um það hjá sessunaut sínum, sem hann notar tímann til að tala við. En hann hefur ekki um það neina hugmynd né heldur nokkurt leyfi þessi hv. þm. að segja, að ég sé í þeirra hópi, sem hafi ímugust á málinu. Ég hef lýst yfir því, að ég væri því mjög fylgjandi að leggja góðan veg milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, og ég hef aldrei haldið því fram, að Krýsuvíkurvegurinn ætti að verða neitt í þessa átt. Hinu hef ég aftur á móti haldið fram, að Krýsuvíkurvegurinn yrði miklu öruggari vetrarleið hvað flutninga snertir, sökum þess hvað hann verður miklu snjóléttari. Og ef þessi hv. þm. lifir, að þessir vegir verði báðir fullgerðir, sem ég vona, að hann geri, fær hann að sjá, að þessi spá mín reynist rétt.

Þá skal ég aðeins segja það, að það er ekki þýðingarlaust, hvort ákveðnar líkur eru fyrir því, að hægt sé að framkvæma málið á 8 árum, en ég efast um, að það sé hægt á 6 árum. Og hvers vegna þá að setja endilega svo þröngan stakk fyrir málinu, að það sé tvísýnt, hvort hægt sé að framkvæma það á þeim tíma? Ég geri ekki ráð fyrir því, þó að það komi 8 ár í staðinn fyrir 6 ár, að það verði til að seinka málinu, heldur verði unnið jafnt að því, hvor talan sem sett er, að það verði hægt að haga framkvæmdum í samræmi við lagasetninguna, það tel ég mikinn kost. Ég ætlast ekki til, þó að málið þurfi að fara milli d., að það þurfi að verða til þess að tefja það, og ég hef lýst því yfir, að ég er því hlynntur, að fullkominn bílvegur verði gerður hina styztu og beztu leið austur, og vona, að frv. nái þannig fram að ganga. En eins og hv. 1. þm. Árn. tók fram, er ég ófús til þess að fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir um lántökurnar, og ég mun vinna að því, að það verði reynt að afla fjár til þessarar vegarlagningar á einhvern annan hátt, sem tryggi það, að að málinu verði unnið að sem mestu leyti án þess að taka til þess lánsfé og án þess að það þurfi að tefja framkvæmdir, sem sagt, að lánsheimildin verði því aðeins notuð, að aðrar leiðir til fjáröflunar reynist ófærar.

Það var enginn að ráðast á Krýsuvíkurveginn, en það lá í mínum orðum, að ég vildi óska eftir því, að áður en mörgum árum væri varið til þessarar vegarlagningar, þá væri reynt að tryggja flutninga milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér þykir fyrir því, ef hv. 10. landsk. þm. vildi skilja það svo, að af því að ég hét fylgi við brtt. ráðh., þá vantreysti ég hv. 10. landsk. þm. til fylgis við málið. Það ber ekki að skilja það svo. En mér virtist það tryggilegra upp á framgang málsins, þar sem ekki er um meira atriði að ræða en fram kemur í brtt. hæstv. ráðh. og hann á, eftir því sem nú horfir, að annast framkvæmdina, að tryggja mér sem beztan stuðning hans við framgang málsins. Og þó að þykkjur okkar, hæstv. ráðh. og mín, fari ekki saman í mörgum málum, er ég þó þannig skapi farinn, að þegar um málefni er að ræða, sem eru mikilvæg, þá vil ég leita þeim liðs hvar sem er, ekki sízt ef það getur ráðið úrslitum málsins í framkvæmd. Nú hef ég heyrt það af munni hæstv. ráðh., að hann vill greiða fyrir því, að málið gangi í gegn. Og hvað áhrærir þessa brtt. og að málið þurfi að koma til Ed., þá held ég, að það geti ekki orðið málinu til stórvægilegrar tafar, því að ég ætla, að þetta mál hafi verið afgr., að mig minnir, með 12 shlj. atkv. frá Ed., svo að ég vantreysti ekki Ed. til að samþ. frv., þegar það kæmi þangað. Hv. 10. landsk. þm. viðurkenndi líka, að þetta væri að deila um keisarans skegg. Hann viðurkenndi með öðrum orðum, að þetta væri svo smávægilegt atriði, að úr því væri ekkert gerandi, og þá finnst mér, að það megi vænta þess, að hann geri heldur ekki mikið úr þessu atriði, *ef það gæti orðið til þess að tryggja framgang* málsins síðar meir í hinni verklegu framkvæmd.

Hvað Krýsuvíkurveginn snertir, þá hefur hæstv. samgmrh. tekið allt fram, sem máli skiptir, svo að ég fer ekki út í það. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vænti þess, að hv. 10. landsk. þm. láni sitt lið á sem allra beztan hátt til þess að málið fái sem bezta afgreiðslu.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það eru aðeins fáein orð út af síðustu ræðu hv. 1. þm. Árn. Hann hefur þegar fallizt á, að fyrir sér væri þetta um

keisarans skegg að deila. En þegar hv. þm. játar, að það sé keisarans skegg að breyta málinu, þá á hann heldur ekki að ljá lið sitt til þess að tefla málinu í nokkra tvísýnu, eins og er um hvert mál, sem ekki er afgr. skelegglega nú, þegar komið er að þingslitum.

En svo vil ég benda á það, sem markar einkennilegt viðhorf hjá hv. 1. þm. Árn., og það er, að hann sló því föstu, að hann vildi gera þetta fyrir hæstv. samgmrh., með því að hann ætti að framkvæma málið. Hann hefur m. ö. o. góðan vilja á því, að núverandi hæstv. samgmrh. sitji í næstu 6—8 ár yfir framkvæmd málsins í ráðherrasæti, en ég skal ekkert frekar um það segja. Í öðru lagi lagði hv. 1. þm. Árn. áherzlu á það, að þetta gæti ráðið úrslitum málsins í framkvæmd næstu 6—8 ár, og ber það að sama brunni, að það á að tryggja þennan veg með brtt. hæstv. ráðh., sem sé, að málið fengi þá afgreiðslu síðar meir í framkvæmd, sem öllum væri fyrir beztu. Þó að ég unni þessum hæstv. ráðh. alls góðs, get ég ekki heitið honum, eins og sakir standa, fylgi mínu í 8 ár, einkum ef svo er, að þeir, sem skelegglegast hafa barizt á móti núverandi stjórnarháttum í landinu, eru nú með í ráðum og vilja óbeint veita slíkan stuðning.

Jörundur Brynjólfsson: Það er venja hér á Alþ., að þm. tali svo um mál, að þeir séu ekki að gera grein fyrir því, hvað lengi ráðh., sem eru á hverjum tíma, muni sitja í ráðherrastólum hér á þingi, og þegar um framkvæmd er að ræða, gengur maður út frá því, að sá ráðh., sem situr, taki við framkvæmdinni, eftir því sem löggjöfin mælir fyrir um, og skiptir því ekki máli á hverjum tíma, hvort maður er stuðningsmaður ráðh. eða ekki. Þess vegna er þetta tal hv. 10. landsk. þm. út í hött. En mér þykir leiðinlegt, ef hv. 10 landsk. skoðar þessi mín fáu orð sem einhvern þröskuld í vegi fyrir því, að aðrir kæmust í þá stóla. Ég held því, að þetta tal hv. 10. landsk. þm. nálgist nokkuð nýju fötin keisarans, en ekki einungis keisarans skegg, því að þetta er fjarri öllu lagi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 747 felld með 17:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, LJós, ÓTh, PO, SB, SK, SÞ, StJSt, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, JJós, JPálm, BG.

nei: PZ, PÞ, SigfS, SG, SEH, STh, SkG, SvbH, ÞB, BÁ, BK, EystJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, IngJ.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

5.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Við síðustu umr. hér í d. bárum við hv. þm. N.-Ísf. fram brtt. við þetta frv., sem náði ekki fram að ganga, en hún var borin fram vegna þess, að ég taldi tæplega unnt að framkvæma l. eins og þau eru. Ég hef því hugsað mér að bera fram aðra brtt. við þetta frv. nú við þessa umr., en er ekki undir það búinn, því að málið var til umr. í gær, og hefði því helzt óskað eftir því, að hæstv. forseti hefði séð sér fært að fresta málinu til morguns.

Umr. frestað.

Á 109. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 571, 781).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. N.-Ísf. höfum leyft okkur að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 781. Hún fer fram á, að tímatakmarkið verði miðað við 7 ár í stað 6 áður. Er það millivegur, því að áður gerðum við till. um 8 ár. Það hefði e. t. v. verið ástæða til að gera fleiri brtt., en við látum þetta vera svo, en vonum, að þessi brtt. verði samþ., því að hún gerir mögulegra að framkvæma lögin.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Mér er í rauninni óskiljanlegt það kapp, sem lagt er á það af hálfu flm. brtt. við 5. gr. að fá þá breyt. á frv., sem þeir fara fram á. Þegar felld var brtt. þeirra í hv. d. um að hafa tímatakmarkið 8 ár, þá koma þeir nú með 7 ár. Þetta er einkennilegur þrái. 6 ár hljóta að vera áætlunartakmarkið, ef kleift á að vera að framkvæma verkið. Ef efni og ástæður leyfa, eins og frv. segir, þá yrði ekki verið að verkinu meira en 6 ár. Það kann að vera, að hægt hafi verið að færa rök fyrir því, að tímatakmarkið hafi verið of þröngt. En allra sízt mátti víkka það um eitt ár, því að eins árs munur gerir enga breytingu. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái þetta. Ég tala ekki fyrir munn n., heldur fyrir sjálfan mig. En ég geri ráð fyrir, að hjá meiri hl. n., sem vildi samþ. frv. óbreytt, standi við það sama.

Að öðru leyti vil ég ekki tefja umr. um þetta mál meira, og verða nú atkv. úr að skera.

ATKVGR.

Brtt. 781 samþ. með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, STh, SÞ, StJSt, ÞB, ÁkJ, EmJ, FJ, GÞ, GTh, IngJ, JJós, JPálm, JS, BG.

nei: PZ, PÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ.

4 þm. (SK, ÁÁ, EOl, HB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 808).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 831).

59. Fræðsla barna.

Á 14. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um fræðslu barna (þmfrv., A. 29).

Á 15. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 51., 52., 53. og 55. fundi í Nd., 11., 13., 14. og 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 29, n. 320, 321).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Frv. þetta er samið af milliþn. í skólamálum og er annað í röðinni af frv. þeim, er fjalla um fræðslumál. Menntmn. hv. Nd. hefur athugað frv. mjög rækilega. Fyrst var frv. lesið og rætt í sameiningu af menntmn. beggja d., en síðan tók menntmn. Nd. að sér að semja brtt. Þá hefur menntmn. deildarinnar rætt mál þetta við fræðslumálastjóra, og eru honum till. þessar kunnar, enda hefur hann gefið margar góðar leiðbeiningar.

Í höfuðatriðum er frv. þetta mjög líkt l. þeim, sem nú eru í gildi um þetta efni, en að sjálfsögðu hefur orðið að taka allt þetta til endurskoðunar vegna þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á skólakerfinu. Gert er ráð fyrir, að barnafræðslu ljúki nú einu ári fyrr en er í núgildandi l. Leiðir þetta af því, að skiptingin er önnur, þar sem skólaskylda heldur áfram, þótt barnafræðslunni sé lokið. Enn er eitt mikilvægt atriði, sem kemur til greina. Ráðgert er að auka framlög til barnaskólabygginga mjög verulega frá því, sem verið hefur. Skv. frv. þessu á ríkið að leggja fram ¾ hluta af byggingarkostnaði heimavistarskóla, en ½ til heimangönguskóla. Gildir hið sama um skóla í sveitum og kaupstöðum.

Þá mun ég víkja að einstökum brtt. frá n. á þskj. 321. Eins og ákveðið er nú í l., er skólaskylda bundin við 7 ára aldur. Þó er sú undantekning, að hægt er að veita undanþágu frá 7—10 ára, ef fræðsluráð samþ. Í frv. er gert ráð fyrir, að fræðslumálastjórn ákveði undanþáguna. En n. þótti rétt að færa það í það horf, sem nú er. — Ráðgert er, að hver sýsla og bæjarfélag sé fræðsluhérað út af fyrir sig. Ekki er hægt að sameina sýslu- eða bæjarfélög í eitt fræðsluhérað nema samþykki hlutaðeigandi fræðsluráðs komi til. Í frv. er ráðgert að leita álits fræðslumálastj., en n. þótti betur fara að binda það við samþykki fræðsluráðs. Svipað er að segja um sameiningu skólahverfa innan hvers fræðsluhéraðs. 4. brtt., við 12. gr., er naumast nema orðalagsbreyting. 5. brtt. felur í sér það ákvæði, að skólastjórar heimavistarskóla skuli ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma. Staða þessara kennara er ærið vandasöm. Þeir eru ekki einungis kennarar, heldur og forstöðumenn skólanna, eða allt í senn, fræðarar og umsjónarmenn. N. þótti því rétt að halda ákvæði hinna eldri l. hvað snertir skipun skólastjóra.

6. brtt. n. fjallar um það, að þegar kennarar hafa náð 55—60 ára aldri, megi fræðslumálastjórn fækka skyldustundum þeirra. Hér er um heimild að ræða, en ekki skipun, eins og var í frv.

7. brtt. er um umráðarétt yfir húsnæði skólans og munum hans. Ræður skólastjóri því, sem er í þágu skólastarfsins, en að öðru leyti kveður skólanefnd á um umráðaréttinn í samráði við skólastjóra.

8. brtt. fjallar um tölu barna, er komi á hvern kennara, og er yfirleitt miðað við fullan starfstíma kennara, sem er 9 mánuðir.

9. brtt. kveður svo á, að 25. gr. frv. skuli felld niður. Sú grein heimilaði fræðslumálastj. að flytja kennara milli skóla, ef aðstæður breyttust. Í frv. þessu er svo ákveðið, að kennarar verði embættismenn ríkisins, og því lítur n. þannig á, að þeir komi undir ákvæði stjórnarskrárinnar um flutning embættismanna. Því áleit n. ákvæði þetta gagnslaust, því að allt, sem bryti í bága við stjskr., mundi ekki fá staðizt í reyndinni, þótt í l. væri.

10. brtt. felur í sér brottfall á síðasta málslið 26. gr., þar sem ræðir um fræðslu- og gagnfræðahéruð, sem falla saman. Þessi breyt. leiðir af meiri breytingu í sambandi við þetta frv., sérstaklega hvað snertir gagnfræðanámið. Upphaflega lagði mþn. til, að landinu yrði skipt í sérstök hverfi. Menntmn. kom sér saman um að halda ekki þessari skiptingu, en fannst einfaldara, að landinu yrði skipt í fræðsluhéruð og síðan í skólahéruð. Því þótti nauðsyn, að síðasti málsl. félli brott.

11. brtt. er um kosningu skólanefndar. Skv. núgildandi l. fer kosning fram með tvennum hætti, eftir því hvar kosið er. Í kaupstöðum kjósa bæjarstjórnir skólanefndirnar, en í sveitum eru þær kosnar almennum kosningum eins og hreppsnefnd. Gert er ráð fyrir, að kosningin verði þann veg samræmd, að hreppsnefndir kjósi skólanefndir.

12. brtt. er við 31. gr. frv., þar sem rætt er um tillögurétt skólanefnda og skólastjóra um veitingu og val kennara að skólanum. Sjálfsagt er bezt, að skólanefnd og skólastjóri komi sér saman um, hvaða kennarar skuli valdir, en í frv. var tilgreint, að till. skólastjóra skyldu vera forgangstillögur. Þetta þótti n. óviðeigandi og leggur til, að það sé fellt brott.

13. brtt. er orðalagsbreyting. Eftir athugun þótti n. skaðlaust að fella orðin „í upphafi skólaárs" burt.

14. brtt. er við 39. gr., er tekur til, að starfstími heimavistarskóla í sveitum skuli vera 7 mánuðir, en þó er undantekning veitt, ef barnafjöldi er lítill, í samráði við till. fræðslumálastjórnar. Þannig háttar nú í nokkrum sveitum, að til eru skólar, sem reistir hafa verið fyrir allmörgum árum fyrir fremur lítinn nemendafjölda. Því þótti rétt að heimila fræðslumálastj. að stytta kennslutímann, þar sem svo hagar til, skv. till. viðkomandi skólanefndar í því skólahéraði. Þá þótti og sjálfsagt, að heimangönguskólar starfi jafnlengi og heimavistarskólar. Þá þótti og hentugt að skipta námstímanum í tvennt milli deilda, þannig að börn séu 12—14 vikur í skólanum, enda eiga skólastjórar að hafa eftirlit með heimanámi barnanna.

16. brtt. nemur á brott, að frídagar skuli ákveðnir með lögum. N. þótti betur fara, að um leyfi væri ákveðið í reglugerð.

Undanfarin ár hafa námsstjórar svokallaðir verið ráðnir til eftirlits með fræðslu barna í landinu. Hefur þetta gefizt vel, og þótti sjálfsagt að halda því áfram. En í 51. gr. frv. er landinu skipt „í 6 eftirlitssvæði hið fæsta," það þýðir, að það er möguleiki að fjölga þessum eftirlitssvæðum. En n. fannst réttara að fastbinda tölu þessa.

18. og 19. brtt. eru ekki efnisbreyt., en aðeins tilfærsla og smávegis orðalagsbreyt., sem ég tel ónauðsynlegt að skýra nánar.

Hef ég þá lokið við að gera stuttlega grein fyrir helztu atriðum brtt., og læt ég því máli mínu lokið.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað athugað þetta frv. sem skyldi, en það eru svo margir og stórir bálkar, sem berast nú að, að erfitt er að komast yfir að kynna sér til hlítar öll þau stórmál, sem hér eru á ferðinni.

Ég verð að segja það, að hvað snertir störf hv. menntmn., sem hefur haft þetta mál með höndum, virðist mér þau vera til bóta. Þær brtt., sem n. hefur gert, ganga í þá átt, sem ég hefði kosið, en á frv. virðist mér vera ýmsir gallar. Fyrst og fremst finnst mér frv. of mikið mótað af því sjónarmiði, að of mikið eru dregnir fram hagsmunir kennarastéttarinnar og þeirra, sem í höfuðstaðnum búa, en ekki nægilega mikið tillit tekið til þeirra manna, sem búa í sveitunum. Það er áberandi, hvað hér er alls staðar leitazt við að koma þeim mönnum út úr afskiptum af þessum málum, sem í sveitunum hafa hingað til starfað að þeim. Skólan. og fræðslun. í sveitum eru þurrkaðar út sem nokkurt áhrifavald samkv. frv., og er ætlazt til, að í stað þeirra verði skipaðar nokkurs konar fræðslun. fyrir heilar sýslur. Ég skil vel, að þetta er gert í ákveðnum tilgangi. Ástæðan er sú, að skólan. margar hverjar hafa verið mjög tregar á að taka undir þann söng, sem látlaust hefur verið sunginn um það, að börnunum, sem alast upp í sveitunum, sé stöðugt að fækka og þannig hljóti það ávallt að verða í framtíðinni, og væri því eðlilegt að stefna að því að færa þessi mál saman. Andstaða skólan. víðs vegar úti um land stafar af tvennu. Fyrst og fremst af því, að menn hafa ekki allir jafnsterka trú á því, að börnum verði í framtíðinni hrúgað saman á einum eða tveim stöðum í heilli sýslu, og í öðru lagi af því, að menn líta á skólamálin sem einn þáttinn í menningarstarfi hverrar sveitar og hann ekki svo ómerkilegan. Skólahúsin í sveitunum, þar sem þeim hefur verið komið upp, hafa á ýmsum stöðum orðið nokkurs konar miðdepill fyrir sveitina og skapað henni aðstöðu til þess að halda uppi félagslífi og skilyrði til aukinnar félagslegrar þróunar. Þetta hafa margir ekki viljað líta á, og það er þess vegna mjög verið að keppa að því að þrengja að þeim sveitarfélögum, sem reynt hafa að halda þessa götu, og þrengja þeim inn á aðrar leiðir. Ein af þeim — sem stefnt er að með þessu frv. — er sú að taka ráðin úr höndum skólan. og leggja þau í hendur nokkurra manna, þ. e. fjögurra, sem sýslufélagið kýs, og eins manns, sem fræðslumálastj. skipar. Það er bersýnilega gert ráð fyrir því, að þessir menn, sem þannig verða kosnir, verði þægari en skólan. í heild. Ég held, að allt þetta umstang þessara vissu manna, sem alltaf eru að reyna að þrengja að sveitunum á þessu sviði, sé sprottið af trú þeirra á því, að það ástand hljóti alltaf að haldast í sveitunum, sem því miður ríkir nú, að fólkið standi í stað hvað fólksfjölda snertir og að vonlaust sé, að byggðin í sveitunum haldi áfram. En ef menn hefðu þá trú, sem ég hef og eflaust margir aðrir, að fólkinu í sveitunum eigi eftir að fjölga og byggðin að þéttast, þá leiðir það af sjálfu sér, að það, sem virðist mjög sterkur tilgangur þessa frv., er bláber heimska, sem sé að keppa að því að draga þessi mál saman, því að þá rekur að því síðar meir að fara að endurreisa skólahús, sem nú er ætlazt til, að verði lögð niður.

Ég vil því eindregið biðja hv. menntmn. að taka til athugunar, að kostur manna verði ekki þannig þrengdur, að þeir verði ofurseldir geðþótta fræðslumálastj. eða annarra tveggja eða þriggja manna um skólamál sín, heldur að þeim verði veitt réttindi til þess að hafa íhlutun í þessum efnum.

Ég hef þegar tekið það fram, að ég felli mig vel við þær breyt., sem hv. n. hefur gert, og þær ganga frekar í þá átt að sporna við því, að fræðslumálastj. verði einráð í þessum efnum og geti sagt mönnum fyrir verkum, eins og mér skilst, að hafi verið tilgangurinn með frv. Ég tel aðeins, að n. hafi ekki gengið nógu langt. — Skal ég svo ekki fara lengra út í þetta mál, en vildi aðeins vekja athygli á þessu, sem ég hef nú drepið á, úr því að enginn annar hafði gert það.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég ætla að gera nokkrar aths. út af ræðu hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem var almennt um þetta mál, og drepa á ýmislegt, sem borið hefur á góma við umr. innan n. Ég verð að geta þess, að ég lít svo á, að nokkuð af aths. hv. 2. þm. Skagf. stafi af því, að honum hefur ekki unnizt tími til að kynna sér þetta mál til hlítar, og er það raunar

varla tiltökumál, því að við vitum allir, hve tímafrekt það er og erfiðleikum bundið að kynna sér öll mál rækilega, sem nú eru lögð hér fyrir hvert af öðru, og það stórir málaflokkar.

Hv. 2. þm. Skagf. lagði á það megináherzlu, að með þessu frv. væru áhrif og valdsvið skólan. svo að segja þurrkuð út. Ég held, að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt. Valdsvið skólan. verður samkv. þessu frv. mjög svipað og það er nú samkv. gildandi l. um fræðslu barna. Hins vegar er hér gert ráð fyrir því, að fræðsluráð verði kosið í hvert fræðsluhérað, sem er að jafnaði ein sýsla. Í l., sem nú gilda um fræðslu barna og sett voru 1936, er gert ráð fyrir því, að fræðsluráð sé kosið í hverri sýslu, og svo mun hafa verið gert samkv. þeim l. En þegar þau l. voru samþ., var ætlazt til, að þessi fræðsluráð í hverri sýslu yrðu sérstaklega eins konar fjhn. skólanna, þar sem stofna átti sérstaka skólasjóði, enda ákveðið, að sýslumaður hverrar sýslu skuli vera form. fræðsluráðs, og stafar það af því, að þeir áttu að hafa reikningshald þessara sjóða með höndum. Nú er sú breyting gerð samkv. frv., að fræðsluráð á að kjósa eins og í l. frá 1936, þannig að 4 fræðsluráðsmenn eru kosnir af sýslun. héraðsins, en sú breyt. verður gerð á því, að sýslumenn verða ekki sjálfkjörnir form. fræðsluráðanna eftirleiðis, heldur á að skipa þá af fræðslumálastj. Er þessi breyt. gerð í samræmi við það, að nú eiga störf fræðsluráðanna ekki að vera fyrst og fremst falin í fjárhagsgæzlu fyrir skólana, heldur eiga þau að vera eins konar menntamálan. hverrar sýslu fyrir sig. Eiga þau að hafa eftirlit og tillögurétt, ekki aðeins um barnafræðslu, heldur einnig um framhaldsskólanám, sem reynt verður að starfrækja innan hvers fræðsluhéraðs. Þessir menn, sem kosnir eru af sýslun. héraðanna, eru fyrst og fremst fulltrúar fólksins, sem héruðin byggir, og bera ábyrgð gerða sinna á tillögum sínum fyrir fólkið, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þess vegna er tæplega hægt að segja með réttu, að verið sé að ganga á hlut íbúanna í hverju héraði fyrir sig, þótt fulltrúar sýslun. eða sýslufélaganna eigi að velja sérstaka menn til þess að vera forsvarsmenn um þessi mál fyrir héraðsins hönd gagnvart fræðslumálastj. Það þykir eðlilegra, þegar ákveða á sameiningu skólahverfa einstakra sveita innan hverrar sýslu, að fræðsluráðin eigi þar þá fyrst og fremst tillögurétt gagnvart fræðslumálastj. f. h. héraðanna fremur en sýslun., þar sem þá kæmu til greina fleiri en ein skólan. í hvert sinn, ef um sameiningu ætti að vera að ræða frá því, sem nú er. Þess vegna álít ég, þegar það er athugað, hvernig fræðsluráðin eigi að vera skipuð, þ. e. nefnd, kosin af meiri hl. af fulltrúum fólksins, sem sé sýslun., og þegar litið er á það, hversu frv. afmarkar valdsvið fræðsluráðanna annars vegar og valdsvið skólan. hins vegar, t. d. vald þeirra yfir umráðum barnaskólahúsa og vald þeirra til þess að mæla með kennurum, sem sækja um kennara- og skólastjórastöður við skólana, þá hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu, að hér sé ekki mikil alvara á ferðum eða stórvægilegar breyt. frá því, sem er samkv. gildandi lögum. Á hitt vil ég þó benda, að menntmn. hefur í till. sínum fært þetta nokkuð betur í það horf, sem hv. 2. þm. Skagf. drap á, sem sé það, að samkv. till. n. er gert ráð fyrir því, að sameining skólahverfa og skipting fræðsluhéraða í skólahverfi geti ekki komið til greina nema samþykki fræðsluráðanna komi til, þ. e. a. s. þeirra manna, sem fólkið kýs til þess að hafa milligöngu og forsvar þessara mála. Samkv. frv. þurfti fræðslumálastj. aðeins að leita álits fræðsluráðanna, en samkv. till. menntmn. þarf samþykki þeirra að koma til. Ég vænti því þess, eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Skagf., að hann og aðrir hv. dm. fælli sig vel við þessa breytingu.

Annars er ekki hægt að ganga fram hjá því, þegar rætt er um þessi mál, að sameining skólahverfanna í sveitum er mikið vandamál. Mér er þetta fullkomlega ljóst, og ég get tekið það fram, að mitt sjónarmið um þau efni er ekki fjarri því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Skagf. En það er dómur þeirra, sem bezt þekkja til um þessi mál, bæði kennara og þeirra, sem um skólamál fjalla, að til þess beri nauðsyn að skipa þessum málum svo, að farkennsla leggist niður. Við höfum búið við farskólafyrirkomulagið um 40 ára skeið. L., sem fyrst voru samþ. um fræðslu barna, bera það með sér, að það fyrirkomulag hefur upprunalega verið miðað við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi, og það skoðað sem bráðabirgðafyrirkomulag, sem hlyti að hverfa, þegar sérstakt húsnæði yrði fyrir hendi. Í l., sem nú gilda um fræðslu barna, frá 1936, er líka svo ákveðið, að farkennsla skuli leggjast niður, þótt það hafi ekki tekizt enn að koma því að fullu í framkvæmd. Í þessu frv. er algerlega haldið á málinu á sama hátt. Þar er gert ráð fyrir því, að farkennsla falli svo fljótt niður sem verða má, en í hverri byggð rísi upp sérstök hús fyrir þessa starfsemi, sem geta jafnframt orðið félagsheimili þeirrar byggðar, sem að byggingu hússins stendur. Ég hygg, að það leiki ekki á tveim tungum, að þetta sé rétta stefnan í þessu atriði, en þegar svo á að taka ákvörðun um það, hvað sameiningin á að vera mikil í sambandi við þessa breytingu á aðstöðu skólanna, þá kemur margt til greina, og vissulega það sjónarmið, sem hv. 2. þm. Skagf. dró fram í ræðu sinni, en ég ætla ekki að rekja nánar en hann hefur þegar gert. Þá kemur og það til greina, hvað hægt er að gera fjárhagslega fyrir mjög fámenna og fátæka hreppa. Bygging slíkra húsa, sem hér um ræðir, hlýtur alltaf að kosta nokkurt fé, jafnvel þótt fjárhagsleg aðstoð ríkisins aukist samkv. því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En forráðamenn hreppanna verða að gera þessi mál upp heima fyrir með tilliti til þeirra gjalda, sem af þessu leiðir, og aðstöðu, sem er um þessi mál á hverjum stað. Það er líka gert ráð fyrir því í þessu frv., að sá háttur verði viðhafður — og minni ég enn á það, sem ég sagði áður í framsöguræðu minni, um ákvæðin um sameiningu o. fl., t. d. það, að heimilt er að hafa námstímann í heimavistarskólum styttri en 7 mánuði. Þetta er gert til þess, að ekki sé sjálfsagt, að sameiningin verði meiri en óskað er eftir í hverju héraði fyrir sig.

Ég hygg, að ég hafi þá drepið á öll megin-

atriðin, sem fram komu í ræðu hv. 2. þm. Skagf., og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, nema frekara tilefni gefist.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál, því að ekki bar margt í milli okkar hv. frsm., en vil þó aðeins bæta nokkrum orðum við.

Í 9. gr. frv. segir — með leyfi hæstv. forseta: „Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, þó skal hún ávallt leita álits hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, áður en skipting eða sameining hverfa er ákveðin."

Ég held, að það sé nokkurn veginn skýrt og sanni það, sem ég hélt fram, að frv., eins og það lá fyrir, stefndi að því að taka valdið úr höndum fólksins í sveitunum og leggja það undir fræðslumálastjórnina hér í Reykjavík, því að þótt svo sé um mælt, að leitað skuli álits hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þá eru engin ákvæði um það, að tekið sé tillit til þeirra. Þessu hefur n. breytt, og fyrir þetta var ég að tjá henni þakkir mínar, en tel aðeins, að hún hafi ekki gengið nógu langt. — Það er að vísu rétt, sem hv. þm. A.-Sk. sagði í framsöguræðu sinni, að þeir menn, sem kosnir eru fyrir heilt hérað til þess að hafa þessi mál með höndum, bera ábyrgð á gerðum sínum, og má treysta því, að þetta séu góðir og gegnir menn, en það er nú þannig, að í stórum héruðum er nokkur hætta á því, að þeir séu ekki svo kunnugir sem skyldi og þekki alls ekki til um hugi manna. Ég hefði því talið — án þess að ég vantreysti þessum mönnum, — það tryggilegra, að það væri a. m. k. algerlega tryggt, að fyrir lægi og fylgdi álit þeirra skólan., sem þetta snertir. Helzt hefði ég kosið, að skólan., sem þarna eiga hlut að máli, mættu með og legðu samþykki sitt á þetta, enda þótt fræðsluráðunum væri falin þar forganga.

Sameining skólahverfanna er mikið vandamál, og farkennslan er vandræðafyrirkomulag, sem á að hverfa, eins og hv. frsm. gat um. Aftur á móti hafa nú skapazt ýmsir möguleikar, sem ekki hafa verið tiltækir fyrr en nú á síðustu árum og gera það mögulegra í mörgum sveitum að láta börnin dvelja heima í foreldrahúsum heldur en áður var, enda þótt fjarlægðin frá heimangönguskólanum sé talsverð, og að unnt er að flytja börnin frá og til skólans og skipta þeim í aldursflokka. Eru þau þannig látin mæta í skólanum annan hvern dag og nota daginn á milli til þess að undirbúa sig undir skólavistina. Ég tel, að þetta sé mjög ákjósanlegt fyrirkomulag, sem sé að börnin eru ekki slitin frá heimilunum, heldur flutt þaðan til skólans og frá honum, eins og ég sagði áðan.

Hv. frsm. drap réttilega á það, sem ég minntist á í ræðu minni, að það væri mikilsvert hlutverk skólanna í því að mynda nokkurs konar miðstöð fyrir sveit sína og skapa þar aukið og betra félagslíf. Hann sagði í því sambandi, að það væri fjárhagsgetan, sem þarna réði miklu um. Þetta er rétt, en ég vil benda á það, að í mínum huga og margra annarra er þetta atriði stöðugt að verða æ mikilsverðara fyrir sveitirnar, sem sé það, að hver sveit eigi a. m. k. eina slíka miðstöð fyrir menningar- og félagslegt líf sitt. Ég vil halda, að ef eitt sveitarfélag getur ekki komið upp slíku heimili fyrir æskufólkið, þá er það ekki fært um að halda því í sveitinni. Unga fólkið gerir nú aðrar kröfur en gerðar voru í okkar ungdæmi. — Að svo mæltu ætla ég ekki að ræða þetta meira.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi minnast á eitt atriði í þessu langa frv. Í 14. gr. eru ákvæði um framlag úr ríkissjóði til stofnkostnaðar barnaskóla. Er þar fram tekið, hversu mikið þurfi að greiða til heimangönguskóla og heimavistarskóla. Í sömu gr. frumv. er talað um, að tryggja skuli skólastjóra íbúð, 3 herbergi og eldhús a. m. k. Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.

Í þessari gr. er þetta framlag nefnt ríkisstyrkur, og skilst mér, að til sé ætlazt, að sveitarfélögin komi upp þessum skólum, en ríkið veiti styrk, og skólahúsin verði eign sveitarfélaganna, eins og verið hefur. Þetta hefur verið svo, og húsin eru eign sveitanna, en bygging þeirra hefur verið styrkt úr ríkissjóði. Ég vil því minnast á og beina því til hv. menntmn., að ástæða væri til að setja inn í frumv. ákvæði um, að sveitarfélögin fái allar tekjur af skólahúsunum. Ég held, að það sé ekki tekið fram, og væri e. t. v. ástæða til að geta þess, til að fyrirbyggja misskilning. — Í launalögunum er tekið fram, að kennarar skuli borga húsaleigu eftir mati, þeir sem húsnæði hafa. Það eru tekjur, og það getur verið fleira, sem kemur til greina. Skólarnir eru oft notaðir til annars, meðan kennsla fer ekki fram, og getur verið um tekjur að ræða þar.

Í 15. gr. er tekið fram, að sveitarfélögum beri að greiða allan kostnað af húsum. Ég vildi því skjóta því hér inn, hvort ekki væri rétt að taka það einnig fram, að sveitarfélögin fengju einnig allar tekjur af húsunum.

Að svo stöddu ætla ég ekki að segja meira. Mér hefur því miður ekki unnizt tími til að fara eins rækilega yfir þetta frv. og skyldi, því að hér er um merkilegt mál að ræða.

Frsm. (Páll Þorsteinsson) Aðeins fáein orð. Ég er fús og mér er það ljúft að færa það í tal við n., sem hv. 2. þm. Skagf. benti á, að álit skólanefnda kæmi til við alla tilhögun framkvæmda í þessu máli. En um 2. atriðið, um farartæki til að flytja börn til skóla, þá vildi ég benda á, að í 14. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkið taki þátt í þeim kostnaði. Um það segir svo í 3. málsgr.: „Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geta ekki sótt heimangönguskóla nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs." Hvorki menntmn. né skólanefndir hafa látið þetta fram hjá sér fara. En þetta er algert nýmæli.

Út af þeirri aths., sem hv. þm. V.-Húnv. gerði við 14. gr. frv., þá vil ég taka það fram, að í þessu frv. eru engin ákvæði um eignarrétt sveitarfélaga á skólahúsunum, frekar en verið hefur.

Ég álít, að það sé ótvírætt, að litið sé svo á, að skólahúsin séu eign hreppanna, en það, sem ríkið leggur fram, er aðeins styrkur. Eins og frv. er nú, felur það ekki í sér neina breyt. á þessu. — Hv. þm. V.-Húnv. benti einnig á, að e. t. v. væri ástæða til að bæta því inn í frv., að allar tekjur af skólahúsunum féllu til hreppanna. Ég vil stuðla að því, að það verði athugað, áður en frv. verður sent frá deildinni. Ég vil og benda á, að þetta er aðeins 2. umr. og því enn tækifæri fyrir menntmn. og einstaka þm. að koma fram með brtt. fyrir næstu umr. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 321,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321,2 (ný 8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 321,3 (ný 9. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 321,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 321,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 321,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 321,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 321,9 (25. gr. falli burt) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 321,10 samþ. með 22 shlj. atkv.
26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 321,11 (ný 27. gr., verður 26. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
28.—30. gr. (verða 27.—29. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 321,12 samþ. með 22 shlj. atkv.
31. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
32.—35. gr. (verða 31.—34. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321,13 samþ. með 22 shlj. atkv.
36. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
37.—38. gr. (verða 36.—37. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 321,14 samþ. með 20 shlj. atkv.
39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321,15 samþ. með 24 shlj. atkv.
40. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321,16 samþ. með 23 shlj. atkv.
41. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
42.—50. gr. (verða 41.—49. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321,17 samþ. með 22 shlj. atkv.
51. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
52.—56. gr. (verða 51.—55. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 321,18 (ný gr., verður 56. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 321,19 samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 416, 427).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. flytur við þessa umr. tvær smábrtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, og eru þær prentaðar á þskj. 427. Mun nú verið að útbýta þeim í hv. þd. — Fyrri brtt. er um, að aftan við 9. gr. bætist svo hljóðandi mgr. (með leyfi hæstv. forseta): „Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.“ Er þarna gengið til móts við óskir, sem fram komu við 2. umr. málsins, til þess að tryggja íhlutun skólanefndanna heima fyrir sem mest, áður en skipting í skólahverfi er ákveðin. — Hin brtt. er við 14. gr., um, að eftir orðunum: „samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna“ bætist: „eftir meðaltali fimm síðustu ára.“ Það hefur komið í ljós við nánari athugun og n. verið bent á það, að það kæmi fyrir, að nokkrar sveiflur yrðu á um útgjöld einstakra sveitarfélaga, t. d. þegar fjársterk hlutafélög fara að skrásetja sig í sveitahéruðum, eins og dæmi eru um, og óeðlilegt er, að slíkar sveiflur hafi áhrif á skiptingu milli sveitanna á framlögum til skólanna. Og þess vegna er gert ráð fyrir því í þessari brtt., að kostnaðarhlutfall hreppa, sem eru saman um skóla, verði reiknað með tilliti til meðaltals síðustu fimm ára um tekju- og eignarskatt íbúanna.

Ég læt þessi orð nægja til skýringar þessum brtt., enda liggja þær ljóst fyrir eins og þær eru prentaðar á þskj.

ATKVGR.
Brtt. 427,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 427,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 20. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 432).

Á 69. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 630).

Frsm. meiri hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir og náð hefur samþ. hv. Nd. Eins og nál. á þskj. 630 ber með sér, hefur n. ekki orðið sammála um það. Meiri hl. vill samþ. það með lítils háttar breyt., eins og sést á þessu þskj., en minni hl., hv. þm. S.-Þ., hefur lýst sig andvígan því. Þessar breyt. eru litlar, en þó þótti n. sanngjarnt að taka tillit til þess atriðis, þar sem kemur til greina aðstöðumunur á heimavistarbarnaskólum og heimangönguskólum.

Nú segir í 14. gr. frv.: „Í skólahverfum, þar sem svo hagar til, að börn geta ekki sótt heimangönguskóla, nema þeim sé ekið til og frá skólastað, er heimilt að greiða styrk til kaupa á skólabíl, er nemi allt að þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs.“ Meiri hl. þótti sanngjarnt, að sömuleiðis skyldi greiða laun bifreiðarstjóra fyrir þann tíma, sem skólabíllinn starfar í þágu skólans. N. þótti það hliðstætt því ákvæði frv., sem er í gildandi l. um það, að ríkið greiði kaup ráðskonu við heimavistarskóla. Annað hefur meiri hl. ekki að athuga við frv. og mælir með því, að það verði samþ.

Bjarni Benediktsson: Ég afhenti hér í morgun brtt. við þetta frv. til skrifstofunnar, en þeim hefur ekki verið útbýtt. Ég hef þær þó hér í afriti, og gæti ég talað fyrir þeim, ef hæstv. forseti vildi leyfa það.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að ræða um þær brtt., sem ég hef flutt og eru fluttar í samráði við hv. flokksbræður mína, sem eiga sæti í n.

Brtt. eru að mestu leyti um það, að sá háttur haldist um yfirráð yfir skólum og eignum skóla og ráðningu starfsfólks til skóla, svo sem skólastjóra, kennara og ráðskonu, sem hefur verið, a. m. k. þar sem ég þekki til, í höndum sveitarstjórnar. En samkv. því frv., sem fyrir liggur, er ætlazt til þess, að þetta vald sé fengið í hendur annaðhvort beint til skólastjóra eða sumpart til skólan. og sumpart skólastjóra og skólan. Nú mætti að vísu segja, að þetta skipti ekki miklu máli, ef skólastjórar og skólan. væru ætíð í samræmi við vilja sveitarstj. á hverjum stað, en svo sem menn vita, þá er skipunarvaldið á skólastjórum algerlega í höndum fræðslumálastj., og fræðslumálastj. hefur líka svo ríka þátttöku í skipun skólan., að vera kann, að það sé annar meiri hl., sem ræður í skólan. en í sveitarstj., og meðan sá háttur er hafður á, þá sýnist mér það vera óeðlilegt að taka þetta vald úr höndum sveitarstj. og ekki sízt þar sem til þess er ætlazt, að meginhluti kostnaðar við starfrækslu skólans, annar en sá, sem stafar af föstum launum kennara, sé borinn upp af sveitarfélaginu, og það þess vegna eðlilegt, að sveitarstj. hafi endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

Fyrsta brtt. mín er við 11. gr., að hún falli niður, vegna þess að að efni hennar verður vikið í öðrum ákvæðum.

Brtt. við 15. gr. er um það, að aftan við gr. bætist: „Umráð skólahúsnæðis eru í höndum sveitarstjórna, en eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólan. komi til. Umráð húsgagna og annarra muna í þágu skólastarfsins eru í höndum skólastjóra, en eigi má hann ráðstafa þeim til notkunar utan skólans, nema samþykki skólan. og sveitarstj. komi til.“

Eins og menn sjá, þá er þarna gert ráð fyrir, að samþykki þessara aðila þurfi til þess að ráðstafa þessum eignum umfram venjulega meðferð til kennslustarfa, þannig að það þurfi ekki að óttast í þessu, að sveitarstj. muni misbeita því valdi, sem henni er fengið, vegna þess að það er tekið fram, að hún má ekki ráðstafa skólahúsnæðinu nema með samþykki skólan.

Þá legg ég til, að 3. málsgr. 21. gr. falli niður, og eins að orðið „starfsfólk“ í 5. málsgr. sömu gr. falli niður, þannig að skólastjóri eða skólastj. eigi ekki að hafa með höndum ráðningu annars starfsfólks en þess, sem kostað er af hálfu hins opinbera, því að hitt er að langmestu leyti kostað af sveitarstj. og því eðlilegt, að þær hafi þær ráðningar með höndum.

Þá er brtt. við 22. gr., um það að gr. orðist svo: „Ef sveitarstjórn óskar, getur hún skipað einn af kennurum skóla sem yfirkennara. Skal hann vera skólastjóra til aðstoðar í starfi hans. Allan kostnað við skipun yfirkennara skal greiða úr sveitarsjóði.“ Þetta er í samræmi við þá venju, sem hefur á komizt þar, sem yfirkennarar hafa verið skipaðir við barnaskóla, a. m. k. hér í Reykjavík, þá hefur þetta verið gert upp á kostnað sveitarsjóðs, og hann hefur ekki mælzt undan því að bera þennan kostnað. En þá er líka ætlazt til þess, að það sé sveitarstjórnin, sem ræður því, hver maðurinn er. Nú kunna einhverjir að segja, að það sé óeðlilegt, að sveitarstj. færu þannig að skipa beinlínis yfirkennara við skóla, en það er ekki, þegar litið er á, að þetta mundi ekki verða gert nema í hinum stærstu skólum, og þess enn fremur gætt, hversu þarna er varið miklum fjármunum frá sveitarsjóði, þá væri það óeðlilegt, að sveitarstj. fengi ekki neinu þar að ráða, en kostnaðurinn eigi eftir sem áður að greiðast úr sveitarsjóði. Sveitarsjóður leggur mikið fram af stofnkostnaði í fyrstu og ber ábyrgð á viðhaldi skólahússins og skólamuna. Allt þetta heyrir undir skólastjóra, og það er ekki nema eðlilegt, að sveitarstj. vilji hafa sérstakan trúnaðarmann í samstarfi við skólastjóra til þess að gæta þessara hagsmuna. Það verður hún að kosta. Hitt er svo alveg ljóst, að yfirstjórnin er, að svo miklu leyti, sem l. taka ekki til hennar, í höndum skólastjórnar og fræðslumálastjórnar. Það er aðeins þetta, að sveitarstjórn, sem er sá aðili, sem tekur verulegan þátt í kostnaðinum, er gefinn kostur á því að setja þar inn trúnaðarmann frá sér til þess að fylgjast með og gæta sinna hagsmuna sérstaklega. Þetta hefur verið gert hér í Reykjavík, og ég held, að segja megi, að það hafi gefizt ákaflega vel.

Ég vil þá minnast á þá menn, sem þessu starfi hafa gegnt, eins og t. d. Jón Sigurðsson, sem nú er skólastjóri í Laugarnesi. Hann hófst fyrst til

slíkrar stöðu sem yfirkennari Austurbæjarskólans. Þá má minna á núv. yfirkennara Austurbæjarskólans, Gísla Jónasson, sem var valinn af bæjarstj. sem yfirkennari þess skóla, og þá Elías Bjarnason, sem í mörg ár hefur verið yfirkennari Miðbæjarbarnaskólans. Þá má og minna á einn enn, Pálma Jósefsson, sem hefur gegnt því starfi síðan Elías lét af störfum. Í einu tilfelli varð ágreiningur þannig, að skólastjóri og skólan. vildu ráða þessu. Það féll í mál og skólastjóri og skólan. töpuðu því fyrir hæstarétti, vegna þess að hæstiréttur taldi rétt, að bæjarstj. hefði það vald.

Nú er ætlunin að ganga inn á þessa braut og svipta sveitarstj. þeim rétti, sem hæstiréttur taldi, meðan l. voru ekki sett um það, eðlilegt að væri hjá sveitarstj. Sveitarstjórnir hafa ekki mælzt undan því að bera kostnaðinn við þetta, og þykir mér eðlilegast, að sá háttur verði látinn haldast.

Þá er brtt. við 25 gr. frv., um það, að 4. málsl. orðist svo: „Í kaupstöðum á borgarstjóri eða bæjarstjóri sæti í fræðsluráði og er formaður þess. Utan kaupstaða er oddviti sýslun. formaður fræðsluráðs.“

Þetta er að efni til alveg staðfesting á því, sem nú er í l., en ætlunin er að breyta frá því, sem verið hefur, og ég sé satt að segja enga ástæðu til þess. Ég held, að hinu væri nær að breyta, skipun skólan., í þá átt, að sveitarstj. kysu þær allar, heldur en að fara að minnka rétt sveitarstj. svo mikið sem gert er ráð fyrir. Menn verða að gæta að því, að þótt ríkið beri meginhluta kostnaðarins af fræðslustarfseminni, þá er í raun og veru líka valdið í höndum þess til þessara mála, þar sem er fræðslumálastj., ráðh. og fræðslumálastjóri, sem hafa í raun og veru úrskurðarvaldið í öllum þessum efnum. Skólan. hafa aftur á móti ekki nema tillögurétt varðandi skipun kennara og skólastjóra. Og það væri miklu eðlilegra, að meirihlutavilji kæmi fram á hverjum stað í skipun skólan., en svo gæti fræðslumálastjórnin virt þann vilja að vettugi, ef hún vildi. Ég hef ekki farið svo langt, a. m. k. á þessu stigi málsins, að flytja brtt. um skipun skólan., þó að það geti komið til greina, en læt nægja að halda þessu í því horfi, sem það hefur verið, þannig að ekki sé lengra gengið á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga en fram að þessu hefur átt sér stað.

Þá er hér brtt. við 31. gr. um það, að upphaf gr. orðist svo: „Skólanefnd skal líta eftir, að“ o. s. frv., með því að ég álít, að skólastj. hafi fengið fjárveitingarvald úr sveitarsjóði, sem ekki getur átt sér stað eðli málsins samkvæmt. Skólan. á að vera eins konar keyri á sveitarstj. í þessum efnum og fylgjast með því, að hún fullnægi skyldu sinni, en ekki að taka sér framkvæmdavald í þessum efnum. Í samræmi við breyt. á orðalagi 31. gr. hef ég lagt til að fella niður 2. málsl. 32. gr., sem að vísu er endurtekning á því, sem nú stendur í l., en samkvæmt því á ágreiningur milli skólan. og sveitarstj. um greiðslur úr sveitarsjóði að úrskurðast af fræðslumálastjóra, þannig að þá getur fræðslumálastj. í raun og veru ákveðið greiðslur úr sveitarsjóði án þess að frekari lagaheimild komi til. Þetta álít ég ekki að geti staðizt. Það er auðvitað sveitarstj., sem hefur hverju sinni ákvörðunarréttinn til að greiða úr sveitarsjóði. Ef sveitarstj. hins vegar svíkst um að fullnægja skyldu sinni samkv. fræðslul., verður að athuga það með öðrum hætti, takist ekki með sættum að fá hana til þess, verður í síðasta tilfelli annaðhvort að höfða refsimál gegn henni vegna vanrækslu eða beita þvingunarvaldi samkvæmt sérstökum l., sem sett væru. En að hafa það svo, að það væri ekki lögbrot, þó að skólan. ákvæði greiðslu úr sveitarsjóði, þá væri gengið á rétt sveitarsjóðs meira en góðu hófi gegndi. Það má segja, að svipað ákvæði hafi verið í l. og ekki komið að sök, en úr því að verið er að gera það ákveðnara með því að breyta því, virðist mér rétt að spyrna við fótum og taka upp eðlilegan hátt í þessum efnum.

Þá er það viðvíkjandi 34. gr., ég legg til, að hún orðist svo: „Ef fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur verða ásáttar um það, skal í Reykjavík skipa fræðslufulltrúa, sem skal hafa með höndum þau störf, sem þessir aðilar semja um að fela honum, þ. á m. framkvæmd á ákvörðunum skólanefnda, eftir því sem við getur átt. Kostnaður af starfi fræðslufulltrúa greiðist að hálfu af hvorum, ríkissjóði og bæjarsjóði.“

Það er eftirtektarvert og lýsir í raun og veru dálítið andanum í þessu frv., að þetta starf fræðslufulltrúa í Reykjavík er nokkurra ára og var þá stofnað með samþykki bæjarstj. annars vegar og fræðslumálastj. hins vegar, og þessir aðilar hafa komið sér saman um að greiða hvorir um sig helming af þessu starfi, og mér er ekki kunnugt um neinn ágreining í þessu sambandi. Það þótti nauðsynlegt vegna þeirra miklu fjármuna, sem bæjarsjóður leggur fram í þessum efnum, að bæjarstj. hefði trúnaðarmann, sem hún gæti leitað til um yfirsýn yfir þessa hluti. En með þessu frv. er ætlazt til að taka manninn alveg af bænum, en láta bæinn borga mikinn hluta kostnaðarins. Ríkið á að vísu að launa manninn, en bærinn á að borga allt skrifstofuhaldið. Hann þarf því að vera skipaður eftir vilja bæjarstj. og fræðslumálastj., og þess vegna vilji beggja að koma til, eins og verið hefur fram að þessu og ég vil að haldist. Ég held, að það sé engum til góðs að viðhafa slíkar aðferðir eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Þá legg ég til, að aftan við 51. gr. bætist: „Sveitarstjórn ræður annað starfsfólk en kennara og ráðskonu heimavistarskóla, að fengnum till. skólan. og skólastjóra.“

Það er eðlilegt, að fastir kennarar og ráðskona heimavistarskóla, sem kostaðir eru af ríkinu, séu ráðnir af fræðslumálastj., enda á það að annast uppeldisstarfið. Annað starfsfólk, sem annast viðhald eignanna, en sá kostnaður er lagður á sveitarstj., sé ráðið af sveitarstj., eins og verið hefur. Og sama má segja um annað starfsfólk, sem er í kringum þetta. Sem sagt, það af starfsfólkinu, sem sveitarsjóður á að kosta að mestu leyti, er ekki nema rétt, að hún ráði sjálf, en ekki skólastjóri, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þá er það viðvíkjandi 54. gr., er snertir smá-

barnaskóla. Það er ráðgert í frv., að sveitarstj. sé heimilt að setja sjálfar slíkan skóla á stofn fyrir börn 6—8 ára gömul, og ef sveitarstj. setja sjálfar slíkan skóla á stofn, eigi að borga laun kennara úr ríkissjóði. Ég sé enga ástæðu til þess, að styrkur ríkisins sé bundinn við skóla sveitarfélaga, þar sem hér er ekki um skólaskyldu að ræða og einmitt reynsla fengin fyrir því, að starfsemi áhugamanna í þessum efnum er oft eins notadrjúg eða notadrýgri en þó að almenningsvaldið tæki að sér slíkar framkvæmdir. Auk þess, sem ég get nú skýrt frá því, að hér í Reykjavík hefur verið til undirbúnings þess háttar framkvæmd og sá maður, sem mest allra hérlendra manna hefur fengizt við smábarnafræðslu, hefur nú í hyggju að koma upp smábarnaskóla í samráði við foreldra þeirra barna, sem í skólanum eru, og með atbeina bæjarstjórnar. Mér sýnist rétt að takmarka styrk ríkisins við það, að bærinn geri þetta einn út af fyrir sig, þar sem vitað er, að ef bærinn á að fullnægja skyldum sínum samkv. fræðslul., þarf að byggja á næstu árum marga skóla, og þar sem svo stendur á, þykir mér ósæmilegt að slá á framrétta hönd bæjarins sjálfs til þess að láta af hendi fé til smábarnaskóla. Ég veit ekki, hvort sú skoðun verður ofan á í bæjarstj., en mér þykir rétt að hafa þann möguleika opinn og einskorða þetta ekki svo sem í frv. er gert.

Þá er það brtt. við 55. gr. um, að 2. og 3. málsl. falli niður, að ráða skuli sérstakan embættismann til þess að annast læknieftirlit með heilbrigði skólabarna. Mér sýnist, að þetta starf sé ekki annað en það, sem landlæknir og landlæknisskrifstofan á að inna af höndum, og verð ég að segja, að þó að menn þykist hafa fullar hendur fjár, verður að fara varlega í það að stofna æ ofan í æ ný embætti. Ég held, að slíkt eftirlit með heilbrigðismálum skólanna sé bezt komið hjá landlækni, sem menn bera fullt traust til, og ástæðulaust að sýna honum slíkt vantraust, með því að setja annan hálaunaðan mann til þess að gegna því starfi, sem landlæknir á nú að gera og ég vona, að hann hafi gert á óaðfinnanlegan hátt. Má segja, að þessi brtt. sé annars eðlis en hin brtt., sem lýtur að því að vernda rétt sveitarfélaganna, en þessi lýtur að því að reyna að gæta varúðar í sambandi við fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Og þó að segja megi, að ekki muni um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni, þó að eitt embætti sé stofnað enn, þá má fara varlegar í það en hér er gert, og ætti í öllu falli að sjá til, hvort landlæknisskrifstofan getur ekki gegnt þessu skylduverki eins og öðrum. Vona ég, að þessar brtt. berist svo snemma, að þær geti orðið teknar fyrir við umr. málsins, og vil ég þakka hæstv. forseta, að hann leyfði mér að mæla fyrir þeim, áður en þær eru fram komnar, og verð ég að segja, að ég er undrandi yfir því, hve seint þær berast.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að ræða þau atriði, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur rakið hér, en hann hefur rakið hér allýtarlega ýmis atriði frv. Ég er honum mjög sammála um þær breyt., sem hann hefur borið fram, enda höfum við átt um það samræður. En ég vil auk þess minnast hér á einstaka atriði, sem hann minntist ekki á né hefur borið fram brtt. við, og vildi ég gjarnan óska þess, að hv. frsm. tæki það til athugunar og færi svo fram á, að þessari umr. væri frestað til þess að ræða um það við menntmn., bæði þau atriði, sem ég mun benda á, og eins þær brtt., sem þegar hafa komið fram frá hv. 6. þm. Reykv., þannig að vitað verði, áður en þessari umr. lýkur, hve langt menntmn. treystir sér til þess að ganga að okkar óskum, eða hvort hún treystir sér til að ganga nokkuð á móti þeim. Teldi ég þetta eðlilegra en að láta frv. ganga til 3. umr. og láta bera fram margar skrifl. brtt. á síðustu stundu.

Fyrsta till., sem ég mun setja fram sem brtt., er við 2. gr. Ég hef hér á þskj. 518 borið fram brtt. við annað frv., um, að fræðsluskylda skuli ná til barna á aldrinum 7—14 ára, og í sambandi við þá brtt. mun ég bera fram brtt. við 2. gr. Verði það fellt hér, ef það kemur til atkv., áður en mín brtt. við hitt frv. verður borin upp, mun ég að sjálfsögðu draga þá brtt. til baka.

Næsta brtt., sem ég mun flytja, er við 14. gr., og ég er satt að segja hissa á því, að hv. 6. þm. Reykv. skyldi ekki minnast á það atriði. Mér finnst það vera svo þýðingarmikið atriði, að það þurfi íhugunar. Í 14. gr. frv. stendur, að hverju skólahúsi skuli fylgja íbúð fyrir skólastjóra, 3 herbergi og eldhús að minnsta kosti. Þetta er ný kvöð, sem lögð er á sveitarfélög annars vegar og ríkissjóð hins vegar. Eftir að búið er að bæta kjör kennara miklu meira en laun allra annarra manna í landinu, svo að stærsti hlutinn af launahækkuninni á s. l. ári fer til kennarastéttarinnar, þá er komið hér og óskað að fá það lögbundið í fræðslukerfið, sem á ekkert skylt við þetta mál, að byggt sé yfir hvern skólastjóra. Ég tel þetta ranglega hugsað. Vitanlega segir það sig sjálft, að sumir skólastjórarnir eru einhleypir menn, en aðrir eiga kannske 5—6 börn. Ég er alls ekki kominn til með að segja, að allir skólastjórar gerðu sér að góðu að hafa 3 herbergja íbúð. Það er meir en hugsanlegt, að sumir þeirra vildu hafa 5—6 herbergja íbúðir. Ég vil þess vegna, að þessi ákvæði séu felld niður. — Í þessari sömu grein stendur enn fremur: „Heimavistarskólum skal einnig fylgja íbúð eða íbúðir fyrir kennara. Íbúðir skólastjóra og kennara teljast með í stofnkostnaði skóla svo og nauðsynlegustu skólahúsgögn.“ Nú vildi ég eindregið mælast til þess, að menntmn. taki þetta mjög til athugunar. Þetta mun auka stórkostlega útgjöld ríkissjóðs annars vegar og útgjöld sveitarsjóða hins vegar. Og þegar það er athugað, að ríkissjóður og sveitirnar hafa ekki einu sinni getað uppfyllt þær skyldur sínar að byggja skólahúsin sjálf, þá sýnist engin sanngirni mæla með því, að á þeirra herðar verði lögð sú byrði að byggja yfir skólastjórana, sem samkv. launal. hafa hlotið meiri kjarabætur en nokkur önnur stétt.

Þá er það 17. gr., sem ég ber fram brtt. við, en hún er um það, að engan megi setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, sé eigi haldinn næmum sjúkdómi og hafi óflekkað mannorð. Það er nú að færast í það horf, að prestar hætti

að búa, og hafa þeir þá margir tekið að sér að annast barnafræðsluna jafnhliða prestsstörfunum. Og þá tel ég vitanlega alveg fráleitt, að þeir mættu ekki vera kennarar við skólana nema í kristnum fræðum, svo að ég álít, að nauðsynlegt sé að breyta þessu. Ég vil benda á, að ekki er langt síðan prestur tók að sér skólastjórn úti á landi og leysti það starf betur af hendi en almennt gerist hjá kennurum, án þess að ég vilji í hinu minnsta álasa þeirri stétt.

Þá tel ég, að 18. gr. ætti að falla niður. Ég tel, að það séu reglugerðarákvæði, sem geta breytzt, eftir því sem tímarnir breytast, og ég held, að hvergi standi í l. ákvæði um kennslustundir, hve margar þær skuli vera í viku eða hve margar mínútur í einni kennslustund. Mér finnst þessi ákvæði ástæðulaus og að þau eigi ekki heima í lögum.

Þá stendur hér í 25. gr. frv., að í hverju fræðsluhéraði skuli vera fræðsluráð skipað 5 mönnum. Ég get ekki séð af frv., hvaða aðilar eiga að greiða þennan kostnað eða hvað launin eigi að vera há hjá fræðsluráði. Í frv. stendur, að sveitarsjóðir greiði kostnað við störf skólanefnda, og í 34. gr. segir, að bæjarsjóður skuli greiða skrifstofukostnað fræðslufulltrúa, en ég fæ ekki séð, hver á að greiða kostnað við fræðsluráð eða hve mikið skuli greitt. En annars er þetta til athugunar fyrir hv. frsm.

Þá er það 30. gr. frv., sem mér skilst, að þurfi mjög að breyta. Hér eru ekki viðkomandi aðilar, sem eiga að veita þetta embætti, skyldir til að taka tillit til tillagna þeirra aðila, sem um getur í frvgr. Skal ég tilfæra sem dæmi, að á einum stað stendur nú mikill styr um skólastjórastöðuna, þar sem skólanefnd alveg eindregið mótmælir skólastjóra þeim, sem fræðslumálaráðherra þvingar upp á þennan skóla. Hann hafði að vísu gengið inn á samkomulag um, að hann skyldi sitja til reynslu í eitt ár, en síðan hefur sóknin harðnað að koma manninum í burtu, og fæst engu um þokað, heldur er þessum manni þvingað upp á skólanefndina þrátt fyrir mótmæli allra þeirra aðila, sem að því standa. Ég tel, að þegar menn hafa reynslu í þessum efnum og þess er gætt, að skólastjóri getur verið misindismaður rétt eins og aðrir, — hann getur t. d. verið drykkfelldur eða vandræðamaður að einhverju leyti, — þá eigi viðkomandi ráðherra ekki, þó að kannske sé vinur hans eða flokksbróðir, að hafa vald til þess að skipa hann til að gegna stöðunni móti vilja allra annarra.

Þá er það í sambandi við lækniseftirlitið. Ég vil taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að það ákvæði verði alveg fellt niður, að skipaður skuli sérstakur maður í þetta embætti. Og ég vil í þessu sambandi benda á, að mér er óskiljanlegt, hvernig þetta er hugsað, hvort menn hugsa sér að losa héraðslæknana við þetta starf, sem þeir hafa þó gegnt hingað til úti á landi. Og mér hefur heyrzt, að venjulega sé það svo, þegar illa gengur að fá lækna út á land, að þá stafi það ekki af því, hvað þeir séu illa launaðir, heldur af hinu, að þeir hafi of lítið að gera. Og svo ætti að fara að taka starfið að nokkru leyti af þessum mönnum, til þess að láta þá hafa enn minna að gera til enn meiri kostnaðar fyrir ríkissjóð. Ég vil enn fremur benda á, að í frv. um almennt eftirlit eru gerðar viðtækar ráðstafanir um heilbrigðiseftirlit, svo að ekki er ástæða til að gera það í þessari grein, og mætti gr. því að skaðlausu falla burt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, því að hv. 6. þm. Reykv. hefur rætt ýtarlega ýmsar aðrar greinar frv., og er ekki ástæða til að endurtaka það. Ég vil aðeins eindregið mælast til þess, að menntmn. ræði þessi atriði, sem fram hafa komið, og forseti fresti 2. umr., til þess að þetta verði athugað, áður en gengið er til atkv. um málið.

Frsm. meiri hl. (Ásmundur Sigurðsson): Með því að þessar till. hv. 6. þm. Reykv. liggja ekki fyrir, þá vildi ég gjarnan fara þess á leit við hæstv. forseta, að umr. verði frestað.

Bjarni Benediktsson: Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði viðvíkjandi íbúðum skólastjóra, a. m. k. að því er tekur til hinna stærri kaupstaða. Ég sé enga ástæðu til að hafa þetta ákvæði í l. um þessa embættismenn frekar en marga aðra, t. d. héraðsdómara. Og að því er snertir Reykjavík hefur reynslan orðið sú, að þar, sem þessu var í upphafi þannig fyrir komið, að skólastjórarnir höfðu íbúðir í sjálfum skólunum, hafa þeir nú allir flutt úr þeim íbúðum, þannig að enginn skólastjóri býr nú í skólunum, þar eð þeir hafa talið óheppilegt að hafa slíkar fjölskylduíbúðir í sjálfum skólunum. Ég vil benda á, að í hinum nýju skólum, Laugarnesskólanum og Melaskólanum, sem mjög mikið hefur verið lagt í, eru engar skólastjóraíbúðir, og er það í beinu samráði við skólastjórana sjálfa, sem hafa talið það óheppilegt að hafa slíkar íbúðir í skólunum. Ég sé nú ekki, hvaða ástæða er að skylda fremur sveitarsjóði til að leggja þessum mönnum til íbúðir. Raunar kann að vera annað viðhorf úti um land, en ég vil taka undir með hv. þm. Barð., að n. ætti að athuga þetta betur í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 432, n. 630, 648).

Frsm. meiri hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil hér ræða nokkuð um brtt., sem fram hafa komið við frv. það, sem hér liggur fyrir. En þær eru í 11 liðum. Sumar þeirra hafa áhrif á veigamikil atriði, og get ég ekki fellt mig við það og mun því standa á móti þeim. Vil ég nú víkja nánar að hinum einstöku brtt.

1. brtt. er við 11. gr. og mælir svo fyrir, að gr. falli niður. Gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi er heimilt að leyfa notkun skólahúsnæðis, nema samþykki skólanefndar og skólastjóra komi til.“

Ég sé ekki, til hvers á að banna þessum aðilum að taka afstöðu um þetta. Ástæðan er þó sú, að efni gr. komi inn í 15. gr. Hv. 6. þm. Reykv. leggur til, að umráð skólahúsa séu í höndum sveitarstjórna. Ég vil benda á það, að þó að

þetta ákvæði væri framkvæmanlegt á sumum stöðum, þá er það óframkvæmanlegt annars staðar. Hér í frv. er að því stefnt, að fleiri hreppar sameinist um eitt skólahús, og gætu þá t. d. umráð yfir því lent í höndum 4 sveitarstjórna, en hver maður sér, að slíkt yrði algerlega ótækt. Aftur á móti væri mjög heppilegt, að umráðin yrðu í höndum skólanefndar, sem í þessu tilfelli yrði kjörin af 4 sveitarstjórnum.

Þá er næst brtt. við 21. gr. frv. og fjallar um það, að 3. málsgr. falli niður, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skólastjóri hefur umráðarétt yfir húsnæði skólans og munum í þágu skólastarfsins. Að öðru leyti hefur skólanefnd í samráði við skólastjóra umráðaréttinn, en verði ágreiningur þeirra á milli, sker fræðslumálastjórn úr."

Hér er um að ræða að fella niður ákvæði um, að skólastjóri hafi einhvern umráðarétt yfir húsnæði, ásamt skólanefnd, en fari til sveitarstjórnar. Enn fremur er svo þessi brtt. um, að úr síðustu mgr. falli niður orðin „og starfsfólk." Þá á skólastjóri ekkert að hafa með að gera ráðningu starfsfólks.

Þá er brtt. um, að sveitarstjórn skuli geta ráðið yfirkennara. Þetta hefur verið hefð við stærstu skóla, að þar séu yfirkennarar. En hér á að rifta þessari hefð. Mér finnst það skrýtið að leggja það í vald sveitarstjórnar, hvort yfirkennari skuli vera við barnaskóla. Enn fremur virðist mér í þessu gæta nokkuð misskilnings á hlutverki yfirkennara. Hann á að vera aðstoðarmaður skólastjóra, en ekki einhvers konar fulltrúi sveitarstjórnar. Starf yfirkennara er nánast hliðstætt starfi skólastjóra, og er þá aðeins stigsmunur á því, að sveitarstjórn fari að skipa skólastjóra. Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess, að sveitarstjórn eigi sérstakan fulltrúa innan skólastjórnar.

Því næst er brtt. við 25. gr. frv., þar sem lagt er til, að bæjar- eða borgarstjóri skuli eiga sæti í fræðsluráði í kaupstöðum, en utan þeirra oddviti sýslunefnda, og séu þeir formenn ráðsins.

Í núgildandi l. um fræðslu barna er svo ákveðið, að fræðsluráð skuli skipað. Er í þeim l. ákvæði um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði, og skal sá síðarnefndi stofnaður með tillagi frá sýslusjóði, en fræðslusjóður greiðir sameiginlegan kostnað við fræðsluna. Það er því ekki óeðlilegt, að sýslumenn eða bæjarstjórar eigi sæti í fræðsluráði. En þetta hlutverk er nú breytt og því ekki lengur ástæða til þess, að þessir menn séu formenn fræðsluráða. Víða úti á landi mundu þá sýslumenn geta orðið formenn margra fræðsluráða. Sýslumaður gæti auðvitað skipað formenn fræðsluráða, en ekki virðist meiri ástæða til þess að hann geri það en fræðslumálastjórnin. Það virðist því mjög eðlilegt, að fræðslumálastjórnin skipi formenn skólanefnda. (*BBen:* Það er alls ekki viðurkennt af öllum.)

Þá er brtt. við 31. gr. frv. og hljóðar um, að upphaf gr. orðist svo: „Skólanefnd skal líta eftir" o. s. frv. Ég sé ekki, hvaða ástæða er fyrir þessari brtt., því að í öllum eða flestum tilfellum mundi það lenda á skólanefndum að annast um þetta, kannske eitthvað í sambandi við sveitarstjórnir. Er skólanefnd alltaf kunnugust því, hvaða útbúnaður er nauðsynlegur.

Hér kemur svo brtt. við 32. gr. um það, að 2. málsl. falli niður. Mér er ekki ljóst, hvað hv. þm. meinar með því að fella þetta burt, því að ef ágreiningur verður milli skólanefndar og sveitarstjórnar, verður einhver aðili að vera til þess að skera úr þeim ágreiningi, svo að skólahald stöðvist ekki.

Þá er brtt. við 34. gr., er hún orðuð alveg um og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur verða ásátt um það, skal í Reykjavík skipa fræðslufulltrúa, sem skal hafa með höndum þau störf, er þessir aðilar semja um að fela honum, þ. á m. framkvæmd á ákvörðunum skólanefnda, eftir því sem við getur átt. Kostnaður af starfi fræðslufulltrúa greiðist að hálfu af hvorum, ríkissjóði og bæjarsjóði."

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að þetta starf er þegar orðið staðreynd. Þegar fyrir 2 árum var þetta embætti stofnað, og virðist þetta starf svo nauðsynlegt, að ekki sé hægt að leggja það niður. Það er a. m. k. í hæsta máta óviðfelldið að setja þetta ákvæði. Starf fræðslufulltrúa yrði nokkuð hliðstætt og skólanefnda í sveitum, og er því eðlilegt, að bæjarsjóður greiði skrifstofukostnað hans. En að svo miklu leyti sem hann telst fulltrúi fræðslumálastj. hér, sem nokkurs konar námsstjóri, virðist eðlilegt, að ríkissjóður greiði laun hans, enda er fram tekið í frv., að þau skuli ákveðin í launal.

Þessu næst er brtt. við 55. gr. frv. um það, að 2. og 3. málsl. falli niður. Þessi gr. fjallar um heilbrigðiseftirlit í skólum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lækniseftirliti með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Heimilt er skólayfirlækni að fela heilsuverndarstöðvum, þar sem þær eru starfandi, eftirlit þetta."

Ég vil geta þess núna, að landlæknir hefur um mörg ár barizt fyrir því, að þessi háttur yrði upp tekinn, enda hefur hann tíðkazt í nágrannalöndunum og bendir til framfara. Skoðun hv. 6. þm. Reykv. er sú, að nægilegt sé eins og nú er, að héraðslæknar hafi þetta starf með höndum. En það er nú svo, að enda þótt börn hafi sloppið í gegnum læknisrannsókn, þá hefur það komið fyrir, að þau hafa verið með berkla, þegar þau hafa komið á heilbrigðisstöð hér í Reykjavík. Þetta mundi hafa minnkandi kostnað í för með sér.

Þó að ég sé yfirleitt andvígur brtt. hv. þm., þá hef ég samt borið fram í n. brtt. til miðlunar. Vil ég leyfa mér að lesa upp till. og afhenda forseta síðan skriflega, því að tími hefur enn ekki unnizt til þess að prenta þær.

Við 22. gr. ber ég fram svo hljóðandi brtt.: „Í stað inn fyrir síðasta málsl. (laun yfirkennara .... í launalögum) komi: Yfirkennarar skulu vera einum launaflokki lægri en skóla-

stjórar hlutaðeigandi skóla." — Ég vil benda á, að þegar frv. þetta var upphaflega samið af mþn., þá höfðu launalögin ekki verið samþ. og því ekki ákveðið, í hvaða launaflokki yfirkennarar væru, en nú munu þeir vera einum lægra en skólastjórar.

Við 34. gr. frv. er ég með svo hljóðandi brtt.: „Síðasti málsl. orðist þannig: Laun hans skulu greidd úr ríkissjóði skv. 6. launaflokki, en bæjarsjóður greiðir skrifstofukostnað hans." Með þessu er fræðslufulltrúi settur í sama launaflokk og skólastjórar stærri skóla.

Ég vil þá loks í fáum orðum snúa mér að aths. hv. þm. Barð., er hann gerði síðast við frv. — Fyrsta atriðið er það, að í stað 7—13 ára skólaskyldu komi 7—14 ára, og vill hann þar með koma í veg fyrir lengingu skólaskyldualdursins. Enn fremur er hér verið að brengla öllum grundvelli skólakerfisins. Þetta mundi sérstaklega koma hart niður á börnum í sveitunum.

Ef þetta væri lögfest, gildir það það, að allmikill hluti af börnum í sveit yrði útundan þeirri aukningu á fræðslu, sem ákveðin er í frv., vegna þess að það mundi miklu frekar verða látið sitja við það, að þau fengju þessa lögskipuðu fræðslu til 14 ára aldurs. Hitt er nokkurn veginn öruggt, að í kaupstöðum yrði þessu ákvæði um lengingu skólaskyldualdursins nokkurn veginn fylgt, jafnvel þó það væri ekki lögfest.

Þá er það annað atriði, að hv. þm. taldi ekki ástæðu til þess að láta íbúð fylgja skólahúsnæði. Það er þegar í l. um heimavistarskóla, að það skuli fylgja skólahúsnæðinu íbúð fyrir skólastjóra, og það hefur reynzt ómögulegt annað en að hafa það svo. Nú gildir þetta einmitt um þessa skólastjóra og kennara heimavistarskólanna, að þeir eru ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma. Og þess vegna er ómögulegt að ætlast til þess, að þeir geti farið að byggja hús yfir sig, þar sem þeir eru settir án þess að hafa nokkra vissu fyrir því, að þeir fái starfið áfram. Í öðru lagi vildi ég benda á það, að með því, að vel sé búið að þeim mönnum, sem taka við þessu starfi, er miklu fremur hægt að tryggja það að fá hæfa menn til þessara starfa en annars.

Hv. þm. Barð. var að tala um það hér og mæltist til þess við menntmn., að hún bæri fram brtt. um það, að sér fyndist rétt, að í 17. gr. frv. í fyrri málsgr., á eftir orðunum „nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi", komi: eða öðru samsvarandi prófi. En í 17. gr. er tekið fram, að engan megi setja eða skipa kennara við barnaskóla, nema hann hafi lokið viðurkenndu kennaraprófi, o. s. frv. Þessi hv. þm. sagði, að prestar hefðu kannske sumir ekki það mikið að gera, að þeir gætu vel tekið þetta starf að sér. Má vera, að svo sé sums staðar. En ég hef bent á, að um lengri tíma hefur það ákvæði gilt viðkomandi menntun kennara, að til þess að hafa kennararéttindi, verða þeir menn að hafa lokið sérstöku prófi í uppeldisfræði og kennslufræði við Kennaraskólann. Nú hafa margir stúdentar einmitt lesið þessar námsgreinar við Kennaraskólann og þar með tekið þetta próf. Og þetta stendur opið fyrir þeim stúdentum, sem vilja taka að sér barnakennslu, að taka þetta próf við Kennaraskólann. Þetta er tiltölulega stutt nám til viðbótar við stúdentspróf. Og þegar stúdentar hafa lokið því, geta þeir tekið að sér að vera skólastjórar við hvaða barnaskóla sem er á landinu.

Þá vill hv. þm. Barð., að 18. gr. frv. falli niður, af því að ákvæði hennar eigi að vera reglugerðarákvæði. Þessi gr. er um fjölda og lengd kennslustunda í barnaskólum. Lengst af hefur það verið fastákveðin regla, að kennslustundir hafa verið ákveðnar fyrir hvern kennara 5 stundir á dag og 50 mínútur hver klukkustund. Nú hefur sá háttur verið tekinn upp að stytta kennslustundirnar, og þykir það gefast vel. En jafnframt hlýtur kennslustundum, sem hver kennari þarf að hafa á hendi að kenna, að fjölga. Það munar að vísu 10 mínútum, hvort kennari kennir 5 50 mínútna stundir á dag eða 6 40 mínútna stundir. En vegna þess að heppilegra hefur þótt að hafa kennslustundirnar fleiri og styttri, hefur þótt ástæða til að setja ákvæði um þetta í frv. Og þetta er praktiserað þannig t. d. við háskólann, að lengd hverrar kennslustundar er ekki nema 40 mínútur. Og ástæða sýnist ekki síður vera til þess við barnaskólana að takmarka tíma hverrar kennslustundar við 40 mínútur.

Þá minntist hv. þm. Barð. á það, hver ætti að greiða kostnað við fræðsluráð. Samkv. frv. eiga fræðsluráð að vera kosin af bæjarstjórnum og sýslunefndum. Og þess vegna eiga þau að vera kostuð af sýslusjóðum utan kaupstaðanna, en í kaupstöðum af bæjarsjóðum. Þannig mun þetta hafa verið, þar sem þau hafa starfað hingað til.

Hv. þm. Barð. taldi of langt gengið á rétt skólanefnda með því að þær hefðu ekki meiri íhlutun um val kennara en að mæla með ákveðnum mönnum úr hópi umsækjenda, og kom hann með dæmi um það, að troðið hefði verið inn á skólanefndir mönnum í kennarastöður, sem skólanefndarmenn vildu ekki. Ég vil leyfa mér að draga það mjög í efa, að þetta sé svo á rökum byggt, að það sé ástæða til þess að koma með brtt. við frv. um þetta atriði, vegna þess að ég álít, að yfirleitt sé það alls ekki gert að troða mönnum þannig inn á skólanefndirnar.

Forseti (StgrA): Mér hafa borizt skrifl. brtt. frá hv. 7. landsk. þm. Fyrir brtt. þarf tvöföld afbrigði. Þær eru skrifl. og of seint fram komnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 674 og 675) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur þessar umr. Ég tók eftir því hér, síðast þegar þetta mál var til umr., sem er mikilsvert mál, að þá virti hann ekki hv. þd. þess að vera viðstaddur umr. um málið. Og nú óvirti hann hv. frsm. menntmn. með því að ganga út, meðan umr. áttu sér stað um málið. — Ég vildi skora á hæstv. forseta að hlutast til um það, að hæstv. menntmrh. verði

nú viðstaddur þessar umr. Ég ætla að beina fyrirspurn til þess hæstv. ráðh., og tel ég þingskyldu hans að vera við, þegar slíkt mál er rætt sem þetta. Ég vil ekki halda mína ræðu fyrr en hæstv. menntmrh. gegnir þessari skyldu sinni.

(Umr. féllu niður á fundinum í nokkrar mín.)

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er leiðinlegt að sitja svona á fundi og bíða hér í aðgerðaleysi. Finnst mér, að þdm. á meðan eigi að ljúka við t. d. 3. dagskrármálið, sem hér var áðan rætt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir við hæstv. forseta, að hæstv. menntmrh. virti hv. þd. þess að vera viðstaddur á fundi meðan á þessum umr. stendur, þar sem þetta mál heyrir undir hann. Hann gekk út, síðast þegar það var rætt, sem ég held, að hafi verið s. l. fimmtudag. En nú er hæstv. menntmrh. kominn hér, og mun ég beina fyrirspurnum til hans.

Í 6. gr. þessa frv. segir, að þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. — Ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hver það er, sem á að sjá fyrir þessari stofnun. Er það ríkissjóður eða hlutaðeigandi sveitarsjóður?

Í öðru lagi vildi ég af tilefni fullyrðinga hv. frsm. menntmn., sem talaði um mjög náið samstarf milli formanna skólanefnda og fræðslumálastjórnar, og að vegna þess nána samstarfs væri heppilegt, að fræðslumálastjórnin skipaði formanninn, spyrjast fyrir um það, hvort sú venja gildi, að fræðslumálastjóri sé spurður um skipun formanna skólanefnda, hvort till. hans sé leitað um það efni. Og ef svo er — og það hlýtur að vera gert, samkv. fullyrðingum hv. frsm., — þá vil ég spyrja, hvort eftir þeim till. hafi verið farið. Ef hæstv. ráðh. er ekki studdur fyrri venjum um þetta, getur hann þó upplýst, hver háttur hefur verið hafður á þessu síðast, hvort skipun formanna skólanefnda hefur verið borin undir fræðslumálastjóra, og að hve miklu leyti eftir till. hans hefur þá verið farið. En undir þessu er algerlega kominn mikill hluti af réttmæti röksemdaleiðslu hv. frsm. menntmn. hér áðan. Þess vegna er erfitt að tala um hans röksemdafærslu í alvöru, nema fyrir liggi skýrslur frá hæstv. menntmrh. um þetta efni. — En ég hef nokkra vissu fyrir því, að grundvöllurinn er ekki eins fastur undir röksemdafærslu hv. frsm. og æskilegt hefði verið. Annars skal ég ekki fara að rekja ræðu hans mikið. Hann talaði rækilega á móti öllum brtt. mínum og þóttist færa nokkur rök á móti þeim. Kom hann svo loks með brtt., sem hann sagði, að væru til samkomulags, en voru alveg út í hött í sambandi við mínar brtt. Aðalatriðið fyrir mér með brtt. var að bæta úr vanköntum á þessu frv., sem ég hafði tekið eftir. Ég vænti þess, að hv. menntmn. geri þetta vegna þess, að það er talað um í frv., að laun fræðslufulltrúa og yfirkennara skuli ákveðin með launalögum. Þetta er alls ekki samkv. launal., eins og þau eru nú, og þess vegna yrði að bera fram frv. um breyt. á launal., ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, á að samþ. eins og það er. En það var gagnvart þessu, sem brtt. hv. frsm. stefndi, en varðaði alls ekki efni það, sem ég ræddi um, sem fyrst og fremst varðar samband sveitarfélaganna og ríkisvaldsins í þessum efnum og á að tryggja, að sveitarfélög hafi nokkur umráð yfir þessum málum, vegna þeirra miklu útgjalda, sem þau verða að hafa af þeim. Fram hjá þessu gekk hv. frsm. algerlega. Segja mætti að vísu, að vegna þess að útgjöldin í þessum efnum eru minni utan kaupstaðanna fyrir sveitarfélögin, a. m. k. um suma liði laganna, þá gæti það e. t. v. staðizt, að sveitarstjórnir þar hefðu minni ráð, eins og hv. frsm. vildi nú koma fram með sínum brtt. En ekki að síður er það svo, að sveitarsjóðir, einnig í sveitarhéruðum, verða að standa undir verulegum hluta þessa kostnaðar. Og ég tel, þegar af þeirri ástæðu, að stjórnir þeirra sjóða eigi að hafa sams konar vald og í kaupstöðunum. Í þeim tilfellum, þar sem margar sveitir eru um einn skóla, er hægt að semja um þetta um leið og sveitarstjórnirnar koma sér saman um, að skólinn skuli vera fyrir fleiri en einn hrepp, svo að úr því þurfa ekki að verða nein vandræði. — En ég vek athygli á því, að viðbúið er, að úti um sveitir landsins verði skipaðir formenn skólanefnda þvert ofan í vilja og óskir sveitarstjórnanna á hverjum stað, ef frv. verður í þessu atriði samþ. óbreytt. Og þar sem þessi háttur kann að verða upp tekinn þar, ekki síður en í kaupstöðunum, sýnist mér rétt og eðlilegt, að tryggja eigi sveitarstjórnum nokkurn frekari rétt í þessu en gert er samkv. þessu frv., eins og það er, svipaðan rétt og þær hafa áður haft, en nú er ætlunin að taka af þeim. Það má ekki rugla því saman við það, sem hér er stefnt að, þó að ekki hafi ágreiningur orðið út af þessu hingað til víðast um sveitir landsins, vegna þess að formenn skólanefndanna hafa verið að meira og minna leyti svipaðs sinnis og meiri hluti sveitarstjórnar. Og þess vegna hefur ekki ágreiningur orðið á milli þessara aðila. En nú er viðbúið, að þetta breytist og myndist allt önnur hlutföll í þessu. Og það er reyndar vitað, að þetta breytist, og þá er eðlilegra, að sveitarstjórnum sé tryggður í þessu efni hæfilegur réttur. Og það er varðandi það atriði, að sveitarstjórnir hafi vissa möguleika, aðallega til að fylgjast með í vissum efnum, sem brtt. mínar stefna að, þar sem frv. hins vegar miðar að því að einoka þetta að sem langsamlega mestu leyti í höndum fræðslumálastj. hér í Reykjavík og þá einnig í höndum ráðh., sem er misjafnlega kunnugur og misjafnlega fullur góðvildar, eins og við þekkjum, og ekki alltaf við að eiga jafnágætan og trausts verðan menntmrh. eins og við höfum nú.

Að öðru leyti kom fram mjög verulegur misskilningur í ummælum hv. frsm. menntmn. Hann talaði t. d. um það, að samkv. brtt. mínum ætti að fara að gera einhverja breyt. á stöðu yfirkennara frá því, sem verið hefur, þar sem þeir eru. Ég nefndi þá þann stað, þar sem yfir-

kennarar eru, Reykjavík. Mér er nú ekki kunnugt um, hvort yfirkennarar eru við barnaskóla utan Reykjavíkur eða ekki, eða með hverjum hætti þeir eru þá skipaðir. En í Reykjavík eru þeir. Og það er ætlunin með ákvæðum frv. að breyta réttarstöðu þeirra frá því, sem verið hefur. En mín ætlun og tilgangur er að halda stöðu þeirra óbreyttri. Sannleikurinn er sá, að yfirkennarastöður hafa verið stofnaðar hér í Reykjavík með samkomulagi fræðslumálastj. og bæjarstjórnar. Og bæjarstj. hefur beinlínis fengið dóm hæstaréttar fyrir því, að hún hefði úrslitavald um skipun yfirkennaranna, enda greiði hún laun þeirra. En það er nú ætlunin að breyta þessari dómhelguðu venju með ákvæðum frv., eins og það liggur nú fyrir, á þann veg, sem ég tel mjög ástæðulaust að gera og sízt vera til góðs. Og eins og ég færði rækilega rök að í ræðu minni hér á dögunum, þá er það þannig, að sveitarstjórnirnar hafa ákaflega mikilla hagsmuna að gæta varðandi rekstur skólanna, ekki sízt hinna stærri skóla, eins og eru hér í Reykjavík, þannig að það velta á hundruðum þúsunda kr. þeir fjárhagsmunir, sem sveitarsjóðir hafa af því, hvort skólarnir eru skaplega reknir eða ekki. Það er þess vegna fullkomin ástæða til þess að láta sveitarstjórnirnir hafa nokkra möguleika til þess að fylgjast með þessu. Og ég get ekki séð, að það sé hægt að finna mildara form fyrir þessu eftirliti og afskiptum sveitarstjórnanna en með því að veita þeim heimild til þess að skipa yfirkennara, sem skólastjóri hefur þá í hendi sér, að hve miklu leyti hann vill hafa samvinnu við. Þannig er það ljóst, að skipun yfirkennara þvert ofan í óskir skólastjóra verður gagnslaus. Og slíkt mundi engin sveitarstjórn gera, vegna þess að starf mannsins er að vinna með skólastjóranum. Hitt get ég fullyrt af eigin reynslu og fyrirrennara minna um áratugi í því starfi, sem ég gegni, að það hefur beinlínis orðið til þess að létta stórlega samvinnu skólanna við bæjaryfirvöldin, að þessir yfirkennarar hafa starfað. Og bærinn hefur þannig talið, að hann hefði aðgang að sérstökum trúnaðarmönnum innan skólanna. Í þessum efnum er reynt að hafa góða samvinnu, og sem betur fer hefur það oftast tekizt. Og miklu meiri líkur eru til þess, að slíkt takist, ef báðir aðilar, sem hlut eiga að máli, hafa nokkurn veginn jafnan rétt til afskipta um þetta, en ekki allt valdið snúið af öðrum aðilanum, eins og þó er gert ráð fyrir með ákvæðum þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Svipaður misskilningur kom fram hjá hv. frsm. n. viðvíkjandi 34. gr. frv. Hann sagði, að vegna þess að reynslan hefði sýnt, að það þyrfti að hafa sérstakan fræðslufulltrúa, væri sjálfsagt að setja lagafyrirmæli um það. Ég hef ekki á móti lagafyrirmælum um þetta. En reynslan hefur sýnt, að það getur verið hagkvæmt, að samstarf geti verið í þessu efni milli bæjarstjórnar og fræðslumálastjóra. En hér í þessu frv. er ætlunin að taka allt vald í sambandi við val þessa fulltrúa úr höndm bæjarstjórnar, en starf hans á þó að miklu leyti að vera kostað af bæjarsjóði. Samt á þessi maður, samkv. umsögn hv. frsm., að vera trúnaðarmaður bæjarstj., þó að hún eigi ekkert vald að hafa um val hans. Fræðslufulltrúi og skólanefndir eiga, eðli málsins samkvæmt, að vera trúnaðarmenn sveitarfélaganna, þó að þetta fari út um þúfur, þegar meiri hluti skólanefndar er andvígur meiri hl. í sveitarstjórn, eins og stundum hefur við borið, og allt of víða hefur þannig tekizt til. — Ég legg einmitt áherzlu á, að sami háttur verði hafður á starfi fræðslufulltrúa í framtíðinni og verið hefur og að kostnaðinum við starf hans sé skipt jafnt á milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs, og að samþykki beggja, bæjarstjórnar og fræðslumálastjórnar, þurfi fyrir tilvist stöðunnar og skipun manns í hana hverju sinni. Og þar sem þetta á að vera trúnaðarmaður beggja og starf hans kemur alls ekki að gagni nema svo sé, þá er þetta einmitt meginatriði, til þess að staðan geti haft þýðingu. Ef á að skipa þessu máli eins og hér í frv. er ráð fyrir gert, þá er eins gott, að það sé einhver skrifstofumaður í skrifstofu fræðslumálastjóra, sem hefur þetta starf með höndum. Og ef þetta væri haft þannig, þá væri vissulega ástæðulaust að leggja sérstaka greiðsluskyldu á bæjarsjóð Reykjavíkur vegna þessa. — Ég hef þá sýnt fram á, að brtt. hv. frsm. og umr. hans um þetta fóru að langmestu leyti á snið við aðalefni málsins og þau höfuðatriði þess, sem ég hef hér vakið athygli á.

Varðandi ákvæði frv. um heilbrigðiseftirlitið, þá er sannleikurinn sá, að það eru engar líkur til þess, að heilbrigðiseftirlitið í barnaskólum úti um landið verði betra, þótt sérstakur skólayfirlæknir verði skipaður með búsetu í Reykjavík. Það er skylda landlæknisskrifstofunnar að sjá um, að heilbrigðiseftirlitið í þessum skólum sé nægilegt. Og þó að t. d. einhver héraðslæknir úti á landi hafi ekki fundið berkla í barni, sem þó hafa fundizt í berklavarnastöðinni í Reykjavík, þá mundi líklega lítið breytast í því tilliti, þó að þetta ákvæði frv. verði samþ. Samþykkt frv. út af fyrir sig mundi ekki skapa neinar heilsuverndarstöðvar úti á landi, þar sem fullkomin berklaskoðun gæti farið fram. Slíkt mundi ekki verða, þótt sett séu lagafyrirmæli um, að ný toppfígúra skuli taka við nokkrum hluta starfsemi landlæknisskrifstofunnar hér í Reykjavík. Ég er hissa á því, að hv. frsm. skyldi taka slíkt dæmi til þess að ætla að sanna, að slíkrar toppfígúru þyrfti með, dæmi, sem ekkert sannar. Það verður einhvers staðar að spyrna við fótum, þegar till. koma fram um að stofna embætti ofan á embætti, þó að engar líkur séu færðar fyrir nauðsyn þeirra.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti Ég vildi svara fyrirspurnum hv. 6. þm. Reykv. Þær voru tvær. Í fyrsta lagi um efni 6. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að þeim börnum, sem um getur í c-, d- og e-liðum 5. gr., skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. Þessi börn eru börn, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskóla, í öðru lagi börn, sem að dómi sömu aðila spilla góðri reglu í skólanum, og í þriðja lagi börn, sem að dómi skólalæknis hafa ekki heilsu eða

önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám.

Það er vitaskuld ætlazt til þess, að fyrir þessu námi sé séð nákvæmlega á sama hátt og öðru skólahaldi í barnaskólum yfirleitt og að kostnaður við slíkt skólahald skiptist þá eftir sömu hlutföllum og gildir um aðra barnaskóla.

Þá er það önnur fyrirspurnin, sem hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín, um það, hvaða venja gilti um skipun formanna skólanefnda, hvort það væri venjulegt, að fræðslumálastjóri gerði till. um skipun þeirra. Ég hygg, að það hafi verið venja, að fræðslumálastjóri hafi gert till. eða a. m. k. haft samráð við ráðh. um skipun formanna skólanefndanna. Og þá spurði hv. 6. þm. Reykv., hvort eftir þeim till. hafi verið farið. — Það mun hafa verið upp og niður, en ég hef ekki skýrslur um þetta efni viðkomandi þessu í hvert sinn undanfarið. En ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að það hafi verið upp og niður. Ég hygg, að þetta hafi verið misjafnt, eftir því, hvaða maður hefur með völdin farið sem ráðh. *Ég hafði samráð við fræðslumálastjóra um skipun* í þessar stöður. Ég fór ekki alltaf eftir till. hans. En hann fylgdist með þessari skipun. Og við ræddum sameiginlega um þessar stöður allar, sem búið er að skipa. Hins vegar er eftir að skipa í margar þessar stöður, og það verður gert í vor, þegar fram fara kosningar í sveitum. — Þetta voru þær fyrirspurnir, sem hv. 6. þm. Reykv. bar fram.

Um brtt. hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég tel þær allar yfirleitt til hins verra, miða til þess að spilla frv. Það má að vísu segja, að sumar þeirra skipti ekki miklu máli, að þær breyti ekki kjarna málsins. En yfirleitt tel ég þær vera til hins verra. Það er hér um að ræða tvö eða kannske þrjú aðalatriði í þessum brtt. hv. þm. Í fyrsta lagi umráðin yfir skólahúsnæðinu, að þau skuli vera í höndum bæjarstjórna og sveitarstjórna. Í öðru lagi, að sveitarstjórnir skuli annast ráðningu starfsfólks annars en kennara. Og í þriðja lagi, að það skuli vera sveitarstjórnir, sem skipi yfirkennara. Þetta held ég, að séu aðalatriðin í þessum brtt. hv. 6. þm. Reykv. — Hvað viðvíkur brtt. um, að umráðin yfir skólahúsnæði og vald til þess að ráða starfsfólk, annað en kennara, skuli vera í höndum sveitarstjórna, þá er því til að svara, að hér fer hv. þm. fram á breyt. frá því, sem nú hefur verið. Eins og frv. er, þá er engin breyt. í þessum efnum á valdsviði sveitarstjórnanna annars vegar og skólanefnda og skólastjóra hins vegar, því að í þeim erindisbréfum, sem nú gilda fyrir skólanefndir og skólastjórn, er skýrt ákveðið, að þetta skuli vera á þann veg, sem til er tekið í frv. (*BBen:* Þau ákvæði eru ekki í samræmi við lög.) Ég hygg, að þessi ákvæði standist. (*BBen:* Nei, nei.) Ja, þá kemur nýtt atriði til, ef hv. þm. sem lögfræðingur heldur því fram, að erindisbréf þessi, sem gefin hafa verið út, standist ekki lög. En það er ég ekki kominn *til með að viðurkenna með honum.* Og þá er hér tvímælalaust um breyt. að ræða frá því, sem nú er, í brtt. hv. 6. þm. Reykv., á valdsviði þessara aðila. Í erindisbréfunum er skýrt fram tekið, að skólanefndir hafi umráð yfir skólahúsum og kennslutækjum skólanna. Og í erindisbréfum til skólastjóranna er ákveðið, að dyraverði og starfsfólk skólanna, annað en kennara, ráði skólanefnd að fengnum till. skólastjóra. Valdið er því hér ekki í höndum sveitarstjórnanna. Till. er því um breyt. á þessu valdsviði í brtt. hv. 6. þm. Reykv. Og ég held, að allir þeir, sem við skólamál hafa fengizt, bæði fræðslumálastjóri og aðrir, sem unnið hafa í fræðslumálaskrifstofunni, skólastjórar og kennarar, séu á einu máli um það, að reynslan hafi sýnt, að fyrir skólamálum landsins sé heppilegar séð með því að hafa völdin til þessara hluta í höndum skólanefnda og skólastjóra. — Ég skal ekki fara nánar inn á þessi atriði, en vísa aðeins til röksemda um þetta, sem hv. frsm. hefur borið fram í framsöguræðu sinni.

Þá er það um yfirkennarana. Þar gegnir nokkuð öðru máli. Hér er í raun og veru um nýmæli að ræða í lögum, þó að þetta hafi komið til framkvæmda hér í Reykjavík. En það er um nokkuð mismunandi skilning að ræða á verksviði *yfirkennaranna* hjá hv. 6. þm. Reykv. annars vegar og hv. frsm. menntmn. og yfirleitt þeim, sem staðið hafa að samningu þessa frv., hins vegar. Mér skildist, að hv. 6. þm. Reykv. liti svo á, að yfirkennarar ættu að vera eins konar fulltrúar bæjarstjórnar og þá m. a. og ekki sízt — og það var aðallega það, sem hann ræddi um, — til þess að hafa eftirlit með fjármálum viðkomandi skóla. Þetta er áreiðanlega ekki skilningur þeirra, sem að þessu frv. standa, um hlutverk yfirkennara, heldur hitt, að hann skuli vera aðstoðarmaður skólastjóra við skólahaldið. Og þá virðist mér það liggja í hlutarins eðli, að maður hljóti að líta þannig á, að það sé yfirleitt nokkuð harkalegt gagnvart skólastjórunum að ætla að fara að neyða upp á þá aðstoðarmenn, sem skipaðir eru af sveitarstjórn og hann hefur engan tillögurétt um. Hygg ég, að það mundi sýna sig í framkvæmd, að það fyrirkomulag yrði ekki til þrifnaðar fyrir skólana.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. frsm. fyrir að hafa rætt þessar aths. mínar, en mér skilst, að nefndin hafi ekki tekið þær neitt til athugunar. Hv. frsm. sagði, að n. hefði ekki tekið neina afstöðu til þessara mála. Vildi ég frétta um það, hvort hv. þm. hefur frestað að taka afstöðu til þessara atriða, en flýtt sér svo að koma þessari umr. áfram, að hann hafi ekki gefið sér tíma til að ræða við hv. n. í heild um það, hvort hún vildi ekki fallast á einhverja af þessum ábendingum og till. mínum. En ef svo er, vildi ég mælast til þess, að hv. frsm. tæki málið upp við n. og fengi n. til þess að taka einhverja afstöðu til ábendinga minna, svo að þingið vissi hvaða skoðanir n. hefði á þeim atriðum. En það kom fram hjá hv. frsm., að n. hefði ekki tekið afstöðu til þessara atriða.

Viðvíkjandi 2. gr., um skólaskylduna, þá er það rétt, að hér er um þýðingarmikið atriði að ræða. Og verði þessu aldurstakmarki breytt í öðru hvoru frv., þessu, sem hér liggur fyrir, eða hinu frv., sem er 28. mál, þá verður að breyta því í báðum. Mun ég taka þessa brtt. til baka

viðkomandi þessu frv. En þessi till. er að sjálfsögðu samræming á því, ef þessi breyt. yrði samþ. viðkomandi hinu frv.

Viðkomandi 14. gr. frv. mun ég bera fram brtt., ef n. getur ekki fallizt á það. Því að það er allt annað atriði, þó að það sé í l. um heimavistarskóla, að skólastjóra skuli séð fyrir íbúð, eða hvort það er sett í l. þannig, að það gildi um alla aðra barnaskóla. Ég sé ekki, að það sé rétt að setja það í lög, að sveitarsjóðir og ríkissjóður séu skyldugir til að byggja yfir alla barnaskólastjóra á landinu, þó að það sé nauðsynlegt, að það opinbera byggi yfir skólastjóra heimavistarbarnaskóla. Ég vonast til þess, að hv. menntmn. geti fallizt á að breyta þessu og ég þurfi ekki að bera fram brtt. um þetta.

Viðkomandi 17. gr. vil ég benda hv. frsm. á það, að í frv. um gagnfræðaskóla er einmitt farið inn á þá braut, sem ég talaði um að fara inn á hér, að mönnum er heimilt að vera kennarar þar, þó að þeir hafi ekki kennarapróf, heldur sambærilega menntun. Þykir mér einkennilegt að binda þetta við þá skóla, en vilja ekki taka það upp viðkomandi þessu frv.

Ég hef lagt til, að 18. gr. yrði felld burt úr frv., en ákvæði um efni hennar sett sem reglugerðarákvæði, því að vitanlega getur einhverjum dottið í hug seinna að stytta vinnutíma kennara enn úr þessu. Það er á döfinni, að kennarar fái 10. hvert ár frítt á fullum launum. Þessir menn hugsa, að því er virðist, mest um að tryggja sín laun og lífsþægindi, hvað sem líður því, að þjóðin njóti starfskrafta þeirra.

Um kostnað af fræðsluráði á hverjum stað finnst mér rétt að setja um það ákvæði í frv., hver skuli greiða hann, úr því að það er upplýst, að það eru sýslusjóðir og bæjarsjóðir, sem eiga að greiða þennan kostnað. Það er betra að hafa skýr ákvæði um þetta í l. en að deila um það, hvaða aðilar eigi að borga þetta. Hins vegar þætti mér ekki óeðlilegt, að ríkissjóður greiddi þennan kostnað. En ef það er alveg ákveðið, að sýslusjóðir og bæjarsjóðir eigi að greiða þennan kostnað, finnst mér sjálfsagt að taka það fram í l.

Viðkomandi efni 30. gr. dró hv. frsm. í efa, að ég hefði sagt satt um það, að tröðið hefði verið kennurum inn á skólanefndir gegn vilja þeirra. Nú þykir mér vænt um, að hæstv. menntmrh. er staddur hér. Til mín hafa borizt ummæli um það frá unglingaskóla á Akranesi, að einmitt undir stjórn þessa hæstv. menntmrh. hafi á síðasta ári verið mjög deilt um það, að skólanefnd á Akranesi vildi ekki taka við skólastjóra, sem þar er settur, en var þó til samkomulags tekið við honum til reynslu fyrir eitt ár. Nú hefur viðkomandi skólanefnd óskað eftir, að þessum manni yrði vísað burt frá skólanum. Nú væri ákaflega gott, að hæstv. menntmrh. vildi lýsa yfir, að þess mætti vænta, að hann færi eftir eindreginni ósk skólanefndarinnar þarna á Akranesi um þetta mál. En komi ekki slík yfirlýsing fram frá hæstv. menntmrh., vildi ég mega biðja hv. frsm. menntmn. að éta ofan í sig allar fullyrðingar sínar um þetta atriði. Hins vegar vil ég benda hv. frsm. á, að þetta hefur hvað eftir annað valdið deilum, ekki aðeins hjá núv. hæstv. menntmrh., heldur einnig áður. Ég skal í því sambandi benda á, að fyrir fleiri þingum hafa legið kröfur frá einum kennara um 10 þús. kr. skaðabætur, vegna þess að hann var flæmdur burt frá skóla af þessum ástæðum. Við meðferð fjárl. síðast lagði fjvn. til, að þetta yrði greitt honum og greiðslan tekin upp í fjárl., — bara fyrir það, að skólanefnd fékk því ekki ráðið, að hann yrði ekki flæmdur burt frá starfi sínu, — en viðkomandi ríkisstjórn lét flæma hann burt frá því. Nákvæmlega það sama kemur fyrir annan barnaskólastjóra, sem búinn er að vera 18 ár við skóla. Hann krefst einnig skaðabóta. Og ég hygg, að ríkissjóður verði að greiða honum líka skaðabætur. — Þetta hygg ég, að nægi til þess að sýna, að það er ekki heppilegt, að ráðh. eða fræðslumálastjóri hafi fullt vald til þess að skipa þessum málum gegn einróma vilja skólanefndanna.

Ég vil svo mjög taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að það er vitanlega engin ástæða til þess að stofna þetta nýja skólalæknisembætti, sem hér er gert ráð fyrir í frv. Ef taka ætti til greina að einhverju rök hv. frsm. í þessu efni, þá ætti helzt, skilst mér, að flytja allan barnahópinn, sem er á skólaskyldualdri, til Reykjavíkur, til þess að rannsaka þau þar, áður en þau ganga á skóla annars staðar. Og þá þarf engan sérstakan skólalækni til þess að skoða þau hér af berklayfirlækni. — Ég legg því til, að brtt. á þskj. 648, frá hv. 6. þm. Reykv., um þetta efni eins og önnur atriði frv. verði samþ.

Bjarni Benediktsson: Hæstv. menntmrh. fór að vísu nokkuð undan í flæmingi viðkomandi fyrirspurn minni um skipun formanna skólanefndanna. En ég vildi þá spyrja hann ákveðið að því: Var það að till. fræðslumálastjóra, að svo ágætir menn eins og Ingimar Jónsson, sr. Sigurbjörn Einarsson og Lárus Sigurbjörnsson voru allir reknir frá formennsku í skólanefndum hér og aðrir, þeim ekki hæfari menn — svo vægt sé til orða tekið — teknir í staðinn? Úr því að þetta ber á góma, er gott að fá um þetta örugga vitneskju. Og mér finnst, satt að segja, ástæðulaust fyrir þennan hæstv. ráðh. að vera að taka þetta á sig, — en þetta hefur verið talið hans verk, — ef þetta er gert eftir till. fræðslumálastjóra. Mér finnst ekki viðeigandi, að fræðslumálastjóri liggi undir ámæli af þessu, því að þetta mælist mjög illa fyrir meðal almennings, ef svo er ekki, að þetta sé runnið undan rifjum fræðslumálastjóra.

Þá vildi ég spyrja hæstv. menntmrh., hvaða ástæða er til þess, að í l. um hina æðri skóla er gert ráð fyrir því, — sem ég tel nú vera heppilegt, að gert sé a. m. k. í einhverjum mæli, ég skal ekki taka afstöðu til þess, í hve ríkum mæli, — að kennarar fái frí frá störfum á vissu árabili, vegna þess að það er vissulega mjög lýjandi starf að vera kennari og því nauðsynlegt, að þessir menn fái einhverja viðréttingu, ef svo má segja, öðru hverju, — ef þetta er nauðsynlegt viðkomandi hinum æðri skólum, hvers vegna er það þá talið síður nauðsynlegt um barnakennara? Nú er mér um það kunnugt — og kunnugra um það, þó skömm sé frá að

segja, en hæstv. menntmrh., — að kennarar sækja það ákaflega fast að fá slík frí. Og það hefur verið gert allmikið að því hér í Reykjavík. En jafnframt er mér tjáð, að fræðslumálastjórnin hafi neitað því að taka nokkurn þátt í kostnaði við slík frí barnakennara, jafnvel þó að bæjarsjóður Reykjavíkur hafi þegar veitt stórfé í þessu skyni. Af hverju nær umbótahugur hæstv. menntmrh. ekki til þess að veita barnakennurum a. m. k. einhver hlunnindi í þessu efni á borð við aðra kennara á landinu? Er það af því, að þeir séu eitthvað betur settir til þess að taka sér þessi frí á eigin kostnað? Eða er starf þeirra minna lýjandi en starf annarra kennara? Er hagur þeirra þeim mun betri eða starf þeirra þeim mun minna lýjandi heldur en annarra, að ekki sé einsýnt, að einhverjar reglur væru settar, og þá ekki síst fyrir forgöngu menntamálastj., um leyfisveitingar þeim til handa, og getur ríkið verið þekkt fyrir það að vera í þessum efnum miklum mun tregara en einstakar sveitarstj. eru nú? Ég skaut því inn áðan, að erindisbréfin, sem hæstv. ráðh. var að vitna í, fengju ekki staðizt, og ég verð að segja, að það er að vísu virðingarvert, að ráðh. skuli hafa lesið þessi erindisbréf, en hitt er óskiljanlegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vita, að eftir þessum bréfum er ekki farið, að þau eru í framkvæmdinni að engu höfð, vegna þess að þau hafa ekki næga stoð í l. Þess vegna er það rétt, sem ég hef sagt, að það er verið með þessari löggjöf að brjóta framkvæmdirnar. Það er rangt, sem hæstv. ráðh. sagði, að breyt. væri fólgin í mínum till., vegna þess að þær eru eingöngu staðfesting á þeirri framkvæmd, sem verið hefur. Þetta getur hæstv. ráðh. aflað sér upplýsinga um, ef hann vill kynna sér, hvernig þessum málum er háttað hér í Reykjavík.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Það er fyrst viðvíkjandi hv. þm. Barð. Hann fullyrti, að skólan. á Akranesi hafi óskað eindregið eftir því, að núv. skólastjóri við unglingaskólann, gagnfræðaskólann, verði „dreginn burtu"; látinn fara. Mér er ekki kunnugt um það. Mér er ekki kunnugt um, að nein tilmæli hafi komið frá skólan. um, að núv. skólastjóri verði látinn fara. Það getur vel verið, að hv. þm. hafi fengið slík tilmæli, en það er ekki von, að þau séu tekin til greina, meðan þau koma ekki til ráðuneytisins. (*GJ:* Er hæstv. ráðh. ekki kunnugt um samkomulagið, sem gert var í fyrra?) Það var fullt samkomulag milli skólan. og ráðuneytisins um það, sem gert var í fyrra.

Þá spurði hv. 6. þm. Reykv. að því, hvort það hefði verið samkv. till. fræðslumálastjóra, að Ingimar Jónsson, Lárus Sigurbjörnsson og Sigurbjörn Einarsson hafi verið flæmdir burt sem formenn skólanefnda. Mér þykir þetta skrýtið orðalag, að tala um, að þessir menn séu flæmdir burtu sem formenn skólanefnda. Það er ekki nýtt, að það séu skipaðir nýir menn að loknu kjörtímabili, það hefur viðgengizt undanfarið, m. a. varð mikil breyt. á síðasta kjörtímabili. En það hefur aldrei verið talað um það á þann hátt, að menn væru flæmdir burtu. Ég tel mér ekki heldur skylt að fara að tíunda það fyrir hv. þm., hvort þessi eða þessi maður hafi verið skipaður samkv. till. mínum eða fræðslumálastjóra, mér dettur það ekki í hug og ber engin skylda til þess, enda man ég ekki í öllum tilfellum, hvað eru mínar till. og hvað till. fræðslumálastjóra. En hvað skipun þessara manna snertir ætti hv. þm. að vera nægilegt að vita það, að ég tek á mig alla ábyrgð á henni. Hvað Ingimar Jónssyni viðvíkur, þá held ég, að hann hafi ekki óskað sérstaklega eftir því að gegna þessu starfi áfram, um hina veit ég ekki. En við höfum þarna bara ólíkar skoðanir á ákveðnum mönnum, ég og hv. þm. Ef hv. þm. hefði haft aðstöðu til að skipa þessa menn, hefði hann vafalaust skipað aðra en ég hef gert, en það mál tel ég ekki ástæðu til að ræða frekar við hann, tel það óviðeigandi. — Þá spurði hv. þm. um það, hvort ekki mundi vera ástæða til þess, að barnakennarar fengju ákveðin frí á svipaðan hátt og kennarar við æðri skóla, sem ætlazt er til, að fái frí frá störfum tíunda hvert ár. Frv. kom þannig, eins og hv. þm. veit, frá mþn. í skólamálum. Ég býst við, að við séum sammála um þau rök, sem til þess liggja, að kennarar í æðri skólum fái einstaka sinnum frí frá störfum. Það er mikil nauðsyn, að þessir kennarar geti farið utan og kynnt sér nýjungar í grein sinni. Venjulega eru það ákveðnar greinar, sem þessir kennarar hafa numið, sem þeir kenna og eru sérfræðingar í. Í sumum þessum greinum verða tíðar og örar breyt. og ör þróun, sem nauðsynlegt er að gefa þessum kennurum tækifæri til að fylgjast með. Ég held, að það sé þess vegna mjög í þágu skólamálanna, að þeim sé gefinn kostur á því að fara utan á nokkurra ára fresti til þess að rifja upp sérgreinar sínar og kynna sér þær nýjungar, sem orðið hafa í þeim frá því þeir hættu námi. Það má að vísu segja að nokkru leyti hið sama um barnakennara, þó að vísu sé þar ekki um alveg sambærilega hluti að ræða, vegna þess að barnakennarar stunda — a. m. k. eins og nú standa sakir — ekki á sama hátt sérgreinar og kennarar við æðri skóla. En hins vegar er ég hv. þm. alveg sammála um það, að það væri mjög æskilegt, að kennarar við barnaskóla gætu á einhverju árabili fengið frí frá störfum. Ég mundi fagna því, að till. kæmi fram um það, að þeir fengju einhver sambærileg hlunnindi. En ég geri ráð fyrir, að m. a. sé sú orsök fyrir því, að slík hlunnindi hafa ekki verið tekin upp í frv., að því fylgi kostnaður. Við höfum heyrt hljóðið í þm. um kostnaðinn við þetta nýja fræðslukerfi, m. a. í ræðu hv. þm. Barð., þannig að mér þykir ekki ótrúlegt, að n. hafi haft í huga við samningu frv., að ef til vill væri ekki álitlegt að bjóða Alþ. upp á þann kostnaðarauka, sem það mundi hafa í för með sér, og meira að því er snertir barnakennara en aðra kennara, vegna þess hvað fjöldi þeirra er meiri. Mér væri þó ljúft, ef hv. þm. vildi taka höndum saman við mig og aðra áhugamenn í þessum málum um það, að barnakennarar gætu notið slíkra hlunninda. Þá heldur hv. þm. því fram, að erindisbréf skólan. og skólastjóra, að því er snertir umráð yfir skólunum og rétt til að ráða starfsfólk, eigi ekki stoð í lögum. En hv. þm. færði engin rök fyrir þessu, og mér dettur ekki í

hug að taka þessi ummæli hans gild sem nokkurn hæstarétt í þessu efni, og meðan ekki er fenginn annar úrskurður í þessu máli, hef ég það fyrir satt, að samkv. núgildandi ákvæðum sé þetta vald í höndum skólan. og skólastjóra, hvað sem líður framkvæmdum hér í Reykjavík.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 432, n. 630, 648, 674, 675).

Frsm. meiri hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera nokkrar aths. við ræður hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Barð. Ég ætla að snúa mér að því, sem hv. 6. þm. Reykv. hafði að athuga við það, er ég mótmælti brtt. hans. Ég vil benda á, að ef brtt. á þskj. 674 verður samþ., felur hún í sér samþykkt á 1. brtt. hv. 6. þm. Reykv., svo og samþykkt á því ákvæði í 2. brtt., að umráðarétturinn sé í höndum bæjarstjórnar, en úti á landi skuli hann vera í höndum skólanefnda. Í 3. lagi felst í þessu samþykkt á a-lið 3. brtt. um, að umráðarétturinn sé í höndum skólanefnda. Ég vil segja, að hér sé gengið á móti hv. 6. þm. Reykv. Þótt ég flytji ekki fleiri brtt., er ekki þar með sagt, að ég hafi ekki verið til viðtals, ef bara hv. 6. þm. Reykv. hefði verið til viðtals á nokkru sviði, einkum er um það er að ræða, sem flestir eru sammála um, að skólahúsin séu í höndum sveitarstjórna. Hann taldi, að ég vildi með þessu draga umráðin úr höndum sveitarstjórnanna. Fræðslumálin eru í höndum ríkisins. Hvernig er hægt að mæla með, að ríkið hafi minni ítök en að það skipi 1 mann af 5, sem hafa framkvæmdir í þessu máli, þar sem það greiðir ½ byggingarkostnaðar heimangönguskóla og ¾ hluta heimavistarskóla svo og laun kennara?

Það er og stórt atriði, og ég lít svo á og skólamenn þeir, sem samið hafa þetta frv., að hlutverk yfirkennara væri að hafa náið samstarf við skólastjóra. Hv. 6. þm. Reykv. lítur svo á, að yfirkennarinn eigi að vera fulltrúi bæjarstjórnar. En þeir, sem gegnt hafa yfirkennarastöðu, hafa litið á starf sitt eins og ég álít rétt vera. Hver maður sér, hvernig færi, ef farin yrði sú leið, sem hv. þm. sagði, að skólastjóri réði, hvað hann ynni með yfirkennara. En sé svo, þá er ekki hægt að ganga út frá því, að yfirkennarinn tæki við af skólastjóra, ef hann forfallaðist. Hv. þm. sagði, að einu sinni hefði fallið dómur um, að bæjarstjórnin ætti að skipa yfirkennara. Ég held þó, að ekki eigi að fella þetta atriði úr frv., því að þeir, sem samið hafa það, hafa viljað, að starf yfirkennara eigi að vera þannig, að hann sé aðstoðarmaður skólastjóra, en ekki fulltrúi bæjarstjórnar.

Svo vildi ég svara hv. þm. Barð. Hann spyr, hvort menntamálanefnd hefði alls eigi athugað þetta frv. eða myndað sér skoðun um, hvort skólaskylda ætti að ná til 13 eða 14 ára aldurs. Þetta hefur nefndin vissulega gert. Það er meira að segja ekki langt síðan nefndin athugaði brtt. frá þessum hv. þm. um að börn skyldu aðeins vera skólaskyld frá 7—14 ára. Hv. þm. þarf tæplega að vænta þess, að nefndin hlaupi frá áliti sínu með því að fylgja öðru, sem fer í þveröfuga átt, og kippi grunninum undan öllu skólakerfinu. Menntmn. er samþykk þessu frv., og mun hún ekki samþ. till., sem fara í þveröfuga átt. — Þá talaði hv. þm. um brtt. við 17. gr. frv., um að fella burt ákvæði um, að hverju skólahúsi skuli fylgja íbúð fyrir skólastjóra. Ég vil benda hv. þm. Barð. á, að reynslan sýnir, að vandræði hafa verið um húsnæði fyrir skólastjóra og kennara, og er þetta því knýjandi ákvæði. Ég man ekki betur en þessi hv. þm. hafi nýlega greitt atkv. með frv. um bústaði fyrir héraðsdómara, og er það sízt nauðsynlegra en þetta. Hv. þm. talaði einnig um 18. gr. frv., um að kennslustundir skyldu vera 40 mínútur hver. Hann sagði, að hér væri farið fram á styttingu vinnutímans og að kennarar færu fram á og vildu hafa það rólegt og hugsuðu um það eitt að græða peninga fyrir litla vinnu. Ég vil nú leiðrétta hér nokkuð. Í gömlu lögunum er gert ráð fyrir, að kennslustundir séu 50 mín. hver, en í þessum lögum er gert ráð fyrir að fækka þeim í 40 mín., en fjölga aftur kennslustundum um eina stund á dag. Fyrir flestum kennurum er það svo, að þeir búa sig undir hverja kennslustund, og er það meira verk að búa sig undir 6 stundir en 5. Ég vil svo benda á, að starfstími kennara er mjög áþekkur starfstíma skrifstofufólks í Reykjavík, nema þeir þurfa þar að auki að búa sig undir tímana. Þessi fullyrðing hv. þm. Barð. er því dauð, eins og aðrar fullyrðingar hans, sem hann getur eigi staðið við, og verð ég að draga í efa, að það sé í þökk flokksbræðra hans.

Þá er enn ein aths., sem greinir á um, það, hvort stofna eigi yfirlæknisembætti. Í sambandi við tryggingar hefur verið settur tryggingayfirlæknir. Sá háttur hefur verið tekinn upp í nágrannalöndum okkar, og heilbrigðiseftirlitið í þessum málum hefur verið hér alls ófullnægjandi.

Bjarni Benediktsson: Ég gerði fyrirspurn til hæstv. menntmrh. í gær varðandi það, hver ætti að standa undir kostnaði við skóla fyrir vandræðabörn. Hann gaf það svar, að um þessa skóla gilti hið sama og skóla almennt, eftir því ætti hvert sveitarfélag að geta haldið uppi tvenns konar skólum óskyldum. Ég hafði skilið þetta ákvæði svo, að komið yrði upp stofnunum til þess fyrir landið allt, en ef sú leið er farin, er ekki hægt að láta gilda sömu reglur um þær stofnanir og hina almennu skóla. Svar hæstv. ráðh. fær því að minni hyggju ekki staðizt. Það kynni að vera mögulegt, að mörg sveitarfélög stæðu saman um slík heimili, en það er óhugsandi, að hvert sveitarfélag rísi undir tvenns konar skólum. Þetta ætla ég, að sé enn ein sorgleg sönnun fyrir því, að þessi mál eru ekki eins vel undirbúin og skyldi. Þar með er ekki sagt, að meginhugsun og tilgangur þessara laga sé ekki góður. Og það er algerlega ástæðulaus árás hæstv. ráðh. á mig, þótt ég gagnrýndi nokkur atriði þessa máls, sem hann gat ekki skýrt nægilega. Hann lét í það skína í gær, að hann hefði haft samráð við fræðslumálastjóra um skipun skólanefndarformanna, og þegar ég beindi til hans ákveðnum fyrirspurnum, þá taldi hann

slíkt óviðeigandi. Ég tel þvert á móti skyldu mína að benda hæstv. ráðh. á þær misfellur, sem ég þykist sjá á stjórn hans, en hann lítur á þetta öðrum augum, eins og fram hefur komið. Hann hefur notað vald sitt sér til pólitísks framdráttar, og því fer fjarri, að hægt sé að taka hv. 1. þm. Reykv. til samanburðar í þessu efni. Þegar hann var menntmrh., voru einungis hans flokksbræður í skólanefnd t. d. hér í Reykjavík, en núv. hæstv. menntmrh. hefur rekið burtu sjálfstæðismenn og skipað sér geðþekk pólitísk peð í staðinn, svo að það er fullkomlega eðlilegt, að þm. reyni að gjalda varhug að sameina of mikið vald hjá núv. hæstv. menntmrh. (*BSt:* Væri ekki bezt að losna við þennan hæstv. ráðh.? — *Menntmrh.:* Já, væri það ekki bezt?) Það má nú vera, að það komi til athugunar áður lýkur, en það er nú svo í þessum heimi, að fáir menn eru án kosta og fáir án galla. Og ég er ekki þeirrar skoðunar, að loka beri augunum fyrir því, sem gott er, né heldur svo múlbundinn af nokkru málefni, að ég geti ekki metið það, sem vel er. Ég tel, að þessi hæstv. ráðh. hafi marga góða hæfileika, en sé samt ekki yfir það hafinn að sæta gagnrýni. (*BSt:* „Hvern hann elskar, þann agar hann.") Já, það er mikið rétt. Ég vona, að hæstv. ráðh. taki aðfinnslum mínum vel og í réttum anda. Það er full ástæða til, að sveitarstjórnir og bæjarstjórnir hafi íhlutunarrétt um, hvernig farið er með það fé, sem veitt er til fræðslumála, þar sem viss hluti kostnaðarins hvílir á sveitarsjóðunum. — Þetta voru þau atriði, sem ég vildi einkum benda á. Varðandi aths. hv. frsm. skal ég geta þess, að þær þóttu mér lítilsverðar og utan við málið, og hirði ég því ekki að ræða þær.

Gísli Jónsson: Ég mun að mestu leiða hjá mér að ræða þetta mál, þangað til við næstu umr. Þó er eitt atriði, sem ég vil drepa á nú þegar. Því var haldið fram hér í gær af hæstv. ráðh. og nú í dag af hv. frsm., að ég færi með rangt mál, þegar ég sagði, að kennslumálaráðh. hefði gengið á vald skólanefnda. Ég vil nú svara þessu með því að lesa hér upp tvö bréf, sem mér hafa borizt og eru útdráttur úr gerðabók gagnfræðaskólans á Akranesi og hljóða svo: „Mánud. 9. júlí 1945 hélt skólanefnd Gagnfræðaskóla Akraness fund á skrifstofu bæjarstjóra .... Verkefni fundarins var að taka ákvörðun um meðmæli með skólastjóra við gagnfræðaskólann, er auglýst hefur verið af fræðslumálastjóra laus til umsóknar. ....

Samþykkt var svo hljóðandi ályktun: Að vandlega athuguðu máli mælir skólanefndin einróma með því, að Magnúsi Jónssyni, settum skólastjóra, verði veitt skólastjórastaðan við Gagnfræðaskóla Akraness. Meðmæli þessi byggjast á þeim persónulegu kynnum, sem skólanefnd hefur haft af Magnúsi og starfi hans frá því hann kom að skólanum, og sérstaklega á þeirri reynslu, sem hún hefur haft af honum sem skólastjóra s. l. vetur. Bendir nefndin sér í lagi á umsögn séra Sigurjóns Guðjónssonar um hann, en umsögn þessa telur nefndin að öllu leyti mjög réttmæta."

Undir þetta skrifa Arnljótur Guðmundsson, Guðmundur Björnsson, Hálfdán Sveinsson, Jón Sigmundsson og Egill Sigurðsson. — Áframhaldið af þessu hljóðar svo þannig: „Þriðjudaginn 31. júlí 1945 hélt skólanefnd Gagnfræðaskóla Akraness fund á skrifstofu bæjarstjóra. Form. skólanefndar, Arnljótur Guðmundsson, las upp bréf frá menntamálaráðuneytinu, þar sem tilkynnt er, að ráðuneytið hafi sett Helga Þorlákssson skólastjóra frá 1. sept. þ. á. að telja. Samþykkt var í því tilefni svo hljóðandi ályktun: Skólanefndin mótmælir mjög eindregið því gerræði, sem fræðslumálastjórnin hefur sýnt við setningu í skólastjórastöðu gagnfræðaskólans. Þess munu ekki dæmi á Norðurlöndum, að veitingarvaldið hafi að engu einróma vilja og álit skólanefnda um veitingu eða setningu í slíka stöðu, og getur skólanefndin ekki sætt sig við þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð. Með skírskotun til framanritaðs, ákveður skólanefndin að biðjast lausnar og fer þess á leit við bæjarstjórn, að hún kjósi nýja skólanefnd."

Undirritaðir eru: Arnljótur Guðmundsson, Guðmundur Björnsson, Hálfdán Sveinsson, Jón Sigmundsson, Egill Sigurðsson.

Ég mun láta þetta nægja til að sanna, að ég hafi farið með rétt mál, en hæstv. ráðh. með ósatt. Að öðru leyti mun ég geyma að ræða þetta mál, þangað til við næstu umr.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Það lítur út fyrir, að sumir hv. þm. séu í illu skapi og óski eftir að halda eldhúsdag yfir mér. — Viðvíkjandi upplestri þessa bréfs vil ég taka það fram, að ég sé ekki, að það komi því máli, sem hér er til umr., neitt við. Það hefur áður verið rætt og ritað um það í blöðum. Fræðslumálastjóri mælti í þessu tilfelli með öðrum manni en skólanefndin, og dæmi um svipuð málsatvik munu fjölmörg, ekki einungis á Norðurlöndum, heldur einnig hér á landi. Þetta bréf skólanefndarinnar er því hin herfilegasta vitleysa, sem ekkert mark er á takandi. Hin nýja skólanefnd, sem síðan var skipuð, komst að fullu samkomulagi við fræðslumálastjórnina, og ætti þetta mál þar með að vera útrætt. — Ég mótmælti þeirri alröngu fullyrðingu, sem fram kom hér í gær um, að skólanefndin hefði óskað þess, að núverandi skólastjóri yrði rekinn, það er fleipur eitt.

Ég mun ekki gera hv. 6. þm. Reykv. það til geðs að svara honum. Það er sýnilegt, að hann notar þetta tækifæri til að halda uppi málþófi. Vitanlega hlýtur hv. 6. þm. Reykv. að sjá, að á meðan ekki eru sett sérstök lög varðandi skóla fyrir vangæf börn, gilda þessi lög, svo langt sem þau ná. Hitt er annað mál, að á sínum tíma gæti komið til greina að setja í lög ákvæði varðandi slíka skóla. En það, sem hann færði fram, er engin sönnun fyrir því, að þetta frv. sé illa undirbúið. Vitanlega þarf að endurskoða slík lög, þar sem sífellt þróun á sér stað í þessum málum, og gildir það einnig um aðra löggjöf. Þetta veit hv. 6. þm. Reykv., þótt hann finni ástæðu til að ræða þetta, af því hann vill tefja málið. (*BBen:* Er hæstv. ráðh. hræddur um, að ég ætli að eitra fyrir hann?) Er hv. þm. orðinn svo taugaslappur, að hann geti ekki hagað sér eins og þm. sæmir? Annars kom það fram í ræðu hv.

þm., að þessar till. hans sumar hverjar, eins og till., sem ég vil leyfa mér að nefna fáránlega, þ. e. till. um skipun fræðsluráðs, að formaður þess sé sjálfkjörinn, bæjarstjóri eða sýslumaður, koma til af því, að hv. þm. hefur megnt vantraust á þeim ráðh., sem fer með þessi mál. Þetta er borið fram sem vantraust á mig, vegna þess að hann heldur því fram, að ég hafi misnotað það vald, sem ég hef, til að skipa form. skólan., álítur, að ég hafi misnotað þetta vald til þess að skipa mína flokksmenn í stað sjálfstæðismanna. Hv. þm. sagði, að ég hefði farið allt öðruvísi að en fyrirrennarar mínir. Mér þætti fróðlegt, ef hv. þm. sýndi lit á því að sanna þetta. Áður en hægt er að taka nokkurt mark á orðum hans, verður hann að leggja fram skýrslu um pólitíska skoðun þeirra, sem áður voru form. skólanefnda, og þeirra, sem nú hafa verið skipaðir. Og það er áreiðanlegt, að það eru færri sósíalistar, sem nú hafa verið skipaðir, heldur en framsóknarmenn og sjálfstæðismenn áður. Fyrr en slík skýrsla liggur fyrir, þá er ekkert að marka orð hans. Þau eru aðeins fullyrðingar, sem hafa við ekkert að styðjast. Annars er það auðséð, hvers hv. þm. krefst, hann krefst þess, að ég skipi yfirleitt sjálfstæðismenn sem form. skólan., ef þeir hafa verið það áður. Ef ég hefði fylgt þeirri reglu og ekki skipt um form. skólan. nema þar sem nauðsynlegt var, þá er gefið mál, hversu skólan. hefðu verið pólitískt skipaðar. Formenn þeirra hefðu nær eingöngu verið framsóknarmenn og sjálfstæðismenn. En hvernig skyldi standa á því? Ætli það standi ekki í sambandi við það, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa undanfarið farið með þessi mál? Meðan það fyrirkomulag er, sem nú ríkir, að ráðh. skipi formann skólan., þá verður það að vera á hans valdi. — Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 648,1 (11. gr. falli niður) samþ. með 9:3 atkv.

12.—14. gr. (verða 11.—13. gr.) samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 674 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, MJ, BSt, BrB, EE, StgrA.

nei: JJ, LJóh, PHerm, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, IngP.

3 þm. (PM, GÍG, HG) fjarstaddir.

Brtt. 648,2 samþ. með 10:3 atkv.

15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

16.—20. gr. (verða 15.—19. gr.) samþ. með 12:1 atkv.

Brtt. 648,3 samþ. með 9:3 atkv.

21. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 648,4 (ný 22. gr., verður 21. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

— 675,1 kom því ekki til atkv.

23.—24. gr. (verða 22.—23. gr.) samþ. með 12:1 atkv.

Brtt. 648,5 samþ. með 8:3 atkv.

25. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.

26.—30. gr. (verða 25.—29. gr.) samþ. með 12:1 atkv.

Brtt. 648,6 samþ. með 10:3 atkv.

31. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 648,7 samþ. með 8:3 atkv.

32. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.

33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 648,8 (ný 34. gr., verður 33. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

— 675,2 tekin aftur til 3. umr.

35.—50. gr. (verða 34.—49. gr.) samþ. með 12:1 atkv.

Brtt. 630 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 648,9 samþ. með 10:4 atkv.

51. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

52.—53. gr. (verða 51.—52. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 648,10 samþ. með 8:3 atkv.

54 gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 648,11 samþ. með 8:4 atkv.

55. gr. (verður 54. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

56. gr. (verður 55. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 99. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 680, 690, 691, 694, 695, 696).

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég flyt hér eina brtt. á þskj. 694 um að bæta nýrri gr. inn í frv., þess efnis að heimila fræðslumálastj. að veita barnakennurum, er starfað hafa í 10 ár við kennslu, frí frá störfum í eitt ár á fullum launum til frekara náms, og eru nánari skilyrði greind í brtt. Þannig eiga kennarar að gera nákvæma grein fyrir, hvernig þeir hyggjast að verja árinu, og svo að gefa skýrslu eftir á um notkun tímans. Ef sú skýrsla þykir ófullnægjandi, getur það varðað þá launamissi í eitt ár.

Það stendur til að veita kennurum við æðri skóla lausn frá störfum 10. hvert ár, og á þetta að vera skýlaus réttur, sem þeir eiga að fá. Hæstv. kennslumrh. rökstuddi það um daginn, hvers vegna ætti að gera þetta, með því að segja, að alltaf væru breytingarnar í ýmsum kennslugreinum svo miklar, að kennurum væri nauðsyn á að fara til útlanda til að kynna sér þær. Ég er honum alveg sammála um þetta. En ég álít, að hins vegar sé barnakennurum eins mikil nauðsyn á þessu. Þótt þeir kenni ekki sérgreinir og þurfi því eigi svo mjög vísindanáms með, þá er uppeldisstarfið þeim vandasamt, og miklar breytingar gerast í uppeldisfræði, svo og er ævinlega um einhverjar nýjung-

ar að ræða á þeim sviðum, sem barnakennurum er eigi síður nauðsynlegt að kynna sér en kennurum við æðri skóla ýmislegt nýtt á sínum sviðum. Þessi þörf verður æ meiri, þar eð störf barnakennaranna verða vandasamari með degi hverjum, því að heimilin verða æ ófærari til að annast uppeldi barnanna. Því hefur það starf færzt meir og meir yfir á herðar skólanna, og hvílir þá mikið á kennurunum.

Þótt ég segi þetta, þá hef ég ekki talið rétt að gera till. um, að barnakennarar eigi kröfu á fríinu 10. hvert ár, þar eð stéttin er fjölmenn. Yrði e. t. v. óbærilegur kostnaður fyrir ríkissjóð, ef horfið væri að því ráði. Ég sé mér því eigi fært að fara fram á meira en að fræðslumálastj. verði veitt heimild til að veita kennurunum þessi fríðindi. Nokkrir efnilegir kennarar fengju þau aðeins, og hófs yrði gætt. Mér finnst, að ekki megi minna vera, sbr. hina æðri skóla, en barnakennarar fái þennan rétt, sem till. fjallar um. Verð ég að segja, að ég tel till. minni mjög í hóf stillt. — Sagt var hér á dögunum í þessari hv. d., að kennarar vildu hafa full laun fyrir að gera ekki neitt. Þetta er auðvitað ekki rétt. Ætlunin er, a. m. k. með minni till. o. fl., að kennarar vinni og vinni erfiða vinnu, þótt þeir fáist eigi beinlínis við kennslustörf. Þessi vinna er í því fólgin að fullkomna sig í ýmsu varðandi uppeldi æskulýðsins. Er það fyrst og fremst gert fyrir þjóðina, en ekki kennarana sjálfa, að þeir geri sig færari um að ala upp æskulýðinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta. Eins og ég sagði, hef ég reynt að stilla brtt. minni í hóf með því að hafa heimildina. Væri ekki sanngjarnt að hafa á móti þessari till., en þó samþykkja frí til annarra kennara.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég bjóst við, að hv. menntmn. hefði viljað sýna málinu þá umhyggjusemi að halda fund um það milli umr. En það fékkst nú ekki. Því var lýst yfir af hv. 7. landsk. af miklum hroka, að hvorki þyrftu þeir leiðbeininga með né væri þess þörf, að gerðum þeirra yrði breytt. En í svo alvarlegu máli hefði ég óskað, að ábyrgir menn sýndu ekki þvílíkan hroka og hér er gert af þessum hv. þm. — Allar þær till., sem hér eru komnar fram, eru ekki byggðar á neinni gullvægri reglu. Það á að samræma vilja annarra þm. — Það var alveg óviðeigandi, er hv. þm. lét þess getið, að flokkur minn vildi ekki bera ábyrgð á því, sem ég segði hér. Ég tel, að hv. þm. ætti að láta aka sér í hjólbörum út úr hv. d. heldur en láta aka sér í hjólbörum milli deilda. Og ætti þessi hv. þm. og að temja sér meiri háttvísi í umræðum hér og halda sér innan takmarka málsins heldur en vera með persónulegar ýfingar.

Ég hef nú leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 691 til umbóta á því, sem hv. frsm. hefur litið yfir í þessu frv. og þótt harla gott. — 1. brtt. mín er við 13. gr., um umorðun á 2. málsgr. þeirrar gr., um að ákvæðin um kennarabústaði nái aðeins til heimavistarskóla. Ríkissjóður hefur til þessa ekki séð sér fært einu sinni að uppfylla skyldur sínar í þessu efni í sambandi við heimavistarskólana. Er því varla þess að vænta, að hann sjái sér fært að bæta við sig nýjum skyldum í þessu efni, sem hann mundi gera, ef frv. væri samþ. óbreytt. Og þó að þetta frv. væri samþ. óbreytt, þá yrði það í þessu tilliti ekki nema pappírsgagn eitt. Þess vegna er ekki ástæða til að samþ. þessi ákvæði frv. óbreytt. Mæli ég eindregið með því, að þessi brtt. mín verði samþ. Þegar ríkissjóður hins vegar er búinn að uppfylla skyldur sínar í þessu efni gagnvart heimavistarskólunum — og að koma upp öllum heimavistarskólunum —, þá er fyrst tími kominn til þess að athuga, hvort á að leggja á hann nýjar kvaðir í þessum efnum.

2. brtt. mín er við 16. gr., um að á eftir orðinu „kennaraprófi" í fyrri málsgr. komi: „eða hafi aðra sambærilega menntun að dómi fræðslumálastjóra." Ég sé ekki, hvers vegna á að útiloka þá menn, sem sambærilega menntun hafa barnakennurum, frá því að mega kenna börnum í barnaskólum, nema það sé gert til þess að ala upp stéttarklíkuskap, til þess að halda við fákænsku í kennarastéttinni, halda henni í því miðaldamyrkri, sem hún er í nú, sbr. orð hv. 7. landsk. þm. við 2. umr. — Ég sé, að á þskj. 695 er flutt brtt. um það, að á eftir orðunum „viðurkenndu kennaraprófi" í fyrri málsgr. komi: „eða guðfræðiprófi við Háskóla Íslands." Mér þykir eðlilegra, að þetta ákvæði standi í 1. eins og ég legg til í brtt. minni. Hins vegar ef meira fylgi er fyrir orðalaginu á brtt. frá hv. þm. S.-Þ. á þskj. 695, get ég fylgt því orðalagi. Því að það verður ekki frambærilegt að neita prestum landsins um að kenna í barnaskólum og bera því við, að þeir séu lakar menntir til þess en yfirborðið af barnakennarastéttinni, a. m. k. enn sem komið er. Það væri því fráleitt að samþ. frv. óbreytt í þessu efni.

Við 17. gr. hef ég lagt til, að hún félli niður. Hún er um að ákveða kennslustundafjöldann. Ég álít þetta vera hreint reglugerðaratriði. En ef á að hafa þetta í l., þá álít ég, að þetta ákvæði eigi heima í þeim bálki launal., sem á að fjalla um skyldur embættismanna, en hefur dregizt úr hömlu að semja, þrátt fyrir loforð um að setja þau í l., en ég álít, að þessi ákvæði eigi ekki heima í þessum l.

Síðan er brtt. við 24. gr. Ég álít, að það sé rétt, að það standi í l., að ráðherra ákveði þóknun til fræðsluráðsfulltrúa og að sú þóknun greiðist úr ríkissjóði. Það var upplýst af hv. frsm., að þetta ætti að greiðast úr sýslusjóði eða bæjarsjóði á viðkomandi stöðum. En nú er vitað, að það hefur verið þrengt að sýslusjóðunum um tekjuöflun, og þeir eru varla færir um nýjar byrðar.

Við 29. gr. hef ég lagt til, að bætt verði aftan við gr. nýrri málsgr., svo hljóðandi: „Eigi er heimilt að veita manni skólastjórastöðu eða kennarastöðu gegn einróma mótmælum viðkomandi skólanefndar. Ég ræddi nokkuð um þetta við fyrri umr. málsins. Ég var þá hvað eftir annað af hv. 7. landsk. þm. lýstur ósannindamaður að þeim dæmum, sem ég tók. Hæstv. menntmrh. sneiddi nokkuð nálægt því sama. Ég lagði gögn fram um það, hversu skólanefndir við gagnfræðaskóla hefðu verið kúgaðar í þessu efni, og tel ég óþarft að skapa það ástand í skólamálunum, að skólanefndir segi af sér, eins

og þar var gert sem mótmæli gegn þeim ráðstöfunum, sem komu frá fræðslumálastj., enda þótt hægt væri að bræða sig saman, með því að fá aðra menn til þess að taka að sér þessi störf, gegn loforðum frá ráðh., sem hann vildi þó ekki staðhæfa, að staðið yrði við. Og viðkomandi menn kvíða því, að ekki verði staðið við þau loforð. Tel ég ástæðu til að fyrirbyggja slíkt ástand, sem ég hef nú lýst í skólamálunum, ekki aðeins vegna þessara skóla, sem ég hef áður tilfært dæmi um, heldur vegna fjölda skóla á landinu. — Ég sé, að um þetta atriði hefur komið fram brtt. frá hv. þm. S.-Þ., um 29. gr. frv. Og ef mín brtt. yrði ekki samþ. um þetta atriði, þá gæti ég einnig fellt mig við það orðalag, sem er á brtt. hv. þm. S.-Þ. um þetta atriði, sem er 6. liður á brtt. 695.

Í tilefni af brtt. á þskj. 694, frá hv. 1. þm. Eyf., vildi ég taka fram, að mér finnst þessi gr. ekki eiga heima í þessum l. Ég skal ekki mikið ræða þetta atriði efnislega, hvort rétt sé, að barnaskólastjórar fái 10. hvert ár frí. Þó vil ég í sambandi við það leyfa mér að benda á, að kennarar almennt í landinu hafa á hverju ári þriggja mánaða frí og sumir hverjir fimm mánaða frí. En ofan á þetta finnst hv. 1. þm. Eyf. nauðsynlegt að gefa þeim frí allt árið 10. hvert ár. (*BSt:* Aðeins er þetta heimild til þess.) Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. Eyf. setji þetta ekki fram eins og blóm fyrir kosningarnar í vor, heldur ætlist til, að þetta verði framkvæmt. En ég bendi á, að slíkt ákvæði sem þetta á hreint og beint heima í þeim kafla launal., sem hér við umr. á síðasta ári var alveg lofað, að gengið skyldi vera frá. Þessi ákvæði eiga heima í þeim l., sem ákveða réttindi og skyldur embættismanna gagnvart þjóðinni. Ég get hins vegar búizt við, að það verði ekki sótt eins fast af embættismannastéttinni, að sett verði lög um skyldur embættismanna við þjóðfélagið, eins og kapp var á það lagt á síðasta ári að koma í gegn launal., sem ákváðu friðindi þessara manna. En þá er það annarra að reka á eftir því. — Finnst mér þess vegna ekki ástæða til að setja þetta ákvæði í þessi l. Ég mælist þess vegna til þess við hv. 1. þm. Eyf., að hann taki aftur þessa brtt. En geri hann það ekki, vænti ég, að henni verði vísað frá á grundvelli þess, sem ég hef nú sagt. (*BSt:* En hvað um aðra kennara í þessu efni?) Alveg eins. Ég álít, að þessi ákvæði um frí 10. hvert ár eigi alveg eins að taka út úr öðrum frv. og fara eins með þau ákvæði eins og ég hef lagt til viðkomandi þessu frv. Ég get hins vegar ekki heldur fallizt á, að þetta sé gert fyrir þjóðina, heldur fyrir kennarana. Skal ég þó ekki fara út í það atriði frekar nú.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 690. Ég vil vekja athygli á því strax, að það er misprentun í þessum brtt. Fyrri brtt. er við 24. gr., en ekki 25. gr. frv., og síðari brtt. er við 25. gr., en ekki 26. gr. frv., sem er auðsætt, þegar brtt. eru bornar saman við frv. — Þessar brtt., sem ég ber hér fram, eru ákaflega óbrotnar. Það er í brtt. mínum gert ráð fyrir því, að vikið verði frá þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. frv. um skipun fræðsluráðs í fræðsluhéruðum. Og sú eina breyt., sem lagt er hér til, að gerð verði frá því, sem nú er, er sú, að fræðsluráðið sé allt kosið af sömu aðilum og nú er gert ráð fyrir í frv., að kjósi alla þeirra nema einn, þ. e. formann, en í frv. er gert ráð fyrir, að borgarstjóri, bæjarstjóri eða oddviti sýslunefndar sé sjálfkjörinn formaður ráðsins. En í minni brtt. er gert ráð fyrir, að fræðslumálastjórnin skipi einn mann úr hópi þessara manna, sem kosnir séu allir samkv. brtt. minni. Þessa breyt. tel ég verulega til bóta. Fyrst og fremst er breyt. sú, sem ég fer hér fram á, mjög í lýðræðisátt, að kjósa allt fræðsluráðið, og þó tel ég það sérstaklega til bóta í þessari brtt. minni frá því, sem nú er í frv., að með því að kjósa mennina alla, þar með form., en hafa hann ekki sjálfkjörinn eins og í frv. er gert ráð fyrir í 24. gr., þá eru a. m. k. miklar líkur til þess, að ég ekki segi vissa fyrir því, að með því fáist í formannssætið menn, sem áhuga hafa á skólamálum og kunnáttu í þeim. En með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. frv., er ekki nein vissa fyrir því, að svo verði, því að það er vitanlega ekki sjálfgefið, að borgarstjóri eða bæjarstjóri né oddviti sýslunefndar, sýslumaður, sé sérfróður um skólamál eða hafi á þeim sérstakan áhuga, þó að svo kunni oft að vera. Þess vegna hygg ég, að brtt. mín sé mjög til bóta um þetta. Og ég vænti þess, að hún sé svo sjálfsögð og svo samkvæm skoðunum hv. þm. þessarar hv. d., að hún verði samþ.

Seinni brtt. fer eiginlega í sömu átt. Það er gert ráð fyrir því í frv., eins og það er nú, að aðeins tveir menn af þremur í skólanefnd skuli kosnir af sveitarstjórn, eða fjórir þar, sem skólanefndirnar eru skipaðar fimm mönnum, en formaður sé síðan skipaður af fræðslumálastjórninni. Ég legg til, að þessir menn séu allir, þrír eða fimm, eftir því hve margir þeir eiga að vera í skólanefnd alls á hverjum stað, kosnir af viðkomandi aðilum, sem í frv. er til tekið, að eigi að kjósa tvo eða fjóra þeirra, en að fræðslumálastjórn skipi svo einn úr hópi þessara þriggja eða fimm manna, þegar búið er að kjósa þá, sem formann n. Það gilda um þetta þau sömu rök eins og fyrri brtt. mína að því leyti, að þetta er að mínu áliti eðlilegra og lýðræðislegra fyrirkomulag en það, sem gert er ráð fyrir samkv. ákvæðum 25. gr. frv., eins og það nú er. Það er langeðlilegast, að hlutaðeigandi stjórnarvöld heima fyrir ráði í þessum atriðum að verulegu leyti og fræðslumálastjórnin hafi það vald, sem gert er ráð fyrir í brtt. mínum, að velja úr þessum 3 eða 5 mönnum þann mann sem formann, sem hún treystir bezt til að hafa forsæti í n. — Ég geri ráð fyrir, að einnig þessi síðari brtt. mín sé þannig, að hv. þdm. geti á hana fallizt, þó að rökin fyrir henni séu kannske ekki alveg eins sjálfsögð og sterk og fyrir fyrri brtt. minni. Þær eiga þó báðar sameiginlegt þetta, sem ég benti á, að þetta fyrirkomulag er að mínu áliti eðlilegra, vegna þess að það er auðsætt, að stjórnarvöldin heima í héruðum og í skólahverfunum eiga fyrst og fremst að ráða þessum málum að þessu leyti. Og valdskipting milli fræðslumálastj. og þessara stjórnarvalda heima fyrir finnst mér eðlileg með þessum hætti.

— Sé ég ekki ástæðu til að fara um þessar brtt. fleiri orðum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er aðeins út af ummælum hv. þm. Barð., sem ég ætla að segja nokkur orð. Ég get ekki fallizt á það, að það sé ekki eðlilegt að samþ. brtt. mina á þskj. 694 og setja þetta ákvæði inn í þetta frv., með því að það má telja alveg víst, að það ákvæði um aðra kennara haldist, sem nú er í frv. þar að lútandi. Það yrði þá að fylgjast að, að þessi ákvæði kæmu gagnvart öðrum kennurum inn í sérstök l. um réttindi og skyldur embættismanna, en það er ekki meiri ástæða til þess að fella þetta niður um barnakennarana en aðra kennara, og það verður ekki heldur gert. Ég mun því ekki taka þessa brtt. aftur. Ég álít, að hún sé meinlaus, þar sem þarna er aðeins um heimild að ræða og ríkisstj. getur haft það í hendi sinni á hverjum tíma að gera ekki meira að því að veita barnakennurum þessi frí en ástæður ríkissjóðs leyfa. Þannig að þó að þetta kæmist inn í l., þá væri það miklu hógværara ákvæði en tilsvarandi ákvæði um aðra kennara, sem beint eiga heimtingu á þessu samkv. ákvæðum annars frv.

Að öðru leyti vil ég algerlega mótmæla þeim orðum, sem hv. þm. Barð. hefur leyft sér að hafa um kennarastéttina, þar sem hann talaði um menntunarleysi hennar. Ég veit ekki, hvaðan honum kemur þekking á því að dæma um menntun kennarastéttarinnar. Mér hefur virzt einmitt barnakennarastétt landsins vera sérlega vel mennt stétt og standa fyllilega jafnfætis í því efni öðrum stéttum þessa lands, og þar ekki undan skildir þeir eiginlegu menntamenn. Við vorum svo heppnir Íslendingar, að þegar reglulegur kennaraskóli var hér settur á fót, þá valdist til forstöðu hans ágætismaður. Ég var nemandi hans í æsku, og mér er ánægja af þessu tilefni að taka það fram, að mér finnst það vera bezti maður og merkasti, sem ég hef kynnzt á lífsleiðinni. Og þessi maður mótaði kennaraskólann. Og þar voru fleiri ágætir menn, sem unnu með honum. Og það er alveg áreiðanlegt, að það var svona um kennaraskólann og kennarana þar. Og yfirleitt lengi fram eftir gengu ekki aðrir á þann skóla en þeir, sem höfðu sérstaka löngun til að sinna kennslustarfi, því að ekki var til launanna að slægjast. Launin voru lág, þangað til í fyrra, eins og allir vita. — Hvernig kennaraskólinn er nú, skal ég játa, að ég þekki ekki. En mér þykir næsta ótrúlegt, að þar hafi orðið sú breyt., að þessi lýsing hv. þm. Barð. á kennurunum eigi við yngstu kennarana. Ég fullyrði, að hún á ekki við þá eldri kennara yfirleitt, sem gengu á kennaraskólann undir stjórn sr. Magnúsar Helgasonar.

Jónas Jónsson. Herra forseti. Ég hef borið fram hér fáeinar brtt. við frv. og vildi minnast lauslega á þær. Annars vil ég taka það fram fyrst, að hinar mörgu brtt. frá hinum ýmsu hv. þm., sem fram hafa komið hér við frv., stefna, að ég hygg, allar til betri vegar. Sýnir það raunverulega það, sem mátti búast við, að þetta frv. er ekki nógu vel undirbúið. Því að það mátti nærri geta, þegar hv. þdm., án þess að vera í n., geta komið fyrirvaralítið með gagngerðar brtt., sem miða til bóta á frv., þá er það af því, að þjóðin hefur fengið of lítið tækifæri til að sinna þessu máli áður en það er borið fram. Og þó að ég sé ánægður með þessar brtt., þá finnst mér þær þrátt fyrir það sanna, að þetta frv. ætti ekki að fara út úr þinginu að þessu sinni, heldur vera stofn að nýju frv., þegar þjóðin hefur tíma til að átta sig á þessum málum.

Ég vil þá minnast á það, sem gert er ráð fyrir í frv. viðkomandi fræðsluskyldunni í sveitum, að það megi skella henni á um börn 8, 9 og 10 ára. Ég vil breyta þessu þannig, að fólkið skuli ráða sjálft, hvort það kemur börnum sínum fyrir til náms. Ef fólkið vill koma börnum sínum fyrir þannig, þá getur það það. En ef það vill kenna þeim sjálft heima, þá vil ég, að það geti haft þau heima og látið þau læra þar. Ég held, að nægilegt aðhald í þessu efni sé till. námsstjóra. Mínar brtt. miða að því að gera ekki skólagönguna allt of langa, af því að það lítur út fyrir, að það sé verið að lama þrótt hinnar ungu kynslóðar með of miklum innisetum og bóknámi.

Þá er brtt. við 9. gr. frv. En í þeirri gr. eru ákvæði, sem geta farið mjög á móti vilja þeirra, sem hlut eiga að málum. T. d. í Suður-Þingeyjarsýslu er yfirleitt í sveitum heimakennsla og farkennsla, og ekki nema á fáum stöðum, þar sem fólkið hugsar til þess að byggja heimavistarskóla, og enn síður að byggja þá með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, fyrir margar sveitir sama skólann. Ég tek til dæmis, að Bárðardalur og Mývatnssveit og Reykjadalur, allar þessar sveitir mundu gera verkfall, kennsluverkfall, ef ætti að taka börnin og senda þau til fjarlægra staða frá heimilinu, af því að þessar sveitir og margar aðrar hafa getað annað því. Þess vegna hef ég lagt til, að niðurlag greinarinnar orðist svo: „enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð og skólanefndir skiptinguna.“ Þá er ekki hægt að bræða saman sveitir á þann hátt, sem ráðgert er í frv.

Þá er aftan við 13. gr. fellt inn nokkurt nýmæli, sem skýrir sig raunar sjálft. Börnin eru svo mikinn hluta ársins í þessum skólum, en samt er í stærri bæjum og kaupstöðum mikill sægur af börnum, sem verða að hírast heima allt sumarið, á götunni, því að foreldrarnir hafa ekki getað komið þeim í sveit. Og þó að komið yrði upp sumarheimilum, eins og komið hefur verið upp með, þá er það mjög óheppilegt, þó að koma megi börnunum fyrir í sveit, að þar er ekkert starf fyrir þau, engir bátar, engar skepnur, og því kem ég með nýmæli á þá leið, að ríkið greiði hálfan stofnkostnað sumarheimila fyrir börn í bæjum, á þann hátt, að tekið sé tillit til þessa stóra atriðis, að börnin hafi eitthvað til þess að una við, búpening, báta o. s. frv., og að reynt verði að koma þessu þannig fyrir, að það verði sem líkast því, sem barnið á að venjast að heiman, og börnin fái þannig tækifæri til að neyta starfsorku sinnar eftir því, sem þau hafa áhuga og þrótt til. Sumarheimili, sem rekin væru af bæ eða ríki gætu haft geysimikla þýðingu, ef þetta atriði kæmi til. Það þyrftu ekki endilega að vera stórbú, heldur væri það aðal-

atriði, að þarna væru allar tegundir íslenzkra húsdýra, og þarf ég ekki að segja hv. þm., hve nauðsynlegt það er fyrir börnin að vera með húsdýrum, því að það er oft þeirra hálfa líf.

Þá hef ég lagt til, að í viðbót við kennarapróf, þá sé guðfræðipróf látið gilda, og er ég einnig samþykkur till. hv. þm. Barð. um, að það sé nokkuð víðara, og álít, að þetta sé allt að stefna í rétta átt hjá okkur. Mér þykir reynslutími skólastjóra og kennara helzt til stuttur og álít, að ekki fáist öruggur mælikvarði á hæfni þeirra á jafnskömmum tíma. Þess vegna hef ég lagt til, að þessi reynslutími sé 4 ár.

Þá kem ég að kennslustundunum, en þar er allt að komast í mestu óreiðu hjá okkur. Það er nú orðið þannig hjá okkur, að kennslustundirnar, sem að jafnaði hefur verið álitið að ættu að vera 50 mínútur og 10 mínútna hlé, eru farnar að styttast og komnar niður í 40 mínútur, og sumir tala um 30 mínútur. Ég held það sé rétt að láta slag standa með það, hvort menn vilja halda áfram með að stytta kennslustundirnar, kannske niður í sama sem ekki neitt, eða hvort menn vilja hafa þá reglu, sem lengi hefur verið í gildi og gefizt hefur vel, að hafa 50 mín. í kennslustund. Hér í bænum er þessi ruglingur óþægilegur fyrir tímakennara, sem ganga úr einum skóla í annan og reka sig á þessi mismunandi kerfi.

Við 30. gr. er gerð sú breyt., að ef meiri hluti skólanefndar og fræðsluráðs mælir með umsækjanda, veitir fræðslumálastjórn honum stöðuna. Svo hefur komið till. frá hv. þm. Str., sem gengur nokkuð lengra, og tel ég hana vera til bóta.

Við 36. gr. hef ég gert þá breyt., að orðið „átthagafræði" falli burt, sem er alveg gagnslaust, og enn fremur, að á eftir orðinu „Íslandssögu" í 2. mgr. komi: mannkynssögu. Ég hef oft furðað mig stórkostlega á því, að ekki skuli vera kennd mannkynssaga í barnaskólum. Að hugsa sér það, að börnin skuli kúldast í barnaskólunum í mörg ár og læra mjög lítið í raun og veru. Aðalhættan í þessum skólum er sú, að krakkarnir þreytist á því, að alltaf er verið að japla á þessu saman. Og ég sé ekki, hvaða vit er í því, að börnin eigi ekki að geta lært mannkynssögu alveg eins og t. d. Íslandssögu. Og það er sannarlega ekki lítils um vert, þegar hver einasti maður á okkar landi fær í gegnum útvarp fréttir frá öllum löndum heims, þar sem stöðugt verður að byggja á sögulegri þekkingu. Ég held því, að það sé forheimskandi í meira lagi að gera ekki ráð fyrir, að börnin læri neitt nema sína eigin sögu. — Varðandi námsgreinarnar þótti mér réttara, í staðinn fyrir „eitt erlent mál," að setja „ensku". Það hefur komið í ljós, hvað fólk hér á auðvelt með að læra ensku. Það er t. d. ánægjulegt að heyra, þegar maður kemur í búðir í Reykjavík, hve vel afgreiðslufólkið talar ensku, og sýnist þá ekki vera ástæða til að taka upp mál einhverrar lítillar þjóðar, sem aðeins gæti fleytt manni í því eina landi.

Þá vildi ég mæla með brtt. minni við 37. gr. Í henni felst vernd, sem ég álít, að veita þurfi börnum móti þeirri misbeitingu, sem viðgengst um allt land. Börn eru rifin upp í skammdeginu eldsnemma og beinlínis þrælkuð. Ég ætla að tilfæra hér eitt dæmi frá ágætri heimild. Góðvinur minn gisti á sveitabæ, þar var 10 ára drengur, sem fór hér í barnaskóla. Hann varð að vakna klukkan 7 á morgnana, paufast í fötin sín, fá sér einhverja hressingu og fara svo út í myrkrið áleiðis í skólann. Það er varla hægt að hugsa sér meiri heimsku og skeytingarleysi. Þess vegna hef ég lagt til, að börn innan 12 ára megi ekki senda í skóla í skammdeginu fyrr en ratljóst er orðið.

Þá er brtt. við 38. gr., og legg ég þar til, að skólar í kaupstöðum, sem reistir verða með styrk úr ríkissjóði samkv. l. þessum, skuli vera gerðir fyrir 300 börn í mesta lagi. Sjá allir, hvað þáð er mikil fjarstæða að taka þessa litlu vesalinga og hrúga þeim saman í of litlum vistarverum, því að börn eru viðkvæmar verur. Það er því ábyrgðarhluti að kakka þeim saman í svona stórum skólum, og getur haft hinar verstu afleiðingar fyrir heilsu barnanna. — Þá kem ég að annarri breyt., sem ég legg til, að gerð verði við þessa sömu gr., og vil fara um hana nokkrum orðum. Hér í Rvík höfum við innan skamms 4 stór kvikmyndahús og þjóðleikhús í viðbót, þ. e. 5 slíkar stofnanir, sem standa meira eða minna auðar allan daginn. Ég álít, að í þessum húsum í Reykjavík eigi að reyna að kenna marga hluti mörgum stórum hópum af börnum. Og sannleikurinn er sá, að sú kennsla hér í Rvík, sem mótar börnin, fer fram í kvikmyndahúsunum miklu frekar en í skólunum. Og ef menn athuga, hvað mikið börn í bænum vita um kvikmyndaleikara og allt, er lýtur að kvikmyndum, sem þau hafa lært af kvikmyndum eða lesið um í leikarablöðum, er auðséð, að einmitt væri heppilegt til þess að auka áhuga þeirra að láta kennslu að miklu leyti fara fram á kvikmyndasviðinu. Ég teldi það einmitt mjög heppilegt, að kennsla í ýmsum bóklegum greinum, svo sem landafræði, náttúrufræði og sögu, færi fram í kvikmyndahúsum, með skuggamyndum, kvikmyndum og leiksýningum, eftir því sem aðstaða leyfir. Og ég álít, að þessu megi vel við koma. Ég skal nefna eitt dæmi, sem er til skýringar þessu. Ég hef sjálfur reynt að semja kennslubók í Íslandssögu, sem þótti betri en bók sú, sem áður var notuð, og ég hélt, að hún væri mjög gagnleg. En samt sem áður finnst mér hún ekki hafa borið eins mikinn árangur og vera þyrfti. Ég tek t. d. atburð eins og siðaskiptin. Það er sama, hvernig einhver maður skrifar um þau og lýsir mönnum eins og t. d. Ögmundi biskupi og Jóni Arasyni. Það mundi aldrei verða eins eftirminnilegt fyrir börn eins og ef siðabótinni væri breytt í leikrit, sem börnin sæju sjálf. Hver sæmilegur kennari ætti að geta breytt sögu í leikrit, þannig að saga landsins og kannske vissir þættir úr mannkynssögu líka væru kenndir með slíkum hætti. Börnin mundu hafa ákaflega gaman að slíkum skýringum. Og að t. d. leikhús komi hér með 300 sætum, — hvort ekki er nýsköpun í því, ef kenna mætti slíka stóra hluti þar. — Þá hef ég lagt til í þessari sömu grein, að ekkert barn megi stunda nám í barnaskóla meira en 7 mánuði ár hvert. Því að ég sé ekki minnstu ástæðu til þess að halda

börnum lengur við nám. Má á það minna, að aðalhættan fyrir börnin er einmitt fólgin í námsþreytu, og Íslendingar hafa löngum unað því illa að hanga í skólum fram á vor. Af sömu ástæðum hef ég lagt til þá breyt. við 39. gr., að skipta skuli námstímanum í heimavistar- og heimangönguskólum á þann veg, að ekkert barn sé lengur en 3½ mánuð í skóla. Ef foreldrar geta ekki kennt börnum sínum að lesa, er einmitt heppilegt að hafa skóla á vorin fyrir slík börn. En ég álít, að börn eigi aldrei að vera meira en 7 mánuði í skóla.

Þá hef ég að síðustu lagt til ákvæði til bráðabirgða og lagt á það áherzlu, að fengnir séu prestar til að taka að sér kennslu og kennslueftirlit barna í sveitum, þar sem því verður við komið. Ég vil benda á í þessu sambandi, að með þeim launum, sem nú er farið að borga prestum og kennurum, eru engar líkur til, að undir þessu verði staðið til lengdar; að hafa t. d. prest, sem sjaldan messar og lítið hefur að gera, en fólkið vill þó hafa, eða kennara, sem hefur kannske tiltölulega fá börn. Ég fer nú ekki ýtarlega út í það hér, heldur vil ég aðeins tryggja þennan möguleika, en sýnist, að þó að það verði ekki gert strax, þá muni að því koma, áður en langt um líður, að ráða verði fram úr þessu öðruvísi, og þá muni koma hér að þessu sama, að semja verði við prestana um að vera kennarar líka. Ég er því ekki fylgjandi, að það verði gert að beinni lagaskyldu, heldur verði samið við prestana.

Ég hef hér svo eina skrifl. brtt., sem ég ber fram við 36. gr., þar sem talið er upp, hvað börn í eldri deild skuli læra. Við 2. málsgr. gr. bætist: „Enn fremur skal kenna börnum rétt rím í sambandi við helztu íslenzka bragarhætti.“ Með þessu er ekki meiningin að gera öll börn að skáldum. En það lítur helzt út fyrir, að ljóðagáfan sé að þorna upp í landinu, og er það rakið til ofþreytu og leiðinda, sem börn fá á skólabókunum. Nú held ég, að það sé ekki verulegur vandi fyrir greindan kennara að kenna að ríma. Það er ekki neinn skáldskapur. Og ég vil taka til dæmis mann, sem nýlega er dáinn og var frægur fyrir tvennt: annað það, að hann var einhver mesti bókmenntafræðingur okkar, en svo var hann líka manna bezt að sér í skáldskap. Þessi maður var Guðmundur Finnbogason. En þessi maður, sem var miklum hæfileikum gæddur, var ekki skáld og reyndi ekki að yrkja nema að gamni sínu. Þegar hann var miðaldra, tók hann fyrir að læra að yrkja sléttubönd og gerði það svona eins og gengur og gerist, án þess auðvitað að nokkurn tíma yrði úr því neinn skáldskapur. Nú hugsa ég mér þetta þannig, að kennarar við þessa skóla reyni að kenna börnunum að þekkja í sundur aðalatriðin og svo að geta sett saman vísur, þó að það sé ekki neinn skáldskapur, þannig að rétts ríms og réttrs forms sé gætt. Og þessu til stuðnings vil ég benda á, að í gamla daga var það gamall og góður siður að þreyta ljóðakeppni og kveðast á, þó að ekki séu dæmi til, að það hafi verið neinn skáldskapur. En það var talin mikil íþrótt og hjálpaði mönnum, sem urðu góð alþýðuskáld, að skólast, því að þarna fengu þeir ágæta æfingu í að fást við rím og ýmsar bragbrautir.

Eiríkur Einarsson: Ég á hér brtt. á þskj. 696, og lýtur hún eingöngu að einni gr. frv., þeirri þrettándu. Hún er á þann veg, að á eftir orðunum „en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistarskóla“ í fyrstu málsgr. komi: og skólastjórabústaða í heimangönguskólum. Þessa brtt. flyt ég vegna þess, að mér þykir sanngjarnt, að þessir hærri fjárstyrkir nái einnig til skólastjórabústaða í heimangönguskólum. Eins og frv. ber með sér, er ætlaður lægri styrkur til stofnkostnaðar heimangönguskóla en heimavistarskóla, og er hlutfallið ½ móti ¾. Látum svo vera, þó að þetta ákvæði standi. Hér er miðað við það, að heimangönguskólarnir séu minni byggingar og þar af leiðandi ódýrari, en auk þess kemur ekki til greina, að börn búi í heimangönguskólunum, svo að þar verður ekki eins þungu hlassi að velta hvað kostnað snertir. En hins vegar ber einnig á það líta, að það kemur að einhverju leyti til greina, þegar deilt er um heimavistarskóla og heimangönguskóla, að þar, sem aðstæður eru yfirleitt beztar og stærri héruð, verður um heimavistarskóla að ræða. En aftur á móti þar, sem er meira strjálbýli og minni sveitarfélög og aðstæður allar yfirleitt verri til þess að ná því takmarki, sem skólunum er ætlað að ná, þá finnst mér að verði að taka það til greina og láta, þar sem svo stendur á, stofnkostnað skólaíbúða njóta hærra styrks. Mér finnst þetta samræmingaratriði, sem eigi alla sanngirni með sér. Það er nú svo, að í heimangönguskólum, þar sem um skólastjóra er að ræða og vantar íbúðir, ef um er að ræða fjölskyldumenn, sem óhjákvæmilegt er að láta hafa þak yfir höfuðið, þá getur þetta orðið nokkuð strembið og til verulegrar tafar að fylgja málinu á eðlilegan hátt eftir. Ég veit að vísu, að þetta er fjárgjaldaauki fyrir ríkið. En það eitt út af fyrir sig ætti ekki að verða þess valdandi, að þm. verði á móti till. minni, því að hún miðar að því að reyna að koma þessu þannig fyrir, að það, sem eftir sanngirni og vegna nauðsynjar skuli greiða af ríkinu, það verði gert í samræmi hvað við annað.

Ég vona, að þessi orð mín nægi til fylgis við till., að þau séu á það góðum rökum reist og sýni það mikla sanngirni, að ég vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að ljá till. atkv. sitt. Ég vil svo geta þess að síðustu, að menntmn., sem ég á sæti í, hefur óbundna afstöðu með öllu til þessarar till. minnar.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. S.-Þ. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, 36. gr. þess. Við aðra málsgr. bætist: „Enn fremur skal kenna börnum rétt rím í sambandi við helztu íslenzka bragarhætti“. — Mun ég nú leita afbrigða um þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 718) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Ed., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja nokkur orð um þær brtt., sem fram hafa komið síðan málinu var frestað; menntmn. hefur haft þær til athugunar, en ekki tekið afstöðu til þeirra enn þá.

Hv. þm. Barð. lét þau orð falla hér í gær, að það væri hroki hjá menntmn. að verða ekki við ósk hans og breyta frv. að hans vilja. Hinum óviðurkvæmilegu ummælum hv. þm. um kennarastéttina tel ég ekki vert að svara, en ég hygg, að flestir hv. þdm. hafi litið svo á, að þar væri mælt af hroka.

Ég vil þá fyrst víkja að spursmálinu um íbúð skólastjóra. Reynslan hefur verið sú undanfarið, að iðulega hefur ekki tekizt að fá kennslukrafta vegna vöntunar á húsnæði, og ég hygg, að það mundi valda almennri óánægju og erfiðleikum, ef þetta verður fellt niður.

Brtt. varðandi próf kennara tel ég óþarfa, þar sem svo er ákveðið í fræðslulögum, að stúdentar þurfi ekki að taka próf nema í 2—3 greinum, sem kenndar eru í kennaraskóla, en ekki í menntaskóla, til þess að fá kennararéttindi.

Þá er till. um, að 17. gr. falli niður. Lét hv. þm. Barð. svo um mælt, að það, sem þar greinir, mætti ákveða með reglugerð, en óþarft væri að taka það fram í lögum. Hann og hv. þm. S.-Þ. létu í það skína, að með þessu væri verið að stytta kennslutímann. Þetta er ekki rétt. Hins vegar væri það á valdi ráðh. að stytta kennslutímann, ef þetta væri ákveðið með reglugerð. Því fer fjarri, að þessi breyt. mundi hafa í för með sér minni vinnu fyrir kennara, þótt þetta fyrirkomulag sé æskilegra fyrir börnin og notadrýgra upp á kennsluna.

Þá er brtt. þess efnis, að þóknun til fræðsluráðs skuli ákveðin af ráðherra. Ég vil benda á, að fræðsluráð er skipað af fræðslumálastjórn, og má líta á það sem fasta nefnd. Ef ráðh. skipaði hins vegar þessa nefnd, væri eðlilegt, að hann ákvæði laun hennar.

Þá er það að lokum brtt. um, að ekki sé heimilt að veita manni skólastjórastöðu eða kennarastöðu gegn einróma mótmælum viðkomandi skólanefndar. Í þessu virðist mér felast nokkuð mikið traust á óskeikulleik skólanefnda; mér þykir réttara, að námsstjóri og fræðslumálastjóri ráði nokkru hér um, þótt einatt muni farið eftir tillögum skólanefnda.

Þá er hér brtt. á þskj. 694 frá hv. 1. þm. Eyf., sem ber það með sér, að hann skilur nauðsyn þess, að kennarastéttin haldi menntun sinni við. Nú má á það benda, að kennarar hér munu hafa tiltölulega betri aðstöðu til að halda við menntun sinni en annars staðar gerist. Enn fremur kann vera, að þetta verði að svo stöddu of dýrt fyrir ríkið. En eins og ég gat um, lýsir þessi till. góðum skilningi þessa hv. þm. á þessu máli.

Þá eru hér nokkrar brtt. frá hv. þm. S.-Þ. Í fyrsta lagi að fræðsluráði skuli skylt að veita undanþágu frá skólaskyldu börnum undir tíu ára aldri, sé þess óskað. Þetta gæti haft þær afleiðingar, að þær skólanefndir, sem hugsa fyrst og fremst um hreppssjóðina, fengju þessu ráðið. — 2. brtt. er um, að samþykki skólanefndar þurfi að koma til við skiptingu í skólahverfi. Ég vil benda á, að með þessu fyrirkomulagi gæti hlutaðeigandi skólanefnd hindrað, að skipting færi fram á þann hátt, sem allir aðilar telja æskilegt. — 3. brtt. er við 13. gr., um sumardvöl barna. Hér er um atriði að ræða, sem ég tel, að ekki eigi heima í þessu frv.

Brtt. við 16. gr. hef ég svarað áður að nokkru, þar eð hún er shlj. brtt. frá þm. Barð., en þessi brtt. fjallar um að lengja einnig reynslutímann, áður en skipa má kennara og skólastjóra við heimavistarskóla. Ég hygg, að sá maður, sem búinn er að vera kennari í 2 ár og reynzt hæfur til starfsins, sanni hæfni sína ekkert betur á fjórum árum, auk þess sem góðir kennarar mundu ekki telja sér fært að bíða í 4 ár eftir slíkri stöðu. Brtt. við 29. gr. hef ég áður svarað, en varðandi a-, b- og c-liði, um að fella niður kennslu í átthagafræði hjá yngri börnum og ákveða kennslu mannkynssögu og ensku í barnaskólum, vil ég segja eftirfarandi. Ég tel, að ekki sé rétt að fella niður ákvæðið um kennslu í átthagafræði, og þótt kennsla í mannkynssögu sé vafalaust góð, er ástæða til að ætla, að unglingaskólarnir annist hana nægilega, og því ástæðulaust að setja hana við hlið Íslandssögu. Varðandi það atriði að ákveða, að enska skuli kennd, þá verð ég að segja það, að mér virðist mjög hæpið að setja ákvæði um þetta í lögin. Í flestum tilfellum mundi tungumálakennsla ekki hefjast fyrr en í unglingaskólunum, og ef byrjað er fyrr, hygg ég, að réttara sé að byrja á auðveldara máli en ensku.

Brtt. við 36. gr. á ekki heima í þessum lögum, hvorki að því er snertir göngu barnanna í skólann né setu þeirra á skólabekk. Hvort tveggja þetta eru reglugerðarákvæði.

9. brtt. er við 37. gr. frv. og fjallar um stærð skólanna og starfstíma. Það er rétt, að stærstu barnaskólarnir hér munu vera of stórir, þótt ég telji hins vegar ekki fært að binda töluna við 300, eins og lagt er til. Í kaupstöðum háttar víða svo til, að barnafjöldinn er lítið yfir 300, og tel ég ekki fært að gera kaupstað að skyldu að hafa tvo skóla, þótt barnafjöldinn nálgist 4—5 hundruð. Erlendis munu tíðkast víða skólar með 5—6 hundruð börnum. Að þessu athuguðu hygg ég, að einsætt sé að binda þetta ekki í lögunum.

10. brtt. er um að binda lengsta kennslutíma í heimavistarskólum við 3½ mánuð. Það er kunnugt, að námstíminn notast betur í heimavistarskólum, en þó tel ég fjarri öllu lagi að takmarka námstímann á þennan hátt, ef til vill gegn vilja bæði barna og foreldra.

Ég mun láta þessi orð nægja að sinni, þótt ýmislegt í þessum brtt. hefði gefið ástæðu til frekari umræðna.

Gísli Jónsson: Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. þótti mér rétt að segja nokkur orð. Hann talar um, að þau ákvæði, sem hér eru sett, séu þar með ákveðin í hinum frumvörpunum. Það má vera, að hann hafi slegið einhverju föstu um atkvæði Framsfl. í þessum málum, en ég ætla að lýsa því yfir a. m. k. fyrir mína hönd, að ég greiði atkv. hverju sinni eins og mér þykir

henta. Þá vil ég endurtaka það, að ákvæði um starfstíma kennaranna eiga heima í lögum um skyldur starfsmanna ríkis og bæja, en ekki í þessum lögum.

Í öðru lagi vildi ég leyfa mér að benda á, að ég sá ástæðulaust fyrir hv. 1. þm. Eyf. að draga inn í þetta mál minningu fyrrv. skólastjóra kennaraskólans, þess mæta manns. Í sambandi við það vil ég spyrja: Finnst hv. 1. þm. Eyf. virkilega, að andi séra Magnúsar Helgasonar svífi yfir kennarastéttinni eða barnaskólafræðslunni á Íslandi nú? Ég trúi því ekki, að honum finnist það, og það er einmitt það, sem hv. frsm. frv. vill útiloka hér nú með því að mæla á móti því, að till. mínar og hv. þm. S.-Þ. verði samþ. um að koma prestunum að við barnafræðsluna. Með því vill hann útiloka, að þessi andi svífi yfir börnunum. Ég vil biðja hv. 1. þm. Eyf. að athuga það, að ef hann vill með atkv. sínu styðja að því, að andi Magnúsar Helgasonar svífi yfir íslenzkri æsku, þá á hann ekki að greiða atkv. með því, að þessi till. verði felld. Ég skal m. a. leyfa mér að benda hv. 1. þm. Eyf. á það: Var það andi séra Magnúsar Helgasonar, sem hvíldi yfir því ákvæði, þegar hv. 7. landsk. — hinn réttkjörni 7. landsk. — slóst fyrir því með hnúum og hnefum að setja það ákvæði inn í fræðslul., að inn í kennaraskólann mætti enginn fara, sem hefði líkamslýti? Var það andi séra Magnúsar Helgasonar, sem hvíldi yfir því ákvæði, þegar verið var að hefja baráttu fyrir því, að enginn maður með hæfileika séra Magnúsar Helgasonar kæmist að barnafræðslunni? Það gerði ekkert til, þó að þeir væru andlega volaðir þessir menn, ef þeir bara höfðu ekki líkamslýti. Það mega ekki koma að barnafræðslunni menn, ef þeir eru krypplingar eins og Morten Hansen, af því að hann var andlega heilbrigður, en ef þeir eru andlega volaðir, þá er sjálfsagt að fá þá í þessa stétt. En ég vil biðja hv. 1. þm. Eyf. að athuga það, að nemendurnir verða ekki alltaf eins og kennarinn, og þar þarf ekki annað en að vitna í fyrrv. formann Framsfl., sem reyndi að kenna þeim Hermanni og Eysteini, — og hvernig hafa þeir reynzt honum? Það er því óhætt fyrir hv. 1. þm. Eyf. að fylgja mér í þessu máli og styrkja með því minningu Magnúsar Helgasonar.

Viðvíkjandi þeirri aths., sem hv. 7. landsk. gerði út af mínum till., m. a. að hann taldi, að það væri of mikið að leggja 50 mín. kennslu á svo vanþroska börn, þá hef ég ekkert viljað um það segja, en aðeins tekið fram, að þetta eigi heima í reglugerð, því að ef áfram verður haldið á þessari braut og börnin verða því vanþroskaðri sem þau eru lengur í kennslu hjá þessum mönnum, þá þarf kannske að breyta þessu oftar og fljótar en Alþingi kemur saman. Það þótti ekki fyrir hálfum mannsaldri mikið 50 mínútur. Nú er upplýst af hv. 7. landsk., að börn séu nú orðin svo andlega vanþroska, að það sé ómögulegt að leggja á þau meira en 40 mínútur, og því legg ég til, að þetta verði ekki bundið í l., heldur ákveðið með reglugerð. Ég er ekki í neinum vafa um, að ef hv. 7. landsk. og hans flokkur fær að ráða áfram í skólamálunum, þá duga ekki 40 mínútur, þá verður að færa niður í 10 mínútur. (*BSt:* Væri ekki ráð að losa sig við þennan flokk?) Jú, það væri ráð. (*BSt:* Hv. þm. gæti kannske gert eitthvað í því.) Það liggur ekki fyrir hér í dag.

Ég vil í sambandi við það, sem hann minntist á það, sem ég hefði sagt um þann hroka að samþ. ekki mínar till., taka fram, að ég var ekki sérstaklega að óska, að þær yrðu samþ. Hann sagði, að það mætti ekki vænta þess, að menntmn. færi að hlaupa frá yfirlýsingum sínum og ákvörðunum, þó að frá mér kæmu brtt. Ég hef ekki óskað eftir því, heldur að hv. frsm. menntmn. sýndi ekki svo mikinn hroka að vilja ekki líta á till., hvaðan sem þær kæmu, en það gerði hann ekki. Hann bar þær aldrei undir n., enda hlupu sumir nm. frá yfirlýsingum sínum viðvíkjandi öðrum till., því að ýmsar till. voru samþ. hér með atkv. þeirra manna, sem eru í menntmn., og það till., sem þeir höfðu víst aldrei athugað eða skoðað í n. sjálfir.

Ég vil ekki deila um kostnaðinn við fræðslun. Það er ekki aðeins, að hv. 7. landsk. þm. vilji ekki, að ríkissjóður greiði kostnaðinn, heldur vill hann forða því, að málið fari aftur til Nd., en ekki það, að hann vilji létta þessari byrði af fátækum sýslusjóðum, m. a. Austur-Skaftafellssýslu, og ef það er ástæðan, þá er rétt, að það komi fram á framboðsfundum í vor, að hann hafi ekki viljað létta þessu gjaldi, litlu að vísu, af sýslunni, en það er ekki ástæðan, heldur hitt, að hann vill ekki, að málið fari til Nd.

Hann segir, að það sé ekki tryggt, að skólan., sem verða sammála um ákveðinn mann til skólastjóra, kunni á því meiri skil en hinir aðilarnir. Það var aðeins einn aðili, menntmrh., sem gat skipað þennan mann, og hann hefur gert það á móti meiri hl. skólan. Er þetta lýðræði? Er það lýðræði, ef einn maður á að ráða meiru en fimm menn heima fyrir? Ég tel það ekki neitt lýðræði. Það kann að vera austrænt lýðræði, það er ekkert annað. Ég vil vænta þess, að hv. þm. sýni með atkvgr., að slíkt lýðræði óski þeir ekki eftir, að verði sett inn í fræðslulöggjöf Íslands.

Jónas Jónsson: Það hefur verið mælt með svo mörgum og góðum till., að ég kenni í brjósti um hv. frsm., að hann skuli verða að standa á móti till., sem annaðhvort verða samþ. nú eða a. m. k. haldið til streitu sem umbótatill. í málinu.

Hv. þm. sýndi sitt austræna lýðræði í því, að hann vill ekki þola, að fólkið í skólahéruðunum fái að ráða, hvort það sameinast um stóran skóla eða ekki. Það er rétt, að það, sem ber á milli, er, að stjfrv. gerir ráð fyrir, að hægt sé að taka menn með valdi og að ríkisstj. geti nauðgað kannske 3—4 hreppum í þessa bóndabeygju. Nú álít ég, að þetta sé svo vafasamt, þetta atferli, að mönnum megi ekki vera það frjálst að samþ. það sjálfum. Þessi ofbeldishugsunarháttur gegnsýrir frv., og eftir honum verður það framkvæmt, ef það verður samþ., en verði það drepið, þá sýnir það, í hvaða anda frv. er byggt.

Ég vona, að hv. frsm. meiri hl. sé svo góður í landafræði, að hann viti, þó að það sé langt frá

honum, að fólk í Bárðardal, Mývatnssveit, Reykjadal og Köldukinn býr á stóru svæði. Nú er það líklegt eftir þeim kokkabókum, sem hér á að fara eftir, að þetta fólk, sem hefur skóla hvað fyrir sig, verði neytt til að hrúga öllum sínum börnum saman og kannske einhverju fleira fólki. Það geta fleiri verið bolsar en þessir 100, sem kusu hv. frsm. meiri hl. í þessu máli, þ. e. a. s. þann upprunalega hv. 7. landsk. þm., og það gæti komið fyrir, ef þetta á að verða, að foreldrarnir hlýði ekki. Og ef nokkurs staðar er réttlát uppreisn, þá er það í slíkum atvikum, þegar foreldrarnir vilja ekki láta fara þannig með börn sín, og ég ætla að gera það, sem ég get, til þess að menn rísi gegn slíku ofbeldi.

Eftir þessu frv. er gert ráð fyrir að byggja feikilega mikið af skólum og kennarabústöðum og öllu, sem þar til heyrir. Það er auðséð, að það vakir ekki fyrir þessum mönnum umhyggja fyrir börnunum, því að nú rís þessi hv. frsm. upp og mótmælir því, að nokkuð sé hugsað um börnin, sem veltast hér í sandinum á sumrin og engin fyrirsjón er gerð um. Það, sem boðið er upp á hér í Reykjavík, er að vísa börnunum inn í þennan 2 þús. manna skóla, sem hv. þm. var svo elskulegur að játa, að væri of stór, því að hann finnur, hvað vitleysan er komin langt, því að nú er verið til viðbótar að fullgera tvær fabrikkur, og þar á að dyngja börnunum saman og þar eiga þau að dúsa í 9 mánuði í leiðinlegum kennslustofum við leiðinlegar yfirheyrslur. En að þau fái þrjá mánuði á ári við sæmilegar kringumstæður miðað við það, sem þau eiga nú við að búa, það vill hann ekki heyra, því að meiningin er að gera allt, sem börnunum er verst, getur mest deyft þau, þreytt þau og gert þau sauðarlegust, kannske með það fyrir augum að gera þau sem móttækilegust fyrir þann lærdóm að austan, sem nú er svo mjög boðaður. Það er grunsamlegt, að þessi maður, sem er kennari í skikkanlegri sveit, getur ekki unnað börnunum þess að fara út af mölinni.

Ég heyrði hv. frsm. ekki mótmæla því, að guðfræðingar, sem hafa ekki kennarapróf, megi fást við kennslu, en hann hefur sjálfsagt gert það, og ég er alveg samdóma hv. þm. Barð. um að fordæma það, að kennarastéttin setji kennslustundirnar niður í næstum því ekki neitt, því að það er partur af vesalmennskunni í skólamálunum. Kennari, sem getur ekki haldið sæmilegum áhuga hjá nemendum sínum í 50 mínútur, er ekki hæfur að vera kennari, — það er þá eins gott fyrir hann að hypja sig burt.

Þá kem ég að því, sem er kjarninn í þessum brtt., en það er að tryggja, að ríkisstj. misbeiti ekki valdi sínu til að velja menn í kennarastöður. Það, sem hér er farið fram á í minni brtt., er, að þar sem skólan. og fræðslun. eru sammála, þá sé það veiting, en ef þær eru ekki sammála, þá komi til greina ráðherravald. Þetta er málamiðlun. Ég tel, að þessi breyt. hljóti að verða samþ. bráðlega, ef hún nær ekki samþykki nú, því að það er eðlilegt, að skólan. ráði mestu um val kennaranna, því að þær eiga mest í húfi.

Ég held, að það sé ekkert á móti því að minnast hér sérstaklega á hv. þm. Barð., þó að það komi honum meir við sem flokksmanni en þm. Það er nokkuð mikill ábyrgðarhluti, sem hann og hans flokkur bakar sér með því að styðja þann menntmrh., sem hann hefur nú kvartað undan með góðum og gildum rökum, og margir gera meira, þegar þessi flokkur, sem nú hefur menntamálin, fer þannig að, að þó að hann sé ekki nema lítill partur af fólkinu í Reykjavík, þá er nú komið svo fyrir einhliða ágengni um framkvæmd l., að í tveimur af hverjum þremur af skólunum í bæjunum úti á landi hefur flokkurinn beitt mjög áberandi ofbeldi, þar sem sá maður í Hafnarfirði, sem mest hafði gert fyrir Flensborgarskólann og nú er ráðherra, hann er rekinn úr skólan. fyrir ókenndum manni. Á Akranesi er það sama. Þar var duglegur maður, sem hafði komið gagnfræðaskólanum á græna grein. Hann er rekinn og ómerkilegur maður settur í staðinn. Það er þetta, sem d. verður að gera sér ljóst, að þetta á ekki að eiga sér stað, — það er fjarstæða. Þetta dæmi frá Akranesi er ákaflega merkilegt, og það væri ánægjulegt, ef hv. 7. landsk. þm., sem er sveitamaður og kennari í viðbót, reyndi að útskýra fyrir okkur, hvernig þetta austræna lýðræði er. Á Akranesi er skólan. búin að fá mann, sem hún er ánægð með, mann, sem er duglegur og fólkið og skólan. vill hafa. Svo kemur ráðh. og segir: Þessi maður skal ekki vera, heldur maður, sem ég vil hafa, þó að enginn annar vilji hafa hann. Til þess að gera þetta nægilega ljóst, þá leggur skólan. niður völd, af því að hún vill sýna, hvað mikil ósvífni er í þessu, vill benda á, hvað eigi að gera. Þess vegna á að samþ. þessa till.

Ég vil segja það við hv. þm. Barð., að mér þykja flokksbræður hans hafa brugðizt illa í þessu réttlætismáli hér í d. Þeir hefðu haft tækifæri til að þvo þennan blett af hér í d. með því að samþ. till. Ég mun með mínu eina atkv. standa með hv. þm., ekki af því að ég þekki þennan mann, heldur af hinu, að fyrst Akurnesingar vilja hafa þennan mann og segja, að hann sé góður, þá eiga þeir að hafa hann.

Hv. þm. var mjög á móti því, að reynt væri að tryggja, að börnin væru ekki send of ung í skólana. Ef hann veit það, að mjög hefur komið til orða að setja reglur um það, hvort leyfa skyldi barnavinnu, þá ætti hann ekki síður að gæta þess, að nú er svo komið undir misbeitingu lélegra kennara, að það er orðinn barnaþrældómur, hvorki meira né minna. Börnin í Reykjavíkurbæ halda ekki heilsu og gleði í skammdegismánuðunum, af því að þau eru þrælkuð. Þau eru rekin á fætur klukkan 7 og eiga að vera komin í skólann ekki langt frá klukkan 8. Hvers vegna má ekki banna, að börnunum sé misboðið þannig? Ég held, að ég megi til með að fá nafnakall um þessa till. til að sjá, hvort kennari í Austur-Skaftafellssýslu með atkv. sínu vill innsigla, að níðzt sé á börnunum. Menn vita, að þetta er svona, Menn hafa verið skeytingarlausir um þetta. Það er skömm fyrir þá, sérstaklega yfirstjórn fræðslumálanna.

En í sambandi við þennan skoðanamun, sem er milli mín og þessara atvinnukennara, sem eru aðallega að hugsa um að hafa þetta fyrir

atvinnu, en ekki að gera gagn, vil ég segja, að það er umhugsunarefni og ekkert smáræði, að í barnaskólum hefur ekki vaxið upp eitt einasta skáld, enginn listamaður, enginn rithöfundur, sem nokkuð kveður að. Ég held, að ég hafi sagt það fyrr við þessar umr., það er ekki víst, að hv. þm. hafi þá verið við, að fyrir nokkrum árum féll piltur í Austur-Skaftafellssýslu í jökulsprungu og sat þar fastur á annan sólarhring. Hann skrifaði síðar frásöguna af þessum atburði, og það var mál manna, þeirra er skyn báru á, að enginn maður, sem nú er í skólunum, hefði getað skrifað eins vel og þessi piltur, sem var af afskekktasta bæ á Íslandi. Heldur hv. þm., að þetta sé meðmæli með þessu skólakerfi eins og það er? Menn, sem hafa þvælzt í gegnum þessa löngu skóla, finna það sjálfir, að menn, sem aldrei hafa í skóla komið, eru þeim færari í móðurmálinu.

Það verður ekkert gert nú, af því að nú eru úrkynjunartímar, en ég vil nota þessa umr. til að byrja sókn á móti löngu og leiðinlegu skólunum, á móti kennurum, sem vilja bara lifa af stöðu sinni, en ekki gera gagn. En þó að það verði ef til vill hægt með einhverjum leyniráðum að drepa mínar till., þá er þó ekki víst, að takist að misbjóða sjö ára börnunum, eins og gert hefur verið hingað til, eða deyfa þau og pína þau í skóla eins og gert hefur verið. Og ég endurtek það, sem ég tók fram í gær, að það er misráðið að hafa börnin í skóla lengur en 7 mánuði, því að það er komin reynsla á, að það er andleg afturför, þar sem skólarnir starfa lengst. Þar er andleysið mest, þar er afturförin mest og fyrirlitningin á bókmenntunum mest, af því að þar hafa verið settir leiðinlegir kennarar til að deyfa og þvinga vitsmuni barnanna.

Hann mótmælti ekki síðustu brtt. um að semja við prestana um kennslu í barnaskólunum. Þetta er aðeins lítilfjörleg tilraun til að benda á það úrræði, sem verður vafalaust notað meir síðar, að prestar verði látnir miklu meir grípa inn í barnafræðsluna en verið hefur. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi till. verði samþ. fremur en aðrar umbótatill. í þessu máli. En þó að allar þessar till. kunni að verða felldar nú, þá munu þær samt lifa eins og önnur umbótamál og verða á sínum tíma teknar til framkvæmda.

Frsm. meiri hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil svara örfáum orðum þessum tveimur hv. þm., sem hafa talað síðast. Ég vil fyrst svara aths. hv. þm. Barð.

Hann minntist á, að það hefði verið ósvífni, þegar ég sagði fyrir fáum dögum, að menntmn. hlypi ekki frá yfirlýsingum, sem hún hefði gefið. Ég verð að skýra betur, hvernig á stóð. Það var búið í n. að greiða atkv. um till. frá hv. þm. Barð. við frv. um skólakerfi og fræðsluskyldu. Sú till. fór í þá átt, að börn væru skólaskyld aðeins á aldrinum 7—14 ára. Till. var felld í n., og með því var hún búin að gefa yfirlýsingu um, að hún vildi samþ. 15 ára skólaskyldu. Og þegar hv. þm. Barð. kom með munnleg tilmæli um, að n. tæki til athugunar að hafa skólaskyldualdurinn aðeins til 13 ára, þá gat n. ekki annað en vísað þeirri till. frá sér, af því að ef hún hefði farið að bera fram brtt. í þessa átt, þá hlaut hún að ganga á móti sínum eigin till., því að það var auðvitað ekki hægt að vera með þeim báðum, þar sem þær stríddu hvor á móti annarri.

Þá var það hv. þm. S.-Þ., sem minntist á þá brtt., sem ég hefði ekki fært nægileg rök á móti, að samkv. frv. væri hægt að taka menn nauðuga, þ. e. a. s. taka hluta úr hreppum inn í fræðsluhéruð móti vilja viðkomandi skólan. Ég vil leyfa mér að benda á, að það er búið að sameina á ýmsum stöðum og verið að undirbúa víðar og alls staðar gert þannig, að námsstjóri fer um og ræðir málið við skólan., og hans till. verður fylgt mjög mikið. Þess vegna er þetta ekkert annað en fjarstæða að halda því fram, að heil héruð verði sameinuð þvert ofan í vilja allra íbúanna. Hins vegar er úti um allt land að vakna meiri og meiri áhugi fyrir að koma skólamálunum í þetta horf. Þess vegna er þetta ekkert nema grýla, sem verið er að reyna að skapa á móti því, að skólahéruð verði sameinuð.

Þá talaði hann mikið um, að það væri óviðunandi að vilja alveg ganga fram hjá því, að reynt væri að koma börnunum í sveit á heppileg heimili. Ég vil benda á, að þetta ákvæði er um svo geysilega viðtæka stofnun, að það á alls ekki heima í þessu frv. Það eru engin smáræðisheimili þetta, að þar skuli eiga að vera öll húsdýr landsins og þar á að vera öll vinna til sjávar og sveita. Ég sé ekki, að hægt sé að setja svona lagað inn í frv. um barnafræðslu.

Þá var hann enn þá að minnast á dæmið frá Akranesi. Viðvíkjandi því vil ég aðeins segja það, að síðan núv. menntmrh. tók við því starfi, hefur verið beitt miklu meiri sanngirni um stöðuveitingar en áður. Ég hygg, að það verði erfitt fyrir hv. þm. að færa rök fyrir þessu dæmi sínu, a. m. k. gerði hann það ekki í þessari ræðu.

Þá talaði hann um börn, sem héldu ekki heilsu og gleði í skólunum, og átti hann þar við Reykjavík sérstaklega. Er það almennt álit foreldra í Reykjavík, að skólatíminn sé of langur? Ætli það sé ekki fremur álit þeirra, að tíminn, sem þau eru á götunni, sé þeim hættulegri en skólanámið?

Í sambandi við það, sem þm. var að segja, að engin skáld og listamenn vaxi upp, þá tel ég ekki hægt að eyða tíma í að svara slíkri vitleysu.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég mun ekki eyða tíma í að svara þeim hv. þm., sem töluðu á móti frv. Brtt. hv. þm. S.-Þ. miða í þá átt að gera frv. að engu, enda er hann andvígur því og hefur greinilega lýst því sjálfur. Þm. Barð. talaði mikið um spillingu kennarastéttarinnar. Slíku hirði ég ekki að svara. Ég álít, að till. hv. þm. séu ýmist einskis virði eða spillandi, og vil því eindregið mælast til þess, að þær verði felldar. — 1. brtt. mundi valda erfiðleikum, ef hún yrði samþ. — 2. brtt. mundi valda deilum um, hvað væri sambærileg menntun við kennarapróf. Og þannig má halda áfram með fleiri brtt. — 5. brtt. þýðir það, að veitingarvald kennaraembætta sé í höndum skólanefndanna. Ég álít það ekki heppilegt, tel eðlilegt og sjálfsagt, að þetta vald sé í höndum fræðslumálastj., því

að hér er um embættismenn ríkisins að ræða, og þeir eiga að vera skipaðir af ráðherra. Hitt tel ég algerlega óeðlilegt, að embættismenn ríkisins séu skipaðir af öðrum aðilum. Ég get ekki séð, að þetta sé sambærilegt við veitingu prestsembætta. Ef allir hugsanlegir aðilar nema skólanefndin í einhverju héraði leggja með einhverjum kennara, þá sé ég ekki ástæðu til, að skólanefndin eigi að ráða. Það getur vel staðið þannig á, að skólanefnd sé skipuð mönnum úr einum stjórnmálaflokki og af þeim ástæðum ríki þar þröng sjónarmið. Ég hygg, að hægt sé að nefna mörg dæmi þess. Og tel ég því alveg óviðunandi, að veitingarvaldið sé ekki í höndum fræðslumálastjórnarinnar.

Þá er till. frá hv. þm. Str. á þskj. 690. Fyrri till. er á þá leið, að fræðsluráð skuli kosið hlutfallskosningu af bæjarstjórn í kaupstöðum, en utan kaupstaða af sýslunefndum. Ég get fallizt á, að þessi skipun sé eðlilegri en hin. En í brtt. við 26. gr., þess efnis, að skólanefndirnar séu skipaðar á sama hátt, finnst mér vanta fulltrúa fræðslumálastj. og teldi eðlilegt og æskilegt, að ráðh. skipaði einn mann í skólanefnd. Það er vegna þess, að skólanefnd og fræðslumálastjórn hafa svo mikið saman að sælda, og hygg ég, að slíkt fyrirkomulag gæfi betra öryggi fyrir góðu samstarfi. Auk þess tel ég ekki rétt að samþ. þetta nú við 3. umr., þar sem líka er lokið að skipa skólanefndir í bæjum og kauptúnum, t. d. hér í bæ. Vil ég því leggja til, að þessar brtt. verði felldar.

Öðru máli gegnir með brtt. hv. 1. þm. Eyf., um að barnakennarar geti notið sömu hlunninda og kennarar við æðri skóla. Þar sem hér er um heimild að ræða, get ég vel fallizt á till. og tel hana líka til bóta. Vænti ég því, að hún verði samþ.

Bjarni Benediktsson: Ég hef ekki átt þess kost að fylgjast með umræðum. En ég hjó í það, að ráðh. sagði, að ef brtt. yrðu samþ., þá yrðu skólanefndirnar skipaðar á annan veg í sveitum en í kaupstöðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Mundi þá ekki þurfa breytingu á skipun skólanefnda í kaupstöðum strax, ef frv. yrði að lögum, og skipa þær að nýju eftir fyrirmælum laganna? Með þessari spurningu er ég ekki að taka afstöðu til þessarar brtt., heldur vildi ég kynna mér þetta áður og hvaða afleiðingar breytingin mundi hafa.

Annað atriði, sem ég vil spyrja um, er það, hvernig ráðgert er að framkvæma styrk til skólabygginga. Ég leyfi mér að spyrja, hvort það skuli ekki ná til allra þeirra skólahúsa, sem nú er verið að reisa, en ef svo er ekki, hver eiga þá mörkin að vera?

Varðandi brtt. hv. 1. þm. Eyf. finnst mér hæpið að setja svo víðtæka heimild. Þótt aðeins sé um heimild að ræða, þá mundu allir kennarar reyna að nota hana til hins ýtrasta. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hversu marga kennara væri um að ræða á ári, svo að deildin fengi yfirlit um, hvað stórkostleg útlát væri um að ræða árlega. Ég get hugsað mér, að kennarar séu ekki færri en 300—400, þá væri hér um að ræða 30—40 menn árlega á fullum launum, án þess að þeir gerðu nokkuð. Mér fyndist það ganga nokkuð langt að svo stöddu máli. Hitt er annað mál, að veita kennurum eitthvert leyfi eftir langa þjónustu til hvíldar og hressingar, og gæti ég hugsað mér 3—4 mánaða leyfi, þá næðu þeir hálfu ári í leyfi, þegar sumarleyfið er talið með. Þó að menn telji sér skylt að vera örlátir, þá verður það að vera innan einhverra takmarka. Ég ber meira traust til hæstv. ráðh. en 1. þm. Eyf., en það gæti komið sá ráðh. til valda, sem misnotaði þessa heimild. (*BSt:* Kennararnir eiga að verja tímanum til náms.) Við erum að sjálfsögðu alltaf að bæta anda okkar, þegar við erum í leyfum, hvort sem við erum launaðir eða ekki. Og það væri meiri andlegi vesalingurinn, sem ekki notaði leyfi til þess á einhvern hátt að uppbyggja sig og auka þekkingu sína. Ég er ekki á móti því, að gefin sé einhver heimild í þessu efni, en ég tel hæpið að ganga svona langt strax í byrjun.

Varðandi brtt. hv. þm. Str. um skipun fræðsluráðsins, þá get ég fallizt á þá brtt., ef sveitarstj., sem tilnefnir fræðsluráð, kysi formann úr sínum hópi. Ég tel, að slík fræðsluráð og skólanefndir eigi að vera fulltrúar héraðanna, og þess vegna tel ég alls ekki eðlilegt, að ráðh. ráði um skipan þeirra. Hitt er óeðlilegt, að skólanefndirnar séu skipaðar þannig, að frá þeim komi tillögur, sem séu litaðar og ekki samkv. vilja héraðsbúa, heldur ráðherra. — Það er enginn ráðh. bættari með að fá tillögur frá mönnum, sem hann sjálfur hefur skipað og getur því skipað að segja það, sem hann vill. Nei, það eiga að vera sjálfstæðir aðilar, óháðir ráðh., sem gera tillögur.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Viðvíkjandi síðasta atriði í ræðu hv. seinasta ræðumanns, þá viðurkenni ég, að færa megi rök fyrir því, að skólanefndir eigi að vera kosnar að öllu leyti heima í héraði, og ég viðurkenni, að þær eiga að vera fulltrúi héraðanna. Það, sem ég sagði, var, að mér fyndist ekki óeðlilegt, að ráðh. ætti einn fulltrúa í skólanefndum. Hann er þó æðsti maður í skólamálum, og með því væri betur séð fyrir sambandi við hann.

Nú er svo fyrir mælt, að í hverju skólahverfi skuli skólanefndir skipaðar af nýkjörnum sveitar- og bæjarstjórnum. Ég held því tvímælalaust, að ekki komi til greina breytingar á skólanefndum nema eftir bæjar- og sveitarstjórnarkosningar. Ég hef talað við lögfræðinga og fleiri kunnáttumenn, og eru þeir mér allir sammála um þetta. — Hv. þm. spurði um gildistöku laganna varðandi skólabyggingar. Hann spurði, hvort hinar auknu greiðslur úr ríkissjóði ættu að ná til þeirra skóla, sem eru í smíðum. Það mun vera ætlunin með þessum lögum, að þessar greiðslur nái til þeirra skóla, sem eru í smíðum, a. m. k. frá árinu 1946 og jafnvel frá 1945, en enn hafa þó engar fullnaðarákvarðanir verið teknar.

Hv. þm. spurði, hvaða afleiðingar það hefði á kostnaðinn, ef brtt. fyrri þm. Eyf. yrði samþ. — Kennarar eru nú um 400, og af þeim munu um 40 fá orlof árlega. Af þessu yrði töluverður kostnaður. En eins og gengið er frá till. á þskj.

694, er hér ekki um neitt frí að ræða, heldur er ætlazt til, að kennarar vinni að störfum í sinni grein og að gera sig hæfari til starfsins, — gætu komið til greina ýmis vísindastörf. Þetta orlof verður ekki heldur veitt, nema greinargerð fylgi umsókn kennarans um, hvernig hann hyggist að verja orlofinu. Það er ekki vafi á því, að þetta getur orðið til þess, að við fengjum hæfari kennarastétt en ella. Hér er um stóra réttarbót að ræða. Hins vegar get ég fallizt á það, sem hv. þm. sagði um, að hér yrði bætt inn í ákvæði þess efnis, að sveitarfélögin tækju einhvern þátt í kostnaðinum af þessum orlofum.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Ed., 10. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Það er út af atriði því, að orlof skuli veitt barnakennurum 10. hvert ár. Ég vil ítreka það, sem ég sagði áður, að ég tel þessar reglur um það ganga lengra en framkvæmanlegt er eða góðu hófi gegnir gagnvart öðrum stéttum þjóðfélagsins. Ég mun því ekki treysta mér til að mæla með þessari brtt., eins og hún liggur fyrir. Ég tel auk þess, að málið hafi naumast fengið þann undirbúning sem skyldi. Sú mþn., sem hafði þetta mál til athugunar, hafði ekki borið fram till. um þetta. Kennarar almennt hafa mælt með framgangi málsins, en þó ekki svo róttækum ákvæðum sem þessum. Ég vil leggja áherzlu á það, að það er annað, hvort heimild er til þessa í einstöku tilfelli eða hvort um víðtæka heimild er að ræða. Ég mælist til þess, að annaðhvort taki hæstv. menntmrh. þetta atriði til nánari íhugunar og fresti frv., þangað til hann gæti borið fram brtt., sem gerði þetta atriði þannig, að framkvæmanlegt mætti telja, eða hæstv. ráðh. gæfi þá yfirlýsingu, að hann muni leggja fram sérstakt frv. á næsta hausti, þar sem þetta mál væri þá undirbúið á víðtækari hátt. Gæti ég þá ef til vill sætzt á að láta þessa brtt. ná fram að ganga á einn eða annan veg. Ég mundi telja þetta fullnægjandi afgreiðslu málsins. En svo stórt mál sem þetta er tel ég óverjandi að afgr. á svo flausturslegan hátt sem hér er gert ráð fyrir.

Magnús Jónsson: Ég vil taka undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði. Mér sýnist vafasamt, hvort þessi till. um árs frí 10. hvert ár fyrir barnakennara sé framkvæmanleg. Það er vafasamt, hvort nægilega margir kennarar eru hér til. Ég vil taka undir það, að þetta er of víðtækt mál til þess að afgreiða það fljótlega. Mér hefði ekki fundizt óeðlilegt, að um þetta væru sett sérstök l., því að hér er um svo ákaflega marga kennara í hinum ýmsu skólum að ræða. Og það er mikill vandi að skipa málunum svo, að ekki hallist á aðra, t. d. háskólakennara. Þar hefur verið mikið um það rætt, að kennarar skólans fengju árs frí frá störfum til þess að kynna sér nýjungar í vísindum sínum. Og hefur verið haft orð á því, hvort ekki væri hægt að finna reglur um utanferðir háskólakennara. Þær reglur eru ekki fundnar enn, en að því er unnið. Það er mjög nauðsynlegt fyrir háskólakennara, sem eiga að fullkomna þessi vísindi við háskólann í landinu, að eiga aðgang að öllum nýjungum í þeim efnum, sem upp koma í heiminum. Og þótt að vísu sé bót að þeim stuttu utanferðum, sem eru styrktar úr sáttmálasjóði, er það þó svo, að kennarar eru þá á ferð á sumrin, en hentugast er að vera á slíkum ferðum á veturna. Mér finnst þetta augljóst mál. Og fyrir mitt leyti treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með brtt. óbreyttri.

Aðallega stóð ég upp til að minnast á eitt atriði, sem hefur valdið ágreiningi. Það er um skipun fræðsluráðanna. Það hefur verið þannig, að í ráðin hafa verið kosnir 4 menn, en 5. maðurinn sjálfkjörinn. Var svo lagt til í frv., eins og það lá fyrir, að 4 menn yrðu kosnir, en fræðslumálastj. skipaði þann 5. Hér er um nokkuð mikinn mun að ræða. Hér liggur nú fyrir brtt. frá hv. þm. Str. um þetta á þskj. 690. Þetta eru 2 till. bæði um fræðsluráð og skólan. Ég hef veitt því eftirtekt, að þær eru stíladar við skakka grein. (*Menntmrh.:* Hv. þm. tók það fram.) Það er þá búið að sjá fyrir því. Í till. um fræðsluráðin skulu þeir allir vera kosnir og fræðslumálastjórn svo skipa formann úr hópi fræðsluráðsmanna. Ég get ekki fallizt á þessa skipan. Vil ég því leggja til, að eins væri farið að við kosningu og hér er lagt til, en fræðsluráð kysi sér formann úr sínum eigin hópi. Ég hef ástæðu til að halda, að þessi miðlunartill. gæti náð samþykki, og það væri gott, að samkomulag gæti náðst um þetta atriði. Ég mun því leyfa mér að bera fram skriflega brtt., ef hæstv. forseti vildi biðja um leyfi fyrir hana. Brtt. mín er við brtt. á þskj. 690, fyrri lið. Í stað orðanna „Fræðslumálastjórn skipar formann úr hópi fræðsluráðsmanna" kemur: Fræðsluráð kýs sér formann úr sínum hópi. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 1. þm. Reykv., og þar sem hún er of seint fram komin og skrifl., þarf afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 743) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég verð að láta undrun mína í ljós yfir því, hve lítinn byr brtt. mín á þskj. 694 hefur fengið í hv. d. í ræðum manna. Og ber þó ekki að ganga fram hjá því, að úr öðrum áttum hefur verið vel í hana tekið, sem ég er þakklátur fyrir. Mig undrar þetta sökum þess, að ég hef sterkan grun um, að fylgismenn hæstv. ríkisstj. á Alþ. ætli að samþ. lagafrv. með þeim ákvæðum, að kennarar við æðri skóla eigi heimtingu á því að hafa frí 10. hvert ár til framhaldsnáms. Þetta er nú í frv. og hefur gengið þannig gegnum hv. Nd. Og mig grunar það fastlega, að það verði að l. Þess vegna undrar mig, að úr þessari átt skuli hafa komið fram jafnsterk mótmæli gegn því að veita heimild til þess, að barnakennarar fái frí

til framhaldsnáms 10. hvert ár. Það barst í tal undir þessum umr. í gær um þetta mál, að það mundi verða nokkuð erfitt fyrir fræðslumálastj. að standa á móti beiðnum barnakennara um þetta og því væri ekki mikill munur á því, hvort um heimild eða ákveðinn rétt væri að ræða. Ég álít á því mikinn mun, hvort fræðslumálastj. geti á sínum tíma takmarkað þetta eftir því, sem henni finnst geta ríkissjóðs leyfa. M. a. hefur 6. þm. Reykv. talið það vera mjög óvarlegt að samþ. þessa brtt. mína. En það var þó hv. þm., ef ég man rétt, sem hafði orð á því í hv. d., að barnakennarar yrðu fyrir misrétti, ef lagaákvæði yrði sett um það, að aðrir kennarar *hefðu þessi fríðindi. Og nú hefur hann í ræðum* sínum í dag og í gær látið skína í það, að hann gæti fallizt á að samþ. eitthvað í þessa átt, þar sem skemmra væri gengið en í minni till. Hv. þm. var að stinga upp á því í gær, að í staðinn fyrir eitt ár kæmi þrír mán., og skildist mér þá, að það ætti að halda sér við 10. hvert ár. Hv. þm. virtist líta svo á, og það hefur borið á því líka hjá öðrum, að þetta væri frí til hvíldar fyrir kennara, og mundu því 3 mánuðir nægja. Ég hef gert grein fyrir því og till. ber það með sér, að hér er ekki um frí að ræða, heldur framhaldsnám og þá helzt í útlöndum. Og ég álít lítið gagn í því að veita frí í 3 mánuði til slíks náms. *Þeir gætu þá haft sumarið frítt og fram* til jóla. Ég er ekki nægilega kunnugur framhaldsskólum fyrir kennara í nágrannalöndunum, en ég hygg það sé ekki hægt að ljúka námi í þeim skólum á þessum tíma, t. d. á kennaraháskólum, sem ég veit, að eru til í Danmörku og Noregi og víðar. Ég álít, ef þess konar frí eru veitt, þá þurfi það að vera í eitt ár. Hitt er svo annað mál, að til samkomulags vildi ég gjarnan draga úr því, sem farið er fram á í minni till. Í minni till. er heimilt að veita barnakennurum frí 10. hvert ár. Og ef barnakennarar eru 400 að tölu í landinu, þá væru það um 40 menn á ári, sem hefðu frí. Þetta er að vísu aðeins hugsanlegur möguleiki, því að ýmsar ástæður valda því, að þótt fræðslumálastjórn tæki allar beiðnir til greina, mundu ekki allir sækja um þetta. Þegar menn eru búnir að vera mörg ár í starfi, orðnir heimilisfeður og bundnir alls konar böndum, þá verða það aldrei nándar nærri allir, sem sækja um það að fara af landi burt í eitt ár. En ég vildi samt koma á móti óskum um það, að úr þessu væri dregið. Ég ætla því að leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við mína eigin brtt. á þskj. 694, svo hljóðandi: Í stað orðanna „*tíunda hvert ár*" *komi: einu sinni.* — M. ö. o., það skal veita hverjum barnakennara þetta orlof einu sinni á hans starfsævi með þeim skilmálum, sem í frvgr. er nánar tilgreint. Vona ég, að þegar ég ber fram þessa till., þá geti allir sætzt á það, a. m. k. þeir, sem hugsa sér að veita öðrum kennurum þann rétt, eins og nú er ráðgert. Og þá geta þeir tæplega annað en samþ. þetta, þegar svo vægilega er í sakirnar farið. Það má vel vera, að það væri rétt að taka þetta til sérstakrar íhugunar um alla kennara. Og ef hæstv. kennslumálarh. lýsti yfir því, að hann mundi styðja tilsvarandi ákvæði í öðru frv. og skyldi í einu lagi taka til athugunar, hvernig þessu yrði fyrir komið um kennara við æðri skóla og barnaskóla, þá gæti ég fallið frá því, að nokkuð væri sett inn í þessi l. um þetta atriði. *En ákvæði samsvarandi þessu er búið að ganga* í gegnum Nd., og ég hafði því búizt við, að þetta yrði samþ. Og það þykir mér hart, ef barnakennarar mega einskis njóta í sömu átt og aðrir kennarar eiga að fá. — Hv. þm. Barð. var með gífuryrði út af því, sem ég sagði í þessu máli. Mér fannst orð hans ekki koma þessu máli við, og hugsaði mér að svara því engu. En úr því ég er staðinn upp, vil ég segja það, að ég hugsa, að minning séra Magnúsar heit. Helgasonar biði engan hnekki, þótt hann sé nefndur. Hans *minning þolir það, að hann sé nefndur hvar og* hvenær sem er, svo að aðfinnsla út af því að hafa nefnt hann finnst mér ekki eiga við. — Svo var hv. þm. *með harða dóma um kennara*stéttina og vildi telja, að kennarar væru ekki líkir séra Magnúsi Helgasyni. Það getur vel verið, að ýmsir kennarar í landinu séu ekki líkir þeim ágætismanni, en það fullyrði ég, og þekki ég það alveg eins vel og hv. þm. Barð., að kennarastétt landsins er yfirleitt skipuð góðum mönnum og skylduræknum. Og ég er alveg sannfærður um, að ef aðrar stéttir þjóðfélagsins stæðu eins vel í stöðu sinni og kennarastéttin gerir, þá væri þessu þjóðfélagi sæmilega *borgið. Og það er vitað, að ekki er svo langt* síðan séra Magnús Helgason var skólastjóri Kennaraskólans, að mjög margir kennnarar eru hans lærisveinar og reyna eftir mætti að fylgja þeim reglum í starfi sínu, sem hann gaf þeim. Þessi dómur hv. þm. var órökstuddur og því sú tegund dóma, sem venjulega eru kallaðir sleggjudómar. Hv. þm. minntist á prestana, og skildist mér hann álíta, að þeir væru líkir séra Magnúsi Helgasyni. Ég ætla ekki að segja neitt misjafnt um prestana, en ég efast ekki um það, að kennarar standa eins vel í sinni stöðu og prestarnir og gengur eins vel að uppfræða æskulýðinn og prestunum að gera fólkið trúað. En *þótt hv. þm. hafi viðhaft gífuryrði um kennara*stéttina, þá var það náttúrlega ákaflega meinlaust í samanburði við það, sem hann sagði um hæstv. kennslumrh. og fræðslumálastjórnina. Það var á honum að heyra, að ef núv. hæstv. ráðh. veitti málum þeim forstöðu áfram, þá yrði æskulýðurinn og þjóðin öll svo andlega voluð, að ungdómurinn mundi ekki þola nema 10 mín. kennslustund, og annað eftir því. Ég er í andstöðu við hæstv. núv. menntmrh. og mundi heldur í dag en á morgun samþ. á hann vantraust og alla ráðh. fyrir ýmissa hluta sakir, en mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þótt þessi hæstv. ráðh. væri um eitthvert árabil aðalvaldamaður *fræðslumála landsins, þá hafi það* eins skelfilegar afleiðingar og hv. þm. Barð. gerir ráð fyrir. Og mig undrar það, hvernig hv. þm. getur varið það fyrir guði sínum og samvizku að styðja mann í það sæti, sem hann álítur, að hafi slíkar afleiðingar. Mér finnst það beinlínis skylda hans sem alþm. að bera fram vantrauststill. á þann ráðh., sem hann telur, að veiti þannig forstöðu fræðslumálum landsins, að öll börn landsins verði að andlega voluðum vesalingum.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

Forseti (StgrA): Hv. dm. hafa heyrt brtt. hv. 1. þm. Eyf. Þar sem till. þessi er skrifl. og of seint fram komin, verður að leita afbrigða, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 746) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Mér finnst brtt. hv. 1. þm. Eyf. vera heldur til bóta, en mér finnst nú samt, að réttara væri að endurskipuleggja þetta mál, og ég hef nú alls ekki tekið afstöðu til þessa fris tíunda hvert ár. Ég teldi langbezt, að hæstv. ríkisstjórn tæki þetta mál til rækilegrar athugunar og bæri fram ákveðnar till. í þessu máli.

Þegar ég var í skóla, þótti það tíðindum sæta, er hinn ágæti kennari Jón Ófeigsson fékk frí einn vetur eftir framúrskarandi góða kennslu í 20 ár. Þetta frí þótti þá stórtíðindi, og það er víst, að hann lá ekki á liði sínu að gera skóla sínum gagn þennan tíma. Þetta var hrein undantekning á þeim árum, og ég verð að segja, að það er engin smábreyting, sem hér á að eiga sér stað í þessu frumv., að gera það að skyldu að taka frí tíunda hvert ár ofan á öll hin nýbættu kjör. Segi ég því, að hér er um ofvöxt að ræða. Þótt barnakennsla sé þreytandi starf, þá hafa barnakennarar þó frí nokkra mánuði á hverju sumri. Þess vegna veitir starf þeirra möguleika til hvíldar og náms, og gætu kennarar hæglega bætt 3 mánuðum við sumarfrí sitt, ef þeir þyrftu lengri hvíldar- og námstíma. Það færi því betur að fresta ákvörðunum um þetta og að ríkisstj. tæki þessi mál til rækilegrar athugunar. Hvað sjálfsnáminu viðvíkur, þá er það til andlegrar uppbyggingar, og það mætti vera meira en lítið andlaus kálfur, er lægi í rúminu í heilt ár. Ef menn eru annars starfi sínu vaxnir, þá bæta þeir ávallt við sig fróðleik, og gera það samt, eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, og þá er hér um of stórt mál að ræða, að hægt sé að ákveða það í bitum, og færi því bezt að taka þetta ákvæði úr frumv. Frumv. er samið af „akademískum" menntuðum kennurum og er samið frá sjónarmiði þess háskóla, en þeir gleyma barnakennurunum.

Ég vil því leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann héldi ekki, að það væri betra að athuga þetta mál í einu lagi.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Mér er óljúft að fresta þessu máli. Nú liggja hjá mér margar umsóknir vel rökstuddar, þar sem menn fara fram á að fá orlof til framhaldsnáms. Hér er t. d. um að ræða ýmsar vísindagreinar, sem menn verða að stunda erlendis. Ef þetta yrði að lögum, þá félli þetta sem orlofsár, og hvað sem öll lög segja, þá er oft óhjákvæmilegt að veita slík fríleyfi til framhaldsnáms eða starfs. T. d. er einn kennari, sem kennt hefur í nokkur ár við menntaskólann í Reykjavík, en hefur ekki lokið prófi, og er því erfitt að festa hann við skólann samkv. fyrri reglum, enda þótt hann hafi reynzt frábærlega vel starfi sínu vaxinn. Ég hef ekki treyst mér að veita honum þetta leyfi, en hins vegar væri sjálfsagt, að hann fengi orlof strax, enda eru skýr ákvæði um það, að hann verði að gera grein fyrir sínu starfi. Hvernig menn treysta ráðh. til slíkra framkvæmda, er annað mál. Það er líka enn meiri nauðsyn fyrir kennara við framhaldsskólana að fá frí til framhaldsmenntunar en fyrir barnakennarana, því að barnakennarar geta numið hér margt af því, sem hinir verða að sækja út fyrir landsteinana. T. d. eru haldin hér við háskólann námskeið fyrir barnakennara.

Það væri gott, ef Alþingi treysti sér til að setja reglur um frí barnakennara. Mér finnst, að með brtt. hv. 1. þm. Eyf. sé hóflega farið í friin. Atkv. hv. þdm. verða að sjálfsögðu að skera hér úr. Þá tel ég till. hv. þm. Str. standi til bóta og jafnvel brtt. hv. 1. þm. Reykv., sem hv. 6. þm. Reykv. hefur lýst, að hann gæti fallizt á. Gæti ég hér gengið til samkomulags.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á í sambandi við orlofin, að það er milliþinganefnd starfandi til undirbúnings frumv. til laga um skyldur og rétt embættismanna, og tel ég óviturlegt að taka hér efnislega afstöðu, og hef ég ákveðið að segja nei. Það segir sig sjálft, ef handahófsleyfi er gefið einni stétt, hvaða fordæmi það skapar. Ég vil, að hæstv. ráðh. gefi kennurum við menntaskólann í Rvík ekki frí, og fyrir fjvn. lá, að kennari við þennan skóla hefði 50 þús. krónur í laun fyrir utan 10 þús. kr. fyrir kennslu í háskólanum og þetta með aðstoð hæstv. menntmrh. Fyrst þeir sneiða þetta þykkar ostsneiðar við menntaskólann, þá virðist ekki vera ástæða til þess að veita þeim frí. — Ég ætla ekki að ræða þetta frekar, þar sem forseti hefur tilkynnt flýti á þingstörfum, en ég vildi aðeins segja hv. 1. þm. Eyf., að andi séra Magnúsar Helgasonar svífur ekki yfir hans sálu.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Í sambandi við ummæli hæstv. ráðh. um, að hann þurfi heimild í lögum til þess að gefa mönnum frí frá störfum, þá vil ég benda á, að það hefur verið venja, að ráðh. hafi þetta í hendi sér, og má telja nokkur dæmi um það. Ég treysti honum til haustsins að fara með þetta vald og að hann muni ekki skapa hættuleg fordæmi, og auðvitað er ætlazt til þess, að menn ljúki námi á eigin kostnað, áður en þeir fá embætti. Þar sem þessi mál eru í hendi hæstv. ráðh., þá ætti því að vera óhætt til haustsins.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins mótmæla rangfærslum hv. þm. Barð. og að ég hafi farið rangt með orð hans. Hann gaf sjálfur fyllilega tilefni til ályktunar, sem ég gerði, að enginn skyldi hugsa, að hann fylgdi hæstv. ráðh. eftir þau orð.

Ég get fallizt á till. hv. 6. þm. Reykv. um frí kennara, en get ekki haft neina vissu um af-

brigði, ef ég tek till. aftur. Gæti þá farið svo, að barnakennarar fái ekki neitt frí, en hinir fá það samkv. frumv. í neðri deild. Vil ég því, að þetta gangi til atkv. hér í þessari hv. þingd.

Ég álít, að till. mín með brtt. minni sé hófleg, og vænti, að allir sanngjarnir menn greiði atkv. með málinu á þessu stigi.

ATKVGR.
Brtt. 695,1 felld með 10:7 atkv.
— 695,2 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, GJ, HermJ, IngP.
nei: ÁS, MJ, PM, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, StgrA.
LJóh greiddi ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Þar sem ég tel, að fræðsluráð eigi frekar að vera fulltrúi héraðanna en skólanefndirnar, þá segi ég nei.

Atkvgr. frestað samkv. ósk menntmrh.

Á 104. fundi í Ed., 11. apríl, var atkvgr. fram haldið.

ATKVGR. (frh.).
Brtt. 691,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ.
nei: BrB, GÍG, HG, ÁS, MJ, PM, BBen, StgrA.
EE, BSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.
Brtt. 696 samþ. með 9:4 atkv.
— 695,3 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen.
nei: BrB, GJ, GÍG, HG, ÁS, MJ, PM, StgrA.
EE greiddi ekki atkv.
2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.
Brtt. 695,4.a felld með 10:4 atkv.
— 691,2 felld með 8:3 atkv.
— 695,4.b felld með 10:1 atkv.
— 691,3 felld með 8:1 atkv.
— 695,5 felld með 9:4 atkv.
— 746 samþ. með 11:3 atkv.
— 694, svo breytt, samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, BSt, BrB, GÍG, HG, IngP, JJ, ÁS, StgrA.
nei: MJ, ÞÞ, BBen, GJ.
EE, PHerm greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti undirbúa frv. fyrir næsta þing um frí handa a. m. k. öllum kennurum og öllum embættismönnum ríkisins eftir ákveðnum reglum, þar sem samræmi verður á milli, segi ég nei.

Gísli Jónsson: Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti fullgera undirbúning að þeim kafla launal., sem heyrir til skyldum og fríðindum embættismanna, og þar sem þetta mál heyrir til þeim l. og ekki sérstökum l., segi ég nei.

Brtt. 691,4 felld með 9:6 atkv.
— 743 samþ. með 10:2 atkv.
— 690,1, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 690,2 felld með 8:4 atkv.
— 691,5 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, PHerm, ÞÞ, GJ, IngP.
nei: ÁS, MJ, PM, BrB, EE, GÍG, HG, StgrA.
BSt greiddi ekki atkv.
3 þm. (LJóh, BBen, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 695,6 felld með 8:4 atkv.
— 695,7.a felld með 9:5 atkv.
— 695,7.b felld með 8:5 atkv.
— 695,7.c felld með 10:1 atkv.
— 695,8 felld með 9:4 atkv.
— 695,9 felld með 8:2 atkv.
— 718 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, GÍG, JJ, PHerm.
nei: BrB, IngP, ÁS, MJ, ÞÞ, BSt, StgrA.
HG greiddi ekki atkv.
4 þm. (BBen, HermJ, LJóh, PM) fjarstaddir.
Brtt. 695,10.a felld með 8:1 atkv.
— 695,10.b felld með 8:1 atkv.
— 695,11 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt.
nei: BrB, GÍG, HG, ÁS, MJ, StgrA.
EE greiddi ekki atkv.
4 þm. (HermJ, LJóh, PM, BBen) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 773).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 773, 792).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Á þessu frv. hafa verið gerðar nokkrar breyt. í Ed. Menntmn. hélt fund um þær í gær og varð ásátt um að láta kyrrt liggja, en hún flytur aftur 2 brtt. á þskj. 792, sem liggja hér fyrir. Í Ed. var breytt ákvæðunum um umráð yfir skólabyggingum, þannig að þau skyldu vera í höndum bæjarstjórnar. Er þar enginn greinarmunur gerður á sveitum og kaupstöðum. Þetta getur gengið í bæjum, en ekki í sveitum, því að þá yrðu 2 eða fleiri hreppsnefndir að koma saman til ráðagerða, og yrði það oft erfitt viðfangs, því að misjafnlega er háttað þessum málum í hinum ýmsu sveitum. Nefndin leggur því til, að í kaupstöðum verði umráðarétturinn í höndum bæjarstjórnar, en í sveitum verði hann í höndum skólanefnda. — Svo hefur nefndin orðið ásátt um að taka aftur upp ákvæðið um yfirlækni, og styðst hún þar meðal annars við álit landlæknis.

ATKVGR.
Brtt. 792,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 792,2 samþ. með 23:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 810).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég hefði haldið, að einhver mundi benda á þær breyt., sem gerðar hafa verið í Nd. Hér í deild var t. d. fellt að mynda sérstakt læknisembætti við skólana og talið, að það gæti fylgt embættum hvers umdæmis að annast skólana. Þetta hefur verið sett hér inn aftur í Nd. Vænti ég, að forseti fresti atkvæðagreiðslu um *málið*.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 840).

---

60. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Á 76. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (þmfrv., A. 463).

Á 79. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 463, er, eins og fram er tekið í grg., flutt fyrir tilmæli landbrh. Frv. er undirbúið af nýbyggingarráði, og hefur það skrifað þá grg., sem frv. fylgir.

Í 2. gr. þessa frv. og að nokkru leyti einnig samkv. 3. gr. þess er ákveðið, að skipaður skuli sérstakur embættismaður, landnámsstjóri, er hafi yfirstjórn á því, hvernig undirbúið er landnám, hvort það er í stærri eða minni stíl. Sú stóra breyt., sem á þessu er gerð frá því, sem áður var, ef þessi gr. nær samþ., er sú, að yfirstjórn þessara mála verður ekki lengur í höndum nýbýlastjórnar ríkisins, eins og hún hefur verið hingað til. Ég skal ekkert á þessu stigi málsins í það fara, hvort þessi breyt. er heppileg eða heppileg ekki, en ég geri þó ráð fyrir, að ég, sem á sæti í nýbýlastjórn, verði fremur andvígur þessari breyt., þótt ég telji nauðsynlegt, að nýbýlastjórn geti haft á valdi sínu, ef svo mikil verkefni verða tekin fyrir eins og gert er ráð fyrir samkv. þessum l., að hafa framkvæmdastjórn.

Samkv. II. kafla frv., sem er að miklu leyti tekinn upp úr l. um landnám ríkisins, er gerð talsverð breyt. og sérstaklega varðandi fjárframlög til þessa máls. Samkv. þeirri breyt., sem hér var gerð á dögunum um landnám ríkisins, var ákveðið, að ríkissjóður legði fram ½ millj. til þessara mála á ári fyrst um sinn, en samkv. þessu frv. á hann að leggja fram 2½ millj. kr. á ári á næstu 10 árum, í fyrsta sinn 1947, til þessara framkvæmda.

Varðandi þau ákvæði, sem hér eru að öðru leyti, í 5., 6. og 7. gr., um undirbúning þann, sem ætlazt er til samkv. þessu frv., að gerður sé, þar sem nýtt land er tekið til að hefja landnám, skal ég ekki fara út í að ræða, því að í aðalatriðum eru þessar gr. í sambandi við það, sem nú er í l. um landnám ríkisins. Samkv. 8. gr. er gert ráð fyrir því, að áður en landnám sé hafið, þá sé það ákveðið, að sveitarstjórn þar, sem það á að fara fram, sé gefinn kostur á að gera grein fyrir sinni skoðun á því, hver áhrif fyrirhugað landnám hafi á afkomu og öryggi þess sveitarfélags, sem um þetta á að fjalla, og á landnámsstjóri að vinna í samráði við sveitarstjórn eða bæjarstjórn, ef um kaupstað er að ræða, að framkvæmdum á þessu sviði. Verði ágreiningur, sker Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð úr þeim ágreiningi. Samkv. 9. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, þá skuli það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð, sem ætlazt er til, að verði sett samkv. þessum l. Þá er ákveðið í þessari gr., að landnámsstjóra sé skylt að gera samning við bæjar- eða sveitarstjórnir um það að taka að sér frumræktun lands fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög. — Þá er samkv. 10. gr. gert ráð fyrir því, að það megi leigja út einstök býli úr hinu sameiginlega landnámi, sem undirbúið er samkv. þessum kafla, til einstakra manna til nýbýla.

Þetta eru nú helztu atriðin úr II. kafla, sem til greina koma, einkum að því er snertir breyt. frá því, sem er í gildandi l. um landnám ríkisins. En þessi kafli er þó þannig, að það er gert ráð fyrir miklu meira og víðtækara valdi, sem landnámsstjóri hefur yfir þessum málum, heldur en nýbýlastjórn ríkisins hefur nú.

III. kaflinn í þessu frv. er um breyt. á byggingarsjóði. Skal hann kallast Byggingarsjóður íslenzkra sveita, en samkv. núgildandi l. heitir hann Byggingarsjóður og áður Byggingar- og landnámssjóður. Helztu breyt. samkv. þessum III. kafla er stórkostlega hækkað fjárframlag til Byggingarsjóðs og að öðru leyti lækkaðir vextir. Það er gert ráð fyrir því, að sjóðnum sé samkv. 12. gr. útvegað vaxtalaust lán, þannig að stofnfé og það fjármagn, sem sjóðurinn hefur, sé a. m. k. 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnfé. Þar að auki er svo talað um í næstu gr., hverjar séu tekjur sjóðsins. Þar er, eins og hv. alþm. geta séð, gert ráð fyrir því, að árlegt framlag úr ríkissjóði nemi 2,5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti, eins og í hinu tilfellinu, árið 1947. Samkv. 14. gr. þessa frv. er það ákveðið, að sjóðurinn veiti lán gegn 1. veðrétti í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum, og svo er tekið fram, að lánin megi vera allt að 75% af kostnaðarverði. Það er um þetta að segja, að þó að það sé æskilegt þegar um svona sjóð er að ræða, að hann þurfi ekki að veita lán nema gegn 1.

veðrétti, þá hygg ég, að það geti ekki orðið árekstralaust, vegna þess að á mörgum jörðum hvíla lán vegna jarðakaupa og Byggingar- og landnámssjóður hefur hagað því þannig, að það megi veita lán út á seinni veðrétti. En takmörkunin getur eigi að síður haldizt, að viðkomandi jörð fái lán, sem sé 75% af kostnaðarverði bygginga. — Samkvæmt 15. gr. er gert ráð fyrir, að það megi, eins og er í ræktunarsjóðsfrv., veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur og ekki er komið í fast horf með hið vanalega lán, og verða þá greiddir háir vextir af því bráðabirgðaláni. Annars eru ákvæðin um vaxtakjörin, sem er annað aðalatriðið í þessu frv., í 17. gr. og eru þannig, að vextirnir skuli vera 2%, en lánstíminn má vera allt að 42 ár. En það er ekki breyt. frá því, sem er, því að það hefur verið svo í Byggingar- og landnámssjóðsl. hingað til. Samkv. 18. gr. eru ákvæðin um það þau sömu og í ræktunarsjóðsfrv. Er þar kveðið á um það, hvenær Byggingarsjóðslánin komi í gjalddaga. Þar er eitt ákvæði, sem ég held að reki sig á í þessu frv. eins og í hinu, en ég tók það fram þegar ég mælti fyrir hinu frv., að heimilt væri að telja lánið komið í gjalddaga án uppsagnar við eigendaskipti á jörðinni. En þetta ákvæði getur naumast staðizt, enda óþarft.

Þetta eru nú aðalbreyt. á Byggingarsjóðsl. frá því, sem þau eru nú. En svo koma hér allmiklar breyt. samkv. IV. kafla l. um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, því að þar er gert ráð fyrir því að nema úr gildi þau lagaákvæði, sem nú gilda um styrk úr ríkissjóði til endurbygginga sveitabýla, og í stað þess sé látið nægja að auka lánsupphæðina mjög mikið frá því, sem nú er, og lækka vaxtakjörin. Þetta er mjög mikil breyt. og ekki ólíklegt, að um það verði nokkuð skiptar skoðanir, hvort þetta sé rétt stefna. En að þessu sinni skal ég ekki út í það fara að rekja það, hvað mæli með og hvað á móti, því að það kemur til athugunar þegar þessi frv. verða hér til 2. umr.

Þá eru strangari ákvæði en verið hafa varðandi aðstoð til bygginga sveitabýla að öðru leyti, og það er ekki ætlazt til samkv. 24. gr., að það sé lánað nema til nýrra bygginga eða þannig viðgerðra, að húsin eða húsið megi teljast að fullu nýuppbyggt.

Þá eru V.—VI. kafli um samvinnubyggingar eða byggðahverfi og nýbýli, og skal ég ekki á þessu stigi málsins fara mjög langt út í að lýsa ákvæðum frv. að því er þessi atriði snertir. Samkv. 27. gr. er sú mikla breyt. gerð frá því, sem er í núgildandi l. um samvinnubyggingar, að það má ekki telja byggðahverfi minna en þar, sem eru 10 býli saman og land handa hverju býli 12 ha., en samkvæmt núgildandi l. um samvinnubyggingar ef um 5 býli saman er að ræða, og ég fyrir mitt leyti tel svona við fljóta athugun, að það mundi geta verið mjög varhugavert að setja svo ströng ákvæði um þetta eins og eru í frv., að því aðeins komi til greina að styrkja þetta, að um svo stórar byggingar sé að ræða, að það séu 10 býli saman.

Þá er samkv. 28. gr. ákveðið, hvernig skuli haga undirbúningi þar, sem um byggðahverfi er að ræða, og að landnámsstjóri skuli láta undirbúa og rækta 5 ha. tún og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur á þeim býlum, sem þar um ræðir, áður en þau séu boðin út til leigu handa þeim mönnum, sem um er að ræða. Samkv. 29 gr. er ákveðið, sem sjálfsagt er, að þeir menn sitji fyrir leigu í byggðahverfum, sem hafa áður átt landið á þessu svæði, eða aðrir þeir í nágrannasveit eða innan sveitar, sem talið er, að helzt þurfi á því að halda. Að öðru leyti eru byggðahverfin ekki mikið breytt frá því, sem áður var og er í núgildandi l., heldur en þetta, sem ég hef hér vikið að og snertir nýbýli. Þá er breyt. sú, að það er snúið inn á þá leið, eins og með byggðahverfin, að ætlazt er til þess, að aðallega verði stuðzt við nýrra og fullkomnara skipulag að öðru leytinu, en lánsfé að hinu leytinu, en ekki eins mikið stuðzt við styrktarfé og nú er um að ræða, og hefur þó frekar þótt of lítið en of mikið það styrktarfé, sem til nýbýlamyndunar hefur verið veitt.

Þá er VII. kafli frv. um viðhaldsskyldu o. fl., og skal ég ekki langt út í það fara að lýsa þeim ákvæðum, sem þar er aðallega um að ræða. En einna róttækasta breyt. í þessum kafla er í 43. gr. og er um það, að þegar ábúenda- eða eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, og eins er það varðandi nýbýli, að þá hafi Byggingarsjóður forkaupsrétt að eigninni í stað þess að nú er það ábúandi einn, sem hefur hann, og þar næst sveitarfélagið. Þetta er atriði, sem kemur mjög til athugunar. Þetta gildir þó ekki samkv. þessari gr., ef um erfðaskipti er að ræða.

Sem sagt er það svo, að samkv. þessu frv. eru teknir til breyt. allir kaflar, sem nú gilda í l. um Byggingar- og landnámssjóð og landnám ríkisins að undanteknum kaflanum um Teiknistofu landbúnaðarins. Hann er óbreyttur frá því, sem nú er.

Í grg. fyrir þessu frv. eru nákvæmir útreikningar, sem nýbyggingarráð hefur látið gera um áhrif þeirra ákvæða á þessa stofnanir, ef frv. verður samþ., og er mjög æskilegt, að alþm. kynni sér þá útreikninga, og sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða þá hér nú við 1. umr. Hér er um mjög merkilegt mál að ræða og mál, sem ég hygg, að sé mjög mikil nauðsyn að fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði samkomulag um að afgr. frv. óbreytt, og fer ég fram á, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn., enda þótt hún flytji það, og vænti ég, að hv. þm. geti á það fallizt að láta málið ganga áfram svo fljótt, að það geti fengið afgreiðslu áður en þessu þ. er lokið.

Ég skal svo láta þetta nægja við þessa 1. umr., ef ekki gefst tilefni til frekari aths. frá öðrum hv. alþm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 564, 565, 588).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það mál, er hér liggur fyrir á þskj. 463, er frv. til l. um landnám o. s. frv. Það er, eins og tekið er fram í grg., samið af nýbyggingarráði að tilmælum landbrh. Landbn. hefur haft málið til meðferðar, rætt það mjög og flytur allmargar brtt. við frv. Sumar eru orðabreyt., aðrar efnisbreyt. meiri og minni. Ég vil nú í fáum orðum fara í gegnum brtt. þessar.

Í 1. brtt. er aðeins um orðabreyt. að ræða, og þykir n. svo betur á fara sem í till. greinir. Ég segi svo ekki meir um hana.

2. brtt. við 2. gr. frv. er raunverulega aðalbreyt. n. En hún er á þá lund, að tekin séu inn í frvgr. ákvæði um nýbýlastjórn. Hún hafi yfirstjórn þessara mála í stað þess, að ætlazt er til, að einn embættismaður hafi hana með höndum. Um þessa brtt. varð ekki fullt samkomulag í n. Hv. 1. landsk. telur heppilegra að hafa það eins og gert er ráð fyrir í frv. sjálfu. Við hinir nm. álítum, að betur fari á, að nýbýlastjórn verði áfram starfandi á þessum vettvangi. En þetta eru stofnanir, sem engin trygging er fyrir, að hafi góða samvinnu. — Margar aðrar brtt. á þskj. 565 eru beinar afleiðingar af þessari. Ég fer hér ekki út í að skýra þær, er svo er ástatt um.

3. brtt. við 3. frvgr., sem er umorðun, er breyt. þess efnis, að landnámsstjóri fari eftir tilmælum nýbýlastjórnar. Segir í henni, að hann skuli hafa yfirumsjón með framkvæmdum, er nýbýlastjórn kunni að ákveða. Í þessari gr. er haldið fram, að 3 stofnanir, sem þar eru greindar, skuli gefa æskilegar upplýsingar og veita aðstoð, eftir því sem þeim er unnt.

4. brtt. við 4. frvgr. er umorðun og nokkur afleiðing af breyt. um nýbýlastjórn. Gr. kveður svo á, að ríkisstj. skuli undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir. Haldið er niðurlaginu á þessari gr., að ríkissjóður greiði a. m. k. 2 millj. og 500 þús. kr. árlega næstu 10 ár og í fyrsta skipti árið 1947. Upphæð þessi er í raun réttri aukinn jarðræktarstyrkur. Er hann meiri en nokkru sinni áður hefur verið um að tala. Hann er bundinn við byggð í grennd við kaupstaði og kauptún.

Þá er það 5. brtt., sem er við 6. gr. frv., en hún er umorðun á niðurlagi gr. Þetta hefur orðið nokkurt ágreiningsatriði. Brtt. við brtt. n. hefur komið fram frá einum nm. Segir í henni, að heimilt sé að taka þær jarðir eða jarðahluta, sem ekki næst samkomulag um kaup á, eignarnámi til þeirra nota, er um ræðir. En í brtt. n. er gert ráð fyrir, að heimildin nái óskorað til þess að koma landspildum þeim í opinbera eign, sem einstakar jarðir í sjálfsábúð geta án verið, en ekki sé heimilt að taka þessi eignarumráð nema öll nýbýlastjórnin sé því sammála. Skal það raunar gert í samráði við landbrh. Þetta finnst okkur nm. nauðsynlegt tryggingarákvæði, svo að ákvæðunum verði ekki beitt of harkalega gegn einstökum mönnum. Einn maður má ekki hafa óskorað vald í þessum efnum.

6. brtt. við 7. frvgr. er bara orðabreyt. Gegnir sama máli um a-lið sem aðra liði. Það er nokkuð skýrt í b-lið þessarar brtt., að ef ágreiningur verður á milli sveitarstjórnar og nýbýlastjórnar um framkvæmdaratriði samkv. þessari gr., skuli það vera landbrh., sem sker úr.

8. brtt. er við 9. gr. og fer einnig í þá átt, að nýbýlastjórn hefur heimild til þess að semja við búnaðarsambönd eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þessi brtt. er bundin við það, vegna þess að það er meira og meira að færast í það horf, að það eru búnaðarsamböndin eða ræktunarfélög, sem hafa með að gera stærri jarðræktarverkfæri til vinnu. Og ef þess er kostur, er heppilegasta leiðin, að nýbýlastjórn geti samið við þessa aðila um að taka þær nauðsynlegu framkvæmdir í þeirri ræktun, sem er á vegum ríkisins, en þurfi ekki að vera í því horfi, eins og fyrst var gert ráð fyrir, að haldið yrði uppi á vegum nýbýlastjórnar vinnuflokkum með vélar til þess að vinna það land, sem tekið er til ræktunar í þessa átt. En að hinu leytinu er haldið því ákvæði, að þegar um slíkt er að ræða, þá sé bæjar- og sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, skylt að tryggja það, að nægilegt fé sé jafnan lagt fram og tryggt til framkvæmdanna, sem þar er verið að vinna að.

Þá er næst 9. brtt. við 10. gr., sem er umorðun á gr., og er sama fyrirkomulagi haldið að því er snertir einstök nýbýli eins og gert er samkv. 8. brtt. Þar er gert ráð fyrir, að samið sé við búnaðarsambönd og ræktunarfélög um að taka að sér ræktunarframkvæmdir upp á akkorð fyrir ákveðið gjald. Enn fremur er því haldið, sem í frv. er gert ráð fyrir, að það sé þó einkum miðað við það, að þessi ákvæði skuli koma til framkvæmda þar, sem hagkvæmara þykir að vinna stór svæði eða koma að fullkomnustu vélum.

Þá er 10. brtt., sem er ný 11. gr., og er alveg nýmæli frá n. hálfu inn í frv. Þessi brtt. fjallar um það, að það skuli í hverri sýslu vera skipuð 3 manna n. nýbýlastjórn til aðstoðar við þær margvíslegu ákvarðanir, sem koma til greina í þeim efnum. Er þá sérstaklega um að ræða val á landi til ræktunar og nýbýlastofnunar og enn fremur hitt, sem er mjög þýðingarmikið atriði, hvaða jarðir skuli vera útilokaðar frá þeirri aðstöðu, sem l., ef frv. verður að l., gera ráð fyrir. Undanfarið hefur þessu verið hagað á þá leið, að þegar nýbýlastjórn varð að skera úr um það, hvaða jarðir skyldu fá styrk til bygginga og hverjum skyldi veitt aðstoð til nýbýlastofnunar, þá hefur það vanalega verið hlutaðeigandi sveitarstjórn, sem í raun og veru úrskurðaði það, hvort hún áliti hlutaðeigandi jörð svo vel í sveit setta, að engin hætta væri á því, að hún færi í eyði, eða hvort hún væri illa í sveit sett gagnvart samgöngum og hvort hún fullnægði öðrum þeim þægindum, sem gert er ráð fyrir, að komi til greina í hinum strjálbýlli sveitum. Það er ekki því að leyna, að þessi aðstaða sveitarstjórna getur orðið mjög erfið, og fyrir innansveitarmenn er það miklu erfiðara, því að þetta eru oft og einatt viðkvæm mál. Landbn. vill þess vegna færa þetta nokkuð fjær með því að kjósa 3 manna n. í hverju sýslufélagi til þess að vera ráðgjafi og til aðstoðar á þessu sviði. Skuli einn nm. skipaður af nýbýlastjórn án tilnefningar og

sé hann formaður n., en hinir 2 skulu tilnefndir af viðkomandi búnaðarsambandi. Það er til þess ætlazt samkv. þessari till., að þessi n. verði nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt þessum l. N. á einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum l. og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal n. vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, sem óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðarfélag, og einnig þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkv. ákvæðum þessara laga.

Þá er 11. brtt., sem er breyt. á formi III. kafla, sem er samkv. frv. um Byggingarsjóð íslenzkra sveita. Okkur þykir nægilegt, að þetta sé um Byggingarsjóð eins og það er í gildandi l. og enn fremur, samkv. 12. brtt., að það sé nóg, að sjóðurinn heiti Byggingarsjóður, því að hér er ekki um að ræða að stofna nýjan sjóð, heldur er verið að efla sjóð, sem fyrir er og er með ákveðnu nafni.

13. brtt. er við 14. gr. Þar er um að ræða eitt aðalatriðið í þessu frv., aðalatriði, sem getur náttúrlega mjög orkað tvímælis, og er nokkur ágreiningur um það, þó að það yrði nú ekki í landbn. Fyrri hl. þessarar brtt. er að afnema í 1. málsgr. þessarar gr. það, að það megi ekki veita lán nema gegn fyrsta veðrétti í jörðum, og er sú breyt. okkar gerð af því, að það ákvæði er óframkvæmanlegt eins og það er í frv., vegna þess að það eru og hafa verið mjög mikil brögð að því, að meiri og minni lán hvíli á jörðum áður en kemur til um byggingarlán, enda hefur Byggingarsjóður fram að þessu lánað út á hvaða veðrétt sem er, hvort sem það er nú 3., 4. eða 5. veðréttur, ef tryggt er, að jörðin standi fyrir láninu. En að hinu leytinu er þessi brtt. umorðun á síðustu málsgr. gr., sem fer fram á, að það megi lána allt að 75% fasteignamatsverðs að viðbættu kostnaðarverði þeirra húsa, sem lánið er veitt til. Þá skal ég geta þess, að sá maður, sem ætlazt er til, að hafi með höndum framkvæmd þessara mála, bankastjóri Búnaðarbankans, er þeirrar skoðunar, að þarna sé allt of langt gengið með því að fara upp í 75% lán út á nýbyggt hús. 75% af kostnaðarverði er náttúrlega ákaflega mikið stökk frá því, sem nú er, því að þar er talað um, að það megi vera mest 9 þús. kr., og eins og nú stendur er það náttúrlega fjarri öllu að hafa slíkt hámark. En það er líka mjög mikið stökk úr 9 þús. kr. í 75% kostnaðarverðs, sem gæti orðið jafnvel 75 þús. kr. Enda þótt gert sé ráð fyrir lægri vöxtum af þessum lánum, sem sé 2%, er hér farið fram á fremsta hlunn. En eitt getur og komið til greina, sem hefur verið hugsað um síðan og n. láðist að taka fram, en það er, að það sé þó aldrei heimilt að taka lán út á nokkurt hús meira en 75%, því að það gæti komið fyrir samkv. brtt., að það væri hærra, ef ekki hvíldu neinar skuldir á jörðinni áður.

14. brtt. er ekkert annað en smávægileg orðabreyt. til þess að gera gr. gleggri og ekki verði villzt á því, að stjórn Byggingarsjóðs er gefin sú heimild, sem þar um ræðir, en ekki neitt annað.

15. brtt. er við 18. gr. og fjallar um það að fella niður 2. lið með þeim skilyrðum, sem þar eru sett fyrir því, að lán geti verið fallið í gjalddaga. Og þessi 2. liður gr. er þannig, að lán megi telja fallið í gjalddaga, ef eigendaskipti verða á jörðum, svo lánið er ekki lengur tryggt.

Þá er 16. brtt., sem fjallar um það að fella niður úr 21. gr. síðari málsgr., sem ákveður, að þessi sjóður skuli fá rétt til þess að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig. Við viljum fella þetta niður vegna þess, að það er hætt við því, að ef einni lánsstofnun væri leyft þetta, kæmu aðrar á eftir með svipaðar óskir sér til handa.

17. brtt. er við 22. gr. frv. og er umorðun á gr., þannig að tekin sé inn í hana „nýbýlastjórn." Okkur fannst það gleggra, því að eins og það er í frv., þá mætti skilja það svo, að það væri bankastjóri Búnaðarbankans, sem ætlað væri að annast alla afgreiðslu á lánum, sem engum dettur í hug, að komi til greina.

18. brtt. er ekki annað en umorðun og eðlileg afleiðing af því, að nýbýlastjórn er tekin inn þarna til yfirstjórnar.

19. brtt. er efnisbreyt. Samkv. frv. er ákveðið, að það megi ekki veita lán til endurbyggingar á gömlum húsum nema svo gagnger sé, að skoða megi það sem nýtt hús. Við orðuðum þetta um á þann hátt, að fyrir orðin „sem algerlega nýja íbúð" komi: sé jafngilt nýrri íbúð. Í mörgum tilfellum er það svo, að það er búið að byggja hluta af bænum og það er nýtt. Ef t. d. um raðabyggingu eða öðruvísi fyrirkomulag er að ræða, sem gerir mögulegt eða hagkvæmt að byggja íbúðarhús eða bæ í fleira en einu lagi, þá er það þægilegra í þessu sambandi að kveða svo á, að það jafngildi nýrri íbúð.

20. brtt. er ekki annað en orðabreyt., og skal ég ekki fjölyrða um hana.

21. brtt. er líka afleiðing af því, að nýbýlastjórn er tekin inn, og þarf það ekki sérstakrar skýringar við.

22. brtt. er við 27. gr. og er efnisbreyt. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að það skuli ekki telja byggðarhverfi nema saman séu 10 býli. Samkv. l., eins og þau eru nú, er þetta miðað við 5 býli og viljum við halda okkur við það takmark, enda er það svo, að landinu er þannig háttað, að það eru ekki líkur til þess, enda þó að landrými sé til þess á stöku stað að hafa 10 býli, að víða verði sett nema 5 saman.

23. og 24. brtt. eru aðeins orðabreyt. og afleiðing af fyrri brtt., og 25. brtt. er sömuleiðis afleiðing af þessari efnisbreyt., í stað „10 býla" komi: fimm býli, og það er aðeins miðað við 5 menn í staðinn fyrir 10.

26. brtt. er orðabreyting, að í staðinn fyrir orðið „úrbyggt" komi: úrskipt, því að til þess er ætlazt samkvæmt því sem gr. er að öðru leyti orðuð.

27.—28. gr. brtt. eru aðeins orðabreyt. og afleiðing af fyrri brtt.

Þá er 29. brtt. við 39. gr. frv. Hún er að því leyti efnisbreyt., að í fyrsta lagi er nýbýlastjórn sett þar inn sem stjórnaraðili eins og í hinu tilfellinu, og svo er því bætt við, að nýbýlastjórn

sé heimilt, ef þess gerist þörf, að kaupa land til þess að reisa á nýbýli.

30. brtt. er ekki annað en orðabreyt. og afleiðing af fyrri brtt.

Um 31. brtt. við 42. gr. er það að segja, að í staðinn fyrir „Trúnaðarmenn skipaðir af stjórn sjóðsins" komi: Héraðsnefndir nýbýlastjórnar, en þær eru ákveðnar samkv. 11. gr. í brtt. n. Trúnaðarmenn hefur Byggingar- og landnámssjóður haft víða um landið, sums staðar í hverri sveit, sums staðar fyrir stór svæði, en í stað þeirra er ætlazt til að komi héraðsnefndir.

Þá er 32. brtt. við 43. gr. Það er efnisbreyt. að því leyti til, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að þegar jörð, sem lán hvílir á, er seld, gengur kaupum og sölum, þá hafi sveitarstjórnin alltaf forkaupsrétt eða rétt til þess að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Og um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer eins og er í núgildandi lögum.

33. brtt. er um það að fella inn í frv. nýjan kafla, sem er kafli úr gömlu l. um Teiknistofu landbúnaðarins. Samkv. frv., eins og það er, er gert ráð fyrir því, að aðeins standi eftir þessi eini kafli af l. eins og þau eru nú. Okkur þótti þess vegna miklu réttara að taka þennan kafla um Teiknistofu landbúnaðarins inn í frv. Um þennan kafla þarf ekki að hafa mörg orð, hann er nálega óbreyttur frá því, sem hann var í gömlu l., en þó er orðabreyt., sem er afleiðing af þeim breyt., sem hér er ætlazt til, að verði gerðar á lögunum.

34. brtt. er aðeins um það, að niður falli sú gr., 44. gr. frv., sem vísar til Teiknistofu landbúnaðarins, en þegar kaflinn er tekinn inn um þessa stofnun, þá er sú gr. óþörf.

Síðasta brtt. er svo um það, sem þegar hefur verið tekið fram, að það er ætlazt til þess, að með þessum l., ef frv. verður að l., séu gömlu lögin um Byggingar- og landnámssjóð fallin úr gildi, þar sem ákvæði þeirra eru nú komin þarna inn í þetta frv. Annars er það svo, eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, að höfuðbreyt. í þessu frv., auk þess sem framlagið er hækkað stórkostlega frá því sem verið hefur, er sú, að hér eru veitt lán til þessara mála með mjög lágum vöxtum, lægri vöxtum og lengri afborgunarfresti en áður tíðkaðist. Þetta er mjög mikil breyting og getur náttúrlega orkað tvímælis, að hverju leyti sú stefna er til bóta og að hvaða leyti ekki, en við í landbn. höfum fallizt á að mæla með því, að þessari stefnu sé fylgt. Að öðru leyti skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en ég vil þó aðeins geta þess, sem tekið er fram í nál., að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um það að flytja brtt. eða fylgja brtt. annarra þm. við þetta frv., og hefur þegar komið fram brtt. frá einum nm. og er væntanleg frá öðrum, auk þess sem gera má ráð fyrir, að eftir að atkvgr. hefur farið fram um þessar brtt. landbn. við þessa umr., þurfi hún að taka frv. til rækilegrar athugunar áður en 3. umr. fer fram.

Ég vil svo vænta þess, að hv. þm. geti í aðalatriðum fallizt á þær brtt., sem landbn. ber hér fram, og að málinu verði vísað áfram. Á það leggjum við áherzlu, að málið gangi í gegn nú á þessu yfirstandandi Alþ.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Mál þetta, er hér liggur fyrir, er frá landbn. Hafa við það verið fluttar 2 brtt. — Mig langar til að segja nokkur orð um málið í heild sinni.

Landbn. hefur haft frv. til meðferðar og rætt það mjög. Teljum við það vera mjög til bóta fyrir íslenzkan landbúnað. Að sumu leyti tel ég, að málið hafi ekki alls kostar batnað hjá landbn. Frv. þetta er annar hluti af frv., sem flutt var af hæstv. dómsmrh. á síðasta þ. í hv. Ed. Því máli var vísað frá og til nýbyggingarráðs. Þetta frv. er á þskj. 463 og er 181. mál. Markmiðið með frv. í öndverðu var að greiða fyrir nýbyggingum, og eru ákvæðin um Byggingarsjóð að mörgu leyti látin óbreytt haldast. En hvort tveggja var þó eftir, þegar búið var að semja frv., að setja ný ákvæði um teiknistofuna og styrkinn. — Sú breyting, sem hlyti að verða á landbúnaðinum, vakti fyrir flm. og einnig hitt, að nýbyggingarnar væru annar þáttur þeirra landbúnaðarframkvæmda, er hér um ræðir, enda næði hann eigi heldur til eldri löggjafar. Ég tel þetta mikinn skaða. Erfitt verður að framkvæma þessa hluti. Það er hætt við því, að fjármagnið verði látið ganga í einstök býli til viðhalds því, er áður var gert, og muni ekki ná fullum árangri sú aðferð. Ég held, að betra væri að láta frv. um nýbyggingar vera sér, en þeim þætti o. fl. var blandað saman í einn hrærigraut, og er nú gráu bætt ofan á svart með því að fella ný málefni beint inn í það fyrirkomulag, sem áður var. Mér finnst vera álitið allra meina bót, að landbúnaðurinn fái véltæknina í þjónustu sína. Að því leyti má þess gæta, að töluvert fólk mun þurfa, ef hraðvirkar vélar fást, — og þær fást. Og þannig er því farið um afraksturinn, að við áttum okkur ekki á því, hvað tæknin getur verið fljót að koma. Af þessu má það vera ljóst, að byggðin verður að færast saman. Það verður ekki hægt að byggja landbúnaðinn upp eins og í gamla daga. Við getum ekki fyllilega gert okkur grein fyrir hinni gömlu tíð. Við sjáum, að lítill hlutur liggur eftir mannsorkuna, borið saman við það, sem nú er. Tel ég samvinnu nauðsynlega við hina nýju tækni.

Ég er að þessu leyti andvígur þeim breyt., er hér á að gera. Ég flyt hér 2 brtt. á þskj. 588, að byggt verði upp, eins og þar segir. Ég held, að allt, sem gert er, dragi málið inn á sömu brautir og áður, frá 1941. Við getum ráðið það af þessu frv. Í þeirri mynd, sem málið kom í til landbn., var gert ráð fyrir, að 10 býli yrðu saman. Landbn. færði töluna niður. Við sjáum, ef t. d. teknar yrðu hraðvirkustu vélarnar, að þá mundi vart hægt að fá nægilegt starf fyrir þær, ef eigi væru a. m. k. 10 býli í byggðarhverfi, þ. e. saman um notkun vélanna.

Þetta vildi ég taka fram á undan. Kem ég þá að brtt. mínum á þskj. 588.

Fyrri brtt. er við 6. frvgr. og um eignarnámið. Svo er málum háttað, þegar málið kemur í Nd. og ljóst verður, að fá þurfi lóðir til almenningsnota, og líka hitt, að í því skyni beri að veita

heimild til eignarnáms, að þá er engu líkara en það þyki eiginlega algert eignarrán. Venjulegast er svo farið, þegar taka á land eignarnámi, að allt og sumt, sem knýr til þess að taka það, er, að búið er að vinna að því, — að landið er orðið verðmætt. Þannig er um land það, er tekið hefur verið undir nýbyggingarnar, að hið opinbera hefur síðan tekið það til ræktunar. M. ö. o., hér um bil ætíð hefur öll verðhækkun, sem orðið hefur, sjaldnast stafað af tilverknaði landeigandans sjálfs. Hið opinbera hefur þar meiri áhrif en einstaklingurinn. Þess vegna finnst mér, að eignarnámið eigi að framkvæma eftir mati. Ég veit, að þetta verður til þess, að landið verður ekki tekið nema um byggðarhverfi sé að ræða. — En svo er líka önnur hlið á þessu máli. Ég er sízt af öllu að bera brigður á, að menn fái eðlilegt verð fyrir framkvæmdir sínar. En hitt mætti athugast, að vafasamt er, hvort maður, er ekkert hefur aðhafzt á landareign sinni, hafi þá skýlausan eignarrétt. Ef einstaklingar sjá sér hag í að kaupa eitthvert land, þá hugsa þeir ekki svo mjög um helgi eignarréttins. Ég er sannfærður um, að ekki ein jörð hefði verið seld, sem þannig hefði verið ástatt um. Við teljum þetta til hagsælda horfa fyrir þjóðina.

Síðari brtt. mín á þskj. 588 er við 28. frvgr. Svo vildi ég láta orða síðari hluta gr. sem þar segir. Ef til vill vantar í frv. þetta, og er breyt. mín þess vegna. Þannig er upp byggt, að gert er ráð fyrir, að ríkið nemi landið, en svo, þegar búið er að rækta og byggja á því, þá kaupi menn það. Nú vantar í frv. ákvæði um, hversu haga skuli til, verði jarðirnar leigðar, en þá er þörf leigumála. Taldi ég rétt, ef um leigu yrði að ræða, að þá þyrfti ekki að borga 25%, heldur teldist ábúandinn eigandi bygginga þeirra, er hann reisti sjálfur, og eins yrði hans eign það, sem hann ræktaði í viðbót, en honum bæri svo aftur að greiða leigu eftir hitt.

Að endingu vildi ég taka þetta fram: Mér finnst frv. horfa til bóta í heild sinni. Þó er ég óánægður með stefnuna. Mér þykir vera farið út á þá braut, að viðbúið sé, að í því sama lendi með landnámssjóð sem áður. Tel ég hyggilegast, að nýbýlin verði látin vera sér á blaði.

Ég held, að það verði síður farið inn á þær brautir, er menn hér ætla að þræða, en þær, sem fara verður, ef landbúnaðurinn á að verða samkeppnisfær við aðra atvinnuvegi í landinu.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það hefur nú um skeið verið rík nauðsyn að endurskoða og rýmka löggjöf um lánastarfsemi til landbúnaðarins. Þótt þessi löggjöf sé ekki gömul, hafa á síðustu árum orðið svo miklar breytingar á kostnaðarverði bygginga, að takmarkanir þær, sem settar voru, eru nú allt of þröngar. Þeir, sem standa að þessu frv., hafa gert tilraun til að rýmka lánskjörin. Raunar voru flutt af Framsfl. tvö frv. í þessu skyni, annað um breyt. á l. um ræktunarsjóð og hitt um breyt. á l. um landnámssjóð. Eftir að það frv. kom fyrir landbn., gerði ég tilraun til að fá það afgr., en form. n. lagðist á móti því og sagði, að von væri á viðtækum lagabálki um sama efni frá ríkisstj. Ég taldi rétt að bíða. Nú er þetta komið og virðist mér ekki mikill munur á þessu og því, sem áður var komið. Ég get vel sætt mig við höfuðatriði þessa frv., en mun þó bera fram brtt. við einstök atriði.

Ég þarf ekki að lýsa frv. Það hefur form. n. gert. Þó vil ég gera aths. við orð, sem féllu hjá hv. frsm. Hann fann brtt. mínum það til foráttu, að þær toguðu frv. yfir á þá braut að vera meira til styrktar einstökum býlum, en hins vegar væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að byggðin þéttist og meiri samvinna skapaðist. Ég er honum sammála um þetta, að byggðin þurfi að þéttast og bændur að eiga stærri tæki, en ég tel, að því marki verði ekki fyrr náð með því að miða eingöngu við byggðarhverfi, heldur einnig með því að koma upp nýjum býlum í hinni dreifðu byggð. Ég tel það æskilegra að bæta við það, sem fyrir er, en fella allt að grunni og byrja að nýju. Hins vegar hef ég litla trú á því, að samyrkjubúskapur henti okkur Íslendingum, þótt svo kunni að vera annars staðar. Það má vera, að það sé galli á okkur, en ég ætla, að þannig sé það, að við viljum hafa garð á milli okkar, þótt samkomulag sé gott. Nú er í undirbúningi byggðarhverfi hér í Mosfellssveitinni og bárust margar umsóknir, en þegar umsækjendurnir voru spurðir, hvort þeir vildu hafa sameiginlegan rekstur eða hvort þeir vildu vera sem mest sér, þá kváðust þeir allir mundu taka aftur umsókn sína, ef um samyrkjubú væri að ræða. Ég er hræddur um, að þessi saga mundi víðar gerast. Hins vegar er sú leið opin samkv. frv., en ég hygg, að hún fái ekki mikinn byr.

Eitt aðalatriðið í frv. og brtt. er það, að horfið er frá nýbýlastyrkjunum, en í þess stað komið á betri lánskjörum en áður var, þannig að styrkur til nýbýla í sveitum fæst nú gegnum betri lánskjör. Ég játa, að þetta kann að vera gott, en ég er ekki viss um, að það verði alltaf til bóta. Ég get hugsað mér, að margir hefðu heldur kosið að fá ákveðinn styrk til að byrja með og þá heldur styttri lán og lægri, og ég held jafnvel, að einatt hefði það fyrirkomulag orðið betra. Það má vera, að ég beri fram brtt. fyrir 3. umr. um það að hafa opinn þennan möguleika. Vitanlega er hér um styrk að ræða, þótt hann sé í öðru formi.

Þá vil ég lýsa þeim brtt., sem ég legg fram á þessu stigi málsins. Það er þá fyrst brtt. við 2. brtt. n. á þskj. 565. Sú brtt. er um nýbýlastjórn. Ég legg til, að hún sé skipuð 3 mönnum kosnum með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára, en landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann. Ég hreyfði því í n., að hyggilegast væri að hafa fleiri en 3 menn í nýbýlastjórn, þannig að tryggt væri, að öll sjónarmið kæmu fram, en það er ekki nema mennirnir séu 4, en það fékk ekki fylgi. Þetta kann að hljóma sem mótsögn við brtt. mína, þar sem einungis er lagt til, að 3 menn skipi stjórnina. En ég tók það ráð að flytja einungis brtt. um kosningu stjórnarinnar, þótt ég hefði einnig heldur kosið, að hún væri skipuð 4 mönnum.

Þá ber ég fram brtt. við 9. brtt. n. Ég skal játa, að það fór fram hjá mér, þegar n. gekk frá þessu,

að niður hefði fallið ákvæði um, að einstaklingar nytu hliðstæðs stuðnings og þeir, sem byggja í byggðarhverfunum. Eftir því, sem ég hef komizt næst, er ekkert ákvæði í l., sem tryggir þetta. Þess vegna tek ég þetta ákvæði upp og legg jafnframt til, að nýbýlastjórn ákveði þá upphæð, sem veita skal til þessa, svo að menn viti, að hverju þeir ganga.

Þá eru enn fremur 2 brtt., sem ég flyt við frv. sjálft, 12. og 13. gr., en þessar gr. fjalla um það fjármagn, sem ríkissjóður skal útvega í Byggingarsjóð íslenzkra sveita. Í 12. gr. segir m. a., að stofnfé sjóðsins sé: Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð.“ Í 13. gr. segir m. a., að tekjur sjóðsins séu: „árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2,5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947.“ Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. við 12. gr. þess efnis, að í staðinn fyrir 10 millj. kr.“ í b-lið greinarinnar komi: 15 millj. kr., og í staðinn fyrir „2,5 millj. kr.“ í 2. tölul. 13. gr. komi: 2 millj. kr. Það eru 5 millj., sem ég færi þarna á milli með till. mínum. Ég geri þetta ekki af því, að ég álíti þetta betra að öðru leyti en því, að ég tel öruggara, að þessar millj. séu komnar í sjóðinn fyrir 1947 en þeirra verði beðið í 10 ár.

Ég held, að ég láti nú máli mínu lokið að sinni, en mun athuga frv. nánar fyrir 3. umr.

Forseti (BG): Hv. þm. Mýr. hefur nú lagt fram skrifl. brtt., og verður leitað afbrigða um hana, ef fram verður haldið fundinum. — Hv. þm. A.-Húnv. tekur til máls og talar um atkvgr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Auðséð er, að d. verður ekki ályktunarfær, og sé ég ekki ástæðu til nafnakalls. Er alveg eins gott að fresta atkvgr. Ég ætlaði að fara fram á það, að hv. þm. Mýr. tæki till. aftur til 3. umr. málsins, en hæstv. forseti ræður því auðvitað, hvort bíða skuli.

Forseti (BG): Litlar líkur eru til, að hv. þd. verði ályktunarfær. Er því málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 463, n. 564, 565, 588, 597, 598).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 597 og 598. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að um leið og það öðlast gildi, ef það verður samþ., þá falli úr gildi að mestu leyti l. frá 1941, um Byggingar- og landnámssjóð. Og í brtt., sem fyrir liggja frá hv. landbn., er lagt til, að þessi l., sem ég nefndi, falli að öllu leyti úr gildi um leið og þetta frv. verður að l. Sömuleiðis er lagt til að fella úr gildi l. nr. 58 frá 1941, um landnám ríkisins. Enn fremur er sagt, að þessi löggjöf komi að öllu leyti í staðinn fyrir þessi eldri l., enda er tekið upp í þetta frv. margt af því, sem er í núgildandi l., þó að nokkur af ákvæðum hinna eldri l. séu ekki tekin upp í þetta frv., og hef ég við samanburð á þeim sérstaklega komið auga á einn kafla l. frá 1941, um Byggingar- og landnámssjóð, en það er III. kafli þeirra l., en í hans stað eru tekin upp í þetta nýja frv. önnur ákvæði. Samkv. gildandi l. um byggingarstyrk leggur ríkissjóður árlega fram nokkra fjárupphæð, sem varið hefur verið til að styrkja endurbyggingu bæjarhúsa á jörðum. Og þó að þarna hafi aldrei verið um stóra fjárupphæð að ræða, hefur þetta komið að talsverðum notum og verið verulegur styrkur fyrir ýmsa, sem hafa orðið að ráðast í endurbyggingu á jörðum sínum. Og ég geri ráð fyrir, að það valdi töluverðum vonbrigðum hjá ýmsum, ef þetta verður fellt niður. Mér þótti vænt um að heyra, að einn af nm. landbn., hv. þm. Mýr., gat þess í ræðu sinni í gær, að hann vildi athuga þetta nánar og jafnvel flytja um það brtt., að ákvæði í þessa átt yrði tekið upp í frv. Eins og hann benti á, held ég, að það væri ekki nein hætta fyrir ríkissjóð að verja nokkru fé árlega í þessu skyni, þannig, að menn gætu valið um það, hvort þeir tækju eingöngu hærra lán til byggingar, eins og nú er gert ráð fyrir í frv., eða fengju að nokkru leyti óendurkræfan styrk og þá minna lánsfé og e. t. v. með eitthvað hærri vöxtum. Ég vildi vænta þess, að samkomulag gæti orðið um að taka þetta ákvæði um endurbyggingarstyrkinn upp í þetta frv. áður en það verður afgr. héðan úr hv. deild.

Ég vildi þá líka víkja nokkuð hér að einstökum atriðum þessa frv., og er það þá fyrst 6. gr. þess, en hv. landbn. leggur til, að á þeirri gr. verði gerðar lítils háttar breyt. Í 6. gr. eru ákvæði um landnám, sem skuli fara fram á landi, sem er eign ríkis og bæja eða byggðarfélaga. Og enn fremur að keypt skuli land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig einstakar sjálfseignarjarðir, sem ekki næst samkomulag um kaup á og eru inni á milli landssvæða, sem taka á til landnáms. Ég vildi benda á í þessu sambandi, að ég tel það varhugavert að gera þarna upp á milli þeirra, sem búa á eigin jörðum, og ýmissa annarra manna, sem búa á leigujörðum. Ég get ekki séð ástæðu til þess, hvers vegna ætti frekar að taka af þeim mönnum, sem þannig eru settir, en sjálfseignarbónda. Það er áreiðanlega hægt að finna mörg dæmi þess, að menn, sem búa á leigujörðum, hafa þannig samninga um ábúð, að það jafngildir í raun og veru sjálfsábúð. Þeir hafa jörðina samkv. byggingarbréfi á leigu til lífstíðar og jafnvel þannig um samið, að eftirkomendur þeirra geta tekið við ábúðinni á þessum jörðum. Ég sé ekki, hvers vegna ætti frekar að taka slíkar jarðir eignarnámi og þar með svipta þessa menn ábýlisjörð sinni heldur en sjálfseignarbóndann. — Ég vil þess vegna mælast til þess við hv. n., að hún taki til athugunar þessa gr. nánar.

Þá er hér næst 14. gr. frv., sem er um lánveitingar byggingarsjóðs, en við hana er brtt. á þskj. 565 frá landbn. En mér virðist þessi brtt. n. vera þannig orðuð, að ef hún verður samþ., gætu menn fengið lán úr sjóðnum t. d. til þess að

byggja á jörðum sínum, sem næmi öllum byggingarkostnaðinum. Í brtt. stendur: „Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða.“ Nú skulum við hugsa okkur, að engin lán hvíli á jörðinni og fasteignamatsverð sé 25 þús. kr. Síðan byggir jarðareigandi hús, sem kostar 75 þús. kr., og þá getur hann samkv. þessu ákvæði í brtt. n. fengið allt að 75 þús. kr. lán, eða sem svarar öllum byggingarkostnaði. Ég tel ástæðu til þess að athuga það nánar, hvort það væri ekki rétt, að hafa þessi ákvæði t. d. þannig, að til bygginga á jörðum væri ekki lánað yfir 75% af byggingarkostnaði og síðan mætti jafnframt hafa ákvæði um það, að lán, sem hvíla á jörðum, mættu ekki nema meiru en — eins og þarna segir — 75% af fasteignamati að viðbættu kostnaðarverði bygginganna, sem reistar kunna að verða.

Hv. landbn. leggur til, að 22. gr. verði alveg orðuð um. Í brtt. n. segir svo: „Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans.“ En í næsta málslið á eftir segir þó: „Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir till. nýbýlastjórnar.“ Mér skilst á upphafi gr., að bankastjóri Búnaðarbankans skuli ákvarða þessar lánveitingar, en seinna er sagt, að farið skuli með þær eftir till. nýbýlastjórnar, og virðist mér því, að í síðari liðnum sé tekið aftur ákvæði, sem sé í þeim fyrri.

V. kaflinn er um byggðarhverfi, og skilst mér, að hann eigi að koma í stað ákvæða núgildandi l. um nýbýli og samvinnubyggðir. Það skiptir ef til vill ekki miklu máli, hvort þetta er kallað byggðarhverfi eða samvinnuhverfi, en mér finnst, að gjarnan mætti taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að finna hér annað nafn.

Í 28. gr. frv. segir svo: „Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha. túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa.“ Síðan segir svo, að hann skuli fá lán til þessara framkvæmda úr Byggingarsjóði. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á fyrirmælum, sem eru í núgildandi l. um nýbýli og samvinnubyggðir. Þar segir t. d. svo í 2. tölul. 25. gr.: „Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða skal formaður nýbýlastjórnar tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt ákvæðum l. (þ. e. 27. gr.).“ Þarna er í gildandi l. gert ráð fyrir því, að það skuli athugað, hverjir vilji gerast þátttakendur í þessum byggðarfélagsskap, og tel ég, að bæri að athuga, hvort ekki væri rétt að setja eitthvert slíkt ákvæði þarna inn í, í stað þess að gera ráð fyrir því, að ríkið komi þessum framkvæmdum upp án nokkurs samráðs við væntanlega bændur á þessum býlum. — Þá segir enn fremur í sömu l., 3. málsl. 25. gr.: „Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna.“ Hins vegar er ekki gert ráð fyrir þessu í frv. því, sem hér liggur fyrir, nema að vísu í 35. gr. þess, þar sem gert er ráð fyrir, að ef 10 menn eða fleiri — en 5 samkv. brtt. n. — stofni með sér félag, þá vinni þeir að þessu, en að öðru leyti er gert ráð fyrir því í þessu frv., að það verði ríkið, sem reisi þetta að verulegu leyti, og síðan komi það til á eftir, hverjir vilji gerast bændur á þessum býlum. — Hér stendur enn fremur í 4. lið 25. gr. í núgildandi l.: „Nýbýlastjórnin ákveður býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli í samráði við ábúendur, svo og hvers konar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.“ Í gildandi l. er því gert ráð fyrir því, að þetta verði frá upphafi gert í samráði við væntanlega bændur á þessum býlum. Álít ég, að skynsamlegra sé að hafa slíkt ákvæði í þessum tilvonandi l., því að það er vel hugsanlegt, að þeir, sem vilja gerast þátttakendur í þessum félagsskap, vilji þegar frá upphafi vinna að verulegu leyti að framkvæmdunum í stað þess að kaupa allt, eins og gert er ráð fyrir í frv., og taka við lánum, sem nemi 75% af kostnaðarverði, en borga hinn hlutann úr eigin vasa. Vildi ég mælast til þess, að hv. landbn. taki til athugunar, hvort ekki væri hægt að gefa væntanlegum ábúendum kost á að framkvæma þetta að einhverju leyti sjálfir og að fylgjast með framkvæmdunum frá byrjun.

Þá segir svo í 30. gr. frv.: „Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu.“ Sams konar ákvæði er og í 40. gr. frv., þar sem rætt um einstök nýbýli: „Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verði að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.“ Samkv. þessu er gert ráð fyrir því, að Byggingarsjóður sé ekki eingöngu lánsstofnun, heldur fáist hann einnig við jarðakaup. Hins vegar hef ég ekki séð ákvæði í frv. um það, hvað Byggingarsjóður eigi að gera við þessi býli, sem hann þannig eignast, þ. e. hvort hann eigi að leigja þau út eða selja og þá eftir hvaða reglum sú sala yrði framkvæmd. Finnst mér nauðsynlegt að hafa skýr ákvæð um þetta í frv., úr því að rétt þykir að láta Byggingarsjóðinn hafa forkaupsréttinn að býlunum.

Þá segir svo í 43. gr. frv.: „Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða, hafa forkaupsrétt að eigninni,“ — og er þetta í samræmi við þær tvær gr., sem ég hef áður gert að umtalsefni — „og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með áritaðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar.“ Með þessum ákvæðum í þrem gr. frv., þ. e. 30., 40. og 43. gr. þess eru lagðar allmiklar kvaðir á bændur. Með þeim er að verulegu leyti tekinn af þeim umráðarétturinn yfir jörðunum og þeim er ekki frjálst að selja jarðir sínar hverjum sem er og

fyrir hvaða verð sem er, fyrir það verð, sem býðst, þegar um nýbýli er að ræða. Þetta eru engin nýmæli í l., því að oft áður hafa verið settar ýmsar kvaðir á menn í sambandi við lánveitingar og styrki frá því opinbera. Það var stundum hér áður talað um 17. gr. jarðræktarl. meðan hún var og hét, og var árum saman mikill blástur hér á hæstv. Alþ. út af þeirri gr. Voru þau ákvæði, sem þar um ræðir, þó miklu vægari en þau, sem í þessu frv. er um að ræða, því að í þessari 17. gr. var ekki sett hámarksverð á jarðir til sölu, enda sýndi það sig í framkvæmdinni, að þessi ákvæði voru ekki háskaleg. En það hafa líka verið í l. til skamms tíma önnur ákvæði um kvaðir á jarðeigendur og er þau að finna í l. um nýbýlasjóði frá 1941. Í 30. gr. þeirra l., sem var í kaflanum um réttindi og skyldur ábúenda og fjallaði um nýbýli, var ákvæði um það, að skylt væri að tilkynna nýbýlastjórn, ef nýbýli væru seld, og væri kaupsamningur því aðeins gildur, að hún samþykkti hann. Þetta ákvæði er nú tekið upp í þetta frv. Síðan var í þessari 30. gr. nefndra l. ákvæði um það, hvað selja mætti þessi býli hæst, en þó eru þau ekki nákvæmlega eins og þau eru í þessu frv., en hliðstæð. Það er einnig í þessu frv. ákvæði um hámarksverð á þessum jörðum, en það er gengið enn lengra, því að í frv. er bætt við einum nýjum aðila, sem á að hafa forkaupsrétt, til viðbótar við það, sem var samkv. eldri l., þar sem er Byggingarsjóður. Í 47. gr. í þessum eldri l. voru ýmsar kvaðir settar, ef ábúenda- og eigendaskipti urðu við sölu á fasteign eða ef um samninga var að ræða, og þetta er nú tekið upp í frv. það, sem nú liggur hér fyrir. Hafa þessi ákvæði eldri l. verið felld úr gildi, einmitt fyrr á þessu þingi, þ. e. 17. gr. jarðræktarl. og þessi ákvæði í 30. og 47. gr. um Byggingar- og landnámssjóð. Snemma á þessu þ. var flutt frv. til l. um breyt á l. um Byggingar- og landnámssjóð. Var það 23. mál og flutt fyrst af hv. Ed., kom síðan til þessarar hv. d. og var afgr. til hv. landbn., er skilaði áliti um það 11. febr. þ. á. Lagði meiri hl. n. til, — en frsm. hennar var hv. þm. A.-Húnv. (JPálm), sá hinn sami, sem er frsm. í máli því, sem hér liggur fyrir, — að 30. og 47. gr. þessara l. skyldu felldar niður. Var frv. afgr. sem l. frá hæstv. Alþ. 25. febr. í vetur. Ég held, að þessi sami hv. þm. hafi haft framsögu af hálfu hv. landbn. um 17. gr. jarðræktarl. Nú er senn liðinn mánuður síðan þessi ákvæði voru numin úr l. og virðist þá tími kominn — eftir að Adam er búinn að vera svona lengi í Paradís — að taka þau í l. aftur. Ég sé að vísu ekkert athugavert við það, að ákvæði séu í þessu nýja frv., sem eiga að hindra, að farið verði að braska með þessi býli, en álít, að setja verði nánari fyrirmæli um það, hvernig Byggingarsjóðurinn eigi að fara með þær jarðir, sem hann kaupir, þannig að hann geti ekki sprengt upp verðið á þeim. Eins og ég hef þegar leitt rök að, þá er um hliðstæð ákvæði að ræða í þessu nýja frv. við þau, sem búið er að nema úr l. fyrr á þessu þingi, og lítur því út fyrir, að mönnum þyki eitthvað sætara á bragðið, þegar þessi ákvæði koma nú í frv., sem samið er af nýbyggingarráði, heldur en þegar þau eru í eldri l. En menn fá þarna ef til vill skýringu á því, að þingið stendur nokkuð lengur en ýmsir gerðu ráð fyrir í upphafi, því að þegar flutt eru tvö frv. snemma á þessu þingi um það að nema burt úr l. ákveðin fyrirmæli og síðan flutt frv. á sama þingi um að taka þau aftur í l., þá flytir slíkt ekki fyrir störfum þingsins.

Loks vildi ég minnast hér á 38. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Landnámsstjóri lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hús séu nægilega góð til þess, að stutt skuli að því, að býlið skuli reist.“ Vildi ég spyrja að því, hvort hús væru yfirleitt á þessum stöðum. Er þetta líklega prentvilla og þyrfti að sjá um, að þetta verði leiðrétt, því að annars getur það valdið misskilningi, ef frv. verður að l. með þeim breyt., sem til bóta eru, sem ég vona, því að ég tel það að ýmsu leyti vera til bóta, þar eð í því er gert ráð fyrir meira fjárframlagi til Byggingarsjóðs en veitt hefur verið til þessara mála áður.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég skal fara hér nokkuð gegnum brtt. þær, sem komið hafa fram við till. landbn. Viðvíkjandi ræðu hv. 1. landsk. skal ég ekki vera langorður eða ræða þann ágreining, sem varð í n. Hv. 1. landsk. er á annarri skoðun en við hinir varðandi samfærslu byggðarinnar. Í frv. er þetta látið mjög frjálst. Það er lagt á vald nýbýlastjórnar, hve dreift þetta fé er veitt. — Þá vildi hv. 1. landsk. breyta um skipun nýbýlastjórnar og taldi, að hún mundi verða íhaldssöm. Ég held, að ekki sé ástæða til að ætla þetta. En nú skal vikið beint að till. hv. þm.

1. brtt. er um, að eignarnám skuli fara fram skilyrðislaust, ef svo ber undir. Á þetta vildi n. ekki fallast. Við vildum ekki jafna saman í þessu tilfelli sjálfseignarjörð og opinberri jarðeign. Samkvæmt okkar till. er gert ráð fyrir, að eignarnám nái aðeins til jarða, sem ekki eru í sjálfsábúð.

Varðandi 2. brtt., sem hv. 1. landsk. flytur, er þess að geta, að í henni felst ekki mikil breyting frá því, sem er í frv., að öðru leyti en því, að takmarkið um 75% er fellt niður.

Viðvíkjandi ræðu og brtt. hv. þm. Mýr. skal ég í fyrsta lagi taka það fram, að mér þykir engin ástæða vera til þess hér, þar sem við afgreiðslu þessa máls ríður mest á, að um það fáist samkomulag, að fara að þræta um, hverjum það sé að þakka, að málið er komið í þetta horf. En hv. þm. vildi í ræðu sinni draga það fram, að þetta væri honum og hans flokksmönnum að þakka. Aðalatriðið fyrir okkur er það, að þetta mál verði samþ., því að frv. felur í sér mikla réttarbót fyrir alla aðila, sem hlut eiga að máli. — Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Mýr. vil ég segja það, að 3. brtt., þar sem farið er fram á aukin lán eða breyt. á fyrirkomulagi, kemur mér á óvart, því að hv. þm. orðaði þetta atriði ekki neitt í n. Varðandi þá till. vildi ég, að hv. þm. tæki hana aftur til 3. umr. Snertandi

2. brtt. hans, þá er það ákvæði, sem hafði fallið niður af vangá hjá n. Við vorum búnir að ræða þetta og ætluðumst til, að þetta ákvæði kæmi í 2. gr. Gert var ráð fyrir, að um þetta gæti orðið fullt samkomulag í n. En það getur orkað tvímælis, hvort það skuli fært í 9. gr. eða í kaflann um nýbýli, eins og ætlazt var til, þegar þetta var rætt í n. Ég vil því mælast til, að hv. þm. Mýr. taki þessa brtt. aftur til 3. umr., því að ég vona, að um þetta verði gott samkomulag í landbn. — Varðandi till. um kosningu nýbýlastjórnar gegnir öðru máli. Hún var af hv. þm. boðuð í n., og um það atriði varð ekki samkomulag. En sannleikurinn er sá, að því, sem hv. þm. virðist vilja ná með þessari brtt., nær hann ekki með því að hafa nýbýlastjórnina skipaða aðeins 3 mönnum eins og nú er. Mér virðist það vaka fyrir hv. þm., að fram komi í stjórninni sjónarmið allra flokka, sem hlut eiga að máli. Og það virðist hv. þm. telja betur tryggt, ef nýbýlastjórnin er kosin í sameinuðu Alþ. en ef 2 eru kosnir af landbn. þingsins og einn skipaður af ráðh. Ef breyta á til á annað borð, þá ætti að færa tölu nm. upp í 5 og kjósa alla í sameinuðu Alþ. Ég skal ekkert um það segja, hvort réttara sé, að brtt. komi nú undir atkv. eða ekki. En ef unnt er að ná samkomulagi, færi betur á því, að hv. þm. tæki hana aftur til 3. umr.

Næst sný ég mér að aths. hv. þm. V.-Húnv. og skal segja nokkuð um álit mitt og hv. n. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að samkv. því, sem frv. liggur fyrir, þá er gert ráð fyrir því, að III. kafli l. falli niður. En það er af vangá þeirra, sem sömdu frv. Það er ekki því til að dreifa, að landbn. hafi gert á frv. neinar breyt. aðra en þá, sem til var ætlazt að fælist í þessu að áliti þeirra, sem frv. sömdu. Við höfum reiknað það út, að undir öllum venjulegum kringumstæðum er það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, lágir vextir og lán til langs tíma, hagstæðara fyrir þá, sem byggja hús, heldur en hitt fyrirkomulagið, sem nú er. Því að þær fjárhæðir, sem veittar eru til þessara mála, nægja ekki til að fullnægja þessu ákvæði, sem gert er ráð fyrir samkv. II. kafla l. Við höfum komið okkur saman um það í landbn., að áður en frv. fer út úr hv. d., verði að setja einhver nánari ákvæði um, hvenær skiptin komi til framkvæmda, og var gert ráð fyrir að taka það til athugunar milli 2. og 3. umr. Það getur orkað tvímælis, hve lengi eigi að gilda ákvæðin um endurbyggingarstyrk og hvenær hitt á að taka við. Það gæti orðið nokkur árekstur í þessu.

Varðandi 2. aths., um 6. gr., sem hv. þm. V.-Húnv. bar hér fram, þá vil ég svara því til, að um það þarf ekki að orðlengja meira. Um aths. varðandi 14. gr. þá vil ég geta þess, að ég tók það fram í minni framsöguræðu, að þarna þyrfti að gera breytingu. Því að það getur komið fyrir, ef engin lán hvíla á jörðinni, sem byrjað er að taka byggingarlán út á, að þá sé hægt að fá út á hana hærra lán en til er ætlazt eða 75%. Þess vegna skal ég lýsa því yfir og biðja hæstv. forseta að taka það til athugunar, að við tökum aftur til 3. umr. b-lið 13. brtt.

Varðandi aths. hv. þm. V.-Húnv. um 22. gr. þá er ekki hægt að sjá, að það rekist neitt á, þótt það sé sagt, að bankastjóri Búnaðarbankans ákveði lánin og taka verði til greina till. nýbýlastjórnar þegar um nýbýli er að ræða. Það kann að vera að megi orða þetta betur, en það er þó vissa fyrir því, að samkv. brtt. n. þá er þetta miklu skýrar orðað en það er í gr. frv.

Hv. þm. V.-Húnv. gerði aths. við 28. gr. Vill hv. þm. halda áfram því, sem er í l., að það sé tryggt fyrir fram, að það sé fyrir hendi viss hópur manna, sem vilji gerast ábúendur á þeim býlum, sem verið er að stofna í samvinnubyggingum eða byggðarhverfum. Það kann að vera, að þetta verði öllu ljósara, ef þetta verður áfram, en ég geri ráð fyrir því, að það muni engin nýbýlastjórn leyfa, að sett sé upp byggðarhverfi án þess að hafa fyrir fram tryggt, að menn væru til, sem vildu setjast þar að. Það ætti því ekki að vera um neina hættu að ræða, þótt þetta ákvæði sé óbreytt frá því, sem nú er. Og það ætti alltaf að geta orðið samkomulag um það, að menn, sem hlut eiga að máli, fái vinnu við þessar framkvæmdir, ef það er líklegt, að menn vilji vinna þarna sjálfir við byggingar og ræktun og kæra sig ekki um, að hið opinbera láti undirbúa landið á þann hátt, sem til er tekið í greininni. Það þarf ekki að setja nein ákvæði inn í l. um þetta atriði. Þessi ákvæði um, að nýbýlastjórn og landnámsstjóri skuli láta rækta og byggja og annast undirbúning á landinu, eru sett inn í frv. af þeim, sem að því standa, til þess að tryggja, að framkvæmdir komist á og verði vel og haganlega gerðar.

Þá er síðasta aths. hv. þm. V.-Húnv. Hún er varðandi 30. gr., er snýr að því, að Byggingarsjóði er gefinn forkaupsréttur að þessum býlum. Hv. þm. var með glósur um það, að hér væri verið að taka upp sömu ákvæði, sem voru felld úr gildi á síðasta þingi. Þetta eru ekki sömu ákvæði. Þetta eru skyld ákvæði, en ekki þau sömu. Í þeim ákvæðum, sem felld voru niður, var ekki um að ræða neinn forkaupsrétt fyrir Byggingarsjóð eða stofnun, sem hér átti hlut að máli. Hér er breytt til frá því, sem verið hefur samkv. II. kafla þessa frv., og sú breyt. felur það í sér, sem getur orkað tvímælis og má ræða um. Þessi kafli felur í sér, að ekki er gert ráð fyrir, að þeir menn, sem verða bændur í þessum hverfum, verði landeigendur. Það er ætlazt til, að ríkið eigi landið, en þó sé tekið fram, þegar um kaup er að ræða, að þá eigi hlutaðeigandi menn mannvirki, sem þarna eru gerð, bæði ræktun og hús (*BÁ:* Ræktun, sem þeir sjálfir framkvæma). Þetta er nýtt hjá okkur. En það eru engin sömu ákvæði og voru afnumin hér í vetur, þótt þau séu skyld. Að hinu leytinu er það rangt hjá hv. þm. V.-Húnv., að þau ákvæði, sem voru felld úr gildi í þessum l., séu sömu ákvæðin og voru í 17. gr. jarðræktarl. Annars er það mál, sem liggur opið fyrir að gera breyt. um, hvort menn vilja eitthvað þrengja frekar en landbn hefur gert forkaupsrétt Byggingarsjóðs. Landbn. hefur þrengt hann. Hún leggur til, að viðkomandi sveitarfélag eigi heimtingu á að ganga inn í forkaupsréttinn, ef sveitarstjórn óskar. Nú er það svo samkv. eldri l., að þegar jörð er seld, sem er í leiguábúð, hefur sveitarfélagið forgangsrétt. Hér er um nýtt ákvæði að

ræða, þar sem Byggingarsjóður fær forkaupsrétt. Það er gert til þess að tryggja það, að nýbýlastjórn, sem hefur völdin, geti komið því á sem hagkvæmastan hátt, að hér yrðu ekki árekstrar milli þeirra manna, sem eru bundnir inn í félagsskapinn, þegar um hverfi er að ræða. Í öðru lagi verði ekki farið að nota þau góðu kjör, sem boðin eru fram til bygginga og framkvæmda, til að hækka verð jarða að ástæðulausu fyrir þá, sem síðar koma. (*PZ:* Heyr fyrir þessum þm.). Ég tek það ekki nærri mér, þótt hv. 2. þm. N.-M. segi heyr fyrir þessu. Ég hef frá upphafi verið sammála ýmsu því, sem hann hefur sagt um það atriði. Það er ekki æskilegt, að ákvæði framkvæmdanna séu notuð til að hækka verð jarða, en hitt er ógeðfelldara, eins og hér var ætlazt til með 17. gr. jarðræktarl., að gera ítak í þann styrk, sem ríkið lagði fram.

Ég vil nú mega vænta þess, þótt hér kunni að vera ágreiningur milli einstakra manna um einstök atriði frv., að hann sé ekki svo verulegur, að það þurfi að standa í vegi fyrir því, að þetta frv. nái afgreiðslu og það með sæmilegu samkomulagi.

Pétur Ottesen: Áður en þetta frv. var lagt hér fram á Alþ. var það sent til umsagnar stjórn Búnaðarfélags Íslands. Stjórn Búnaðarfélagsins tók frv. til athugunar og lagði til í bréfi til nýbyggingarráðs, dags. 7. febr. s. l., að gerðar væru nokkrar breyt. á frv., einkum þó varðandi aðalatriði frv. Sérstaklega gilti þó þetta um þau atriði, sem fólu í sér veruleg hagsmunaatriði gagnvart þeim, sem eiga að njóta góðs af þessum l. Bréf þetta var svo sent landbn. Nd. ásamt frv., og mér til mikillar ánægju sé ég, að í þeim brtt., sem hér liggja fyrir, hefur landbn. tekið þær till., sem í bréfinu felast, til greina í öllum aðalatriðum, enda eru till. Búnaðarfélags Íslands meginkjarni þeirra brtt., sem n. ber hér fram. Það er aðeins í einu atriði, sem n. hefur vikið frá um þá tilhögun. Það er viðvíkjandi 2. gr. frv. Stjórn Búnaðarfélagsins lagði til, að nýbýlanefnd starfaði áfram eins og er samkv. gildandi l. Þó hefur landbn. í till. sínum tekið upp þá skipun nýbýlastjórnar, sem Búnaðarfélagsstjórnin lagði til, að öðru leyti en því, að landbrh. skipar einn mann í stjórnina, en samkv. till. Búnaðarfélagsstjórnar átti það að vera gert eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Aðeins þetta er fellt niður í till. landbn., enda er það svo, að þær breyt., sem landbn. ber fram við frv., eru til mjög mikilla bóta á frv., þótt það að sjálfsögðu geti enn þá staðið til bóta, sem ekkert er undrunarvert, og er vel undir það tekið af hv. frsm. n. að taka til athugunar fyrir 3. umr. þær breyt., sem hér hafa verið bornar fram, og þær bendingar, sem fram hafa komið til breyt. á frv. nú við þessa umr. Í bréfi því, sem stjórn Búnaðarfélagsins sendi í sambandi við athugun á þessu frv. og frv. um Ræktunarsjóð Íslands, leggur stjórn Búnaðarfélagsins áherzlu á það, að þessi frv. bæði geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, því að stjórnin líti svo á, að þau bæti mjög úr lánaþörf landbúnaðarins og komi að því leyti að góðum notum fyrir hann. Ég vildi taka þetta fram, af því að ég varð þess ekki var, að frsm. landbn. gæti um það. Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér inn í þær deilur, sem farið hafa fram um þetta mál. Þó vil ég aðeins benda á nokkur atriði í sambandi við það, sem hér hefur verið rætt. Ákvæði eru um það, að þegar eigandi og ábúandi í byggðarhverfi vill selja býli sitt, þá hafi Byggingarsjóður forkaupsrétt gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu o. s. frv. Þetta gildir jafnt hvort sem um er að ræða eiganda nýbýlis eða ábúanda í byggðarhverfi. Í þessum ákvæðum eru settir tveir kostir fyrir sölu. Í fyrsta lagi á viss aðili forkaupsrétt. Í öðru lagi má ekki selja jörðina fram úr ákveðnu verði, sem markað er í þessum gr. Í 7. kafla er gerð sú frávikning frá þessu ákvæði, að ef hús eða eign, sem hér um ræðir, er ekki í veðböndum við Byggingarsjóð, þá geti viðkomandi sveitarstjórn skotizt fram fyrir Byggingarsjóð og öðlazt forkaupsrétt. Ef um veðbönd er að ræða, kemur sveitarstjórn ekki til greina sem forgangsaðili, þá hefur Byggingarsjóður forkaupsréttinn. Ég vil í þessu sambandi benda á, að ég get tekið undir það, sem kom hér fram áðan, að það skýtur skökku við, að á sama þingi, þegar verið er að upphefja hliðstæð ákvæði, þá skuli vera tekin upp ákvæði sem þessi. Hv. frsm. gat um, að það stæði að því leyti sérstaklega á, að eign viðkomandi manns væri ekki óskert, í þessu efni á hann að eiga hús og ræktun, en hins vegar væri grunnurinn eign ríkissjóðs. En í þessu falli er afnotarétturinn af grunninum tryggður viðkomandi manni. Og það er mjög algengt, að menn hafi t. d. erfðafesturétt til ákveðins tíma á löndum og geti selt þennan rétt, náttúrlega innan þeirra takmarkana, sem erfðafestan nær til, alveg eins og sína eigin eign á slíku landi. En slíkur erfðafesturéttur leggur engar skyldur á herðar mannsins, því að löggjöfin tekur ekkert tillit til þeirra viðskipta. Og eftir þessu ættu þá tveir aðilar að hafa forkaupsrétt að fasteigninni, ábúandi og sveitarfélagið. Ég vil nú aðeins spyrja, hvort þetta stangist ekki á, þar sem tveir aðilar eiga sama réttinn. Ég tel, að svo sé, og legg því til, að landbn. athugi þetta sérstaklega.

Þá tel ég rétt, að l. verði gerð þannig úr garði, að menn fái hagkvæm lán, svo að þeir sem fyrst geti eignazt jarðir þær, er þeir taka að sér, því að það er ríkt í eðli manna að vilja eiga jarðir sínar sjálfir. Að sjálfsögðu mætti fara að einhverju leyti eftir efnum og ástæðum, en ég tel þetta nauðsyn, til þess að menn leggi verulega rækt við búskapinn.

Ég ætla þá ekki að segja meira að sinni, en vona, að d. taki þessar aths. til íhugunar. Þessi löggjöf er mjög þýðingarmikil og því áríðandi, að hún mæti skilningi.

Páll Zóphóníasson: Ég vil lýsa ánægju minni yfir, að þetta mál skuli vera til umr. í deildinni. Það var lagt fram í byrjun þings annað frumvarp um sama efni, sem forseti hefur sofið á og ekki leyft umræður um, og því er sérstaklega ástæða fyrir okkur, sem að því stóðum, að fagna þessu frumvarpi nú. Ég heyri sagt, að landbn. hafi lofað að íhuga málið enn betur og

í því sambandi vil ég benda á eitt atriði sérstaklega, sem ég tel vanta. Það er um það, hvernig fara eigi með þá menn, sem áður hafa fengið lán og komnir eru áleiðis með að byggja nýbýli, og einnig þá, sem loforð hafa fengið um endurbyggingarstyrk og lagt hafa í framkvæmdir eftir því loforði, en ekki enn lokið byggingunni né fengið styrkinn. Þegar þessi l. koma til framkvæmda, hafa þessir menn lagt af stað með öðrum forsendum en verða fyrir hendi, er þessi lög hafa verið samþykkt, en hin numin úr gildi. Spurningin er því, hvort þeir geti komizt undir þessi nýju lög. Ég tel vanta ákvæði varðandi þessa menn, sem mundi gilda næstu 2 eða 3 ár, ef til vill upp í 5 ár.

Ég vil biðja n. að athuga þetta vel, svo að þessir menn, sem hér um ræðir, verði ekki settir útundan. Um þessa menn þarf sérákvæði í bráðabirgðaákvæðum. Það var sagt í gamla daga, að erfitt væri að kveða niður gamla drauga, því að þeir vildu rísa upp aftur, og svo virðist ætla að vera með 17. gr. Og það gleður mig að sjá hana hér, þó að í nýrri mynd sé, og sjá hana endurvakta af þeim, sem hafa talið sig á móti henni og lagt hönd að því að fella hana úr lögum.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég get fallizt á það hjá 2. þm. N.-M., að nauðsyn er að setja skýr ákvæði um þá menn, sem þegar hafa hafið nýbyggðir. Ég gæti hugsað mér þá aðferð, að þeir mættu velja, hvort þeir kysu lánið eða styrkinn. Það er að sjálfsögðu stórt atriði, að engir árekstrar verði, en það verður að sjálfsögðu aðallega framkvæmdaratriði, enda er það kannske vandasamasta atriðið.

Varðandi það, sem þm. Borgf. sagði um álit og till. B. Í., þá var það rétt, enda eðlilegt, þar sem frv. er samið í samráði við B. Í. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um, að einn maður væri tilnefndur í ráðið af B. Í., þá er það eins og það er nú í lögum.

Varðandi takmörkun á eignarrétti, sem þm. var að minnast á, þá er það aðallega takmörkun á afnotarétti og ég held, að þessi takmörkun sé þannig sett, að hún sé mjög heppileg til tryggingar rekstrinum þegar eigendaskipti fara fram.

Ég held það sé svo ekki fleira, sem gefur tilefni til að fjölyrða um málið á þessu stigi. En ég vil lýsa ánægju minni yfir því, hversu vel stefnir með afgreiðslu þessa þýðingarmikla máls, þó að nokkur atriði séu að vísu óútkljáð.

Pétur Ottesen: Út af því, að haldið hefur verið fram, að nýbýlastjórn hafi verið búin að gera till. áður en Búnaðarfélagsstjórnin gerði sínar till., þá vil ég taka það fram, að þar var ekkert samband á milli, þó að ræða frsm. gefi tilefni til að ætla slíkt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég tek hér með allar mínar brtt. aftur til 3. umr., ef það gæti eitthvað flýtt fyrir málinu.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég þakka hv. þm. Mýr. fyrir það, að hann tekur brtt. sínar aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 597 og 598 teknar aftur til 3. umr.
— 565,1 samþ. með 19:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt 565,2 (ný 2. gr.) samþ. með 16:4 atkv.
— 565,3 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 565,4 (ný 4. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
5. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 588,1 felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, ÞB, EOl.
nei: HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, BÁ, BK, EystJ, GSv.
PZ, SÞ, BG greiddu ekki atkv.
15 þm. (JJós, ÓTh, SigfS, SB, SK, STh, StJSt, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB) fjarstaddir.
Brtt. 565,5 samþ. með 17:2 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 565,6 samþ. með 18:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 565,7.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 565,7.b samþ. með 18:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Umr. (frh. atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 22. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR. (frh.).
Brtt. 565,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 565,9 (ný 10. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 565,10 (ný 11. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 565,11 (ný fyrirsögn III. kafla) samþ. án atkvgr.
— 565,12 samþ. með 22:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt 565,13 samþ. með 20 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 565,14 samþ. með 25 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 565,15 samþ. með 25 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 565,16 samþ. með 19:1 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 565,17 (ný 22. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
— 565,18 samþ. með 20 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 565,19 samþ. með 21 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 565,20 samþ. með 24 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 565,21 samþ. með 20:1 atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 565,22 samþ. með 17:5 atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 588,2 felld með 15:8 atkv.
28. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 565,23 samþ. með 17:5 atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 565,24 samþ. með 18:1 atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 565,25.a samþ. með 20:1 atkv.
— 565,25.b samþ. með 16:3 atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 565,26 samþ. með 20 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 565,27 samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SEH, SkG, StJSt, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GÞ, GSv, GTh, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JörB, PZ, PÞ, PO, BG.
nei: STh, ÞB, EOl, LJós, SG.
7 þm. (ÁkJ, ÁÁ, EmJ, FJ, JS, ÓTh, SB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Með því að embætti landnámsstjóra er eftir sem áður í frv. þrátt fyrir þá breyt., sem gerð hefur verið á 2. gr., álít ég, að það hefði átt að láta hann hafa það valdsvið, sem honum var upprunalega ætlað. Ég er því mótfallinn að strika þannig nafn hans út og setja *nýbýlastjórn* í staðinn og segi því nei.

37. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 565,28 samþ. með 20:2 atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 565,29 samþ. með 18:3 atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
40 gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 565,30 samþ. með 18:4 atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 565,31 samþ. með 20 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 565,32 samþ. með 21 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 565,33.a—g (nýr kafli, verður VIII. kafli, með 7 greinum, 44.—50. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 565,34 (44. gr. fellur niður) samþ. með 25 shlj. atkv.
45.—46. gr. (verða 51.—52. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 565,35 (ný 47. gr., verður 53. gr.) samþ. með 18:3 atkv.
48. gr. (verður 54. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 97. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 616, 633).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Landbn. flytur nokkrar brtt. við þetta frv. á þskj. 633, og eru þær að mörgu leyti í samræmi við ýmislegt af því, sem kom fram við 2. umr. málsins. Í nokkrum brtt. er þó gengið eitthvað lengra en um var rætt. Skal ég nú gera grein fyrir efni þessara brtt. nefndarinnar.

Fyrsta brtt. fjallar um kosningu nýbýlastjórnar. Það kom brtt. við 2. umr. frá hv. þm. Mýr. um að kjósa þessa n. í Sþ., og var hún tekin aftur til 3. umr. Nú hefur orðið samkomulag um það í n. að breyta þessu á þá leið, að nýbýlastjórn skuli skipuð 5 mönnum, sem allir séu kosnir í sameinuðu Alþingi, og landbrh. skipi svo formann úr hópi hinna kosnu manna. Með því móti má gera ráð fyrir, að þau sjónarmið, sem mestu eru ráðandi í Alþ. hverju sinni, geti komið fram. Þykir n. það sanngjarnt, þar sem verksvið þessarar n. er aukið frá því, sem verið hefur.

Þá eru tvær brtt. við 14. gr. Önnur þeirra er að nokkru leyti endurtekning á brtt., sem n. flutti við 2. umr., en nýju ákvæði bætt inn í hana til að tryggja, að það komi aldrei fyrir, að út á nokkra byggingu verði lánað hærra en nemur 75% af kostnaðarverði bygginganna. En eins og till. var flutt, var ekki með öllu óhugsandi, að það gæti orðið hærri lánsheimild á ýmsum byggingum, ef ekkert lán hvíldi á jörðinni. Þá er b-liður þessarar brtt. einnig breyt. á 14. gr., og er það nýtt ákvæði og þýðingarmikið atriði fyrir menn, sem eru ábúendur á opinberri eign. Samkv. erfðaábúðarl. er heimilt að veðsetja þær jarðir fyrir byggingarlánum allt að 60% af fasteignamati jarðarinnar. En eins og nú er komið, er það með öllu ófullnægjandi. Þess vegna flytur n. þessa brtt. Gert er ráð fyrir, að það verði hægt að lána út á þessar jarðir eins og aðrar til byggingarframkvæmda, ef landbrh. veitir samþykki til þess.

3. brtt. n. er um það, að heimilt sé að verja fé til stofnunar einstakra nýbýla, þar sem svo stendur á, að félagsræktun verður ekki komið við. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi.

4. brtt. n. er á þá leið, að aftan við 43. gr. komi nýtt ákvæði varðandi forkaupsrétt. Í fyrsta lagi það, að þegar svo stendur á, að Byggingarsjóður eða sveitarstjórn nota forkaupsrétt, þá víkja þau ákvæði, sem eru í gildandi l. um forkaupsrétt jarða, þannig að ábúandi missir sinn forkaupsrétt, þegar svo stendur á. Þetta mun ekki koma til greina varðandi byggðarhverfi, vegna þess að þær jarðir munu ekki verða seldar undir neinum kringumstæðum, ef ábúendur vilja vera. En hins vegar er þetta ákvæði, eins og greint var frá við 2. umr., til tryggingar því, að ekki sé hægt að fara á bak við þessi l. og græða á sölu viðkomandi jarðar. Í þessari brtt. er enn fremur ákvæði um það, að ef Byggingarsjóður eða sveitarstjórn notar þennan forkaupsrétt samkv. ákvæðum l., þá er þeim aðilum óheimilt að selja eða leigja viðkomandi jörð fyrir hærra verð eða leigu en samsvarar kaupverðinu. Telja nm. það ákvæði mjög sanngjarnt, svo að ekki sé hætta á því, að hlutaðeigandi stofnanir fari að gera slík jarðakaup að gróðavegi.

5. brtt. n. er um það, að í stað þess að l. gangi í gildi strax, eins og gert er ráð fyrir í frv., skuli þau ganga í gildi ekki fyrr en 1. jan. 1947. Breyt. er byggð á því, að það er ekki samkv. frv. gert ráð fyrir því, að fjárframlög verði veitt fyrr en

á næsta ári, og því þýðingarlaust að láta l. taka gildi fyrr en um næstu áramót. Afleiðingin af því yrði sú, að kosning nýbýlastjórnar samkv. þessu frv., ef að l. verður, yrði að fara fram á næsta þingi fyrir áramót.

6. brtt. er aðalbreyt. n. Hún er um það að setja inn í l. bráðabirgðaákvæði, sem kveður á um það, hvernig fara skuli að meðan breytingin er að koma fram frá því, sem verið hefur, eða þangað til skipulagið er ákveðið, sem frv. gerir ráð fyrir. Í fyrsta lagi er það, að þeir bændur, sem hafa rétt til styrks og byrjaðir eru að byggja íbúðarhús fyrir árslok þessa árs, geta valið um, hvort þeir vilja fá aðstoð eftir hinum eldri l. eða koma undir ákvæði þessara l. Þetta er nauðsynlegt ákvæði, vegna þess að það eru talsvert margir menn í landinu, sem þannig er ástatt fyrir, að þeir eru annaðhvort byrjaðir að byggja á jörðum sínum eða eru í undirbúningi með það og verða að fást við þær framkvæmdir á þessu sumri. Það er nauðsynlegt, að þessir menn hafi rétt til að velja, hvorn kostinn þeir taka. Þá er í öðru lagi ákveðið í þessu bráðabirgðaákvæði, að ef einhver maður, sem stendur að byggingarframkvæmdum, hefur fengið nokkurn hluta af byggingarstyrk, þá geti *hann engu að síður komizt undir ákvæði* þessara l. með því að endurborga þann styrk, sem hann hefur tekið á móti. Í þriðja lagi er í þessari sömu brtt. ákvæði um það, að stjórn Byggingarsjóðs sé heimilt, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita þeim mönnum, sem staðið hafa í byggingarframkvæmdum á árunum 1943—1946, viðbótarlán til íbúðarhúsa. Það er vitað, að íbúðarhúsabyggingar á þessu tímabili hafa verið ákaflega dýrar og heimildin til þess að fá lán er bundin við 9000 kr. Er það auðvitað ófullnægjandi fyrir mjög marga menn. Þess vegna teljum við það nauðsyn, að sjóðsstjórnin, að fengnum tilmælum hjá nýbýlastjórn, hafi heimild til að hækka lán til þessara manna frá því, sem verið hefur. Þótt þessir menn, sem þannig er ástatt um, væru ekki búnir að taka nú neitt lán, þá væri samkv. þessu ákvæði heimild til að veita þeim hærra lán en 9000 kr. Þess vegna gætu þeir komizt undir það ákvæði eftir því, sem sanngjarnt þætti og hér um ræðir í 14. gr. þessa frv. Í síðasta lagi er svo það, að allar ákvarðanir samkv. þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947. Ég vil taka það fram og bið hæstv. forseta að athuga það, að inn í þetta ákvæði hefur slæðzt prentvilla. Þegar það fór frá okkur í landbn., þá stóð þarna, eins og vera ber: .... samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum. En þegar þskj. kom úr prentun stóð: ....samkv. þessum bráðabirgðalögum. Ég sá ekki ástæðu til að láta prenta upp þskj., en vil biðja forseta að athuga það, þegar frv. verður endurprentað, að þetta verði lagað.

Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta, en tek brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. til nánari yfirvegunar og athugunar, er hann hefur mælt fyrir þeim.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. benti ég á, að skv. þessu frv. væru lagðar kvaðir á bændur, sem fá aðstoð til stofnunar nýbýla eða endurbygginga, og að þær kvaðir væru hliðstæðar þeim, sem aflétt var fyrir skömmu á þessu þ., með afnámi 17. gr. jarðræktarl. og tveggja gr. úr l. um Byggingar- og landnámssjóð.

Frsm. landbn., hv. þm. A.-Húnv. (JPálm), gerði þá athugasemdir við þessi ummæli mín, án þess þó að hrekja nokkuð af því, sem ég sagði um þetta. Ég frestaði að svara honum þá, til þess að flýta fyrir því, að frv. kæmist til 3. umr. — Ég sé ekki ástæðu til að eyða löngum tíma í umr. um þetta, vil þó gera nokkurn samanburð á eldri ákvæðum, sem numin voru úr l. á þessu þingi, og ákvæðum þessa frv.

Samkv. eldri l. var kaupsamningur um nýbýli, sem styrkur hafði verið veittur til, og um fasteignir, sem skuldir hvíldu á við byggingarsjóð, við sölu á þessum eignum, ekki gildur nema með árituðu samþykki nýbýlastjórnar eða stjórnar byggingarsjóðs. Þetta sama ákvæði er nú tekið upp í 43. gr. þessa frv. Þar á er enginn munur.

Samkv. eldri l. var takmarkað, fyrir hve hátt verð mátti selja nýbýli. Var þar aðallega miðað við fasteignamat. — Í þessu frv. er ákvæði um, að við sölu nýbýla skuli byggingarsjóður hafa forkaupsrétt að þeim fyrir kostnaðarverð að *frádreginni fyrningu. Engin slík ákvæði um for*kaupsrétt byggingarsjóðs hafa áður verið í lögum.

Eftir fyrirmælum eldri l. um aðrar jarðir en nýbýli, sem lán hvíldu á við byggingarsjóð, var takmarkað, hve hátt verð mátti taka fyrir þær við sölu. Líka var ákveðið, hvað háa leigu mátti taka eftir þær. Þó var mögulegt fyrir eigendur að selja fyrir hærra en hið ákveðna verð, gegn því að borga upp áhvílandi lán og endurgreiða byggingarstyrk, ef veittur hafði verið.

Samkv. frv., sem hér liggur fyrir, hefur byggingarsjóður forkaupsrétt að jörðum, sem veðbundnar eru sjóðnum, þegar þær eru seldar. Ekkert ákvæði um slíkan forkaupsrétt var í eldri lögum.

Af þessu er ljóst, að umráðaréttur jarðeigenda yfir nýbýlum og öðrum jörðum er meira skertur með ákvæðum þessa frv. en hinna eldri l. Kem ég að þessu nánar, þegar ég ræði um brtt. mínar.

Um 17. gr. sálugu, sem var í jarðræktarl., vil ég segja það, að það eru vitanlega blekkingar, sem haldið hefur verið fram fyrr og síðar, að tilgangurinn með henni hafi verið sá að ná jarðeignum bænda smám saman undir ríkið. Ekkert slíkt var í þeirri grein. Þarf ekki frekar að svara því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um ríkisítak í jörðum í þessu sambandi. — Hins vegar er það svo með forkaupsréttarákvæðin í 30., 40. og 43. gr. þessa frv., að verði þau samþ. og notuð, er hægt eftir þeirri leið að ná öllum nýbýlum og mörgum öðrum jörðum undir ríkið, þegar sala á þessum eignum á sér stað. Ég er ekki með þessu að segja, að sá sé tilgangurinn, a. m. k. ekki hjá öllum, sem að frv. standa, en þannig gæti þetta orðið, ef einhverju sinni væri vilji hjá þeim, sem með framkvæmdirnar fara, til að beita l. þannig.

Ég flyt hér nokkrar brtt. á þskj. 647. Sú fyrsta er við 6. gr. frv. Samkv. 6. gr. er heimilt

að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð. Brtt. mín er, að á eftir orðinu „sjálfsábúð" á tveim stöðum í gr. komi: eða erfðaábúð. Ég tel rétt, að sama gildi um erfðaábúð og um sjálfseignarábúð.

Þá er 2. brtt. Við 17. gr. frv. vil ég bæta nýrri málsgr., svo hljóðandi: Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, er samsvari þeim stuðningi, er hann yrði aðnjótandi með vaxtalækkun á láni því, sem hann gæti fengið samkv. 14. gr., miðað við venjulegan lánstíma og að lækkun ársvaxtanna nemi 2%. Þegar slíkt framlag er veitt, skal lántakandi greiða 4% ársvexti af því láni, er hann fær hjá sjóðnum, og má þá lánveiting til hans eigi nema meiru en 50% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem lánið er veitt til. — Vextir eru nú 4%, og nemur því lækkun ársvaxtanna tveimur af hundraði Ég vil biðja hv. þm. að athuga, að samkv. minni tillögu er ekki um aukin útgjöld að ræða fyrir ríkið. Aðeins er lagt til, að stuðningurinn sé veittur í öðru formi þeim, sem heldur kjósa nokkurt óafturkræft framlag og lægra lán með hærri vöxtum, heldur en hærra lán með lægri vöxtum. Fyrir byggingarsjóðinn er þetta engu lakara.

3. brtt. mín snertir ákvæði 30. gr. um forgangsrétt byggingarsjóðs að nýbýlum, sem seld eru. Við greinina vil ég láta bæta: Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi. — Eins og sjá má, þá vil ég láta bæta hér við ákvæði, sem takmarki forkaupsrétt sjóðsins. Ég tel of langt gengið í þá átt í frv. að skerða umráðarétt eigenda, og till. mín er um það, að þeir hafi rétt til að selja nánustu ættingjum eða venzlamönnum. Þetta er í samræmi við ákvæði ábúðarlaganna frá 1933.

4. brtt. mín er við 43. gr. Á eftir orðunum „nema um erfðaskipti sé að ræða" komi: eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 30. gr. Þessi brtt. er um sama efni og 3. brtt. og þarf ekki að skýra það nánar. Varatill. kemur til atkvæða, ef 3. brtt. verður felld. Ég tel það ekki verjandi að þrengja svo að jarðeigendum, að þeir geti ekki selt sínum nánustu, ef þeir vilja taka jarðirnar til ábúðar.

Þrátt fyrir þær breyt., sem gerðar voru á frv. við 2. umr., þá eru sum atriðin ekki nógu ljós. Vil ég leyfa mér að beina nokkrum fyrirspurnum til frsm. landbn. Fyrsta spurningin er í sambandi við 9. gr. frv. Þar segir: „Skylt skal landnámsstjóra, ef óskir koma fram, að gera samning við bæjar- eða sveitarstjórnir um það að taka að sér frumræktun lands fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög." Síðan segir: „Þau bæjar- eða sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, skulu tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna. Landnámsstjóra skal skylt að taka sem greiðslu væntanlegan jarðræktarstyrk eins og Búnaðarfélag Íslands áætlar hann." Hvernig ber að skilja þetta ákvæði? Er það svo, að bæjar- og sveitarfélögin eigi að leggja fram fé til þessara framkvæmda?

Önnur spurningin er varðandi 10. gr., þ. e. sem segir um búnaðarsamböndin og ræktunarfélögin. Ég vil spyrja: Getur þetta ekki eins orðið á landi, sem er í einkaeign, sbr. brtt. n. við 36. gr.? Ef svo er, að þetta geti átt við um land, sem er í einkaeign, þurfa þá bændur að borga fyrir þessar undirbúningsframkvæmdir? Þetta er mér hvorugt ljóst af frv.

Næst er það 28. gr. Segir þar í upphafi málsgr.: „Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa." Hvort þetta er fyrir hvert býli eða allt hverfið, kemur ekki glöggt fram, og í öðru lagi: Er tekið gjald af bændum fyrir þá ræktun, annaðhvort í einu lagi eða með einhverju árgjaldi?

Og þá er það viðvíkjandi 35. gr. frv. Síðast í þeim kafla segir: „Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar." Ég vil spyrja: Er þarna miðað við þessa 5 ha ræktun á býli, og hver ber kostnaðinn? Ég vil enn fremur spyrja: Hver er stuðningurinn, ef bændur eiga landið sjálfir? Þurfa þessir bændur að borga til ríkisins fyrir þetta, og á hvern hátt?

Að síðustu er það við 38. gr. Þar segir: „Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Landnámsstjóri lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist." Umráðarétturinn er með tvennu móti, annaðhvort tryggður með leigu eða þannig, að ábúandi eigi landið. Á hvern hátt kemur hér stuðningur ríkisins, ef landið er í einkaeign? Þetta er atriði, sem hv. form. landbn. skýrði ekki nógu vel. Ákvæði frv. eru ekki nógu skýr um þá bændur, sem eiga sjálfir landið og rækta 5 ha lands. Þeir ættu að fá stuðning ekki minni en veittur er til ræktunar lands, sem er ríkiseign. Ég tel þetta ekki koma nógu greinilega fram í frv., og vil beina því til hv. landbn., hvort hún sæi ekki ástæðu til að gera fyrirmælì frv. gleggri að þessu leyti.

Forseti (BG): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 647, og mun ég leita afbrigða vegna þeirra, svo að þær megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. V.-Húnv. skal ég ekki þræta um, hvort kvaðir séu meiri eða minni, áður en l. var breytt. Hér er ekki um sömu kvaðir að

ræða, ekki eins miklar kvaðir á nýbýlum og mér skildist á hv. þm. V.-Húnv., þar sem mér skildist, að heimilt væri að borga upp kvaðir, sem á lægju áður, en tekið fram um forkaupsréttinn og er hann háður því, að eitthvað af jarðarverðinu sé veðsett í sjóðnum. Augljóst er, að heimilt er að borga lánin upp.

Ég sé ekki ástæðu til að þræta um 17. gr. jarðræktarlaganna og 17. gr. þessa frv. Það er óþarfi að blanda þeim í þetta mál. Hleyp ég því yfir hana og ræði hana á öðrum vettvangi, hv. þm. V.-Húnv. til geðs.

Þá eru það brtt. hans og fyrirspurnir. Varðandi fyrstu brtt. hans, um sjálfsábúðarjarðir og erfðaábúð, þá tel ég, að öðru máli gegni um jarðir, sem ríkið á, en einstakir menn eiga. Ég mæli ekki með brtt., en álít, að það liggi beint fyrir, og var minnzt á það í n., hve langt ætti að fara. Þrengdi landbn. ákvæðin allmikið.

Þá er aðalbrtt. hv. þm. V.-Húnv., 2. brtt, um það, að heimilt sé nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag gegn því, að hann fái minna lán. Í sjálfu sér hefði þetta vel getað komið til álita, ef á annað borð hefði verið haldið kaflanum, sem áður var í þessum l., sem nú er verið að breyta, III. kaflanum um byggingarstyrk. En eins og frv. er nú orðið mundu verða á þessu miklir annmarkar og árekstrar. Í fyrsta lagi er það, að ekkert af því fé, sem Byggingarsjóður á samkv. kaflanum um hann, er undir umsjón nýbýlastjórnar, og hún hefur þess vegna ekkert fé til umráða, sem hún getur veitt. En hún getur mælt með og gert till. um það, hvað há lán bankastjóri veiti samkv. þeim reglum, sem l. ákveða. Ef hins vegar þessi till. ætti að eiga rétt á sér, yrði að beita henni þannig, að stjórn sjóðsins fengi þessa heimild eftir meðmælum nýbýlastjórnar.

Í öðru lagi er ætlazt til þess samkv. þessari brtt., að það sé reiknað út miðað við 2% vexti annars vegar og 4% hins vegar, hvað hlunnindi og lán ætti að minnka mikið við byggingarstyrkinn samkv. þessari till. Með því væri verið að slá því föstu, að það væri alveg óhugsandi, að nokkurn tíma yrðu hér lægri vextir en 4%. Ég vil ekki slá föstu, að það gæti ekki verið fullkomin sanngirni að hafa vexti lægri en það.

Í þriðja lagi er samkv. þessari till. talað um, að ef styrkur sé veittur, þá megi ekki lána hærra en 50% af kostnaðarverði bygginga. Með því virðist mér til þess ætlazt, að það sé hámark á þessari styrkheimild, að það sé veittur ⅓ af hlunnindunum, en þó er ekkert sérstakt ákvæði í till. um það, hvað hámarkið á slíkum styrk væri. Þess vegna held ég, að það sé ekki hægt, þannig að komi að haldi, að samþ. brtt. eins og hún er, enda virðist mér till. helzt stefna í þá átt, að heimildina ætti að nota aðallega til þeirra manna, sem væru það vel efnaðir, að þeir þyrftu ekki að taka nema lítil lán, og kæmi því helzt þeim mönnum að gagni, sem sízt þyrftu á því að halda og er veittur lægstur styrkur samkv. l. eins og þau eru nú og eins og þau eru praktiseruð af nýbýlastjórn.

Þá er 3. brtt. hv. þm. V.-Húnv., við 30. gr., um það að takmarka forkaupsréttinn við sömu ákvæði eins og eru í ábúðarl. varðandi það, að menn megi taka úr ábúð eignarjörð sína, ef eitthvert skyldmenni hefur verið farið að búa á henni. Ég skal ekki segja, að það hafi mikla þýðingu, þó að þessi brtt. yrði samþ., og ég fyrir mitt leyti álít, að það geti orkað tvímælis, hvort þetta væri rétt. En það er eitt, sem mér finnst mæla á móti því, og það er, að með þessu fá ættingjarnir frekar tækifæri til þess að fara á bak við tilgang l., þó að það sé tilgangurinn, að það sé ekki hægt að hækka jarðir í verði eða koma þeim á lausari grundvöll í sölu. Og það er annað í þessu. Ef menn hafa áhuga fyrir því að fá skyldmennum sínum ábúðarréttinn, þá hafa þeir fullkomið tækifæri til þess samkv. gildandi l. um ættaróðul og erfðaábúð að gera jörðina að ættaróðali, og er það í sjálfu sér heppilegri leið. Ég held þess vegna, að ef samþ. er einhver frekari rýmkun á þessu ákvæði, þá sé réttara að samþ. varatill. hv. þm. varðandi þessi ákvæði en aðaltill., enda þótt ég sé í vafa um, að það hafi nokkra praktiska þýðingu, vegna þess að það tekur aðallega til þeirra ákvæða l., að það gildi annað þegar um erfðaskipti er að ræða og ef hlutaðeigandi maður selur skyldmennum. En þá er fullkomið tækifæri til þess að gera jörðina að ættaróðali.

Viðvíkjandi fyrirspurnum hv. þm. um skilning á l. þá hef ég, eins og gefur að skilja, af því að þeim er kastað hér fram fyrirvaralaust, ekki borið mig saman við meðnm. mína. En nokkur þessi atriði hafa verið rædd í n. og þá í fyrsta lagi sú fyrirspurn og skýring, sem hann óskaði eftir á ákvæðum 9. gr. um það, hvernig eigi að skilja það atriði, að sveitar- eða bæjarfélög, sem fá aðstöðu til frumræktunar á landi, eigi að leggja fram fé að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til. Nú er það svo, að ef samningar kæmust á, eins og gert er ráð fyrir í þessari gr., milli nýbýlastjórnar annars vegar og Búnaðarfélagsins eða búnaðarsambandanna hins vegar um ræktun á þessu landi, þá mundi í þeim samningum vera tekið fram, að hve miklu leyti varið yrði fé frá ríkinu til þessarar frumræktar og að hve miklu leyti það yrði gert með tilliti til þess styrks, sem búnaðarsamböndin fá til vélakaupa. Ég skal taka það fram, að landbn. hefur breytt um fyrirkomulag með brtt. sinni varðandi þessi atriði, því að samkv. frv. eins og það var er gert ráð fyrir því, að landnámsstjóri, sem átti að hafa yfirstjórn þessara mála allra, hefði í sinni þjónustu vélaflokka, þar sem væri um að ræða vélar, sem ríkið ætti og ræki, og er þá öðru máli að gegna en ef samið er við búnaðarsamböndin og ræktunarfélög um að framkvæma þessa frumræktun. En að hér er minnzt á bæjar- og sveitarfélög í þessari gr., byggist á því, að það nær aðeins til þess, þegar verið er að framkvæma ræktun fyrir þá aðila.

Viðvíkjandi 10. gr., að það sé óljóst, að hve miklu leyti hér kunni að koma til greina stuðningur frá ríkisins hálfu við þá frumræktun, sem þar er ætlazt til, að eigi sér stað, og hvort nokkur breyting sé á því eftir því, hvort landið sé opinber eign eða í eigu einstaks manns, þá er því til að svara, að það er ekki ætlunin, að þetta verði neitt öðruvísi, þó að landið sé í eigu

einstakra manna, því að það er ætlunin samkv. þessari gr., um öll ákvæðin, að það gildi hið sama um aðstoð til nýbýlastofnunar hvort sem landeigandinn sjálfur er nýbýlastofnandinn eða nýbýli er stofnað á landi, sem ríkið á.

Það mun hafa verið varðandi 28. gr., sem hv. þm. áleit, að ekki væri nógu ljóst að orði komizt um það, hvað við væri átt, þar sem talað er um, að ábúandi geti fengið ræktaða 5 ha túns.

Hv. þm. V.-Húnv. spyr, hvort það sé meiningin að rækta 5 ha túns og byggja íbúðarhús og verkfærahús hlutaðeigandi manni að kostnaðarlausu. Það er því til að svara, að það er ekki ætlunin, heldur að það sé komið í framkvæmd áður en maðurinn flytur á jörðina, því að það verður að vera skylda og gerðar um það samþykktir, að 5 menn fáist til að taka við byggðarhverfi, áður en ráðizt er í undirbúning á nýbýlum, og að sjálfsögðu kemur ræktun þessara 5 ha á hvert býli.

Fyrirspurnin varðandi 35. gr. er svipaðs eðlis. Við í landbn. færðum niður og samþ. við 2. umr., að í staðinn fyrir 10 menn og 10 býli komi 5 menn og 5 býli. En að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að þetta verði nánar skilgreint í reglugerð, sem verður sett samkv. þessum l., skilgreint nánar, að hve miklu leyti styrkurinn nái til hvers einstaks býlis. Hitt er aðalatriðið, að fyrir það fé, sem til þess er varið, er keypt landið og undirbúningur ræktunar.

Varðandi 39. gr., þar sem hv. þm. var að spyrja um, hvort stuðningurinn ætti að vera svipaður eða eins á þeim býlum, sem væru reist á landi einstakra manna, eins og á hinum, sem reist eru á landi ríkisins, þá á það samkv. því, sem við höfum um þetta rætt, ekki að breyta neinu, hvort nýbýli er reist á landi einstaks manns eða á landi ríkisins. Það, sem ætlazt er til, er það, að það sé veittur stuðningur til einstakra býla alveg í samræmi við það, sem meðalkostnaður reynist við að stofna nýbýli og byggðarhverfi.

Fleira held ég það hafi ekki verið, sem aths. komu fram við hjá hv. þm. V-Húnv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. hefur gert að umtalsefni brtt. mínar. Hann sagði viðvíkjandi 1. till., að það hlyti að gegna öðru máli um jarðir, sem ríkið á í erfðaábúð, heldur en jarðir í sjálfsábúð. Ég vil benda honum á, að það geta fleiri en ríkið átt jarðir í erfðaábúð. Hér er heldur ekki um að ræða jarðir ríkisins, því að í 6. gr., sem ég stíla brtt. við, er talað um að kaupa land og taka eignarnámi í þessu skyni. Vitanlega þarf ekki ríkið að kaupa eða taka eignarnámi land, sem það sjálft á, jafnvel þó að jarðirnar séu í erfðaábúð, og ég sé enga ástæðu til að taka þær jarðir frekar eignarnámi en jarðir í sjálfsábúð. En ég sé á þessu, að hv. þm. A.-Húnv. hefur ekki skilið fyllilega, hvað fyrir mér vakir með þessu, þar sem hann fer að tala um ríkisjarðir í þessu sambandi.

Þá er það 2. brtt. viðvíkjandi byggingarstyrk. Hv. þm. segir, að eins og frv. er nú, þá mundu verða á þessu miklir annmarkar og árekstrar, aðallega vegna þess að nýbýlastjórn ráði ekki yfir Byggingarsjóði. Rétt er það að vísu eins og frv. er, en ég sé ekkert því til fyrirstöðu að setja ákvæði um það, að nýbýlastjórn hafi heimild til þess að ákveða styrkveitingar úr Byggingarsjóði, og eins og brtt. mín er orðuð hefur þetta ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir Byggingarsjóð. Það er aðeins heimilt að veita styrkinn í öðru formi en gert er ráð fyrir í frv. eins og það er nú, því að þessi vaxtalækkun úr 4% í 2% er vitanlega styrkur. Þá segir hv. þm., að ég sé að slá því föstu, að vextir verði áfram 4%. Samkv. minni till. eiga þeir, sem fá styrk, að borga 4% af lánum, þeir munu taka lægri lán, en miðað er við 2% samkv. frv. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það geti staðið um alla framtíð, að lánað sé með 2% vöxtum, þó að það sé sett í frv. og lánin eigi að veitast til 42 ára. Þá sagði hv. þm., að það þyrfti ákvæði um hámarksstyrk. En hámarksákvæði er í sjálfri till., þó að ekki sé nefnd ákveðin upphæð, og er auðvelt að reikna út, hvað styrkurinn geti mestur orðið, eftir því, sem segir í brtt. Hv. þm. segist ekki geta samþ. till. mína eins og hún er. Ég tel þetta engin rök. Ef hins vegar landbn. vill taka þetta mál til nánari athugunar og gera á þessu einhverja breyt., sem gæti leitt til svipaðrar niðurstöðu og mín till., hefði ég ekkert á móti því. Þá segir hv. þm., að till. virðist flutt fyrir þá, sem séu svo efnaðir, að þeir kæmust af án þess að fá lán. Þetta er alveg út í hött sagt. En ég býst við, að þeir séu margir og ekki eingöngu þeir, sem betur eru efnum búnir, sem vilja koma upp yfir sig húsum með öðrum hætti en þeim að binda sér skuldabagga um langa framtíð. En það virðist að því stefnt með þessu frv. að láta ríkisstyrk til þessara hluta með vaxtalækkun, en láta hann ekki í öðru formi, þó að menn óski þess. Menn verða að taka á sig þunga skuldabyrði um langan tíma til þess að verða þessa stuðnings aðnjótandi. Ég tel ekki rétt að hafa þetta svo einstrengingslegt sem það er í frv., ég vil, að menn geti orðið þessa stuðnings aðnjótandi á annan hátt, án þess þó að íþyngja því opinbera.

Þá er það 3. brtt. mín, viðvíkjandi forkaupsrétti Byggingarsjóðs. Hv. þm. segir, að þetta geti orkað tvímælis. Ég hefði frekar getað átt von á svona ummælum frá öðrum en hv. þm. A.-Húnv., að það geti orkað tvímælis, hvort gera eigi mönnum kleift að selja börnum sínum eða nánustu skyldmennum jarðir sínar. En eins og frv. er eru menn ekki frjálsir að því að selja jarðir sínar nánustu ættmennum, ríkið eitt eða þessi sjóður hefur heimild til þess að kaupa jarðir, ef um sölu er að ræða. Hv. þm. sagði, að með þessu hefðu menn frekar tækifæri til að fara á bak við tilgang l., en hann færði engin rök fyrir þessu, enda er það ekki hægt, vegna þess að í minni till. er tekið fram, að þó að jarðir séu seldar þessum aðilum, þ. e. venzlamönnum, þá megi ekki selja þær fyrir hærra verð en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu. Þar með er loku skotið fyrir það, að jarðir séu seldar háu verði, þó að þær séu seldar þessum aðilum, svo að ég veit ekki, hvernig hægt er að halda því fram, að með þessu sé verið að fara á bak við tilgang l. Hv. þm. benti á, að það væri hægt að gera býli að ættaróðali. Ég skal ekki segja um

það, hvort þessi fortakslausu ákvæði, sem virðast vera í 30. gr., verða að víkja fyrir l. um ættaróðul og erfðaábúð. En jafnvel þó að svo væri, tel ég það óverjandi, að menn hafi ekki heimild til þess að selja við kostnaðarverði býli sínum nánustu án þess að fylgja um það sérstökum reglum og gera býlið að ættaróðali um leið, ef þeir kjósa annað heldur.

Þá er það viðvíkjandi svörunum, sem ég fékk við spurningum mínum. Ég tel þau að ýmsu leyti ófullnægjandi. Hv. þm. sagði um 2. spurninguna, að það sé ætlazt til, að ákvæðin gildi eins hvort sem landið er í eigu ríkisins eða einstaklinga. Hins vegar svaraði hann því ekki þegar um einkaeign er að ræða, hvort bændur þyrftu að borga fyrir þessar undirbúningsframkvæmdir, sem gert er ráð fyrir í II. kafla frv. um landnám, sem sagt framræslu lands, hvort þeir þyrftu að borga eitthvað fyrir það og á hvern hátt. Þá sagði hann viðvíkjandi fyrirspurn minni um 28. gr., að í fyrsta lagi væri meiningin að rækta 5 ha á hverju býli. En fyrirspurn minni um það, hvort bændur eigi að fá þessa ræktun ókeypis, svaraði hann á þá leið, að bændur ættu ekki að fá þessa ræktun ókeypis. En ég finn ekki ákvæði um þetta í frv. Í landnámskaflanum, 9. gr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu."

Þetta skilst mér, að eigi að gerast, þegar búið er að undirbúa landið til ræktunar samkv. II. kafla l. Hins vegar segir í 28. gr.: „Til byggginganna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar." En seinna segir: „Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt." Þetta gefur til kynna, að hann eigi ekki sjálfur þessa 5 ha, en ekkert ákvæði er í gr. um það, hvað hann eigi að borga fyrir þessa 5 ha, sem ræktа á, og á hvern hátt. Um þetta spurði ég og hef ekki fengið svar við því.

Viðvíkjandi fjórðu spurningu minni sagði hv. þm., að það ætti ekki að breyta neinu, hvort býlið væri reist á landi einstaklings eða ríkisins. En ég finn engin ákvæði um það í frv., hvaða stuðning þeir menn eiga að fá, sem reisa nýbýli á landi, sem þeir sjálfir eiga. Ég vil svo ítreka fyrirspurn mína út af 28. gr., um það, hvað bændur eigi að greiða fyrir 5 ha ræktunina og á hvern hátt, og sömuleiðis viðvíkjandi ákvæðum 35. gr., hver beri kostnaðinn við að rækta 5 ha lands á býli, sem er í einstaklingseign.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Nd., 1 apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 633,1 samþ. með 27:1 atkv.
— 647,1 samþ. með 14:13 atkv.
Brtt. 633,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 647,2 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JörB.

nei: PZ, SigfS, SG, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, JPálm, LJós, BG.

9 þm. (SB, SEH, SK, ÁÁ, FJ, GÞ, GTh, JS, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 647,3 samþ. með 13:9 atkv.
— 633,3 samþ. með 23:1 atkv.
— 647,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 633,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 633,5 samþ. með 22:1 atkv.
— 633,6 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 673).

Á 99. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fyrra bragði að hefja neinar almennar umr. um þetta mál við þessa umr. Ég tel þess ekki þörf, sérstaklega af því að frv. fylgir mjög ýtarleg grg. Og þó að ég færi að ræða frv. nú, mundi það ekki verða annað en að miklu leyti endurtekningar á þeirri grg., sem fylgir frv. eins og það var lagt fram.

Þetta frv. er samið af nýbyggingarráði og borið fram af hv. landbn. Nd. í samráði við mig og hefur nú hlotið samþykki þeirrar hv. d., nokkuð breytt að vísu frá því, sem það var lagt fram. Frv. er að sumu leyti sameining á ýmsum lagafyrirmælum, sem nú gilda um landbúnaðarmálefni, en að sumu leyti hefur það að geyma alger nýmæli. En nýmælin eru aðallega í II. og V. kafla frv., og er II. kafli um landnám ríkisins og V. um byggðarhverfi.

Eins og frv. ber með sér og eins og hv. þdm. sjálfsagt er ljóst, mun þetta frv., ef að l. verður, hafa í för með sér allmikil aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Í 4. gr. þess er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram minnst 2,5 millj. kr. á ári til þess að undirbúa ræktun landsins, þar sem á að stofna byggðarhverfi í sveitum. Og samkv. 13. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 2,5 millj. kr. á ári næstu 10 ár sem framlag til Byggingarsjóðs. Enn fremur er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram vaxtalaus lán til Byggingarsjóðs, og mun það því auka útgjöld ríkissjóðs sem svarar vöxtum af því láni. Má gera ráð fyrir, að útgjöld, sem frv. skapar ríkissjóði, ef að l. verður, verði kringum 5,5 millj. kr.

Það orkar að mínu áliti ekki tvímælis, að ýmis af þeim nýmælum, sem frv. þetta hefur að geyma, eru þess verð, að af hálfu ríkisins sé hjálpað til að koma þeim í framkvæmd. En sá galli fylgir þessu, eins og reyndar mörgum fleirum af þeim nýmælum, sem nú liggja fyrir hæstv. Alþ., að það er ekki bent á nein ráð til þess að afla fjár í ríkisfjárhirzluna til þess að standa undir þeim miklu auknu útgjöldum, sem nýmælunum fylgja.

Ég tel víst, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn. þessarar d. Og ég vænti þess, að sú n. beini athygli sinni sérstaklega að því, á hvern hátt mundi vera hægt að afla fjár til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem hér ræðir um. Og svo framarlega að ekki sé bent á nein úrræði til þeirrar fjáröflunar, sýnist mér í raun og veru ekki verða komizt hjá því að hafa einhverjar frestunarheimildir í þessum l. Mér sýnist allt útlit fyrir það, að búið sé að binda ríkissjóði svo þunga bagga á næstu árum, að það muni reynast mjög erfitt, jafnvel þótt aukið líf færist í atvinnuvegina, að afla fjár til þess að standa undir öllum þeim útgjöldum. Og það er augljóst mál, að það er gagnslítið að samþ. ýmis nýmæli, sem gætu orðið til farsældar ef unnt væri að koma þeim í framkvæmd, ef allt strandar á því, að ekki sé unnt að afla þess nauðsynlega fjár til þess að standa undir þeim óhjákvæmilegu útgjöldum, sem þeim eru samfara.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vildi vænta þess, að hv. landbn. vildi hafa, a. m. k. þegar hún er búin með sína fyrstu athugun á málinu, nokkurt samráð við mig um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 673, n. 763, 776).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 776. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er mjög skammt síðan þessu frv. var vísað til landbn. og síðan það kom í þessa hv. d. Og hefði tími verið til, hefði verið mjög æskilegt, að n. hefði getað athugað þetta frv. ýtarlega. En þetta er stórmál og nýsmíði að mörgu leyti og má búast við því, að það verði endurskoðað mjög bráðlega og breyt. þá gerðar.

Landbn. var sammála um, að hér væri um svo stórt og merkilegt mál að ræða, að enda þótt hún hefði ekki haft nógu langan tíma til þess að athuga það, þá væri ekki fært að tefja það þannig, að ekki væri þá víst um, að það næði fram að ganga sem l. frá þessu þingi. Þess vegna var það, að ekki vannst fullkominn tími til þess að setja fram brtt. frá n. hönd, en því var þannig varið með ýmsar breyt., sem hefðu átt að koma fram, að nm. voru ekki sammála um þær og áskildu sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. En yfirleitt var n. sammála um að mæla með samþykkt frv.

Hér liggja fyrir prentaðar brtt. á þskj. 776 frá 3 nm. um breytingar á frv., en um það atriði var ekki tekin nein ákvörðun í n., og skal ég því að svo stöddu máli ekki fara frekar út í það að ræða þær brtt., þar sem líka nm. hafa alveg **óbundnar hendur eins og ég sagði áðan.**

Ég hef leyft mér að bera hér fram skriflega brtt., af því að ekki vannst tími til að fá þær prentaðar áður en málið yrði tekið fyrir, en mér þykir réttara að láta þær koma fram við 2. umr. Flestar þessar brtt. eru aðallega til leiðréttingar og skýringar á frv. og að sumu leyti til sjálfsagðra endurbóta á því. Þessar brtt. eru 3, og ég vil leyfa mér að skýra þær um leið og ég afhendi hæstv. forseta þær, með leyfi hæstv. forseta.

1. brtt., sem ég ber fram, er við 9. gr. frv. og er þannig, að á eftir orðunum „semja við búnaðarsambönd" bætist: stjórnir félaga, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykktir. Og það hafa þeir játað við mig 1 eða 2 nm. landbn. Nd., að þeim hafi láðst að athuga þetta. Þannig er því farið, að innan umdæmis búnaðarsambandanna hafa nú risið upp sjálfstæð sambönd, sem hafa, án þess að vera í raun og veru nokkuð háð búnaðarsamböndum, ræktunarframkvæmdir og hafa verið löggilt af Búnaðarfélagi Íslands og starfað alveg sjálfstætt. Og þá eru samböndunum lítið sem ekkert viðkomandi þær framkvæmdir, sem þau félög, sem standa að þessum jarðræktarsamþykktum, gera. Ef hv. þm. hafa hjá sér frv., þá kemur sá kafli 9. gr., sem brtt. hljóðar um, til með að líta út þannig: Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd, stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir, eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald." Ég geri ráð fyrir því, að um þetta atriði þurfi ekki að deila.

2. brtt. mín er við 11. gr. frv., en þar stendur, um skipun manna í hverri sýslu, með leyfi hæstv. forseta: „Nýbýlastjórn skipar þriggja manna n. í hverri sýslu. Skulu tveir þeirra tilnefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er" o. s. frv. Þarna er ákvæði um það, hvernig sambandið eigi að velja mennina og hvernig eigi að fara að því, en til skýringar er reynt að gera það eins réttlátlega og hægt er, ef á annað borð verður nokkur ágreiningur um það. Annars á það ekki að tefja, þó að hlutfallskosningar séu þarna fyrirskipaðar. Ef samkomulag er um það á fulltrúafundi, þá getur hver flokkur skilað sínum lista með einum manni á, og þá er allt klappað og klárt. Annars verður að ráða þar afl atkv., ef ekki er um annað að ræða.

En þessi 3. brtt., sem ég hef hér komið fram með, er við 19. gr. Og sú brtt. kemur fram vegna þess, að ekki eru nógu greinileg ákvæði um það, hvernig á að fara með innheimtu, ef óskil verða á lánsfé sjóðsins. Þá gr. hef ég leyft mér að orða um og hef þar tekið til fyrirmyndar orðalag, sem er í veðdeildarl. um, hvernig innheimta skuli fara fram, og er þetta gert til þess að létta innheimtu og framkvæmd hennar og gera hana kostnaðarminni bæði fyrir sjóðsstjórnina og eins fyrir þá, sem verða fyrir því óhappi að lenda í vanskilum og innheimtu verður að gera hjá, þannig að til uppboðs kemur. Þessi gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, eftir minni till.: „Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert upp-

boð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms eða leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.“ Þetta hygg ég, að geti orðið báðum aðilum til hagræðis, bæði skuldareiganda og skuldara.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessar brtt.

Forseti (StgrA): Mér hafa borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal. Eins og hv. frsm. lýsti, þá eru þær of seint fram komnar og þarf afbr. fyrir þeim, og þar sem þær eru skriflegar, þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 790) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt 2 öðrum þm. smávægilega brtt. við 17. gr. frv., og er hún prentuð hér á þskj. 776. Brtt. er um það, að síðasta málsgr. þessarar gr. skuli falla niður. Eins og vitað er, var þessi málsgr. ekki í frv. þegar það var lagt fyrir Alþ., en var skeytt við samkv. samþykkt Nd. Við flm. till. teljum ástæðulaust að fella inn í frv. þessa málsgr. Hún horfir lítið til hagsbóta eða örvunar á því starfssviði, sem hér er um að ræða, og hún er sízt til þess fallin að draga hreinar línur í framkvæmdum l. Það, sem er mergurinn málsins í þessari gr., sem við viljum láta fella niður, er að heimila nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, sem aftur á móti kemur til greina í vöxtum lántakanda af þeim hluta, sem hann tekur að láni, sem þá er takmarkað við aðra hámarksupphæð en annars er um að ræða, sem sagt lægri upphæð. Ég fæ ekki betur séð en þetta geti ekki horft til neinna hagsbóta, en sé heldur til þess að geta valdið ágreiningi og grautargerð í framkvæmd laganna. Þetta á að vera matsatriði í hvert skipti, og ég tel það út af fyrir sig varhugavert að opna dyr að slíkri matsgerð og í rauninni ekki ólíklegt, að slík heimild, þegar á hana kynni að verða farið að sækja, að fá þetta óafturkræfa framlag, gæti auðveldlega orðið til ágreinings meðal þeirra, sem skipa nýbýlastjórn, að verða að meta, hvort sé ástæða fyrir þennan mann eða hinn, sem slíks kynni að leita, að verða við slíkri beiðni, því að það er engin markalína dregin, þannig að það mundi verða til að valda ágreiningi milli nýbýlastjórnarmanna, hver það ætti helzt að vera, sem yrði þessa styrks aðnjótandi. Það er ekkert sagt um það. Það er þá helzt, að þeim væri þetta keppikefli að fá þetta óafturkræfa framlag, sem vildu láta skrifa eignir sínar á minna nafnverð, en ég sé ekki, að það snerti að neinu leyti merg málsins og sé þar með óþarft og engum, þegar öll kurl koma til grafar, greiði gerr með þessu. Ég tel það ætti að vera styrkur þessari lagasetningu og jafnvel framkvæmdinni, að þær reglur, sem settar eru um störf þess og aðferðir í framkvæmd, séu sem fábreyttastar og skýrastar og l. svo ákveðin í hvívetna, og sízt af öllu ætti að gera leik til að setja nokkur ákvæði, sem séu á sérstakan hátt lagin til þess að valda ágreiningi. Það er nú líka svo, þegar um þetta atriði er að ræða, að ég fyrir mitt leyti fæ ekki séð, hvaða fé stj. hefur milli handa til að veita slík óafturkræf framlög eftir slíku frummati, sem slíkt handahóf gæti framið. Mér þykir ekkert eðlilegra en að nýbýlastjórn hverju sinni væri mjög illa við að fá slíka heimild sem þessa í hendur af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, það sé ekkert, sem greiði fyrir til þeirra aðgerða, sem um er að ræða, en setji aðeins inn ákvæði, sem mundi valda vafningum eða torveldleik í staðinn fyrir að hafa þá einföldu aðferð, sem sá bálkur frv. setur að öðru leyti. Það er því ósk okkar flm., að hv. d. geti fallizt á, að þessi umtalaða málsgr. 17. gr. frv. verði felld niður. Hins vegar vil ég taka fram, að þar sem er mjög áliðið þings og ég geri ráð fyrir, að mörgum hv. þm. sé sama í hug og mér um það, að nauðsyn beri til, að frv. verði að l., dagi ekki uppi, hrökklist ekki milli d. með þeirri niðurstöðu, að það dagi upp, þá vil ég fyrir mitt leyti engan veginn verða til þess að bera fram brtt. og láta samþ. hana, ef það hlytist af slíkri brtt., að frv. dagaði uppi. Ég slæ þennan varnagla af minni hálfu, að ég vil ekki láta samþ. minnar brtt. verða til þess. En ef fleiri brtt. yrðu samþ. og öryggi virtist fyrir því, að frv. yrði að l. á þessu þ., þá er eindreginn vilji okkar flm., að þessi umtalaða málsgr. verði felld úr frv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt., sem hér liggja fyrir. Það liggja fyrir, að mig minnir, þrjár brtt. frá hv. þm. Dal., frsm. þessa máls. Ég þóttist taka svo eftir þeim, að mér fyndist, að þær, a. m. k. tvær af þeim og líklega allar, væru til bóta. Ég áttaði mig ekki fullkomlega á þeirri, sem var um söluna, en þar sem hér er reyndur lögfræðingur, þá geri ég ráð fyrir, að sú till. sé til bóta líka. Þá liggur hér fyrir brtt. á þskj. 776, sem er um það, að síðari málsgr. 17. gr. falli burt, en sú málsgr. gerir ráð fyrir því, að í staðinn fyrir löng lán, sem veitt eru til ýmissa framkvæmda og ríkið ber allverulegan kostnað af, vegna þess að lánsvextirnir eru lægri en ætla má, að vextir verði af því fé, sem ríkið þarf að borga, þá geti nýbýlastjórn í stað þessara lána veitt eins konar styrk eða fjárframlag, sem er óafturkræft, til þeirra, sem byggja. Ég skal nú taka það fram, að mér er þetta atriði ekki svo vel kunnugt eða ljóst, að ég vilji fullyrða, að þetta kunni ekki að reka sig á það aðalfyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég er ekki frá því, að eiginlega sé frv. byggt upp með það fyrir augum, að þar sé eingöngu lánastarfsemi, en ekki styrktarstarfsemi. En það vil ég samt taka fram, að ég skil gr. svo, að ef sá háttur yrði hafður á að láta styrk í staðinn fyrir lán, þá eigi það ekki að vera nein sérstök hlunnindi fyrir þann, sem fær þetta, og ekki heldur sérstök útgjöld fyrir ríkið, vegna þess að það á aðeins að finna, hvað það væri, sem ríkið legði fram sem vaxtamismun yfir lánstímann, en síður held ég, að það geti verið tilgangurinn með þessu ákvæði, sem ég las í blaði hér í morgun, að þetta mundi eiga að vera til þess að láta þá menn fá þennan styrk, sem væru of ríkir til þess að fá lán. Þetta er bara heimild, og ég geri ráð fyrir, að slíkt

geti ekki komið til mála. Nú er það svo, að ég fullyrði ekki, hvort þessi brtt. er til bóta eða spillis í frv. Ég aðeins get látið uppi það álit mitt, að ég vona, að nú takist að búa þannig um, að þessar framkvæmdir leggi mönnum ekki stórútgjöld á herðar um langa framtíð. Þess vegna get ég hugsað, að það væri engin fjarstæða, að heimilt væri að veita þeim mönnum nokkra aðstoð, sem reyna að klífa þrítugan hamarinn til að fá hús yfir sig og losa sig við þá skuldabyrði, sem vel má vera, að ýmsir verði á sig að taka, því að allar slíkar framkvæmdir eru nú mjög dýrar.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en ég geri ráð fyrir, að ég geti ekki greitt þessari till. atkv. — Eins og hv. frsm. fyrir þessari till., hv. 2. þm. Árn., drap á, þá vil ég gjarnan, að þetta frv. verði að l. Ég veit ekki, hvað fast Nd. kann að standa að þessari till., en öruggara gæti verið að samþ. ekki breyt. við frv., sem maður vissi fyrir fram, að kynni að vera ágreiningur um.

Jónas Jónsson: Mér er sagt, að þetta frv. muni vera búið til af mönnum, sem vinna hér á skrifstofu og eru nýlega komnir heim frá útlöndum og hafa sennilega ekki séð mikið af sveitalífinu nema þegar þeir hafa ferðazt í orlofi. Síðan mun þetta hafa verið lagað af öðrum, sem meira vita, og samt mun koma í ljós síðar, að þar sem þessi l. hafa ekki verið löguð nógu mikið, þurfi að breyta þeim á ný, áður en meiri skaði verður að.

Það eina, sem skiptir máli og verður að teljast til bóta, er það, ef ríkið leggur til hliðar nokkra summu á ári í nokkur ár í því skyni að rækta jörðina og byggja. Og þótt mönnum finnist þessi upphæð talsvert há, þá mun ekki reynast svo, að það verði allir hlutir gerðir með þessu fé.

Sá galli, sem er á þessu frv., er eðlilegur, af því að þetta er búið til af mönnum, sem hafa ekkert vit á þessum hlutum og litla reynslu og hafa sýnilega enga hugmynd um, hvað erfitt það er að nema land á ný. Það er það fyrsta. Þess vegna flaska þeir á því að gera ráð fyrir því, að menn, sem nema land á ný, þeir geti gert það styrklaust með lágum vöxtum. Nú vil ég segja hv. þd. einfalt dæmi, sem ég held, að hafi verið minnzt á áður, af því að það kom beint inn í þingið.

Fyrir fáeinum árum keypti Búnaðarbankinn jörð á þeim stað í Ölfusi, sem af öllum er talinn líklegastur til að gera svona landnám á, Þórustaði. Ég held, að hann hafi eignazt hana fyrir 14 þúsund, illa húsaða, en þar er land, sem má gera að góðu túni, djúp mýri, sem hallar móti suðri og er ekki of blaut. Búnaðarbankinn vildi sýna, hvernig væri hægt að byggja svona jörð og reisa þar hús, sem eru heldur lítil fyrir meðalfjölskyldu, svo að það er álitið, að það þurfi að byggja eitthvað við þau, ef þar byggju fjölskyldur í heldur stærra lagi. Enn fremur þarf að byggja þar fjárhús og hlöðu við, allt úr steini. Þetta kostaði 140 þús. framarlega á stríðstímanum. Þá er eftir að byggja á þessari jörð fjós og hlöðu við það, og þar að auki er ekkert búið að gera við landið, þar var aðeins túnkragi frá fornu fari, en mýri allt í kring. Af tilviljun varð ég var við það um daginn, hvernig gengur að byggja fjós. Það voru menn, sem hafa haft landbúnaðarmál með höndum meira en ég, þeir voru að ræða um það hér í næstu stofu, hvort það væri annað vit en að láta Stafholt leggjast í eyði. Af hverju? Þetta er eitt af höfuðbólum Snorra og eitt mesta höfuðból þessa lands. Fjósið var fallið. Og hvað gerðu menn ráð fyrir, að það mundi kosta að byggja það á ný? 125 þús. kr. Og þá er spurningin fyrir ríkið, hvort það hafi handbærar 125 þús. kr. til að byggja þar fjós, svo að þar verði búið. Þetta sýnir, hversu óendanleg grunnhyggni er á bak við þetta frv. Þeim dettur hvorki meira né minna í hug en að hægt sé að láta menn mynda nýbýli styrklaust, sem áreiðanlega kosta ekki minna en kvartmilljón, ef maður tekur nauðsynleg hús, túnrækt og annað slíkt.

Ég vil enn fremur sýna annað dæmi. Það er ekki frá þessum gullflóðstímum, heldur frá því er Tryggvi Þórhallsson var í Búnaðarbankanum. Þegar hann kom þar, þá var búið að reisa talsvert af húsum í sveitum, og kreppan var komin. Þá sagði hann við mann, sem starfaði þar: Reyndu að gera uppdrætti, sem kosta ekki nema 5 þús. kr. Maðurinn gerði það. Síðan hafa verið byggð í tugatali minnstu hús í sveitum eftir svipuðum teikningum, eftir allra þrengstu línum, sem hægt var að hugsa sér.

Ég ætla auðvitað að greiða atkv. með þessu frv., að ef landið á þessar milljónir, þá séu þær settar í landbúnaðinn. En ég vil bara segja það út frá reynslunni, að ef hún á að fara að reisa nýbýli, þá geta þau ekki kostað minna en 150—250 þús. kr. undir núverandi kringumstæðum. Nú segir ríkisstj.: Höfuðstólinn á að borga og nokkuð af vöxtunum. En það verður bara ekki gert. Og þegar að því kemur, að þetta á að greiðast, þá er ekki nema um tvennt að velja, gefa nærri því allt eftir af þessum peningum eða gera það sér til skemmtunar að gera þessa menn upp og ganga af þeim dauðum. Þetta er það eina, sem hægt er að gera út frá þeim skilmálum, sem hér er boðið upp á. Þetta er það, sem lífið kennir okkur.

Þá er annað, sem er dásamlegt í þessu frv. Við höfum l. um verkamannabústaði og höfum alltaf verið að bæta þau, sem er bæði rétt og fallegt. Það hefur verið til þess ætlazt, að verkamennirnir gætu eignazt þessar íbúðir, og þeim hefur oft tekizt það. Verkamannabústaðirnir, sem Héðinn Valdimarsson stóð fyrir, kostuðu 11 þús. hver íbúð, og voru það prýðilegar íbúðir miðað við það fé, og margir eiga þær sjálfir. En það, sem alltaf hefur gengið þar í gegn, er það, að bæði ríki og bær leggja mikinn styrk í þetta, það dettur engum í hug að hafa það öðruvísi. Þó dettur mönnum í hug, að hér sé hægt að fá höfuðstólinn aftur með ofurlitlum vöxtum, þó að til viðbótar við dýr íbúðarhús þurfi að taka á sig kostnaðinn af að byggja peningshús og að rækta jörðina, sem er sannarlega ekki ódýrt á þessum stöðum. Þarf ekki annað en að líta til Síberíu, þar sem kosta hér um bil ½ millj. þeir 100 ha, sem þar hafa verið þurrkaðir og eru að vísu vel ræstir fram.

Annað er það, sem ég held, að verði skrýtið í þessum byggðarhverfum, sem á sýnilega að vera hagað eftir rússneskum sið. Það er gert ráð fyrir því, að þarna geti tekizt sambúskapur, og menn hugsa sér, að þarna geti allt verið sameiginlegt, matur, vinnukraftur og annað því um líkt. Ólíklegt þykir mér, að mörg af þessum hverfum verði reist í Húnavatnssýslu. Það segi ég af því, að þaðan hafa komið flestir gáfumenn þessa lands úr einni sýslu. (*GJ:* Eru nú til hagskýrslur um það?) Það eru lífsins ljósu skýrslur, og þeir þm., sem þaðan hafa komið, bera þess merki. Þar er varla til tvíbýli á nokkrum bæ. Það er af því, að þeir eru svo miklir Íslendingar og hafa verið það allt frá landnámstíð, allt frá því, að Grettir var þar, og svo miklir einstaklingshyggjumenn, að þeir reyna ekki að skipta jörðunum undir núverandi kringumstæðum. Þess vegna er þessi kafli svo mikið út í loftið sem hugsanlegt er, því að það mun aldrei takast að fá menn inn í þessar sambyggðir. Þar, sem hervaldi er beitt eða stjórnarstyrkur ýmiss konar er veittur, þar getur það gengið eins og þeir kæra sig um, en öðruvísi er það ekki hægt. Síbería hefur staðið til boða, en menn hafa ekki viljað fara þangað, ekki heldur þessir menn, sem halda þessu skipulagi fram. Þeir eru eins miklir einstaklingshyggjumenn og við og eins duglegir að græða fyrir sjálfa sig og við hinir. Þetta er bara gert upp á sport, ekkert annað. Það verður gaman að sjá 10 fjölskyldur búa saman og húsfrúrnar matbúa þar til skiptis. Við ættum að koma þar, þegar þær hafa búið þar í 10 ár og fá að heyra, hvernig þessi búskapur hefur gefizt.

Við erum búnir að sjá, hvað hægt er að gera á vissum stöðum, en það er að skipta jörðunum, ef börnin vilja það. Þetta hefur undanfarin ár verið reynslan á ýmsum stöðum, sérstaklega norðan lands og í Austur-Skaftafellssýslu. Mér er kunnugt um jarðir fyrir norðan, þar sem áður bjuggu hjón, sem höfðu 3—4 vinnumenn og vinnukonur, en nú er þar enginn vinnumaður eða vinnukona, en það er búið að skipta jörðinni milli erfingjanna í 3—4 parta, þeir búa oft allir í sama túninu og nota sömu vinnutækin. En allt er byggt á því, að hver hafi sitt afmælda land, bæði tún og helzt bithaga líka, annars gengur það ekki. Ef það hefði átt að fara eftir reynslunni, þá hefði verið farin önnur leið. Þá hefði verið lagt fram fé til að hjálpa duglegum einyrkjum, sem vildu skipta jörðunum, og þá hefði verið gengið frá þessu sem styrk, en ekki sem lánum til manna. Í stuttu máli, það eru veittir hér ofurlitlir peningar, en undir svo ómerkilegu formi, að það kemur ekki að notum. Það er ekki heldur að búast við því betra, þegar á það er litið, hvernig þetta er til komið. En af því að ég veit, að það á að leggja peningana í jörðina, þó að það þyrfti að vera miklu meira, þá ætla ég að greiða atkv. með frv., þó að ég viti, að það stenzt á engan hátt dóm reynslunnar.

ATKVGR.
Brtt. 776 og 790 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—53. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 673, 776, 790).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 790,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 790,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 776 samþ. með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, GÍG, HG, ÁS, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB, EE, StgrA.
nei: HermJ, IngP, PHerm, BSt.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
1 þm. (JJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þó að ég gæti efnislega fylgt því, að þessi gr. stæði kyrr í frv., finnst mér orðalag hennar svo loðið, að erfitt sé að fylgja þar fram nokkrum föstum reglum, og mun ég því fylgja þessari till. hér á þskj. 776 og segi já.

Brtt. 790,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 110. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 807).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 807, 825).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 825. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem nú hefur gengið í gegnum Ed., hefur tekið þar smávægilegum breyt. Í fyrsta lagi hafa verið felld burtu ákvæði í 17. gr., sem ágreiningur varð um hér í Nd. við 3. umr. varðandi styrk til endurbyggingar í sveitum, sem ég benti þá á, að rak sig á önnur atriði frv. Í öðru lagi er gerð nokkur breyt. á 9. gr., sem ég hef ekkert við að athuga. Í þriðja lagi er breyt. á 11. gr., sem ég tel, að ekki sé til hins verra. Og loks er breyt. á 19. gr. Það er ákvæði um, hvernig skuli fara, þegar jörð kemur til sölu. Ég tel þetta óþarft og eigi fremur heima í reglugerð.

Skúli Guðmundsson: Ég tel, að ein breyt. að minnsta kosti, sem gerð hefur verið á frv. í Ed., sé til hins verra. En það er, að felld hefur verið niður síðari málsgr. 17. gr. Ég tel heppilegra, að sú heimild, sem þar var gefin, sé í frv., og flyt á þskj. 825 brtt. shlj. þeirri brtt., sem ég flutti áður hér í Nd. og var þá samþ. Vænti ég, að hv. d. hafi ekki breytt um skoðun síðan. Ég vil benda á, að hér er einungis um heimild að

ræða, sem aðeins skal nota handa þeim, sem heldur kjósa að fá stuðninginn í þessu formi, og ég fæ ekki séð, að þetta reki sig á önnur ákvæði frv. Ég get ekki heldur séð, að frv. sé teflt í nokkra tvísýnu, þótt það fari aftur til Ed., þar sem hún mun eiga eftir að starfa nokkuð enn þá.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég kemst ekki hjá því að minnast ofurlítið á þessa brtt. nú, þótt ég hafi að vísu rætt um hana áður.

Hv. þm. V.-Húnv. heldur því fram, að þessi brtt. reki sig ekki á önnur ákvæði frv. Nú er það ljóst, að nýbýlastjórn hefur ekkert fé til umráða til þess að veita þessa styrki, og með þessum ákvæðum eru jafnframt numdar úr l. reglur um byggingarstyrki. Það, sem ég tel lakast við þetta ákvæði, er það, að það hlýtur að setja nýbýlastjórn í stöðugan vanda um það, hvenær ætti að nota slíka heimild og hvenær ekki, og ætla má, að einatt yrði úr því argaþras.

Ég ætla þess vegna, að bezt fari á, að samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir, en halda ekki fast við þetta ákvæði svo stórgallað sem það er.

Skúli Guðmundsson: Ég fæ ekki séð, að það, sem hv. þm. A.-Húnv. hefur nú sagt, hafi inni að halda nokkur haldgóð rök. Hann sagði, að nýbýlastjórn hefði ekkert fé til umráða, en samkv. minni till. er stjórninni einmitt heimilað að veita úr sjóðnum til þessa. Enn fremur hygg ég, að þannig megi ganga frá reglum um þessar styrkveitingar, að nýbýlastjórn sé ekki sett í neinn vanda fram yfir það, sem verið hefur.

Frsm. (Jón Pálmason): Það er skýrt fram tekið í III. kafla þessara l., að Byggingarsjóður skuli vera undir umsjá Búnaðarbankans, og þar er ekkert fé, sem nýbýlastjórn getur haft umráð yfir, enda þótt þannig væri ákveðið í öðrum kafla laganna.

Skúli Guðmundsson: Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að fá megi nýbýlastjórn þetta vald, með því að samþ. mína brtt.

ATKVGR.

Brtt. 825 felld með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JS, JörB, PÞ, PO, SK, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ.

nei: IngJ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GTh, BG.

PZ greiddi ekki atkv.

4 þm. (ÁÁ, GÞ, GSv, HB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 859).

61. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 315).

Á 51. og 52. fundi í Nd., 11. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Í umr. um það mál, sem rétt í þessu var vísað til 2. umr., frv. um nýbyggingarráð, kom fram ýmislegt það af röksemdum, sem ætla mætti, að heima ætti við þetta frv., sem hér um ræðir, um fiskveiðasjóð Íslands. Þegar athugað er, að sjávarútvegur er höfuðundirstaðan undir því útflutningsverðmæti, sem landsmenn eignast, og þar af leiðandi erlendum innistæðum, þá er í rauninni ekki nema eðlilegt, að í sambandi við þá ákvörðun Alþ. á s. l. þingi að leggja 300 millj. kr. til hliðar af erlendu verðmæti til þess að hækka framleiðsluverðmæti landsmanna á öllum sviðum, var fyrst og fremst hugsað um þennan mikilsverða atvinnuveg, sem er sjávarútvegur, enda gerði nýbyggingarráð sér far um að efla þá lánsstofnun til stofnlána, fiskveiðasjóð Íslands, svo að hann yrði gerður fær um að veita stofnlán, ekki einungis til að kaupa fiskiskip, heldur líka til að lána út á þau iðnaðarfyrirtæki og annað, sem tilheyrir sjávarútveg eða stendur að öðru leyti beint eða óbeint í sambandi við þennan atvinnuveg. Fiskveiðasjóðurinn er, eins og kunnugt er, orðinn 40 ára gamall. Hann hefur um langt skeið starfað sem eina lánsstofnunin svo að segja til stofnlána fyrir bátaútveginn og hefur lengst af sætt þeim örlögum að hafa allt of lítið fé til umráða til síns mikla þjóðþrifastarfs. En um það munu allir sammála, að þessi stofnun, fiskveiðasjóður Íslands, hafi verið bátaútvegi landsmanna hinn mesti höfuðstyrkur og stoð í þau ár öll og tugi ára, sem hann hefur nú að baki. Nýbyggingarráði þótti það þess vegna í rauninni alveg sjálfsagt, að þegar nú væri þess freistað að efla allsherjar lánsstofnun sjávarútvegsins, yrði valin til þess þessi virðulega og góða lánsstofnun útvegsmanna, sem þeir hafa nú skipt við í svo mörg ár. Þess vegna var horfið að því að leggja til að efla fiskveiðasjóð Íslands í því skyni, er um ræðir. Skv. þessu frv. er honum þá ætlað að færa út sitt verksvið að miklum mun og verða hæfur til þess að lána út á miklu stærri skip en hann hefur áður gert, og eins og það er orðað, er það tilgangur frv. að gera fiskveiðasjóðinn færan til að veita stofnlán til þeirra framkvæmda, sem stefnt er að með l. um nýbyggingarráð og að öðru leyti með stefnuskrá núverandi ríkisstj. Hvað þetta frv. snertir, þá er gert ráð fyrir því, að lánin séu tvenns konar, a-lán og b-lán, a-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda innanlands, og b-lán, er verja

má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris. Það er rétt, að í nýbyggingarráði varð sú hugsun einnig ríkjandi að nota beinlínis hinar erlendu innistæður til þess að kaupa fyrir þær þessi atvinnutæki frá útlöndum, og við höfðum jafnvel í byrjun hugsað okkur, að hægt væri að veita lánin í erlendri mynt, en við nánari athugun, sérstaklega eftir bendingu bankanna, var fallizt á að breyta því þannig, að öll lánin færu fram í innlendri mynt fyrir milligöngu seðladeildarinnar og þeirrar sérstöku lánsstofnunar, sem hér um ræðir. En kjarni málsins verður þó jafnan sá, að það, sem fer fram, er það að breyta hinum erlendu innistæðum í vélar og áhöld, skip og fleira, til þess að vinna að eflingu íslenzkrar framleiðslu.

Vextirnir, sem talað er um í þessu frv., eru vitanlega mjög miklu lægri en áður hefur átt sér stað, og á ég þar aðallega við það, hvaða vaxtakjör bæði sjóðir og aðrar lánsstofnanir hafa orðið að hafa á undanförnum árum. Enda sýnist nú vera sérstakt tækifæri til þess að hafa þessa vexti mun lægri en áður hefur verið, þegar þess er gætt, að sú erlenda mynt, sem á að standa undir a-lánunum, var á þeim tíma, þegar þetta frv. var samið upphaflega, utanlands á mjög lágum vöxtum. En svo hefur þetta breytzt síðan, að því er mér er sagt, og svo er komið, að bankarnir munu ekki fá neina vexti af hinum erlendu innistæðum, og skildi ég það þannig, að það mundi vera af því, að féð liggi blátt áfram í bönkum, en hafi ekki verið varið til kaupa á verðbréfum.

Ég tel nú ekki þörf á því að fara hér út í hinar einstöku greinar þessa frv. Í stuttu máli má segja, að verksvið fiskveiðasjóðs sé talsvert fært út. Það er fært út að miklum mun að því er það snertir, að lánin eiga að ná til miklu stærri skipa en verið hefur. Enn fremur er það fært út á þann veg, að sú upptalning í 3. gr. frv., sem ræðir um það, út á hvað skuli veita lánin, er fyllri og nær til fleiri greina atvinnulífsins, ef svo má að orði kveða, heldur en áður hefur verið. Það er tekið hér í upptalninguna dráttarbrautir, sem ekki hafa áður, að því er ég bezt veit, átt aðgang að lánum úr fiskveiðasjóði, og svo er einnig með þau önnur fyrirtæki, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins. Ef þetta frv. því yrði að l., ætti stjórn sjóðsins því ekki að þurfa að vísa neinum á bug, sem færi fram á stofnlán, svo fremi að það væri til fyrirtækis, sem annaðhvort eingöngu eða að langmestu leyti ynni í þágu sjávarútvegsins. Þetta er til viðauka hinni almennu upptalningu í 3. gr., sem er, eins og þar segir, byggt á því, að lánin skuli veitt gegn 1. veðrétti í fiskiskipum o. s. frv.

Ég sagði áður, að upphaflega hefði verið gert ráð fyrir, að a-lánin yrðu greidd erlendis, en endurgreidd í innlendum gjaldeyri. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að samkv. frv. eiga þau að greiðast og endurgreiðast í sama íslenzka gjaldeyrinum, en þau eiga, eins og áður, eingöngu að veitast til þess hluta lánsins, sem varið er til kaupa erlendis. Ástæðan fyrir þessari breyt. er sú, að ef t. d. um bát smíðaðan innanlands er að ræða, sem greiðist í íslenzkum peningum, er sú aðferð lítt framkvæmanleg að látast fá efniskaupin í erlendum banka. Er þá hin aðferðin miklu einfaldari, þar sem innistæðan á nýbyggingarreikningi minnkar sem a-lánunum nemur, eftir því, sem gjaldeyrisleyfi er veitt, alveg á sama hátt og lán hafa verið veitt af nýbyggingarreikningi. Ég gat þess líka, að bankarnir hefðu látið þess getið, að þetta væri heppilegt, og áður en þær uppástungur bárust nýbyggingarráði, var það búið að endurskoða þetta ákvæði í frv. Eins og kunnugt er, hefur Landsbankinn lagzt allþungt á móti þessu máli, þ. e. a. s., hann hefur ekki í einstökum atriðum ráðizt á frv. um fiskveiðasjóð, en hann hefur gagnrýnt og ráðið mjög eindregið frá því að fara þá fjáröflunarleið, sem í frv. er ráðgerð og einnig er ráðgerð í því frv., sem hér var á dagskrá næst á undan. Vegna þess, að í því upphaflega frv., sem nýbyggingarráð samdi og sent var Landsbankanum til athugunar og ríkisstj. um leið, var ekki nákvæmlega tiltekið um hámark þeirra lána, sem seðladeildin ætti að skyldast til að veita lánsstofnuninni í þessu skyni, þá gerði Landsbankinn þegar í sinni fyrstu gagnrýni ráð fyrir því, að þetta gæti farið allt upp í 300 millj. kr., sem færu eingöngu til sjávarútvegsins, það væru fleiri greinir íslenzks atvinnulífs, sem þyrftu á lánsfé að halda í svipuðu augnamiði. En vegna þessarar gagnrýni Landsbankans, þar sem því er svo að segja slegið föstu, að 300 millj. eigi að koma frá bankanum í þessu skyni, þótti rétt að gera það skýrt í frv., að það var ekki til þess ætlazt. Markið var að vísu ekki sett í hinu upphaflega frv., en ætlun þeirra, er fylgdu frv., var, að lánin gætu komizt upp í 150 millj. Þegar breyt. voru gerðar á frv. á þann hátt, að veita skyldi fyrirhuguðum nýbyggingarsjóðum fyrirtækja lán og lánshámarkið lækkaði, kom í ljós, að lánin gætu vart farið yfir 100 millj., og var það hámark því sett inn í frv., en nýbyggingarsjóðirnir ættu að koma til frádráttar á lánunum hjá þeim, sem hefðu slíka sjóði. Var till. í seinna frv., sem nýbyggingarráð sendi stj., til komin vegna þeirrar gagnrýni og umtals um það, hvað óvarlega nýbyggingarráð vildi fara í þessu efni, og kom sú gagnrýni einna sterkast fram í bréfi Landsbankans. Nú hefur ríkisstj., áður en hún skilaði þessu máli til þingsins, kippt í burtu því ákvæði í frv., að nýbyggingarsjóðirnir dragist frá lánunum. Hins vegar hefur hámarkið verið látið standa óbreytt eins og nýbyggingarráð setti það inn í frv., með tilliti til þess, að nýbyggingarsjóðirnir ættu að skoðast sem nokkurs konar frádráttur á lánunum. Þetta 100 millj. kr. hámark er látið standa óbreytt, en aftur á móti er þeim varnagla, sem nýbyggingarráð vildi setja við því, að þetta ákvæði gæti staðizt, kippt burtu. Af því leiðir, að ég verð að láta í ljós þá skoðun hér, að ég tel það hámark vera of lágt, það er mjög líklegt, að það væri skynsamlegt, að þetta hámark væri sett nokkru hærra, ef fiskveiðasjóðurinn á að geta fullnægt þeirri eftirspurn í lánum, sem ekki kemur einvörðungu frá þeim, sem nú ætla að afla sér nýrra atvinnutækja eða koma þeim upp sjálfir, heldur

líka frá hinum, sem mitt í dýrtíðinni hafa komið upp hraðfrystihúsum, keypt skip o. s. frv. og ráðizt í aðrar dýrar framkvæmdir á þessu sviði, en óhjákvæmilega hljóta að verða að leita til fiskveiðasjóðsins með lán, þegar löggjöfin er komin í kring í þessu efni. Það getur farið svo, að við nánari athugun á þeirri þörf verði hámarkið hækkað í 120—130 millj.

Í upphaflega frv., sem nýbyggingarráð sendi ríkisstj. í sumar, var gert ráð fyrir, að hámarkslán út á ný skip skyldi nema ¾ af kostnaðarverði, en hámarkslán út á önnur tæki skyldi nema ⅔ kostnaðarverðs. Við endurskoðun frv. og eftir að bankarnir höfðu athugað það, var þetta fært niður, þannig að nú er samkv. frv. gert ráð fyrir ⅔ út á ný skip, en ⅗ út á önnur tæki. Þó má halda hinum upphaflegu ákvæðum, ef ábyrgð sveitar- eða bæjarfélags fylgir.

Nokkuð hefur verið talað um afskriftir viðvíkjandi hinum nýju tækjum, enda væri þess full þörf og ekkert undarlegt, þótt slíkt yrði gert. En það er á valdi hæstv. fjmrh. að haga þessum afskriftum þannig, að tækin verði greidd niður á skemmri tíma.

Upp í frv. hefur verið tekin ný gr. nr. 23. Hún fjallar um styrktarlán og hljóðar svo:

„Þeim einstaklingum og félögum, er gefið hefur verið vilyrði fyrir styrktarlánum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, skal gefinn kostur á að njóta vilyrða þessara laga gegn því að afsala sér rétti til styrktarlánanna, eða að njóta þeirra og þá um leið þeirra vaxta- og lánakjara, er gildandi voru hjá fiskveiðasjóði Íslands fyrir gildistöku þessara laga."

Ég held, að ekki sé þörf lengra máls um þetta frv. Þörf slíkrar lánsstofnunar er auðsæ og mun viðurkennd af öllum, sem hér eiga sæti. Þetta frv. er, eins og hið fyrra, flutt samkv. beiðni hæstv. atvmrh. af sjútvn. og þarf þess vegna í rauninni ekki til n. aftur. Þó hefur n. gert ráð fyrir að fá það til athugunar milli umr. Vil ég þess vegna mælast til, að því verði vísað til 2. umr., án beinnar tilvísunar til nefndar.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki tala hér langt mál um þetta frv., en vil vísa til þeirra umr., sem urðu um frv. um nýbyggingarráð, en þá ræddi ég þetta mál nokkuð.

Ég vil þó aðeins víkja nokkrum orðum að útgerðarlánunum. Þykir mér þá rétt að rifja upp, hvernig þetta fyrirkomulag hefur verið. Fiskveiðasjóður hefur lánað með 4% vöxtum út á fyrsta veðrétt. Síðan hefur styrktar- og lánasjóður fiskiskipa lánað 25% við engum vöxtum. Þannig hafa þessi lán verið í tvennu lagi, með lægri vöxtum á hluta af láninu. Nú er gert ráð fyrir, að þetta verði í einu lagi styrkur og bankalán. Bezta nýmælið í þessu frv. virðist mér, að nú koma togarar hér undir og fá sömu hlunnindi.

Ég geri ráð fyrir, að eins og komið er, sé skynsamlegt að ná svipuðu marki og gert er ráð fyrir með þessu frv. Vextir af þessum lánum verða allmiklu lægri en af öðrum lánum.

Nú er sú hætta fyrir hendi, að menn kjósi fremur að leggja sitt eigið fé í annað, en taki topplán úr fiskveiðasjóði. Þetta er óheppilegt. Það væri heppilegra, að menn legðu fram eigið fé eftir getu, enda óeðlilegt að lána mönnum með fullar hendur fjár með þessum hlunnindavöxtum. Ég sé, að þessu atriði hefur verið gefinn nokkur gaumur, en ég tel rétt að benda á í þessu sambandi, að n. þyrfti að athuga, hvað gera á við nýbyggingarsjóðstillögin. Á að lána togaraeigendum með þessum kjörum fyrr en nýbyggingarsjóðsféð er upp notað eða á að lána í hvaða tilfelli sem er?

Þá vil ég benda á eitt atriði, og það er varðandi byggingu verbúða. Væri full þörf á, að fiskveiðasjóður lánaði til að koma þeim upp. Verbúðir yfirleitt eru ekki mannabústaðir, en þetta er einn þáttur úr útgerðinni, sem nauðsynlegt er að taka með.

Um ákvæðið til bráðabirgða, varðandi hvernig verja skal fiskveiðasjóðsgjaldinu, vil ég segja það, að ég kann ekki við, að sá háttur sé upp tekinn að taka gjaldstofna frá hinu og þessu í ákveðnum tilgangi til bráðabirgða. Auðvitað er slík bygging, sem hér um ræðir, nauðsynleg, en mér þykir einsætt að taka slíka fjárveitingu á fjárlög, en annaðhvort fella fiskveiðasjóðsgjaldið niður eða láta það renna til sjóðsins.

Við sjáum, að verði þetta frv. samþ., hvílir gífurleg áhætta á fiskveiðasjóði. Það má vera, að þetta heppnist, en áhættan er mikil og sjóðurinn þarf á öllu sínu að halda. Þetta er að vísu ekkert stórmál, en ég kann illa við slíka kreppuráðstöfun sem þessa og þætti æskilegra, að þessu yrði breytt.

Pétur Ottesen: Ég vil undirstrika það, að mér þykir ekki rétt að fella niður tekjustofn, sem fiskveiðasjóður hefur haft og var hið upphaflega stofnfé hans. Ég sé, að í frv. er gert ráð fyrir, að þessi tekjustofn renni til annars um 3 ára skeið, en falli síðan niður. Ég vildi beina því til hv. n., hvort ekki væri rétt að endurskoða þetta ákvæði með tilliti til þess, að fiskveiðasjóður mun þurfa á öllu sínu að halda.

Þá langar mig að ræða ofurlítið viðvíkjandi 7. gr. frv. Hv. frsm. sagði, að upphaflega hefði verið svo ráð fyrir gert, að sjóðurinn lánaði ¾ kostnaðarverðs út á skip og ⅔ út á önnur tæki. Í þessu sambandi vil ég gera fyrirspurn til hv. frsm., hvort þetta gildi ekki einnig fyrir bæjar- eða sveitarfélög, sem ráðast í framkvæmdir. Mér finnst eðlilegast, að þetta gildi bæði fyrir einstaklinga og félagsleg samtök. Þá gæti það líka verið hugsanlegt, þar sem þessar framkvæmdir eru gerðar af vanefnum, að menn og félög fari að leita stuðnings bæjar- og sveitarfélaga, og væri það síður en svo heppilegt, því að á bak við þau er ekki svo sterku fjárhagur.

Þá var hér annað atriði, sem ég vildi benda hv. n. á, en þó ekki snertandi ákvæði frv., en er nauðsynlegt við aukningu og endurnýjun skipaflotans. Í 11. gr. frv. stendur: „Skylt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur fiskveiðasjóðs jafnan einnig til vátryggingarfjárins." Þetta er sjálfsagt gagnvart fiskveiðasjóði, en miðað við hið háa verð, þá er þetta þungur baggi fyrir þá, er skipin eiga. Vil ég því beina þeirri fyrirspurn til hv.

frsm. n., hvað hefur verið gert til þess að draga úr hinum mikla vátryggingarkostnaði.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en vil endurtaka það, að nauðsynlegt er að hraða afgreiðslu þessa máls.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að viðurkenna, að mér hefur ekki unnizt tími til að bera þetta frv. saman við núgildandi l. um fiskveiðasjóð. En ég vil víkja nokkrum orðum að síðustu málsgr. 3. gr. frumvarpsins. Mér finnst, að það geti leikið nokkur vafi á, að rétt sé að setja slíkt ákvæði í l., að þrengja skilyrðin til að fá lán úr sjóðnum um leið og fjármagn hans er aukið til muna. Menn vita ekki, hvenær heildaráætlun nýbyggingarráðs liggur fyrir né hvernig hún verður, og það mundi valda meiri fyrirhöfn og umsvifum, ef menn þyrftu hér eftir að leita til tveggja aðila til þess að fá lán, bæði nýbyggingarráðs og sjóðsstjórnarinnar.

Ég vildi aðeins skjóta því til hv. sjútvn., að hún tæki þetta atriði til nánari athugunar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér óþarfi að ræða þær aths., sem fram hafa komið um þetta mál, síðan ég talaði hér síðast. Málið þarf að komast til n., svo að ég vil ekki tefja það.

Út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. (SkG) vil ég láta þess getið, að hvorki einn né annar þarf að óttast, að nýbyggingarráð muni torvelda fyrir mönnum að fá lán úr fiskveiðasjóði. Nýbyggingarráð hefur fram að þessu verið mönnum til fyrirgreiðslu í þessu efni, en ekki hindrunar.

Ég skal taka það fram, að orðalag setningar þeirrar, sem þm. minntist á, er framkallað vegna ákvæða í 2. gr. l. um nýbyggingarráð, sem er um það, að tekið sé fram, hvar tækin séu staðsett. En síðan nýbyggingarráð tók til starfa, hefur það í öllum tilfellum veitt þeim, sem til þess hafa leitað, margháttaða aðstoð, og þyrfti rík ástæða að vera fyrir hendi til þess að það breytti á annan veg.

Það var rétt af hv. þm. V.-Húnv. að beina þessari aths. til nefndarinnar. Mun n. taka hana til meðferðar.

Hv. þm. Borgf. (PO) varpaði fram fyrirspurn um upphæð lánanna. Það er um að ræða ¾ í viðbót við þá upphæð, sem viðkomandi áður hefur fengið. Það er meira vit í, ef lánið kemur í viðbót við það, sem áður er komið. Bæði þetta og eins hitt, hvort sveitar- eða bæjarfélög eigi að njóta sömu kjara, verður tekið til athugunar í sjútvn.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) benti á, að hér væri um að ræða hlunnindavexti til handa lántakendum, og er ekki því að neita, að svo sé. En við eigum báðir sæti í n. og getum borið okkur saman á fundum hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 315, n. 623 og 625, 626, 627, 631).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er liðinn langur tími frá því að byrjað var að ræða þetta mál. Sjútvn. hefur klofnað um afgreiðslu þess, og hafa bæði meiri og minni hl. gert grein fyrir sinni afstöðu til málsins á þskj. 623 og 625.

Þetta frv. er samið af nýbyggingarráði og sent ríkisstj. til athugunar, en lagt hér fram af atvmrh. ásamt grg. Kunnugt er, og sérlega hv. þm., að samstundis og frv. þetta var fram komið, hafði stjórn Landsbankans mikið út á það að setja, og liggur hér fyrir bréf um þetta efni, sem ég hirði ekki að rekja.

Sjútvn. tók málið til meðferðar sem hvert annað og sátu menn þar yfir brtt. við frv. En allt var frv. miðað við það, að fiskveiðasjóður yrði efldur og hann hefði alla þá lánastarfsemi, sem um ræðir í frv., með höndum. Aths. kom frá 2. þm. S.-M., þess efnis, að hann væri ekki fylgjandi fjáröflunarleið þeirri, sem frv. gerði ráð fyrir, en að öðru leyti kvaðst hann því hlynntur, að slík lánastarfsemi kæmist á fót, sem frv. miðaði að. Eftir 4 vikna meðferð í sjútvn. var komið með till. sem samkomulagstill. við stjórn Landsbankans. Þessi till. breytti ekki markmiði frv., eða fjáröflunarleiðinni, heldur var höfuðbreyt. fólgin í því, að þessi umrædda lánsstofnun yrði utan við fiskveiðasjóð og aðeins deild úr Landsbankanum. Ýmsum hefur fundizt erfitt að sætta sig við þessa íhlutun Landsbankastjórnarinnar, þó að hún sé að sumu leyti réttmæt.

Þá hefur komið mjög til umr., hvar hið eiginlega vald sé, sem ráði yfir fjár- og bankamálum þjóðarinnar. Almennt hefur ætlunin verið, að það vald lægi í höndum Alþingis sjálfs. Þegar um stórmál sem þetta er að ræða, að afla fjár til nýsköpunarinnar, sem nú er hafin í nær öllum sýslum og bæjum, þá lítur meiri hl. svo á, að ekki beri að stofna málinu í hættu með því að halda fast við þá skipun, sem frv. gerði ráð fyrir í fyrstu, enda má segja, að Landsbankinn sé svo virðuleg stofnun, að hann muni vera fær um þessa framkvæmd. Hitt er annað mál, að það var í upphafi ætlazt til, að fiskveiðasjóður hefði þessa starfsemi með höndum, og má geta sér þess til, að meðal alþm. sjálfra hefði ekki verið ágreiningur um það.

Nýbyggingarráð samdi þetta frv., og þar var ekki neinn ágreiningur, en hér hefur orðið ágreiningur. Meiri hl. sjútvn. telur tilgang frv. svo mikilsverðan, að hann vill fallast á þessa breyt., til þess að ákvæði frv. nái fram. Ef ekki næðist samkomulag um þetta atriði, þýddi það hrein vandræði og öngþveiti fyrir þá menn og þau bæjarfélög, sem lagt hafa í dýr fyrirtæki með viljayfirlýsingu Alþingis og loforð um hjálp og aðstoð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Meiri hl. sjútvn. vill ekki svíkja þessa menn og hefur því fallizt á þær breyt., sem stjórn Landsbankans hefur sætt sig við. Minni hl. hefur gert grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nál., og fer ég ekki

út í það, það mun verða rætt af honum sjálfum. Ég segi ekki, að hann sé óeðlilegur, en hitt vil ég álíta, að heppilegra hefði verið, að öll sjútvn. hefði fallizt á tillögur meiri hl. Þegar litið er á þær breyt., sem óskað er eftir, hagga þær ekki tilgangi frv., og það álít ég aðalatriðið.

Eftir að sjútvn. fékk þessar till. voru þær ræddar og bræddar í nefndinni. 2. þm. S.-M. ritaði undir álit meiri hl. með fyrirvara, vegna þess að hann vildi hafa aðrar fjáröflunarleiðir, en mun þó vera til með að fylgja málinu, þó að hans leið verði ekki farin.

Ég veit, að um það eru mjög skiptar skoðanir, hvort ekki sé nauðsynlegt að hafa það tryggt, hversu háa vexti seðladeildin megi reikna af því fé, sem hún leggur fram í þessu skyni og nýbyggingarráð hafði hugsað sér, að yrði lagt fram til fiskveiðasjóðs, en nú samkv. hinum nýju till. á að leggja fram til stofnlánadeildar Landsbankans. — Annað atriðið, sem hér kemur nýtt, er það, að eigendur nýbyggingarsjóða eru skyldaðir til að láta fé sitt inn í þessa lánsstofnun, m. ö. o. að lánsstofnuninni sé gert mögulegt að veita lán sumpart af eignum þeirra, sem eiga fé í nýbyggingarsjóðum. — Þá er í till. meiri hl. n. nokkur breyt. gerð á upptalningu í 3. gr. frv., að því er snertir framkvæmdir, sem lána má til. Þarna eru minni hl. og meiri hl. n. nokkuð á öndverðum meiði um einstök atriði, þar sem hv. minni hl. samkv. till. sínum á þskj. 626 vill hafa aðganginn að þessum lánum nokkru þrengri í ýmsum tilfellum en meiri hl. leggur til. Aðalágreiningsefnið er varðandi dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar. Hv. minni hl. sleppir þeim í sínum till., nema um sé að ræða eignir félaga útvegsmanna og fiskimanna eða félaga, sem allur þorri útvegsmanna á hverjum stað stendur að. Meiri hl. n. lítur svo á, að hér sé þrengt of mikið að einstaklingum, sem kunna að eiga eða vilji ráðast í byggingu dráttarbrauta. Það er t. d. vitað, að á svæðinu, sem verður innan hinnar fyrirhuguðu landshafnar í Njarðvíkum, eru áhugamenn að koma upp dráttarbraut, sem þeir hafa hugsað sér að eiga og kosta sjálfir, og munu þeir t. d. verða útilokaðir frá að geta fengið lán úr hinni nýju lánsstofnun til þessara framkvæmda, ef brtt. hv. minni hl. verða samþ. Sama er að segja um fyrirtæki, sem eru að koma upp dráttarbrautum við Reykjavíkurhöfn og utan hennar, þau yrðu útilokuð frá því samkv. till. hv. minni hl. Má vel vera, að víða sé líkt ástatt. Meiri hl. þótti nægileg trygging í þessum efnum að kveða svo á, er segir í 3. brtt. hans á þskj. 623, að til slíkra lána — þ. e. a. s. til annarra lána en beint út á skip — skuli félög útvegsmanna og fiskimanna hafa jafnan forgangsrétt.

Aðrar brtt. meiri hl. skýra sig flestar sjálfar. Þær miða flestar að því að samræma frv. við þessa nýju tilhögun, en nýlega hefur verið útbýtt brtt. frá hv. minni hl., sem kann að snerta nokkuð deiluatriði, þ. e. brtt. hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) og hv. 6. landsk. þm. (LJós) á þskj. 631, þar sem um er að ræða takmörkun á því, hvað hægt er að fá lánað fyrir þá, sem eiga fé í nýbyggingarsjóðum. Ég skal ekki gera þessa brtt. sérstaklega að umræðuefni, það má sjálfsagt tilfæra margt með henni og ef til vill á móti. Það var svipuð hugsun uppi í nýbyggingarráði á frumstigi málsins og raunar í þeim till. þess, sem sendar voru hæstv. ríkisstj., en þær voru hins vegar felldar í viðkomandi ráðuneyti og eru því ekki á þskj. 315, sem loks var lagt fyrir hæstv. Alþ.

Ég ætla að láta þetta nægja til að fylgja þeim brtt. úr hlaði, sem hv. meiri hl. sjútvn. leggur til, að farið sé inn á við afgreiðslu málsins, en vil að síðustu benda á, að hér varðar mestu það höfuðatriði, að tilganginum sé náð. Það hefur aldrei verið stigið stærra eða djarfara spor hvað snertir lánveitingar til sjávarútvegsins en gert er með frv. því, sem hér liggur fyrir, enda aldrei fyrr verið hafizt handa af jafnmiklum dugnaði og áræði til að afla landinu nýrra framleiðslutækja og nú. Ber þar margt til og þá ekki hvað sízt þeir fjármunir, sem þjóðin hefur eignazt á undanförnum árum, og sú hin yfirlýsta stefna hæstv. ríkisstj. að stuðla á allan hátt að auknum framleiðslutækjum. Því er þess að vænta, að við afgreiðslu þessa máls verði meira litið á það, að aðalmarkmiðið náist, en hitt, hvort það, sem manni þætti fara betur eða væri geðþekkara af einhverjum ástæðum, næði fram að ganga eða ekki. Fyrir mörgum vikum eða jafnvel mánuðum síðan hafa fyrirspurnir streymt að til þeirra aðila, sem forgöngu hafa um leiðbeiningar til almennings í landinu til kaupa á framleiðslutækjum í þeim efnum, sem hér um ræðir, og hafa þessar fyrirspurnir mest snúizt um það, hver tilhögun lána yrði til sjávarútvegsins. Við höfum ávallt vonað, að lausn mundi fást á því máli, og nú liggur fyrir hæstv. Alþ. — og þá fyrst og fremst á þessari stundu fyrir hv. d. — að svara þessum spurningum þjóðarinnar, spurningum þeirra manna, sem í fjöldamörgum tilfellum hafa safnað miklu hlutafé í héruðum sínum, hafa lagt fram krafta sína og eigur og eru þess albúnir að leggja nafn sitt og framtíðarafkomu að veði í von um aukna framleiðslu sjávarafurða og nýtingu þeirra í öllum efnum. — Þetta vil ég biðja hv. dm. að hafa í huga, og vona því, að þeir taki vel þessu máli og að það verði afgreitt þannig frá þessu þingi, er nú situr, að þjóðin megi vel við una.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn., hv. þm. Vestm., hefur nú gert grein fyrir, hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Var ég eini nefndarmaðurinn, sem vildi ekki standa að því að flytja þær brtt., sem hv. meiri hl. n. flytur og komu til n. fyrir nokkrum dögum frá hæstv. fjmrh. Sá ágreiningur, sem ég hef um þetta mál, er í stuttu máli sá, að ég get ekki fallizt á, að eðlilegt sé eða rétt að fela Landsbanka Íslands framkvæmdir þeirrar lánveitingastofnunar, sem frv. felur í sér. Mín skoðun er sú, að það hafi verið eðlilega frá þessu gengið í frv. eins og það var upphaflega lagt fram á Alþ., þannig að sá eini stofnlánasjóður útvegsins, sem fyrir var, fiskveiðasjóður Íslands, hefði haft þessi mál áfram með höndum, að hann væri efldur, en ekki settur á stofn

nýr sjóður við hliðina á þessum stofnlánasjóði útvegsins, og að það sé því fremur óeðlilegt að fela þjóðbankanum framkvæmd þessara mála, þar sem hann var einasti aðilinn, sem tók mjög illa þeim till., sem frv. felur í sér, þannig að það leyndi sér ekki, að hann vildi ekki stuðla að framgangi þess meginmáls, sem frv. fjallaði upphaflega um. Mín skoðun í n. byggist fyrst og fremst á þessu atriði

Hv. frsm. meiri hl. hefur gert nokkra grein fyrir því, hvernig á því stendur, að meiri hl. hefur nú fallizt á að fela öðrum aðila framkvæmd máls þessa, þrátt fyrir það að allir nm. höfðu áður lýst sig fylgjandi því, að fiskveiðasjóður Íslands hefði hana með höndum. Mér skilst, að skýring hans sé í stuttu máli á þá leið, að hv. meiri hl. hafi ekki talið aðra leið fyrir hendi, úr því sem nú var komið, til þess að koma meginefni frv. í framkvæmd heldur en þá að beygja sig og verða við kröfum Landsbankans um það, að hann fengi framkvæmd málsins. Hins vegar hef ég ekki getað orðið var við það, að hv. meiri hl. færði fram neinar sérstakar ástæður, sem rökstyddu það, að málinu væri betur borgið í framkvæmdinni með því að taka þessa hliðarleið að stofna nýjan sjóð til stofnlána við sjávarútveginn við hliðina á þeim 40 ára gamla sjóði, sem er starfandi.

Frv. um fiskveiðasjóð var samið í upphafi af nýbyggingarráði, en því hafði verið falin forganga af hæstv. ríkisstj. um það mikla verkefni að vinna að nýsköpun atvinnuveganna og þá alveg sérstaklega sjávarútvegsins, sem er okkar aðalatvinnuvegur. Það hlaut að fara svo, að nýbyggingarráð mundi ekki vinna lengi að þessum störfum án þess að verða þess áskynja, að óhjákvæmilegt væri að breyta um lánapólitík í sambandi við atvinnuvegi landsmanna, ef reynast ætti kleift að koma fram þeim stórfelldu umbótum á því sviði, sem hæstv. ríkisstj. hafði lýst yfir í stefnuskrá sinni, og því var það, að nýbyggingarráð sneri sér að því að gera till. í frumvarpsformi um það, hvernig ætti að mæta stofnlánaþörf útvegsins og hvernig þeim stofnlánum yrði bezt fyrir komið. Það fór svo, að þrátt fyrir það að í nýbyggingarráði sitja menn úr öllum stjórnmálafl. landsins, þá gat það orðið sammála um þetta atriði, sem frv. felur í sér, sem sé þá leið að sameina í fiskveiðasjóði öll stofnlán til sjávarútvegsins og efla þann sjóð stórkostlega, þannig að hann gæti fengið a. m. k. 100 millj. kr. til útlána og honum gert kleift að lækka vexti af stofnlánum allverulega frá því, sem áður hafði verið. Þessar till. nýbyggingarráðs voru á sínum tíma bornar undir alla þá aðila, sem sérstaklega snertu þessi mál, og það má segja, að þessar till. hlutu einróma samþykki og meðmæli allra hlutaðeigandi. Útgerðarmenn og útgerðarmannasamtök og sjómannasamtök mæltu einnig með þeirri leið, sem nýbyggingarráð benti á. Ég minnist og þess í þessu sambandi, að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur gert samþykktir til hæstv. ríkisstj. um að lögfesta þessar till., einnig hafa Farmanna- og fiskimannafélag Íslands, fiskiþingið, Fiskifélag Íslands og fjöldamörg sveitarfélög sent samþykktir sínar um þessi mál. Það kom svo fljótlega fram, að stjórnmálafl. allir virtust einnig vera fylgjandi þessum till., ekki aðeins þeir menn, sem eiga sæti í nýbyggingarráði frá flokkunum, heldur tóku flokkarnir beinlínis undir þetta. Ég minnist þess, að Farmannasamband Íslands sendi menn af þingi sínu til þess að hafa tal af form. flokkanna og leita upplýsinga um afstöðu þeirra til þessa frv., og lýstu þeir yfir, að þeir mundu mæla með framgangi þess. Þegar svo frv. er lagt hér fram eftir allt of langan drátt á því, þá fer að verða vart við, að það er dragbítur í þessu máli. Þá er farið að fitja upp á ýmsum allmiklum og víðtækum breyt. á frv., og það leyndi sér ekki, að það var Landsbanki Íslands, sem hafði mælt mjög gegn meginefni þess, sem beitti sér fyrir þessu, og ýmsir af þeim mönnum, sem höfðu lýst sig fylgjandi frv. nýbyggingarráðs fóru nú að láta í sér heyra, að óhjákvæmilegt væri að verða að einhverju leyti við kröfum Landsbankans eða a. m. k. þægja honum í einhverju, og niðurstaðan hefur orðið sú, að hv. meiri hl. sjútvn. hefur orðið ásáttur um, að nauðsynlegt sé að fá Landsbankanum málið til framkvæmdar, sem er einmitt sá eini aðili, sem hefur barizt gegn samþ. frv. og talið það beinlínis þjóðhættulegt. Eins og ég sagði í upphafi, álít ég óeðlilegt, að Landsbankinn hafi framkvæmd þessa máls með höndum og að stofnuð sé við hann sérstök stofnlánadeild við hliðina á stofnlánasjóði útvegsins, sem starfað hefur um 40 ára skeið, en auk þess vil ég undirstrika það, að ég álít málinu beinlínis stefnt í mikla hættu, þegar þeim aðila er falin framkvæmd málsins, sem hefur greinilega sýnt, að hann er andvígur meginefni frv. Ég veit, að öllum hv. þm. er það ljóst, að þetta frv. er þannig uppbyggt, að það hlýtur óhjákvæmilega að velta mjög mikið á framkvæmd þess, að hve miklu gagni það kann að koma, t. d. þau ákvæði frv., sem ýmsir hafa talið mikilvæg varðandi stofnlán til nýrra framleiðslutækja, að reiknað er með því, að þau verði hærri en þau hafa verið hingað til. Hins vegar eru þessi ákvæði í frv. á engan hátt skuldbindandi fyrir þá, sem hafa framkvæmdina með höndum. Í frv. er t. d. ekkert sagt um það, að til nýrra fiskiskipa skuli lána ⅔ af kostnaðarverði þeirra eða ¾, ef um opinberan aðila er að ræða eins og bæjarfélag, en aðeins talað um, að heimilt sé að lána upp að þessu marki. Ég get ekki varizt þeirri hugsun, að Landsbankinn telji of langt gengið í útlánum í of mörgum tilfellum og að hann muni draga úr þessum lánum og framkvæmi kannske lögin þannig, að allt of margir verði frá að hverfa og geti ekki notað sér ákvæði þeirra, með því að þeim er gert að skyldu að leggja fram meira fé en þeir hafi getu til. Ég býst við, að þeir, sem leggja kapp á, að Landsbankinn fái að hafa framkvæmd þessa máls með höndum, muni ef til vill segja, að þessi hætta hefði eins verið fyrir hendi, þótt stjórn fiskveiðasjóðs eða stjórn Útvegsbanka Íslands hefði haft hana með höndum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að í fiskveiðasjóðsfrv., eins og það liggur fyrir og er komið frá nýbyggingarráði, er kveðið svo á, að auk bankastjórnar þeirrar, sem mundi stjórna fiskveiða-

sjóði, skyldi einnig sett á laggirnar sérstök stj. yfir fiskveiðasjóði, sem skyldi skipuð á þá lund, að í henni ætti sæti einn útgerðarmaður, tilnefndur af útgerðarmannasamtökum landsins, annar starfandi sjómaður, tilnefndur af sjómannasamtökum í landinu, eða þeir tveir aðilar, sem þessi mál snerta sérstaklega, þannig að þeim var gefinn kostur á því að fylgjast betur með framkvæmd þessara mála og hafa áhrif á þau en nú þykir fært, þegar þetta vald er flutt yfir til Landsbankans. Við afgreiðslu þessa máls í n. minntist ég sérstaklega á þetta atriði og hvort það mundi geta fengizt í gegn, að samsvarandi yfirstjórn yrði sett á fót yfir þessa stofnlánadeild við Landsbankann eins og ætlunin var að setja yfir fiskveiðasjóð, en slíkt var talið óframkvæmanlegt atriði.

Ég er tortrygginn um, hvernig og hvað verður um málið í höndum Landsbankans. — Eins og frsm. meiri hl. kom hér inn á í ræðu sinni, er augljóst, að fiskveiðasjóðsfrv. er eitt stærsta mál Alþingis nú og er mjög afdrifarikt fyrir atvinnulíf landsmanna. Ég efast ekki um, að afgreiðslu þessa máls er beðið með meiri eftirvæntingu en í sambandi við flest önnur mál. Margar framkvæmdir standa nú yfir í landinu og nýsköpun í atvinnulífinu. Í flestum þorpum og kaupstöðum landsins er nú verið að kaupa skip og reisa hús og aðrar byggingar, en geta manna, a. m. k. úti á landi, er takmörkuð, og veltur því á, að þeir geti fengið umrædd lán eða ¾ af kostnaðarverði með þeim vöxtum, sem lofað hefur verið. En eins og ég segi, þá þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að Landsbankinn hefur barizt gegn þessu, og ekki getur öðruvisi en illa farið, þegar yfirlýstum fjandmanni málsins er falið að sjá um framkvæmdir. Það er ekki aðeins það, að bankinn yrði gerður óstarfhæfur, heldur væri þjóðarbúskap okkar stofnað í voða.

Þótt ég vilji halda mér við upphaflega stefnu frv. frá nýbyggingarráði, þá hef ég fallizt á nokkrar brtt., þótt ég fallist ekki á þá meginbreyt. að fela Landsbankanum framkvæmdir. Ég tel 3. gr. stórgallaða, það þarf að taka fram, hvaða framkvæmdir eiga að ganga fyrir. Í 3. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að úr þessum sjóði megi lána fé til bygginga á dráttarbrautum. En mín skoðun er sú, að undanskilja verði dráttarbrautir, því að Alþ. hefur með hinum almennu hafnarlögum gert öllum höfnum á landinu kleift að byggja dráttarbrautir, auk þess geta þær fengið ríkisábyrgð. Ég álít, að Alþ. sé þegar búið að gera þessu því skil, að vel megi við una. — Ég álít það ekki rétt að gefa þeim einstaklingum, sem ætla að byggja dráttarbrautir, tækifæri til að vaða í þennan sjóð með lán, sem hefur yfir takmörkuðu fé að ráða, það takmarkar möguleika fyrir aðra að fá lán úr sjóðnum. Ég veit um tvo aðila í Rvík., sem hafa í hyggju að byggja ekki eina, heldur fleiri dráttarbrautir, sem áætlað er að kosti um 10 millj. kr. Ef frv. yrði samþ. óbreytt, þá gætu þessir aðilar tekið álitlega upphæð úr sjóðnum. En viljum við, að fé sjóðsins verði skert um 7—10 millj. kr. til handa þessum aðilum, og frystihúsum og skipakaupum annarra landsmanna yrði þar með bægt frá? Mín skoðun er sú, að hægt sé eftir venjulegum hafnarlögum að framkvæma .... *(Forseti:* Ég vil beina því til hv. ræðumanns, að þegar er komið yfir venjulegan fundartíma, og vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. þm., hvort hann hafi í hyggju að segja miklu meira. En ef hann hefur það í hyggju, þá vil ég mælast til, að hann fresti ræðu sinni.) Ég hafði að vísu hugsað mér að segja ýmislegt meira, en mun fallast á að fresta ræðu minni. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson) [Frh.]: Þegar ég varð í gær að fresta ræðu minni, hafði ég gert grein fyrir afstöðu minni í þessu máli og ágreiningnum í sjútvn. Þykir mér nú rétt að ræða einstök atriði þessa og meginbreytingarnar frá meiri hl. sjútvn., og þá einkum brtt. við 1. gr. frv., um að stofna skuli sérstaka lánadeild við Landsbankann. Ég sagði, að mér þætti þetta fyrirkomulag óaðgengilegt og óeðlilegt.

Fiskveiðasjóður er talsvert öflugur og hefur um 3 millj. kr. árlegar tekjur og hefur auk þess heimild til þess að taka lán í verðbréfum, og jafnframt eru aðrir sjóðir, sem síðasta Alþ. samþ. að stofna, og hér er enn lagt til, að stofnaður verði sjóður, og hlýtur þetta að verða til árekstra. Margir þeir, sem nú hafa stofnlán í fiskveiðasjóði, sæktu einnig um stofnlán hjá þessari nýju deild. Hin nýja stofnlánadeild yrði því að leysa út eldri stofnlán, sem fiskveiðasjóður hefur lánað, og nú er þess að gæta, að fiskveiðasjóður, sem búinn er að starfa í mörg ár og er öflugur og hefur árlegar tekjur, yrði settur út úr starfsemi með að veita lán, en hann má ekki lána nema gegn 1. veðrétti. Þetta er óeðlilegt fyrirkomulag og verða að vera óvenjuleg rök fyrir því að grípa til slíkra ráðstafana, en hér hafa engin rök komið fram nema það, að Landsbankinn krefst þess að fá að hafa framkvæmd þessara mála. Þegar þess er og gætt, að fiskveiðasjóður er búinn að vinna sér festu og starfsmenn hans hafa reynslu, sem eðlilegt er að byggja á, þá er hæpið að hverfa frá honum til annars sjóðs. Það hlýtur að verða talin óeðlileg skipun þessara mála, að bankastjórar seðlabankans, sem á að lána þetta fé, séu sömu mennirnir sem eiga að ráða yfir þessari stofnlánadeild. T. d. ef fyrirtæki kæmi og óskaði að fá lán, þá er ekki óeðlilegt, að bankastjórarnir bendi því á aðra leið, að það geti eins beðið Landsbankann, með allt öðrum lánskjörum. Bankastjórarnir vilja gjarna fá hærri vexti fyrir fé seðlabankans. En þessu væri ekki til að dreifa í því tilfelli, ef fiskveiðasjóður hefði þessi mál til meðferðar, þó að hann að sjálfsögðu hefði farið fram á, að seðlabankinn lánaði fé sem honum er skylt.

Í frv. er tekið fram, að vextir af stofnlánum skuli ekki vera hærri en 2.5%, en það er ekki tryggt, að það verði svo í raun og veru, ef þetta er allt lagt undir Landsbankann.

Þá ætla ég að minnast á afstöðu flokkanna til þessa máls. — Framsfl., eða aðaltalsmaður hans, hefur lýst því yfir, að hann væri á móti því atriði

í frv., að skylda Landsbankann til þess að lána 100 millj. kr. með 1½% vöxtum til stofnlána sjávarútvegsins. Hann vill stofna til þessa með útboðum á skuldabréfum, eða fara sömu leið og fiskveiðasjóður hefur haft og hefur enn. En slíkar upphæðir eru ekki fáanlegar nema með óheyrilegum vöxtum, en hans meining er sú, að ríkissjóður taki að sér að greiða vaxtamismuninn. Að mínum dómi er afstaða framsóknarmanna eðlileg, því að þeir hafa alltaf verið á móti því, að þessi lán gætu komið sjávarútveginum að gagni. — Sjálfstfl., eða formaður hans, hefur lýst því yfir, að hann stæði eindregið með þessu og mundi sjá um, að þetta frv. næði fram að ganga, en þeir þm. flokksins, sem vilja fara að kröfum Landsbankans, virðast hafa orðið ofan á. — Afstaða Alþfl. virðist svo, að hann hafi algerlega fallið frá fylgi við málið.

Mín skoðun er sú, að í þessu beri að fara þá leið, sem rök mæla með og eðlilegust er og allir virtust sammála um nema forráðamenn Landsbankans.

Þá vildi ég minnast á atriði varðandi vexti af því, sem seðlabankinn ætlar að lána til stofnlánadeildarinnar, en hér er hvergi tekið fram, hvaða vaxta bankinn getur krafizt. Till. nýbyggingarráðs var, að seðlabankinn fengi 1½%, en í till. bankans virðist alveg gengið fram hjá þessu. Því virðist Landsbankinn vera einráður, hvaða vexti hann heimtar, og yrði ríkið þá að greiða vaxtamismuninn. Þetta getur ekki staðizt, og er rétt, að hér verði upplýst, hvernig á að fara með þessa vexti. Það er augljóst, að þessari fyrirhuguðu stofnlánadeild muni ganga verr að sýna hallalausa útkomu með 2½% en fiskveiðasjóði, sem hefur tekjur, en stofnlánadeildin hefur ekki tekjur og verður að taka allt að láni hjá seðlabankanum. — Ég vil, að þetta verði upplýst.

Ég ætla svo ekki að hafa mál mitt lengra, en þykist nú hafa gert grein fyrir afstöðu minni, en hún er sú, sem öll rök virðast mæla með, að farin sé. Ég vil ekki, að Alþ. beygi sig fyrir utanaðkomandi áhrifum í þessum efnum.

Umr. frestað.

Á 98. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef sérstöðu um afgreiðslu máls þessa, þótt ég hafi skrifað undir nál. með hv. meiri hl. sjútvn. Ég hef gert nokkra grein fyrir fyrirvara mínum á nál., en mun gera nokkru nánari grein fyrir honum í þeim orðum, sem ég læt hér falla við þessa umr. málsins. — Fyrirvari minn er um ýmis atriði, en það veigamesta er, að ég er mótfallinn þeirri leið að afla fjár til útlánanna með löngum lögboðnum skyldulánum frá seðladeild þjóðbankans. Með þessu er farið inn á nýja, óþekkta braut í löggjöfinni, sem að mínum dómi er mjög hættuleg, eins og ég mun víkja síðar að. Áður ætla ég að minnast nokkuð á þær ástæður, sem nú eru fyrir hendi í fjárhagsmálum landsins og hv. meiri hl. Alþ. og hæstv. ríkisstj. telur vera þannig vaxnar, að nauðsynlegt sé nú að leggja inn á þessa braut.

Segja má, að það sé undarlegt tímanna tákn, að það skuli vera vilji hv. meiri hluta Alþ. að leggja inn á þessa leið til fjáröflunar, þar sem þannig er ástatt í landinu, að aldrei hefur verið meira til af lausu fjármagni en einmitt nú, og þess vegna ætti aldrei að hafa verið léttara að afla fjár með venjulegum hætti til þeirra framfara, sem þjóðin ætlar að hrinda í framkvæmd, en einmitt nú. En á þessu eru nú talin svo mikil tormerki, að það mun nú verða horfið að því ráði að leggja út á þessa nýju braut til fjáröflunar. Þegar rætt var um stjórnarmyndunina fyrir hálfu öðru ári síðan, áður en núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, reis upp nokkur ágreiningur um ýmis atriði. Enginn ágreiningur var um það, að stórfelldar framfarir þyrftu að eiga sér stað í atvinnulífi þjóðarinnar, en sá ágreiningur snerist um það, hvort nauðsynlegt væri eða ekki að skapa áreiðanlegan fjárhagslegan grundvöll fyrir þessum framförum. Framsfl. lagði áherzlu á, að þessi nauðsyn væri fyrir hendi og þá fyrst og fremst sú að stöðva vaxandi verðbólgu og helzt að færa hana strax niður. Hann áleit, að þetta væri nauðsynlegt til þess að skapa trú á gildi peninga, til þess að eyða þeim ugg meðal margra landsmanna, að því væri ekki treystandi, og til þess að koma í veg fyrir þá „panik," sem hlaut að verða áður en langt um liði, ef ekki hefði tekizt að skapa trú á framtíðarverðmæti krónunnar. Enn fremur taldi Framsfl. nauðsynlegt, að þegar í byrjun gerðu menn sér grein fyrir því, hvernig ætti að afla fjár til framkvæmdanna, bæði lánsfjár og framlaga, hvaða lánskjör væru búin þeim mönnum, sem vildu leggja í nýjar framkvæmdir, og hvers stuðnings þeir mættu vænta af hendi hins opinbera, þannig að menn vissu, út í hvað þeir væru að ganga. Á þetta lagði sá sami flokkur megináherzlu, þegar l. um nýbyggingarráð voru hér til meðferðar á síðasta ári, en þær till. hans fengu ekki byr og ríkisstj. var mynduð á allt öðrum grundvelli en sá flokkur var samþykkur. Hún var mynduð á grundvelli, sem leiddi af sér aukna verðbólgu og skaut öllum aðgerðum á frest um það, hvernig ætti að afla fjár til hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Í stað þess sneri hæstv. ríkisstj. sér að því að leita uppi ýmsar framkvæmdir fullkomlega af handa hófi og að miklu leyti án samráðs við þá, sem ætlazt var þá til, að yrðu þátttakendur í þeim. Það var dregið á langinn von úr viti að gera mönnum ljóst, á hverju þeir ættu von hvað lánskjör til þessara framkvæmda snerti, og það er fyrst nú, þegar komið er á annað ár eftir að hæstv. núverandi ríkisstj. tók við völdum, að verið er að reyna að ráða þessum þýðingarmiklu málum til lykta. Sú hefur líka raun orðið á, að verðbólgan í landinu hefur farið sívaxandi, og niðurstaðan af þessum vinnubrögðum hefur í stuttu máli orðið sú, að hæstv. ríkisstj. hefur fest kaup á talsvert mörgum framleiðslutækjum, bæði botnvörpuskipum erlendis og gert ráðstafanir til þess, að byggðir væru bátar í landinu sjálfu, en undirtektir manna eru þannig, að ekki er kunnugt um, að enn þá sé búið að selja innlendum aðilum einn einasta af þeim bátum, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um smíði á innanlands, og

það mun láta nærri, að þeir einstaklingar og félög, sem hafa haft togaraútgerð með höndum og safnað nýbyggingarsjóðum undanfarið, hafi sótt um kaup á 8 af þeim 30 togurum, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um smíði á í Englandi. Enn þá er því algerlega á huldu, hvað verður um hin skipin. Hvernig stendur á því, að þessum málum er þannig komið? Skýringin er ákaflega einföld, og hún er fólgin í því, að áhugi manna er lítill fyrir þessum framkvæmdum, vegna þeirrar stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið uppi í dýrtíðarmálunum, og allt, sem hún hefur aðhafzt, hefur verkað gegn því, að fjármagnið hafi leitað inn í þær framkvæmdir, sem þjóðin hefur með höndum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki einu sinni tekizt að stöðva verðbólguna, heldur hefur hún alltaf látið undan síga og verðbólgan hefur farið hækkandi, þannig að fjármagnið hefur leitað dræmt til þessara framkvæmda í stað þess, að ef stefna Framsfl. hefði verið tekin upp um að stöðva verðbólguna og lækka hana, þá hefði fjármagnið leitað mjög ört inn í framkvæmdir þær, sem þjóðin hefur með höndum. Auk þess er allur stofnkostnaður hinna nýju tækja svo gífurlegur og fer stöðugt vaxandi, að mönnum hrýs hugur við að hugsa til kaupa á þeim, og kemur þetta einnig til af þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi í þessum málum. Allt, sem ég hef hér á minnzt hvað snertir framkomu hæstv. ríkisstj. í þessum málum, miðar að því að auka ótrú manna á verðgildi peninga í landinu og skapa þeim kvíða fyrir framtíðinni. Kemur þetta m. a. fram í vaxandi erfiðleikum á því að selja ríkistryggð skuldabréf til langs tíma, sem hins vegar ætti að vera auðvelt, þar sem svo mikið af lausu fjármagni er til í landinu og þar sem slík skuldabréf eru seld með háum vöxtum. En það er vitað, af hverju þetta stafar. Ástæðan er sem sé sú, að einkafjármagnið leitar inn í verðbólgubraskið, sem hæstv. ríkisstj. heldur verndarhendi yfir, og menn vilja ekki festa fjármuni sína til langs tíma. Allt þetta er afleiðing, ekki af fjármálastefnu, heldur af fjárglæfrastefnu hæstv. ríkisstj., eins og það er orðað af einum hagfræðingi landsins, því að það, sem lá mest á að gera, er hæstv. ríkisstj. tók við völdum og tók ákvörðun um að ráðast í þessar framkvæmdir til framfara íslenzkum atvinnuvegum, var að festa hið lausa fjármagn landsmanna í hinum fyrirhuguðu framleiðslutækjum, og var þá bezt að fá menn til að verða þátttakendur í framleiðslutækjunum og þar næst að fá menn til að kaupa ríkisskuldabréf með sæmilegum vöxtum til þess að útvega fjármuni til þessara framfara. En stefna ríkisstj. hefur miðað gegn þessu.

Þegar ríkisstj. var mynduð, var álitið, að hún mundi afla fjár með því að sækja fjármagn þangað, sem það væri. Þá sagði hæstv. forsrh. digurbarkalega, að ríkisstj. mundi sækja féð inn í rottuholurnar. Þetta hefur þó ekki verið gert, og ekki virðast nein plön í þá átt. Ef menn draga þetta saman í nokkrar setningar, þá er ástandið þannig, að allar ráðstafanir ríkisstj. til að nota stríðsgróðann hafa farið út um þúfur. Með öðrum orðum, ríkisstj. hefur alveg gefizt upp á því að afla fjár til nýsköpunar. Þetta, að skylda þjóðbankann til að lána út fé, er fullkomnasta vantraust á fjármálastefnu ríkisstj., það er yfirlýsing um algera uppgjöf. Það er engin fjáröflunarleið að skylda þjóðbankann til að lána svo og svo mikið til einhvers eða einhverra. Það væri þá ekki vandi að útvega fé til þeirra hluta, er gera skal, ef ekki þyrfti annað en að samþykkja á Alþ. að fá þær milljónir til þessa eða hins.

Fólk vill ekki leggja fé í fyrirtæki ríkisstj., af því að það skortir traust á fjármálastefnu hennar, enda þótt meira fé sé nú hjá almenningi en nokkru sinni áður. Ef við lítum á þá aðferð, sem hér er fyrirhuguð, að skylda þjóðbankann til að lána svo og svo mikið fé, og lítum svo aftur á, hvernig aðrar þjóðir héldu á þessum málum, þá verður annað uppi á teningnum. Það mun vera nær óþekkt fyrirbrigði í landi, sem vill hafa frjálst hagkerfi, að lagt verði inn á þá braut að skylda þjóðbankann til að lána ríkinu stórlán. Á styrjaldartímum þurfa þjóðirnar að nota allt sitt fé til endurbygginga. Aðrar þjóðir hafa aflað fjárins með útboðum á ríkisskuldabréfum, en ekki með því að skylda þjóðbankann til að lána ríkinu. Til hvers er þetta gert? Til þess að forðast verðbólgu og öngþveiti, því að ef hin leiðin er farin, er ekki hægt að hindra stórkostlega verðbólgu.

Ætli það væri ekki nokkru þægilegra fyrir þjóðirnar að geta bara sagt þjóðbankanum að leggja fram svo og svo mikið fé en að gefa út skuldabréf, með öllu því vafstri og starfi, sem því er samfara? Jú, en því er það ekki gert? Vegna þess að þá yrði stórmikil verðbólga og fjárhagskerfið bilaði.

Það er ekki hægt að búa til peninga. Ef bankinn er látinn festa mikið fé í lánum, er sú hætta yfirvofandi, að þeir, sem innistæður eiga, komi og vilji fá þær út, og af því stafar svo sú hætta, að ef bankinn á ekki að komast í þrot, verður hann að gefa út meir og meir af seðlum, en við það eykst verðbólgan. Ég sagði, að það skipti ekki aðalmáli, hvort lagt væri til, að þjóðbankinn legði fram 50, 100 eða 200 milljónir, heldur lægi hættan í því að fara inn á þessa braut. Hvar ætla menn að fóta sig? Hér hafa fleiri frv. komið fram í sömu átt. Hér er farið fram á, að seðlabankinn leggi fram 100 millj., og í öðru frv. 150 millj. til verkamannabústaða. Ef þetta verður samþykkt, þá mun rigna yfir Alþ. frv. í þessa átt, og ef eitt er samþ., munu önnur koma í kjölfarið, því að þetta er svo óendanlega þægilegt.

Ég tel mig hafa fært rök fyrir því, að þetta sé að fara inn á þessa braut og að þetta sé þrotayfirlýsing frá ríkisstj. Það þarf að vísu mikið fé til að framkvæma allt, sem í vændum er, en þetta er ekki leiðin til að afla þess.

Hvaða leið á þá að fara? Það fyrsta, sem gera þarf, er að endurvekja trú manna á gildi peninganna. Það gerist með því að stöðva verðbólguna. Ef menn tryðu, að þetta væri hægt, og stjórnin gerði þetta að sínu fyrsta boðorði, mundi þetta vissulega lagast fljótt. Þá er enginn vafi á því, að einkafjármagn mundi leita meir inn í framkvæmdir og markaðir mundu skapast

fyrir ríkisskuldabréf. Þá mundi vera hægt að fá almenning til að leggja fram fé í nýsköpunina. Þetta er það fyrsta.

Þá væri sjálfsagt að hverfa frá þessari leið, sem nú er verið að fara, en fara í staðinn þá leið, að ríkisstj. útvegaði fé til sjávarútvegsins með því að bjóða út lán meðal almennings og semja við banka landsins um styttri lán. Ef horfið yrði frá þeirri leið að skylda bankann til að lána löngu lánin, væri sjálfsagt að efla fiskveiðasjóðinn til stofnlánanna, en ekki að stofna nýja stofnlánadeild við Landsbankann. Ríkið yrði að borga hærri vexti en 2½%. Í þeim till., sem ég geri hér, er gert ráð fyrir, að vaxtagjöld fiskveiðasjóðs yrðu hærri en tekjurnar, og yrði þá ríkið að borga mismuninn.

Menn þykjast hafa fundið eitthvað púður með því að setja þetta í samband við erlendu innistæðurnar. En þetta er bara leikaraskapur að vera að fleygja þessu á milli sín. Ekkert púður hefur verið fundið. Ef bankinn verður skyldaður til þess að lána ríkinu stórfé, þá getur hann ekki borgað eins háa vexti til sparifjáreigenda og hefur því minna varafé. Ég er með því að efla fiskveiðasjóð. En mér finnst óhæft að skylda bankann til að lána út fé, en treysta honum ekki til að lána beint út.

Mér finnst það vera skrýtið, sem kom fram hjá hv. 6. landsk., þar sem hann talaði um, að aðalatriðið væri að skylda bankann til að lána þetta. Ég vil endurtaka, að mér finnst það einkennilegt sjónarmið. Hér er um 2 aðalatriði að ræða, annað snýr að sjávarútveginum, að hann fái sem hagstæðust lán. Hitt snýr að því, hvernig fjárins verði aflað, og um það er ágreiningur. Ég býst við, að þetta sjónarmið hv. 6. landsk. byggist á minnimáttarkennd, að ef ekki verði lögfest, að bankinn láni fé, þá fáist það ekki. Það er þessi uppgjöf, sem einkennir þetta frv. Ég er alveg hissa á ríkisstj. að leggja út á þessa braut, og ég get ekki skilið það. Ég er hissa á, að ríkisstj. skuli ekki heldur fara inn á þá braut að semja við Landsbankann um lán og hætta við skylduna. Ég er ekki í vafa um, að ríkisstj. er í vanda um skyldulán til verkamannabústaða. En það á ekki að láta hrekjast undan erfiðleikunum við að afla fjárins á heppilegan hátt, en auðvitað er það í stíl við annað úr þessum herbúðum. Þetta er ákaflega einkennilegur hugsunarháttur. (*EOl:* Er ekki hægt að nota það til hvors tveggja?) Þá munu erlendu innistæðurnar eyðast smátt og smátt, svo að ekki verður hægt að nota þær til nýrra kaupa. Útlán Landsbankans munu og ekki geta bjargað þessu við, hamlað á móti. Hér eru menn komnir út á einhverjar villigötur, og hefur það orðið til þess, að þeir hafa neyðzt til að lögbjóða þetta.

Ég hef nú minnzt á þær brtt., sem lúta að annarri öflun lánsfjárins.

Ég ætla svo að víkja að hinum brtt. Það eru einkum tvær aðaltill. með hv. 6. landsk.: 1. brtt. við 3. frvgr., sem er um það, út á hvað megi lána. Í frv. voru ákvæði um þetta ákaflega viðtæk, og þrengdi meiri hluti n., sjútvn., þetta nokkuð, en við leggjum til, að svo verði enn meir þrengt, að lán séu ekki veitt til skipasmíðastöðva, dráttarbrauta, vélsmiðja o. fl. fyrirtækja, nema þau séu eingöngu eða að langmestu leyti rekin á vegum útvegsmanna og í þágu sjávarútvegsins. Við vitum, að eftirspurn mun verða mikil, það munu fara um 50 millj. kr. í togarana eina. Og við þykjumst sjá fram á, að á næstu árum muni fjárþröng verða í sjóðnum. Við getum eigi fallizt á, að slík lán, sem hér um ræðir, séu veitt úr sjóðnum til þeirra fyrirtækja, er koma útveginum ekki beint við. Það er óhæfa og má ekki eiga sér stað, að milljónir kr. með 2½% vöxtum séu veittar til þessara fyrirtækja. Við eigum líka að gæta að því, að þetta eru geipileg hlunnindalán, sem vextirnir af eru til jafnaðar 4½—5%. Hér eru því veittir mjög stórfelldir styrkir. Þótt þetta fé sé vitanlega frá Landsbankanum tekið, er það styrkur samt, og hlýtur því hagnaðurinn að verða minni hjá öðrum viðskiptamönnum bankans, m. ö. o. þetta bitnar á þeim.

2. brtt. okkar er við 7. frvgr. og er á þá leið, að þeir, sem eigi nýbyggingarsjóði, skuli leggja fram fé til kaupanna, en eigi megi þó lána hærri upphæð en sem svarar virðingar- eða kostnaðarverði eignar, sem lánað er út á. Ef hægt er að sanna, að lántakandi hafi gert ráðstafanir til kaupa á tveim eða fleiri framleiðslutækjum, þá megi skipta nýbyggingarsjóði hans til kaupanna, enda takist tækin í notkun innan tveggja ára, frá því er sótt er um lánið.

Þessar eru brtt. okkar. Ekkert vit er í að taka það fjármagn, sem ætlað er útveginum, og lána það út úr sjóðnum til óviðkomandi aðila. Þetta er mikilvægt og réttlátt atriði að mínum dómi. Þeir, sem safnað hafa sjóðum, hafa þar með safnað stórkostlegum hlunnindum. Er bæði eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, er þegar hafa fjármagn undir höndum, leggi sitt af mörkum til fyrirtækjanna og fái því minna úr sjóðnum en ella hefði orðið. Hér ber og á að líta, að lán þessi eru áhættulán, og þarf ríkisábyrgðir fyrir öllum lánveitingum. Það er því ekkert hóf á, að ríkið sé að leggja fram, nema aðrir komi með fé á móti.

Þetta málsatriði mun eitthvað hafa verið rætt í sjútvn., og vona ég, að það verði athugað þar nánar. Ég býst við, að samkomulag náist í n., enda virðist það sjálfsagt. Síðar við umræðurnar mun ég enn bera fram brtt. um að takmarka lánveitingarnar nánar. Ég tel ekki rétt að lána ótakmarkað úr slíkum sjóði til einstakra fyrirtækja. Ég hef eigi lagt fram till. um þetta við þessa umr., en mun gera það við 3. umr.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál, en vildi bara sýna og undirstrika, að þessi fjáröflunarleið, sem ákveðin er af stj., er hættuleg. Og það, sem hrekur stjórnarmeirihlutann út í þetta, er öngþveitisástand það, er stj. sjálf hefur skapað. Er ekki auðvelt að bæta úr þessu, nema stj. snúi við. Það er áreiðanlega hægt fyrir stj. að afla fjár án þess að leggja út á þessa hættulegu braut. Þrátt fyrir allt mundi vera hægt að leysa þetta með hæfilegum áróðri fyrir því, að menn legðu fram fjármagn það, er þeir hver fyrir sig ráða yfir.

Ég bendi á brtt. þær, sem við flytjum saman, ég og hv. 6. landsk.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er meir vegna almennra hugleiðinga í ræðu hv. 2. þm. S.-M. en vegna þess, er hann sagði um frv. sjálft, að ég ætla að segja hér nokkur orð. Ég hef nokkrum sinnum áður heyrt þennan sívaxandi dýrtíðarsón kveða við, sem er þó sérstaklega farinn að aukast nú og því meir, sem nær dregur kosningum. Kemur æ betur í ljós, að hv. 2. þm. S.-M. trúir harla litlu sjálfur af því, sem hann lætur í veðri vaka. Jafnlélegur málflutningur af hendi hv. þm. og raun ber vitni leiðir ótvírætt í ljós, að honum hefur veitzt erfitt að koma skipulagi á mál sitt og rökstyðja fullyrðingar sínar.

Hv. þm. hóf mál sitt með því að leiða athygli hv. þingheims að því, að stefna Framsfl. hefði ætíð verið hin rétta, en stj. hefði látið ráðstafanir þær, er gera ætti, undir höfuð leggjast og skeika að sköpuðu í dýrtíðarmálunum. Ég minni hv. þm. á það, af því að hann vill vera að segja þetta, að einnig var samið við Framsfl. þegar samningaumleitanir stóðu yfir um myndun núverandi stjórnar. Ekkert það kom fram í umræðunum frá Framsfl., sem gæfi tilefni til að halda, að hann teldi það skilyrði fyrir þátttöku sinni í stj., að lækkað yrði kaupgjald í landinu, eða stemma stigu við dýrtíðinni yfirleitt. Hins vegar hélt þessi hv. þm. fram, að nauðsyn bæri til að hækka kaupgjald víða úti um land. Bændur hefðu nú víða fengið hækkað verð fyrir afurðir sínar og þess væri því ekki að vænta, enda ekki sanngjarnt, að verkamenn, er væru nálægt bændum, gætu til lengdar unað gömlum og óréttlátum launakjörum. M. ö. o., þar eð honum tókst ekki að halda við óreiðunni, var hann reiðubúinn, meðan komið gat til mála, að hann færi í stj., og reyndar til þess að geta komizt í hana, að kaupa vinnufrið fyrir hækkun kaupgjalds. Þá átti að vera goðgá að hafa í frammi kaupkúgun þá við lægst launuðu stéttirnar í landinu, sem framsóknarmenn hafa barizt fyrir síðan þeim, — m. a. fyrir handvömm foringjanna sjálfra, — tókst ekki að komast í stj., urðu utan gátta. Þessi sónn hefur kveðið við æ síðan, og spáð hefur verið hruni dag hvern, af því að kúgunarstefnu Framsfl. var eigi fylgt til lækkunar á kaupgjaldi.

Við skulum athuga nokkuð, hvernig farið hefði, ef kaupkúgunarleið Framsfl. hefði verið farin. Árangurinn af þeirri stefnu hefði orðið sá, að hér hefðu hafizt harðvítugar kaupdeilur. En þeim hefði óhjákvæmilega lyktað með sigri hinna vinnandi stétta og hins vegar því, að öll þjóðin hefði beðið vafalausan hnekki af þessum átökum, orðið fyrir miklu tjóni í heild. — Ég sagði, að vinnandi stéttirnar hefðu sigrað, af því að ekki er unnt að halda niðri kaupgjaldi meðan atvinnurekstur gengur sæmilega. Það má alls ekki ætla, að verkalýðurinn láti bjóða sér, meðan aðalatvinnuvegur þjóðarinnar ber sig vel, að kosti hans sé þrengt, ráðizt á lífskjör hans.

Það þarf því eigi að vera neinum til efs, að þessar spár mínar hefðu eins vel rætzt og víst er, að Framsókn hefur orðið sér til athlægis með þessum bölspám sínum og illbænum. Og nú halda þessir menn, að þeir geti blekkt þjóðina með þessum són sínum rétt fyrir kosningarnar.

Hv. þm. sagði, að frv. það, er hér um ræðir, benti til, að stj. hefði hreinlega gefizt upp við fjármálastefnu sína, þ. e. að því er snertir stofnlánin til sjávarútvegsins. Ég vil benda á, að tvær leiðir voru til í málinu. Fyrri leiðin var að knýja þá, sem peninga eiga, til að leggja fram fé í atvinnutæki. Þessari stefnu má margt færa til ágætis, og hefði ég óskað, að einstaklingsframtakið hefði haft sig meira í frammi og mátt sín meir. Hin leiðin var að hlutast til um, að fleiri gætu eignazt hin nýju framleiðslutæki en þeir, sem eiga peninga og hafa þau ekki. Ég ætla að skýra þetta með dæmi. Það er t. d. einn kaupstaður, sem nú er í miklum uppgangi og hefur fyrir ötula forustu tekizt að auka útveg sinn mjög, en menn telja þar, að bærinn eigi sjálfur að hafa umráð yfir öllum framleiðslutækjunum. Nú vildi þessi kaupstaður ráðast í togarakaup, en skorti handbært fé. Ef stefnu hv. 2. þm. S.-M. hefði verið haldið, þá gat kaupstaðurinn engan togara eignazt. Þótt hann e. t. v. gæti aflað sér annarra tækja með tekjum sínum, tækja, er líka geta veitt honum fjármagn, þá vilja kaupstaðarbúar nú einnig fá togara til þess að hafa enn fjölbreyttara framleiðslulíf. Þessi hv. þm. fór nú á stúfana og getur fengið lán fyrir þennan kaupstað hjá ríkinu, að upphæð 91.66%, og á að leggja það fram. Þegar svo stendur á, að þessi kaupstaður er í kjördæmi hv. þm. og hann er einmitt á biðilsbuxunum fyrir honum vegna komandi kosninga, þá á að vera ágætt að láta ríkið leggja af mörkum. Er þetta auðskilið, því að kaupstaður þessi er Norðfjörður. Annars held ég, ef ég hefði verið einráður, að ég hefði farið nær hinni stefnunni en hér er gert. Þessi er seinni stefnan, sem hv. þm. er með í kjördæmi sínu, þar sem hann ætlar að bjóða sig fram. En þegar á Alþ. kemur, þá upphefjast nýjar rímur og aðrir sálmar. M. ö. o., hann berst á móti síðari stefnunni á þingi, en fyrir henni, þegar hann er kominn á framboðsbuxurnar og kosningar standa fyrir dyrum. Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.

Stj. hefur engan veginn gefizt upp við fjármálastefnu sína. En hún vill reyna báðar þessar leiðir. Ég undrast, að ekki óskýrari maður en hv. 2. þm. S.-M. skuli lenda í slíkum ógöngum, er hér sést, þegar hann ætlar að fara að sýna fram á fjárglæfrastefnu stj. og það vantraust þjóðarinnar á mátt peninganna, að hún vilji ekki kaupa framleiðslutækin. Ég spyr: Hverjum er það að kenna, að komið hefur verið inn hjá þjóðinni að vanmeta verðgildi peninganna? Svona rökvillur færa ekki aðrir fram en þeir, sem trúa ekki því, er þeir segja sjálfir. En ef menn svo spyrja, hvers vegna einkaframtakið hafi sig ekki meira í frammi, þá er þetta svar mitt: Almenningur trúir lítt á aðgerðir Alþ. í skattamálunum vegna slæmrar reynslu af því. Ég á hér við skattastefnur þær, sem enginn hefur átt meiri þátt í að innleiða á Íslandi en einmitt þessi hv. þm. Voru þær á góðum vegi með að lama allan sjálfstæðan atvinnurekstur í landinu.

Ég upplýsi það, að búið er, að því er ég hygg,

að panta 11—12 hinna 30 togara. Ég veit sjálfur um 3—4 einstaklinga í viðbót, sem hafa hug á að kaupa nýja togara, og er það mín skoðun, að þeir verði fleiri, áður en lýkur, en hægt verður að fullnægja með góðu móti. En ég hygg, ef sjá á þessum málum borgið, að það sjónarmið eigi að ríkja, að þeim, er ekki hafa nóg fjármagn nú, verði gert kleift að fá togara líka. Hins vegar er ekki nægilegt fé fyrir hendi til að sinna öllum.

Út af hinum eilífa dýrtíðarsón vildi ég annars segja það, að broslegt er að sjá og heyra sýknt og heilagt menn gaspra um hina geysilegu og ægilegu dýrtíð. En hvað er hún raunverulega? Hún er aukið kaupgjald og hækkað afurðaverð. Hún hefur verið úrræði til auðmiðlunar milli atvinnurekenda, er standa að framleiðslunni, og almennings í landinu. Og þetta hefur í för með sér: a) hærra kaup fyrir verkamanninn og b) hærra afurðaverð fyrir bóndann.

En vel mætti hv. 2. þm. S.-M. minnast þess, að reynt hefur verið af honum m. a. að hækka afurðaverð bænda í landinu. Öðrum mun hafa tekizt sæmilega, öðrum miður, en sem heild sæmilega. Ástæðan er sú, að sjómaðurinn, sem vinnur að framleiðslunni, hefur fengið hærri hlut, meiri peninga fyrir vinnu sína. Landverkamaðurinn segir: Ég vil líka fá hærra kaup eins og hann. Af því leiðir svo, að bóndinn fær hærra verð fyrir sínar afurðir. Þegar þannig er komið, hlýtur vísitalan í landinu að hækka. Stjórnarvöldin geta ekki hvort tveggja hælt sér af þeim afrekum að selja framleiðsluvörur landsins út úr landinu á sem hæstu verði, en skorast undan ábyrgð á hækkaðri vísitölu í landinu. Nú eru horfur á hækkandi verðlagi á framleiðsluvörum okkar á þessu ári. Sennilega er útlit fyrir mjög verulega hækkun á verði aðalframleiðsluvaranna. Í fyrra var sagt, að gjaldþrot væri framundan. Að vísu sögðu þetta framsóknarspámennirnir, svo að á því tók enginn mark. Síldarmálið, sem var selt á 18 pund, kemur nú til með að verða selt á 26 pund. Ég get ekki fullyrt um þetta, en miklar líkur eru fyrir því, að síldarlýsi, síld og margar aðrar afurðir seljist á góðu verði. Af þessu kemur til með að leiða, að vísitalan hækki, nema menn geri öflugar ráðstafanir til, að svo verði ekki. Og fyrir mitt leyti er ég viðmælandi um það. — Þetta er nú dýrtíðin, sem alltaf er verið að rausa um og látið með eins og um mannsmorð væri að ræða. En ef afurðaverðið fellur, þá er ekki um annað að ræða en laga framleiðslukostnaðinn eftir verðlaginu. En það er allt annað mál en að koma nú til vinnustéttanna meðan atvinnureksturinn skilar arði og heimta að lækka kaupið. Þegar svo er komið, að atvinnurekstur landsmanna er farinn að vera rekinn með tapi, þá er allt annað mál, þótt sagt sé: Nú verður hver að minnast þess, að stærri skammt en atvinnulífið gefur getur enginn fengið. Og ég efa ekki, að þetta mæti skilningi, sér í lagi þó gagnvart þeim valdhöfum, sem hafa sýnt það, að þeir vildu ekki skerða hlut almennings meðan ekki var nauðsyn til þess. Það er því fjarri því, að um fjárglæfra sé að ræða í stefnu núv. ríkisstj. Það voru glæfrar að fylgja annarri stefnu, sem hefði óumflýjanlega leitt til innanlandsstyrjaldar, sem hefði kostað landið hundruð millj. kr. og þjóðin sopið seyðið af því.

Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, er það að segja, að ég lít á þessa till., sem hér er borin fram af meiri hl. n., sem samkomulag við Landsbankann. Ég fullyrði, að Landsbankinn er reiðubúinn að ganga inn á þetta og sættir sig við það, svo að um enga þvingun er að ræða. Ég er til viðtals um aðra leið við útlánastarfsemina, ef Landsbankinn hefði viljað sætta sig við það. En þar sem Landsbankinn taldi sig geta sætt sig við þessa leið og aðra ekki, get ég unað við þessa leið. Ég legg mikið upp úr því, að sú leið sé valin, sem Landsbankinn telur sig geta fylgt. Og ég er sammála hv. þm. um það, að það er varhugaverð braut að leiða þjóðbankann út í þá útlánastarfsemi, sem stjórn hans er andvíg.

Um meginefni málsins ætla ég svo ekki að fjölyrða. Það hefur orðið ofan á, að stjórnarandstaðan hefur slegizt í för með okkur og þar með viðurkennt, að sjávarútvegurinn eigi heimtingu á að fá ódýr stofnlán. Hann hefur skapað auðmagn þjóðarinnar síðustu áratugina og er því vel að því kominn að fá sæmileg lánskjör. Það, sem nú á að gera, er að taka innstæður þjóðarinnar, sem liggja erlendis vaxtalitlar eða vaxtalausar, og breyta þeim í tæki, gera tvennt í senn, sem hv. þm. virtist telja mestu goðgá og fjarstæðu, kaupa tækin og leggja í útlán til þeirra, sem vilja kaupa þau. Ég held hv. þdm. muni skilja þetta, ef hann leggur höfuðið í bleyti.

Ég held þetta frv. sé eitthvert það merkasta og bezta, sem fyrir þingið hefur verið lagt um nokkurt árabil. Ég vona það fari hraðbyr gegnum þingið og verði þjóðinni til þeirrar blessunar, sem þeir ætlazt til, er að því hafa unnið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er augljóst af ræðu hv. 2. þm. S.-M., sem hann flutti hér áðan, að hann skilur hvorki upp né niður í þeirri stefnu, sem mörkuð er með þessu frv. (*Forsrh.:* Jú, niður). Það getur verið, að hann skilji það, sem vísar niður. Það, sem hér er um að ræða, er spursmálið, hver eigi að stjórna fjárfestingunni í landinu. Hv. þm. var að reyna að sýna fram á, að það mætti ekki festa fé með öðru móti en því, að einstaklingarnir í landinu fengjust af frjálsum vilja til að kaupa skuldabréf og leggja fram fé í ákveðin fyrirtæki. Sannleikurinn er sá, að hér er um tvær stefnur að ræða. Svo framarlega sem farið er eftir stefnu þeirri, sem hv. 2. þm. S.-M. var að lýsa, þá mundi það af því leiða, að engin stjórn væri á atvinnulífi þjóðarinnar. Fjárfestingin mundi fara eftir vilja einstaklinganna, sem hafa mismunandi skoðanir á málunum og hljóta því að gera þetta og hitt, sem þjóðinni er ekki heppilegt á viðkomandi augnabliki, eins og bezt sést á því, hversu margir hafa ekki tekið upp þær framkvæmdir, sem nú er mest þörf á, og væru því ekki gerðar, ef hið opinbera hefði ekki tekið forustuna. Með þessu móti væri engin fjárfestingarpólitík, engin raunveruleg peningapólitík rekin í landinu. Hins vegar þar, sem

stefna á að vera ráðandi, þar á hið opinbera, Alþ. og ríkisstj., að marka og ákveða fjárfestingarpólitíkina í landinu, með það fyrir augum að tryggja atvinnulífinu næg fjárráð. Ef reka á fjárfestingarpólitík með hagsmuni þjóðarinnar fyrir augum, ber þinginu að hafa yfirstjórn fjárhagslífsins í sínum höndum, en ekki láta ríkja algert stjórnleysi, þar sem framboð og eftirspurn ræður fjárfestingunni. Það er þess vegna eðlilegt, að hv. 2. þm. S.-M. þyki hér hættulega breytt, þegar hann allan tímann hugsar út frá peningapólitík 19. aldarinnar, en skilur ekki fjármálapólitík þá, sem rutt hefur sér til rúms í heiminum síðustu tvo áratugina, einkum eftir kreppuna 1930, þegar menn sáu, til hvers það hlaut að leiða að hafa þessi mál stjórnlaus eins og verið hafði fram að þeim tíma. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fyrsta sporið, þar sem af Alþ. hálfu er reynt að stjórna því, á hvern hátt fjármunir þjóðarinnar eru festir. Og það kemur í ljós, hversu gersamlega hv. þm. er andstæður þessari stefnu, þar sem hann segir, að það sé að vísu erfitt að selja skuldabréf, en heldur því svo fram í sömu ræðunni, að ríkisstj. eigi að fara inn á þá braut að selja skuldabréf. Sem sagt, ríkisstj. á að bjóða út skuldabréf, sem ekki er hægt að selja. Afleiðingin af því er svo sú, að ekki er hægt að afla fjár til viðkomandi atvinnuvegar, vegna þess að þeir menn í landinu, sem eiga peninga, vilja ekki kaupa skuldabréfin. Einstaklingarnir, sem liggja með peningana og hafa miśmunandi takmarkaðar hugmyndir um, hvað þjóðinni er fyrir bestu, og hugsa m. a. sem svo, að þetta eða hitt sé ekki nægilega öruggt, þótt það sé nauðsynlegt fyrir þjóðarheildina, þeir eiga að ákveða fjárfestingarpólitík þjóðarinnar, þeir eiga að ákveða, hvað atvinnulífi þjóðarinnar er fyrir bestu, stjórnin eða Alþ. eiga aftur á móti ekki að gera það. En svo þegar þetta stjórnleysi hefur leitt til öngþveitis og kreppu, eins og það óumflýjanlega gerir, þá á ríkið að hlaupa undir bagga og gera ráðstafanir, sem duga gegn þeirri vitleysu, sem þessir menn hafa gert. Þetta er pólitíkin, sem þessi hv. þm. vill í stað þess, að ríkið hafi fasta stjórn á atvinnulífi þjóðarinnar, fjárfestingunni og öllu saman. Þarna er um tvær stefnur að ræða, sem eru mjög ólíkar, annars vegar að láta framboð og eftirspurn ráða á fjármálamarkaðinum eða reka þjóðarbúskapinn eftir nokkurn veginn skapaðri áætlun, og það er sú stefna, sem á síðustu áratugum hefur rutt sér til rúms í ýmsum löndum og er nú verið að taka upp í fleiri.

Hv. þm. talaði um, að þessi till., sem ríkisstj. flytur, sé vantraust á ríkisstj. Þetta er auðvitað fjarstæða. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur gert sér ljóst, hvað sé í ráði með fjárfestingu Íslendinga á þessu ári og næstu árum, hvaða upphæð komi til með að verða fest í okkar atvinnulífi. Ég get því miður ekki eins og komið er nefnt tölur með nokkurri nákvæmni snertandi þetta. En mig langar til að slá nokkrum tölum fram til þess að sýna, hve þessi fullyrðing um 100 millj. er gripin úr lausu lofti. Ef við göngum út frá því að verja á 5 árum miklu fé í okkar atvinnulíf yfir höfuð, bæði til að kaupa útlend tæki og til þess að leggja í fyrirtæki innanlands, þá gæti ég trúað, að það yrði aldrei undir 800 millj., ef til vill 1000 millj. kr., sem yrði fest í kapitalvörum á líkum tíma. Hins vegar verðum við að gera okkur ljóst, þegar við ræðum þessa hluti, að við erum að ákveða, hvernig okkar fé skuli varið í þessu efni, hve miklu kapítali í ákveðinni grein og hve fljótt það yrði gert. Hv. 2. þm. S.-M. finnst það einhver ósköp, að ríkið skuli ætla að tryggja lán á 100 millj. kr., og finnst það bera vott um einstaka fjarstæðu að vilja leggja í fyrirtæki og festa þetta kapital. Ef ég man rétt, þá var á seinasta ári byggt í Reykjavík einni fyrir 93 millj. kr. Það er almennt reiknað með því, að byggingar séu ⅓ af kapítali þjóðfélagsins á hverjum tíma. Ég get nú ekki séð, að einstaklingarnir séu sérstaklega óðfúsir að leggja fram fé sitt og festa það í kapítalvörum. Og hvað húsbyggingar snertir, þá er byggt eins mikið og hægt er að fá efni til. Hvað þessa fjárfestingu snerti þegar þessi hv. þm. var fjmrh. á Íslandi, þá var þetta kapital t. d. 1934 22 millj., allur skipastólinn, en á sama tíma voru allar húseignir metnar á 150 millj. Nú vitum við það, hvað þörf okkar hefur verið mikil fyrir, að fé okkar færi í sjávarútveginn, þótt allir vilji láta byggja eins mikið og frekast er mögulegt. Það þótti hins vegar fyrir stríð gott fyrirtæki að byggja hús, en það þótti verra að kaupa báta, enda torsótt að fá leyfi til þess að koma upp slíkum lúxus. Það, sem við höfum lagt áherzlu á og samþ. með stofnun núv. ríkisstj., var, að sérstaklega mikið fé skyldi lagt í sjávarútveginn til þess að afla stórkostlegustu auðsöfnunartækja, sem völ er á, til að hagnýta auðlindir okkar. Um leið og Alþ. og ríkisstj. hafa ákveðið að gera þetta, þá hlýtur hún að framfylgja þessu með því að tryggja, að fé verði lagt í þessa hluti. Ef einstaklingar, — hv. þm. vill, að þeir séu látnir ráða, — vilja leggja fé í byggingar, — þeir byggðu fyrir 93 millj. á einu ári í Reykjavík, — þá er útilokað, að tæki verði keypt fyrir þjóðina fyrr en þessir einstaklingar átta sig. Er ekki sjálfsagt fyrir þetta ríki, sem vill vinna fyrir sína þegna, að gera ráðstafanir til að afla fjár til þessara hluta heldur en að bíða eftir því, að vilji þessara einstaklinga breytist? Ég held því, að með þessari fjárfestingarpólitík, sem hér er farið inn á, sé það að gerast, sem þjóðinni er mest þörf á, það er að leggja öruggan grundvöll undir atvinnulíf okkar og gerbreyta hlutföllunum á milli fjármagnsins á Íslandi og atvinnuveganna, sem það er sett í. 100 millj. kr., sem Landsbankanum er gert að skyldu að lána, eru ekki nema smáræði í samanburði við fjárfestingu þá, sem íslenzka þjóðin er að framkvæma á þessum 5 árum, kannske tíundi hluti, og ekki meira en það af því, sem Reykvíkingar leggja í húsbyggingar á einu ári.

Með þessari blindu trú sinni á alvizku peningamannanna í landinu er hv. þm. aðeins að gerast þeirra aftaníoss og slá því föstu, að þeir eigi að ráða fjárfestingarpólitík íslenzku þjóðarinnar. Ef þeir eru ekki ákveðnir í að kaupa skuldabréf, þá á ríkið að falla frá því t. d. að kaupa 30 togara. Þetta er sú gamla pólitík, sem alltaf hefur leitt til kreppna í atvinnulífinu með

skömmu millibili, m. a. kreppna, sem skapast af því, að þessir peningamenn, sem hv. þm. hefur svo mikla trú á, missa trú á verðbréfum og þau bréf falla og hrun skapast, sem leiðir kreppu af sér.

Þá talaði hv. þm. um, að það þyrfti að gera einhver ósköp til þess að forðast verðbólgu, eins og verðbólga komi þessu máli við. Það á þessi hv. þm. a. m. k. eftir að sýna fram á. Fyrir nokkrum árum, e. t. v. þegar þessi hv. þm. var viðskmrh. og hafði með bankana að gera, voru fluttar inn í landið 60 millj. kr., sem Íslendingar áttu frosnar erlendis. Þessar 60 millj. voru borgaðar út til einstakra manna, sem áttu þetta fé. Þetta eru ráðstafanir til að skapa verðbólgu, þær geta ekki gert annað, vegna þess að þessum 60 millj. kr. er hent inn á peningamarkað Íslendinga án þess að taka verðmæti inn í landið, sem vega upp á móti þeim. Það er þetta, sem skapar verðbólguna, og hv. þm. átti ekki að tala eins mikið um verðbólguna og hann gerði, því að hann var einn aðalmaðurinn til að skapa hana. En er þetta nú það sama og að taka 90 millj. kr. og kaupa togara, sem kosta 90 millj. kr.? Skapar þetta verðbólgu? Nei. Það skapar enga verðbólgu, vegna þess að kaupgetan, sem þessar 90 millj. skapa, er notuð með það sama til að kaupa verðmæti inn í landið, en menn sitja ekki uppi með þær til að sprengja upp í fjór- og fimmfalt verð eignir hér innanlands. En þetta virðist hv. þm. ekki geta skilið. Hins vegar verða þau tæki, sem þannig eru keypt og flutt inn í landið, til þess að skapa varanleg verðmæti. Og ég held, að hv. þm. ætti ekki að vera að tala eins mikið og hann gerði áðan um það ástand, sem núverandi stjórnarstefna hefði skapað. Ég sé ekki betur en einmitt með núverandi stjórnarstefnu sé einmitt verið að reyna að ráða bót á þeirri vitleysu, sem hann skapaði meðan hann réð hér á landi, og þeirri verðbólgu, sem hann skapaði ásamt Landsbankaklíkunni, meðan hann hafði eitthvað yfir honum að segja.

Hv. þm. talar um, að það sé alveg dæmalaust hneyksli að fara að skylda bankann til þess að lána, og segir, að þetta komi aldrei fyrir hjá stríðsþjóðum einu sinni. Ég er alveg hissa á því, ef hv. þm. hefur aldrei heyrt talað um það, að erlendar ríkisstj. hafi getað tryggt sér lán, og meira að segja fyrirskipað þjóðbankanum að lána þeim, eftir því sem þær hafa þurft. Ég skal viðurkenna, að bankastjórar hafa verið mismunandi samningsliprir í þessu efni við sínar ríkisstj. Og fjöldi ríkisstj. hafa útskrifað lán hjá bönkum og lagt á hjá þeim nokkurs konar skyldulán, sem ríkisstj. hafa fengið fé út á samtímis því, sem þær hafa gefið út skuldabréf, ekki hvað síst á stríðstímum, alveg eins og ríkisstj. á Íslandi gerir.

Þá segir hv. þm., að það sé heimskulegt að fara inn á þessa braut og skylda þjóðbankann til þess að gera þetta. Ég veit ekki, hvar stj. fjármála landsins á fremur að vera en á Alþ., eða heldur hv. þm., að hún sé hjá þjóðbanka Íslands? Það er Alþ. Íslendinga, sem ræður fjármálapólitík landsins og ákveður, hvort þjóðbankinn er til eða ekki, og ákveður honum reglugerð og ákveður honum skyldur á hverjum tíma. Ég skal gjarna upplýsa þennan hv. þm. um það, hvernig það er í nágrannalöndum okkar. Það er t. d. þannig í Svíþjóð, að sænski þjóðbankinn sækir um það á hverju ári að fá undanþágu að hafa á hendi seðlaútgáfu, og um leið og bankastjórinn sækir um þetta, lætur hann fylgja skýrslur frá bankanum, þar sem hann lýsir sinni peningapólitík og hvers konar peningapólitík hann ætlar að reka. Þessi skýrsla er send þinginu, og þegar þessi skýrsla kemur til þingsins, er henni vísað til bankanefndar þess. Þessi n. athugar þessa skýrslu í samráði við ríkisstj., og síðan koma þessi n. og ríkisstj. sér saman um, hvaða pólitík bankinn skuli reka. Síðan er það þannig samþ. af þinginu, og þar með er ákveðin sú fjármálapólitík og peningapólitík, sem bankinn skuli reka. Það er vitanlegt, að einmitt með svo miklum afskiptum ríkisstj. og samstarfi þjóðbankans, t. d. mun skrifstofustjóri fjmrn. vera formaður sænska ríkisbankans, má efla þetta samstarf sem bezt. Þannig hefur sænska ríkisstj. haft það á undanförnum árum eða síðan 1931. Þá hefur hún reynt að reka sömu fjármálapólitík og peningapólitík bankans og stjórnað því, hvernig peningapólitík væri rekin í landinu. Og hvernig Svíum tókst að bjarga sér á árunum 1931—32, var mikið að þakka því, að ríkisstj. sænska lagði meðal annars þær skyldur á herðar þjóðbankans að leggja í framkvæmdir á þeim sviðum, sem einstaklingum þótti óráðlegt að leggja í. Það er þess vegna bókstaflega regla í öðrum löndum, að þjóðbankinn hagar sér eftir fyrirsögn þingsins hvað heildarfjármálapólitík snertir. Og þetta verður náttúrlega því frekar, sem þjóðin sem heild fær ástæðu til þess að stjórna sínu atvinnulífi og hafa alveg yfirráðin yfir þeim stofnunum, sem eiga að vera fyrir atvinnulífið.

Þegar hv. 2. þm. S.-M. talar um útgjöld hjá ríkisstj., þá talar hann eins og álfur út úr hól. Það er svo fjarri því, að hjá ríkisstj. komi til greina sú minnimáttarkennd, sem hv. 2. þm. S.-M. er svo oft að tala um, og upphaflega voru þessar till., sem í frv. felast, til þess, að Alþ. væri húsbóndi á sínu heimili og stjórn fjármálapólitíkurinnar í landinu og eftirlit og landsbankavaldið væri ekki látið hafa það stjórnleysi, sem það hefur haft í fjármálapólitík landsins. Hér er því aðeins um að ræða að ráða bót á þeirri stjórn og því eftirliti, sem ekki hefur verið gott undanfarið. Og ríkisstj. gerði líka í sínum upprunalega samningi ráð fyrir því, að það væri líka hægt að grípa til þess með harkalegri meðulum en hér er gert ráð fyrir að stjórna fjármálapólitík landsins, því að það var beinlínis gert ráð fyrir því, að ríkisstj. gæti útskrifað skuldalán hjá einstaklingum eftir efnum og ástæðum, og þá sér hver maður, þegar gert er ráð fyrir slíkum möguleikum, að það er alveg augljóst, að ríkisstj. grípur fyrr til þjóðbankans eða annarra banka en að skylda menn til þess að lána svo og svo mikið fé af eignum sínum. Það er svo fjarri því, að hér sé eitthvað, sem beri vott um minnimáttarkennd eða uppgjöf, heldur er hér verið að taka upp aðferðir, sem tíðkast í öðrum löndum, og hefur þar þótt

sjálfsagt, að þing og stj. réði þar yfir bankapólitík viðkomandi lands. Og í staðinn fyrir að það sé heimskulegt að fara inn á þessa braut, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði, en hann talaði eins og reyndur bankamaður, þá hefur það tíðkazt, að þing erlendis hafa lagt mikla áherzlu á það, að peningapólitík væri hagað þannig, að þau gætu skyldað banka til þess að lána peninga í vissu augnamiði.

Þá kom þessi hv. þm. inn á stefnuna um vaxtakjörin til handa útvegsmönnum, og hann ræddi mikið um það. Að vísu væri gott, að útgerðin hefði lága vexti, þó vildi hann halda annarri leið heldur fram hér, og sagði hann, að í raun og veru mundi þetta þýða það, að sparisjóðsvextir yrðu lægri en ella. Ég sé ekki, að sparisjóðsvextir verði minni en ekki neitt, eins og þeir eru nú. Það má kannske láta þá vera það með því, að menn borgi með innistæðum. Ég býst ekki við, að það þætti gott hér á landi, þó að það tíðkist mikið erlendis. Hv. þm. vildi láta ríkið borga vaxtamismuninn; þó að einhverjir sérstakir sjóðir lánuðu út til útvegsmanna, megi bankinn reikna sér hærri vexti af því fé og ríkið borgi mismuninn. Og hv. þm. sagði, að fyrir útvegsmenn væri það ekki aðalatriðið, hvernig þessara fjármuna væri aflað. Er það þá ekkert atriði, að útvegurinn borgi vaxtamismuninn, því að það er vitað, að meginféð, sem ríkið á og tekur, er einmitt tekið frá sjávarútveginum? Og ef ríkið á að borga mismuninn á þessum vöxtum, þá þýðir það aðeins að taka meira frá sjávarútveginum til þess að borga þann vaxtamismun, og þá er það fyrir sjávarútveginn að taka úr einum vasa og láta í annan. Mér skilst, að sjávarútveginum geti ekki verið sama um það, á hvern hátt þetta fé er tekið, heldur sé það stórt atriði. Ég er hræddur um, að hv. 2. þm. S.-M. hugsi nokkuð skammt í þessu efni. Það er alveg gefið, að fyrir sjávarútveginn væri það dálítið hart að verða með útgjöldum sjávarafurða að borga vaxtamismuninn eða þá hitt, hvoru munar, að sparisjóðsvextir væru nokkru lægri og gróði bankanna nokkru minni.

En um hvað er spursmálið, þegar verið er að tala um vexti af lánum til sjávarútvegsins, sem sjávarútvegurinn eigi að borga? Við erum að tala um, hvort hann getur komizt niður á heilbrigðari grundvöll en hann var á fyrir stríð, og hvort við getum stutt hann og hvernig. Hvað tapaði sjávarútvegurinn miklu á Íslandi fyrir stríð? Hann borgaði vexti 7—8%. Maður við eitt útgerðarfyrirtæki landsins, bæjarútgerð Hafnarfjarðar, hefur nákvæman reikning yfir 9 ár, og það voru tveir liðir í rekstrarreikningnum, sem stóðust á, annars vegar vextir og hins vegar tap á útgerðinni. Með því að verða að borga 7—8% vexti, tapaði útgerðin nákvæmlega því, sem vöxtunum nam. Og með öðrum orðum, með gömlu tækjunum og þeim erfiðu mörkuðum eins og voru fyrir stríð, þá er tapið ekki meira á sjávarútveginum en vextirnir, sem viðkomandi útgerð verður að borga. Það þýðir það, að ef við getum skapað útgerðinni heilbrigðari grundvöll, þá aukast möguleikarnir fyrir hagsæld þjóðarinnar, og það er einmitt hægt með útgerðinni að gera það og nota til þess þau auðæfi, sem við nú höfum yfir að ráða. Ég fæ hins vegar ekki betur séð en að stefna hv. 2. þm. S.-M. sé í þessum fjármálum að láta undan einokunarstefnu peningamannanna og skilningi þeirra eða skilningsleysi á þörf þjóðarinnar til þess að ráða, hvernig farið er með fjármagn þjóðarinnar á hverju ári, og því skilningsleysi á þörf þjóðarinnar eins og því, hvernig fé er eytt hjá okkur og hvernig vextirnir eru og þess háttar, því að ég get ekki tekið tillit til þess, að ríkið eigi að borga vaxtamismun og taka þá síðan af þeim, sem það lánar. En þetta er alveg sama stefna og alltaf kemur fram í sambandi við nýsköpunina.

Röksemdir hv. þm. og flokksbræðra hans eru þær, að það sé ekki rétta leiðin að afla fjár á þennan hátt til atvinnuveganna, heldur eigi að bíða eftir, að einstaklingar vilji kaupa svo og svo mikið af skuldabréfum. Þessi rök má ræða, en á móti þessum rökum koma svo þau rök, að þjóðin þarf að fá fé sem fyrst, einmitt af því að skipastóllinn þarf að koma sem allra fyrst til landsins, svo að hægt verði sem fyrst að koma honum í fullan gang til þess að afla meira fjár. Og ég álít, að það sé eitthvert mesta stórvirkið á atvinnusviðinu, sem ríkisstj. hefur nokkurn tíma gert á Íslandi, að festa kaup á þeim 30 togurum, sem búið er að festa kaup á, og það sé það mesta happ, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað í íslenzkri fjármálapólitík, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að þessir togarar geta byrjað að koma upp til landsins í lok þessa árs og geta allir komið á næsta ári, sem eftir eru, og það þýðir, meðan mestu markaðsmöguleikarnir eru í Evrópu, og mikilr möguleikar á því að láta þá borga sig.

Þá var hv. þm. að tala um það, að það væri undarlega hugsað hjá þessum mönnum, sem stæðu að þessu frv., að hafa ekki athugað, að erlendar innistæður eyddust. Fyrst er þá rétt að taka fram, að hér í þessu frv. á að taka 100 millj. kr., þær eru til erlendis. En svo ber enn þess að gæta, að t. d. 30 togarar, sem keyptir eru fyrir 90 millj. kr. erlendis, skapa erlendan gjaldeyri, og ég geri ráð fyrir, að þeir skapi ekki minni erlendan gjaldeyri en 90—120 millj. kr. á einu ári. Ég held, að verði lítið eftir af meinloku hv. þm., ef hún væri krufin til mergjar. Hann virðist haldinn af þeirri sömu hugmynd og lærifeður hans að eyða engu af þessu fé, heldur geyma það.

Þá ætla ég örlítið að koma inn á það, sem snertir þetta frv., og þá ekki aðeins röksemdir hv. 2. þm. S.-M. Því hefur verið haldið fram, að það væri firra, að Landsbankinn ætti að lána fé út til annarra lánsstofnana, það væri eitthvað, sem væri óviðeigandi. Hv. 2. þm. S.-M. var t. d. að tala um það. Ég hef orðið var við þessi rök, sem komu frá formanni sjútvn., að það sé ekki von, að Landsbankinn sætti sig við það, að frv. verði samþ. eins og sjútvn. vill, og það sé svo óviðeigandi fyrir Landsbankann að lána fé sitt út til annarra lánsstofnana. Ég hef nú aldrei heyrt annað eins. Ég veit ekki, til hvers Landsbankinn er, ef hann er ekki til þess að lána út til annarra lánsstofnana. Ég veit ekki, hvernig

þeir menn eru annars gerðir, sem koma með aðrar eins firrur og þær, að seðlabankinn láni ekki öðrum lánsstofnunum. Seðlabankinn er einmitt til þess að láta fé af hendi til annarra banka. Það er ekki meiningin, að seðlabankinn láni fé sjálfur, heldur er það hlutverk hans að lána fé til annarra lánsstofnana, sem ríkið hefur, hvort sem þær heita sparisjóðsdeild, veðdeild eða Búnaðarbanki, og það er lánað út úr seðlabankanum jafnt fyrir því, og menn verða að gera sér grein fyrir því, að það má ekki rugla þessu saman. En það er alveg eins og börn séu að tala, þegar hv. 2. þm. S.-M. og hans skoðanabræður hans eru að ræða þetta mál.

Ríkið er í ábyrgð fyrir þessum banka, og ríkið hefur talið heppilegt að hafa seðlabankann undir stjórn Landsbankans, og ríkið ábyrgist allar skuldbindingar vegna þessa 100 millj. kr. láns til handa fiskveiðasjóði gagnvart seðladeild Landsbankans. Ég veit ekki, hvað hv. þm. finnst eðlilegt. En það er æði barnalegt að heyra þetta frá mönnum, sem eru kosnir til að fara með stjórn fjármála landsins. Ég vildi mæla með því, að tímabært væri að koma upp sjálfstæðum seðlabanka. Það ætti þá ekki að vera hætta á því að fá svona rök sett fram. Þessi rök ná engri átt, enda óhugsandi fyrir þingið að taka tillit til þeirra. Þetta eru ekki heldur rök, sem koma frá stjórn sparisjóðsdeildar Landsbankans, heldur frá sérstakri klíku í þjóðfélaginu. (*Forseti:* Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?) Ég á dálítið eftir enn. Skal umr. nú frestað? (*Forseti:* Alveg eins og hv. þm. óskar). Þar sem ég á nokkuð enn eftir ósagt og venjulegur fundartími er þrotinn og ég orðinn dálítið þreyttur, vildi ég eins fá umr. frestað nú þegar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [Frh.]: Herra forseti. Ég var síðast kominn máli mínu þangað, að ég ræddi um mótbárur þær, sem bankastjórn Landsbankans færir fram gegn því, að bankinn láni til annarra lánsstofnana, og sýndi fram á, hvílíkur barnaskapur slíkt er. Landsbankanum er uppálagt með lögum að starfa sem seðlabanki, og það er skylda bankaráðs að leitast við að afstýra kreppum og hagsveiflum, sem annars eru eðlilegar. Það er í fyllsta máta ósvífið að koma með röksemdir gegn því, að Landsbankinn annist slíka lánastarfsemi, þar sem það er beinlínis skylda hans. Það virðist svo, að hv. þm. sumir hafi algerlega gleymt því, að þetta er þjóðbanki.

Ég held, að það sé full ástæða til þess, að þetta mál sé rannsakað nánar. Það hefur gerzt hér á þingi mál, sem er þess eðlis, að það verður að athuga það nánar. Hér hefur meiri hl. sjútvn. skilað áliti, og þeir nm., sem í honum eru, lýsa yfir því, að þeir hefðu helzt kosið að skila öðruvísi áliti, en þeir séu knúðir til þess að skila því, sem þeir hafi skilað, til samkomulags, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst utan þings.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að í stjórnarskránni er þingmönnum fyrirskipað að fara eftir sannfæringu sinni. Þessir hv. þm., sem eiga sæti í meiri hl. sjútvn., hafa lýst yfir, hver sannfæring þeirra er. Má ég þá spyrja: Hvaða vald er það hér á Íslandi, sem stjórnar því, að alþm. geta ekki farið eftir sannfæringu sinni? Hvernig stendur á því, að alþm. skuli leggja fram till. hér á Alþingi, þar sem meira að segja í nál. er tekið fram, að þeir hefðu kosið að skila öðruvísi nál. og kosið að halda fast við sannfæringu sína, en treysti sér ekki til þess? Ég held, að þetta sé mál, sem sé fyllilega þess vert, að Alþingi rannsaki það.

Það var hér, áður en hæstv. núverandi stjórn tók til starfa, þannig ástatt á Alþ., að mynduð var stjórn utan þings. Það var mynduð stjórn utan Alþ., og öfl utan Alþ. voru látin fara með ríkisstj., og Alþ. komst í niðurlægingarástand og gat ekki myndað stjórn í landinu og gat þar með ekki ráðið framkvæmdarvaldinu. Ég held, að meiri hluti þings hafi verið sammála um, að það hafi verið sérstaklega ánægjulegt fyrir Alþ., að það tókst að bjarga Alþ. úr því niðurlægingarástandi. Og ég held, að þegar við fáum upplýsingar um það nú, að það eru öfl utan þings, sem valda því, að þingmenn þora ekki að framfylgja sannfæringu sinni og skila áliti eins og þeir helzt hefðu kosið, heldur séu neyddir til þess af ástæðum, sem síðar hafa komið fram, að hverfa frá sannfæringu sinni og fara inn á aðra stefnu, þá sé fullkomin ástæða fyrir okkur að athuga, hvaða öfl það eru, sem ráða hér á Alþ. og knýja þm. til að fylgja öðru en sannfæringu sinni. Ég vil segja það, eftir að ég hef lesið álit meiri hl. sjútvn., að það sé ósæmileg meðferð á alþm., sem á sér hér stað, og ég held, að Alþ. þurfi að taka það til alvarlegrar athugunar, og ef Alþ. tekur það ekki til athugunar, þá þjóðin, hvernig á þessu stendur.

Hæstv. forsrh. lýsti yfir hér við síðustu umr. þessa máls, að Landsbankinn eða stjórn hans mundi sætta sig við frv. eins og meiri hl. hefur skilað því. Ég vil taka fram í því sambandi, að Alþingi Íslendinga þarf ekki að spyrja Landsbankann. Alþingi Íslendinga þarf ekki að spyrja Landsbankann, hvernig það eigi að haga lögunum. Það er Landsbankans að sætta sig við það, sem Alþ. gerir. Það er Alþ., sem hefur myndað Landsbankann, og það er Alþ., sem ræður honum. Það er því undarlegt að fá þær yfirlýsingar hér á Alþ., að stjórn Landsbankans muni sætta sig við eitthvert frv. svona og svona, en muni ekki sætta sig við það á annan veg. Það er ekki stjórn Landsbankans, sem er ríkisstj. hér á Íslandi, heldur stj., sem Alþ. hefur kosið. Hvorki ríkisstj. né Alþ. þarf að spyrja stjórn Landsbankans að því, hvernig ráða skuli málum í þessu sambandi. Ég gat þess vegna um það áðan, að ef það ætti að fara slíku fram sem þessu og ef stjórn Landsbanka Íslands ætlar eins illa að átta sig á því áfram og hún virðist hafa gert nú, hvert hlutverk hennar er í landinu, þá liggur fyrir að aðgreina seðlabankann frá Landsbankanum, því að þá verður ekki komið fyrir tryggri og öruggri fjármálastjórn í landinu nema það sé gert. Ég hef þess vegna rætt nokkuð um þessa mótbáru, sem fram hefur

komið, að Landsbankinn geti ekki sætt sig við, að það sé svo mikið fé tekið úr seðlabankanum og fært yfir á aðra lánsstofnun, og sýnt fram á, að það er ekkert annað en bábilja, ekkert annað en vitleysa, sem byggist á vanþekkingu á l. um Landsbanka Íslands og hlutverki seðlabankans, sem er þess valdandi, að svona löguð mótbára kemur fram.

Ég mun svo því næst koma að þeirri hlið, sem snýr að Landsbankanum alveg sérstaklega. Það liggur nú fyrir, að meiri hl. sjútvn. vill gera þá breyt. á þessu frv. að fela stjórn Landsbankans framkvæmd á því. Það hefur áður komið hérna fram, eins og hv. 6. landsk. skýrði frá, að stjórn Landsbankans var eini aðilinn í þessu landi, sem tók afstöðu á móti frv., þegar það kom fram, og hefur barizt á móti því síðan. Ég skal nú ræða nokkuð þær röksemdir, sem stjórn Landsbankans setur fram, og alla afstöðu hennar til þessa máls og þess máls, sem þetta er framkvæmd á.

Stjórn Landsbanka Íslands eru þeir aðilar, sem af þjóðinni hefur sérstaklega verið falið að hugsa um fjármál og atvinnumál Íslands. Þeir eiga að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kreppur og ýmsar aðrar afleiðingar, sem annars leiðir af þeim viðskiptalögmálum, sem hjá okkur ríkja. Maður skyldi þess vegna hugsa, að þeir, sem Landsbankanum stjórna, legðu sig eftir því framast allra landsmanna að reyna að hugsa um, hvað gera skuli í fjármálum þjóðarinnar og hvernig treysta skuli atvinnulíf þjóðarinnar. Maður skyldi halda, að þeir, sem þessum banka stjórna, sýndu þess vegna í verki, að þeir væru færari en þm. almennt um að segja þjóðinni á hverjum tíma, hvernig væri heppilegast fyrir hana að verja fjármunum sínum og hvaða ráðstafanir henni væri ráðlegast að gera í sínu atvinnulífi. Stjórn Landsbankans hefur lengst af þurft að stjórna landi, sem hefur verið fátækt og þurft að sækja lán erlendis til þeirra framkvæmda, sem hér hefur átt að gera. Nú hefur þjóðin komizt í þá aðstöðu fyrir nokkrum árum að eignast mikið fé erlendis. Maður skyldi halda, að það væri engum nær en stjórn Landsbanka Íslands að hugsa nú um það, á hvern hátt landsmenn gætu bezt komið fyrir og bezt notað sína fjármuni, hvernig mundi vera bezt fyrir þjóðina sem heild, að þessir fjármunir yrðu notaðir þjóðinni til blessunar. Hefur stjórn Landsbanka Íslands hugsað um þetta? Hefur stjórn Landsbanka Íslands komið fram með till. um það, hvernig þessum auði þjóðarinnar skyldi varið? Eins og Alþingi veit, hefur engin hugmynd komið fram frá Landsbanka Íslands um það að hagnýta þessa peninga, sem þarna eru til, fyrir þjóðina. Í stjórn Landsbanka Íslands sitja menn, sem eru alveg blindir á, hvaða möguleikar væru fyrir þjóðina að hagnýta þetta fé, menn, sem ekki sjá nokkra möguleika fyrir að selja afurðir landsins eftir að styrjöldin hættir, menn, sem reyna að fella það, að settir séu fjármunir landsins í ný atvinnutæki til að framleiða meira eftir stríðið en gert var meðan á stríðinu stóð. Það hafa engar hugmyndir komið fram frá þessum mönnum, sem hefðu átt að vera fjármálaspekingar Íslands, „excellence," sem hefðu bezt þekkingu á, hvernig komið yrði fyrir þeim fjármunum, sem íslenzka þjóðin nú á. En frá stjórn Landsbanka Íslands hafa engar hugmyndir komið um, hvernig stjórna skuli atvinnulífi Íslendinga eftir stríðið. Ég veit ekki, hvernig þeir menn hugsa, sem stjórna þessum banka. En hér frá Alþ. hafa komið hugmyndirnar um það, hvernig stjórna skuli fjármálunum. Héðan frá Alþ. hafa komið samtök um, hvernig fjármálastefnan skuli vera. Héðan hefur verið ákveðið, hvernig inneignir landsins skuli notaðar, og hér á þingi hefur verið mynduð ríkisstj. til að framkvæma þessa hluti. Landsbanki Íslands hefur svikizt um að gera þá skyldu, sem þjóðin gat heimtað af honum að gera, að hugsa um þessi mál og koma fram með góðar till. Það er Alþingi Íslendinga, sem hefur tekið ómakið af Landsbankanum og unnið það verk, sem Landsbankastjórnin átti að vinna. Frá Alþ. hafa hugmyndirnar komið, hvernig þjóðin skuli ráða fram úr þeim vandamálum, sem þeir menn, sem ráða Landsbankanum, virtust ekki hafa hugmynd um. Það er héðan, sem ráðin hafa verið gerð, hvernig fénu skuli varið til að tryggja öllum atvinnu, á sama tíma og stjórn Landsbankans virtist ekki sjá fram á annað en hrun, atvinnuleysi og öngþveiti. Þegar svo Alþ. kemur með sínar hugmyndir og kemur fram með ríkisstj., sem losar stjórn Landsbankans við að koma með þessar hugmyndir, hvað gerir þá stjórn Landsbankans? Hvernig hagar hún sér þá, þegar þessar hugmyndir koma fram? Ég skal geta þess sérstaklega, að Alþingi skóp sérstaka stofnun til að vinna úr þessum hugmyndum, nýbyggingarráð, og nýbyggingarráð samdi m. a. það frv., sem hér liggur fyrir nú. Það var síðan sent út til stjórnar bankans o. fl. Ég skal nú rekja nokkuð þá afstöðu, sem bankinn tók gagnvart þeim hugmyndum, sem þar koma fram. Gagnvart sjálfri hugmyndinni um nýsköpun atvinnulífsins, um að leggja mjög mikið af fé þjóðarinnar í ný fiskiskip, tók bankinn þá afstöðu í því fyrsta bréfi, sem hann skrifaði nýbyggingarráði út af þessari till. um fiskveiðasjóð, að það væri óhjákvæmilegt, að bankarnir og fiskveiðasjóður yrðu fyrir stórtöpum. Það var það fyrsta, sem bankinn sá í þessu öllu saman. Þá er tekið fram: „Framkvæmdirnar mega ekki vera það hraðar, að margir fiskiskipaeigendur komist af þeirri sök í greiðsluþrot og lánsstofnanir landsins verði fyrir stórtöpum. Þá skal einnig á það bent í þessu sambandi, að varhugavert getur verið að framkvæma í einu slíkar stórbreytingar á fiskiskipaflotanum, sem ráðgerðar eru í frumvarpi nýbyggingarráðs." Allt, sem fram kemur af hálfu bankastjórnarinnar viðvíkjandi eflingu fiskiskipaflota Íslendinga eftir að togaraflotanum sérstaklega hefur sífellt hrakað, meðan bankastjórnin hafði málin í höndum sér, er hræðsla, hræðsla við, að breytingar nýbyggingarráðs séu svo stórkostlegar, að við þeim væri ekkert að gera.

Eitt höfuðatriðið, sem komið var fram með af hálfu nýbyggingarráðs og er höfuðatriði þessara l., var að tryggja lága vexti til handa útveginum. Ég sýndi fram á í fyrri hluta ræðu minnar, hvernig bæjarútgerðin í Hafnarfirði tapaði fyrir

stríð á 9 árum nákvæmlega jafnmikilli upphæð og vextirnir voru, þannig að hún hefur borgað 7—8% vexti af sínum lánum í bönkunum og tapið hefur orðið nákvæmlega sama og þessir vextir. Bankinn svarar, þegar nýbyggingarráð lagði til, að vextirnir yrðu 2½%, með eftirfarandi: „Vextir þeir, sem Landsbankanum eru ætlaðir af skyldulánum til fiskveiðasjóðs, eru allt of lágir, og hlýtur það, þegar til lengdar lætur, að valda lægri vöxtum af sparifé í vörzlu bankans.“ Þetta segir bankinn, um leið og bankinn lánar útlendingum fyrir næstum enga vexti, eða 1%, en finnst allt of mikið, að Íslendingum sé lánað fyrir 2½%.

Þá tekur bankinn enn fremur fram í bréfi, sem hann skrifar nýbyggingarráði eftir að hann er búinn að fá þá yfirlýsingu af hálfu nýbyggingarráðs, að það séu ekki 300 millj., heldur 100 millj., sem seðladeildin eigi að lána fiskveiðasjóði:

„En það skal um leið tekið fram, að afstaða vor til frumvarpanna í heild er óbreytt eftir sem áður, þar sem vér lítum svo á, að sum helztu ákvæði þeirra brjóti í bága við meginreglur heilbrigðrar fjármálastefnu, og að þau þar af leiðandi gætu haft hættulegar afleiðingar fyrir þjóðarbúskapinn, ef þau yrðu að lögum.“

Við sjáum greinilega af þessari afstöðu, að bankinn álítur þær till., sem hér koma fram, hættulegar fyrir þjóðarbúskapinn og að þær brjóti í bága við meginreglur heilbrigðrar fjármálastefnu. Það er ekki hægt að segja ákveðnar af hálfu bankans, að þetta frv. sé óalandi, óferjandi og óhugsandi að framkvæma það og hættulegt, ef það yrði framkvæmt. Þetta er skoðun bankans, og hann lætur hana í ljós afdráttarlaust og skorinort með sæmilega kurteisum orðum í þessu bréfi. Þá segir seinna í sama bréfi: „Mikið skortir þó á, að með þessari breytingu verði komizt hjá hinum óheppilegu afleiðingum af því, að frumvarpið um fiskveiðasjóð gerir enn ráð fyrir sömu óeðlilega lágu vöxtunum af útlánum sínum, 2½%.“

Það er að vísu ánægjulegt máske að sjá, að það er á einum stað í þessu bréfi bankans gert ráð fyrir, að hann ráði ekki einn öllu saman, og ég ætla að lesa þann kafla. Þar segir svo:

„Varðandi það, sem segir í 2. lið greinargerðar nýbyggingarráðs, viljum vér taka fram, að nauðsynlegt er, að góð samvinna sé milli ríkisvaldsins og þjóðbankans, en stjórn Landsbankans telur, að vegna stöðu sinnar eigi hún að hafa mikið að segja við allar ráðagerðir um, hvaða stefnu beri að taka í peningamálum landsins, þó að það sé að sjálfsögðu Alþingi, sem hefur þar síðasta orðið.“

Það virðist samt eftir það, sem gerzt hefur í sjútvn., að bankinn líti svo á, að hann eigi að hafa síðasta orðið um, hvað ákveðið er á Alþ., þegar bankinn beygir meiri hl. n. svo, að hann leggur til það, sem hann hefði ekki kosið að leggja til, eins og þeir taka fram í sínu nál. Þeir hefðu kosið að framfylgja l. um fiskveiðasjóð, en þeir segjast vera knúðir af öðrum orsökum til að breyta frá þeirri sannfæringu og leggja til, að Landsbankinn fengi þetta.

Hjá stjórn Landsbankans gætir sama misskilningsins, að það er ekki verið að rýra aðstöðu seðlabankans, heldur verið að láta hann uppfylla skyldur sínar, og þar hefur Alþingi síðasta orðið, eins og bankinn fyllilega viðurkennir.

Eftir að Landsbankinn hefur hvað eftir annað lagt mjög eindregið móti málinu, leggur hann á móti því, að frv. séu lögð fyrir Alþingi. Það þarf því ekki frekar vitnanna við en stjórn Landsbankans lætur í té í sínu bréfi, hvað algerlega andstæð hún er þeirri stefnu, sem farið er inn á með frv. um fiskveiðasjóð, og við þurfum ekki heldur að fara í neinar grafgötur um það, að stjórn Landsbankans er andvíg þessu vegna þess, að hún er andvíg sjálfri nýsköpunarstefnu ríkisstj., og nú er þetta frv., sem hér liggur fyrir um fiskveiðasjóð, eitt aðalatriðið í framkvæmd ríkisstjórnarstefnunnar, þ. e. að tryggja framkvæmdina á því, að þessi lán verði virkilega veitt. Og nú vil ég spyrja: Dettur nokkrum manni í hug, sem hefur kynnt sér afstöðu stjórnar Landsbankans gagnvart þessu frv. og gagnvart öðrum meginatriðum í stefnu hæstv. ríkisstj., gagnvart stækkun flotans, sem þar er gert ráð fyrir, og gagnvart hinum lágu vöxtum, — dettur nokkrum manni það í hug, að með því að leggja framkvæmd málsins í hendur Landsbanka Íslands, þá verði þetta mál framkvæmt? Ég sé ekki betur en að með því að taka þá ákvörðun að ætla stjórn Landsbanka Íslands að framkvæma þetta mál, sé beinlínis verið að stefna að því að hindra framkvæmd þess. Ég vil lýsa því yfir, að eftir þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið frá stjórn Landsbanka Íslands meðan þetta frv. var í undirbúningi síðasta ár, þá geti enginn maður með heilbrigðri skynsemi borið traust til bankastjórnarinnar að framkvæma þetta mál.

Síðan þetta frv. kom fram á Alþingi hafa orðið breyt. á stjórn Landsbankans, og það mætti kannske ætla, að við þær breyt., sem þá hefðu orðið, hefði verið hægt að búast við, að Landsbankinn mundi taka eitthvað betur á framkvæmd þessa frv. Það hafa orðið þær breyt., að þar hefur komið nýr bankastjóri, Jón Árnason, og sá maður hefur áður látið nokkuð í ljós, hvaða stefnu hann vildi láta framfylgja í atvinnumálum Íslands. Í grein, sem Jón Árnason, núverandi bankastjóri Landsbanka Íslands, skrifar í október 1944, um það leyti sem verið var að mynda núverandi ríkisstj., þá kemur hann fram með þá till., að við Íslendingar leggjum 400 millj. kr., sem við ættum erlendis, á vexti, þar sem við gætum lánað það út. Hann segir í grein í Samvinnunni 7. okt. 1944, með leyfi hæstv. forseta: „Þá gætum við greitt allar ríkisskuldir landsins og átt eftir um 400 millj. króna, sem við gætum lánað erlendis. Með mjög hóflegum vöxtum ættu þessir peningar að gefa okkur í árlegan arð um 12 millj. króna. Það er álitleg fjárhæð, og hvílir sú skylda á bönkum landsins að ráðstafa þessu fé í trygg útlán erlendis.“

Stefna þessa nýja bankastjóra er því að ráðstafa þessum innistæðum í lán erlendis í staðinn fyrir að nota það fé, sem landsmenn eiga erlendis, til að kaupa ný tæki, svo að landsmenn geti framleitt meira og flutt út og fengið meira fé handa á milli, en hann leggur til, að 400 millj.

kr. verði lánaðar erlendis, sem muni gefa 12 millj. á ári.

Síðan, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur verið mynduð í október 1945, þremur mánuðum áður en hann verður bankastjóri og eftir að rúmt ár er liðið frá því, að nýsköpunarstefnan hefur verið ákveðin sem grundvöllur núverandi ríkisstj., þá ritar hann grein í Samvinnuna, sem heitir: Gæta ber fengins fjár. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þar að auki er það vitanlega hrein flónska, svo að ekki sé meira sagt, ef það er alvara stjórnarvaldanna, að kaupa 150 mótorbáta og 30 nýja togara í einu, þó að einhver bið kunni að verða á, að þessi tæki verði tilbúin.“ Stefna bankastjórans er þarna mjög greinileg, sem sé, að það sé hrein flónska að kaupa 150 nýja mótorbáta og 30 nýja togara. Ríkisstj. er búin að kaupa 30 nýja togara og 150 mótorbáta. Það er búið að framkvæma þetta verk. Landsbankastjórinn lýsir yfir, að það sé hrein flónska, og svo á að setja þennan mann til þess að hafa vald yfir því, hvort útgerðarmenn þessa lands og bátaeigendur þessa lands fá lán út á þessa 30 togara og 150 mótorbáta. Hann er búinn að lýsa yfir, að það sé flónska og vitleysa að verja fjármunum landsins til þess að kaupa atvinnutæki erlendis fyrir þá. Hann vill lána féð erlendis, en hitt er flónska að kaupa 30 nýja togara og 150 nýja báta, og það veit hver einasti maður, að bankastjóri Landsbanka Íslands er ekki vanur að gera það sem bankastjóri, sem hann álítur hreina flónsku. Það er engin skylda, ef frv. verður afgr. svona, að lána ⅔ eða ¾ af kostnaði, það er aðeins heimild og þess vegna hægt fyrir bankastjórnina að neita að lána.

Það hefur verið gengið út frá, að lán til kaupa á þessum atvinnutækjum væru viss. Það er því að bregðast útvegsmönnnum, sjómönnum og þeim bæjarfélögum, sem ákveðið hafa kaup á tækjum þessum, ef settur verður fóturinn fyrir þessar lánveitingar. Öll bæjarfélög og sjómannafélög hafa staðið með frv., og yfirlýsingar liggja fyrir frá stjórnmálaflokkunum í landinu um, að þeir séu fylgjandi frv. Það liggur því ósvinnu næst að ætla að fela höfuðóvini þessa máls framkvæmd þess. Það hefur líka komið ljóst fram, að stjórn Landsbankans hefur með ofríki beygt meiri hl. sjútvn. til að skemma frv. alveg á móti vilja nm., eftir því sem þeir hafa áður lýst. — Ég leyfi mér þess vegna að spyrja: Hvað er unnið við að losna við utanþingsstjórn, ef þm. er eftir sem áður stjórnað af utanþingsmönnum?

Ég hef fært hér rök fyrir því, að það er algerlega óviðunandi að afgreiða þetta mál þannig að fela stjórn Landsbankans, fjandsamlegustu klíku móti nýsköpuninni, að hafa framkvæmd þessara mála. Það er líka óskiljanlegt og óviðunandi, að þm. gefi yfirlýsingu um vilja á þingskjali, en verði svo vegna utan að komandi áhrifa að breyta móti vilja sínum, og væri fróðlegt að fá skýringu á slíkri framkomu.

Mér finnst undarlegt, hvað fáir þm. taka þátt í umræðum um þetta stórmál eða að minnsta kosti fylgjast með umræðum. Það virðist þó eðlilegra en að þeir láti utanþingsmenn segja sér fyrir verkum. Stjórn Landsbankans hefur lýst því yfir, að hún teldi vextina of lága eins og þeir eru ákveðnir í frv. nýbyggingarráðs. Með því að fela þessari stjórn framkvæmd málsins getur hún hækkað vextina, þegar henni sýnist, frá seðlabankanum. Afleiðingin er, að ríkissjóður verður að greiða mismuninn á þeim vöxtum, sem stjórn Landsbankans ákveður, og þeim, sem frv. ákveður. Þetta þýðir, að Landsbankastjórninni er gefið óbeint vald til þess að skattleggja ríkissjóð. Mér virðist, að þm. þurfi að gera sér vel ljóst, hvað slíkt þýðir. (*Fjmrh.:* Á hverju byggir þm. þetta álit?) Ég byggi það á því, að stjórn Landsbankans ræður vöxtum seðlabankans, en seðlabankinn lánar síðan stofnlánadeildinni, en ríkið er í ábyrgð og stofnlánadeildin hefur ekkert ákvörðunarvald. Ríkið hlýtur því að verða að borga þegar tap er.

Það eru ýmis fleiri atriði þessa máls, sem ég hefði gjarna viljað ræða, en ég ætla ekki að gera það nú. Nýbyggingarráð hefur samið þetta frv., og það er í fullkomnu samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur samþ. Við viljum því fá tryggingu fyrir, að framkvæmdin verði örugg, en þá tryggingu fáum við ekki með því að fela Landsbankastjórninni framkvæmdina.

Ég læt þetta svo útrætt í bili, en er reiðubúinn að ræða þetta frekar síðar.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Nd., 2. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði um þetta mál almennt, — í fyrradag ætla ég, að það hafi verið, — og mun ég því ekki fara mikið út í það að ræða málið almennt, heldur aðeins drepa á nokkrar aths., sem fram hafa komið hjá nokkrum þm. út af einstökum ákvæðum l. þessara.

Hv. frsm. minni hl. komst þannig að orði í framsöguræðu sinni, að aldrei hefði verið stigið djarfara spor með lánveitingar á Íslandi en með þessu frumvarpi. Ég ætla, að þetta sé réttmæli hjá honum, og er það að ýmsu leyti varhugavert spor, sem hér er stigið. Það er í fyrsta lagi óhætt að segja, að fyrir atbeina Alþ. hafi aldrei verið stofnað til eins stórkostlegra lánveitinga og hér eru til umr. Og í öðru lagi er að vissu leyti farið djarflegar í lánveitingar en tíðkazt hefur, þ. e. öllu hærri lánveitingar til einstakra fyrirtækja en tíðkazt hafa á Íslandi, og eru kannske djarfari ákvæði um það en þekkzt hefur yfirleitt um lánveitingar annars staðar. Og í þriðja lagi er svo tekin upp djarfleg stefna að því er vexti snertir, þar sem gert er ráð fyrir að binda vaxtafótinn í lengri tíma við hámarksvexti 2½%, og mun þetta líka vera einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Hitt þarf ekki að benda á, hvað það er, sem veldur því, að svo djarft er teflt, sem raun ber vitni. Það, sem liggur til grundvallar fyrir því, er sú skoðun, sem meiri hl. Alþ. hefur hallazt að, að Íslendingum sé nú meiri þörf á því en nokkrum öðrum, að í fljótum svip verði aukinn skipastóll landsmanna og að reynt sé að búa þannig að þeim atvinnuvegi, sem hefur verið höfuðatvinnuvegur Íslendinga síðustu ár, sjávarútveginum, að hann geti þróazt á eðlilegan hátt og

að sú þróun verði sem allra örust. Það er augljóst mál, að ef atvinnuvegir landsins geta ekki verið reknir af krafti og atorku á næstu árum, þá verður erfitt fyrir landið að standa undir þeim miklu kröfum um fjárframlög, sem nú eru gerðar af hálfu hins opinbera. Þegar Ísland varð fullvalda ríki á næstsíðasta ári, þá voru afleiðingarnar óhjákvæmilega þær, að ýmis útgjöld ríkissjóðs hlutu að aukast stórkostlega. Það kostaði Íslendinga mikið fé að taka utanríkisþjónustuna í sínar hendur. Íslendingar hafa einnig auðgazt á undanförnum árum, og afleiðingin hefur orðið sú, að kröfur á hendur ríkissjóði hafa aukizt, óeðlilega ört má kannske segja, og ég get ekki neitað því, að ég hef álitið, að þar hafi ekki gætt nægilegrar forsjálni, að kröfurnar hafi verið reknar meira af kappi en forsjá. En hins vegar verðum við að horfast í augu við þá staðreynd, að með þær kröfur verður ekki snúið aftur. Það verða, meðan Íslendingar hafa úr einhverju að spila, gerðar harðar kröfur. En skilyrðið fyrir því, að Íslendingar geti undir þeim staðið, er, að atvinnuvegirnir geti blómgazt. Þessi djarflega till. um lánveitingu til sjávarútvegsins og annarra fyrirtækja, sem standa í beinu sambandi við hann, verður því réttlætt með nauðsyn landsins til þess að efla og styrkja þessa miklu atvinnugrein. Aðferðin, sem notuð er, að leggja á seðlabankann skyldur til þess að leggja fram allmikið af því lánsfé, sem hér er ráðgert að veita í þennan atvinnuveg, með lágum vöxtum, réttlætist af þeirri bjartsýni, sem nú er ríkjandi, að skipastóllinn, svo framarlega sem hann verður efldur nú á næstunni, sé líklegur til að gefa þær tekjur á næstu árum, að allmiklu a. m. k. af lánsfénu verði aftur skilað á tiltölulega fáum árum. Það er augljóst mál, eftir því sem hingað til hefur verið litið á starfsemi seðlabankans, að þá væri lítt verjandi að binda svo mikið fé í þeirri lánveitingu, ef ekki væri trú á því, að atvinnuvegirnir mundu skila fénu tiltölulega fljótt aftur. Og á það má auðvitað benda, að þau ákvæði, sem ætlazt er til að verði lögfest með þessu frv., brjóta að ýmsu leyti í bága við þau ákvæði, sem eru í núgildandi bankalögum.

Þetta er nú það, sem ég vildi segja almennt um málið. Ég skal svo bæta við, viðvíkjandi því, sem fram hefur komið hjá hv. frsm. minni hl. og hv. 2. þm. Reykv., að þær breyt., sem meiri hl. sjútvn. hefur lagt til, að gerðar verði á frv., sem sé að færa lánastarfsemina frá fiskveiðasjóði til nýrrar deildar í Landsbankanum, stefni málinu í hættu. Ég held, að þetta sé fullkominn misskilningur hjá þessum hv. þm., og sannast að segja er ég næsta undrandi yfir því, að þm. á Alþ. tala um þjóðbankann eins og hann væri nokkurs konar óvinur ríkisins. Það hafa þeir því miður gert, og að mínu viti fullkomlega að ástæðulausu. Það er rétt að vísu, að Landsbankinn hefur bent á ýmis atriði í því frv., sem upphaflega var lagt fyrir um fiskveiðasjóð, sem hann hefur álitið orka tvímælis og talið of djarfleg, en við því er ekkert að segja. Það er æskilegt í alla staði, að málið sé athugað frá öllum hliðum, og ætti það að verða til þess, að löggjöfin yrði einmitt betur undirbúin.

Það hefur verið um það rætt hvað eftir annað af þessum hv. þm., að Landsbankinn hafi sýnt fjandskap þeim till., sem gerðar hafa verið af hálfu þings og stjórnar. En ég hef áður á það minnzt hér á Alþ. og þóttist færa þá full rök fyrir því, að þessi staðhæfing væri alveg úr lausu lofti gripin, og ég get enn bætt því við nú, að síðan umr. fóru fram um þetta á síðasta hausti, hef ég í ýmsum efnum þurft á aðstoð bankans að halda, og ég segi það sannast sagna, að ég hefði ekki getað óskað mér betri viðskipta og betri undirtektar undir þau mál, sem ríkisstj. hefur orðið að sækja til Landsbankans, en hún hefur fengið í hverju einasta máli.

Það er um það rætt af hálfu þessara hv. þm., af því að Landsbankinn hefur látið í ljós efasemdir um réttmæti ýmissa ákvæða, að þá sé vafasamt að setja honum í sjálfsvald, að hve miklu leyti lánsheimild þessarar löggjafar verði notuð. Þeir draga í efa, hv. þm., að Landsbankinn muni nokkurn tíma lána nema kannske lítinn hluta af því, sem löggjöfin heimilar. Mér er ekki vel ljóst, á hverju hv. þm. byggja þessa skoðun sína. Það er tvennt, sem þarna kemur til greina. Í fyrsta lagi, að yfirstjórn Landsbankans, sem er falin bankaráði, sem kosið er af Alþingi, er þannig skipuð, að í bankaráði eiga sæti, að því er ég bezt veit, fjórir góðir stuðningsmenn núverandi ríkisstj. og þar með einn flokksbróðir þessara þm., og jafnvel annar þm. sjálfur á sæti í bankaráðinu sem varamaður. Venjan er sú, að í nýjum stefnumálum sem þessum er það bankaráð, sem markar starfsviðið, og ræður í höfuðdráttum, hvernig á þessu er haldið. Ég skil ekki, hvaða ástæður þessir þm. hafa til þess að væna bankaráð Landsbankans um, að það hafi tilhneigingu til þess að eyðileggja þá löggjöf, sem hér er í ráði að setja. Ég hef a. m. k. enga ástæðu til að ætla, að bankastjórn hafi nokkra tilhneigingu til þess að reyna að draga úr lánveitingum fremur en hver önnur sjóðsstjórn mundi gert hafa. Hér kemur og annað sjónarmið til greina. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum lánveitingunum, og bankastjórnin er því ekki að lána á áhættu bankans sjálfs, heldur á áhættu ríkissjóðs. Og hvaða ástæðu hún geti haft til þess, þegar ríkissjóður ber alla áhættuna, að snúast gegn þingi og stjórn í þessu máli, fæ ég ekki séð. Ég sé ekki, hvaða skynsamleg ástæða geti verið til þess að væna bankastjórnina um það. Hitt vil ég svo benda á, sem hefur verið bent á áður, að það væri í hæsta máta óeðlileg aðferð að taka af þjóðbanka landsins eigi alllítinn hluta af stofnfé hans og fela það annarri lánsstofnun til útlána. Þetta væri fyrst og fremst ég vil segja alveg óskiljanleg aðferð gagnvart þeirri stofnun, sem ríkið sjálft, löggjafarvald og landsstjórn á hverjum tíma hljóta að styðjast við í fjármálum þjóðarinnar. Það mættu a. m. k. liggja fyrir meir en litlar ávirðingar af hálfu stjórnar þeirrar stofnunar, sem þannig væri með farið, og ég held, að megi fullyrða það, að ef sú aðferð hefði verið viðhöfð, væri hún algert einsdæmi fyrr og síðar.

Vitanlega er það hreinasta fjarstæða, sem slegið hefur verið fram í ræðum og blöðum, að

Landsbankinn hafi á nokkurn hátt kúgað Alþ. eða ríkisstj. í þessu máli. Að sú leið hefur verið valin, sem væntanlega verður farin í þessu máli, stafar af því, að meiri hl. Alþ. hefur ekki talið æskilegt að velja þá leið, sem lagt er til í því frv., sem kom fram í nýbyggingarráði upphaflega. En fyrir utan það, hvað þessi aðferð væri með öllu óeðlileg gagnvart Landsbankanum, að svipta hann miklum hluta af fé hans, má á það benda, að frá praktísku sjónarmiði væri þetta mjög óhagkvæmt. Landsbankinn er svo stór stofnun, að hann getur mjög vel séð um þetta, án þess að það kosti nokkra teljandi peninga. Ég skal ekki segja, hvort hann þyrfti að bæta við sig einum starfsmanni. En ef aftur á móti ætti að setja upp lánsstofnun fyrir þessa lánastarfsemi, mundi það ekki verða gert öðruvísi en með ærnum kostnaði.

Hv. frsm. minni hl. lagði á það mikla áherzlu, að gert hefði verið ráð fyrir því í upphafl. frv., að 3 manna n. hefði átt að hafa yfirumsjón með lánveitingunum, og sagði, að það hefði verið trygging fyrir því, að farið hefði verið að óskum þings og stjórnar um lánveitingarnar. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, hvaða trygging er fyrir því, að þingkosin nefnd fyrir fiskveiðasjóð hefði farið að óskum þings og stjórnar um lánveitingarnar frekar en þingkosið bankaráð Landsbankans. Ég held, að ríkisstj. og löggjafarvaldið hljóti að hafa svipaða aðstöðu til þess að hafa áhrif á báðar þessar stofnanir, og ef ástæða er til að ætla, að bankaráð Landsbankans sjái sig út til þess að draga úr lánveitingunum, þá held ég, að það gæti einnig komið fyrir með nefndina, því að hvorugt getur komið fyrir nema þannig, að bendingar komi um það frá hærri stöðum; þ. e. annaðhvort frá þinginu eða ríkisstjórninni. Ég held því, að það geti ekki orkað tvímælis, að það hafi verið réttara ráðið að fela Landsbankanum sjálfum að annast þessa lánastarfsemi en að fela það annarri stofnun. Ég held, að hvernig sem á þetta er litið, hvort heldur frá sjónarmiði bankans, ríkisins eða þeirra, sem viðskiptanna njóta, þá verði þetta hagkvæmasta fyrirkomulagið. — Mér þykir rétt í þessu sambandi að drepa á eitt atriði, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég því miður ekki heyrði alla, því að ég var á ráðherrafundi nokkuð af þeim tíma, sem hann hélt ræðu sína í gær. Hann hélt því fram, — og ég verð að játa, að sú skoðun kom mér á óvart, — að bankanum væri sett sjálfsvald um það, hvaða vexti seðladeildin tæki. Mér datt í hug sá möguleiki, að mér hefði sézt yfir ákvæði í frv., sem hægt væri að draga þessa ályktun af, og hef ég því athugað frv. vel síðan. En ég get ekki betur séð en þessi skilningur sé á engum rökum reistur. Í 10. gr. frv. á þskj. 315 er svo fyrir mælt, að vextir af lánum skuli ákveðnir af ráðh., en þó ekki vera hærri en 2,5%. Með þessum ákvæðum í 10. gr. eru sett takmörk upp á við fyrir þeim vöxtum, sem seðladeildin gæti tekið af stofnlánadeildinni. Vextir geta aldrei farið yfir 2,5%. Hitt er svo augljóst, að ef þessi lánsstofnun kemur til framkvæmda á þann hátt, sem fyrirskipað er, geta vextir aldrei komizt upp í þetta. Fyrst og fremst er þess að gæta, að þó að kostnaður Landsbankans við þessa deild verði ekki mikill, þá kemur einhver frádráttur. En í öðru lagi er ekki hægt að hugsa sér, að þetta komi til framkvæmda á þann veg, sem nú er hugað, heldur verði að gefa út vaxtabréf, hversu mikið fer eftir því, hvað mikið af skylduinnlögum kemur í stofnlánadeildina, hvað mikið er notað af nýbyggingarsjóðunum og hvað kann að verða lagt inn sem vaxtalaust fé í stofnlánadeildina. En það er augljóst, að stofnlánadeildin þarf ekki að gefa mikið út af vaxtabréfum til þess, að veruleg skerðing verði á þessum 2,5% hámarksvöxtum, sem hugsanlegir væru, því að það er ekki einn stafur um það í frv., að ríkissjóður eigi að bera vaxtahalla af þessu, og stofnlánadeildin er skyldug til að lána út með 2.5% vöxtum. Það hlýtur því að fara svo, að eftir því sem meira er gefið út af vaxtabréfum, því lægri verða þeir vextir, sem seðladeildin getur tekið af stofnlánadeildinni, og hugsanlegur væri sá möguleiki, að seðladeildin fengi enga vexti, ef þyrfti t. d. að gefa út svo og svo mikið af vaxtabréfum með 4% vöxtum. Það er því augljóst, að ekki þarf að gefa mikið út af bréfum til þess að sá hugsanlegi hæsti vaxtakvóti lækkaði allmikið úr 2.5%. Ég held því, að hv. þm. þurfi ekki að bera neinar áhyggjur út af því, að seðladeildin auðgist mjög af þessum viðskiptum. Það er nokkurn veginn augljóst, að það hlýtur að fara svo, að seðladeildin fái a. m. k. ekki hærri vexti en hún hefur haft af ávöxtun fjár erlendis. En eins og kunnugt er, eru það mjög lágir vextir, sem þar eru greiddir. Hitt er svo ríkisvaldinu fullkomlega heimilt, að kveða svo á, að jafnvel engir vextir skyldu greiddir af þessu fé, þingið hefur fullt vald til þess. Hitt er svo annað, hvort eðlilegt er að skylda bankann til þess að lána allmikið af starfsfé sínu án vaxta, og það er alveg rétt, sem fram hefur komið, að það, að þessi lági vaxtakvóti sé ákveðinn, hlýtur að hafa áhrif á innlánsvexti í bönkum.

Þá hefur verið nokkuð um það rætt, af frsm. minni hl. a. m. k., að brtt. liggi fyrir um það á þskj. 626 að takmarka nokkuð þau fyrirtæki, sem heimilt væri að lána fé til. Ég álít, að þessi takmörkun orki tvímælis. Hv. frsm. minni hl. benti á, að ástæðulaust væri að lána fé til dráttarbrauta, af því að samkv. gildandi hafnarl. væri kostur á að fá styrk eða lán úr ríkissjóði til þess að gera dráttarbrautir. Þó að þetta sé rétt, að möguleikar standi til þessa, þá get ég ekki komið auga á, hvaða skynsemi er í því að spyrna á móti því, að það opinbera leggi fram eitthvað fé til þess að koma upp slíkum fyrirtækjum.

Það er í öðru orðinu verið að tala um það, og það réttilega, að æskilegt væri, að meira af einkafjármagninu kæmi inn í atvinnureksturinn. En þessar till. hv. þm. sýnast smámiða að því að sporna á móti því, að svo verði. Það er alveg öfugt við það, sem hv. 2. þm. S.-M. lagði mikla áherzlu á, að það ætti að reyna að fá einkafjármagnið inn í atvinnureksturinn, og ég er honum sammála um það. Ég skal í því sambandi geta þess, að ég álít, að enn þá sé ekki séð fyrir endann á því, hvað mikið einkafjár-

magn fari í atvinnureksturinn. Það hefur verið beðið eftir því, hvernig þessu máli reiddi af, og ég ætla það ekki of mikla bjartsýni að búast við því, ef vel tekst um lausn þessa máls, að þá muni meira af einkafjármagninu koma inn í atvinnutækin en nú er, og ég álít rétt að gera það, sem hægt er, til þess að svo megi verða. Ef á annað borð á að stefna að því, að atvinnureksturinn verði áfram í höndum einstaklinga, þá ber einkafjármagninu skylda til þess að draga sig ekki í hlé nú, þegar þjóðfélaginu ríður hvað mest á, að það sé notað. Ég álít því, að þessar till. séu sízt til bóta, og ég vildi fyrir mitt leyti mæla gegn því, að þær verði samþ. Og það mætti kannske impra á því, að ástæða gæti verið til að hafa ákvæðin víðtækari en nú er í till. meiri hl.

Ég sé ekki, að skynsamleg ástæða sé til þess að útiloka lánveitingar til flutningaskipa. Íslendingar hljóta að verða að keppa að því að annast sína flutningaþörf sjálfir. Og þó að það verði að játast, eins og nú standa sakir, að hjá okkur er miklu meiri tilkostnaður við flutningaskip en hjá nágrannaþjóðunum, þá hlýtur þetta áður en langt um líður að breytast í það horf, að íslenzk flutningaskip geti orðið samkeppnisfær við flutningaskip annarra þjóða, og ég veit ekki, að hverju Íslendingar ættu fremur að keppa en að verða sjálfum sér nógir á þessu sviði. En ég get ekki séð, að mikil hætta stafi af þessu. Það er kunnugt, að Eimskipafélagið, sem er stærsti aðilinn í þessum efnum, hefur þegar gert ráðstafanir til þess að afla sér nokkurra skipa, og ég geri ekki ráð fyrir, að það mundi nota sér þessa heimild, a. m. k. ekki í stórum stíl, þótt til væri. Það hefur safnað það miklum sjóðum, að ég ætla, að það geti byggt meiri hlutann af þeim skipastól, sem það hefur ráðgert að koma upp á næstu árum, án verulegrar lántöku. Eimskipafélagið kæmi því ekki til greina, a. m. k. er ekki líklegt, að á næstu árum kæmu til greina mjög stórar fjárhæðir í þessum efnum. Hitt er ekki eðlilegt, að fyrirtæki, sem vildu ráðast í það að afla sér flutningaskipa, t. d. frystiflutningaskipa, olíuskipa og jafnvel almennra vöruflutningaskipa, væru útilokuð frá þessum hagkvæmu lánskjörum. Það getur aftur á móti komið til greina að flokka fyrirtækin, eins og gert er ráð fyrir í till. minni hl., að viss fyrirtæki hafi ekki rétt til lánveitinga nema því aðeins, að öllum fyrirtækjum, sem meira þætti um vert að kæmust á laggirnar, væri fullnægt áður. Ég vil í þessu sambandi aðeins drepa á það, sem fram kom hjá hv. 2. þm. S.-M., að það er ekki sennileg staðhæfing hjá honum, að vaxandi ótrú á verðgildi peninganna sé þess valdandi, að menn vilji ekki kaupa atvinnutækin nú. Ef svo væri í rauninni, að menn treystu ekki á verðgildi peninganna og þætti einsýnt, að íslenzka krónan mundi falla, þá sýnist liggja í augum uppi, að þeir ættu að nota tækifærið til þess að ná í atvinnutækin. Og ef svo færi, sem ég vil ekki spá, að gjaldeyrir landsins félli, virðist liggja í augum uppi, að minni hætta sé á, að atvinnutækin falli líka í verði. Sé það því rétt hjá hv. þm., að það muni ganga treglega að fá einkafjármagnið inn í atvinnureksturinn, þá ætti það að minu viti frekar að benda til þess, að menn hafi trú á gildi peninganna, menn séu óhræddir við að eiga peninga eða verðbréf, af því að þeir treysti því, að þeir muni ekki falla í verði.

Annað atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. S.-M., vildi ég drepa á. Hann hélt því fram, að sú stefna, sem farið er inn á í þessu frv., yrði aldrei réttlætt með því, að seðladeild Landsbankans ætti nú miklar innistæður, og hann hélt því fram, að það væri ekki hægt að gera hvort tveggja, að lána peningana út og nota þá til þess að kaupa atvinnutæki inn í landið. Ég skil ekki vel, hvernig hv. þm. hefur fengið þetta inn í höfuðið svona, af því að mér sýnist það liggja í augum uppi, að það, sem ætlazt er til að hér verði gert, sé það að lána út á erlendar innistæður til þess að kaupa atvinnutæki inn í landið, þetta samrýmist því ákaflega vel út af fyrir sig. En hitt vildi ég benda honum á um leið, að þessi stefna er ekki óeðlileg, og sú skoðun, sem kom fram hjá honum og maður hefur heyrt víða, að hér sé verið að eyða erlendum innistæðum að óþörfu, hún er ákaflega fjarri öllu lagi. Sannleikurinn er sá, að einasti möguleikinn til þess, að við getum haldið okkar erlendu innistæðum, er sá, að við getum aukið okkar framleiðslu og vöruflutninga úr landinu. Ef við ætlum að halda áfram að reyna að fullnægja þeim miklu kröfum um innflutning, sem eðlilegur er eftir 15—16 ára svelt, þá verðum við að auka útflutninginn stórkostlega, og hann getum við því aðeins aukið, að við fáum ný atvinnutæki til landsins. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að frá því sjónarmiði séð, hvernig við getum haldið okkar gjaldeyrisjöfnuði í framtíðinni, þá sé hér rétt ráðið, jafnvel þó að við gerðum ráð fyrir einhverri verðfellingu. Hv. 2. þm. S.-M. hefur í brtt. sinni á þskj. 627 lagt til, að sá vaxtahalli, sem kann að verða á þessum lánveitingum, verði lagður í ríkissjóð, að ríkissjóður greiði þann vaxtamismun, sem verður á útlánum stofnlánadeildarinnar og þeim lántökum, sem hún verður að standa undir. En ég verð að játa það, að ég sé ekki, hver rök eru fyrir þessu, a. m. k. ekki að svo vöxnu máli. Það kann að verða örlítill halli á þessum lánveitingum, og ég get ekki séð, hvaða nauðsyn knýr til þess að leggja þau útgjöld á ríkissjóð. Yfirleitt er erfitt að skilja þarna á milli ríkisins og bankans, því að það eru stofnanir, sem eru svo nátengdar hvor annarri, að það skiptir ekki miklu máli, jafnvel þó að vaxtahalli yrði hjá bankanum, þótt bankinn taki þetta á sig í nokkur ár. En við verðum að gæta þess að ofbjóða ekki bankanum, þannig að hann geti ekki staðið undir sínum skuldbindingum. Hann verður að geta vaxið með eðlilegum hætti, þannig að hann geti fullnægt sínum mikilvægu verkefnum í þjóðfélaginu. En ég held, að erfitt sé að færa rök fyrir því, að með þessum ákvæðum frv. sé honum bundinn svo þungur baggi, að hætta sé á því, að hann geti ekki þróazt á eðlilegan hátt.

Þá er eitt atriði, sem ég vildi minnast á, það er viðvíkjandi nýbyggingarsjóðnum. Á þskj. 631 er lagt til, að lán megi ekki nema hærri fjárhæð

en sem svarar virðingar- eða kostnaðarverði eignar að frádreginni eign lántakanda í nýbyggingarsjóði, hafi lántakandi gert ráðstafanir, o. s. frv. Út af fyrir sig er ekki mikið við þessa till. að athuga, og því skipti í rauninni ekki neinu máli, þó að hún yrði samþ. En ég held, að till. sé óþörf eins og búið er að breyta frv. Ég skil ekki þá fjármálavizku, að rokkur maður fari að taka lán og borga 2,5% vexti og láta svo aftur nýbyggingarsjóð sinn inn í stofnlánadeildina og fá enga vexti af honum. Þetta er næstum óhugsandi, að menn gerðu. Ef einhver vildi gera þetta, mætti hann stofnlánadeildarinnar vegna gera það, því að hallinn hlyti að lenda á honum sjálfum.

Ég vildi svo að endingu minnast á það, að þessi að ýmsu leyti djarflega till. hefur verið réttlætt með því, að menn hefðu trú á, að allmikill hluti af því fé, sem ætlazt er til, að seðladeildin leggi fram, skili sér fljótlega aftur. En til þess að svo geti orðið, er augljóst, að annaðhvort verður að gera breyt. á núgildandi skattalöggjöf eða á reglunum um afskriftir af atvinnutækjum. Þetta mál hefur verið rætt innan ríkisstj., og hygg ég óhætt að segja, að innan skamms tíma komi fram hér á Alþ. frv. um að auka afskriftir af öllum atvinnutækjum, sem komin eru upp í tiltekin árabil. En vitanlega á það að vera skilyrði fyrir þeim afskriftum, að allt andvirði þeirra verði notað til þess að greiða af lántökum. Nú er það að vísu svo, að heimild til afskrifta út af fyrir sig er ekki nægileg. Það verður líka að vera hagnaður á rekstrinum. En öll þessi viðleitni byggist á þeirri trú, að ástandið í heiminum sé þannig, að reikna megi með því sem líklegu, að atvinnutækin muni aðallega og einvörðungu starfa að framleiðslustörfum og þá fyrst og fremst á sjávarafurðum og þau geti á næstu árum skilað sæmilegum hagnaði, ef skynsamlega er að unnið. Hvort þessi von rætist eða ekki, þýðir ekki að vera með staðhæfingar um. Hitt verða menn að gera sér ljóst, að á þessu veltur, hvort sú viðleitni, sem hér er verið að gera til endurreisnar íslenzku atvinnulífi, blessast eða ekki.

Einar Olgeirsson: Hæstv. fjmrh. hefur komið nokkuð inn á það, sem ég sagði í gær. Hann sagði, að það væri óeðlilegt að taka fjárráðin yfir þessum lánum úr höndum aðalbanka landsins og láta það til annarrar stofnunar og þetta væri einsdæmi. Mér er þessi röksemdafærsla óskiljanleg. Seðlabankinn hér hefur tvenns konar hlutverk. Í fyrsta lagi að veita seðla út í atvinnulífið, og er til þess ætlazt, að hann veiti peninga til annarra peningastofnana. Með því að stjórna þannig fjármálum landsins á hann að koma í veg fyrir hagsveiflur. Í síðara lagi er honum svo ætlað að stunda venjuleg fjármálaviðskipti. Þessum tveimur hlutverkum mega menn svo ekki rugla saman.

Ég segi það, að ef menn taka svona nærri sér að taka af stofnun þessari fjárráð, sem ekki koma seðlabankanum neitt við, þá verður óhjákvæmilegt **að hafa seðlabankann alveg sérstaka** stofnun.

Það hefur komið fram í skrifum og ummælum um þetta mál, að menn átta sig ekki á því, að taka megi peninga frá seðlabankanum til þess að disponera fé út í atvinnulífið. Þetta er starf seðlabankans, að lána öðrum peningastofnunum fé. Ef það er orðið svo mikið tilfinningamál fyrir bankastjóra seðlabankans, sem jafnframt eru bankastjórar fyrir annarri bankastarfsemi, að lána fé út úr stofnuninni, þá verður, virðist mér, bara að sameina alla bankastarfsemi undir þennan eina banka. Samkvæmt þessu ætti t. d. ekki að lána fé til Ræktunarsjóðs Íslands, sem nú heyrir undir Búnaðarbankann, heldur leggja hann undir Landsbankann og kalla Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég held, að þessi röksemdafærsla geti ekki staðizt. Ég held, að þetta sé hjákátlegt, að vegna þess að stofnunin er nú í augnablikinu undir annarri stjórn, þá þurfi að setja á stofn aðra, svo að þær verði tvær, Stofnlánadeildin og Fiskveiðasjóður. Það verður að öðrum kosti að fara að stjórna Landsbankanum eftir öðrum reglum. Það verður óhjákvæmilegt að gera seðlabankann að sérstakri stofnun, óháðri Landsbankanum sem venjulegri bankastofnun.

Hæstv. ráðh. segir, að hér sé ekki um neina kúgun að ræða frá bankans hálfu, heldur sé þingvilji fyrir þessari breytingu. En þar eð atkvgr. hefur enn ekki farið fram, er í raun og veru ekki hægt að segja um það.

Í nál. meiri hl. sjútvn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nm. hefðu yfirleitt kosið, að till. nýbyggingarráðs hefðu náð fram að ganga (sbr. þó fyrirvara EystJ um skyldulánin). En þar sem eigi var kostur á að fá samkomulag um það, hefur meiri hluta n. þótt nauðsyn bera til að fallast á hina breyttu tilhögun o. s. frv. ....“ Hér er það sagt, að nm. hefðu kosið að fara eftir till. nýbyggingarráðs. Það er því ekki rétt, að meiri hl. hafi talið þetta æskilegt. Hitt er svo allt annað mál, hvað hægt er að teygja meiri hl. Alþ.

Þá hlýtur hæstv. ráðh. að vera um það kunnugt, að Landsbankinn hefur í hálft ár staðið gegn till. nýbyggingarráðs, og sjálfur hefur hann vafalaust átt einhvern þátt í því að teygja hv. þm. undir þennan vilja bankans. Hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki rétt, að Landsbankinn hafi verið á móti málinu, og spyr, hvers vegna menn séu hræddir við, að hann mundi ekki framkvæma það á æskilegasta hátt. Hann vill láta líta svo út, sem bankaráð ráði í rauninni mestu. En mín reynsla er sú, að það séu bankastjórarnir, sem raunverulega ráði útlánastarfseminni, því að bankaráð kemur saman aðeins tvisvar í mánuði og venjulega á mjög stutta fundi og varpar svo venjulega áhyggjum sínum yfir á hina reyndu bankastjóra.

Ég lýsti því í gær, hvers vegna ég vantreysti núverandi stjórn bankans. Ég hef hér bréf, sem bankastjórn Landsbankans skrifaði nýbyggingarráði á sínum tíma, og vil ég leyfa mér að lesa kafla úr því: „Það skal um leið fram tekið, að afstaða vor til frumvarpanna í heild er óbreytt eftir sem áður, þar sem vér lítum svo á, að sum helztu atriði þeirra brjóti í bága við meginreglur heilbrigðrar fjármálastefnu og að þau þar af leiðandi gætu haft hættulegar af-

leiðingar fyrir þjóðarbúskapinn, ef þau yrðu að lögum.“ Nú hafa að vísu komið aðrir menn í bankaráð og nýr maður orðinn bankastjóri, en hann hefur líka lýst yfir því, að kaup á 30 nýjum togurum og 150 vélbátum væri hreinasta glapræði.

Hæstv. ráðh. hefur vafalaust þá reynslu sem fyrrverandi bankastjóri, að hann lánar ekki út á fyrirtæki, sem hann telur hreinustu flónsku. Og með tilliti til þessa finnst mér, að hann geti ekki láð mér, þó að ég telji ekki þessa menn þá heppilegustu til að stjórna útlánum til svona fyrirtækja, sem þeir álíta glapræði. Þegar Landsbankinn hefur í 6 mánuði barizt gegn frv. og hrópar síðan: Látið mig bara fá framkvæmd þess í hendur, þá finnst mér ekkert undarlegt, þó að ég sé dálítið skeptískur á framkvæmdir í höndum hans.

Hæstv. ráðh. kom svo inn á vextina, er ég minntist á í gær. Það getur verið, að hjá öðrum hvorum okkar sé þar um misskilning að ræða. Ég hafði skilið ábyrgð ríkissjóðs gagnvart bankanum svo, að það þýddi, að ríkissjóður tæki ábyrgð á rekstri stofnlánadeildarinnar í heild, og að hér væri um að ræða öll lán, sem fiskveiðasjóður fengi. En það má vera, að þetta sé ekki rétt skilið hjá mér og ábyrgðin nái ekki til rekstrarins. Ef það er rétt, að skuldbinding ríkissjóðs gildi líka hvað snertir reksturinn, þá verður þetta rétt með því, að Landsbankinn hafi rétt til þess að lána Stofnlánadeildinni með þeim vöxtum, sem honum þóknast, því að ríkissjóður borgar þá mismuninn. Ilins vegar verður þetta rangt hjá mér, ef ríkissjóður tekur ekki ábyrgð á skakkaföllum. (*Fjmrh.:* Má ég benda á, að í 2. málsgr. 4. gr. er ekkert vaxtaákvæði, þar sem talað er um, hve seðladeildinni sé skylt að lána mikla upphæð til fiskveiðasjóðsins?) Síðasta ákvæðið í þessari gr. er nú um það, að ríkisstjórnin ábyrgist allar skuldbindingar fiskveiðasjóðs gagnvart seðladeild Landsbankans. Annars þætti mér vænt um, ef hæstv. fjmrh. leiðrétti mig um þetta atriði og skýrði frá því, hvernig hann skilur það, því að það er nauðsynlegt, að það sé alveg ljóst, með hvaða kjörum seðlabankinn láni þetta fé. Það er gert ráð fyrir, að munurinn á þessum 1½% vöxtum, sem bankinn lánar sjóðnum með, og 2½%, sem lánað er með út úr honum, verði í rauninni sá gróði, sem þarf til þess að standast kostnað, sem leiða mundi af skakkaföllum.

Þá vildi ég rétt koma inn á það atriði frv., er hæstv. ráðh. gerði að umræðuefni, hvað mikið skyldi lána til hinna ýmsu fyrirtækja. Það er alveg gefið, að þessar 100 millj. kr. ganga upp á fáum mánuðum. Ef gera á ráð fyrir að lána mikið fé út á fyrirtæki utan fiskveiðiflotans sjálfs, þá nægir þetta fé aðeins skammt. Og það er alveg bráðnauðsynlegt, þegar ríkið er að taka svona miklar ákvarðanir, lána út svona mikið fé, að þá verði þessu hagað á sem allra praktískastan hátt. Við getum tekið dæmi: Hér í Reykjavík kæmu t. d. tvær dráttarbrautir til með að sækja um lán, 3—3½ millj. hvor, og mundi til samans gera um 6—7 millj. kr. Þetta mundi samsvara því útlenda fé, sem þeir þyrftu annars að fá. Þetta mundi taka 6—7 millj. kr. úr sjóðnum frá bátakaupunum. Ef þessi félög réðu sjálf, þá yrðu hér tvær mjög svipaðar dráttarbrautir. Hins vegar hefur ríkissjóður fengið samþ. heimild til þess að veita Reykjavík lán til þess að koma upp dráttarbraut. Og það hefur enga sérstaka þýðingu í þessu sambandi, hvort fyrirtækið er bærinn eða einhver annar aðili. Aðalatriðið er, að það heppilegasta væri, að þetta væri aðeins eitt fyrirtæki. Ef fyrirtækið væri aðeins eitt, væri ekki ausið fé til óþarfa, sem leiddi af, ef fleiri væru.

Ég vil taka þetta fram vegna þess, að við ætlum okkur hér að fara að stjórna útlánastarfsemi gegnum ríkið, og þá munum við sjá það oft og reka okkur á það, að óhjákvæmilegt er, að þetta sé allt sem bezt organiserað. Við höfum ekki efni á því í okkar litla þjóðfélagi, að reisa tvö fyrirtæki, þar sem eitt nægði, enda mundi það koma á daginn, ef þessar dráttarbrautir yrðu tvær, að þær mundu keppa hvor við aðra, þar til að önnur færi á hausinn, og þá mundi það sterkara kaupa hitt upp.

Þessu vildi ég bara skjóta fram, vegna þess að þetta er dæmi, sem fer að endurtaka sig í fjöldamörgum tilfellum. En hitt vildi ég minna á, að þessi upphæð, 100 millj. kr., er ekki miklu meira en fiskveiðasjóðsframlagið, og því er ekki ástæða til þess að vera hræddur við kaup á þessum skipum. Aðalatriðið í þessu efni fyrir mér er það, að þetta stórmál verði tryggt í framkvæmd. En ég hef ekki trú á, að það sé tryggt í framkvæmd með því að fela stjórn Landsbankans að framkvæma það, einmitt vegna þess, hve hatramlega bankastjórar Landsbankans hafa barizt á móti nýsköpuninni, og vegna þess, hve það hefur komið greinilega í ljós, að þeir eru andvígir þessu máli. Þess vegna er ég andvígur því, að brtt. meiri hl. sjútvn. verði samþ.

Umr. frestað.

Á 101. fundi í Nd., 3. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði meðal annars að svara hinni furðulegu ræðu forsrh., og vildi biðja hæstv. forseta að grennslast eftir, hvort hann geti ekki verið viðstaddur.

Forseti (BG): Ef hv. 2. þm. S.-M. mælir því ekki í gegn, mun ég gefa hv. þm. Vestm. orðið, ef hæstv. forsrh. kynni að verða viðstaddur síðar.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er ekki þannig, að ég sé að fara í kapphlaup við hv. 2. þm. S.-M., en mér þykir leitt, ef málið tefst meir en orðið er. Margir þeir, sem keypt hafa Svíþjóðarbátana, eru þegar farnir að sækja þá og þurfa á aðstoð að halda hið bráðasta.

Þeir hv. 2. þm. S.-M. og hv. 2. þm. Reykv. hafa talað mikið um þetta mál, og sé ég ekki ástæðu til að tala langt mál eða svara þeim aths., sem fram hafa komið, enda er það svo, að ég hef svipaða afstöðu um sumt, sem hefur verið fundið að, þótt ég hafi fallizt á að sveigja nokkuð af leið til að tefla málinu ekki í tvísýnu. Af þeim ástæðum hef ég fallizt á að fela hinni nýju

stofnun í Landsbankanum á hendur þessa lánastarfsemi, þótt mér hefði verið geðfelldara, að fiskveiðasjóður hefði haft hana með höndum. Hitt vil ég ekki taka undir, að nokkur ástæða sé til að vantreysta Landsbankanum í þessu máli, en vitanlega er hver frjáls að sinni skoðun þar um, og hirði ég ekki um að rökstyðja það nánar að svo stöddu. En hitt hygg ég, að megi fullyrða, að mikil átök hefðu orðið um þetta mál hér innan þingsins, ef meiri hl. í sjútvn. hefði ekki sveigt til fyrir vilja fjármálastjórnarinnar um stjórn þessarar stofnunar. Ég lít svo á, að það sé svo mikilsvert atriði, að meginmálið gangi fram og lánsstofnunin komist á fót, að nokkuð sé til þess vinnandi. Enn fremur verður ekki annað séð en að við, sem sitjum í nýbyggingarráði, fáum óskir okkar uppfylltar.

Varðandi gagnrýni, sem fram kom hjá hv. frsm. minni hl. viðvíkjandi 2½% vöxtunum, get ég látið nægja að vísa til ræðu hæstv. fjmrh., og er ég í meginatriðum samþykkur þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf. Hv. 2. þm. S.-M. hefur komið með þær sömu aths. og hann bar fram við 1. umr. Hann er ósamþykkur þeim fjáröflunarleiðum, sem farnar eru, og kannske ósamþykkur þessu öllu, þó að hann láti til leiðast. En sú fjáröflunarleið, sem hann bendir á, er nú orðin nokkuð tíð og engin fullvissa fyrir því, að þessi lánsstofnun hefði fengið nægilegt fé með því að nota þá aðferð. Einkum ber þess að gæta, að þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, eru fjárfrekar og þola enga bið. Þess vegna er þýðingarlaust að tildra upp frv., sem ekki hefur áreiðanlegan sjóð til að byggja á. Með því að fara þá leið, hefðum við fengið frv., sem lofaði miklu á pappírnum, en yrði erfitt í framkvæmd. Þetta er fyrir þá, sem þurfa að nota þessi lán, sem hér um ræðir. Fyrst er það, að á þann hátt yrði ríkissjóður að greiða ekki litla fúlgu sem milligjöf milli vaxta, sem ætlazt er til, að teknir séu af viðskiptamönnum. Og þetta yrði að greiðast af þeim, sem vaxtabréfin keyptu, hver sem það yrði. Annars er það undarleg fullyrðing hv. 2. þm. S.-M. að halda því fram, að sú leið, sem nýbyggingarráð stakk upp á, sem sé sú, að gera Landsbankanum skylt að lána fé með ákveðnum vöxtum, væri sprottin af vantrausti á ríkisstjórninni. Þessi hv. þm. er alltaf að leita að tilefni um vantraust á þá, sem ráða hér nú. Það, sem nú kemur fram hjá þessum hv. þm., er þetta hornauga, sem hann gefur öllum framkvæmdum, sem menn hafa með höndum, og sérstaklega það, sem snertir framkvæmd hinnar yfirlýstu stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er þetta hornauga, sem hann gefur nú þessum aðgerðum nýbyggingarráðs, þegar hann vill leggja þær út sem vantraust á hæstv. ríkisstjórn af hendi tillögumanna. Það er fjarri því, að svo sé, og verður ekki séð, á hvað grunni sú skoðun byggist hjá hv. þm. Síðast hélt hv. þm. líka því fram, að stefna hæstv. ríkisstj. væri að fæla menn frá að leggja einkafjármagn í fyrirtæki. Ég verð að halda því fram, og byggi það á talsverðri persónulegri reynslu nú síðustu mánuðina, að það er svo að sjá, sem einkafjármagnið hafi sig hreint ekki minna í frammi nú, nema síður sé, hvað viðvíkur því að afla sér framleiðslutækja, en áður var. Við sjáum það bezt á þeim mönnum, sem eiga erindi í nýbyggingarráð, að það er langt frá því, að menn séu mjög tregir til að leggja fé sitt í kaup á skipum og vélum og til þess að koma upp iðjuverum í iðnaði í mörgum greinum. Ég efast um, að nokkurn tíma hafi menn á jafnstuttum tíma á landi hér hafizt handa jafnalmennt og í jafnstórum stíl í þessu efni og nú. Hitt er svo annað mál, og þarf engan að undra, að þessar framkvæmdir kalla á meira fé en þeir, sem fyrir þeim ætla að standa og taka þátt í, hafa yfir að ráða. Þess vegna verður, eins og raun er á orðið, að telja það nauðsyn að opna mönnum leið að lánsfé í ríkara mæli en áður hefur verið. Menn ganga sannarlega að verki með talsvert meiri bjartsýni en ríkti í stjórnartíð þessa hv. þm. Svar frá hinum ráðandi stjórnarherra, sem var hv. 2. þm. S.-M., til manns, sem ætlaði af afla sér flutningaskips og gat fengið það með hlægilega lágu verði, var á þá leið, að stjórnarvöldin hefðu ekki interessu fyrir slíkum hlutum. Menn hafa á undanförnum mánuðum gengið að því með öðru hugarfari en þessu að afla skipakaupa og efla flotann. Og margir eru þeir, sem verða að leggja að veði allar eigur sínar þrátt fyrir það, þótt þeir hinir sömu hafi orðið að leita eftir lánsfé. Ég get ekki séð, að þessi almenni framfaravilji hjá þjóðinni sé vottur þess, að menn skorti yfirleitt traust á þessari ríkisstj. frekar en áður hefur verið. Það er ekkert óalgengt fyrirbæri, að menn treysti misjafnlega ríkjandi stjórnum. En þótt hv. 2. þm. S.-M. geti ekki treyst ríkjandi stjórn, þarf hann ekki endilega að leggja þannig út gerðir þeirra manna, sem að þessu frv. standa, að þeir vantreysti hæstv. ríkisstjórn. Það er einmitt þvert á móti. Sú vinna, sem nýbyggingarráð hefur lagt í þetta mál, hefur verið gerð í trausti og bjartsýni á störfum núverandi ríkisstj. og samkomulagsvilja hennar, þrátt fyrir það, þótt í einhverju kunni að greina á um leiðir til að ná þessu marki.

Hv. þm. hefur margkomið að því og lagt á það áherzlu, að með því að Landsbankinn lánaði þetta fé í þessu skyni, væri verið að ýta undir verðbólguna í landinu. Það hefur verið tekið fram til að mótmæla þessu, að það er erfitt að skilja það, að verið sé að ýta undir verðbólgu, þótt tekið sé útlent fé og keypt fyrir það togarar eða mótorbátar og byggð hraðfrystihús. Að minnsta kosti er ekki verið að búa til neina verðbólgu með því. En fjármálapólitík undanfarinna ára, og í henni á hv. þm. sinn drjúga hlut, hefur búið til verðbólgu alveg vísvitandi. Ef til vill man hv. þm. það, að þegar hann var ráðh., á árunum 1931—39, óx mjög verzlun við Þýzkaland, og reyndin varð sú, að það var orðið með beztu sölulöndum fyrir íslenzkar afurðir, jafnt sveita- og sjávarafurðir. Gerður var clearingsamningur milli landanna 1931. Þegar stríðið skall á og lokið var viðskiptum milli landanna, þá var fjarri því, að við ættum neitt hjá Þjóðverjum, en þeir áttu hjá okkur 3 millj. kr. og eiga sennilega enn part af því. Þetta er ekki þessu máli viðkomandi hugsar hv. þm. kannske, en þó — þá var fjármálapólitíkin sú undir yfirstjórn hv. 2. þm. S.-M., að ríkismörkin þýzku fengust ekki

afreiknuð fyrr en þau seldust aftur. Þeir, sem seldu vörur til Þýzkalands, áttu inneign í Landsbankanum og hann hjá Deutschen Bank, en þeir fengu ekki afreiknaða sína peninga heima fyrr en Landsbankinn var búinn að selja mörkin Pétri og Páli, sem keyptu vörur til landsins fyrir þau. Um þetta er svo sem ekki nema gott eitt að segja. Þetta var varkárni á hæsta stigi í þessum efnum. Það var ekki hætta á því, að ýtt væri undir verðbólgu með þessari aðferð. En svo skeður það nokkrum árum seinna, að þessi banki afreiknar frosna peninga, fleiri tugi millj. kr. Millj. eru afreiknaðar og engar hömlur eða skorður við því settar, að seðlaflóðið fari til almennings og skapi eftirspurn eftir vörum og eignum. Svo kemur allt setuliðsféð, sem streymdi gegnum bankann. Ég veit ekki til þess, að þess sjáist neins staðar merki, hvorki meðan þessi hv. þm. var í stjórn né heldur aðrir, sem sátu, meðan þetta flóð stóð sem hæst, að reynt væri að hafa hömlur á því, að þetta fé kæmi allt í umferð. Þvert á móti, það hefur komizt í umferð og skapað mestu ringulreið og vitanlega vaxandi verðbólgu. Sama er að segja um það fé, sem bankinn hefur fengið fyrir útfluttar vörur á þessum tímum. Ekki varð ég var við, að þjóðbankinn eða þm. yfirleitt hafi reynt að reisa skorður við því, að verðbólga hlytist af þessum öra straumi peninga inn í landið á stríðsárunum. Sá straumur er hættur nú fyrir löngu og var það, þegar till. nýbyggingarráðs komu fyrir bankans augu. En þá er eins og bankinn hafi fyrst augun opin og sjái, að einhver verðbólguhætta sé framundan. Síðan hefur hv. 2. þm. S.-M. bergmálað þessa skoðun bankans gegn þeirri till. frv. að láta Landsbankann lána fiskveiðasjóði til kaupa á nýjum framleiðslutækjum eða til byggingar á þeim.

Ég hef þá lítillega drepið á helztu agnúa, sem hv. 2. þm. S.-M. finnur á þessum till. Hann flytur brtt. samkv. sinni skoðun, sem hann vill túlka hér. En ég get ekki annað en tekið undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að það hefði verið allt of ótraustur grundvöllur til að byggja á, að ætla sér að fá lántökuna eingöngu með sölu á verðbréfum, fyrir utan nú það, að þá hlyti að koma að því, að ríkissjóður yrði að taka á sig stórar byrðar til að jafna metin. En hvað sem þessir lærðu fjármálaspekingar segja um þetta mál, þá er erfitt að fá okkur leikmennina í þjóðfélaginu til að trúa því, að það sé sérstaklega glæfralegt á þeim tímum, þegar þjóðbankinn á hundruð millj. kr. í erlendri valútu eða gjaldeyri, sem hann fær litla eða enga vexti af, að breyta innistæðunum í íslenzka seðla og lána fé Íslendingum með lágum vöxtum, en þó mun hærri en bankarnir fá í útlöndum, til þess að hrinda af stað hinum nýju átökum í framleiðslumálum þjóðarinnar, sem stjórnin hefur gerzt aðaltalsmaður fyrir. Og allir flokkar, líka sá flokkurinn, sem er í andstöðu, vildu undirbúa þetta með því að taka frá eins miklar fjárfúlgur og taldar voru nægar og á síðasta þingi lögfestar í því skyni. Ég held það hafi orðið ofan á, að það yrðu 300 þús. kr., sem lagðar skyldu til hliðar til að kaupa framleiðslutæki fyrir. Og hv. 2. þm. S.-M. veit það vel, að hans flokkur var með stórkostleg yfirboð á þessu sviði. En þegar til framkvæmdanna kom, var augljóst, að athafnamennirnir í þjóðfélaginu gátu ekki komið áformum sínum í framkvæmd nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess, að þeir ættu aðgang að miklu meira lánsfé í þessu skyni en áður var. Þetta kom berlega fram í hverju einasta viðtali, sem menn áttu við okkur í nýbyggingarráði varðandi útvegun og fyrirgreiðslu á framleiðslutækjum. Hin eðlilega afleiðing varð svo sú, að nýbyggingarráð fór að búa til till. til að greiða úr þessari þörf landsmanna. Nú er það vitað og viðurkennt, að sjávarútvegurinn hefur búið við ákaflega erfið vaxtakjör á undanförnum árum og það var fyrir löngu orðin þörf á því að fá þeirri stefnu breytt. Þetta er eiginlega mergurinn málsins, höfuðefni þessa frv., og það nær fram að ganga, þótt það kannske verði ekki nákvæmlega í því formi, sem við höfum kosið. Ég tel það megi sætta sig við þessa afgreiðslu, þótt stofnlánadeildin en ekki fiskveiðasjóður fari með lánin.

Ég get svo að þessu sinni látið útrætt um þetta mál og beðið átekta.

Forseti (BG): Vegna ummæla í upphafi ræðu hv. þm. Vestm. þykir mér rétt að taka fram, að hv. þm. var veitt orðið á undan hv. 2. þm. S.-M. vegna þess, að með því móti sparaðist tími. Hv. 2. þm. S.-M. hafði óskað eftir því, að hæstv. forsrh. hlýddi á ræðu sína, og sendi ég boð til hæstv. forsrh. Þótti forseta því rétt að veita hv. þm. Vestm. orðið á meðan beðið var, því að biðtíminn var óviss. Í upphafi ræðu sinnar talaði hv. þm. Vestm. um mjög seina afgreiðslu 5. dagskrármálsins og lét orð í því sambandi falla á þá leið, að þetta mál hefði verið látið lafa síðast á dagskránni. Nú vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm. Vestm., hvort þessi orð beri að skilja svo, að hann áliti, að forseti sé að tefja fyrir málinu með þessari afgreiðslu.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þar sem hæstv. forseti leggur fyrir mann spurningar, verð ég að biðja um orðið til að svara. Ég hef að vísu ekki haldið því fram, að hæstv. forseti hafi verið að tefja fyrir málinu, en hins vegar virðist svo, sem hann áliti málið ekki neitt hærra sett en mörg önnur mál, sem hafa verið samferða á dagskránni og hafa fjallað um langtum óverulegra efni, en gengið þó framar á skránni að dómi hæstv. forseta.

Forseti (BG): Ég þakka. Ég vil benda hv. þm. Vestm. á, að það skiptir ekki neinu máli, í hvaða röð málið er á dagskránni. Forseti velur málin til umr. oftast með tilliti til þess, hvort gera má ráð fyrir, að þau nái fljótt fram að ganga eða ekki eða verði langar eða stuttar umr. um þau. Þau, sem búast má við, að verði fyrir litlum töfum, eru oft tekin fyrst. Þetta mun líka hv. þm. Vestm. hafa hugmynd um, þar sem hann hefur verið alþingisforseti.

Eysteinn Jónsson: Já, ég heyri, að hæstv. forseti hefur gert ráðstafanir til þess að láta hæstv. forsrh. vita, en nú er liðin ein klukku-

stund, og hann er enn ekki mættur. Það væri æskilegt, að hann væri viðstaddur þessar umræður. Ég víti framkomu hæstv. forsrh. fyrir að láta ekki sjá sig, og þá sjaldan að hann sést hér í deildinni, þá er hann á hlaupum.

Mér finnst furðulegt að heyra hv. þm. Vestm. tala um tafir á máli þessu. Meiri hl. sjútvn. er búinn að tefja þetta mál í hálft ár. Þeir eru búnir að vera með málþóf fram og aftur, hæstv. forsrh. og fjmrh. og hv. þm. Vestm., þannig þrír í röð. Hv. 2. þm. Reykv. hélt hér málþófsræðu eins og fyrri daginn.

Áður en ég svara, ætla ég að minnast á tvö atriði, sem eru óskyld þessu máli. Þessi hv. þm. sagðist ekki hafa orðið var við, að ég hefði neinar leiðir, nein úrræði fyrr en nú. Ég get sagt, að þegar ég var ráðh., reyndi ég að binda nokkurn gjaldeyri og komst ég það langt að binda nokkurn hluta togarainnistæðnanna erlendis, en sjálfstæðismenn afnámu strax þennan lokaða reikning. Þessi hv. þm. hefur í frammi slúðursögur um gjaldeyrismálin og talar um, að illa hafi verið á þeim haldið, og bendir á nýsköpunina í því sambandi. Ég er óhræddur við þann samanburð. Hagskýrslur sýna, að á árunum frá 1934—1938 var meira fé fest í atvinnutækjum en næstu 10 árin á undan. Hvað viðkemur innflutningi skipa, þá eru ósönn ummæli hv. þm. Vestm. Það var beinlínis skorað á alla að reyna að festa kaup á fiskiskipum, ef hægt væri, áður en stríðið skylli á. Gjaldeyrisskortur var þá í landinu og ekki var hægt að borga skip út í hönd.

Það hefur verið fundið að till. minum í þessu máli. Þetta byggist á því vantrausti, að almenningur vilji ekki kasta fé sínu til kaupa á ríkisskuldabréfum. Á þessari vantrú byggist það, að verið er að reyna að lögbjóða þjóðbankanum að leggja fram fé til þessa sjóðs. Er meiningin að búa til nýtt fjármagn? Nei, hv. meiri hl. segir, að þetta sé ekki meiningin. En er þá ekki hægt að fá þetta fé með frjálsum hætti? Þeir segja, að það sé ekki hægt. Ég vil benda hv. þm. á þetta hættulega fordæmi. Hvar eru takmörkin? Geta þeir ekki seinna skyldað menn til þess að lána í eitthvað annað? Það gæti komið einhver annar aðili og heimtað 20, 30 eða 40 milljónir.

Mig undrar málflutningur hv. þm. Vestm. Á móti hinum erlendu innistæðum stendur sparifé landsmanna, og ef ekki á að koma fram mismunur, verður fjármagn að koma, sem festist. Ef festa á seðladeild Landsbankans, verður bankinn að auka seðlaútgáfuna. Sé slíkt gert, þá er verið að stefna að verðbólgu. Með þessu er fjármagnið jafnlaust og menn geta heimtað fé sitt úr bankanum, og þá verður að auka seðlaútgáfuna. Ég er hissa á því, að þetta skuli rætt hér á hæstv. Alþingi. Allir ættu að vera klárir á þessu fyrir löngu.

Það er alls ekki af gamni, að þjóðirnar hafa reynt að festa fjármagnið. Ég vara við þessari leið. Ég tel, að hægt hefði verið að fara hina, og held því fram, að hún sé betri. Það er talið, að greiða þyrfti hærri vexti, ef farin væri sú leið, sem ég benti á. Ég vil benda á, að þetta er rugl í hugum manna. Hvar er fjármagnið? Það hlýtur að vera, að annaðhvort verður bankinn að greiða lægri vexti af sparifé landsmanna eða taka hærri vexti af lánum. Er nokkuð mætara að taka fé af sparifjáreigendum eða af rekstrarlánum? Er ekki eins gott að taka fjármagnið eftir skattstiga?

Hv. 2. þm. Reykv. hélt hér furðulega ræðu og hélt því fram, að fjármagnið yrði tekið af útgerðinni, ef mín leið væri farin. Þetta er furðuleg fjarstæða, en er sannleikur, ef málið fer eins og meiri hl. vill. Þá verða vextirnir teknir af fé viðskiptamanna bankans. Mér þætti furðulegt, ef útgerðin borgaði minna, ef farið væri eftir því, sem ég legg til. Þetta stafar af þeim kvíða, að hægt sé að fá fé með eðlilegu móti.

Nýbyggingarráð hefur bitið sig í það, að fjárfesting og lán innanlands séu í samhengi. Þetta eru tvö óskyld mál, sala gjaldeyris til kaupa og hitt, hvernig eigi að fara að útvega lán innanlands. Nei, betra er að ganga hér hreint til verks. Ég held, að hér hafi ekkert fram komið, sem mæli á móti því, að leið mín sé eðlileg, og ég fullyrði það þrátt fyrir mótbárur hæstv. ríkisstjórnar. Það er hægt að ná í fjármagn með þessu móti. Ég tel nú hv. þm. Vestm. svarað.

Ég vil nú víkja að hv. 2. þm. Reykv. Hann talaði um þetta eins og hann einn vissi skyn á þessu, og varð niðurstaðan í ræðu hans eftir 1½ klukkustund, að eftir því, sem ég legði til, þá ætti að reka gamaldags og úrelta peningapólitík, en tillögur nýbyggingarráðs væru að reka peningapólitík eftir vissu „plani". Já, heyr á endemi. Ég veit annars ekki, hvað þetta á að þýða. Hann segir, að þetta sé til þess að hafa vald á innistæðunum. Það er nú svo, að lausafé í landinu er ófest með öllu, þó að seðlabankinn sé skyldaður til þess að leggja fram þessar 100 milljónir. Þetta er því til þess að skapa enn minna vald yfir fjármagni því, sem til er. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. heldur fram, er því algert öfugmæli. Mín leið er sú, að reyna að fá fjármagnið með frjálsum hætti, og þá er það fé, sem næst á þann hátt, ekki laust, en leið þessa hv. þm. er gagnstæð. Hann vill láta lögbinda þjóðbankann, en láta fjármagnið leika lausum hala. Óvitlausir menn vita þetta, og það er bókstaflega furðulegt af stjórnarmeirihl. að hengja sig þannig upp á vegg. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á, hve erfitt verður að stöðva þessa skriðu, er beiðnunum rignir inn í seðlabankann um að kaupa skuldabréfin. Ég veit, að fjmrh. er á móti þessu, þó að hann hafi látið dragast út í þetta eins og svo margt annað. Ég vil því skora á hæstv. fjmrh. að athuga þetta.

Ég læt nægja þetta svar til hv. 2. þm. Reykv. Ókvæðisorð hans um Landsbankann koma mér ekki við. Landsbankinn er gyðingur í augum hv. 2. þm. Reykv., sem hann ofsækir og er óvinur hans.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði: „Hefur þessi hv. þm. gert sér ljóst, hve mikið fé þyrfti að festa á næstu misserum og næstu árum?" Ætti ekki frekar við að spyrja hv. 2. þm. Reykv. um þetta og þá í nýbyggingarráði? Það ætlaði nýbyggingarráð að byrja að gera áætlanir um, en sveik það. Þeir eru nokkuð loftkenndir þessir menn. Þessi hv. þm. sagði, að hér þyrfti að festa þúsund

milljónir. Þá spyr ég: Verður ekki þá einhvern tíma þungt undir fæti, er byrja þarf við fyrstu 100 millj. að skylda Landsbankann til að lána? Þessir menn eru svo trúlitlir, að þeir treysta sér ekki að ná inn eitt hundrað millj. eftir venjulegum leiðum. Ég vil biðja hv. þdm. að hugsa um þetta. Mér hefði fundizt, að hæstv. fjmrh. hefði átt að leggja til, að farin yrði önnur leið í þessu. Það er ekki aðeins varhugavert að skylda Landsbankann til þessa, heldur er hættulegt að fara inn á þá leið að skylda Landsbankann, því að ef hún væri tíðkuð, þá leiðir það til þess, að það verður að auka seðlaútgáfuna eða menn fara að frysta inneign sína í bönkunum.

Þá minntist hæstv. ráðh. á brtt., sem við hv. 6. landsk. flytjum, og sagði, að ekki væri rétt að spyrna við, að dráttarbrautir fengju lán úr sjóðnum. En ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um þetta. Ég álít, að það eigi bara að hleypa sjávarútvegsmönnum í sjóðinn, og held því fast við þessa till., að „slippir" fái því aðeins lán, að þeir séu reknir á vegum útgerðarinnar. Þetta eru styrktarlán og þessi vaxtafótur er lægri en tíðkast í frjálsum viðskiptum, og hans eiga ekki aðrir að njóta en þeir, sem stunda sjávarútveg.

Hæstv. ráðh. sagði, að menn mundu leggja strax í fyrirtækin. En þetta getur ekki staðizt. Margir munu ekki treysta því, að hægt verði að nota svo lágan vaxtafót í stofnlánum, en verja fé sínu þegar vaxtafóturinn er hærri. Það er gefið mál, að ef menn vilja leggja í mikið, þá vilja þeir láta sjóðinn standa vaxtalausan til að fá svo hærri vexti seinna. Ég er þeirrar skoðunar, að um þetta verði að vera ákvæði í löggjöfinni. Það er áhætta í þessum lánum og ekki ástæða fyrir ríkið að hætta fé, nema einstaklingar leggi líka á móti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, sem hæstv. fjmrh. sagði.

Þá kem ég að hæstv. forsrh., sem er nú ekki viðstaddur að venju. Hann hljóp hér um og hreytti úr sér nokkrum orðum. Ég lét falla orð á þá leið, að það væri verðbólgustefnan, sem orsakaði, að farið væri inn á þessa braut. En hæstv. forsrh. notaði tækifærið og minntist á dýrtíðina og ærðist að venju. Hann sagði, að það þýddi ekki að vera alltaf með þennan dýrtíðarsón og að það hefði verið ósvinna að standa á móti kauphækkun. Öðruvísi mér áður brá. Árið 1942 sagði þessi maður um gerðardómslögin, en þau voru sett til að stöðva kauphækkun, að þessi stöðuga kauphækkun væri þjóðarböl, og hann gekk svo langt, að líkja dýrtíðinni við þá verstu plágu, sem gengið hefur, svartadauða. Þó segir hann nú, að það hafi verið ósvinna að ætla að standa gegn dýrtíðinni. En það eru bara allir hættir að taka mark á því, sem þessi ráðh. segir, því að hann hefur svo oft lýst sig ómerkan og gerir allt til að veita sjálfum sér vegtyllur. Hann snerist gegn dýrtíðinni á meðan hann fékk að vera í ríkisstj., en nú segir hann, að það hefði verið ósvinna og fávitaháttur, ef farið hefði verið að hans eigin ráðum, bara til að hanga í ríkisstjórn. Hann sagði, að ég hefði breytt um skoðun. En ég hélt því fram á meðan á samningum stóð um stjórnarmyndun, að kauphækkunin ætti að stöðvast, nema hjá þeim, sem byggju við lægri laun en aðrir, sem ynnu sams konar störf. En hann sneri við blaðinu á einni nóttu og tók að semja við kommúnista til að hækka kaup þeirra, sem höfðu hæsta kaupið. Allar þessar vesælu tilraunir hæstv. forsrh. til að koma þessu á aðra eru sprottnar af því, að hann sjálfur hefur gert sig sekan um hringlandaháttu. En enginn undrast, þótt slíkur maður segi, að aðrir séu á förum sömu leið og hann. Þetta minnir mann óneitanlega á söguna af manninum, sem sagði: Grípið þjófinn, á meðan hann var að stela.

Sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. er skoðanalaust rekald, en stendur í þeirri meiningu, að hann sé leiðtogi. Hann vinnur það til valdanna að eiga alltaf von á þessari hýðingu, þegar hann minnist á þessi mál.

Annar vitnisburður, sem hann hefði e. t. v. viljað hlusta á, ef hann fengist til að hlusta á það, sem þm. hafa að segja, er í Morgunblaðinu 6. janúar, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „.... því að vafalaust er þessum flokkum ljóst, að samtímis, sem þessar kröfur eru gerðar, er viðhorfið þannig hjá bátaútvegi landsmanna, að vafasamt er, hvort nokkur fleyta fer á sjó á vertíð þeirri, sem nú fer í hönd. Vonandi tekst þó ríkisstjórninni að greiða þannig úr þessum málum til bráðabirgða, að eigi komi til stöðvunar. Þó er allt í óvissu um, hvort menn fáist á bátana. Og fullvíst er, að verði enn hert á kröfum landsmanna, rekur að því, að enginn maður fáist á fiskibátana." Og þetta er satt, þótt það standi í þessu málgagni.

Hæstv. forsrh. sveikst um framkvæmd gerðardómslaganna. Framsfl. vildi ekki taka þátt í stjórninni nema dýrtíðarmálin yrðu leyst. Síðan hæstv. ráðh. tók að sér að mæla fyrir dýrtíðinni, þá hefur hann haldið fram þeirri staðhæfingu, að verðbólgan hafi verið notuð til að dreifa stríðsgróðanum. Og hvernig hefur þetta svo tekizt? Við skulum leiða sem vitni stærsta verkalýðsfélag landsins. Trúnaðarráð Dagsbrúnar lýsir þannig ástandinu og því, hvernig dreifing stríðsgróðans hefur tekizt, sbr. rökstuðning trúnaðarráðs Dagsbrúnar fyrir uppsögn Dagsbrúnarsamninganna í ársbyrjun 1946: „Samt sem áður hefur það komið í ljós, að þrátt fyrir þessa grunnkaupshækkun veitist verkamönnum, sem eiga við lægsta grunnkaupið að búa, æ erfiðara að framfæra fjölskyldur sínar."

Í tímariti Alþýðusambandsins 1946 segir í ávarpi forseta Alþýðusambandsins: „Fyrir vanmátt og úrræðaleysi valdhafanna hefur ósamræmið milli verðlags og kaupgjalds verið svo launþegunum í óhag vegna falskrar vísitölu og svikins verðlagseftirlits, að kauphækkanir þær, sem verkalýðurinn náði 1942 og síðar 1944, eru að engu orðnar." Þetta er ekki vitnisburður Framsóknar, heldur frá forseta verkalýðssamtakanna. Og hvernig lýsir svo Þjóðviljinn þessu. Hann kemst svo að orði snemma á árinu 1946: „Sannleikurinn er sá, að hlutur verkamanna er mun lakari nú en hann var fyrir nokkrum árum." Og enn fremur segir Þjóðviljinn, að ógerlegt sé að lifa mannsæmandi lífi af tekjum hinna lægst launuðu manna. Samband íslenzkra útvegsmanna hefur lýst yfir, að hag smáútgerð-

arinnar í landinu hafi sífellt farið hnignandi síðan 1942. Og hvað mundu bændur svo segja? Það er ekki haldinn svo fundur, að ekki hafi verið mótmælt þeim búsifjum, sem þeir verða fyrir.

Hverjir hafa þá grætt? Hverjir hafa fengið stríðsgróðann? Það er óuppgert, og það má ekki gera það upp. Meiri hluti Alþingis heldur verndarhendi yfir skattsvikunum og er á móti því, að ráðstafanir verði gerðar til að vita, hvað hefur orðið af stríðsgróðanum. Fyrir kosningar sagði Ólafur Thors ekki, að verðbólgan væri til að dreifa stríðsgróðanum, þá var hann ekki kominn á verðbólgufylliríi. En hvílík er þá ekki orðin saga þessara manna, ef það er rétt, sem þeir sögðu þá, en dásama nú verðbólguna. Ég skil hæstv. ráðh. vel, þegar hann ærist, er hann minnist á verðbólguna, en það er ekki hægt að komast hjá því að taka á þessum málum. Bæði hæstv. forsrh. og fjmrh. hafa sagt, að það væri ósamræmi í minum málaflutningi, því að ef menn væru hræddir við gengishrun og vildu ekki kaupa ríkisskuldabréf, þá mundu þeir leggja í fyrirtæki. En hæstv. ríkisstj. hefur tekizt að halda mönnum hræddum við hvort tveggja, bæði að kaupa skuldabréf og leggja í framleiðsluna. Verðbólgubraskararnir eru þeir einu, sem eru óhultir og óhræddir.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það væri ósamræmi í því hjá mér, að ég væri að deila á ríkisstj. fyrir útlánastarfsemi, en væri jafnframt að tæla hana til að lána út á einstök fyrirtæki. Þessi ummæli hæstv. forsrh. gefa mér tilefni til að segja nokkur orð um þetta atriði.

Stjórnarandstaðan lagði til í upphafi, að það væri ákveðið, hvaða stuðnings einstaklingar og félög mættu vænta til að afla þeirra tækja, sem þeir óskuðu að komast yfir. Það var eðlilegt, að þessi leið væri farin, fyrst ákveðið um stuðning til kaupa á tækjunum og síðan leitazt fyrir um, hvaða tæki væru fáanleg og hagkvæmust, á meðan unnt var að fá þau, en síðan mátti bjóða einstaklingum og bæjarfélögum að kaupa þessi tæki. En eins og kunnugt er, var ekkert ákveðið um, hverrar aðstoðar mætti vænta, heldur hljóp ríkisstj. í það að kaupa 30 togara og svo og svo mikið af mótorbátum, án þess að vitað væri, hvort nokkrir vildu eignast þessi skip. Og nú hefur reynslan orðið sú, að menn vilja ekki leggja fé sitt í þessi tæki. En tækin eru keypt og ríkið hlýtur að greiða þau, m. ö. o., ríkið hefur keypt þessi skip og þau verða rekin einhvers staðar á landinu. Vitanlega er hér um stórkostlega áhættu að ræða fyrir ríkið, þar sem það kemur til með að ganga í ábyrgð fyrir mestum hluta kostnaðarverðs tækjanna, þótt þau verði á annarra nöfnum. Þegar svo er komið, þá er spurningin: Hvernig á að dreifa tækjunum um landið? Eiga þau öll að fara hér til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þar með draga allt landsfólkið hingað, eða á að dreifa þeim út um landið? Þetta er sérstakt vandamál, og ég vil eindregið svara þessu á þann hátt, að það eigi að dreifa skipunum út um landið, úr því að þau eru komin.

Ég vildi taka þetta fram út af ummælum hæstv. forsrh. Enn þá er ekkert komið í ljós um, hvaða leið verður valin í þessu efni, en ætla mætti, að hæstv. ríkisstj. hefði einhverjar till. fram að bera um það efni.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það hefur verið ákveðið að skera nokkuð niður umr. um þetta mál eða takmarka ræðutíma við 10 mínútur. Ég satt að segja var alveg hissa, þegar ég heyrði þessa tilkynningu. (*Forseti:* Ég vil taka fram nú þegar, að ég fell frá því að skera niður umr. á þann hátt, sem ég lýsti yfir í gær, en það væri mjög æskilegt, að hægt væri að ljúka umr. á þessum fundi. Hv. 6. landsk. þm. er því ekki bundinn af þessari yfirlýsingu). Mér þykir vænt um að heyra það, en ég skal taka það hins vegar fram, að það er ekki ósk mín að tefja umr. um þetta mál. Ég mun því reyna að stytta mál mitt eins og ég get, en hins vegar hafa verið gefnar allmiklar ástæður til að ræða þetta mál á mjög breiðum grundvelli. Það var hv. 2. þm. S.-M., sem leiddi þessar umr. inn á mjög almennan og breiðan grundvöll. Hann kaus sér að ræða dýrtíðar- og verðlagsmál almennt í sambandi við þetta mál. Eins og hv. þm. almennt vita, þá er það svo um þann hv. þm., og það virðist vera nokkuð svipað um flesta flokksbræður hans, að þetta er þeirra áhugamál. Þeir eiga harla erfitt með að tala um önnur mál en dýrtíðarmál og sjá engan möguleika til að gera neitt vegna verðbólgunnar, sem þeir tala um sí og æ. Þegar hann gerði grein fyrir sinni séráfstöðu til þessa máls, sem sé til þessa aðalatriðis, sem felst í fyrirliggjanli frv., að sjá fyrir auknum stofnlánum með hagkvæmari vaxtakjörum en verið hefur hægt til þeirrar nýsköpunar, sem nú er fyrirhuguð, þá segir hann, að hann álíti, að sú leið, sem nýbyggingarráð hefur bent á, sé stórhættuleg leið eða, eins og hann sjálfur komst að orði, að hér væri ráðgert nýtt dýrtíðarmál, þetta væri leið til nýrrar verðbólgu, ný verðbólguuppspretta, eins og hann orðaði það.

Eftir svo að þessi þm. hafði farið mörgum fjálglegum orðum um þá feikna hættu, sem þjóðinni stafaði af verðbólgunni, þá lýsti hann yfir, að hann sé nú eigi að síður með framgangi málsins, með því, að þessi nýja verðbólguuppspretta verði sett í gang, með því, að steypt verði yfir þjóðina nýju verðbólguflóði Ég verð að segja það, að ég veit ekki á þessari afstöðu nema eina skýringu, sem ég get á henni fundið, og hún er sú, að þessi hv. þm. og hans flokkur eru í raun og sannleika á móti því máli, sem hér liggur fyrir, eru andstæðir því, að gerðar verði ráðstafanir í atvinnumálum þjóðarinnar í þá átt, sem núverandi ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún vilji nú stefna að. Það er sem sagt tvískinnungur í þessu, því að í öðru orðinu segja þeir um meginefni þessa máls, að það sé þjóðhættulegt og ný verðbólguuppspretta, en þó segja þeir í hinu orðinu eða þessi hv. þm., að hann vilji samt sem áður verða með frv. Þetta er alveg í samræmi við tal og skrif framsóknarmanna að

undanförnu. Þeir hafa í öðru orðinu sagzt vera með þessu máli, en í hinu orðinu hafa þeir sagt, að það væri hreint glapræði og flónska að kaupa og láta smíða skip í stórum stíl, en síðan hafa komið yfirlýsingar í flokksblöðum þeirra, að þeir hafi svo mikinn áhuga fyrir að kaupa fiskiskip og það sé svo mikil þörf, að ríkið setji sérstakar reglur um lánveitingar í þessu efni. Einn daginn bentu þeir á, að það væri búið að festa kaup á 100 nýjum fiskibátum og það án þess, að ríkið hefði þurft að gera nokkrar ráðstafanir, allt og sumt, sem þyrfti að gera, væri að veita lítils háttar fyrirgreiðslu í l. Þannig er sungið þvers og kruss í þessu máli, eitt í dag og annað á morgun. En ég hygg, að hv. 2. þm. S.-M. og aðrir framsóknarmenn séu ekki þau börn, að þeir búist við því, að þótt þetta frv. verði að l., sem hér liggur fyrir, um stórkostlegar fjárveitingar til sjávarútvegsins eða hagkvæmari kjör honum til handa, þá búist þeir við því, að dýrtíðin í landinu vaxi af þeim ástæðum.

Það er alveg auðskilið mál, að þegar við eigum í erlendum innistæðum nokkur hundruð milljónir króna, sem þar liggja að langmestu leyti vaxtalausar, þá þýðir sú ráðstöfun að breyta þeim að nokkru leyti í framleiðslutæki, kaupa ný fiskiskip fyrir 100 millj. króna, þá þýðir sú ráðstöfun ekki það, að verðbólgan þurfi að vaxa. Ég vil leiða sérstaka athygli að því, að eftir kenningum þessa þm. mundu þessar aðgerðir þýða vaxandi verðbólgu. Ef seðlabankinn ætti með þessum ráðstöfunum að orsaka verðbólgu, mundi hún einnig vaxa af öðrum útlánum bankans. En málið liggur ekki þannig fyrir, það er um allt annað að ræða. Þjóðbankinn fær litla eða enga vexti af erlendum innistæðum, þess vegna verður bankinn ekki fyrir neinu vaxtatapi, þó að þetta fé sé lánað hér út fyrir 1½% eins og gert er ráð fyrir. Hitt er rétt, að bankinn gæti orðið fyrir einhverju vaxtatapi, ef hann hefði það markmið að lána erlendum aðilum fé fyrir eitthvað hærri vexti. En er það stefna þjóðbankans að lána frekar fé út erlendum aðilum fyrir 2½%—3% en að verja því í framkvæmdir innanlands, þó að ekki sé um að ræða nema 1½% vexti?

Hv. 2. þm. S.-M. segir: Við viljum byggja upp atvinnuvegina, en það má ekki skylda þjóðbankann til að lána fé til framkvæmdanna. Það á bara að bjóða út verðbréf, og ef fé fæst ekki á þann hátt, þá á bara þessi pappírssamþ. að duga. Þannig er lausn hv. þm. á þessu máli.

Þá kom þm. að því, að það væri sökum hinnar glæfralegu fjármálastefnu ríkisstj., að grípa ætti til þessara ráðstafana að skylda bankann til að láta fé af hendi. Nú veit hv. þm. það, að það hefur ekki verið rekin hér önnur fjármálastefna en tíðkaðist í hans ráðherratíð, og sömuleiðis veit hann, að dýrtíðin hefur lítið vaxið síðan hann og hans flokkur lét af stjórnartaumunum. Og 2. þm. S.-M. veit líka, hvað mest veldur dýrtíðarflóðinu. Annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, atvinnuvegur, sem flokkur þessa hv. þm. hefur veitt forustu og ber ábyrgð á, getur ekki framleitt aðalneyzluvörur landsmanna með hóflegu verði. Þetta er langveigamesti þáttur verðbólgunnar. Það þýðir því ekkert fyrir þennan hv. þm. að reyna að sannfæra aðra um það, að hann og hans flokkur eigi enga sök á dýrtíðinni.

Og svo um leið og þessi þm. notar þetta mál til að vefja því inn í dýrtíðarmálin, þá ber hann það á ríkisstj., að hún beinlínis verndi skattsvik og hún hafi beinlínis valdið því, að stríðsgróðinn safnaðist á fáar hendur. En hann athugar það ekki, að hann er einmitt höfundur að þessum skattalögum, sem hann nú deilir á, en hefur oft stært sig af.

Það er ekki hægt að dreifa þessu máli með því að tala um skattsvik, stríðsgróða og dýrtíð. Það er augljóst, að þjóðin hefur fulla getu til að ráðstafa 100 millj. kr. til eflingar sjávarútveginum þrátt fyrir verðbólgu og skattsvik, sem vissulega er nauðsynlegt að koma í veg fyrir.

Það er vissulega öfugmæli, að hér sé um að ræða að grípa til einhvers óyndisúrræðis, vegna þess að einkaframtakið vilji ekki láta fé til sjávarútvegsins. Allir vita, að bæði bæjarfélög og einstaklingar eru með miklar framkvæmdir í hyggju og hafa safnað og lagt fram mikið fé í því skyni, en átakið, sem hér er fyrir dyrum, krefst mikils fjármagns, en hins vegar eru takmörk fyrir því, hvað mikið fé er hægt að fá í gegnum verðbréfamarkaðinn. Það mun varla vera nokkurt bæjar- eða sýslufélag, sem ekki óskar eftir stórum lánum til rafveitna, hafnarmannvirkja og ótal fleiri framkvæmda. Mikið af þessum lánum er fengið með verðbréfum. Ef sjávarútvegurinn ætti líka að keppa á sama markaði, yrði það óhjákvæmilega til hindrunar þeirri þróun, sem ákveðin er á næstu árum.

Þegar 2. þm. S.-M. vill láta fara óvissu leiðina í þessu máli, getur það ekki stafað af öðru en að hann sé andvígur því, að þetta sé gert. Hann virðist vera sammála flokksbróður sínum í bankastjórn, að lána heldur erlendum aðilum innistæður þjóðarinnar en að leggja þær í atvinnutæki og atvinnurekstur innanlands. Ég vil spyrja hv. þm., hvernig það megi vera, að hann sé hlynntur þessu máli, ef hann telur þessar till. meiri hl. sjútvn. þjóðhættulegar og uppsprettu fyrir vaxandi dýrtíð. Mér fyndist full ástæða til, að þm. með slíkar skoðanir og sinn stöðuga dýrtíðarsón væri í hreinni andstöðu við frv.

Mig og hv. meiri hl. greinir ekki á um aðalatriði frv., það að tryggja útgerðinni fé með lágum vöxtum. En mig greinir á við meiri hl., hvernig haga beri framkvæmdum. Ég get ekki fallizt á, að fullt öryggi náist um framkvæmd þessa máls með till. meiri hl. Ég tortryggi það að fela þeim aðilum framkvæmd í þessum lánveitingum, sem hafa sýnt sig andvíga nýsköpunarstefnu stjórnarinnar, sem frv. byggist á.

Það er ekki rétt hjá fjmrh., að stjórn Landsbankans hafi aðeins gert aths. við einstök atriði frv. Það sanna er, að stjórn Landsbankans hefur lýst sig andvíga meginatriði málsins, þ. e. að frv. feli í sér þjóðhættulega stefnu og vaxtafóturinn sé allt of lágt áætlaður.

Eins og ég sagði í upphafi, hafa menn rætt þetta frv. meira almennt, en hins vegar sneitt hjá einstökum atriðum. Það hefur til dæmis

enginn minnzt á það atriði, sem ég benti á, að það væri mjög óheppilegt að stofna sérstaka lánadeild við hliðina á fiskveiðasjóði. Fiskveiðasjóður hefur mikið fé til umráða, tekjur hans munu vera um 3 millj. árlega. Hann lánar út gegn 1. veðrétti, en það er líka gert ráð fyrir, að stofnlánadeildin láni gegn 1. veðrétti, en gegn lægri vöxtum. Nú á fiskveiðasjóður mikið fé útistandandi gegn 1. veðrétti, bæði í skipum og öðrum eignum. Þegar þeir, sem áður hafa fengið lán hjá fiskveiðasjóði, koma til stofnlánadeildarinnar til þess að fá hagkvæmust lán, t. d. til að setja nýja vél í bát eða slíkt, þá verður stofnlánadeildin að leggja út fyrir því veði, sem hvíldi á bátnum hjá fiskveiðasjóði, til að fá eðlilegt veð. Útkoman yrði að líkum sú, að tekjur söfnuðust hjá fiskveiðasjóði og hann sæti með fé sitt ónotað, en stofnlánadeildin gæti ekki fullnægt eftirspurn. Virðist því í alla staði eðlilegra, að lánveitingar þessar væru hjá einum aðila en ekki slitið þannig í sundur. Einstakir þm. telja eðlilegt að fela fiskveiðasjóði þessa framkvæmd alla, en svo er það bara stjórn Landsbankans, sem heimtar að fá að ráða í þessu efni. Mér virðist full ástæða til að segja þessum stjórnarmeðlimum, að það sé Alþingi, sem ræður og skipar þessum málum eins og það álítur hagkvæmast fyrir þjóðina.

Þá vil ég minnast á eitt atriði, sem mér finnst vanta í frv., en það er ákvörðun á því, hvaða vexti stofnlánadeildin skuli greiða seðlabankanum. Það er ákveðið, að útlánsvextir stofnlánadeildarinnar skuli vera 1½% og alls ekki hærri en 2½%, en hins vegar ekkert ákveðið, hvaða vexti deildin þurfi að greiða seðlabankanum, þó að ríkið beri fulla ábyrgð á stofnlánadeildinni. Mér finnst augljóst, að nauðsyn sé að setja skýr ákvæði um þetta atriði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð lengri að sinni, en ég vil undirstrika það, að ég trúi ei, að alþm. láti umræður um dýrtíð og verðbólgu villa sér sýn um aðalatriði þessa máls, heldur tryggi sjávarútveginum þau lán, sem nýbyggingarráð hafði gert ráð fyrir.

Forseti (BG): Mér hafa borizt tvær brtt. skriflegar. Önnur er frá meiri hl. sjútvn., við brtt. á þskj. 623, svo hljóðandi:

„Við 5. till. (5. gr.). Tillagan orðist þannig:

Á undan 5. gr. kemur ný gr., er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, og ekki gera ráðstafanir til þess að verja því til kaupa á nýjum skipum eða öðrum framleiðslutækjum, skulu leggja fé þetta á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Framangreindum ákvæðum skal fullnægja innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara."

Hin er við brtt. á þskj. 623 og hljóðar svo: Aftan við 2. málsgr. í tölulið 8 bætist: eða aukatrygging í fasteignum er sett. Þessi brtt. er frá Sigurði Kristjánssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Það þarf afbrigði fyrir báðum þessum tillögum, þar sem þær eru of seint fram komnar, og leyfi ég mér að bera báðar brtt. upp samtímis, ef enginn mælir því í gegn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 699 og 700) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Alþfl. hefði kosið, ýmissa orsaka vegna, að framkvæmd hinna ýmsu stofnlánaveitinga til sjávarútvegsins hefði verið í höndum fiskveiðasjóðs, svo sem ráð var fyrir gert í frv. nýbyggingarráðs, en um þetta hefur ekki fengizt samkomulag og hefur það tafið afgreiðslu málsins langt fram úr öllu hófi. Er nú svo komið, að margir eigendur þeirra skipa, sem stofnlánanna þurfa að njóta, eru lagðir af stað til útlanda til þess að sækja skip sín, og ber því brýna nauðsyn til að tefja eigi afgreiðslu málsins lengur, heldur ljúka henni tafarlaust. Samkomulag hefur náðst milli stjórnarflokkanna um öll aðalatriði málsins, en eingöngu deilt um, hver skuli hafa stjórn stofnfjárveitinganna á hendi. Með brtt. meiri hl. sjútvn. er stjórn stofnlánadeildar falin stjórn Landsbankans, en yfirstjórn þeirrar stofnunar er, svo sem kunnugt er, í höndum fjmrh. og Alþingis, er kýs menn til þess að skipa bankaráð, þannig að full trygging á að vera fyrir, að stofnlánadeildinni sé stjórnað í samræmi við vilja meiri hl. Alþ. á hverjum tíma. Telur Alþfl. því ekki rétt að tefja afgreiðslu þessa frv. eingöngu vegna ágreinings um stjórn stofnlánaveitinganna, og mun því greiða atkv. með tillögum meiri hl. sjútvn. í öllum aðalatriðum.

Ég vildi gefa þessa yfirlýsingu af hálfu Alþfl., vegna þess að hann leggur áherzlu á, að þessu máli verði flýtt og það afgreitt sem allra fyrst.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Skriflega brtt. hin fyrri er frá mér og hv. þm. Vestm. — Ég er einn af þeim, sem telja, að hér sé gengið eins langt og hægt má teljast, að lána megi út á skip ⅝ af virðingar- og kostnaðarverði og út á aðrar eignir ⅜ og jafnvel allt að ¾, ef sveitar- og bæjarfélög eru lántakendur eða ábyrgjast lánin. Í þessu felst, að þeim, sem styðja þetta frv., þykir það vera aukin trygging, ef ábyrgð fylgir frá sveitarfélögum ásamt 1. veðrétti.

Mér þykir rétt, að samræmi sé, en það er ekki nema aukatrygging í fasteignum sé sett. Þess vegna höfum við komið fram með þessa brtt. Að öðru leyti skýrir þetta sig sjálft.

Hv. þm. Vestm. hefur beðið mig að gera grein fyrir brtt. meiri hl. sjútvn., en hún er við 5. gr. í brtt. á þskj. 623, um nýbyggingarsjóð. Eins og brtt. á þskj. 623 er nú, þá er þar svo ákveðið, að útgerðarfélög og útgerðarmenn, sem eiga fé í nýbyggingarsjóði, skuli leggja þetta fé á vaxtalausan innlánsreikning í stofnlánadeildinni o. s. frv. Brtt. meiri hl. sjútvn. er um að orða greinina öðruvísi. Upphaf og endir er eins og hin brtt., en inn í hana bætist á eftir orðunum „sbr. lög nr. 20 1942" þetta: og ekki gera ráðstafanir til þess að verja því til kaupa á nýjum skipum eða öðrum framleiðslutækjum. Þannig hljóðar við-

bótin, en niðurlagið er eins og á brtt. á þskj. 623. Það leiðir af sjálfu sér, að ef þeir, sem fé eiga í nýbyggingarsjóði, gera ráð fyrir að verja því samkv. lögunum, ber þeim eigi að leggja féð inn á vaxtalausan reikning í stofnlánadeildinni.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það eru aðeins örfá atriði, sem ég get ekki komizt hjá að fara um nokkrum orðum.

Þá er það fyrst hjá hv. næstsíðasta ræðumanni viðvíkjandi vaxtakjörum. Áður hefur verið bent á, að í frv. eins og það liggur nú fyrir er ekkert ákvæði, sem segir, að seðlabankinn geti fengið hærri vexti en sagt er fyrir í lögum. Þess vegna má stofnlánadeildin ekki taka hærri vexti en 2½%. Ég hef átt tal við tvo lögfræðinga og einnig stjórn Landsbankans. Þessir aðilar voru allir sammála um, að hvorki stofnlánadeildin né seðlabankinn geti samið um hærri vexti en lög mæla fyrir. Ég held því, að ástæðulaust sé að breyta frv. þess vegna.

Því var haldið fram af sama hv. þm., að fiskveiðasjóður og stofnlánadeildin gætu starfað samtímis. Ég hygg, að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Ég held, að stofnlánadeildin eigi ekki að hafa áhrif á fiskveiðasjóð, heldur skuli hann starfa áfram eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir, að stofnlánadeildin megi ekki lána til fyrirtækja, sem stofnuð eru fyrir 1. jan. 1944. — Það er nú svo, að til er mikið af skipum og fyrirtækjum frá því fyrir þann tíma, og þau þurfa fé engu síður. Mótorbátar þurfa að endurnýja vélar og fyrirtæki eitt og annað. Þegar þess er gætt, ætti enginn að efast um, að fiskveiðasjóður hefur ærnu hlutverki að gegna.

Stofnlánadeildin er miðuð við aukningu atvinnutækjanna, þeirra, sem verið er að koma á fót, en fiskveiðasjóður á að vera hinn varanlegi sjóður sjávarútvegsins. Ég býst ekki við, að hv. þm. geri ráð fyrir, að sá öri vöxtur, sem nú er í sjávarútvegsmálum, haldist lengi. Stofnlánadeildin verður því sem bráðabirgðastofnun, en fiskveiðasjóður starfar eftir sem áður.

Út af orðum, sem hér féllu, þar sem staðhæft var, að eitt af aðalhlutverkum seðlabankans væri að lána öðrum lánsstofnunum, vil ég taka þetta fram. Í lögum frá 1928, nr. 10, í 14. gr. segir svo:

„Seðlabankanum er heimilt: 1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands."

Út af þessum fyrsta lið má geta þess, að samkv. honum er seðladeild Landsbankans heimilt að kaupa víxla, tékka og ávísanir, en það er sitt hvað að endurkaupa víxla eða lána öðrum stofnunum fé til að lána út. — Enn fremur segir í þessum lögum:

„2. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengri gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með allt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.

4. Að kaupa og selja dýra málma.

5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og séu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.

6. Að kaupa og selja skuldabréf ríkja, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.

7. Að lána út á verzlunarvörur, sem eigi er hætta á, að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en ⅔ gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði."

Lengri er nú þessi lagagr. ekki. Sé nú athugað efnisákvæði þessarar greinar, kemur í ljós, að í öllum sjö liðum er gengið út frá, að deildin láti úti fé á þann hátt, að hægt sé að endurheimta það á stuttum tíma, og lengstu víxillánin ekki lengur en til 12 mánaða. Svipuð ákvæði gilda um alla seðlabanka í nágrannalöndum okkar eða a. m. k. þar, sem við þekkjum til. Meðan á styrjöldinni stóð og ríkisstj. stríðsþjóðanna notuðu bankana til að leggja fé til styrjaldarþarfa, þá höfðu þær og héldu þeirri reglu að láta lánin, sem tekin voru, standa stuttan tíma, í orði kveðnu. Hitt heimila svo lögin, að kaupa og selja hlutabréf. — Ég ætla, að unnt mundi vera að láta þau lán, sem hér mundu verða veitt, standa skamman tíma, a. m. k. í orði kveðnu.

Ég er þeirrar vonar, að sjávarútvegurinn verði á næstu árum rekinn með þeim árangri, að þau lán, sem veitt verði honum, muni skila sér áður en langt um líður.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að það mundi orka mjög tvímælis að takmarka þau fyrirtæki, sem veita á lán. Það hefur verið endurtekið af 2 þm. og fleirum, að ástæðulítið væri að veita lán til dráttarbrauta, því að gert hefði verið kleift að koma þeim upp með sérstökum framlögum úr ríkissjóði. Þeir vilja, að dráttarbrautir fái því aðeins lán, að þær séu í þágu sjávarútvegsins.

Það væri hreint og beint glapræði að stofna til eins mikillar aukningar á skipaflotanum og verið er að gera, ef þeim flota verður ekki séð fyrir nægilegum dráttarbrautum til viðgerðar og viðhalds. Skip getur komið hlaðið af veiðum og þurft viðgerðar við áður en það fer með aflann til útlanda, og þarf ekki að ræða hvert tjón af slíku getur hlotizt. Þá sé ég ekkert athugavert við þá verkaskiptingu, að einn aðili sjái um útgerðina og annar um viðgerðir, enda get ég ekki séð, hvers vegna á að standa á móti því, að einkafjármagn, sem safnazt hefur fyrir, sé notað til þessa. Hins vegar verður að búa þannig um, að óeðlilegur hagnaður sé ekki tekinn af útgerðinni. Það kom fram nokkur ótti hjá hv. 2. þm. S.-M. við, að svo margir mundu vilja fást við þetta, en ég held, að sá ótti sé ástæðulaus. Þá taldi þessi hv. þm. hættu á því, að útgerðarmenn mundu fyrst notfæra sér lánsmöguleikana og leggja nýbyggingarsjóðina í annað. Það er ekki gott að segja, upp á hverju menn kunna að finna, en þetta yrði nú framkvæmdaatriði og mér þykir heldur ótrúlegt, að slíkar krókaleiðir yrðu færar. Ég legg þess vegna ekki áherzlu á þetta atriði. Enn fremur hirði ég ekki um að svara þeim hnýfilyrðum, sem beint var að Landsbankanum og stjórn

hans, enda held ég nú satt að segja, að þær ásakanir standi ekki föstum fótum. Ég held t. d. ekki, að hv. 6. landsk. þm. álíti í raun og veru, að Landsbankastjórnin sé á móti þróun atvinnuveganna. (*EOl:* Hún er undarleg). Já, ég hef a. m. k. aldrei þekkt svo undarlega menn. Hitt er vitanlegt, að menn greinir á um þær leiðir, sem fara skal, til þess að atvinnuvegirnir beri sig sem bezt.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væru bankastjórarnir, sem mestu réðu, en ekki bankaráðið. Það er að vísu rétt, að þeir hlaupa ekki í bankaráðið, þótt Pétur og Páll komi og biðji um lán, en það er engu að síður bankaráðið, sem markar stefnuna og ræður í höfuðatriðunum, og verði ágreiningur milli bankastjóra og bankaráðs, þá ræður hið síðarnefnda. Þetta ætla ég, að hv. 2. þm. Reykv. skilji enn þá betur eftir að hann sjálfur á ráð á sæti í bankaráðinu.

Eysteinn Jónsson: Hv. 6. landsk. þm. sagði, að ég hefði verið að drepa málinu á dreif. Þetta er ekki rétt, það hafa aðrir gert. Hann sagði, að ríkisstj. væri ekki sek í dýrtíðarmálunum, það væri landbúnaðarvöruverðið, sem skapaði alla dýrtíðina. Hann ætti að athuga, hvað það er, sem ræður verðlaginu á þessum vörum, en það er kaupgjaldið, sem ræður því að ⅘. Og það ætti hann a. m. k. að viðurkenna, að ef hann og sálufélagar hans hefðu viljað stöðva dýrtíðina, þá hefðu þeir farið öðruvísi að haustið 1944, þegar bændur gáfu eftir hluta af réttmætu verði.

Þá sagði hann, að ég hefði verið með í því að setja skattalöggjöfina og það væri því mér að kenna, ef stríðsgróðinn væri falinn. Þó veit þessi hv. þm., að þetta er vitanlega allt komið undir framkvæmd laganna og að það þarf að setja sérstök ákvæði til að ráða bót á þessu atriði. Hv. 6. landsk. sagði, að mikill áhugi væri fyrir því að byggja upp atvinnulífið. Þetta er rétt. Sem betur fer er ríkisstj. ekki enn þá búin að drepa úr mönnum allan kjark, þótt hún sé á góðri leið með það og geri mönnum stöðugt erfiðara og erfiðara fyrir. — Þá spurði hann að því, af hverju ég væri ekki á móti þessu máli. Ég hef þegar skýrt mína afstöðu, að þótt ég sé óánægður með tekjuöflunarleiðina, álít ég, að þessi l. verði til hagsbóta fyrir útveginn, og þess vegna fylgi ég frv. Og þótt meiri hl. vilji ekki fara að mínum ráðum, þá tel ég, að frv. sé samt til bóta. Ég vænti, að hv. 6. landsk. skilji þetta og taki það til greina.

Hæstv. fjmrh. vildi ekki skilja muninn á því, hvort þær stofnanir, sem vinna fyrir sjávarútveginn, svo sem dráttarbrautir og vélsmiðjur, starfa í þágu útvegsins eða eru reknar án tillits til þarfa hans. En á þessu tvennu er vitanlega höfuðmunur og þarf ekki að ræða það nánar.

Brtt. frá minni hl. við 7. gr. er ekki eins og ég hefði kosið, og mun ég flytja við hana brtt. En ég vildi mælast til þess við hv. 6. landsk., að hann taki brtt. sína aftur til 3. umr., og mun ég þá gera hið sama. Þá vil ég benda á, að brtt. frá meiri hl. þarf lagfæringar við, en það má einnig athuga síðar. Annars held ég, að hv. sjútvn. ætti að hafa þann hátt að ræða brtt. í n., áður en þær eru bornar fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 702) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., sem þegar eru orðnar nokkuð miklar. Sérstaklega get ég verið stuttorður, þar sem hv. 4. þm. Reykv. hefur lýst afstöðu okkar flokks. En það, sem kom mér til að standa upp, var ræða hv. 2. þm. S.-M. út af till. um að fella niður aðstoð til dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. Ég tel, að þetta sé hættulegt, og álít, að það eigi að fella þessa till. Þessi fyrirtæki eru flest í einkaeign og hafa átt erfitt uppdráttar, og nú á að fara að gera þeim enn örðugra fyrir, og þó er vitanlegt, að þörfin fyrir þessar stöðvar vex með hverjum nýjum bát, sem kemur inn í landið. Brtt. fer fram á, að einungis verði lánað út á þær stöðvar, sem reknar eru í þágu útvegsins. Nú er það augljóst mál, að því erfiðara sem þessum fyrirtækjum er gert fyrir, því dýrari verða viðgerðirnar á skipunum, og kemur það óhjákvæmilega niður á útveginum. Brtt. gefur tilefni til að benda á, að hér vantar algerlega dráttarbraut, sem getur tekið upp togara, og verður það að breytast.

Ég vildi ekki láta þessari umr. ljúka svo, að mín skoðun kæmi ekki í ljós varðandi þessa brtt. Ég álít hana vera málinu til ógagns og legg til, að hún verði felld.

Einar Olgeirsson: Hv. 2. þm. S.-M. var að segja, að ríkisstj. væri m. a. að gera mönnum erfitt fyrir að komast yfir atvinnutæki. Mér finnst stjórnarandstaðan ganga nokkuð langt í fullyrðingum, þegar hún fæst til að staðhæfa slíkt sem þetta. Ég gæti trúað, að þegar ég kæmi niður úr draumaheimunum, sem hv. þm. hélt mig vera í í gær, og legði á borðið fyrir hann, hvað ríkisstj. hefur gert til að auðvelda mönnum að eignast atvinnutæki, þá verði honum bilt við og segi eins og einn flokksbróðir hans: Hvar ætlið þið að fá menn á öll þessi atvinnutæki? Það hefur aldrei nein ríkisstj. á Íslandi gert neitt svipað því til að gera mönnum mögulegt að komast yfir atvinnutæki eins og núverandi ríkisstjórn. Hún hefur ekki aðeins greitt götu þeirra, sem viljað hafa afla tækja til landsins, heldur hefur hún nú lagt fyrir þingið stórkostlegt lánafrv. sjávarútveginum til aðstoðar. En hvaða leið vill hv. þm. fara? Hann vill láta bjóða út skuldabréf og eiga undir því, hvort þau seljast. Hv. þm. veit, að þau seljast ekki, og hann er á móti tekjuöflunarleið þeirri, er frv. gerir ráð fyrir. En leið hv. þm. getur ekki gefið neinar tekjur. Ef hún er farin, er ekki hægt að láta nein lán. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hv. þm. ræðst á stjórnina frá þessari hlið.

Vegna þess, sem fram hefur komið varðandi afstöðu Landsbankastjórnarinnar til þessa frv., ætla ég að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, eitt atriði úr lögum Landsbanka Íslands. Það hljóðar þannig: „Svo ber stjórn Landsbank-

ans að afstýra eftir því sem unnt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbréfum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiptum við aðrar peningastofnanir í landinu, og með tilhögun útlánastarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífinu, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sér."

Það er því bankans að reyna að stjórna atvinnulífi landsins og hindra kreppur. Þegar einstaklingar draga saman aðgerðir sínar, þá á bankinn að lána meira út en áður til að jafna metin og tryggja það, að ekki skapist kreppa vegna þessara hagsveiflna. Þetta hefur Landsbankastjórnin aldrei skilið. Hún hefur alltaf borizt fyrir öldunum í stað þess að stjórna þeim. Ef þetta frv. verður að l., þá er gerð tilraun til að hafa stjórn á atvinnulífinu, ekki um 1—2 ár, heldur um lengri tíma. Þess vegna er það rangt hjá hæstv. fjmrh., að það beri að leggja áherzlu á, að þessi lán séu borguð inn á örskömmum tíma. Það er miklu heppilegra fyrir þjóðfélagið, ef hægt er að lána þetta út um alllangan tíma með lágum vöxtum og pína það ekki allt of fljótt inn.

Varðandi það, sem hæstv. samgmrh. sagði um dráttarbrautir, þá vil ég geta þess, að það hefur alltaf verið hugmynd hjá okkur í nýbyggingarráði, að þetta lánafrv. ætti fyrst og fremst að vera fyrir sjávarútveginn, sbr. frv. um ræktunarsjóð, sem er sniðið fyrir lánveitingar til landbúnaðarins. Í líkingu við þessi frv. höfum við hugsað um frv. fyrir iðnaðinn. Þess vegna álít ég ekki rétt að taka inn á þessi lán nema það, sem er alveg óhjákvæmilegt eða aðeins þegar útvegsmenn sjálfir standa að iðnaðinum. Við verðum að muna það, að þessar 100 millj. kr. eru ekki stór peningur og fara á nokkrum mánuðum, ef þessi l. verða framkvæmd. Og ef veita á til dráttarbrauta 6 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, þá þýðir það, að komið verður í veg fyrir, að svo og svo margir mótorbátar verði keyptir fyrir peningana. Ég álít þetta óþarfa á þeim tíma, þegar Reykjavík hefur stuðning frá Alþ. til að koma upp dráttarbraut og getur tekið upp samvinnu um það við hlutafélög, sem hlut eiga að máli. Slík samvinna væri að ýmsu leyti heppilegri, og það eru til nægar heimildir til að hrinda þessu af stað. Reykjavík hefur brugðizt skyldu sinni með að standa fyrir því samstarfi, sem þarf að koma á til þess að tryggja, að togarar í bænum hafi dráttarbraut. Hitt er aftur á móti rétt, að leggja verður áherzlu á, að þessu verði komið nú upp. Það er rétt að undirstrika það, að þörfin fyrir dráttarbraut margfaldast þegar nýi flotinn kemur.

En það er tilfinnanlegra, ef ekki eru til hafnir til þess að reka nýja flotann frá, og það er eitt, sem Alþ. ber að gera, en það er að heimila ríkisstj. að leggja fram stórar fúlgur til þess að skapa að minnsta kosti tvær landshafnir í viðbót. Að öðrum kosti verða stórkostleg vandræði á tveim næstu vertíðum fyrir bátaflotann.

Það liggja nú fyrir yfirlýsingar um það frá hv. frsm. sjútvn. og hv. 4. þm. Reykv., að það hefði kostað mikil átök, ef meiri hl. sjútvn. hefði ekki beygt sig fyrir vilja stjórnar Landsbankans. Það hefði orðið málinu til mikils trafala, segir hv. 4. þm. Reykv., og dregið málið fram úr öllu hófi, ef ekki hefði verið breytt þannig til, að stofnlánadeildin væri við Landsbankann. Með slíkum hótunum um drátt hafa menn verið knúðir til að breyta frá því, sem þeir álita heppilegast fyrir málið. Og slíkt ofríki kemur frá Landsbankastjórninni, sem hefur áður fyrr lýst yfir því, að hún álíti frv. þjóðhættulegt. Pressan er svo mikil, sem þarna er sett á ríkisstj. og Alþ., að hv. þm. víkja út frá því, sem þeir álíta æskilegast og bezt, og til þess, sem þeir eru ekki ánægðir með, svo að málið tefjist ekki allt of lengi.

Ég ætla svo ekki að misnota þolinmæði hæstv. forseta, enda er ein umr. eftir, svo að enn er hægt að fá fram vilja þingsins og koma í veg fyrir það, að Landsbankastjórnin, sem frá upphafi hefur verið málinu fjandsamleg, fyrirskipi þinginu, hvað það eigi að gera.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Þessi aths. getur verið örstutt og er aðeins í tilefni af því, sem kom hér fram hjá hæstv. samgmrh. um till. þá, sem ég stend að ásamt hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 626, sem er um það, að ekki skuli veitt lán til skipasmíðastöðva, dráttarbrauta og vélsmiðja úr stofnlánasjóði nema að þessum framkvæmdum standi félög útvegsmanna. Ég vil segja það, að þegar það liggur fyrir, að sá stofnlánasjóður, sem hér á að koma á fót, ræður yfir mjög takmörkuðu fé miðað við eftirspurnina, þá kom til þess að raða niður þeim framkvæmdum, sem fyrst og fremst er ætlað að fá fé úr þessum sjóði, og setja aftar í röðina þær framkvæmdir, sem síður þurfa á þessu að halda. Öll sjútvn. er sammála um það t. d. að veita ekki úr sjóðnum til flutningaskipa, og eru þó t. d. kæliskipin, sem flytja framleiðsluna á markað erlendis, sá þáttur í okkar útvegsmálum, sem ekki er hvað veigaminnstur. En þegar menn geta orðið sammála um þetta, þá hélt ég sannast að segja, að það ætti að vera auðvelt að vera sammála um það að kippa hér út úr einnig verksmiðjum og skipasmíðastöðvum, sem eru í einkaeign, og láta þær mæta nokkrum afgangi, þar sem það liggur líka fyrir, að það er til önnur leið fyrir alla, sem vilja að slíkum framkvæmdum vinna, sem kannske bíður upp á betri kjör en þessi sjóður. Það sjónarmið, sem vakir fyrir okkur, er flytjum þessa till., er, að eigi sá sjóður, sem hér er stofnaður, fyrst og fremst að vera fiskveiðasjóður, eins og í upphafi var ætlazt til, þá er fyllsta ástæða til að taka út úr skipasmíðastöðvar, sem eru í einkaeign og ekki eru reknar beint af sjávarútvegsmönnum.

Vegna þess að hæstv. forseti hefur farið fram á að flýta umr., skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta. Mun ég því ekki nú eiga hér í orðaskiptum við hv. 2. þm. S.-M., það verður kannske tími til þess síðar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það eru aðeins örfá orð varðandi það síðasta í ræðu hv. 6. landsk. Hv. þm. sagði, að þar sem hér væri um takmarkað fé að ræða, væri nauðsynlegt að

veita það til þeirra framkvæmda, sem mest kölluðu að, og nefndi hv. þm. það dæmi, að samkomulag hefði verið um að lána ekki út á kaup á flutningaskipum. Eru þó kæliskipin ákaflega nauðsynleg fyrir útveginn. Þetta er að vísu rétt, en það vantar skýringu á þessu, og hún er sú, að það er búið að festa kaup á kæliskipum, svo að það er búið að sjá fyrir þörfum landsmanna á því sviði um talsverða framtíð. Eimskipafélagið þarf ekki lántöku til þessa og ekki heldur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem einnig hefur keypt skip í þessu skyni. En annars þykir mér það skrýtin rök hjá hv. þm., ef á að spara útgjöld til þessara framkvæmda úr þessum stofnlánasjóði, að þá skuli þó eiga að leyfa útlán til ákveðinna manna, sem sækja um lán, en ekki til annarra, sem biðja um lán til sama hlutar. Þörfin fyrir dráttarbraut er jafnbrýn hvort sem það eru útvegsmenn eða iðnaðarmenn, sem að byggingu hennar standa, ef það er gert til að bæta úr þörf skipa við að fá sig afgreidd. Ef hægt á að vera að fara í kringum tilskilda dreifingu útlánastarfseminnar í því skyni, að sjávarútvegsmenn fái lán, en aðrir ekki, þá skil ég ekki tilganginn.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Það er aðeins þetta, sem er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það sé nokkuð sérstakt með kæliskipin varðandi lántökur úr sjóðnum. Það er búið að kaupa heilmikið af fiskiskipum og vélum til verksmiðja, sem skulu byggðar í landinu, og hafa allir aðilar sama rétt til lántöku úr sjóðnum þrátt fyrir það. Og það er gefið mál, að ef ákvæði um kæliskipin væri í frv., þá hefðu þeir aðilar, sem eru búnir að kaupa þau, leitað eftir láni úr sjóðnum, og sama gildir um dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta er fjarri öllu lagi hjá hv. þm., þar sem ég benti á í minni ræðu, að megnið af skipunum er keypt fyrir eigið fé Eimskipafélagsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta eru aðeins örfá orð um atkvgr. Þannig er ástatt, að þrír af mínum flokksmönnum eru fjarstaddir með fjarvistarleyfi og mundi þá atkvgr. dragast til mánudags, ef beðið væri eftir þeim, en það treysti ég mér ekki að fara fram á. Ég verð því að taka til baka brtt. mínar á þskj. 627 og lýsi jafnframt yfir því fyrir hönd okkar 6. landsk., að við tökum til baka til 3. umr. brtt. á þskj. 626, og tek ég þá líka til baka brtt. á þskj. 702 og legg til, að brtt. á þskj. 699 og 700 verði teknar til baka.

ATKVGR.

Brtt. 626, 627, 631, 699, 700, 702 teknar aftur til 3. umr.

— 623,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, BÁ, BK, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HB, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, BG.

nei: ÞB, ÁkJ, EOl, LJós, SigfS, SG, STh.

8 þm. (SvbH, ÁÁ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JörB, SkG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með tilvísun til grg. minnar í gær fyrir hönd Alþfl. segi ég já.

Bjarni Ásgeirsson: Með tilvísun til fyrirvara hv. 2. þm. S.-M. segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Með tilvísun til grg. hv. 4. þm. Reykv. segi ég já.

Eysteinn Jónsson: Með tilliti til fyrirvarans, sem ég hef gefið, segi ég já.

Jóhann Jósefsson: Þar eð ég er einn af höfundum hins upphaflega frv., þá hlýðir, að ég geri grein fyrir ástæðunni til þess, að ég greiði atkv. eins og nú skal gert. Ég hef þótzt sjá, að eina leiðin til þess að fá máiinu framgengt, sé sú, að stofnlánadeildin væri hjá Landsbankanum, og því segi ég já.

Sigurður Bjarnason: Með tilvísun til fyrirvara hv. þm. Vestm. segi ég já.

Brtt. 623,2 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 623,3 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 623,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 623,5 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 623,6 samþ. með 21 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 623,7 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 623,8 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 623,9 samþ. með 20 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 623,10—18 samþ. án atkvgr.

9.—17. gr. (verða 10.—18. gr.), svo breyttar, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 623,19 (18. gr. fellur niður) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 623,20 (19. gr. fellur niður) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 623,21 (20. gr. fellur niður) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 623,22—24 samþ. án atkvgr.

21.—23. gr. (verða 19.—21. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 623,25 (ný 24. gr., verður 22. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

— 623,26 (25. gr. fellur niður) samþ. með 24 shlj. atkv.

26. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 623,27 (ný fyrirsögn) samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Á 105. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 708, 713, 716, 717, 722).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 716, 717 og 722. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá var frestað við 2. umr. þessa máls að taka afstöðu til ýmissa brtt., er fyrir lágu, annarra en þeirra, er meiri hl. sjútvn. flutti. Þessar brtt. liggja því fyrir enn, en ég vil geta þess um brtt. á þskj. 713 frá sjútvn., að hún er samkomulagstill. allrar n., samkomulag, sem hefur orðið nú á milli umr. og var að vikið í tveim sérstæðum brtt., sem eru dregnar til baka og koma ekki til atkv., þ. e. brtt., sem var flutt á sínum tíma af hv. 2. þm. S.-M., og önnur, sem ég flutti ásamt hv. form. sjútvn. En í stað þeirra er þá þessi brtt. hér, sem er samkomulagstill., á þskj. 713. — Ég þarf svo ekki að geta þeirra brtt., sem óútkljáðar voru, brtt. einstakra þm. í sjútvn., sem eru á þskj. 716, 717 og 722. Þær bera með sér þann ágreining, sem var og er um þau atriði, er þær fjalla um.

Þá vildi ég mega koma á framfæri 3 brtt., sem sjútvn. flytur skriflegar (þskj. 735) við 8. gr. Í fyrsta lagi um það, að við 2. málsgr. þeirrar gr. bætist: „þar til lánið er greitt niður um helming.“ Þ. e. a. s., þetta snertir það atriði, þegar bæjar- eða sveitarfélag gengur í ábyrgð fyrir einstaklinga eða félög gagnvart lánsstofnuninni, sem hér um ræðir, þá er það tilætlunin með þessari skriflegu brtt., að þeirri ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga megi vera lokið, þegar lánið er greitt niður um helming. En eins og gr. er nú í frv. eftir 2. umr., þá verður að líta svo á, að bæjar- og sveitarfélög séu í þessari ábyrgð, þar til greiddur er hinn síðasti peningur lánsins. Þetta fannst sjútvn. að mætti liðka þannig, að ábyrgð bæjar eða sveitar gæti horfið þegar lánin eru greidd niður um helming.

Þá er 2. brtt. við sömu gr. frv., sem líka er skrifleg og gengur út á það, að á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur má lána félögum þeim, sem um ræðir í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara, allt að ⅔ (tveim þriðju) út á framkvæmdir þær, sem um ræðir í 2. málslið 1. málsgr. þeirrar greinar.“ Efni þessarar brtt. er það, að félög útvegsmanna og sjómanna, sem standa fyrir fyrirtækjum, njóti sömu friðinda að því er snertir upphæð láns út á iðnfyrirtæki og væru það bæjarfélög eða sveitarfélög.

Og loks flytjum við hér þriðju skriflegu brtt. við sömu gr., 8. gr., sem miðar að því að setja hámarkstakmark fyrir því, hvað lána megi einum aðila, svo hljóðandi: „Óheimilt er að lána einum aðila meira en 4 millj. kr. af fé stofnlánadeildarinnar. Þetta ákvæði nær þó eigi til bæjarfélaga og hreppsfélaga né þeirra félaga útvegsmanna, sem um getur í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara.“ En þessi félög, sem hér er átt við og líka er átt við með hinni brtt., sem ég nefndi, eru umtöluð í 2. málsgr. 3. gr. frv., og eru þau: „félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.“ Það verður nú að segja það strax, að það er ekki líklegt, að þetta hámark fyrir láni til eins aðila saki þessi félög, því að þau munu tæplega standa fyrir svo stórum framkvæmdum, að þau krefðust meiri lánveitinga en 4 millj. kr. En hins vegar þótti, fyrir varúðar sakir, rétt, að eitthvert hámark væri til í þessum l. fyrir því, hvað lána mætti í einn og sama stað. Það er að vísu svo ætlazt til, að þetta hámark nái ekki til þessara félaga. En ég tel, að þessi félög mundu ekki æskja eftir hærri lánum en hér er sett hámark fyrir.

Nú hefur verið útbýtt hér í hv. þd. brtt. frá hv. þm. Borgf., sem er þess eðlis að færa út verksvið stofnlánadeildarinnar og láta það ná til hafnarmannvirkja og lendingarbóta gegn ríkisábyrgð. Enn fremur um að hækka lánsfjármöguleikana, sem gert er ráð fyrir í frv., úr 100 millj. í 120 millj. kr. Þessi brtt. hefur nú ekki sézt fyrr en nú á stundinni, og ekki verið, svo að ég viti, rætt um hana við sjútvn., sem og kann að vera óþarft. En ég verð að segja það, að þó að ég viti ekki um afstöðu sjútvn. svo greinilega í þessu efni, þá finnst mér, að hér sé stefnt að því að stíga nokkuð stórt spor, ef þessi l. eiga nú að fara að standa undir hafnarframkvæmdum og öðru slíku. Það hefur lítillega verið um það rætt í sjútvn., án þess að tekin hafi verið ákvörðun út frá því, að mörgum virðist, sem þetta fjármagn, 100 millj. kr., muni ekki endast alllengi, með öllum framkvæmdum, sem fyrir höndum eru, og kröfum, sem vitað er, að gerðar verða til að fá lánsfé. Þó hefur n. ekki á þessu stigi málsins viljað leggja til að hækka þessa upphæð, jafnvel þó að flestir séu þeirrar skoðunar, að þess gerist bráðlega þörf. Hitt hefur svo alls ekki verið rætt, að fara að leita eftir fleiri greinum til þess að lána til eftir þessum l., því að þess virðist nú ekki vera þörf, því að það er áreiðanlegt, að færri fá en vilja þessi nýju lán eftir þessum lögum. Mér virðist þessi hugmynd, sem hv. þm. Borgf. kemur hér á framfæri, að taka þetta fé og nota þennan sjóð til hafnarbóta, ekki eiga beinlínis erindi inn í þetta mál og geti ekki bætt neitt fyrir hinum öðrum viðskiptamönnum væntanlegrar stofnlánadeildar. Svo er það og vitað, að sérstakur sjóður, hafnarbótasjóður, hefur verið stofnaður hér, til þess að veita megi úr honum minni lán eða fjárhagslega aðstoð a. m. k., til hafnarframkvæmda. Og ef ég man rétt, þá átti hv. þm. Borgf. eitthvert orð að því við afgreiðslu fjárl. hér í vetur, að sá sjóður yrði tekinn til afnota jafnvel á þessu ári og það ekki í smáum stíl. Hitt finnst mér svo ekki geta samrýmzt tilgangi þessarar stofnlánadeildar, sem hér er frv. um, að teygja verksvið hennar út yfir það að veita sérstök hafnarlán, þegar það er vitað í

fyrsta lagi, að Alþ. veitir lögboðið framlag beinlínis úr ríkissjóði til hafnanna, og í öðru lagi hefur verið stofnaður sjóður, og hann nú orðinn talsvert ríflegur, til þess að styðja aukalegar framkvæmdir við hafnargerðir, sem er hafnarbótasjóður. Hann er stofnaður einmitt að tilstilli hv. þm. Borgf. o. fl. hv. þm. og þá finnst mér ekki rétt að teygja verksvið stofnlánadeildarinnar út yfir það að veita úr þeim sjóði lán til hafnarframkvæmda, þar sem vitað er, að stofnlánadeildin er ekki annað en önnur útgáfa af fiskveiðasjóði Íslands og var upphaflega tilætlunin, að væri stækkun fiskveiðasjóðsins. Þetta er ekki sagt vegna þess, að ég telji ekki hafnarmannvirki og lendingarbætur mjög þarfar framkvæmdir.

Ég mun nú afhenda hæstv. forseta þær skriflegu brtt., sem ég lýsti og sjútvn. flytur, til þess að þær geti komið undir atkv. við þessa umr.

Forseti (BG): Hv. þm. Vestm. hefur gert grein fyrir þessum þremur brtt., sem hv. sjútvn. hefur nú lagt hér fram skrifl. Hér þarf tvenns konar afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 735) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Þær brtt., sem ég flyt við þetta frv., eru á þskj. 722. Fyrsta brtt., sem þar er, hefur nú þegar fyrirfram fengið hálfkuldalegar viðtökur hjá hv. frsm. sjútvn., hv. þm. Vestm., þar sem hann hefur nú lagt sig mjög fram um það, áður en mér hafði gefizt tóm til að reifa brtt. mína, að mæla mjög gegn henni og færa fram rök þar að lútandi, að slíkra aðgerða þyrfti ekki við hvað snertir hafnargerðir og lendingarbætur. Af því að ég lít nú allt öðruvísi á þetta mál, þörfina á skjótum aðgerðum í hafnarmálum og lendingarbótum, heldur en hv. frsm. sjútvn. virðist gera, þá hef ég nú leyft mér að bera fram þessa brtt. Ég lít þannig á, að ein aðalundirstaða þess, að þau auknu fiskiskipakaup, sem stofnað er nú til hér hjá okkur, komi að fullu gagni, sé það, að fyrir hendi séu, þegar þessi nýju og að ýmsu leyti stærri skip en við höfum haft áður koma, sem svo eiga að dreifast á verstöðvar kringum landið, þau auknu hafnarskilyrði, sem geri mögulegt að notfæra þessi fiskiskip eins og til er ætlazt. En það er mjög fjarri því, að svo sé ástatt nú, víða hér við land, að það sé með öruggum hætti hægt að geyma þessa stóru og dýru báta, sem nú er verið að kaupa til landsins og láta smíða innanlands. Það er ekki hægt með öruggum hætti öðrum en þeim, að í mjög stórum stíl séu gerðar lendingarbætur og komið upp hafnarmannvirkjum til þess að vernda þennan skipaflota. Það er ægileg tilhugsun fyrir okkur, ef það ætti að koma fyrir, eftir að búið er að dreifa þessum skipaflota á hafnir og lægi í verstöðvum úti um landið, að á einum óveðursdegi eða einni óveðursnóttu gæti svo farið, að svo og svo mikið af þessum dýru skipum, sem við ætlum að byggja framtíð okkar á, ræki á land eða þau sykkju þar, sem þau eru. En án verulegra aðgerða í hafnarmálum víðs vegar með ströndum landsins vofir þetta óneitanlega yfir. Þess vegna er það vissulega einn meginþátturinn í þeim aðgerðum, sem nú er verið að hefja hér og ganga undir nafninu nýsköpun, að búa þessum fiskiskipaflota, sem verið er að kaupa til landsins og láta byggja hér, þau skilyrði, að það sé nokkurn veginn hægt að geyma hann örugglega þar, sem á að gera þessi skip út. Nú eru að vísu á okkar mælikvarða lagðar fram allríflegar fjárhæðir á fjárl. sem framlög ríkisins til hafnargerða víðs vegar. En með tilliti til þess, hve framkvæmd þessara verka er ákaflega dýr, þá sækist þetta mjög skammt að því er þessi fjárframlög snertir, þannig að framkvæmdir í þessum efnum verða að mjög verulegu leyti að byggjast á lántökum, sem þeir aðilar, sem láta vinna þessi verk, verða að sjálfsögðu að standa undir. Og þess vegna skiptir það eðlilega miklu máli, hvernig þau lánsskilyrði eru, sem þeir eiga kost á, sem standa að þessum framkvæmdum. Nú verða menn að sæta lánum til slíkra framkvæmda með vöxtum frá 4—6%, og þegar um stórar lánsupphæðir er að ræða, þá eru þessir vextir náttúrlega ákaflega mikið fé, sem þeir verða að greiða, sem verða að sæta svo dýrum lánum. Þess vegna varð ég hissa á því, þegar ég sá í byrjun þetta frv., og eins síðan á því, að þeir, sem um það hafa fjallað, skyldu algerlega hafa gengið fram hjá þessum atriðum, sem um er að ræða í minni brtt. Og þess vegna ásetti ég mér það strax og ég gæti að bera fram brtt. í þessa átt, sem ég hef nú gert.

Eins og kunnugt er, hefur orðið nokkur breyt. á þessu máli við meðferð þess hér í hv. deild. Málið var upphaflega borið fram í öðru formi. Málinu hefur verið gerbreytt að formi til. Þetta mál lá þannig fyrir við 2. umr., að það var mjög óhagkvæmt að koma því við að bera fram brtt., sem gengju í þá átt, sem mínar brtt. nú gera. Þess vegna hefur það nú dregizt að flytja þær, þangað til þetta frv. var endurprentað eftir þær miklu breyt., sem gerðar voru á því. Þetta vil ég láta koma fram í sambandi við það, að hv. frsm. sjútvn. vildi gefa í skyn, að þessar brtt. kæmu nokkuð seint fram, þ. e. á síðasta stigi málsins hér í d., svo framarlega sem það þurfi ekki að koma til þessarar hv. d. aftur.

Mér virðist, að það sé alveg sjálfsagður liður í þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, að afla ódýrra lána til þeirra framkvæmda, sem mín brtt. er um, þ. e. til þess að greiða fyrir því, sem segja má, að sé undirstaða þess víðs vegar á landinu, að þessi aukning á fiskiskipaflota landsmanna, sem fyrirhuguð er, komi að notum, að með skjótum hætti séu gerðar ráðstafanir til þess að gera stórfelldar umbætur í hafnargerðum víðs vegar úti um útgerðarsvæði landsins. Það er því síður en svo, að þær úrtölur, sem hv. frsm. bar hér fram um þetta, hafi neitt dregið úr mínu áliti á þeirri nauðsyn, sem á því er að greiða þarna fyrir með sama hætti og gert er gagnvart skipabyggingum og gagnvart því að koma upp verksmiðjum og öðrum tækjum í sambandi við vinnslu fisksins. Hafnarskilyrði eru í þessu efni undirstöðuatriði, eins og ég

hef lýst, og því fullkomin þörf á að greiða fyrir því, að þau verði bætt, eins og hér er lagt til í mínum brtt., því að þar, sem ráðizt er í hafnarframkvæmdir, þá verður að gera það í miklu stærri stíl en markast af framlagi ríkisins, — sem er alls staðar þar, sem um stærst átök er að ræða í þessu efni, ekki nema 2/5 hlutar stofnkostnaðar við hafnargerðir, — að ekki er hægt að bíða með hafnargerðirnar eftir því, að þessu hlutfalli sé fylgt, heldur verður að stíga miklu stærri spor, og þá verða viðkomendur að taka til bráðabirgða lán. Þess vegna verða þessir aðilar að bera mikinn þunga af vaxtagreiðslum vegna stórra lána til þessara framkvæmda. Og það mundi muna þá miklu, ef þeir gætu fengið lán með 2,5% vöxtum í stað 4 eða 6%, eins og þó ýmsir eiga nú við að búa, sem tekið hafa lán til þessara framkvæmda.

Hv. frsm. sjútvn. vitnaði hér í hafnarbótasjóðinn. Þessi sjóður er ákaflega ungur og er þess vegna mjög lítils megnugur, enn sem komið er, til þess að vera þáttur í stórum og kostnaðarsömum átökum í þessum efnum. Það má segja, að lánveitingar úr þessum sjóði séu eins og dropi í hafinu, enn sem komið er, miðað við þá þörf, sem á því er að koma þessum framkvæmdum áleiðis. Þessi sjóður getur að vísu eflzt með tímanum, og með honum er lagður grundvöllur, sem verður mikilsverður þáttur í því að hrinda þessum málum áfram. En eins og nú er, er þessi sjóður ákaflega lítils megnugur, þegar á að fara að skipta lánum úr honum milli margra aðila, sem þurfa á miklu fé að halda í þessu augnamiði.

Næsta brtt. mín stendur svo í beinu sambandi við það, að ég hef lagt til, að tekin yrðu upp ákvæði, sem ganga í þá átt, sem ég hef lýst. Hún er um það, að í stað 100 millj. kr., sem ætlað er að leggja fram í þessa stofnlánadeild, sé ákveðið, að 120 millj. verði lagðar fram til þessa. Ég minnist þess, að við 1. umr. þessa máls gat hv. frsm. þess, að sennilega þyrfti að hækka þessa upphæð, 100 millj. kr., frá því, sem ákveðið var í frv., mig minnir, að hann tiltæki allt upp í 130 millj. kr. En í þeirri löngu meðferð þessa máls hefur nú ekkert verið gert í þá átt að bæta við þessa upphæð, og hefði ég heldur ekki látið það atriði málsins til mín taka í öðru sambandi en því, að ég legg til, að bætt verði við einum hópi lánsaðila í viðbót við það, sem þegar er gert ráð fyrir í frv. Náttúrlega er þetta ekki byggt á neinum útreikningi sérstaklega, viðkomandi fjárþörf stofnlánadeildarinnar, að þessi upphæð er til tekin í brtt. Það má segja, að þessi upphæð sé sett nokkuð af handahófi. Hitt leiðir af sjálfu sér, að þessi 20 millj. kr. viðbót getur mætt allmiklum þörfum fyrir lánsfé til þeirra framkvæmda, sem í minni brtt. getur.

Þriðja brtt. mín er við 8. gr. frv. Í 8. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú, er gerður munur á því hámarki, sem lána má út á bæði skip og verksmiðjur, eftir því, hvort að þessum framkvæmdum standa einstaklingar annars vegar, sem gert er ráð fyrir, að láti við fyrir sínum lánum, eða sveitarfélög og bæjarfélög hins vegar, eða þau ganga í ábyrgð fyrir lánum þessum fyrir einstaklinga, til viðbótar því veði, sem lánin eru tryggð með. Þetta ákvæði virðist mér vera óeðlilegt. Í fyrsta lagi af því, að ég kann ekki við það, að það sé verið að gera mismun á því, hvort það er einstaklingur, sem ræðst í þessar framkvæmdir, eða þá félög upp á eigin spýtur, og því hins vegar, hvort þessum einstaklingi hefur tekizt að afla sér ábyrgðar sveitarfélags eða bæjarfélags eða þá að bæjarfélagið sjálft eða sveitarfélagið er beinn aðili í málinu. Hingað til hefur, hvað lánveitingar snertir og önnur fríðindi af hendi ríkisins, ekki verið gerður munur á þessu. Og hingað til hefur ekki verið talinn að vera sá öryggismismunur t. d. á því, hvað starfrækslu snertir, hvort það er einstaklingur, sem stendur fyrir slíkum framkvæmdum, eða félagsskapur fleiri manna, eða hins vegar hvort það er bæjar- eða sveitarfélag, sem fyrir framkvæmdunum stendur, þannig að það felist meiri trygging í því, að fyrirtæki, sem bæjarfélag rekur, sé betur rekið en það fyrirtæki, sem einstaklingur eða félagsskapur einstaklinga stendur fyrir að reka. Það er hins vegar vitað, að uppi eru hjá okkur mismunandi stefnur í þessu efni, þannig að sumir af stjórnarflokkunum hafa það á sinni stefnuskrá, að hagkvæmara sé og sjálfsagðara, að bæjarfélögin og ríkið sjálft reki þessi fyrirtæki, hvort sem er útgerð, verksmiðjurekstur eða annað. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa allt til þessa a. m. k. litið svo á, að hitt væri heppilegra, að byggja þetta að sem allra mestu leyti á framtaki einstaklinga, hvort sem það kemur fram hjá hverjum einstaklingi fyrir sig eða félagsbundnum samtökum einstaklinga. Nú virðist mér, að frv., sem hér ræðir um, gangi í þá átt að gera þeirri stefnu hærra undir höfði, sem beitir sér fyrir því, að þessi rekstur komist yfir á hendur þess opinbera, hvort sem heldur er um að ræða ríkisrekstur eða bæjarrekstur eða rekstur sveitarfélaga í þessu efni. Þessu er ég ekki samþykkur.

Þá er hin hliðin á þessu atriði málsins, hvað tryggingarnar snertir, hvaða öryggi felst í ábyrgð sveitarfélaga eða bæjarfélaga gagnvart einstaklingum, sem taka þessi lán. Mér er kunnugt um það, að lánsstofnanir landsins hafa allt til þessa yfirleitt lítið lagt upp úr ábyrgð bæjarfélaga og sveitarfélaga, þegar um hefur verið að ræða lántökur einstakra manna eða félaga. Og þetta byggist sjálfsagt á því, að lánsstofnanir hafa rekið sig á það, að þegar til átti að taka að gera þessi sveitarfélög og bæjarfélög ábyrg á greiðslufalli á lánum, sem þau hafa gengið í ábyrgð fyrir, þá ætla ég, að það lengst af hafi verið svo, að þessi ábyrgð hafi verið haldlítil. Enda þekkjum við það, sem mikið höfum fengizt við sveitarmálefni, hvort sem er úti um land eða í bæjarfélögum, að það er ekki vinsælt að fara að leggja þungar álögur á útsvarsgjaldendurna til þess að borga upp ábyrgð, sem viðkomandi sveitar- eða bæjarfélag hefur tekizt á hendur fyrir einstaklinga, og mundi það verða svo hér eftir sem hingað til, að mörg vandkvæði yrðu á þeirri leið. Þess vegna álít ég það ekki hyggilegt af löggjafarvaldinu að ýta undir það að setja bæjar- og sveitarfélögin í nokkurs konar spennitreyju þannig lagað, að einstaklingar hafi

aðgang að hærri lánum, ef þeim tekst að útvega bæjar- eða sveitarábyrgð. Ég held, að það sé ekki hyggileg pólitík, sem hæstv. Alþ. er að reka með því að taka þannig löguð ákvæði í lög. Horfir þetta þannig við frá mínu sjónarmiði, hvort sem litið er á öryggi fyrir rekstri þeirra fyrirtækja, sem hér á að veita lán til, eða öryggið fyrir því, að lán þessi verði greidd, þó að sveitarfélög eða bæjarfélög komi þarna fram sem viðbótaraðili, hvað snertir ábyrgð, — þó að þetta komi náttúrlega mikið undir útkomu rekstrarins. Ég legg til, að þessum aðilum, sem ég hef minnzt á, sé gert öllum jafnt undir höfði hvað lánsupphæðir snertir. Og það byggist á því, að þeir eigi einnig að njóta einna og sömu vaxtakjara, sem er í raun og veru gert ráð fyrir.

Nú sé ég á einni þeirra brtt., sem hv. sjútvn. hefur borið hér fram, að n. vill einnig ganga í þessa átt, sem ég hef haldið fram, þar sem félagssamtök einstaklinga samkv. henni, þótt ekki hafi þau ábyrgð sveitar- eða bæjarfélags, eiga að njóta sama hámarks um lán úr stofnlánadeildinni og bæjarfélögum er ætlað samkv. 2. málsl. 8. gr. Og þá er raunverulega ekki orðið mikið, sem ber á milli í þessu efni, það eru þá eingöngu þeir einstaklingar eftir, sem þarna eiga hlut að máli, sem á að setja skör lægra en hina aðilana. Kann ég ekki við það og tel það ekki eðlilegt né sanngjarnt, að slíkur munur sé á þessu gerður.

Svo eru hér í brtt. mínum aðeins lítils háttar brtt. viðkomandi 12. og 14. gr., sem eru afleiðingar af því, að lagt er til, að heimilað sé að veita lán úr stofnlánadeildinni til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Þau ákvæði, sem felast í þessum gr., taka ekki til sveitar- og bæjarfélaga, og er þess vegna á báðum þessum stöðum lagt til, að þessi ákvæði taki ekki til lána eða lánþega vegna hafnarmannvirkja eða lendingarbóta. Ákvæði frv. í þessum gr. eru um vátryggingu o. fl., sem ekki kemur til greina í sambandi við þessar framkvæmdir, og eins þar sem talað er um veðin.

Þá er það aðeins eitt, sem ég á eftir að gera grein fyrir í sambandi við lánin til hafnarmannvirkja, það, að ég hef skotið hér inn í á eftir ákvæði brtt. um hámark lánsfjárhæðar til skipa og annarra framkvæmda orðunum: „Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta skal lánsfjárhæð þó aldrei hærri vera en ríkisábyrgð er fyrir samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur.“ — Ríkisábyrgðin er einskorðuð í l. um hafnargerðir og lendingarbætur. En þar sem ekki er víst, að þessi einskorðaða ríkisábyrgð fari saman við hámark lánsins, þá er sjálfsagt að binda þetta við það, að lánið sé ekki hærra en í l. er ákveðið, að ríkisábyrgð nái til. Þetta gæti í einstökum tilfellum dregið eitthvað úr lánum, en er sjálfsagt ákvæði í sambandi við það, að það er sett að skilyrði fyrir lánum úr stofnlánadeildinni, að ríkisábyrgð sé fyrir þeim lánum.

Ég vænti þess, að hv. þd. sé mér sammála um það, að skjótar og miklar framkvæmdir í hafnar- og lendingarbótum sé það meginatriði í þeirri nýsköpun, sem stefnt er að nú í okkar landi, að það er sjálfsagður hlutur, að þau góðu og hagkvæmu lánakjör, sem hér er stofnað til með þessu frv., séu einnig látin ná til þessara framkvæmda, sem eru höfuðnauðsyn og undirstaða þess, að þessi nýsköpun geti borið þann árangur hjá okkur, sem stefnt er að og allir óska eftir, að geti náðst, þegar tímar líða.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Í upptalningu þeirri, sem er í 3. gr. þessa frv. á mannvirkjum, sem stofnlánadeildin skuli veita lán til, hef ég ekki komið auga á, að sérstaklega sé þar tekið fram um síldarverksmiðjur. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt, að út á slík mannvirki yrði lánað úr þessari deild, og ég hygg, að það hljóti að hafa verið upprunalegur tilgangur hv. flm. þessa frv. Það þarf ekki að færa að þessu mörg rök. Það er öllum vitanlegt, að síldarverksmiðjurnar annast einn mikilvægasta þátt íslenzks sjávarútvegsiðnaðar, og það ber brýna nauðsyn til þess að tryggja, að það séu fyrir hendi í landinu nægilega margar og afkastamiklar verksmiðjur til þess að gegna þessu hlutverki fyrir bátaflotann, sem síldveiði stundar. Það kann að vera, að fram komi sú mótbára gegn því að taka síldarverksmiðjur inn í þessa upptalningu, að hætt sé við því, að þær framkvæmdir mundu þá gleypa verulega mikinn hluta þess lánsfjár, sem hér er verið að taka frá til stuðnings við þær framkvæmdir, sem hér um ræðir. Ég hygg þó, að á þessu sé ekki svo mikil hætta, þar sem ríkisstj. hefur á hverjum tíma á valdi sínu, hverjum hún veitir leyfi til þess að byggja nýjar síldarverksmiðjur. Og í öðru lagi má benda á það, að í 8. gr. frv., eins og það er nú, þá er sleginn varnagli fyrir því, að skipa- og bátabyggjendur verði ekki útundan um notkun lánsfjár úr þessari deild, þar sem sagt er, að hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til að fullnægja lánsþörfinni, skuli lán til skipa- og bátakaupa sitja fyrir öðrum lánveitingum. Þegar á þetta er litið, hygg ég, að þegar ríkisstj. hefur einnig leyfisveitingar fyrir byggingu nýrra síldarverksmiðja í hendi sinni, þá sé auðsætt, að byggingar síldarverksmiðja þurfi ekki að gleypa verulegan hluta lánsfjár þessa. — Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja brtt. um þetta við 3. gr. frv., þannig að á eftir orðinu „niðursuðuverksmiðjum“ í 1. mgr. komi: síldarverksmiðjum. Og leyfi ég mér um þetta að vísa til þess rökstuðnings, sem ég hef sett hér fram. Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 736) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þessi skriflega brtt., sem hv. þm. N.-Ísf. lagði fram, hennar er í sjálfu sér miður þörf. Það er að vísu svo, að það er vitað hvað síldarbræðslur snertir, að hið opinbera hér á landi hefur gert alveg sérstakar ráðstafanir, og á ég þar við byggingu á síldarbræðslum, sem ríkið sjálft á. Og svo er ekki fyrir það að synja, að þessi atvinnugrein eða iðngrein er rekin líka af einstaklingum hér

á landi, og getur vel verið, að þeir, sem fastast halda á því, að vegna þess að ríkið hefur sjálft farið út í þessa iðngrein, þá eigi síldarverksmiðjurnar ekki að vera taldar hér upp meðal þeirra fyrirtækja, sem lán fást út á, þeir, sem halda fastast á því, mundu í mörgum tilfellum geta fallizt á, að svo gæti staðið á, að rétt væri í einstaka tilfellum, að svona verksmiðjur nytu þessa stuðnings, sem stofnlánadeildinni er ætlað að veita, og þá er, eins og frv. er nú orðað, veitt heimild til þess, að mínum dómi, að slík undantekning væri gerð, þó að ég vilji undirstrika, að þetta ætti ekki að tilheyra reglunni. Til þess að sanna þetta, nægir að benda á niðurlag 1. málsgr. 3. gr., þar segir: „Og öðrum þeim fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.“ Ég álít þess vegna, að hv. þm. hafi ekki gert rétt í því að koma fram með þessa brtt. og ætti því að taka hana til baka, því að þetta gæti ekki orðið allsherjar regla. Ef t. d. ríkið sjálft vildi fara að nota þetta fé, þá entist það ekki mikið til þess. Hitt getur svo að borið, að á einstaka stöðum stæði þannig á, að sanngjarnt væri, að einstaklingar eða félög, sem eru að brjótast í því að koma upp svona iðnaði, væru ekki útilokuð frá því að geta fengið fé úr stofnlánadeildinni, ef svo ber undir.

Hv. þm. Borgf. hefur talað fyrir sinni brtt., og má vera, að rétt sé það hjá honum, að ég hefði ekki átt að gera brtt. hans að umræðuefni, fyrr en hann hefði fyrir henni mælt. En útkoman verður svipuð, því að það skilst ákaflega vel, hvað með henni er meint, og voru skýringar hv. þm. engan veginn neitt nýmæli hvað þetta snertir. Hv. þm. má ekki líta á það sem áhugaleysi hjá þeim, sem hafa staðið að þessu frv., þó að ekki hafi verið blandað hafnarmálum inn í stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þvert á móti hefur þetta atriði, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, sem sé, að stuðla beri að því, að hafnarskilyrði verði bætt jafnhliða fjölgun skipaflotans, verið mikið rætt. Þetta hefur verið umræðuefni í nýbyggingarráði og hjá öðrum áhugamönnum í þessu máli, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Borgf. hafi einnig oft velt þessu fyrir sér. En að mínum dómi mætti koma þessum nauðsynlegu umbótum á, þó að ekki væri verið að reyna að koma því málefni inn í þetta frv.

Við skulum gæta að því, hvað hér hefur verið talið eiginlega til afsökunar þeirri framsækni í þessum efnum, sem birtist í þessu frv., að taka þetta mikla fé af Landsbankanum og lána það út með svo og svo lágum vöxtum. Mér hefur virzt, að þeir, sem ábyrgð bera hér á meðferð fjármála, hafi talið þessu framferði það til afsökunar eða gildis, að fénu ætti að verja til atvinnutækja, sem væntanlega gæfu fljótt gróða af sér, skiluðu beinlínis afurðum og afrakstri í ríkissjóð og bankann, og borguðu þannig tiltölulega fljótlega þetta fríðindafé, því að við skulum vera sammála um það, að hér er um að ræða fríðindi í lánveitingum bæði hvað upphæðir snertir og vexti. Þetta hefur þá helzt verið talið til afsökunar í þessu máli, þó að mörgum finnist hitt, að í till. felist og sé meiri dirfska en áður hefur verið ráðandi. En þó að viðurkennt sé, að til þess að reka útgerð með góðum árangri, þurfi góð viðlegupláss og hafnir, þá eru hafnarmannvirki ekki þess eðlis, að þau skili afrakstri eða arði beinlínis í hendur lánsstofnana og ríkissjóðs á sama hátt og t. d. togarar, sem gerðir eru út, eða vélbátar. En það breytir samt ekki þeirri staðreynd, að hafnirnar eru nauðsynlegar, enda hefur það oft verið undirstrikað og viðurkennt hér á Alþ. En ég er þess albúinn til þess að sýna hv. þm. Borgf., að það er ekki af tómlæti í hafnarmálum, að ég anda á móti því, að þeim sé blandað inn í þetta frv., — að flytja með honum þáltill. um heimild handa ríkisstj. til að verja þeim 20 millj. kr., sem hann nefndi hér, til stórra átaka í hafnarmálum í næstu framtíð. Vilji hv. þm. fara þá leið, sem nú beinast liggur fyrir í þessum efnum, mun ég fylgja honum að máli í því, og hygg ég, að margir fleiri hér á Alþ. mundu vilja taka höndum saman við hann um þetta.

Þá minntist hv. þm. á lánskjörin og taldi, að einkaframtakið væri sett skör lægra samkv. okkar till. en bæjarrekstur og opinber rekstur. Það má segja, að það sé gert. En þá er þess að gæta, hvernig málið ber að. Ég sagði áðan, og stend við það, að hér væri gengið spori lengra í þá átt að ýta undir það, að menn ráðist í fyrirtæki í framleiðsluátt, þótt dýr séu, heldur en áður hefur verið gert. Þegar maður lítur á þessar staðreyndir, verður ekki hjá því komizt að viðurkenna það, að hér er hið opinbera beinlínis að verki. Hv. þm. hefur eflaust tekið eftir því eins og allir aðrir, að ríkinu er ekki ætlað að standa í ábyrgð fyrir öllum þessum lánum, og þá verður ekki komizt hjá því að meta það nokkuð, hvort hlut að slíkum lántökum eiga einstakir menn eða heill hópur manna, heil byggðarlög, bæjar- eða hreppsfélög. Þetta sjónarmið hlýtur líka að koma til álita, þegar um slíkar lánveitingar eins og þær, sem hér um ræðir, er að ræða, eins og hitt sjónarmiðið, og ég viðurkenni, að hv. þm. hefur þar mikið rétt fyrir sér, er hann segir, að engin trygging sé fyrir því, að fyrirtækin verði rekin á hagsýnni hátt með bæjarábyrgð en í höndum einstaklinga. Ég er honum þar sammála. En það er annað sjónarmið, sem mér finnst að hljóti að vega eins mikið, og það er það, að hér er verið að gera alveg sérstakar ráðstafanir, sem að stendur almannaábyrgð. Hér er verið að styðja að því, að framkvæmdir verði hlutir á þann hátt, að þeir, sem þessara almennu aðgerða eiga að njóta, eigi þeim mun meiri rétt á því sem þessi vilyrði geta orðið fleirum þeirra að gagni. Þetta er sú hugsun, sem hefur vakað á bak við það, sem hv. þm. Borgf. var að útmála, að hér væri verið að hlaða undir ríkisrekstur. en halla á einkaframtakið.

Hv. þm. sagði, að þetta væri ekki hyggileg pólitík. Það er nú svo. Hvort um hyggindi er að ræða í þeim efnum, má oft deila um. En ég ætla samt, að það sé ekki óréttlátt, sem hér er farið fram á, að byggðarfélög eða stór félög fái að njóta hér heldur hærri hlutar en ef einstaklingar eiga hlut að máli. Við verðum svo að láta ráðast um hyggindin, reynslan ein getur skorið úr um það. En sem sagt, vilji hv. þm.

Borgf. gera hér átak á Alþ. í þetta sinn, átak, sem hann rökstuddi, að þyrfti að gera, og ég tek undir að verði að gera á þessu þingi eða því næsta, sem sé það, að koma fótunum undir meiri, skjótari og stórvirkari framkvæmdir í hafnarbótum en áður hafa verið gerðar á jafnstuttum tíma, skal ekki standa á mér að styðja þær till. hv. þm. í þessu efni, sem miða í rétta átt og ekki ganga út á það að klandra önnur nauðsynjamál, sem fyrir þinginu liggja, — þá þætti mér réttast, að hv. þm. tæki höndum saman við aðra þm. og kæmi á framfæri heimild fyrir ríkisstj. að hefja framkvæmdir í þessum efnum. Það er vitað, að með þeirri fjölgun báta, sem hér verður á næstunni, þá verður ákaflega þröngt á miðunum við Faxaflóa, ef trúa má vitnisburði kunnugra manna. Hér er sem sé verið að vikja að því, að fyrsta sporið til svo kallaðrar landshafnar verði stigið við Faxaflóa, þó að vitað sé, að þar verða þrengslin mest. Eftir er svo að sinna þörf Suðausturlandsins, og hefur Hornafjörður verið nefndur í því sambandi, en eftir er að gera þar nauðsynlegar umbætur á höfninni. Á Snæfellsnesi er það helzt á Rifi, sem þyrfti að gera viðleguumbætur, þyrfti þar að vinna í stærri stíl. Eitthvað svipað þessu geri ég ráð fyrir að muni vaka fyrir flestum þeim, sem hafa hugsað þessi mál, og mþn. í sjávarútvegsmálum, sem sat hér fyrir nokkru og kannske situr enn að forminu til, mun hafa verið talsvert inni á þessum hugsanagangi, þó að enn þá sé ekki komið lengra en það, að landshafnarfrv. fyrir Njarðvík er hér til meðferðar í þinginu.

Umr. frestað.

Á 106. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 708, 713, 716, 717, 722, 725, 735, 736).

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við brtt., sem ég hef flutt viðvíkjandi fjárgreiðslu þeirri, sem seðlabankinn á að lána stofnlánadeildinni, um það, að upphæðin verði hækkuð úr 100 millj. í 150 millj. kr.

Við 2. umr. málsins minntist ég á það, að það væri augljóst, að sú fjárhæð, sem stofnlánadeildinni væri ætlað að hafa til útlána, hlyti að verða ónóg, og þó sérstaklega, ef ætti að gera ráð fyrir, að allar framkvæmdir gætu komið til greina með lánveitingar úr sjóðnum. Í þessu sambandi vildi ég rifja upp, hvernig það lítur út viðvíkjandi fjárhagshliðinni

Það er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin hafi 100 millj. kr. til útlána, en auk þess er gert ráð fyrir því, að hún geti aflað sér nokkurs fjár með því að gefa út vaxtabréf, en það er nú nokkurn veginn vitað mál, að það muni deildin ekki gera nema að mjög litlu leyti. Það er því ekki varlegt að áætla, að deildin hafi til útlána 100 millj. kr. Það er sýnilegt, að vegna þeirra 30 togara, sem keyptir verða, verður sótt um lán fyrir sem nemur allt að 60 millj. kr., það er sú upphæð, sem kaupendur þeirra togara gætu sótt um samkv. þeim reglum, sem gert er ráð fyrir í frv. Þar að auki liggur fyrir, að keyptir verða fyrir Reykjavíkurbæ 50 bátar frá Svíþjóð og kaupverð þessara báta verður nokkuð yfir 25 millj. kr., og mundi þurfa að lána út á þá báta úr deildinni í kringum 20 millj. kr. Þarna eru komnar 80 millj., sem þyrfti að lána út á togarana og bátana frá Svíþjóð. Auk þess hafa verið keyptir 18 bátar frá Svíþjóð, og lán út á þá báta verða varla undir 5 millj. kr., og svo er búið að efna til smíða á 35 bátum innanlands, og lán út á þá hljóta að verða í kringum 10 millj. Það, sem ég hef hér talið upp, er þá komið upp undir 100 millj. kr., og eru þá eftir lánveitingar til skipasmíðastöðva og dráttarbrauta, sem hér er sótt fast af ýmsum að verði tekið inn í þetta, að maður ekki tali um hraðfrystihúsin, niðursuðuverksmiðjur og mörg önnur fleiri mannvirki. Einnig hafa komið fram kröfur um það að lána út á síldarverksmiðjur og hafnarframkvæmdir. Ég hef hér áður staðið að því að flytja till. um það að takmarka nokkuð ákvæðið í frv. um það, hvaða framkvæmdir það væru, sem kæmu til greina með að fá lán úr þessum sjóði. En þessar till. hafa fengið sáralítið fylgi, að manni virðist, og vegna þess að það virðist hafa fengið heldur daufar undirtektir að gera nokkrar takmarkanir á útlánum, þó að augsýnilegt sé, að upphæðin er of lítil, þá fannst mér rétt að flytja till. um það að hækka þetta fé. Ef hins vegar fæst samkomulag um það að takmarka nokkuð útlánin frá því, sem till. liggja fyrir um, mundi ég vera til viðtals um það að draga þessa till. til baka, vegna þess að ég veit, að á því eru ýmsir örðugleikar að fá þetta fram. En það, sem ég vildi vekja athygli á, er það, að ekki er hægt að gera hvort tveggja í senn, að viðurkenna, að sú upphæð, sem hér er lögð til grundvallar, sé of takmörkuð, og bæta þó sífellt við ýmiss konar mannvirkjum, eins og t. d. síldarverksmiðjum, á þennan takmarkaða sjóð, án þess að verða við þeirri ósk að hækka lánsféð. Ég hef lýst þessu yfir í sjútvn. og óskað eftir því, að þetta fé yrði hækkað, og ég hef flutt um það till. En eins og ég sagði, ef samkomulag fengist um það að öðru leyti, t. d. að skylda nýbyggingarsjóðaeigendur til þess að nota sitt fé áður en þeir tækju fé úr stofnlánadeildinni, og ef það fengist takmörkun á því, hvaða fyrirtæki koma til með að geta fengið lán úr þessum sjóði, þá er ég til viðtals um það að draga till. til baka, annars er óhjákvæmilegt, að hún komi til atkv., svo að úr því fáist skorið, hvort það er meiningin að hækka lánsupphæðina um leið og bætt er við nýjum stofnunum.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að segja fáein orð út af ræðu hv. frsm. meiri hl. sjútvn., þm. Vestm. Ég get engan veginn gengið inn á það hjá honum, að með brtt. mínum sé verið að klandra þetta mál, eins og hann orðaði það, eða að brtt. séu ekki í eðlilegu efnissambandi við ákvæði frv. Ég þótt-ist, þegar ég gerði grein fyrir þessari brtt., færa fyrir því gild og góð rök, að undirstaða þess, að við næðum því takmarki um aukningu fiskiskipaflotans, sem nú er stefnt að, væri, að óhjákvæmilegt væri að búa þessum flota þá

öryggisaðstöðu úti um verstöðvar landsins, sem gæti tryggt það, að við misstum ekki svo og svo mikið af þessum flota út úr höndunum á okkur frá þeim störfum, sem á að nota hann til. Að því leyti hafði ég litið svo á, að ráðstafanir í þessa átt, að flýta fyrir hafnargerðum, ættu að vera í fyrstu röð þeirra tillagna, sem fyrir liggja í því frv., sem nú er verið að ræða um hér, um stofnlánadeild fyrir sjávarútveginn og aðra tækni í hans þjónustu.

Hv. þm. Vestm. talaði um, að menn væntu sér fljótt góðs af þessari nýju stofnun, sem væri líkleg til þess að greiða fljótt það fríðindafé, sem hér sé látið í té. En skilyrðið fyrir því, að við getum vænzt þessa gróða, er það, að við höfum hér upp á að bjóða þau hafnarskilyrði, að við getum notfært okkur þennan skipaflota, en það eru allir sammála um, að okkur skorti mikið á, að þau skilyrði séu fyrir hendi, og þær aðgerðir í þessa átt, sem tengdar eru við afgreiðslu fjárl. á s. l. ári, ná ákaflega skammt til þess að þeim aðgerðum verði komið af stað, sem þurfa að vera fyrir hendi, þegar þessi bátafloti okkar verður tekinn til notkunar hér við strendur landsins. Ég vil þess vegna enn mjög mæla fyrir því og brýna það fyrir hv. dm., að ákvæði því, sem í brtt. mínum felst að þessu leyti, verði gaumur gefinn og það verði samþ., að þetta verði tekið inn í frv.

Hv. frsm. vildi halda því fram viðvíkjandi þriðju brtt. minni hér, að nokkru meira fjárhagsöryggi væri fyrir þá landshöfn, sem hér er verið að efna til, þar sem ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga kæmi þar einnig til greina. Ég gerði hér einnig í gær grein fyrir því, hvernig lánsstofnanir landsins hafa að undanförnu litið á slíkar ábyrgðir, þær hafa yfirleitt lagt ákaflega lítið upp úr þeim, og ég er þess fullviss, að ef leitað væri álits lánsstofnana um það út af fyrir sig, hvað mikið þær legðu upp úr slíkum viðbótarábyrgðum, þá mundi það ekki verða þungt á metunum í þeirri álitsgerð, sem frá þeim kæmi um þetta efni. Ég veit, að hæstv. fjmrh., sem verið hefur bankastjóri við aðalbanka landsins, mun vera mér sammála í þessu atriði.

Ég ætla, að það, að bæjar- og sveitarfélögum hefur verið gert hér hærra undir höfði en einstaklingum, eigi að rekja til annarra aðila en hér greinir. Hér togast á tvær stefnur, sú, sem vill bæjar- og sveitarfélagsrekstur og telur hann öruggari, og tel ég, að í þessu máli hafi sá aðili borið hærri hlut en hinn, sem lítur svo á, að jafnmikið ef ekki meira öryggi sé í einstaklingsrekstri en opinberum.

Ég býst við, að brtt. mínar verði samþ. Hv. frsm. gaf mér ádrátt um samstarf í þessu máli, sem sé í því að heimila einstaklingum jafna aðstöðu við það opinbera um hafnargerðir, en þá yrðum við að flytja um það sérstakt frv. Og ég svara tilboði hv. frsm. því, að ef svo fer, mót von minni, að brtt. mínar verði felldar, þá mundi ég vilja eiga samræður við hann um að koma okkur niður á leið til þess, að þetta gæti komizt fram á þessu Alþ. Og ef aðrir eru, sem kynnu að hafa áhuga á þessu, þá vildum við, að þeir gerðu sitt til þess, að þetta kæmist fram á þessu Alþ., sem ráðgert er að standi nú ekki miklu lengur.

En ég leyfi mér nú samt að vona, að brtt. mínar verði samþ., en ef svo yrði ekki, þá vona ég, að málið komist fram á einhvern annan hátt, svo að viðunanleg lausn fáist.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 716,1 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ.

nei: FJ, GÞ, GSv, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, BG.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 716,2—5 teknar aftur.

Sigurður Bjarnason: Með því að hv. frsm. sjútvn. hefur lýst yfir því, að þau mannvirki, sem brtt. á þskj. 736 fer fram á, að tekin verði upp í upptalninguna í gr., falli undir gr., tek ég þessa brtt. aftur.

Brtt. 736 tekin aftur.

— 717,1 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÞB, BÁ, BK, EOl, EystJ, HelgJ, JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SÞ, SkG.

nei: StJSt, EmJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, ÓTh, PO, SB, SG, SEH, SK.

ÁkJ, FJ, GSv, JS, STh, BG greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 722,1 felld með 19:1 atkv.

— 725 felld með 16:5 atkv.

— 722,2 felld með 16:9 atkv.

— 713 samþ. með 27 shlj. atkv.

Atkvgr. frestað.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var atkvgr. fram haldið.

Brtt. 722,3 felld með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, PO, GSv.

nei: LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, HB, IngJ, JJós, BG. PZ, PÞ, SkG. SvbH, BK, EystJ, GÞ, GTh greiddu ekki atkv.

6 þm. (SK, SÞ, ÁÁ, BÁ, HelgJ, JPálm) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhann Jósefsson: Ég er út af fyrir sig samþykkur þeirri stefnu, sem kemur fram í þessari till., en eins og hv. þm. er kunnugt um, er þetta frv. sumpart samkomulag milli flokkanna, þó að um það sé ágreiningur í ýmsum atriðum, og vegna þess samkomulags, sem gert hefur verið, greiði ég atkv. á móti till. og segi nei.

Brtt. 722,4—5 teknar aftur.

— 735,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 735,2 samþ. með 20:4 atkv.
— 717,2 samþ. með 21:1 atkv.
— 735,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 787).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 787, n. 843 og 845, 846).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 846. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað frv. þetta, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. 4 nm. mæla með því, að frv. verði samþ., og þó hafa 2 þeirra áskilið sér rétt til þess að koma fram með brtt. Hv. þm. Barð. hefur ekki átt samleið með okkur og ber fram sérstakar brtt.

Eins og sjá má af frv., er hér stofnuð ný deild við Landsbanka Íslands, er nefnist stofnlánadeild sjávarútvegsins, og er hlutverk hennar að styðja sjávarútveginn með hagkvæmum stofnlánum. Í frv. eru ýtarlegar reglur um fyrirkomulag og lánatilhögun deildarinnar, en allt er frv. gert í sambandi við aðgerðir stjórnarinnar í nýskipan atvinnuveganna. Það er gert til þess að gera einstaklingum og félögum fært að taka þátt í nýskipuninni, og um það eru menn sammála. Ég vil taka það fram, að bæði ég og minni hl. n. erum óánægðir með margt í frv., en samkomulag hefur orðið um það að skipa málunum eins og nú er. Í Nd. kom fram ýtarleg grg. af hálfu Alþfl., og vísa ég til hennar. Svo er og um aðra flokka, og ætti því að vera óþarfi að opna miklar umr. um málið hér í deildinni. Tveir nm., hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. S.-M., hafa borið fram brtt. við ýmis atriði frv., og áður en ég segi meira, tel ég heppilegra að gefa þeim tækifæri til þess að gera grein fyrir sínum brtt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. sjútvn. gat um, varð ekki samkomulag um málið í n., en hv. meiri hl. er heldur ekki sammála, því að brtt. hefur komið fram frá einum þeirra á þskj. 846. Þetta er eitt af stærstu málum þingsins og hefur verið afgr. úr n. á mjög skömmum tíma. Ef lengri tími hefði verið, hefði vafalaust mátt ná samkomulagi um sumar brtt. minar á þskj. 845. Sjálfur hefði ég talið, að ekki væri rétt að hafa í 3. gr. lán til dráttarbrauta o. fl., þar eð um þetta eru ákvæði í hafnarl. Og enda þótt ég hafi ekki borið fram brtt. um þetta, þá tel ég algerlega rangt að hafa þetta með, enda mun það sýna sig í framtíðinni, að það íþyngir mjög aðalhlutverki sjóðsins. Ég hef borið fram brtt. við 2. mgr. Ég tel ekki rétt, að félagsskapur, sem stofnaður er af því opinbera og einstaklingum, hafi ekki jafnan rétt. Frá einstökum mönnum og hlutafélögum hafa komið mestar tekjur í ríkissjóð. En þakkirnar eru að gera þá að 2. flokks mönnum, og í staðinn „faverað" þeim, er ekki hafa sýnt eins mikinn dugnað. Ég viðurkenni það, að samvinnufélagsskapur eigi rétt á sér, en það á ekki að veita honum meiri rétt en öðrum félagsskap.

Næsta brtt. mín er við 8. gr. og er afleiðing af hinni. B-liður er einnig í sambandi við þetta og er það allt afleiðing af 1. brtt. Ég hef lagt til, að 9. gr. breytist svo, að þar standi „einstaklingar og félög" í stað „einstaklingar og samvinnufélög," en samkv. þessu er ekki til þess ætlazt, að hlutafélög verði aðnjótandi þeirra fríðinda, sem þarna um ræðir. Frsm. telur, að þetta geti staðizt, en mér finnst þá rétt að hafa það alveg skýlaust í frv., svo að ekki þurfi að standa í málaferlum út af því. Ef þetta á að vera eins og ég vil hafa það, þá tel ég, að breyta eigi orðalaginu.

4. brtt. mín er við 11. gr. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að koma hér á fót stofnlánadeild með þannig fyrirkomulagi, að vextirnir hækki allt í einu um ½%, þó að það dragist kannske í hálfan mánuð að greiða. Ég vil ekki, að hér verði greiddir mestu gyðingavextir í veröldinni.

5. brtt. mín er við 13. gr. Í frv. er gert ráð fyrir því, að Landsbankinn megi velja virðingarmenn. Ég vil benda á, hve hættulegt þetta getur verið. Ég vil spyrja, hvernig þetta verði í framkvæmdinni. Og á lánveitandinn að miða við lægra verðið? Það getur því farið svo, að menn fái aðeins 30% af verðmætinu. Mennirnir meta eignirnar kannske ekki nema ⅓ hluta þess, sem þær eru raunverulega verðar. Og ef á að hafa sama hátt á þessum málum, þá fá útvegsmenn að finna það einhvern tíma, hvað það er að hafa þetta óbreytt í l. eins og það er í frv. Ég tel, að ef þetta ákvæði stendur óbreytt í 13. gr., þá sé algerlega kippt fótunum undan gagnsemi þessarar stofnlánadeildar, nema því aðeins, að það megi treysta ráðh. til að framfylgja ekki ákvæðum greinarinnar og setja ákvæði um þetta atriði ekki í reglugerð, heldur að þetta séu dómkvaddir menn, sem í n. eru skipaðir. Og ef ég heyri þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að dómkvaddir menn eigi að verða skipaðir í þessa n., reglugerðarákvæðið að vera þannig, þá get ég fellt mig við það. Hitt tel ég þó sjálfsagðara, að setja ákvæði um þetta beint í l., og ég undrast, að ekki skuli hafa fengizt samkomulag um það atriði að gera svo sjálfsagða breyt. á frv.

Við b-lið 13. gr. hef ég borið fram þá brtt., sem kemur sem leiðrétting, þegar búið er að fella úr þessari gr., ef mín brtt. um það verður samþ.

Svo hef ég borið fram brtt. við 15. gr. frv., um, að aftan við d-lið gr. bætist: „Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef stöðvunin stafar af óviðráðanlegum ástæðum." Ég hef rætt þetta atriði við hæstv. fjmrh., sem sagði, að sjálfsagt væri að beita ekki l. öðruvísi en þannig, að þessu ákvæði yrði ekki beitt nema því aðeins, að stöðv-

unin stafaði af einhverju öðru en óviðráðanlegum ástæðum, svo sem því, að maður vildi ekki gera út eða því um líkt, en því yrði ekki beitt, ef skipin stæðu undir viðgerð lengri tíma en hér er til tekið. Og það getur komið fyrir, að skip séu meira en sex mánuði í viðgerð og tefjist frá störfum þess vegna, og í því tilfelli væri hart, ef mætti segja upp láni eingöngu af því, að gera þarf við skip vegna slysa eða sjótjóns eða annarra áfalla.

Ég vænti þess því, að þessar brtt. nái samþykki. Og ef svo verður, mun ég fylgja frv. Verði þær hins vegar felldar, tel ég mig hafa alveg óbundnar hendur um fylgi við frv.

Ingvar Pálmason: Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. nr. 846, við 3. gr. frv. Efni hennar er aðallega það að setja í stafliði þau fyrirtæki, sem stofnlánadeildin lánaði til gegn 1. veðrétti. Og með því meina ég það, að það sé ábending — að vísu ekki nema ábending — um það, í hvaða röð þessi fyrirtæki eiga að ganga að lánadeildinni.

Þá er einnig hér í þessari brtt. lögð áherzla á það, að forgangsrétt að lánum úr þessari lánadeild hafi þau fyrirtæki í hverri grein, sem eru rekin eða stofnuð af félögum útvegsmanna. Og það er alveg í samræmi við það, sem er nú í 3. gr. frv. En ég vildi gera tilraun til að gera þetta víðtækara.

Þá er síðasta málsgr. í brtt., sem lýtur að því, að lán megi ekki veita úr stofnlánadeildinni til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. jan. 1944. Og þessi málsgr. er sett þarna inn í gr. vegna þess, að það er allt útlit fyrir, að það fé, sem stofnlánadeildin ræður yfir, kunni að verða af skornum skammti, það muni tæplega nægja eftirspurninni, og sízt af öllu ef lánveitingarnar ná til fyrirtækja langt aftur í tímann, þ. e. sem fyrir löngu hafa verið stofnuð. Hins vegar tel ég ekki rétt, að fyrirtæki, sem stofnuð eru árið 1944 og síðan, geti ekki notið þessara hlunninda og komizt að í deildinni.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra þessar brtt. nánar. Þær skýra sig nokkurn veginn sjálfar. En þar sem sú hugsun virðist hafa náð fyllilega samþykki hv. Nd., að það beri að vinna að því að koma útveginum í hendur samlaga og samlagsfélaga sjómanna og útvegsmanna, þannig a. m. k. að þau gangi fyrir um hlunnindaveitingar, þá virðist það vera álit þeirrar hv. d., að þannig væri málum sjávarútvegsins bezt komið.

Ég skal taka það fram að endingu, að samþykkt eða synjun þessara brtt. hefur ekki það gildi fyrir mér, að ég muni ekki greiða atkv. með frv. fyrir því, þó að þær verði felldar. Hins vegar get ég lýst því yfir, að frv. þetta er á margan hátt öðruvísi en ég hefði kosið, og sé ég enga ástæðu til að fara nánar út í það á þessu stigi málsins, því að ég er alveg sammála þeim, sem um málið hafa fjallað, bæði í hv. Nd. og hér í hv. d., að úr því sem komið er, verði ekki hjá því komizt, að þessi lánsstofnun verði að komast á. Og þó að hún sé eftir frv. ekki að öllu leyti í því horfi og á þann hátt, sem ég eða Framsfl. hefði kosið, þá mun ég samt sem áður fylgja þessu frv., hvernig sem fer um mínar brtt.

Um brtt. hv. minni hl. n. ætla ég ekki að ræða. Ég álít, að það sé hlutverk frsm. meiri hl. n., og vil ég ekki blanda mér inn í þær umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þeir 2 hv. þdm., sem borið hafa fram brtt., hafa þegar gert grein fyrir þeim, og skal ég því lítils háttar sem frsm. n. víkja að brtt. þessum.

Ég ætla fyrst að minnast á þskj. 845, en það eru till. hv. þm. Barð. Fyrsta brtt. er við 3. gr. frv., um að 2. mgr. falli niður, og í framhaldi við það flytur hv. þm. brtt. við 8. gr., um að 3. mgr. falli niður. Mælir svo fyrir, að stofnlánadeildin skuli veita fyrsta veðréttarlán til fiskiskipa og annarra veiðiskipa og síðan til mannvirkja og verksmiðja, sem byggð eru m. a. til vinnslu á fiskúrgangi. En annars greinir gr. frá forgangsrétti til handa félögum útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félögum, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna. Eins og sjá má af gr. þessari, þá er félögum útvegs- og fiskimanna, sem öllum eru opin á viðkomandi stað, tryggður forgangsréttur til lána. Enn fremur er samkv. 8. gr. þeim einnig tryggður réttur til að fá hærra lán til mannvirkja en einstaklingum. Þetta ákvæði byggist á því, að reynt er að opna fiskimönnum og útvegsmönnum möguleika til að mynda samtök í því skyni að vinna úr fiskaflanum, gera þeim fært að mynda samtök til að koma upp vinnustöðvum og þess háttar og reka þær á eigin reikning. Með slíku móti gætu þeir losnað við þann millilið og tekið til sín þann hagnað, sem ella mundi renna annað. Meiri hl. sjútvn. er eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi á allan hátt að hjálpa útvegs- og fiskimönnum til að geta verið sjálfum sér nægir og skapa þeim möguleika til að losna við óþarfa milliliði, sem gera ekkert annað en taka sinn skatt og gróða af afla þeim, sem fiski- og útvegsmenn hafa skapað. Þetta sjónarmið vill hv. þm. Barð. ekki fallast á. Hann vill ekki ganga inn á þá stefnu að reyna að losa fiskimenn við þessa milliliði, heldur vill hann hafa þeirra leið opna áfram. Þarna er um grundvallarsjónarmið að ræða, og býst ég ekki við, að hv. þm. Barð. láti sannfærast af okkar rökum frekar en við af hans rökum. Hv. þm. minntist á í þessu sambandi, að það væru sérstaklega einstaklingar, aðrir en útvegs- og fiskimenn, sem sköpuðu tekjur ríkisins og greiddu til þess, svo að það gæti haldið áfram sínum framkvæmdum. Ég vil aðeins segja það, að ég veit ekki, hverjir það eru, sem standa undir þörfum þjóðfélagsins, ef það eru ekki fyrst og fremst útvegs- og fiskimenn. Það eru fyrst og fremst þessir menn, sem standa undir þörfum okkar allra, undir þjóðarbyggingunni. Og ríkisvaldinu ber fyrst og fremst skylda til að rétta þessum mönnum hjálparhönd. Eins og hv. þm. veit vel, þá hafa íslenzkar lánsstofnanir ekki verið fúsar til að veita þessum samtökum lán til að byggja upp sína starfsemi og hafa heldur

veitt lán til einstaklinga. Ákvæði þessa frv. er beinlínis nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir, að svo verði í framtíðinni. Læt ég svo útrætt um það atriði.

Þriðja brtt. hv. þm. Barð. er við 9. gr., 2. málslið. Þar vill hv. þm. ekki heldur miða sérstaklega við sameignarfélög. Í þessari gr. er ákvæði um skattgreiðslur einstaklinga og sameignarfélaga, sem hafa notið hlunninda úr stofnlánasjóðnum. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að 2. mgr. 9. gr. felur aðeins í sér heimild til þess að láta þá, sem hafa fengið þessi lán, njóta þessara frádráttarhlunninda, en ákvæði nýbyggingarsjóðslaganna standa óbreytt eftir sem áður. Þannig raskar það ekkert því, sem verið hefur. Annars þykir mér rétt að vekja athygli á því, að gefnu tilefni, að það er nauðsynlegt, að frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir, sem lagt var fram í dag, verði gert samkv. ákvæði þessa frv. og 2. málsgr. 9. gr. og það samræmt svo, að ekki verði þannig við málið skilið, að ástæða sé til að ætla, að tvöföld fyrningarafskrift komi til greina. 11. gr. frv. gengur út á það, að ef tilskilið ársgjald er ekki greitt að fullu á gjalddaga, má reikna 0.5% dráttarvexti fyrir hvern ½ mánuð. Hér er sem sagt ekki miðað við heilan mánuð. Hv. þm. Barð. taldi, að hér mundi vera um prentvillu að ræða, og leggur til, að miðað skuli við heilan mánuð. Ég hef spurzt fyrir um þetta hjá hæstv. fjmrh., og mér skilst, að þetta hafi verið í frv. frá upphafi og sé þar ekki um misskilning að ræða. Hins vegar má segja, að þegar vextir eru svona lágir sem raun ber vitni um, þá er ástæða til að hafa dráttarvextina nokkuð háa til þess að menn dragi ekki í of langan tíma að ganga frá umsömdum afborgunum af lánunum. Það má gera ráð fyrir því, að dráttarvaxtaákvæðið verði ekki notað, nema um verulegan drátt og vanefndir sé að ræða, þótt heimild sé til að nota það hvenær sem er.

Þá er brtt. hv. þm. Barð. við 13. gr. Í þeirri gr. segir svo, að þær eignir, sem stofnlánadeildin tekur að veði, eigi að metast á kostnað lánþega og sé um það sett sérstök reglugerð. Bent er einnig á, að í reglugerðinni megi ákveða, að framkvæmdastjórn Landsbankans megi tilnefna virðingarmennina. Eins og gr. ber með sér, er fyrst og fremst ákveðið, að virðing skuli fram fara, í öðru lagi, að um það skuli sett reglugerð, með hverjum hætti sú virðing eigi að vera, og í þriðja lagi er ábending til ráðh. um, að reglugerðin geti heimilað framkvæmdastjórn Landsbankans að tilnefna virðingarmenn. Annað felst ekki í gr. um þetta. Hv. þm. Barð. finnst þetta of langt gengið og vill ekki eftirláta hæstv. ráðh. að setja reglugerð, heldur vill hann hafa virðingarmennina dómkvadda. Ég verð að segja það, að mér finnst það hefði fremur átt að koma frá öðrum nm. í sjútvn. en hv. þm. Barð. að mælast til þess, að hæstv. núverandi fjmrh. fái ekki að setja þessa reglugerð. Ég fyrir mitt leyti ber fyllsta traust til hæstv. fjmrh. til að ganga frá slíkri reglugerð svo, að allir megi vel við una. Það má líka segja, að á hæstv. ríkisstj. hvíli þunginn af því, að takast megi að koma á þeirri nýsköpun, sem hér er verið að vinna að. Og ef hæstv. ráðh. skyldi hafa tilhneigingu til að setja reglugerð, sem gerði ákvæði þessa frv. að meira eða minna pappírsgagni, þá hefur hann aðhald um það að búa svo um málið, að sú nýsköpun, sem hann sjálfur og ríkisstj. hafa til stofnað og ákveðið að koma í framkvæmd, komi að notum. Og ég trúi því ekki fyrr en á reynir, að nein ástæða sé til að óttast það, að hæstv. fjmrh. hafi hina minnstu tilhneigingu til að bregða fæti fyrir sína eigin nýsköpun með því að setja reglugerð, sem gerði ákvæði l. meira eða minna pappírsgagn. Ég held því, að ótti hv. þm. Barð. sé ástæðulaus. Alþ. hefur líka í sinni hendi að breyta þessu síðar, ef þetta ákvæði kynni að reynast illa.

Þá er loks seinasta brtt. frá hv. þm. Barð. Hún er um það að bæta aftan við d-lið 15. gr. ákvæði um það, að menn þurfi ekki að missa réttindi til að halda láni sínu úr stofnlánadeild, þótt þeir geri ekki út skip sín í 6 mánuði, ef stöðvunin stafar af óviðráðanlegum ástæðum. Ég held þetta ákvæði sé óþarft. Þótt ekkert standi um þetta í greininni, leiðir það af hlutarins eðli, að ómöguleiki hefur í sambandi við þetta atriði nákvæmlega sömu verkanir og ella; skyldur, sem hvíla á mönnum, falla niður, þegar ómögulegt er að uppfylla þær, og um leið þau viðurlög, sem af þeim vanefndum stafa. Ég held þessi brtt. sé óþörf hjá hv. þm. Barð., og læt ég þar með útrætt um hans brtt.

Hv. 1. þm. S.-M. hefur borið fram brtt. á þskj. 846. Lýtur sú brtt. að því, að taka ákvæði um það, að lána megi út á skipasmíðastöðvar, dráttarbrautir og vélsmiðjur, út úr 3. gr., eins og það er, og færa það aftur fyrir og setja það inn á öðrum stað. Kemur þetta frá hv. þm. sem ábending eða heimildarákvæði. Ég fyrir mitt leyti segi um þessa breyt., að ég álít, að ástæða sé til að binda lánveitingar út á þessi mannvirki með nákvæmlega sama hætti og þau fyrirtæki, sem eiga að vinna úr sjávaraflanum. Það er áreiðanlega ekki síður nauðsynlegt fyrir okkur að koma upp í landinu í sem flestum stærri verstöðvum skipasmíðastöðvum, þannig að ekki sé nauðsynlegt fyrir fiskimenn að leita til annarra um viðgerðir og smíði skipa sinna. Brtt. hv. 1. þm. S.-M. finnst mér vera talsverður undansláttur í þessu efni.

Ég held það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að minnast á í sambandi við þær brtt., sem hér liggja fyrir. En almennt vil ég segja það, að þótt ég og minn flokkur fylgi málinu, eru þó ýmis stórvægileg atriði í því öðruvísi en við hefðum kosið. Við teljum málið samt til mikilla bóta, eins og það liggur fyrir, og munum við fylgja því í gegnum þingið.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er eiginlega þýðingarlítið að ræða þetta atriði, þar sem hér eru fáir aðrir en þeir, sem ræddu um þetta mál í sjútvn. En ég vil ekki, að annað sjáist í þingskjölum en að því sé mótmælt, sem hv. 9. landsk. bar hér fram í ræðu sinni. Ég vil ekki láta vera ómótmælt þeim fjarstæðum, sem hv. 9. landsk. bar hér á borð. Hann heldur því fram, að mín tilhneiging og innræti komi skýrt fram í því, að ég vilji fella niður

2. málsgr. 3. gr. og að ég geti ekki unnt sjómönnum að losna við milliliði, sem taki af þeim allan gróðann. Ég hélt, að jafnglöggur maður og hv. þm. mundi ekki voga sér að halda slíku fram, vitandi það, að hann mælir gegn betri vitund. Ég hélt hann vissi það, að hann er hér ekki á pólitískum fundi til þess að kasta skít á pólitískan andstæðing, eins og hans vandi er að gera. Hv. þm. er hér til að ræða stórt mál málsins vegna, en ekki til að bera brigzl á aðra menn að ósekju.

Hv. þm. lýsti þeim einstaklingum, sem hér eiga hlut að máli, sem blóðsugum, sem hirtu allan milliliðagróðann. Ég legg til og tel, að engin ástæða sé til að gera þessum aðilum ójafnt undir höfði. Ég vil aðeins, að báðir standi jafnt að vígi, svo að þeir geti gert sér mat úr milliliðagróðanum. Það er engin ástæða til að annar aðilinn búi við allt önnur skattalög, en það er sú stefna, sem hv. þm. vill fara inn á. Hann vill fara inn á það að níða niður þessa einstaklinga og setja ýmiss konar hindranir á framkvæmdir þeirra með sköttum og öðrum álögum. En ég legg til, að þessu verði breytt. Ég álít rétt, að hver aðili hafi sama aðgang að þessari stofnun. Eins og hv. þm. viðurkenndi, hafa bankarnir ekki viljað lána slíkum stofnunum eins mikið fé og einstaklingum, vegna þess að þær hafa ekki verið byggðar upp jafn fjárhagslega sterkar. Þessir menn hafa ekki tekið á sig þá ábyrgð, sem einstaklingar hafa undir flestum kringumstæðum gert, og það er skýr ábending um það, að það er meiri hætta fyrir lánadeildina að lána til þessara stofnana en til annarra manna, sem störfuðu á öðrum grundvelli.

Ég mun svo láta útrætt um þetta. En hv. þm. hélt því fram í sambandi við 9. gr., að þetta væri aðeins heimild. Mér er ljóst, að það er aðeins heimild. En ég skil ekki, hvers vegna þessi heimild má ekki ná til hlutafélaga eins og sameignarfélaga. Þetta er heimild, sem gefin er til ákveðinna aðila, en aðrir aðilar eru útilokaðir frá að njóta þeirra kjara, sem í heimildinni felast. Ég get ekki fellt mig við þetta. Hv. þm. taldi nauðsynlegt að samræma ákvæði 9. gr. og fyrningarafskriftafrv. Ég veit ekki, hvenær það fær afgreiðslu hér. En sé eitthvað í þessu frv., sem þarf að laga til samræmingar, þá þarf að bera fram brtt. um það. En snerti þetta hitt frv., þá er það ekki til umr. hér og getur því beðið þangað til það kemur til umr. Um dráttarvextina vil ég segja það, að það væri samræmi í því, að landið og bankarnir fórnuðu stórkostlegu til þess að lána í nauðsynleg framleiðslutæki með 2½ vöxtum, en strax og ekki er hægt að standa við skuldbindingar og erfiðleikar koma, þá á ekki að bíða boðanna að ganga fast að þessum mönnum. Þetta er kannske gert til þess, að hæstaréttarmálaflutningsmenn geti haft sem beztar tekjur af því að rukka inn vexti af þeim lánum, sem ekki er staðið í skilum með. Þetta getur ekki verið af umhyggju fyrir sjómönnum. Það er af umhyggju fyrir einhverjum öðrum. Hv. þm. minntist á, að þetta væri aðeins heimild, það kann að vera, enda væri það í samræmi við allt annað, að einhver stjórnin dæmdi einstaklinga til að borga 12% vexti, en léti aðra aðila ekki borga neitt. Það er svo sem alveg í samræmi við lífsskoðun þessa hv. þm. í þessu máli. Það eru einkennileg rök, að ekki skuli mega samþ. brtt. mína við 13. gr., vegna þess að hún sé vantraust á hæstv. fjmrh. Ég get upplýst hv. 9. landsk. um það, að ég þekki svo vel samvizkusemi hæstv. ráðh., að hann mundi telja þetta ákvæði, sem er í frv., sem ábendingu, sem ætti að fara eftir. Þess vegna er það sett í l., að þannig skuli hlutirnir vera. Þess vegna vil ég láta fella þetta úr frv. Hv. þm. gat þess, að lagaákvæðið væri sett í trausti þess, að það yrði ekki framkvæmt svona. En ef það er rétt, að hann trúi ekki meira en svo á þetta og hann treysti hæstv. ráðh. því aðeins, ef hann framkvæmi þetta gagnstætt því, sem bent er á í l., hvers vegna vill hv. þm. þá ekki fella þetta burt úr frv. og samþ. mína till.? Sannleikurinn er sá, að hv. 9. landsk. vill hafa þetta svona. Ég get ekki fallizt á það, að skyldur manna falli niður, ef þeir ekki geta staðið í skilum. Það er því ekkert vit að samþ. gr. eins og hún er, því að þá geta málafærslumenn beygt þetta og togað á alla vegu og haft góðar tekjur af, og er ekki efi, að slíkt yrði notað. Þetta verður að fyrirbyggja.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Aths. sú, er ég gerði við brtt. hv. þm. Barð. virðist hafa farið mjög í taugarnar á honum, og það hefur gengið svo langt, að hann hefur gert mér upp orð, sem ég alls ekki hef viðhaft. Hann gat þess, að ég hefði ráðizt að sér með óhróðri. Það, sem ég gerði, var aðeins, að ég lýsti hans eigin till., og ef það er óhróður um hann, læt ég hann um það, en ófagurt er þá hans álit á sinni eigin till.

Hv. þm. ræddi um brtt. við 3. gr. frv. Ég vil ekki halda uppi neinum deilum við hv. þm., en mér virðist hann sjálfur færa rök að því, að brtt. nái ekki samþ. Hann sagði, að bankinn vildi heldur lána til einstaklinga en samtaka fiskimanna, og það er þetta, sem hann vill verja og viðhalda. Þetta er stefna, sem ég vil ekki fylgja.

Þá tel ég, að ekki beri að krefjast dráttarvaxta, nema um mikla vanrækslu sé að ræða, en um það vill hv. þm. Barð. hafa ströng ákvæði, þó að hann viti hins vegar, að ríkisvaldið beitir yfirleitt ekki þeirri heimild nema í sérstökum tilfellum. — Í 13. gr. er ákveðið um mat og reglur og ráðh. ætlað að hafa óbundnar hendur. Það vill þessi hv. þm. fyrirbyggja, en með því lýsir hann óbeint yfir, að hann vantreysti ráðh.

Þá minntist hv. þm. á 15. gr. og talaði þar um klæki af minni hálfu. Þetta er fjarstæða eins og fleira í ræðu þm. Hins vegar tel ég, að ekki komi til mála að segja upp lánum. Hv. þm. bað um skýringu á því, ef menn af féleysi yrðu að hætta. Það eru til lagaákvæði um slíkt, bæði um bætur og skyldur í því sambandi. Ef hins vegar ómögulegt er að framkvæma eitthvað, þá eru menn ekki bótaskyldir fyrir að gera það ekki, en slíkt er gert út um eftir lögum og reglum.

Ég sé svo ekki ástæðu til frekari umræðna að sinni.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Hv. 9. landsk. hefur ekki sannfært mig. Mest af því, sem hann hefur sagt, er útúrsnúningur frá reyndum málafærslumanni, sem tekið hefur að sér að halda fram röngu máli gegn betri vitund, og held ég því fast við mínar till.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 845,1 felld með 9:4 atkv.
— 846 felld með 10:4 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 845,2 tekin aftur.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 845,3 tekin aftur til 3. umr.
9.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 845,4 felld með 9:3 atkv.
11. gr. samþ. með 14:1 atkv.
12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 845,5 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, GJ, ÁS, LJóh, PHerm, BSt, BBen, StgrA.
nei: EE, GÍG, HG, HermJ, IngP, MJ, PM, ÞÞ.
1 þm. (JJ) fjarstaddur.
13. gr. samþ. með 11:2 atkv.
14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 845,6 felld með 11:4 atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
16.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, HG, HermJ IngP, StgrA.
1 þm. (JJ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þar sem allar mínar till. hafa verið felldar, en í trausti þess, að ranglætinu verði ekki beitt, heldur því réttlæti, sem er í anda minna till., þá segi ég já.

Á 109. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 895).

---

62. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. landbn. Nd.).

Á 76. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 475).

Á 79. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. ósk hæstv. landbrh. og fjmrh. og þannig til komið, að fyrir síðasta búnaðarþingi lá erindi frá mþn., sem starfað hafði að ýmsum landbúnaðarmálum, þar sem færð voru fram allskýr rök fyrir því, að mjög brysti á það, að þær búnaðarskýrslur, sem safnað væri hér, væru eins og æskilegt væri. Í fyrsta lagi væri það, að framtöl manna um búfjáreign færu fram að vorinu og að hreppstjórum veittist víðast hvar erfitt að fá það framtal svo nákvæmt sem æskilegt væri. Það er því lagt til, og kom fram ósk um það frá ýmsum, að þessu væri breytt á þann veg, að í staðinn fyrir að miða við fardaga framtöl þessi til búnaðarskýrslu, yrði miðað við áramót og að framtalið yrði samhljóða eignaframtali manna, sem hver og einn yrði að inna af hendi um áramót. Þessi breyt. yrði til allmikilla þæginda fyrir hreppstjóra, sem eiga að safna þessum skýrslum, vegna þess að þeir þurfa þá ekki annað en að taka á sínar skrár þessi framtöl manna. Og það er almennt álitið, að meiri tryggíng sé fyrir því, að framtalið verði rétt með því móti en með hinu mótinu, því að erfitt hefur reynzt að fá vorframtalið og margir hreppstjórar eru jafnvel farnir að taka upp framtal þetta eftir skattskýrslum, a. m. k. til vara, ef það kynni að bregðast, að vorframtal fengist hjá hlutaðeigendum.

Önnur hlið þessa máls er sú, að mjög hefur þótt skorta á það hér á landi, að hægt hafi verið af afla nokkurra ábyggilegra skýrslna um það, hve mikið landbúnaðurinn leggur til þjóðarbúskaparins. Það hafa verið gerðar tilraunir í þessa átt. Nefndir hafa starfað og reiknað og reiknað, en allt er það meira og minna ágizkanir, því að ekki hafa legið fyrir skýrslur um þetta, sem nokkuð sé byggjandi á. Í þessum till., sem ég minntist á, var gert uppkast að skýrsluformi, þar sem stuðzt er við framtöl manna um áramót, þar sem greinilega kæmi fram, hve mikið hvert bú legði af mörkum til þjóðarbúsins af t. d. mjólk, kjöti, ull o. s. frv. Þetta kemur allt fram í skattframtölum manna, og er auðvelt að taka þetta upp í skrár, sem hagstofan gerir. Á þennan hátt fengist mikilsvert yfirlit yfir framleiðslu landbúnaðarins og hve mikið landbúnaðurinn leggur til þjóðarbúsins. Og á þennan hátt væri auðveldara að fylgjast með, hve mikill eða lítill sá þáttur er frá ári til árs eða frá áratug til áratugs, sem landbúnaðurinn leggur þar til.

Ég hef rætt um þetta við hagstofustjórann, og hann taldi þessa breyt. mjög æskilega og vildi fyrir sitt leyti vinna að henni. Hann skrifaði svo ráðh. um þetta, og er frv. þetta flutt í

framhaldi af því. En af því að í þessum till. var gert ráð fyrir, að skattanefndir ynnu úr skýrslum og skiluðu nokkrum hluta þessara skýrslna, leit ráðuneytið svo á, að ekki væri hægt að gera þessa breyt. öðruvísi en með því að fá heimild til þessa í l., sem kvæðu svo á, að skattan. væru skyldar til að taka þessa útdrætti úr skattaskýrslum manna og senda hagstofunni. Það er um þetta atriði, sem frvgr. fjallar, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Þetta ætti að liggja ljóst fyrir hv. þdm., a. m. k. öllum, sem kunnugir eru skattframtölum í sveitum. Og hvað skattanefndir snertir, er þetta hverfandi lítið aukaverk, þó að slíkur útdráttur sé tekinn upp.

Mál þetta er flutt af n., svo að ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að vísa því til n.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Þessi till., sem felst í frv. því, sem liggur hér fyrir og er um breyt. á því fyrirkomulagi, hvernig eignir og afurðir landbúnaðarins skuli fram taldar eða skýrslur um þær gerðar og gefnar, miðað við það, sem verið hefur, og þannig, að nú skuli skattanefndir taka að sér að sjá um þessar skýrslur og gefa þær síðan eða halda þeim í lagi og senda þær síðan frá sér á einn eða annan hátt, sem er nú ekki alveg vel ljóst, hvernig skuli hagað — þessi breyt. er fram komin, að því er virðist, vegna einhvers konar bollalegginga, sem átt hafa sér stað á búnaðarþingi, og liggja hér fyrir þau bréf, sem á milli hafa farið um málið, prentuð sem fylgiskjöl með málinu.

Mér virðist, að hagstofustjóri hafi ekki alveg verið reiðubúinn til þess að gera sjálfum sér og öðrum grein fyrir, hvað hér er um að ræða, og því er þetta nokkuð í lausu lofti. Því er þannig farið, að hreppstjórum er skylt — og hefur lengi verið — að safna að vorinu til svokölluðum fardagaskýrslum um búfjáreign bænda og senda síðan til sýslumanns, sem oft og einatt hefur mistekizt það síðar talda, að koma skýrslunum í tæka tíð. En til sýslumanns eiga þær að fara, þótt oft komist þær það ekki fyrr en að haustinu. Síðan koma haustskýrslurnar um landbúnaðarafurðirnar, sem á að safna og senda sömuleiðis. Þessar skýrslur allar eru svo loks sendar til hagstofunnar, og úr þeim vinnur hún sína greinargerð, sem hún gefur út um landbúnaðinn, sem heita Hagskýrslur landbúnaðarins, og kemur af þeim samandregið yfirlit í ritlingum frá hagstofunni. — Nú er einn aldagamall ágalli við þetta, og aðeins einn. Og sá ágalli virðist mér mundu verða engu síður, þótt þetta frv. yrði samþ., sem sé sá, að framtöl eru alltaf meira og minna í lausu lofti. Það vita allir kunnugir, og það er mjög erfitt að fást við það. Það er svo erfitt, að um landið þvert og endilangt hafa hreppstjórarnir sjálfir orðið að taka í sínar hendur þetta mál. Þeir hafa ekki fengið bændur nema með höppum og glöppum til að koma með sín framtöl, og alls ekki nákvæm, og hreppstjórarnir hafa víða um landið hreint og beint áætlað það, sem setja þurfti á framtölin, og jafnvel án þess að hreppsskilaþing hafi verið haldin, sökum fásinnis þeirra, sem þangað áttu að sækja. Hreppstjórarnir geta víða ekki haldið hreppsskilaþing nema með miklum undandrætti og mjög ófullkomin. Þess vegna verða þeir meira og minna að áætla þetta, og þá getur eðlilega skeikað. En nú, síðan skattamálin komust í horf, þá hefur þetta af sjálfu sér lagazt, að því er snertir framtal til skatts. Við það framtal koma landbúnaðarskýrslur frá búendum, og undan því komast þeir ekki, þó að þar skeiki nokkuð um nákvæmnina, en það er ekki meir þar en yfirleitt í skattaframtölum. En nákvæmari og réttari skýrslur hafa ekki verið fáanlegar öðruvísi en með þessum hætti.

Nú er mér spurn: Er það tilætlunin með þessu frv. um lagabreyt., sem sýnilega er komið fram vegna till., sem samþ. hefur verið á búnaðarþingi vegna þeirra vandkvæða, sem í þessum efnum eiga sér stað og einhverjir fulltrúar þar — væntanlega hreppstjórar — hafa fundið á því fyrirkomulagi, sem nú gildir um að fá þetta upp, — mér er nú spurn: Er tilgangurinn að afnema þetta skýrslufyrirkomulag, því að ef það er ekki tilgangurinn, þá er allt í sama farinu, því að það verður eins erfitt að afla þessara framtala, þó að skattanefndirnar hafi með það að gera? Raunar má segja, að þær geti samræmt það eftir framtalsskýrslum til skatts, en það verður alltaf ónákvæmt. Á þessu vænti ég að fá nokkrar skýringar hjá hv. frsm. þessarar breyt., hv. 2. þm. Skagf., sem er þessu kunnugur frá upphafi. En í þessu, eins og það er sett fram, er áberandi megingalli, sem þarf að girða fyrir og setja nánari ákvæði um, svo að skýrslur þeirra, sem gefa þær, verði þó til einhverra verulegra nota, svo að hægt sé að segja: hér er skráð allt það, sem bændur eiga, búfé þeirra, afurðir þeirra, hér er atvinna þeirra saman komin.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Vegna þeirra fyrirspurna, sem hv. 10. landsk. þm. beindi til mín, sé ég ástæðu að taka aftur til máls.

Hv. þm. álítur, og er ég þar honum fyllilega sammála, að áramótaframtalið til skatts sé áreiðanlegasta skýrsla, sem fram kemur í þessum efnum. Það er þess vegna tvímælalaus vinningur að nota það tækifæri til þess að taka upp búfjáreign manna, og skal það tekið fram, að það er ekki tilgangurinn að taka þau störf af hreppstjórum, og hreppstjórar hafa sem formenn þessara nefnda heimild til þess að nota þetta tækifæri og taka búfjáreign niður á þær skýrslur, sem þeir eiga að skila. Þetta er í raun-inni ekkert annað en það, sem margir hreppstjórar eru farnir að gera, vegna þess að reyndin hefur orðið sú, a. m. k. veit ég til þess norðanlands, að hreppstjórar ná oft ekki nema fáum mönnum til að telja fram á hreppaskýrslum og verða að setja mönnum framtöl, sumar eða vetur, og þá ekki annað handhægara að grípa til en áramótaframtalið, sem er mjög svo hæpið. Það er því mikilsvert að koma þessu framtali þannig fyrir, að það sé sem réttast og miðað við þann tíma, sem á að miða, og auk þess stórmikil þægindi fyrir hreppstjórana.

Þetta segir um þessa skýrslu. Næsta skýrsla er b-skýrslan, sem nær yfir stærð ræktaðs lands, kálgarða, heyskaparmagn o. fl. Það er skýrsla

yfir afurðir, sem jörðin gefur af sér. Þetta verður líka óbreytt eins verið hefur, og hreppstjórarnir hafa annazt um þessa skýrslusöfnun.

En þá er eftir þriðja atriðið, sem hingað til engri skýrslu hefur verið safnað um og allt virðist vera í lausu lofti með, og það er þetta: Hvað gefur bústofninn af sér? Um það hefur ekki verið safnað neinum skýrslum. Hvað er mikið framleitt af mjólk um allt land, og hve mikið af kjöti? Hve miklu er slátrað af fé til heimilanna, og hve mikið er lagt í verzlanir? Hvað eru seld mörg hross úr landi, hve mikil ull lögð fyrst og fremst inn í verzlanir, hve mikið tekið frá til heimilanna og þess háttar? Allt eru þetta ómissandi liðir, ef það á að vera hægt að reikna út, hvað landbúnaðurinn gefur mikið af sér, og það er í sambandi við þessa skýrslu, sem brtt. sú, er hér ræðir um, er fram borin, að heimila skattanefndum eða skipa þeim að taka upp innheimtur úr skattaframtölum manna. Þessar tölur eru settar á skrá, svo að fá megi heildaryfirlit yfir allt landið, en eins og stendur, er engin heimild til þess í lögum.

Ég vænti þá, að ég hafi gert grein fyrir þessu, að hreppstjórarnir eiga eftir sem áður að fylla út sínar tvær skýrslur, a- og b-skýrslu, búfjáreignir, áhafnir og þess háttar, en þriðju skýrsluna, sem nefna mætti c-skýrslu, eiga skattanefndirnar að útfylla.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi bara benda landbn., sem ég geri ráð fyrir, að fái frv. til meðferðar milli umr., á, að ég held, að breyta þurfi orðalagi 1. gr. Ég er því mjög meðmæltur, að sú breyt., sem hv. frsm. hefur hér lýst, að í þessu sé fólgin, komi inn í l. Það, sem sérstaklega styður að því, að ég er því meðmæltur, er það, að þá er nokkur von til þess, að þessar upplýsingar geti orðið að notum, en það hefur ekki verið hingað til. En til þess að geta haft gagn af því, annað en fróðleik, að vita, hve mikið fé er í landinu, þurfum við að vita, hve mikið það var um áramót, til þess að geta gizkað á, hve mikið kjöt komi á markaðinn næsta haust, en ekki fá það fyrst eftir 2—3 ár, eins og verið hefur. Það er raunar svo, að það er fróðlegt að fá þær upplýsingar um afurðir búanna, sem raunar má nú vinna úr skattaframtölunum, en þetta gefur ekki gr. tilefni til, að sé gert. Hún talar hvergi um það. Hagstofan fær hverja einustu skattskrá af öllu landinu, en það er ekki minnzt á framtal á heymagninu þar í skýrslunum. Ég ætla því, að 1. gr. þurfi alla að orða um. Þessar skýrslur þyrftu sem sagt að koma miklu fyrr. Núna eru þær raunar óvanalega snemma í því, því að búnaðarskýrslur fyrir 1944 eru komnar 1946, og er það miklu fyrr en maður hefur átt að venjast, en þó er það of seint til þess, að hægt sé að draga af því ýmsar ályktanir, sem að gagni mættu koma.

Ég vildi bara benda á þetta, að ég held, að það þurfi að orða alla 1. gr. um.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 475, 512, 519).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Hér liggja fyrir tvær brtt., önnur frá hv. 10. landsk. þm., um breyt. við frv. eða frvgr., og hin frá landbn. Þegar þessi till. kom frá hv. 10. landsk. þm., fór n. eða form. n. til hagstofustjóra og óskaði álits hans um það, hvað hann segði um þá till., og taldi hann sig vel geta fallizt á þá skipun, sem þar væri gerð. Þó taldi hagstofustjóri nokkuð vanta í till., svo að hún næði tilgangi sínum, og gerði á henni nokkra breyt., og er þá till. hér tekin upp, felld inn í meginefni till. hv. 10. landsk. og svo bætt inn því, sem hagstofustjóri taldi nauðsynlegt til þess að öruggt væri, að till. næði tilgangi sínum, en þessi breyt. er þannig, að formenn skattanefnda og skattstjórar skuli gefa hagstofunni skýrslur í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið á hverju ári, samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé greint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda verði þá ekki þörf fyrir skýrslur um þetta efni. Þetta er aðeins fyrirkomulagsatriði, og raunar má einu gilda um það. Ég get raunar gengið inn á, að þetta sé það bezta, að úr því að skattanefndunum á annað borð er falið að safna nokkru af skýrslum og ganga frá þeim, þá sé eðlilegast að ganga hreint til verks og fela sömu aðilum að vinna þetta verk í heild. Ég get líka gengið inn á, að nokkru meiri trygging sé fyrir því, að skýrslurnar séu þá réttari og öruggari, í samræmi við skattframtöl manna. N. mælir því með, að þessi brtt. verði samþykkt.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég hef við 1. umr. málsins gert nokkra grein fyrir því, að till., eins og hún er orðuð í frv., væri ekki nægileg til þess að ná því takmarki, sem hlýtur að hafa vakað fyrir þeim, sem stóðu að flutningi þessa frv., og að nauðsyn bæri til, að tekin yrðu nokkur stökk í löggjöfinni, ef þetta mál ætti að endurskoðast í sjálfu sér. Í samræmi við þau orð mín, sem ég skal ekki endurtaka, leyfði ég mér að bera fram brtt. um umorðun og þar af leiðandi nokkra breyt. á sjálfu frv. eða við 1. gr. frv. eins og hún var orðuð á þskj. 475. Í þessari brtt. er ætlazt til, að hinar ófullkomnu skýrslur, sem hreppstjórar venjulega hafa annazt um, falli úr sögunni og ein allsherjar skýrslugjöf eigi sér stað á þann hátt, sem nýrri tíma löggjöf gerir ráð fyrir, að öruggast sé til skattframtals, og er þá formsbreyt. á þeim eyðublöðum, sem hér um ræðir, og mundi fela í sér meiri sundurliðun en átt hefur sér stað á framtölum, og mætti þá sameina þetta þannig, að ekki aðeins skattanefndirnar fengju skýrslurnar til þeirra nota, sem þar til eru nefnd, heldur fengi hagstofan síðan þær skýrslur, annaðhvort skýrslurnar sjálfar eða útdrátt úr þeim, frá skattanefndunum, eftir því sem henta hefði þótt, að hagstofan hefði með höndum og gæfi síðan út. Eftir að ég hafði samið þessa brtt., hafði ég tal af hagstofustjóranum og sýndi honum uppkast að till., en hann hafði ekkert við hana að

athuga og taldi þetta mikla framför, því að honum var manna kunnugast um það fyrir sinar athuganir á þessum framtölum áður, að þetta var ófullkomið fyrirkomulag og við svo búið mátti ekki lengur standa. Eftir að þessi till. kom fram, kom þar til, að þá þurfti landbn. þessarar d. að taka málið til meðferðar, og féllst hún á mína brtt., þó með litilfjörlegri breyt., sem er í því fólgin, að ef ófullnægjandi er fram talið, skuli áætlað, sem í rauninni er ekki neitt nýtt, því að það er ekki annað en það, sem hreppstjórar hafa iðulega gert og raunar orðið að gera. En það skaðar ekki, þó að þetta sé tekið fram og sömuleiðis sérstaklega getið um heyfeng til framtals vegna þessara víkkuðu skýrslna. Brtt. hv. n. hefði því að réttu lagi átt að vera brtt. við brtt., en í stað þess hefur n. borið fram brtt. við frv. sjálft, en það kemur í sama stað niður, því að efni minnar brtt. er tekið þar upp, og því fellst ég á þá brtt., sem er sama sem mín till. með örlitilli viðbót, og tek ég því aftur mína brtt.

ATKVGR.
Brtt. 512 tekin aftur.
— 519 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 522).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 102. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 522, n. 779).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Breyt., sem með þessu frv. á að gera á l. um tekjuskatt og eignarskatt, er sú ein, að skattanefndir skuli semja svo kallaðar búnaðarskýrslur, sem hreppstjórar hafa samið áður, og senda þær til hagstofunnar, og er ætlazt til þess, að framtalinu til skatts verði hagað þannig, að úr því megi fá allar upplýsingar, sem þarf til þess að semja búnaðarskýrslurnar. Áður hafa hreppstjórar aflað þessara upplýsinga einkum á hreppsskilaþingum haust og vor. Nú hefur bólað á því meir og meir, að þau mannamót hafa verið illa sótt og erfiðleikar við að ná saman upplýsingum til þess að gera réttar búnaðarskýrslur, enda jafnvel talið, að þær hafi engan veginn fengizt réttar, og á nú að breyta þessu þannig að fá þessar upplýsingar með öðru skattframtali frá skattþegnunum. Gert er ráð fyrir, að ef skattþegn telur ekki fram, verði að áætla þær upplýsingar, sem tilheyra búnaðarskýrslunum, eins og gert er um skattframtal þeirra, sem ekki telja fram.

Landbn. hefur athugað þetta frv. á fundi og leggur til, að það verði samþ. Einn nm., hv. 3. landsk. þm. (HG), var þó ekki mættur á þeim fundi. — Ég vil geta þess, að n. virðist óviðunanlegt orðalag á niðurlagi 1. málsgr., þar sem stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta: „enda verði þá eigi þörf þeirra skýrslna um þetta efni, sem lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagskýrslur, gera ráð fyrir.“ Með þessu orðalagi, sem hv. Nd. setti inn í frv., mun vera átt við það, að allar líkur séu til þess, að skýrslur hreppstjóranna falli alveg niður, það verði sem sé alveg hætt að safna þeim, en með þessu á þó sennilega að slá þann varnagla, að ef skýrslugerð hjá skattanefndunum — raunar hreppstjórum í þessu tilfelli líka, því að hreppstjórar eru formenn skattan. — yrði ábótavant, þá kynni kannske að vera þörf á því að taka þessar venjulegu skýrslur allra fyrst. Landbn. hefur það til athugunar, hvort hún kemur með brtt. viðkomandi þessu orðalagi — ekki efnislega við frv., heldur um orðalagið — við 3. umr. — Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 522, 806).

Frsm. (Páll Hermannsson): Landbn. hefur borið fram brtt. á þskj. 806. Það er í rauninni engin efnisbreyt., heldur aðeins breytt orðalag til nánari skýringar. Ég vænti, að dm. geti vel áttað sig á þessu.

ATKVGR.
Brtt. 806 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 112. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 832).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að ef þetta frv. verður að lögum, verði að breyta núgildandi formi á skattskýrslum, en eins og kunnugt er, er nú búið að útfylla skattskýrslur fyrir síðasta ár og þess vegna ómögulegt fyrir skattstjóra og hreppstjóra að fá þær upplýs-

ingar, sem krafizt er. Ég lít svo á, að ekki sé hægt að fullnægja þessum ákvæðum fyrr en nýtt form er komið á skattskýrslur, en þá getur hagstofan fyrst fengið þessar upplýsingar 1947. Þess vegna flyt ég brtt. við 2. gr. frv., þess efnis, að í stað þess, að lögin öðlist þegar gildi, komi: 1. jan. 1947. Ég lít svo á, að þótt skattstjórar og hreppstjórar væru allir af vilja gerðir, gætu þeir ekki fullnægt ákvæðum þeim, sem nú eru í 2. gr. frv.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. við 2. gr. frv., svo hljóðandi: „Greinina skal orða svo: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1947."

Brtt. þessi er of seint fram komin og skrifleg. Þarf því að veita afbrigði frá þingsköpum, svo að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 874) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Ég hafði ætlað mér að kveðja mér hljóðs um þetta, er hv. 2. þm. N.-M. minntist á, að það hefði verið nokkur galli á málinu er það fór frá okkur, en eftir því hefði ekki verið tekið í Ed., og þetta gæti orðið til þess að fella niður eina skýrslusöfnun, vorskýrslurnar, í sambandi við vorhreppsskilaþing, um búfjáreign manna. Þessari skýrslusöfnun á að vera lokið fyrir 1. júlí. Nú hefur hv. þm. borið fram brtt. um, að l. gangi ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1947, en það þýðir, að með því móti er hreppstjórum gert að skyldu að safna haustskýrslum, sem samkv. l. eiga að fást með skattframtölum. Ég sé ekki neina ástæðu til að safna tvöföldum skýrslum á síðari hluta þessa árs. Það er ekkert annað en óþarfa ómak. Og menn munu yfirleitt ekki sinna því, þegar þeir vita, að þessi breyt. stendur til og allar sömu upplýsingarnar munu koma á skattframtölum manna. Þess vegna vildi ég leggja til, að í staðinn fyrir áramót, 1. jan. 1947, verði þetta atriði orðað þannig, að l. taki gildi 1. júlí 1946. Þá er það alveg skýrt, að hreppstjórum ber skylda til að safna vorskýrslunum, en eru undanþegnir að safna þeim skýrslum, sem koma á öðrum vettvangi. Þetta hefur verið rætt við hagstofustjóra, en að hans tilhlutan er þetta frv. flutt og hann gengur út frá þessu. Það hlýtur að geta orðið samkomulag milli mín og hv. 2. þm. N.-M. um að breyta þessu á þann veg að skylda ekki hreppstjóra til að safna þeim skýrslum, sem ástæðulaust er að safna þegar svona er komið.

Forseti (BG): Mér hefur borizt svolátandi brtt. frá hv. 2. þm. Skagf. við brtt. hv. 2. þm. N.-M. „Fyrir „1. janúar 1947" kemur: 1. júlí 1946."

Það þarf einnig afbrigða við vegna þessarar till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 875) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að l. geta vel komið í gildi 1. júlí, því að þetta félli ekki niður með því. Þess vegna er það næstum sama, hvor brtt. er samþ. 1. júlí sparar hreppstjórum haustskýrslurnar, en um leið færist yfir á skattanefndir það starf. Það skiptir litlu. Hreppstjórum eru greidd föst laun, en skattanefndir fá greiðslu fyrir þá daga, sem þær vinna.

ATKVGR.

Brtt. 875 samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SK, SkG, SvbH, BK, EystJ, GTh, HelgJ, IngJ.

nei: JPálm, LJós, SigfS, SB, SG, SÞ, BÁ, EOl, FJ, HB.

ÓTh, STh, StJSt, GÞ, BG greiddu ekki atkv.

7 þm. (JJós, SEH, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GSv) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Jón Pálmason: Ég vil taka það fram, að ég vil samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir, og segi því nei.

Páll Zóphóníasson: Ég álít, að ekki eigi að láta falla úr búnaðarskýrslum, hve margar skepnur og hve mikil uppskera er eitt árið, og segi því já.

Bjarni Ásgeirsson: Ég tel ekki þörf á því að hrekja þetta mál milli deilda vegna þessarar breyt. Ég hygg, að ríkisstj. geti fyrirskipað hreppstjórum skýrslugerð í eitt skipti enn, þótt það sé ekki beint fram tekið í l. Ég greiði því atkv. gegn þessari brtt. og segi nei.

Brtt. 874, svo breytt, samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvbH, BK, EystJ, GÞ, GTh, HelgJ, IngJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO.

nei: SEH, STh, BÁ, EOl, FJ, HB, JPálm, LJós, SigfS, SG.

SK, StJSt, BG greiddu ekki atkv.

9 þm. (SÞ, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GSv, JJós, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 876).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Herra forseti. Breyt., sem gerð hefur verið á þessu frv. í Nd., er sú ein, að gildistaka l. er ákveðin 1. júlí í ár í staðinn fyrir að í frv., eins og það fór héðan, var ákveðið, að l. tækju þegar gildi. Engin önnur breyt. er á frv. gerð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 924).

63. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Á 73. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar (þmfrv., A. 443).

Á 74. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 26. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt samkv. einróma samþykki bæjarstj. Hafnarfjarðar. Þegar l. nr. 11 frá 1. febr. 1936 voru samþ., var ríkisstj. heimilað að taka meginhlutann af eftirtöldum jörðum eignarnámi: Ás í Garðahreppi, Hvaleyri í Hafnarfirði, Garðakirkju í Garðahreppi, Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi. Jafnframt eignarnáminu var ákveðið, að löndin skyldu lögð undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, að undanskildum tveim síðasttöldu jörðunum. Þótti það ekki heppilegt, þar sem jarðir þær, er hér um ræðir, voru ekki í vegasambandi. Síðan þetta eignarnám hefur farið fram hafa lönd Áss, Garðakirkju og Hvaleyrar verið innlimuð í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Eignarnám Krýsuvíkur fór fram um svipað leyti og á síðastliðnu sumri komst jörðin í vegasamband. Þar hafa framkvæmdir verið hafnar, þar hefur verið komið upp 40 km. langri girðingu, og byrjað er að bora eftir gufu og heitu vatni og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar. Hafnar eru ýmiss konar ræktunarframkvæmdir, jarðyrkjuverkfæri hafa verið pöntuð o. s. frv. — Ég get getið þess hér, að boranir þessar hafa gefið miklu betri og meiri árangur en nokkrar aðrar boranir, sem framkvæmdar hafa verið hér á landi. Það hefur komið í ljós, að hægt er að fá 160° heita gufu, og er það miklu meiri hiti en vitað hefur verið um áður. Þess vegna eru miklar líkur fyrir stórfelldri virkjun í sambandi við jarðgufu þessa. Hafnarfjörður hefur ákveðið að halda áfram og undirbúa enn frekari framkvæmdir. Þess vegna er í alla staði eðlilegt, að landið verði innlimað í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, en það er hins vegar óeðlilegt að þurfa að sækja til annars hrepps um leyfi í sambandi við fyrirhugaðar framkvæmdir. — Krýsuvík er nú í eyði, svo að ekki er um neina tekjuskerðingu fyrir Grindavíkurhrepp að ræða og því auðvelt að réttlæta þá innlimun, sem hér er farið fram á.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta frekar, en vænti þess, að hv. deild og Alþ. afgreiði mál þetta fljótt, því að bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur það höfuðskilyrði, að landið verði innlimað í lögsagnarumdæmið, svo að framkvæmdir og tilraunir geti haldið áfram. Loks legg ég til, að frv. verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 657).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þetta frv. þarf ekki mikilla skýringa við. Farið er fram á, eins og í grg. stendur, að Krýsuvíkur- og Stóra-Nýjabæjarlönd verði lögð undir Hafnarfjarðarkaupstað. Hafnarfjörður hefur þegar hafið stórfelldan rekstur í Krýsuvíkurlandi. Nefndin sendi frv. til Grindavíkurhrepps til umsagnar. Hreppsnefndin hafði ekkert við frv. að athuga, en fer fram á, að Grindavíkurhreppur fái fullar bætur, og er gert ráð fyrir, að svo verði. Leitað var og umsagnar sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hefur hann munnlega tjáð nefndinni, að sýslunefndin muni ekkert við frv. hafa að athuga.

Ég legg svo til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 102. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 813).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Með l. nr. 11 frá 1936 gerði Alþ. ráðstafanir til, að Hafnarfjörður gæti eignazt 4 landspildur í nágrenni bæjarins, og jafnframt skyldu þrjár þeirra lagðar undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. En nú hefur bærinn eignazt þessar 3 spildur, þótt hins vegar ekkert hefði verið gert að því er þá 4. snertir. Hafnarfjarðarbær hefur nú eignazt hana líka og þar með allar fjórar spildurnar. — Bærinn hyggur á mjög miklar framkvæmdir í Krýsuvík, enda er þar þegar hafinn undirbúningur um ýmis fyrirtæki, svo sem hitaveitu til nota bæjarbúum, ræktun með jarðhita o. fl. Til þess að hægt sé að hefja

framkvæmdir, telur bæinn nauðsynlegt að hafa frjáls umráð yfir landinu, fullan ráðstöfunarrétt um það, og þurfa því ekki að leita til Grindavíkurhrepps. Nú var leitað til Grindavíkurhrepps til samkomulags um þetta mál. Það hefur tekizt svo, að báðir aðilar mega vel við una. Hreppurinn mælir með samþykkt frv., þ. e. að Hafnarfjörður fái landið. Skiptar voru skoðanir um þetta í sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu, en niðurstaðan varð sú, að vart verði hjá komizt að leggja landið undir Hafnarfjarðarbæ. Hefur n. því samþ. það.

Allshn. þessarar hv. d. varð sammála um nauðsyn bæjarins og mælir þess vegna óskipt með, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþ. (A. 925).

---

64. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 106. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og l. nr. 107 30. des. 1943 (þmfrv., A. 733).

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af sjútvn. og felur ekki í sér neinar stórbreytingar á l. um fiskveiðasjóð. Breyt. er fólgin í 2. gr. frv., en í henni er svo fyrir mælt, að fiskveiðasjóður megi lána gegn fyrsta veðrétti allt að helmingi virðingarverðs, þó ekki hærra lán en fimm hundruð þúsund kr. Lengsti lánstími er 20 ár. — Í núgildandi l. er hámark lána til annars en fiskiskipa 75 þús. kr. Hv. þdm. er kunnugt um, að hér á þ. var frv. til l. um fiskveiðasjóð, en það breyttist í frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands. Við þá breyt. urðu nokkur atriði viðskila við frv., en á hinn bóginn var eigi unnt að bera þau fram í frv.-formi, fyrr en útséð væri um, að stofnlánad. yrði samþ. Það varð að flytja þetta frv. sér.

Stj. fiskveiðasjóðs leggur mjög ríka áherzlu á, að þetta nái fram að ganga, frv. verði samþ., því að ná þarf til þeirra, er ekki geta fengið lán í stofnlánadeildinni. Verður það ekki hægt, nema frv. þetta verði að l. Ég held, að enginn ágreiningur geti orðið um það. Það er lítið, komið frá n., og á því naumast við að vísa því til nefndar. — Ég beini þeirri ósk til hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 2. umr., en ekki til n. Það þarf að afgr. frv., áður en þ. lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 733, n. 844).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. S.-M. (IngP) er frsm. þessa máls, en er fjarverandi. En ég hef lofað að hlaupa hér í skarðið fyrir hann um framsögu. — Sjútvn. hefur mælt eindregið með því, að þetta frv. nái fram að ganga. Það er ekki um annað en nauðsynlega breyt. á fiskveiðasjóðslögunum. Vil ég því fyrir hönd n. mæla með því, að frv. verði látið ganga fram óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 926).

---

65. Atvinna við siglingar (frv. sjútvn. Nd.).

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 265).

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal skýra frá því, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendi sjútvn. tilmæli um, að hún flytti till. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Sú breyt. er á þá leið, að í stað þess, að nú er það skilyrði til þess að fá stýrimannsskírteini, að maðurinn hafi stundað siglingar í 18 mánuði á skipum yfir 60 rúmlestir, þá verði ekki annað skilyrði sett en að maðurinn hafi stundað siglingar í 36 mánuði á skipum, sem eru 30 rúmlestir eða stærri. Þessi breyt. hefur ekki annað í för með sér en það, að það er ekki víst, að sá, sem hlýtur stýrimannsskírteini, hafi nokkurn tíma verið á stórskipi, þó að líkindin séu meiri til þess, því að skipin stækka, þau nýju eru stærri en þau, sem hverfa af sjónarsviðinu.

Þar sem það er Farmanna- og fiskimannasambandið, sem leggur til, að þessi skilyrði séu lækkuð, er ekki líklegt, að þessi aðili sé með því að vinna að því, að stéttin fyllist meira en rétt er.

Nefndin sendi frv. þetta skólastjóra sjómannaskólans til umsagnar. Hann hefur lagt til, að ákvæðin um stærð skipanna séu rýmkuð dálítið, en vill ekki ganga inn á það, sem farið er fram á í frv., til fullnustu. Eftir að sjútvn. hafði athugað málið, vildi hún fylgja því eins og það kom frá Farmanna- og fiskimannasambandinu.

Mótmæli skólastjórans eru þau, að sá, sem fær stýrimannsréttindi, þurfi að hafa siglt á stóru skipi, til þess að vera fullfær um að vera verkstjóri á stóru skipi, þurfi hann að vera kunnugur þeim tækjum, sem þar eru.

Þar sem við erum að auka skipaflotann stórkostlega, fannst okkur nefndarmönnum þörf á að liðka þessi ákvæði sem mest og teljum okkur ekki hafa teflt á tæpt vað, þar sem tillagan er komin frá þeim aðilum, sem ekki ættu að hafa áhuga á að fylla stéttina um of.

Ég vil fara þess á leit, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. Það er flutt af nefnd og þarf þess vegna ekki að fara til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 106. og 107. fundi í Ed., 13. og 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 265, n. 782).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á þskj. 265, er flutt af sjútvn. Nd. Það felur í sér tvær breyt. á lögum um siglingar. Fyrri brtt. er við k-lið 4. gr. laganna, og felst í henni, að ákvæðið skuli gilda fyrir skipstjóra, en stýrimenn þurfa ekki að uppfylla þetta skilyrði. Hin brtt. er við 8. gr. laganna og varðar rétt manna til að fá hin meiri stýrimannaréttindi. Til að fá þau verður maður eftir 16 ára aldur að hafa verið 3 ár háseti. Breyt. er miðuð við 30 smálesta skip í stað 60, sem áður var.

Sjútvn. hefur mælt með, að þessar breyt. verði gerðar, og leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 939).

66. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 9. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (þmfrv., A 183).

Á 35. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef eftir þál., sem samþ. var á síðasta Alþ. og er birt í grg. þessa frv., óskað eftir, að félmn. flytti þetta frv. hér á þingi, og kann ég n. þakkir fyrir, hversu vel hún tók undir það, og vona, að það fái skjóta afgreiðslu. Í þál. var ríkisstj. falið víðtækt verkefni, t. d. að athuga, með hverjum hætti bezt og fljótast yrði greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í kauptúnum og sveitum landsins og kaupstöðum. Í þessari þál. var og ríkisstj. falið að afla gagna um tækni í byggingarmálum erlendis. Hafa húsameistari og skipulagsstjóri ríkisins verið í Svíþjóð í sumar, og vonandi geta þeir gefið nýjar upplýsingar um tækni í byggingarmálum. Samþykkt þessarar þál. var kærkomið tækifæri fyrir mig til þess að endurnýja kröfur Alþfl. Það þarf ekki að færa rök fyrir þessu máli vegna hinna miklu húsnæðisvandræða og erfiðleika á byggingum, byggingar lélegar og hafa staðið í stað þangað til frekast nú á þessu ári. Húsaleiga hefur hækkað mikið og verð á húsum komið upp úr öllu valdi. Frv. þetta miðar að því að gera mönnum auðveldara að byggja íbúðarhús og koma í veg fyrir spákaupmennsku, sem mjög hefur tíðkazt.

Frv. er í 4 köflum. Í I. kaflanum er lagt til, að framlag ríkis og bæja verði hækkað úr 2 kr. og upp í 4 kr. og mest 6 að viðbættri gildandi vísitöluhækkun. Þessi breyting mun geta tvöfaldað það fé, sem byggingarsjóður hefur til umráða. Og verði farið inn á þá braut að heimila lán allt til 75 ára og með 1½% vöxtum, þá mundi það nægja til meðgjafar á allt að 103 millj. kr. Það er því augljóst, að þessi breyt. á l. um verkamannabústaði getur aukið mjög byggingu þeirra

Þá er og byggingarsjóði heimilt að stofna til innlánsdeildar, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæði viðkomandi byggingarsjóðs. — Þá eru hér og nýmæli þess efnis, að ekkjur látinna félagsmanna, börn og tengdabörn skuli hafa forgangsrétt að íbúðum, sem kaupsamningur hefur verið gerður um, enda gerist þau félagar viðkomandi byggingarfélags. — Um lóðir gildir hið sama og nú. Þó gæti komið til mála að setja ákvæði um, að lóðaleiga mætti ekki hækka á vissu árabili, t. d. fyrstu 50 árin. — Þá skal og heimilt að lána fé milli deilda.

Ég hef þá rakið aðalbreytingarnar á l. um verkamannabústaði, og ef þær verða samþ., þá hygg ég, að félögin geti aukið starfsemi sína. Einkum ætti ákvæðið um að lengja lánstímann að verða til þess að gera mönnum kleift að leggja út í húsabyggingar þrátt fyrir dýrtíðina.

II. kaflinn er um byggingarsamvinnufélögin, og er þeim leyft að starfa í tveimur deildum á hverjum stað, önnur, sem byggir einstæð hús, og hin, sem byggir fjölbýlishús. — Þá er hér ákvæði um, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, megi selja hana, nema félagið hafi áður hafnað forkaupsrétti sínum. Þykir rétt að setja þetta ákvæði til að fyrirbyggja spákaupmennsku.

III. kaflinn er um íbúðabyggingar sveitarfélaga, Þar er lagt til, að safnað verði skýrslum um fjölskyldur, sem búa í heilsuspillandi íbúðum. Og er sveitarstjórn heimilt að leita aðstoðar ríkisins til þess að bæta úr slíku, ef nauðsyn krefur. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður láni slíkum sveitarfélögum 80% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, sem það lætur reisa. Þá er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn byggi þessar íbúðir og ráði gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdrátt, ef til er, og að heimilt sé að selja þessar íbúðir, ef henta þykir, og er í frv. gert ráð fyrir, að sett verði um þessar framkvæmdir allar sérstök reglugerð, sem félmrh. staðfestir, en sveitarstjórnir setji.

IV. kafli þessa frv. er einnig algert nýmæli. Ríkisstjórninni hafði borizt frv. til l. um aðstoð við byggingar frá bæjarráði Reykjavíkur, þar sem var gert ráð fyrir að veita þessa aðstoð með nokkuð öðrum hætti og nokkru rífari en hér er gert ráð fyrir, og enn fremur, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að byggingarefni, sem flutt er til landsins, yrði notað til íbúðarhúsabygginga. Í III. og IV. kafla þessa frv. er gert ráð fyrir sams konar ráðstöfunum og stungið hefur verið upp á af bæjarráði Reykjavíkur, en þó nokkuð á annan hátt. Það er gert ráð fyrir því í IV. kafla þessa frv., að meðan skortur er á vinnuafli eða vöntun á því, að nægilegt byggingarefni fáist flutt til landsins til þess að fullnægja byggingarframkvæmdum þeim, sem árlega eru fyrirhugaðar í landinu, geti ríkisstj. falið nýbyggingarráði eða annarri stofnun að annast úthlutun innflutningsleyfa á byggingarefni og veitt ráðinu heimild til að ákveða, til hvaða bygginga því skuli varið. Þá er og í þeim kafla gert ráð fyrir því, að nýbyggingarráð skuli afla sér fyrir hver áramót — og þó er með bráðabirgðaákvæði lengdur fresturinn að því er snertir næstu áramót — upplýsinga um það, hvaða byggingar eru fyrirhugaðar á næsta ári, og að þeim, sem vanrækja að láta nýbyggingarráði slíkar upplýsingar í té, skuli ekki ætluð nein innflutningsleyfi á byggingar-

efni á því ári. Enn fremur er gert ráð fyrir því hér í frv., að ef sýnt þyki, að ekki fáist innflutt nægilegt byggingarefni til allra þeirra byggingarframkvæmda, sem fyrirhugaðar eru í landinu á næsta ári, eða ekki þýði að veita slíkt leyfi, vegna þess að vinnuafl muni skorta til byggingarframkvæmdanna, þá geti ríkisstj. ákveðið, að fengnum tillögum nýbyggingarráðs, að stöðva skuli stórbyggingar, sem hvorki eru ætlaðar í þágu framleiðslunnar né til íbúðar, og því byggingarefni, sem til slíkra bygginga hafi verið ætlað, skuli varið til íbúðarhúsbygginga. En sú takmörkun á innflutningi byggingarefnis, sem ég hef greint, nær þó ekki til byggingarefnis í þær íbúðir, sem sveitarstjórnir reisa samkv. III. kafla frv., meðan útrýming hinna heilsuspillandi íbúða stendur yfir.

Enn er hér gert ráð fyrir því, að þriggja manna nefnd verði skipuð af félmrh., sem hafi með höndum yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum þeim, sem í l. þessum greinir. Á hún að annast fyrir ríkisstj. hönd lánastarfsemi ríkissjóðs til sveitarfélaga samkv. ákvæðum III. kafla l. og eftirlit með því, að l. séu ekki misnotuð. Enn fremur á hún að sjá um, að framfylgt sé ákvæðum um takmarkanir á íbúðastærð og skiptingu byggingarefnisleyfa. Og þá á n. þessi að hlutast til um, ef ástæða þykir til, að komið verði á fót innkaupastofnun á byggingarefni, þannig að þeir aðilar, sem byggja eftir þessum lagafyrirmælum og njóta þeirra hlunninda, sem í þeim eru veitt, geti sjálfir annazt innkaup á byggingarefni.

Enn eru ýmis ákvæði í frv. til tryggingar því, að þessi l., ef frv. verður samþ., nái tilgangi sínum, og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það atriði sérstaklega.

Ég gat þess í upphafi, að ég hefði ekki séð ástæðu til að taka með í þetta frv. ákvæði um byggingar á sveitabæjum, vegna þess að það heyrði ekki undir félmrn. Um byggingar á sveitabæjum eru nú til a. m. k. tvenn lagaákvæði. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að veita megi endurbyggingarlán til 42 ára og vextir og afborganir fari þá ekki fram úr 5% á ári. Er hæst lánað í því skyni 9 þús. kr. Til slíkra endurbygginga er veittur styrkur úr ríkissjóði, mest 1500 kr. á býli, sem nú mun vera reiknað með vísitölu, þannig að hann mun geta farið upp í 4000—5000 kr., en þó sé hann ekki hærri en 7/17 stofnkostnaðar.

Það má vel vera, að nauðsyn sé á að endurskoða þessi ákvæði að einhverju leyti, sem í frv. eru. En af ástæðum, sem ég hef þegar greint, taldi ég ekki rétt að taka ákvæði um byggingar íbúðarhúsa í sveitum inn í þetta frv., sem ég hef hér lagt fram. Ég hygg, að í frv. þessu séu farnar þær leiðir, sem líklegar eru til úrbóta, án þess að íþyngja um of fjárhagsgetu ríkisins og bæjarfélaganna. Ég gat þess áðan, að ef byggingarsjóðir yfirleitt hækkuðu framlag sitt úr 4 kr. og þar kemur ríkisframlag á móti, þá mundu tekjur sjóðanna hækka í rúmlega eina millj. kr., sem þá skiptist á milli bæjar- og sveitarsjóðanna, og yrði þá framlag ríkissjóðs til þessara málefna hækkað úr 450 þús. kr., sem það er nú, í 900 þús. kr., en gert er ráð fyrir, að áfram haldist þær 150 þús. kr., sem samkv. l. á að greiða úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna af ágóða tóbakseinkasölunnar.

Í sambandi við byggingarsamvinnufélög er hér ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum útgjöldum úr ríkissjóði.

Í sambandi við ráðstafanir, sem lagt er til, að gerðar verði til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, er lausleg tilraun gerð til nauðsynlegrar áætlunar um byggingarkostnað eftir þessu frv. Og ef gert er ráð fyrir, að byggðar verði 300 íbúðir á ári, er áætlað, að kostnaðurinn við að byggja þær mundi verða um 18 millj. kr. Yrði þá kostnaðurinn samtals við að útrýma þessum heilsuspillandi íbúðum alls um 72 millj. kr., 18 millj. kr. á ári í 4 ár. Vitanlega er þetta lausleg áætlun. Þessi kostnaður gæti orðið hærri og gæti einnig orðið eitthvað lægri. Framlag ríkissjóðs og byggingarsjóðanna til þessara mála yrði þá um 2 millj. krónur á ári, eða um 8 millj. kr. á þessum 4 árum.

Ég hygg, að með þessu lagafrv. sé reynt að fara þá leið að ná því marki, að sem allra flestir landsmenn geti eignazt smám saman íbúðir án þess að íþyngja um of fjárhag þeirra né heldur fjárhag sveitarfélaga eða bæjarfélaga.

Það má vel vera, að einhverjar fleiri leiðir séu færar í þessum efnum, og væri þá vel, að hv. heilbr.- og félmn. tæki þær till. til athugunar. Og mundi ég þá óska eftir að eiga umr. við n. um breyt. á frv., ef fram kynnu að koma till. um þær.

Ég tel, að með samþykkt þessa frv. yrði stigið ákaflega stórt spor til þess að bæta úr húsnæðisvandræðum hér í landinu, og jafnframt yrði komið í veg fyrir þá hættulegu spákaupmennsku, sem virðist vera að verða hreinn þjóðarvoði, Mér er t. d. sagt, að það sé algengt hér í Reykjavík, ef maður nær í byggingarefni til þess að byggja hús með þremur íbúðum, þá geti hann, vegna þeirrar eftirspurnar, sem nú er eftir íbúðum, selt tvær íbúðirnar því verði, að hann eigi þá þriðju algerlega skuldlausa. — Í öðrum löndum, bæði í Englandi og Bandaríkjunum, hefur nú komið til mála að setja hámarksverð á hús. En vegna þess að verðlagseftirlitið hefur reynzt að sumu leyti erfitt hér á landi og mun reynast, meðan menn hafa mikið fé undir höndum, þá hef ég ekki séð mér fært að taka ákvæði um það efni upp í þetta frv. En ég vildi aðeins skjóta því fram hér til athugunar, hvort heilbr.- og félmn. sýndist rétt að taka þetta atriði til nánari umr.

Ég vænti þess, — vegna þess hve mál þetta er undirbúið og á hvern hátt það er flutt og af því að hér er um ákaflega mikilsvarðandi málefni að ræða fyrir alla þjóðina, sem nauðsynlegt er, að allir sameini sig um að bæta úr, — að frv. þetta nái skjótri og góðri athugun og afgreiðslu hér í hv. d.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna ég gerðist flm. þessa máls, að vísu með þeim fyrirvara, sem ég geri, þegar um slíkan flutning frv. er að ræða, sem ég tek þátt í. Ég gerðist í n. einn af flm. frv. vegna þess, að ég vildi greiða

fyrir því, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, kæmist inn í þessa hv. d., með því að ég þóttist vita, að þar sem í þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefði verið lögð allmikil vinna og athugun, þá yrði ekki fært talið annað en að afgr. þetta mál, sem vissulega er mál, sem þarf afgreiðslu, húsnæðisvandamálin, og það a. m. k. að verulegu leyti samkv. þeirri athugun, sem fram hefur farið að tilhlutun hæstv. ríkisstj., enda þótt ég sé ósamþykkur mörgu í þessu frv. Það fer vel á því, að frv., sem ég flutti um þetta mál, sem er stutt, en þó vel tæmandi um þau atriði, sem leysa þarf í húsnæðismálunum, verði samferða þessu frv., þannig að þau verði bæði athuguð í þeirri n., sem ég á sæti í. Þess vegna taldi ég heppilegt, að þetta mál kæmi fram, þó að það ylti að vísu ekki á mínu atkv., hvort það yrði lagt fram eða ekki.

Það, sem maður saknar fyrst og fremst í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og vekja hlýtur athygli — enda sá hæstv. ráðh. ástæðu til að minnast á það og gera grein fyrir því, — er það, að hér í þessu frv. eru einungis bornar fram till. um lausn húsnæðismálanna í kaupstöðum og kauptúnum, en ekki gert neitt í því atriði, sem jafnframt fólst í þál. frá 5. janúar 1945 um fyrirgreiðslu bygginga í sveitum. Jafnframt tók hæstv. félmrh. fram, að þetta atriði heyrði ekki undir hans verkahring. En ekki hefði verið óeðlilegt, að nokkurt samstarf hefði verið um það í ríkisstj. að koma því máli einnig áleiðis, þar sem þetta mál er samkv. þál., sem ég greindi, að um þetta var gerð og einnig náði yfir húsbyggingar í sveitum. En það er vitað mál, að eins og nú standa sakir og verður a. m. k. eitthvað fyrst um sinn, er auðveldara um lán en var, þegar l. voru sett um húsbyggingar í sveitum og kaupstöðum. Og þess vegna er eðlilegt, að þegar réttarbætur eru gerðar á kjörum manna viðkomandi húsbyggingum, þá væru bornar fram af ríkisstj. till. til úrbóta í þessum efnum engu síður í sveitum en í kaupstöðum og kauptúnum, því að rannsóknir sýna óvefengjanlega, að það er ekki síður þörf á bættum húsakynnum í sveitum en kaupstöðum. Og það liggja greinilegar skýrslur fyrir um það frá þeim manni, sem það hefur rannsakað, þeim manni, sem hefur rannsakað það fyrir hönd n., Arnóri Sigurjónssyni. Og það hefur verið birt um það opinber skýrsla. (*BBen:* Hvar hefur það komið fram?). M. a. á byggingarmálaráðstefnu, sem haldin var m. a. að tilhlutun borgarstjórans í Reykjavík. (*BBen:* Liggja þær skýrslur fyrir prentaðar?). Ég veit það ekki, en þeim var dreift út í 400 eintökum vélrituðum. Ég veit ekki, hvort búið er að prenta þær, en það átti að prenta þær eins og annað, sem kom frá þeirri byggingarmálaráðstefnu.

Að vísu er hæstv. landbrh. hér ekki viðstaddur, þannig að hægt sé að beina þeirri áskorun til hans, en ég vænti þess, að þegar slíkt frv. kemur fram sem þetta, er hér liggur fyrir, viðkomandi byggingarmálum kaupstaðanna og kauptúnanna, þá verði a. m. k. af ríkisstj. hálfu greiddur vegur þeirra frv., sem við framsóknarmenn berum fram um fyrirgreiðslu á því, að hægt verði að byggja upp í sveitunum. Því að ég vænti þess, að hæstv. ríkisstjórn sé ljóst, að um leið og mikið fé er lagt af mörkum til þess að greiða fyrir húsbyggingum í kaupstöðum og kauptúnum, þá ber einnig að gera hliðstæðar ráðstafanir til þess að greiða fyrir nauðsynlegum húsbyggingum í sveitum, nema áberandi misrétti eigi sér stað, sem ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ríkisstjórn sætti sig við. Ég vænti, að hæstv. dómsmrh. flytji þau skilaboð til hæstv. ríkisstjórnar. Því að það er fráleitt, að sú löggjöf, sem hæstv. dómsrmh. gat um viðkomandi byggingum í sveit, standi við hlið þessara l., sem hér verða samþ. Þar er um svo takmarkaðan stuðning að ræða, að það er ókleift að byggja upp í sveitum eftir þeim l., vegna þeirrar dýrtíðar, sem skapazt hefur síðan sú löggjöf var samþ. Það er óhætt að taka það fram í þessu sambandi, ef hv. þm. er það ekki ljóst, að það kostar víða engu minna að byggja í sveit en í kaupstöðum. Því að það er svo komið nú, að iðnaðarmenn taka sama kaup í sveitum og þegar þeir vinna í kaupstöðum, — og fæði og húsnæði að auki og ferðakostnað frá heimili sínu í kaupstað og svo heim aftur.

Áhugi fyrir byggingum er ákaflega lofsverður. En hann kemur bara nokkuð seint hjá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. ráðh. talaði um það, að það væri að verða svo mikil spákaupmennska hér í Reykjavík í húsbyggingarmálum og húsasölu, að ekki sé við unandi. Þetta er ekkert, sem er „að verða," þetta er löngu orðið. Sú lýsing, sem hæstv. ráðh. gaf á því, hvernig byggingarmálum væri komið og húsasölum hér í Reykjavík, er veruleiki, sem hæstv. ríkisstjórn hefur getað horft á síðan hún fæddist í þennan heim, síðan hún varð til. Allan þann tíma, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur starfað, hefur verið það ástand í húsbyggingarmálum hér í Reykjavík, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að væri nú „að verða."

Það er vitað mál, að það kostar nú orðið að byggja hér í Reykjavík sexfalt það, sem það kostaði fyrir styrjöld, eða allt að 300 kr. hver teningsmetri. Og nú er farið að selja jafnvel einstök herbergi í húsum og geymslu í kjöllurum, og þessi einstöku herbergi, sem þannig eru seld, eru venjulega seld fyrir 350—400 kr. hver teningsmetri. Það hefur undanfarið komið til mín fólk, sem þykist fá bara ágæt kjör, sem það telur, að sé það ódýrasta, sem völ er á í þessum bæ, eftir að það hefur leitað fyrir sér, ef það getur fengið íbúð fyrir 400 kr. hvern teningsmetra. Og ég hef sannreynt, að fyrir þetta verð er allvíða selt. Þegar þess er gætt, að teningsmetrinn kostaði um 50 kr. fyrir styrjöld, þá ættu menn að geta gert sér í hugarlund, hver húsaleigan er raunverulega orðin í þessum bæ, þegar þess er einnig gætt, að húsaleigan er ekki miðuð við þetta 300—400 kr. verð á teningsmetranum, heldur víða miðuð við það, að húsin séu greidd það mikið niður á 2—3 eða 4 árum, að byggingin sé áhættulaus þar á eftir. Það er þess vegna á elleftu stundu, að þetta mál kemur frá hæstv. ríkisstjórn. Og vegna þessa aðgerðaleysis, sem í húsnæðismálunum hefur verið, — og það er bezt að kannast við það og gera sér það ljóst, — er alveg útilokað, að bætt verði úr húsnæðisvandræðunum fyrst um sinn, þó að frv.

þetta sé samþ. Og það er af þeirri einföldu ástæðu, að til þess að það mætti verða, þarf að koma aukið vinnuafl frá því, sem nú er. Það eru að vísu ýmsir, sem halda því fram, að það sé mikið af húsum í byggingu hér í Reykjavík a. m. k. og að húsnæðisvandræðin muni lagast verulega á næsta hausti eða næsta sumri. Ég veit ekki til, að það liggi fyrir neinar greinilegar skýrslur um það atriði. Hitt veit ég, að víða er það svo í kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, að ekki eru það mörg hús í byggingu þar, að líkur séu til þess, að húsnæðisvandræðin verði til muna minni á þeim tíma, sem ég nefndi. Og þess vegna verður hæstv. ríkisstjórn að gera sér það ljóst, að þetta mál, sem hér er á ferð, er engin lausn á húsnæðisvandamálunum á næstunni. Það er ekki til vinnukraftur til þess að annast þær byggingar, sem reisa þarf. Það er ekki einu sinni nægur vinnukraftur til að annast þær byggingar, sem eru í smíðum. Fjöldi bygginga, sem nú eru í smíðum, er stöðvaður vegna skorts á vinnuafli. Og þess vegna er það, þótt lánað verði meira út á húsin en gert hefur verið hingað til, og með þeim hætti, sem er samkv. þessu frv., þá verður það ekki lausn á húsnæðisvandamálunum fyrst um sinn. Það þurfa að koma aðrar ráðstafanir til, og það þarf að gera þær nú þegar. Og ég sé ekki betur en að við verðum að gera það sama og aðrar þjóðir á þessum árum, annaðhvort að flytja inn vinnuafl til þess að byggja þessi hús, sem okkur vantar, eða við verðum að flytja inn tilbúin hús og reisa þau hér. Það væri a. m. k. ákaflega fróðlegt, ef einhver skekkja er í því hjá mér, að heyra það frá hæstv. dómsmrh. og borgarstjóranum í Reykjavík, hvar þeir ætla að taka vinnuafl til þess að byggja þessi hús, sem byggja þarf. Ég fer ekki út í það hér að nefna dæmi um staðreyndir frá húsum, sem nú er verið að byggja, hvernig það gengur að fá vinnukraftinn, en ég get hæglega gert það ef það er vefengt, sem ég hef sagt hér um þetta.

Enn fremur er annað, sem gerir erfitt að byggja, sem hæstv. ríkisstj. að vísu kann að sjá sér leið til að ráða fram úr, og það er efnisskorturinn. Ég veit ekki til þess, að fyrir liggi a. m. k. á þessu stigi, að hægt sé að auka það mikið innflutning á byggingarefni, að hægt verði að byggja þau hús, sem byggja þarf, til þess að útrýma húsnæðisskortinum. Þess vegna er það, eins og ég sagði áðan, — enda hef ég flutt þáltill. um það, — að lausnin er vitanlega í þessum málum sú að flytja inn tilbúin hús, og þá yrði þar með ráðin nokkur bót á því, að húsin verði allt of dýr. Þó að húsin verði reist með þessum ódýru lánum, með þeirri eftirspurn eftir vinnuafli, sem nú er, þar sem boðið er langt fram yfir venjulegan vinnutaxta í hvern einasta mann, sem fáanlegur er, þá er fyrirsjáanlegt, að húsin verða með því móti svo dýr, að eftir því sem þessum nýju húsum fjölgar, sem þannig eru byggð, nálgast einnig það ástand, að hin nýja húsaleiga verði nálega ríkjandi í dýrtíðarmálum landsins, og það jafnvel þó að byggingarkostnaður lækki nokkuð frá því, sem nú er, á því tímabili, sem fyrirhugað er að byggja hús eftir ákvæðum þessa frv. Þess vegna er nauðsynlegt að reyna að lækka byggingarkostnaðinn. Enda er ekki hægt að leysa húsnæðisvandamálið með öðru móti.

Ég skal svo aðeins minnast með örfáum orðum á frv. sjálft. Það er vitanlega, með þeim aths., sem ég hef gert, veruleg bót frá því, sem er í gildandi l., ef þetta frv. verður samþ., þó að það, eins og ég áður sagði, ráði ekki bót á húsnæðisspillingunni, af þeim rökum, sem ég færði fram. Ég tel, að þetta frv. sé miklu síðra að flestu leyti en það frv., sem ég hef flutt hér fram. Það er í fyrsta lagi það, að í því frv., sem ég flyt hér, er gert ráð fyrir, að byggingarnar séu gerðar í einni heild, en ekki klofnar í sundur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. á mjög ranglátan hátt, eins og ég skal færa rök fyrir í stuttu máli, því að það er hægt að gera í stuttu máli. Frv. það, sem ég flyt, er þannig hugsað, að öllum, sem vilja byggja, sé gert kleift að byggja, og er ekki verulegur, en þó nokkur, munur gerður á mönnum eftir því, hvort þeir hafa háar tekjur eða eiga miklar eignir, og mönnum eru þar veitt svo mikil réttindi, að það á að vera hverjum þegn í þjóðfélaginu mögulegt að eignast hús yfir höfuðið. Hér er farið nokkuð öðruvísi að, það er sem sé ætlazt til þess, að mönnum sé skipt í tvo flokka, eftir 1. og 2. kafla frv., þar sem svo mikið bil er á milli, að ég tel það mjög ranglátt og mjög til hins verra frá því, sem er í mínu frv. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ef aðilar geta ekki fullnægt því samkv. 1. og 2. ákvæði frv. að byggja yfir sjálfa sig, þá geti ríkið komið til samkv. ákvæði 10. gr. frv. og samkv. ákvæði 33. gr. þess, sem ég verð að telja næsta óþarfa, þegar einstaklingum eru gefin þau vildarkjör, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það er auðsætt mál, að ef einstaklingar sjá, að þeir geta, vegna ákv. í 10. gr. frv. og ákv. í 3. kafla þess, losað sig við það framtak, sem þeir þurfa að sýna til þess að byggja yfir höfuðið, þá er það hvöt til þeirra í þá átt að skipta sér ekkert af byggingarframkvæmdum sjálfir, því að það stendur í 10. gr., að sé ekkert byggingarsamvinnufélag til í kaupstað eða kauptúni, sé sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hafi það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkv. lögum þessum. Það, sem ég ætla að benda á viðvíkjandi þessum mismun á kjörunum í 1. og 2. kafla frv., sem ég tel ranglátan, er þetta: Eins og frv. ber með sér, þá er lánunum skipt niður í þrjá kafla, og má lánstíminn fara upp í allt að 75 ár, en vextir af lánunum eru 2%. Til þess að menn fullnægi þessum skilyrðum, mega þeir ekki hafa yfir 7 þús. kr. árstekjur, og eignir þeirra mega ekki nema meiru en 10 þús. krónum að viðbættri verðlagsvísitölu. Það fyrsta, sem ég vildi segja um þetta atriði, er það, að ég tel það mjög vafasamt að fara með lánstímann upp í 75 ár. Menn kunna nú að vísu að segja, að landið okkar sé auðugt, en ég hygg þó, að fáar þjóðir, sem eru þó auðugri og hafa meiri peningaráð en við, hefðu viljað fara svo hátt með lánstímann, og það verða menn að gera sér ljóst, að um leið og svo langt er gengið með lánstímann, er loku fyrir það skotið, að

eins margir geti fengið lán og ef lánstíminn væri styttri, en þó ekki lengri en það, að hann er viðráðanlegur fyrir flesta eða alla. Þessi kjör, sem mönnum eru þarna veitt, vextir í öllum lánsflokkum 6% og lánstíminn frá 45 árum upp í 75 ár, eru vissulega ágæt kjör, en svo er aftur rétturinn, sem menn öðlast eftir kaflanum um byggingarsamvinnufélögin, mjög takmarkaður, þannig að þegar menn eiga meira en 10 þús. kr. og menn hafa nokkrum aurum hærri tekjur en 7 þús. kr., að viðbættri verðlagsvísitölu, þá falla menn skyndilega úr náðinni og verða að byggja samkv. ákvæðum 2. kafla, þar sem rétturinn er raunverulega sáralítill, eins og hv. þm. geta séð með því að líta yfir ákvæði þeirrar gr., sem í þeim kafla er, en þau réttindi, sem menn hafa samkv. þessum kafla, eru raunverulega ekki önnur en þau, að heimila fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. að ábyrgjast þau lán, sem út á þessi hús eru tekin og mega vera allt að 80% byggingarkostnaðar. Hér er ekkert rætt um það, hvað vextir af þessum lánum eigi að vera háir, heldur muni þeir fara eftir peningamarkaði á hverjum tíma, og það munu þeir að sjálfsögðu gera. En þetta virðist mér ákaflega varhugavert, að hafa svo mismunandi rétt fyrir þegnana, þannig að sumir fái e. t. v. ekki nema 10 þús. kr. af því, sem þeir eiga, og kannske ekki nema 100 krónur af því, sem þeir hafa í árstekjur. Í því frv., sem ég flyt, er gert ráð fyrir, að betri kjör gildi fyrir þá, sem vilja sætta sig við íbúðir, sem eru 350 m^3, menn, sem hafa vissar tekjur og vissar eignir. En þeir, sem vilja byggja stærra, verða samkv. því frv., sem ég flyt, að sæta lakari kjörum, en líka tiltekið, að vextir af þeim lánum, sem þeir þurfa að búa við, séu miklu betri en gert er ráð fyrir, að menn þurfi að búa við á almennum markaði. Því hafa menn nokkru minni rétt samkv. mínu frv. en gert er ráð fyrir í fyrsta kafla þessa frv., ákvæði, sem ég tel mjög varhugavert, því að það mundi útiloka marga frá því að geta fengið lán. Hins vegar er rétturinn, sem mitt frv. veitir fyrir B-láni eða hliðstæðum lánum, sem gert er ráð fyrir í 2. kafla þessa frv., miklu betri en í því frv., sem hér er flutt.

Ég vil brýna það fyrir þessari hv. d., að ég álít það mjög vafasamt að ganga inn á ákvæði eins og þau, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Það er áreiðanlega rétt hjá Svíum, sem kemur fram í þeim reglum, sem þeir láta gilda um þetta, að það er ekki rétt að láta efnahag ráða svo miklu um rétt manna, hvort heldur er til trygginga eða húsbygginga, sem gert er ráð fyrir í 1. og 2. kafla þessa frv., og það af þeirri einföldu ástæðu, að þar með er — sem áreiðanlega er rangt — verið að draga úr hvötum manna til þess að safna eignum. Þessi undirstrikun við öll hugsanleg tækifæri, og einkum ef hún er gerð þannig, að hún sé áberandi, er mjög hættuleg löggjöfinni.

Ég vil svo ekki þreyta hv. d. á því að ræða lengur um þetta mál, en afstaða mín til þessa frv. mun fara eftir því, hvort á því fást gerðar þær breyt., sem ég tel nauðsynlegar.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Ed., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir, hve skjótt hann hefur brugðizt við þáltill., sem ég bar fram á síðasta Alþ. og samþ. var um þetta mál.

Ég hefði þó kosið, að ýmis atriði í frv. væru á annan veg. Ég hef að vísu samið frumdrög að frv. um þetta efni, sem bæjarstjórn Rvíkur hefur lýst sig fylgjandi, en mun þó ekki flytja það að sinni.

Ég mun ekki fara að rekja frv. eins og það liggur hér fyrir, en vil láta það koma fram, að ég tel þátt ríkisins um heilsuspillandi íbúðir of lítinn, þó að ég telji frv. góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. Þó að ég teldi æskilegra að hafa hér nokkurn annan hátt á, skil ég vel afstöðu hæstv. ráðh. og vil á engan hátt vanmeta hans aðgerðir. Ég ætla ekki að ræða málið meira á þessu stigi. Og frv. kemur það seint fram, að ekki er hægt að ræða það eins ýtarlega og æskilegast hefði verið. En einmitt þess vegna og af því að það fjallar um ýmis ólík atriði, hefði ég álitið, að höfuðkaflar frv. hefðu átt að flytjast hver í sínu lagi, því að enda þótt menn verði sammála um sum atriði þess, er óvíst, að svo verði um það allt. Þess vegna álít ég óheppilegt að hafa það allt í einum lagabálki. Mun ég því hreyfa því í n., sem fær frv. til meðferðar, hvort ekki væri betra að skipta því í fleiri hluta.

Ég vildi hreyfa hér einu atriði vegna ummæla hv. þm. Str. um innflutning á sænskum húsum og að það mundi greiða úr húsnæðisvandræðunum. Ég hef að vísu enga þekkingu á þessum málum sjálfur og vil því ekki vefengja það, sem hv. þm. sagði, en fróðir menn, sem ég hef fyllstu ástæðu til þess að taka trúanlega, segja mér, að þessi sænsku hús mundu verða litlu ódýrari, þegar þau eru komin upp hér. Hið svo kallaða Kron-hús sannaði, að af þessu mundi vera vafasamur hagnaður. Ég hefði nú álitið rétt, að sérstakur fagmaður færi til Svíþjóðar og gæfi ríkisstj. skýrslu um þessi hús og áætlaði kostnað við að koma þeim hingað og setja þau upp. Það væri nefnilega slæmt að fara að flytja þau inn, ef svo kæmi í ljós, að það væri ekkert til bóta. En ef það sannaðist hins vegar, að þetta væri til bóta, þá væri það auðvitað ágætt. — Ég vildi nú beina þeirri uppástungu til hæstv. félmrh., hvort ekki væri heppilegt að senda fagmann í þessu skyni til Svíþjóðar. Ég hafði jafnvel hugsað mér að flytja sérstaka þáltill. um þetta, en ef hæstv. ráðh. tæki vel í það, þá væri það óþarft.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. um það, að frv. komi seint fram, vildi ég segja það, að þetta er svo mikið efni, sem krefst rækilegs undirbúnings, að það hlýtur alltaf að taka sinn tíma. Þess vegna hefur það ráð verið tekið hér að framkvæma fyrst og fremst það bráðnauðsynlegasta af þessu, þótt ekki væri hægt að taka allt.

Viðvíkjandi sænsku húsunum vildi ég geta þess, að skipulagsstjóri fór utan í sumar og athugaði þau nokkuð þá, og núna er húsameistari ríkisins ytra og gæti þá e. t. v. athugað þau eitthvað nánar.

Ástæðan til þess að bera fram heildarlöggjöf um húsbyggingar í heilu lagi er sú, að fara verði eftir beinum l. í því efni, en þó gæti auðvitað þurft að gera einhverjar breyt., og væri ég þá fús til þess að ræða það við n., sem um frv. fjallar, ef hún óskar þess.

Tveir fyrstu kaflar frv. eru að verulegu leyti byggðir á núgildandi lögum, og hafa þau l. fengið nokkra reynslu. Sú löggjöf yrði því aukin til muna með samþykkt frv.

Hv. þm. Str. var fullur vandlætingar út af frv., vegna þess að ekki væri um verulegar breyt. að ræða varðandi sveitirnar. Hann sagði, að ég hefði ekki komið fram með það, þar eð það heyrði ekki undir mig, en nú hefur hann flutt frv. varðandi þetta, sem er mjög líkt tveimur köflum í þessu frv. Hann átaldi ríkisstj. fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir spákaupmennsku með húsnæði. Þessi ríkisstjórn hefur nú aðeins setið lítinn hluta ófriðartímans, en sjálfur sat þessi hv. þm. í ríkisstjórn 2—3 ár af stríðstímanum, en sá enga ástæðu til þess að gera neinar úrbætur, og situr því ekki á honum að skamma núverandi ríkisstjórn fyrir þetta. Hann talaði enn fremur um ýmis vandkvæði á því að bæta úr efnisskorti, skorti á vinnuafli o. fl. Mér er þetta fyllilega ljóst, en það er bara engin afsökun fyrir því að hefjast ekki handa. Hv. þm. Str. talaði um það, að í þessu frv. væru lögleidd ýmis mismunandi réttindi þegnanna En hann vitnaði í ummæli Beveridge, þess efnis, að allir ættu að hafa jafnan rétt. Í 5. gr. í frv. hv. þm. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnir byggingarfélaga á hverjum stað gera tillögur um lánskjörin til stjórnar byggingarlánasjóðs með hliðsjón af óskum, efnahag og ástæðum lántakanda — — —“ Í hans frv. á að fara eftir óskum, efnum og ástæðum lántakenda. Hefur þá flm. í frv. fylgt þeirri reglu að ívilna þeim, sem verr eru staðir. Mér finnst alls ekki sitja á honum að deila á mig fyrir að hafa fylgt þeirri reglu. Hv. þm. Str. varaði við því og brýndi hv. þd. um það að fara ekki inn á þennan grundvöll, sem lagður væri í frv. Ég vakti athygli á því í gær, að tveir fyrstu kaflar þessa frv. eru byggðir á núgildandi löggjöf, en þó auknir allmjög möguleikar bæði byggingarsjóða verkamanna og byggingarfélaganna til þess að byggja miklu meira en nú er gert. Nú stóð þessi hv. þm. að vísu e. t. v. ekki öðruvísi en nokkuð til knúinn að þeirri löggjöf, sem nú gildir um þetta efni. En þó hafði ég ekki haldið, að hún væri honum svo mikið á móti skapi, að hann þyrfti beinlínis að brýna hv. þd. til þess að fara ekki inn á grundvöll núgildandi laga um byggingarmál, grundvöll, sem sýnir sig að hafa gefizt sæmilega, enda þótt framlög á þeim grundvelli þurfi, vegna núverandi ástands, að hækka verulega frá því, sem nú er. (*Forseti:* Ég vil geta þess, að hv. þm. Str. fékk burtfararleyfi til þess að fara á bankaráðsfund). Ég hef ekki vikið neitt persónulega að hv. þm. Str., svo að það sé þess vegna ástæða fyrir hæstv. forseta að gera þessa aths. (*Forseti:* Ég beindi þessu að hæstv. ráðh. aðeins í því augnamiði, ef hann vildi stytta mál sitt þess vegna, að hv. þm. Str. er fjarverandi). Ég er rétt búinn með mitt mál og stytti mál mitt ekki þess vegna, að hv. þm. Str. er fjarverandi. Og þegar þm. tala á Alþ., þá tala menn við Alþ., en ekki sérstaka þm. persónulega, og auk þess eru tveir flokksmenn þessa hv. þm. að skrifa niður aths., svo að hv. þm. Str. verður væntanlega flutt það, sem ég segi hér. — En mér þykir ekki líklegt, að hv. þm. Str. muni lengi brýna hv. þd. til að fara ekki inn á grundvöll þann, sem lagður er í tveimur fyrstu köflum frv., því að það er grundvöllur, sem hann á sínum tíma stóð að því að leggja, og grundvöllur, sem hefur reynzt vel, þótt hann í núverandi ástandi hafi ekki reynzt nægilegur.

En hvað er það þá, sem hv. þm. Str. er svo andstætt í frv.? Er það sá grundvöllur, sem lagður er í tveimur seinni köflum frv.? Annar þeirra kafla víkur að því, að gerðar séu óvenjulegar ráðstafanir vegna þess óvenjulega ástands, sem nú ríkir, til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Er það sá grundvöllur, sem hv. þm. Str. er svo mikið á móti skapi? Er honum það á móti skapi, að Alþ. geri nú á þessum tíma óvenjulegar ráðstafanir til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum? — Ég vænti þess, að hv. samflokksmenn hv. þm. Str. beini þessari spurningu áfram til hans, þegar hann verður hér viðstaddur við framhald umr., sem ég get ekki — því miður — vegna væntanlegrar fjarveru verið þátttakandi í.

Hv. þm. Str. lét þess getið, að hann væri mikið á móti spákaupmennsku og að það væri ákaflega leitt, að ríkisstj. hefði ekki gert ráðstafanir fyrr en á elleftu stundu til þess að útrýma spákaupmennsku í húsasölu og húsbyggingarmálum. — Síðasti kafli frv. þessa miðar að því að útrýma þessari spákaupmennsku. Og þó að í hinu ágæta frv. þessa hv. þm. sé vikið að hvorugum þessara kafla í frv. mínu, hvorki kaflanum um að útrýma heilsuspillandi íbúðum né heldur kaflanum til þess að gera ráðstafanir til þess að byggingarefni verði notað fyrst og fremst til byggingar íbúðarhúsa fyrir þær fjölskyldur, sem ekki óska eftir að búa í neinum stórum höllum, þá get ég ekki ímyndað mér, að hv. þm. Str. hafi svo mikla andúð á því að útrýma heilsuspillandi íbúðum né heldur hinu, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess, að byggingarefnið sé notað til þess að koma upp hæfilegum íbúðum fyrir almenning í landinu, að þess vegna hafi hann verið að brýna hv. þd. til þess að fara ekki inn á þann grundvöll, sem lagður er í þessu frv. En hvað er það þá, sem hann er að vara við? Er hann að vara við því einu að gera nokkrar aðrar ráðstafanir hér á Alþ. til þess að bæta úr húsnæðisleysinu en þær, sem hann sjálfur hefur lagt til, hversu ófullkomnar sem þær eru? Það má vel vera, að þetta sé í samræmi við framkomu þessa hv. þm. í ýmsum málum. En þó er engin ástæða fyrir hv. þd. til að taka þær brýningar til eftirbreytni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 27. marz, utan dagskrár, mælti

menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hv. form. heilbr.- og félmn., hvernig líði húsnæðisfrv. Það er langt síðan það kom fram, og þetta er afar mikilvægt mál, en ekkert hefur á því bólað.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er nú ekki vonum fyrr, að spurt er um þetta. En ýmsar ástæður eru fyrir þessum drætti, og skal ég ekki frekar um þær fjölyrða, ef þess er ekki óskað, en nefndin hélt fund í morgun og heldur fund á morgun, og verður málið væntanlega tilbúið frá n. næstu daga.

Á 99. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (183, n. 669, 668, 670, 679).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég átti von á, að það yrðu komnar til hv. d. brtt. frá hv. þm. Str., sem hann var búinn að boða við þetta mál. *(Forseti:* Þeim var útbýtt). Það lítur út fyrir, að þær séu á leiðinni, svo að það er hægt að byrja þess vegna.

Þetta mál hefur legið alllengi hjá heilbr.- og félmn., áður en það hefur fengið þá afgreiðslu, sem það nú hefur fengið. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm., þegar þeir sjá, hve margar brtt. eru fluttar við frv., muni gera sér ljóst, hver er meginástæðan til þess, að frv. hefur legið svo lengi hjá n., sem sé sú, að skoðanir manna um málið voru allmjög skiptar. Tók því að sjálfsögðu nokkurn tíma að samræma þær. En ég ætla, að allir nm. hafi verið sammála um höfuðatriði þessa máls, sem sé það, að ástandið í húsnæðismálunum væri svo gersamlega óviðunandi, að rík ástæða væri til þess, að það opinbera tæki upp sérstakar aðgerðir til þess að bæta úr því. Hitt var nokkur meiningamunur um, hverjar leiðir skyldi velja. En einmitt fyrir það, að allir nm. voru sammála um, að úr þessu ástandi, sem verið hefur í þessum efnum, þyrfti að bæta, varð samkomulag um það, að hver nm. slakaði til fyrir öðrum nokkuð, og bera brtt. á þskj. 670, sem n. flytur, þess glöggan vott, að nefndarmenn hafa reynt að mæta hver öðrum í þessu efni. Þó eru nm. ekki bundnir við hverja einstaka brtt. hver fyrir sig, sem n. flytur. Og eins er um hinar brtt., sem þeir flytja sér. En 4 nm. eru sammála um að mæla með þeim breyt., sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar séu, og munu þeir fylgja málinu og afgr. það að sínu leyti á þeim grundvelli hér frá hv. d. Einn nefndarmanna, hv. þm. Str., tilkynnti hinum nm., að hann mundi bera fram sérstakar brtt. og að hans fylgi við frv. gæti oltið á því, hverja afgreiðslu þær brtt. fengju. En það eru 4. nm., sem hafa engan slíkan fyrirvara gert að því er snertir þær brtt., sem þeir flytja. Hygg ég, að það muni ekki raska fylgi þeirra við frv., þó að þær brtt. yrðu ekki samþ.

Ég skal þá víkja að einstökum brtt. frá n. á þskj. 670. 1. brtt. er við 2. gr., og efni hennar er, að það ákvæði, sem í 1. er nú, um að sérstök nefnd, en ekki bæjar- eða sveitarstjórnir skuli meta, hvort þörf sé á, að það opinbera bæti úr húsnæðisástandinu, skuli fellt niður. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa brtt. Meiri hl. n. lítur svo á, að þó að eðlilegt væri í byrjun að hafa ákveðna sérstaka nefnd til þess að fjalla um þetta, þá sé þess ekki lengur þörf, heldur megi leggja þetta undir bæjar- og sveitarstjórnir samkv. brtt.

Næsta brtt. er svo við 3. gr. A-liðinn má skoða aðeins sem leiðréttingu á prentvillu. En b-liðurinn hefur efnislega þýðingu. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að þegar innlánsdeild er stofnuð í sambandi við byggingarsjóðinn, þá skuli þeir, sem eru búnir að safna nægilega miklu í innlánsdeildina til þess að greiða framlag sitt í kostnaðarverði íbúðanna, fá rétt til íbúðar, án tillits til þess, hvort aðrir, eldri í félaginu, hafa sótt um að fá íbúðir. En meiri hl. n. lítur svo á, að það sé ekki rétt að mismuna þannig mönnum, heldur að þessir menn gætu verið sérstök deild með sérstakri röð innan félagsins. Og að því lýtur þessi brtt.

Næsta brtt. er svo við 4. gr., síðustu mgr. Ætlazt er til samkv. brtt., að stjórn byggingarsjóðs ákveði, að fengnum till. stjórna byggingarfélaga og sveitarstjórna, hvers konar lánakjör eru hverju sinni veitt fyrir hvern flokk. En samkv. frv. er gert ráð fyrir, að það séu stjórnir byggingarfélaganna sjálfra, sem ákveði um þetta. N. lítur svo á, að það sé eðlilegt, að stjórn byggingarsjóðs ákveði um þetta, sérstaklega með tilliti til þess, að samræmi verði hjá sem flestum byggingarfélögum í þessu efni. En það er ekki tryggt, ef stjórn hvers byggingarfélags getur ákveðið um þetta. Þetta ákvæði er miklu þýðingarmeira nú en það ákvæði er í gildandi l., vegna þess að eftir frv. er gert ráð fyrir, að flokkarnir séu þrír, eins og sjá má á 4. gr., og mismunandi framlag tilskilið í þessum þremur mismunandi flokkum.

Næst er svo brtt. við 6. gr. frv., 4. tölul. í brtt. Fyrsta brtt. undir þeim tölul., a-liður, er aðeins afleiðing af brtt. við 4. gr., að það, sem þar um ræðir, sé ekki ákveðið af stjórn byggingarfélaga, heldur í samræmi við þær reglur, sem stjórn byggingarsjóðs setur. — B-liður í 4. tölul. brtt. er við 2. málsl. 8. tölul. 6. gr. frv., og er efni hans það, að ef íbúðir eru seldar, þá er heimilt að hækka verðið frá því, sem er raunverulegt kostnaðarverð íbúðarinnar, sem svarar vísitölu-hækkun byggingarkostnaðar á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra umbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu. N. telur eðlilegt að hafa þetta þannig, en hins vegar telur n. óeðlilegt, að sams konar hækkun verði látin koma til sem greiðsla fyrir íbúð í sambandi við þann hluta kostnaðarverðs, sem seljandi hefur aldrei greitt, heldur flyzt yfir á

hinn nýja kaupanda að borga. — Um c-lið er ekki ástæða til að hafa mörg orð. Þar er aðeins um orðabreyt. að ræða. Sama máli er að gegna um d-lið.

5. tölul. brtt. er við 7. gr., um að við fyrri málsl. gr. bætist á eftir orðinu „verzlun": dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti, þ. e. a. s., að þar, sem um sambyggingar eða sérstök hús sé að ræða, sé heimilt að telja með í byggingarkostnaði þetta, sem upp er talið og nauðsynlegt er til að fullnægja heimilisþörfum íbúanna. Það er mikið hagræði fyrir íbúana að fá þetta innifalið í því sameiginlega láni.

Þá er brtt. við 8. gr. um stjórn byggingarsjóðs. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að 4 af 5 stjórnendum byggingarsjóðs séu kosnir af Alþ. með hlutbundinni kosningu, en að fimmti maðurinn sé tilnefndur af ráðh. Meiri hl. n. leggur til, að allir þessir 5 menn séu kosnir með hlutbundinni kosningu af Alþ., en síðan tilnefni ráðh. einn af þeim 5 mönnum sem form. stjórnarinnar. Ég skal taka fram fyrir mitt leyti, að ég hefði talið eðlilegt að fylgja fyrra fyrirkomulaginu í þessu efni. En ég get til samkomulags sætt mig við að hafa þetta eins og hér er lagt til í brtt. Þá er einnig lagt til í þessari brtt., að sú heimild, sem sjóðsstjórninni er í frv. veitt til þess að lána fé sjóðsins á milli deilda, sé bundin við það, að það sé aðeins gert til bráðabirgða. Þannig á að ganga svo frá því, að aldrei verði fest svo fé nokkurrar deildar sjóðsins, að það sé ekki tiltækt, þegar deildin þarf að nota það til húsbygginga á sínum stað.

Þá er brtt. við 9. gr. Það ákvæði skýrir sig sjálft. Þar er lagt til, að bætt sé inn fyrirmælum um það, að ef það dragist úr hófi fram að skila reikningum byggingarfélags í hendur byggingarsjóðs, þá skuli stöðva lánveitingu til viðkomandi félags. Og frestur til að skila reikningum er ákveðinn til 1. sept. næsta ár eftir reikningsárið, sem mun vera nægilegur tími.

Þá eru ekki fleiri brtt. við I. kafla frv. Um einstök atriði í brtt. annarra hv. nefndarm. skal ég ekki fjölyrða að sinni. E. t. v. vík ég að þeim á eftir, en fresta því, þar til þeir hafa sjálfir mælt fyrir sínum brtt.

Við II. kafla frv. eru svo fluttar brtt. af n. Fyrst 8. brtt., við 12. gr. frv., um að sú gr. falli niður, vegna þess að n. álítur, að hún sé óþörf. Það eru leifar frá því er l. var breytt síðast, því að nú er byggingarsjóðurinn aðeins einn.

Þá er næsta brtt. við 14. gr. frv., og ber að líta á þá brtt. í sambandi við 12. brtt., sem er um, að 17. gr. frv. falli niður. Í þessum tveimur brtt. er í raun og veru fólgin meginbreyt., sem n. leggur til, að gerð sé á þessum kafla frv. Samkv. 17. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ekki megi starfa nema tvenns konar byggingarsamvinnufélög á sama stað, til þess að þau geti notið fríðinda, sem þessi l. veita. En samkv. brtt. félmn. er horfið frá þessu og í staðinn gert ráð fyrir því, að undir ákvæði l. geti komizt byggingarfélög, án tillits til íbúatölu á hverjum stað, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í brtt. eru sett og annars staðar í þessum kafla frv. getur. En þessi skilyrði eru, að ef menn vilja stofna byggingarsamvinnufélag, megi 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa stofna byggingarsamvinnufélag, sömuleiðis minnst 30 menn á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík, ef þessir aðilar hverjir fyrir sig uppfylla skilyrði og ákvæði l. um stofnun slíkra félaga að öðru leyti, og eiga þeir þá samkv. brtt. að fá rétt til fjárgreiðslu, sem í l. greinir, án tillits til þess, hvort fleiri sams konar byggingarfélög eru starfandi á staðnum. Um þetta voru nokkuð skiptar skoðanir í n., bæði um það, hvort vert væri að hafa þannig ótakmarkaðan fjölda byggingarfélaga á hverjum stað, og eins við hvaða meðlimatölu ætti að miða. En meiri hl. n. var sammála um að kveða ekki öðruvísi á um þetta en hér er gert í brtt.

Þá er næst brtt. við 15. gr. frv. Sú gr. lýtur sérstaklega að því, að ef bæjarfélag eða sveitarfélag vill með þátttöku borgaranna stofna samvinnubyggingarfélag, þá geti það komizt undir ákvæði l., og er þetta sett þannig m. a. með það fyrir augum, að talið er, að líklegt gæti verið, að það þætti hagkvæmt, að félagsskapur manna, sem á lóðir með gömlum, lélegum eða litlum húsum á lóðunum, en ekki hefur fjárráð til þess að nota lóðirnar til fulls, gæti myndað félag með þátttöku bæjarins, til þess að byggja hæfileg hús á þessum lóðum. Brtt. n. hnígur að því að taka það ákvæði burt, að ákvæði gr. eigi aðeins við þá, sem ekki eiga íbúðarhúsnæði, með tilliti til þess, sem ég áðan gat um. En að öðru leyti er þessi viðkomandi gr. frv. óbreytt eftir brtt. n.

11. brtt. er við 16. gr. og fjallar um sama efni og brtt., sem ég gat um áðan, um ákvæði í kaflanum um verkamannabústaðina, þ. e. a. s. um það, í hvaða röð þeir eigi að koma inn, sem safna fé í innlánsdeild. Brtt. lýtur að því, að ákvæði frv. þar að lútandi skuli orða um og í það horf, sem n. leggur til í sambandi við verkamannabústaðina, að félagsmenn sitji ekki fyrir um að fá íbúðir vegna þess eins, að þeir hafi safnað vissri fjárhæð í innlánsdeild.

Þá er í 12. brtt. lagt til, að 17. gr. falli niður, þannig að ekki sé takmörkuð tala byggingarfélaga, sem vera megi á hverjum stað, til þess að fá að njóta réttinda laganna.

13. brtt. er við 20. gr. og er aðeins leiðrétting á prentvillu.

14. brtt., a-liður, er við 22. gr., 1. málsgr., er fjallar um það, við hvaða verði megi selja hús eða íbúðir, sem falla undir þessi lög og byggð eru með þeim opinberu fyrirgreiðslum, sem þau gera ráð fyrir. Í frv. er gert ráð fyrir því, að söluverð þessara íbúða megi ekki vera hærra en kostnaðarverð að viðbættum endurbótum, að frá dreginni hæfilegri fyrningu. Er þetta í samræmi við það, sem var í upprunalegu l. um þetta efni. Nú mun þó hafa verið slakað þar nokkuð á, þannig að tekið er tillit til byggingarkostnaðar á hverjum tíma, þegar sala fer fram. Enda er lagt hér til af n., að söluverð þessara íbúða megi fara allt upp undir það, að það samsvari hækkun á kostnaðarverði í samræmi við það, sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað á tímabilinu frá því að maðurinn hefur eignazt íbúðina og þangað til hann selur hana.

Má segja, að munur sé gerður í þessu efni á byggingum samvinnufélaga og verkamannabústöðum, því að um verkamannabústaðina má slík verðhækkun eftir brtt. n. aðeins koma til greina á þeim hluta kostnaðarverðsins, sem fallinn er í gjalddaga, en hér á þessi verðhækkun við allt stofnverð íbúðarinnar. En meiri hl. n. lítur svo á, að þessi munur sé ekki óeðlilegur, þegar tekið er tillit til þess, að ekki er ætlazt til þess, að það opinbera leggi fram nokkurn beinan styrk til samvinnubyggingganna, heldur standi félagsmenn þar sjálfir undir kostnaðinum að öllu leyti, bæði greiðslu afborgana og vaxta, en fyrirgreiðsla þess opinbera sé sú ein að greiða fyrir því með ábyrgð og lántökum, að fé fáist til bygginganna.

14. brtt., b-liður, er í raun og veru aðeins leiðrétting, þar sem niður hefur fallið orð í prentun.

Þá er 15. brtt. við 23. gr. frv. En í 23. gr. frv. eru ákvæði um það, að ef félagsmaður selur hús hærra verði en leyfilegt er, þá á sá hluti söluverðsins, sem umfram er það, sem leyfilegt er, að renna í sjóð félagsins, en ekki vera eign seljanda. Og til þess að ókleift sé að fara í kringum þetta, er ætlazt til, að sú kvöð sé lögð á kaupandann, að hann verði að inna þennan verðmismun af hendi, ef seljanda brestur getu til þess. En sá fyrirvari er þó settur í frv., að kaupandi greiði þetta því aðeins, að það sannist, að honum hafi verið kunnugt um, að brotið hafi verið gegn þessum ákvæðum. Nú telur n., að augljóst sé, að félagsstjórnum sé í langflestum tilfellum ómögulegt að bera fram sannanir um, að kaupanda hafi verið það kunnugt, að íbúð hafi verið of háu verði seld, þannig að þetta ákvæði, eins og það er í frv., komi engan veginn í veg fyrir brask, heldur þurfi, ef á að fyrirbyggja brask með íbúðirnar, að setja inn það ákvæði, að kaupandi verði að sanna, að hann hafi verið óvitandi þess, þegar hann keypti, að íbúðin hafi verið of háu verði seld, ef hann á að geta losnað við greiðslu á þessum verðmun. Og brtt. n. hnígur að því, að svo verði þetta haft.

Þá ber n. ekki fram fleiri brtt. við þennan kafla. En rétt þykir mér að geta þess, að um 27. gr., sem lýtur að uppdráttum, og um 16. gr., sérstaklega c-lið, muni n. ræða saman áður en málið verður tekið til 3. umr.

Þá vík ég næst að III. kafla frv. og brtt. við hann. Þær eru flestar orðabreyt. Ég hygg, að 16., 17. og 18. brtt. raski ekki að neinu ráði efni frv. Þessar brtt. eru nokkuð um röðun og um að setja sumt nokkuð á annan veg fram. En veruleg efnisbreyt. er með þeim ekki hugsuð, að öðru leyti en því, að í frv. er gert ráð fyrir, að hvert sveitarfélag sé skylt að ljúka framkvæmdum sínum um að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, á fjórum árum. Meiri hl. n. leit svo á, að varla væri gerlegt að ákveða þetta svo fast í l., að þessu skyldi lokið á 4 árum, heldur leggur til í 17. brtt., við 31. gr., að orðalaginu um þetta verði breytt þannig, að sagt sé um þetta: „og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.“ Eins og frv. er nú, er beinlínis ákveðið, að þetta skuli gert á fjórum árum. Að öðru leyti held ég, að ekki sé um efnisbreyt. að ræða í sambandi við 16., 17. og 18. brtt. n.

19. brtt. er um efnisbreyt. Í frv. er gert ráð fyrir, að til húsa, sem byggð eru samkv. ákvæðum þessa kafla, skuli afla fjár með þeim hætti, að ríkissjóður leggi fram 1/10 hluta af kostnaðarverði, hlutaðeigandi sveitarfélag 1/10 hluta, en 8/10 hluti leggi ríkissjóður fram sem lán til fyrirtækisins. Enn fremur, að ef sveitarfélag getur ekki sjálft aflað sér upphæðar, sem svarar til 1/10 hluta kostnaðarverðs húsanna, þá sé því heimilt að taka lán í þessu skyni og ríkissjóði þá skylt að ábyrgjast lánið. En n. leggur til, að þessu verði breytt þannig, að framlögin verði ákveðin 10% byggingarkostnaðar af ríkissjóði, 15% af sveitarsjóði sem vaxtalaus lán til 50 ára, en felldur sé niður réttur sveitarfélaganna til þess að heimta ríkisábyrgð fyrir þessum 15% lánum, ef sveitarfélag þarf lántöku í þessu skyni. Þetta er veruleg þrenging á ákvæðum frv. gagnvart sveitarfélögunum, þannig að sveitarfélögin þurfa meira á sig að leggja til þess að geta notað sér ákvæði l. En hæstv. ríkisstjórn hafði rætt við einstaka menn í n. um þetta atriði, og taldi ríkisstj. ekki fært að ganga lengra í þessu efni en hér er gert ráð fyrir í brtt., og vildi n. ganga til móts við þessar óskir ríkisstj. — Aðrar till. um breyt. á þessari gr. eru svo afleiðing af þessari breyt.

20. brtt., við 34. gr., er svo afleiðing af breyt. á 33. gr., sem í brtt. er gert ráð fyrir.

21. brtt. er við 35. gr., um að 2. málsl. gr. falli niður. En hann er um það, að heimilt sé að gefa út sérstök ríkisskuldabréf í því skyni að afla fjár í þessu augnamiði, sem um getur í fyrri málsgr. 35. gr. frv., og að þau skuldabréf skuli vera undanþegin eignarskatti og hámarksvextir af bréfunum 3%. Meiri hl. n. leit svo á, að dálítið væri hæpið að leggja inn á þá braut að setja lagaákvæði sem þessi um skattfrelsi á þessum sérstöku skuldabréfum. Og það hefur oft verið rætt hér um þetta atriði í sambandi við lántöku ríkissjóðs. Ég skal ekki fara inn á almennar aths., sem menn hafa gert í því sambandi. En meiri hl. n. telur ekki — a. m. k. í sambandi við þetta mál — ástæðu til þess að setja þau lagaákvæði, sem þarna er gert ráð fyrir í frv.

Þá er brtt. nr. 22 við 36. gr. frv., um að 2. málsgr. þeirrar gr. orðist eins og þar segir í brtt. Þetta er í raun og veru aðeins orðabreyt., sem farið er fram á, en ekki nein veruleg efnisbreyt., og er þarna tekið upp að nokkru leyti orðalag, sem í frv. var, en fyllra og greinilegra.

Þá hef ég lokið að drepa á brtt. n. við III. kafla frv., og kemur þá næst IV. kafli. — Þar er um mjög veigamikla breyt. að ræða eftir till. n., sem sé þá að fella niður öll ákvæði 40.—44. gr. frv. og sameina þau í eina gr., sem sé orðuð eins og segir í 23. brtt. n., þ. e. a. s. öll nánari fyrirmæli um skýrslusöfnun, hversu henni skuli hagað, hverjir skuli hafa hana með höndum, um nefnd, sem eigi að hafa umsjón með þeim málum, sem þessi l. fjalla um, o. fl., sem upp er talið í 44. gr. Þetta sé allt fellt niður og í stað þess sé ríkisstj. heimilt að ákveða skömmtun á byggingarefni og setja aðrar reglur

í sambandi við þessi l. og framkvæmd þeirra, sem hún telur nauðsynlegt til þess að l. komi að haldi. Þ. e. a. s., framkvæmdin í þessum efnum er þannig á valdi ríkisstj., sem um leið á að meta það, hvort þörf sé slíkra aðgerða sem í kaflanum greinir. Ég tel þessa breyt. ekki til bóta. Þetta er till. frá meiri hl. n., og ég drep þá á mína sérstöku aðstöðu. Ég tel, að það sé heldur mikið að ætla ráðh. eða ríkisstj. að ákveða um þetta efni án þess um það séu settar nánari reglur en gert er í till., en tel þó, að þetta sé ekki það þýðingarmikið, að það hafi áhrif á fylgi mitt við málið, þó að brtt. verði samþ.

Brtt. við 45. gr., 24. brtt., er aðeins afleiðing af því, ef 23. brtt. verður samþ. 25. brtt., við 46. gr., er aðeins orðalagsbreyt. Hið sama má segja um 26. brtt., við 47. gr., þar er ekki um neinar efnisbreyt. að ræða. Aðrar breyt. eru svo bein afleiðing af þeim till., sem ég hef gert grein fyrir.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim till., sem meiri hl. n. flytur hér, og greint frá heildarafstöðu n. til málsins. Um einstakar brtt. nm. skal ég að þessu sinni, til þess að stytta mál mitt, ekki segja annað en það, að þær, sem bornar voru undir n., þ. e. brtt. 668, frá hv. 6. þm. Reykv., og brtt. 679, frá hv. 4. landsk. þm., gat meiri hl. n. ekki á fallizt, og hefur það ekki áhrif á afstöðu flm. þeirra til frv. í heild sinni, hverja afgreiðslu þessar till. fá. Till. hv. þm. Str. hef ég ekki séð, en hann mun gera grein fyrir þeim og hefur látið þess getið, að hans fylgi við frv. geti oltið á því, hverja afgreiðslu þær till. fá

Bjarni Benediktsson: Ég get vitnað til þess, sem ég sagði hér við 1. umr. þessa máls, að ég tel frv. að þessum lagabálki vera að öllu til bóta frá því, sem áður var, þó að ég telji hins vegar, að honum hafi um ýmislegt verið ábótavant. Margt af því, sem ég taldi, að betur hefði mátt fara, er nú leiðrétt með þeim brtt., sem n. hefur orðið ásátt um. Tel ég því frv. nú vera stórum betra en það í upphafi var, þ. e. a. s., svo framarlega sem brtt. verða samþ. Hins vegar eru þó nokkrar veigamiklar brtt., sem ég ber hér fram, en fengu ekki fylgi í n., og er ég því einn flm. að þeim. Fyrsta brtt. mín er um það, að reikningshald hvers byggingarsjóðs verði út af fyrir sig, svo sem vera á eftir frv., en óheimilt sé með öllu að lána fé á milli sjóðanna. Þetta er óbreytt fyrirmæli frá því, sem nú er í l., en frv. gerir ráð fyrir þeirri breyt., að það megi lána fé á milli sjóða. N. hefur tekið upp till. um það, að það megi gera til bráðabirgða. Ég tel, að í frv. félmrh. hafi ákvæðið ekki fólgið meira í sér en slíka bráðabirgðaheimild, og till. n. því að efni til óbreytt frá því, sem frv. ráðh. var. Ég legg hins vegar áherzlu á, að mín brtt. verði samþ., þ. e. a. s., að efnið í þessu verði óhaggað frá því, sem nú er í l. Verður að hafa í huga, að upphaflega voru byggingarsjóðirnir sérstakir fyrir hvern kaupstað og kauptún. Það er fyrst með l. frá 1935, sem sett var ein yfirstjórn yfir þessa sjóði, en þá átti þó að tryggja, að sjóðunum yrði ekki blandað saman. Með þessum ákvæðum, að lána milli sjóðanna, er fellt niður þetta varúðarfyrirmæli, sem hlýtur að verða til þess, að allmikil hætta sé á, að sjóðirnir blandist saman, að hinir fátækari sjóðir fái lán hjá þeim, sem betur eru staddir, og þannig verði ruglað í þessu. Niðurstaðan verður sú að lokum, að um einn sjóð í landinu verður að ræða, og skapast þá vitanlega hætta á því, að hinir efnaðri sjóðir frá hinum stærri stöðum verði notaðir til þess að greiða fyrir byggingum utan sinna endimarka. Þetta tel ég óheppilegt og óeðlilegt, þar sem greiðsla deildarinnar byggist næstum að helmingi á framlagi frá hverjum einstökum stað. Þess vegna hef ég einsett mér að halda fast við ákvæðið, sem gilt hefur, og að slík lán á milli deilda séu óheimil. Ég tel þess vegna talsverðu máli skipta, að þessi brtt. mín verði samþ. Aðrar brtt. eru í rauninni allar í einu samhengi varðandi III. kafla. Fyrsta brtt. þar má segja, að sé nokkuð sérstaks eðlis, en hinar eru allar svo samtengdar, að ef ein þeirra er felld, mun ég taka hinar allar aftur. Hin fyrsta af þessum brtt. við III. kafla er um það, að sú sérstaka fyrirgreiðsla, sem veita á af hálfu ríkisins til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum eftir þeim kafla, verði því aðeins veitt, að á síðustu þrem árum hafi fólksfjölgun á þeim stöðum orðið meiri en meðalfólksfjölgun nemur. Ég sé ekki ástæðu til þess, að fyrirgreiðsla með svo óvenjulegum hætti sem í III. kaflanum greinir sé veitt á öðrum stöðum en þeim, þar sem húsnæðisvandræðin beinlínis stafa af óvenjulegri ef ekki óeðlilegri fólksfjölgun. Mér sýnist þvert á móti vera ákaflega eðlilegt, að löggjafinn hagi því svo til að greiða sérstaklega fyrir þeim stöðum, sem í örum vexti eru. Hitt eigi ekki að vera óvinnandi verk fyrir fólkið sjálft á þeim stöðum, sem ekki eru í vexti, að sjá fyrir sæmilegum byggingum af þeim sjóðum og með þeirri fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, sem í I. og II. kafla greinir. Það hefur verið fært á móti mínum brtt., að þær miðist einungis við hina stærri staði og þá fyrst og fremst Reykjavík. Það er auðvitað misskilningur, að þetta fari eftir stærð staða, heldur fer þetta eingöngu eftir því, hvert fólkið sækir. Það er ljóst samkv. reynslu síðustu ára, að Reykjavík mundi verða aðnjótandi hlunninda samkv. III. kafla, ef mínar brtt. yrðu samþ. En það yrði engan veginn bundið við Reykjavík, heldur alla aðra staði, sem verða að taka við meira en meðalfólksfjölgun, og má þá nefna staði eins og Akranes, Keflavík, Selfossbyggð, Hveragerðisbyggð og ýmsa aðra staði á landinu. Og ég er nú þeirrar skoðunar, gagnstætt því, sem ýmsir þm. vilja telja, að það sé eðlilegt og raunar óumflýjanlegt af ríkisins hálfu að beina fyrirgreiðslu sinni og styrkveitingum til þeirra staða, sem í örustum vexti eru. Þar hefur átt sér stað, svipað því, sem náttúrufræðingar tala um, hið náttúrlega val, þar hefur það verið hið náttúrlega val fólksins, sem gerir það að verkum, að þessir staðir vaxa, og það er vegna þess, að þar eru engar kenningar eða hugmyndir, sem koma til, heldur er það hin sára reynsla, og lífsþörfin, sem hefur skorið úr um það, að þessir staðir eru, a. m. k. eins og sakir standa, byggilegastir. Það á ekki að henda fé í þá

staði, sem annaðhvort ekki vaxa, hvað þá staði, sem fara minnkandi, í því trausti, að fólkið haldist frekar við, ef slíkar fjárgreiðslur eiga sér stað. Þetta kann einstaka sinnum að heppnast, en oftast nær er þarna verið að henda fé í óbotnandi hít, og þess vegna glatað að miklu leyti það fé, sem í slíkt er sett, þar sem aftur á móti, ef greitt er fyrir fólkinu á þeim stöðum, þar sem það sjálft kýs helzt að vera, þá eru kannske líkur fyrir því, að unnið sé fyrir varanleg lífsþægindi almennings. Mér sýnist það því af öllum rökum vera auðsætt og eðlilegt, að þær óvenjulegu fyrirgreiðslur, sem ráðizt er í samkv. III. kafla, verði eingöngu bundnar við þá staði, þar sem meira en meðalfólksfjölgun hefur átt sér stað. Og ég held nú satt að segja, að ef ríkið ætlar að taka að sér fyrirgreiðslu varðandi aðra staði í svo ríkum mæli sem í þessum kafla er ráðgert, jafnvel eftir að brtt. meiri hl. n. eru samþ. varðandi þennan kafla, þá sé farið inn á mjög hála braut og ríkið í rauninni reisi sér hurðarás um öxl. Og ef fólkið helzt ekki við á þessum stöðum vegna atvinnuaðstæðna, þá gagnar það í sjálfu sér ekki, þó að allmikið fé hafi verið sett í húsbyggingar þar. Við sjáum einmitt, hvernig fólkið í rauninni flyzt á milli staða nokkuð án tillits til þess, hvernig húsnæðisástandið er á hverjum stað. Við sjáum fólkið þyrpast hingað til Reykjavíkur ár eftir ár, ekki sízt á stríðsárunum, þegar mikið húsnæðisleysi er hér. Það flyzt hingað vegna þess, að það treystir á atvinnumöguleika, vegna þess að þeir séu hér betri en annars staðar, þá muni úr húsnæðisvandræðunum leysast einhvern veginn, og fólkið fer jafnvel úr góðu húsnæði annars staðar út í vonleysið og húsnæðisleysið hér. Ég held, að það sé ákaflega varhugavert að ætla að beita sér á móti þessu vali fólksins sjálfs og ætla að hafa áhrif á það með óeðlilegum fjárgreiðslum úr ríkissjóði. Og einmitt sú landbúnaðarstefna, sem hér hefur átt sér stað, um það að fleygja fé víðs vegar um byggðir landsins án tillits til þess, hvar lífvænlegt er, og án heildarráðagerða, hefur nú sýnt, að þetta horfir ekki til góðs, og jafnvel stórkostlegar fjárgreiðslur úr ríkissjóði hafa ekki megnað að hefta fólkið í sveitunum, vegna þess að ekki var nóg um það hugsað að verja fé fyrst og fremst til hinna byggilegustu staða og gera fólkinu lífvænlegt þar, horfast þá frekar í augu við það, sem við af sögulegum og tilfinninga ástæðum kunnum kannske að harma. En tímans straumur hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess, að ýmsir útskæklar hljóta að verða minna byggðir en áður. Ég er ekki að ræða um það, að það eigi að hvetja fólkið til þess að hverfa af þessum stöðum, heldur að Alþ. og ríkisstj. verði, svo leitt sem okkur kann að þykja það, að fylgja fólksstraumnum eftir og játa, að ekki sé um annað að gera en að veita hina opinberu fyrirgreiðslu til þeirra staða, þar sem fólkið vill helzt dvelja. Því aðeins verður okkar starf að því gagni fyrir fjöldann og fyrir fólkið í heild, sem við nú allir óskum eftir. Ég vildi þess vegna ekki, þó að þessi till. mín fengi engan byr í n., falla frá henni og er sannfærður um, að reynslan á eftir að sýna, að ég hef í þessu efni haft rétt fyrir mér og að því miður verður miklu fé til einskis á glæ kastað til langframa, ef mín till. verður felld, svo sem ég nú fastlega geri ráð fyrir samkv. þeim anda, sem meginhluti þm. er haldinn af að þessu leyti. En jafnframt því, sem ég hef lagt áherzlu á, að það ætti fyrst og fremst að hugsa um þá staði, sem eru í örum vexti, varðandi þá hjálp, sem í III. kafla frv. greinir, þá hefði ég líka viljað hafa þátttöku almannasjóðsins í þessari fyrirgreiðslu með öðrum hætti en frv. gerir ráð fyrir. Ég hefði talið eðlilegt, að þar væri ríkið og sveitarfélögin bæði jafnréttháir og jafnskuldbundnir aðilar, þannig að hvor aðili um sig ætti að leysa úr vandræðunum að jöfnu, þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, sem í upphafi kaflans greinir. Og það væri eðlilegt, að ríkið legði fram allverulega fjárhæð þegar í upphafi, en takmarkaði framlag sitt við ákveðinn hluta, þannig að ríkið og ríkisstjórnendur hefðu glöggt yfirlit um það, hvílíkar skuldbindingar það væru, en framlagið væri þá líka svo ríflegt, að það kæmi að verulegu gagni. Eftir frv. er þetta með öðrum hætti. Eftir því, sem frv. upphaflega var, mátti í rauninni segja, að framlag ríkisins ætti fljótt á litið ekki að vera sérstaklega mikið, heldur einkanlega fólgið í ábyrgðum. En þegar þetta var skoðað ofan í kjölinn, sást, að ábyrgðarskuldbindingar ríkisins gátu orðið svo miklar, að framlag ríkisins næmi allt að 100%, þannig að skylda sveitarfélaga hefði orðið harla lítil. A. m. k. var það augljóst, að þau sveitarfélög, sem vildu hafa refjar í frammi, voru ekki með fé sínu skuldbundin. Þau gátu þannig haldið á málum, að bagginn allur lenti að lokum á ríkinu, þó að hann í upphafi virtist ekki sérstaklega þungbær. Þetta er alveg á móti því, sem ég hefði talið eðlilegt í þessu. Ég vildi, eins og ég sagði, láta ríkið leggja ríflega fram, en skyldu þess vera takmarkaða. Í frv. aftur á móti er gert ráð fyrir heldur tregu framlagi ríkisins í upphafi, en skylda þess er líka nokkurn veginn ótakmörkuð, þannig að viðbúið er, að allt lendi að lokum á ríkinu, a. m. k. af hálfu hinna lökustu sveitarfélaga, og var með þessu í rauninni ýtt undir óskilvísi og óstjórn af hálfu sveitarfélaga. Ég get því ekki annað sagt en að heildarstefna þessa kafla frv. var og er mér ákaflega ógeðfelld. Og ég harma það, að ég fékk engan af nm. til að fallast á þann hátt á þessu, sem ég taldi vera hinn eðlilega, og vil ég ekki segja, þótt það gæti legið nærri, að fyrir þeim vekti að fá Alþ. til þess að taka á sig nokkuð ótakmarkaðar skuldbindingar, þótt þær í upphafi litu sakleysislega út. En þrátt fyrir það að ég sé nú um þetta mjög ósamþykkur mínum nm. og hafi flutt brtt., sem lúta að því að koma því fram, er ég tel rétt í þessum efnum, þá verð ég að segja, að ég tel fyrirgreiðslu ríkisins vera svo nauðsynlega á sérstökum stöðum vegna neyðarástands, sem skapazt hefur, og þrátt fyrir það, þó að fyrirgreiðslan sé með alröngum hætti að mínu viti, þá vil ég nú ekki gerast meinsmaður frv. fyrir þær sakir, þó að mínar till. falli. Ég vil vekja athygli á því og segja það sem varnaðarorð, sem ég hef sagt í n., að út af fyrir sig má ég sem fulltrúi fyrir stórt sveitarfélag vel

við una þann hátt, sem á þessu er hafður í frv. En sem fulltrúi ríkisheildarinnar og til eftirlits með því, að á þessu sé hafður skaplegur háttur, fjárgreiðslur ríkisins takmarkaðar og stutt að góðri stjórn sveitarfélaga landsins í heild, tel ég till. félmrh. í þessu vera óheppilegar. Ef þm., eftir að þeim hefur verið bent á þetta og ríkisstj. hefur verið bent á óheppilegar afleiðingar af frv., engu að síður halda fast í þessi ákvæði og vilja ekki fallast á sanngjarna og hófsamlega leiðréttingu, þá ganga þeir aðilar þar með opin augu í þá ófæru, sem á er bent, og það verður þá á þeirra ábyrgð. En ég vil taka það fram, að ég tel það þó góðra gjalda vert, að hæstv. félmrh. hefur beitt sér fyrir þátttöku ríkisins í þessum efnum í stærri stíl en nokkur hans fyrirrennari hefur gert, og fyrir það á hann þess vegna þær þakkir skilið, sem ég hef fært honum nú, þó að ég hefði kosið, að frv., sérstaklega vegna hagsmuna ríkissjóðs, væri með öðrum hætti að þessu leyti en það er.

Ég skal svo ekki fjölyrða miklu meira um þetta. Ég vil taka það fram, að brtt. n. við III. kafla eru að mínu viti allar til hins betra, þó að þær fari ekki eins langt og ég hefði talið æskilegt. Ég tel visst ósamræmi í þeim eins og þær liggja fyrir, en skal ekki fara að rekja það að þessu sinni, en áskil mér rétt til að gera það við 3. umr., þegar komið er á daginn, hvort þær ná samþykki. Þá tel ég réttara að breyta einstökum atriðum þeirra í samræmi við þá heildarhugsun, sem í þeim felst, en fer ekki í það nú, vegna þess að ég vil á þessu stigi halda fast við þær till., sem ég hef fram flutt. Að öðru leyti skal ég segja það, að ég hefði talið réttara, eins og ég benti á við 1. umr. þessa máls, að frv. *þetta hefði verið flutt sem fjögur sérstæð frv.*, og greiddi því atkv. í n. brtt., sem ég flutti í þá átt, að frv. yrði klofið í slík fjögur frv. Ég er sannfærður um, að ef frv. hefði verið flutt með öðrum hætti strax í upphafi, þá er sennilegt, að strax fyrir jól hefði verið hægt að afgr. einhverja kafla frv. út af fyrir sig. Hæstv. ráðh. vildi ekki fallast á þetta, og hefur hann vafalaust haft sínar gildu ástæður til þess, þótt ég gæti ekki séð þær. En ég játa, úr því sem komið var með afgreiðslu málsins og samkomulag var fengið um kaflaskiptingu frv., að það kynni að hafa stefnt málinu í tvísýnu, ef átt hefði að fara að fjórskipta frv. Og fyrir tilmæli hæstv. dómsmrh. lét ég því undan og varð ásáttur með að afgreiða málið í heild. Ég vildi kljúfa frv. í sundur. Þegar svo var komið, að trauðla mundi tími vinnast til að afgr. allt, þá vildi ég hins vegar engan veginn seinka afgreiðslu málsins, eins og sjá má af því, að ég afhenti þegar brtt. mínar fyrir síðustu jól.

Ég tek þetta fram vegna aths. minna við frv. Enda þótt ég vildi, að veigamikil atriði í frv. *væru* öðruvísi, þá tel ég því betur farið með aðeins litlum breyt., jafnvel þótt sumar mínar brtt. o. fl. verði felldar, og mun greiða því atkv., enda tel ég það þrátt fyrir allt miða mjög í rétta átt. En ég tel það spilla mundu málinu, ef sumar till. annarra nefndarmanna yrðu samþykktar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég ætla að taka það fram þegar í upphafi, að ég mun ekki greiða atkv. gegn frv., þótt brtt. þær, er ég flyt allmargar og ýmsar mikilvægar á þskj. 679, verði felldar. Álít ég, að frv., eins og mæla á með því, yrði mjög verulega til bóta frá því, er nú gildir. Því er það, að ástæða er til að fylgja því fram hér. Á ég einkum við I. kaflann, þ. e. um verkamannabústaði. En þar er um aukin framlög að ræða og svo hitt, að bæði er nú lánstíminn lengdur og lánskjörin gerð betri, rýmkuð mjög. Verður þetta að sjálfsögðu til þess, að starfsemi byggingarfélaga eykst mjög, og bætast mun þá úr húsnæðisleysinu. Þess vegna liggur ljóst fyrir, að þessi aðgerð er nauðsynleg.

En engu síður má segja hið sama um nýmælið í III. kafla l., um aðgerðir bæjarfélaganna til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og hjálpar fólki vegna fjárhagsörðugleika.

Þótt ég telji, að með frv., eins og það er nú, verði mjög greitt fyrir ýmiss konar starfsemi til að bæta úr húsnæðisskortinum, þá er það þó *mín skoðun, að þörf hefði verið róttækari ráð*stafana í ýmsum atriðum og átt hefði að tryggja betur, að lán þau fengjust, sem gert er ráð fyrir í frv. Sumar brtt. mínar hníga að því og aðrar að hinu, að gera ráðstafanir til þess að koma upp miðstöðvum fyrir þessa byggingarstarfsemi í því skyni að afla samræmis eftir hentugleikum og lækka kostnaðinn. Þetta vildi ég í öndverðu sagt hafa um frv. almennt, en mun þessu næst víkja að einstökum brtt. mínum á þskj. 679.

1. brtt. er við 3. gr. frv. (um framlög ríkis og bæja til deilda byggingarsjóðs). Í frv. er svo ákveðið, að bæjarfélögin, þar sem þess er talin þörf, leggi í byggingarsjóð 4—6 kr. fyrir hvern íbúa og ríkið leggi jafnháar upphæðir árlega til móts við þau. Í mínum tillögum er fastbundið, að sveitarsjóðir leggi 4 kr., en framlag ríkissjóðs sé tvöfalt meira, eða 8 kr. Ef bæjarfélag færi í hámark, 6 kr., og ríkið legði hið sama, 6 kr., þá yrði upphæðin samanlögð jafnhá þeirri, er yrði skv. brtt. minni, þ. e. 12 kr., en ef bær legði 4 kr., yrði framlag til sjóðsins aðeins ⅔ af því, sem ég geri ráð fyrir í brtt. minni. Hún gengur lengra að nokkru, en að hinu leytinu eru höfð önnur hlutföll um framlög.

Í frv. hv. þm. Str. og hv. 1. þm. Eyf. voru ákvæði mjög svipaðs eðlis um umrædd fjárframlög og í brtt. minni. Þó að líta megi svo á, að fyrst og fremst sé það hagsmunamál hvers bæjarfélags að sjá íbúum sínum fyrir húsnæði, þó hljóta þó skyldur ríkisins að koma vitanlega jafnframt til greina. Oft eru tekjustofnar bæjanna í rýrara lagi, og getur orðið erfitt fyrir sum bæjarfélög að leggja fram fé til sumra þessara hluta. Þótt segja megi, að mikið sé lagt á herðar ríkisins og mörgum þyki nærri gengið gjaldþoli þegnanna, þá hefur þó ríkið betri aðstöðu og fleiri leiðir og fyllri til fjáröflunar. Ber því að telja vel frambærilegt, að ríkið leggi meira af mörkum.

2. brtt. mín er við 4. frvgr. og víkur að, hvort hafa megi fleiri en eitt byggingarfélag á hverjum stað. Eftir 4. frvgr. má aðeins vera eitt félag á hverjum stað. M. ö. o., lán eru aðeins veitt til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni. Er ekki óeðlilegt að segja, að í fá-

menni sé eigi ástæða til, að mörg félög séu starfandi. En mér þykir sem um Reykjavík gegni nokkuð öðru máli og eigi þar því um að gilda önnur ákvæði. Ber tvennt til: Í fyrsta lagi er Rvík fjölmennasti bær á landinu, og svo er nú hitt í öðru lagi, að þegar eru starfandi í Rvík tvö byggingarfélög. Tel ég því, að gera mætti ráð fyrir í Rvík fleiri en einu byggingarfélagi, og finnst mér eðlilegt, að þessum tveim, er þar eru þegar starfandi, sé gert jafnhátt undir höfði af löggjafanum, ekki sízt vegna þess, hve þörfin er hér mikil, svo sem viðurkennt er. Ég ætla eigi að svo komnu að fara út í að ræða það, hvers vegna þessi félög urðu tvö. En ég vænti þess, að vel verði tekið undir þessa brtt. mína, jafnrétti megi ríkja og aðstaða verði gefin til fjáröflunar.

3. brtt. mín er við 6. frvgr. og fjallar um, hvernig byggingarfélög skuli kjósa stjórnir sínar. Eftir frv. skal stj. félags skipuð 5 mönnum, þannig að fjóra þeirra kjósa félagsmenn, en þann fimmta skipar félmrh., og er hann formaður stj. Mun það vera rökstutt með því, að eðlilegt sé, þar eð ríkið veiti svo mikla aðstoð, að ríkisvaldið hafi hönd í bagga um skipun formannsins a. m. k. Ráðstöfunarréttur fjárins í byggingarsjóðnum er í höndum sjóðsstj., og hafa því félagsmenn engan yfirráðarétt yfir þeim sjóði, en stj. hans er kjörin af Alþ. M. ö. o., yfirráðaréttur þess fjár er tryggður ríkisvaldinu. Og byggingarfélögin eru aðeins lántakendur. Af undanfarandi má ráða, að til þess er engin ástæða, að ríkið fari að skipta sér neitt af skipun félagsstjórnanna. — Í frv. eru ákvæði um byggingarsamvinnufélögin. Ráða þau sínum stj. sjálf, og finnst mér, að sama ætti að gilda um verkamannabústaðina, þ. e. byggingarfélög þeirra ættu að hafa sömu réttindi. Það er engin ástæða til að tortryggja þau, og á því að láta þeim í té óskoraðan rétt.

Þetta voru brtt. við I. kaflann. Kem ég þá að II. kaflanum.

4. brtt. er við 16. frvgr., c-liðinn. Er þar fjallað um fjárútveganir handa byggingarsamvinnufélögum. Samkv. ákvæðum frv. er gert ráð fyrir, að svo verði, að félagsmenn leggi sjálfir fram 20% í stofnsjóð og tryggi sér þar með rétt til húsnæðis, en hins vegar, að aflað sé fjár með lántöku með ríkisábyrgð. — Í þessu, finnst mér, að sé ekki nægileg trygging fyrir að koma þessari byggingarstarfsemi í framkvæmd. Þyrfti að mínu áliti að tryggja félögunum greiðan aðgang að lánum. — Brtt. mín er því um það, að greitt verði fyrir lánastarfsemi þeirri, er um ræðir í c-lið, þannig að „heimila veðdeild Landsbanka Íslands að lána byggingarsamvinnufélögum allt að 50% af byggingarkostnaði gegn 1. veðrétti, og gefi veðdeildin út nýjan flokk bankavaxtabréfa, allt að 100 millj. kr., í þessum tilgangi.“ Í viðbót sé svo stofnaður sérstakur sjóður, er lánaði gegn 2. veðrétti, svo að nema mætti allt að 80% á móti 20% frá einstaklingum. Ríkinu skuli heimilt að leggja fram 15 millj. kr. — Ef stofnféð væri ekki nóg, þá mætti gefa út vaxtabréf og veita ríkisábyrgð fyrir þeim. — Eins og ég sagði, ætti þessi sjóður að veita lán gegn öðrum veðrétti, og stæði hlutaðeigandi kaupstaður og kauptún í bakábyrgð fyrir lánunum. Skyldi sjóður þessi vera undir stj. nýbyggingarráðs. Lánin skyldu veitt til allt að 35 ára til vel gerðra steinhúsa, en 25 ára til góðra timburhúsa, og vextir af þeim 2%. Ef eftirspurnin eftir lánum þessum væri meiri en veðdeildin og sjóðir byggingarsamvinnufélaganna gætu fullnægt, þá yrði ákvæði um, að fjmrh. væri heimilt að ábyrgjast lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 80%. En þannig er líka ráð fyrir gert í frv. — Það var að nokkru leyti viðurkennt í n., að gera yrði sérstakar ráðstafanir til að útvega lánsfé, auka lánsmöguleikana. N. varð þó ósammála um brtt. mínar og vildi hvorki bera þær fram né gera aðrar slíkar sjálf. Hef ég talið ástæðu til að leggja fram þessar brtt. mínar, þó að ekki fengist samkomulag í n., og vil ég leggja það undir dóm hv. d., hvort hún vill gera slíkar ráðstafanir eða aðrar, er gangi í svipaða átt.

Í samræmi við till. um stofnun þessa sjóðs flyt ég líka 5. brtt. um, að nýjar gr. komi inn í frv. um myndun sjóðsins og starfsemi hans. En þær hanga saman við, hvernig fer um afgreiðslu annarra brtt. minna.

Við III. kafla frv. flyt ég ekki neinar sérstakar brtt. Honum hefur verið breytt nokkuð af n., eins og hv. frsm. gat um, og get ég sætt mig við hann í slíku ástandi, þótt að vísu sé dregið nokkuð úr skyldum ríkisins við bæjarfélögin, þ. e. framlögum þess, og ríkisábyrgðin numin brott. Þetta getur að vísu torveldað sumum bæjarfélögum að hagnýta sér þennan kafla til fjáröflunar. En þetta er gert til samkomulags, og þykir mér svo eigi ástæða til að fjalla frekar um þetta.

Þá er IV. kafli frv. Á honum hafa verið gerðar veigamiklar breyt. í n., sem ég greiddi atkv. á móti og mun einnig greiða atkv. á móti hér í hv. d. Hins vegar varð ekkert samkomulag um þá brtt., sem ég flutti í n. og flyt nú einnig hér, um það, að í staðinn fyrir IV. kafla komi fyrirmæli um að setja á fót sérstaka stofnun, er nefnist Byggingarstofnun ríkisins, sem ætti að vera eins konar miðstöð fyrir alla íbúðarhúsabyggingu og framkvæmdi alla byggingarstarfsemi þar, sem veitt er opinber aðstoð eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það var að vísu viðurkennt í n., að ýmislegt af því, sem þessar brtt. fjalla um, væri athyglisvert, en hins vegar þótti það of viðamikið til þess, að nm. vildu fallast á að taka það inn í frv. Og sumir nm. létu þess enda getið, og ég býst við, að hv. 6. þm. Reykv. hafi einkum átt við það, þegar hann lýsti því áðan, að ef sumar af þeim brtt., sem fyrir liggja, væru samþ., mundi það geta orðið til þess, að hann gæti ekki fylgt frv. Og ég býst við, að m. a. hafi hann átt við þennan kafla frv., um Byggingarstofnun ríkisins. En þrátt fyrir þessar undirtektir hef ég samt talið rétt að láta þetta koma hér fram, þannig að fram gætu farið umr. um það og ef til vill athugun á því, hvort ástæða væri til þess að koma á fót nú eða síðar slíkri stofnun sem þessari.

Ég skal reyna að verða ekki allt of langorður um þessar brtt., þó að þær séu nokkuð

viðtækar, en drepa aðeins á helztu atriði, sem þessari stofnun væri ætlað að hafa með höndum. Það er þá fyrst og fremst, að henni er ætlað að starfrækja teiknistofu, að svo miklu leyti sem hægt væri að koma við, og gerðar þar teikningar að þeim byggingum, sem reistar væru með þeirri opinberu aðstoð, sem frv. gerir ráð fyrir, og að þessar teikningar yrðu látnar í té byggingarfélögum og öðrum aðilum, sem að þessum byggingum stæðu, ókeypis og jafnframt því yrði gert að skilyrði fyrir aðstoð samkv. 1., að ef þessi teiknistofa Byggingarstofnunar ríkisins hefði ekki gert teikningarnar, þá yrði hún í það minnsta að samþ. þær, áður en lán yrði veitt eða ríkisábyrgð fyrir láni. Þetta ákvæði er hugsað til þess að gera byggingarnar bæði samræmdar og til þess að tryggja, að þær væru á allan hátt sem bezt úr garði gerðar, því að þessi stofnun ætti, eins og segir í 2. gr., að kynna sér allar tæknilegar nýjungar á sviði byggingarmála og gera tilraunir um notagildi þeirra nýjunga, sem hún kæmist á snoðir um, t. d. erlendis frá, með tilliti til íslenzkra staðhátta, og síðan veita fræðslu um þau efni, eftir því sem kostur væri á. Þetta hvort tveggja, teikningarnar og þessi upplýsingastarfsemi, sem þessi stofnun hefði þá með höndum, ætti að miða að því að gera byggingarnar sem mest samræmdar, að vísu ekki allar í sama mót, en að þar verði samræmt sem bezt það, sem tilraunir hafa sýnt bæði hér og erlendis, að gefizt hefur vel, og samræma það við íslenzka staðhætti.

Þá er einnig í þessum kafla um framkvæmd bygginganna og gert ráð fyrir, að þessi stofnun taki beinlínis að sér framkvæmd bygginganna fyrir byggingarfélög og bæjarfélög og aðra aðila, sem nefndir eru í frv. og veitt hefur verið lán eða ríkisábyrgð samkv. 1. þessum. Og enn fremur, ef skilyrði væru fyrir hendi, væri henni leyfilegt að taka að sér aðrar þær byggingar, sem á döfinni væru á hverjum tíma.

Það er náttúrlega augljóst mál, að þetta væri geysilegt verkefni fyrir eina stofnun, og yrði það umfangsmikið í framkvæmdinni. En ef slík stofnun væri á annað borð komin á laggirnar og hefði skilyrði til þess að hagnýta sér alla þá beztu tækni, sem fyrir hendi væri á hverjum tíma, og framkvæmdi í miklu stærri stíl og með samfélagslegum aðgerðum á stórum svæðum og enda fyrir landið allt, þá ættu að vera möguleikar til þess að gera byggingarnar ekki aðeins vandaðri, heldur einnig framkvæma það með minni tilkostnaði en þegar einn og einn einstaklingur er að byggja fyrir sig sitt hús, og jafnvel þó að byggingarfélög séu á smærri stöðum, sem eru að byggja út af fyrir sig og verða að fá til þess lán, að svo miklu leyti sem kostur er, en eru þó, a. m. k. þegar einstaklingar eiga hlut að máli, of smáir og smærri en slík stofnun hefði óskað að vera.

Í 4. lagi er þessari stofnun ætlað að hafa íhlutun um ráðstöfun byggingarefnis, meðan það ástand er, að skortur er á byggingarefni og e. t. v. skortur á vinnuafli til byggingarstarfseminnar. Þá er ætlazt til þess að setja þessar hömlur á notkun byggingarefnis, og er þessari stofnun einnig ætlað að hafa á hendi úthlutun innflutningsleyfa og ákvörðun um það, til hvaða bygginga væri notað það byggingarefni, sem flutt er inn á hverjum tíma. Og til undirbúnings þessu er ætlazt til þess, að Byggingarstofnun ríkisins annist skýrslusöfnun í félagi við nýbyggingarráð um það, hverra bygginga væri óskað á hverjum tíma, bæði að því er snertir íbúðabyggingar og einnig aðra byggingarþörf landsmanna, og að á grundvelli þeirrar skýrslusöfnunar væri framkvæmd sú úthlutun á byggingarefni, sem talin væri nauðsynleg vegna hins takmarkaða innflutnings. Enn fremur heyrði það undir þessa stofnun, í umboði ríkisvaldsins að sjálfsögðu, ef svo mikill hörgull væri á byggingarefni, að talið væri nauðsynlegt að stöðva einhverjar byggingar, sem taldar væru minna nauðsynlegar, og að setja sömuleiðis takmarkanir fyrir því, þegar skortur er á byggingarefni, að ekki væru byggðar óhóflega stórar íbúðir, heldur yrðu hinar minni íbúðir látnar sitja fyrir, og þá helzt fyrir húsnæðislaust fólk, sem engar óhóflegar íbúðir ætti.

Og í 5. lagi er svo einnig gert ráð fyrir því, að Byggingarstofnun ríkisins taki beinlínis að sér innkaup byggingarefnis og útvegun, bæði í þær byggingar, sem hún hefði með að gera sjálf, og til annarra.

Þetta eru aðalatriðin í þeim verksviðum, sem Byggingarstofnun ríkisins er ætlað að hafa samkvæmt þessari breyt. Ég hirði ekki um að fara að rekja frekar ýmis minni atriði og önnur ákvæði, sem þýðingu hafa í sambandi við þetta, en ég mundi gera það að sjálfsögðu síðar, ef umr. yrðu um það að setja slíka stofnun á fót. Eins og ég tók fram þegar í upphafi, mun ég, hvaða örlög sem þessar brtt. mínar fá, eftir sem áður fylgja meginefni frv., því að þótt ég telji þær ráðstafanir, sem ráðgerðar eru, ekki ganga nógu langt og ekki vera nógu róttækar og ekki tryggja nógu vel, að þær verði framkvæmdar með tilliti til þess að útrýma húsnæðisleysi, sem fólk á við að búa, þá tel ég þær umbætur, sem í frv. felast, það veigamiklar, að það sé vel þess vert og sjálfsagt að fylgja þeim fram.

Hermann Jónasson: Þær brtt., sem hér eru komnar á borðin, þarf ég ekki að verja nema örfáum orðum um, vegna þess að þær eru í aðalatriðum efnislega kunnar hv. d. áður.

Það, sem ég bar fram í n., var það, að það frv., sem ég hafði flutt um sama efni, yrði lagt til grundvallar, en það fékkst ekki samþykkt. Ég hef lýst því yfir hér við 1. umr. þessa máls og bent á það, að mér þykir sá munur, sem gerður er á fríðindum, sem einstaklingar fá samkv. I. kafla þessa frv. og II. kafla, allt of mikill. Enda er það nú komið í ljós, að hv. 4. landsk. flutti einmitt brtt. við II. kafla frv. til þess að gera þessi fríðindi, sem samvinnufélög annarra en verkamanna hafa, einhvers virði, ef svo mætti segja, í það minnsta meiri en þau eru samkv. II. kafla frv., sem hér liggur fyrir, þar sem fríðindin eru ekki önnur en þau, að þeir menn, sem í þeim félögum eru, fá ríkisábyrgð fyrir lánum allt að 80%.

Mér þykir þessi munur, eins og ég hef tekið

fram, nokkuð mikill, og eins og hv. 4. landsk. hefur einnig bent á hann og telur, að nauðsyn sé að ráða bót á, svo gífurlegur, að ég tel hann ekki ná neinni átt. Ég viðurkenni að vísu, að það hefur orðið að setja einhvers staðar takmörkin, en að láta það ráða, hvort maður hefur 7 þús. kr. tekjur í það minnsta 3 síðustu árin, að viðlagðri visitölu, og á þeim tíma, sem hann þarf að byggja, að viðbættum 1000 kr. fyrir hvern ómaga, og ekki yfir 10 þús. kr. eignir, að láta þetta ráða því, hvort hann fær þau fríðindi, sem ræðir um í I. kafla, finnst mér ekki sanngjarnt. Þeir, sem hafa einni kr. meira en 7 þús. kr. tekjur eða einni kr. meira en 10 þús. kr. eignir og hafa ekki orðið svo lánsamir að eignast börn, þeir eru réttlausir samkv. I. kafla frv.

Ég skal viðurkenna, að einhvers staðar varð að setja takmörkin, en að láta muninn vera svona mikinn eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., tel ég, að ekki sé sanngjarnt og að það hefði verið miklu sanngjarnara að haga þessum málum eins og gert er í því frv., sem ég flutti, þar sem er verulegur stigmunur, en ekki eins mikill og gert er hér ráð fyrir. Ég flyt þess vegna brtt. við I. og II. kafla frv., þar sem eru í aðalatriðum tekin upp þau ákvæði, sem voru í frv., sem ég flutti, og sniðin eru eftir þeirri reynslu, sem fengin er bezt á Norðurlöndum um þessi mál, og þar sem horfið er frá því kerfi, sem tekið er upp í það frv., sem nú liggur fyrir frá ríkisstj.

Ég vil svo leyfa mér að gera að till. minni, að III. kaflinn, um íbúðarhúsabyggingar sveitarfélaga, verði algerlega felldur niður, en IV. kafli verði svipaður og gert er ráð fyrir í brtt n., síðan komi kafli, ef minar brtt. verða samþ., undir fyrirsögninni „Ýmis ákvæði," og þar er svo fyrir mælt, að ef ekkert byggingarfélag er í kaupstað eða kauptúni eða ef byggingarfélag fullnægir ekki húsnæðisþörfinni, þá er sveitar- eða bæjarstj. heimilt að ákveða, að sveitar- eða bæjarfélagið skuli sjá um að koma upp íbúðarhúsabyggingum og hafa þá sama rétt og byggingarfélög. Og ég sé ekki, að nein þörf sé á því, ef byggingarfélög fullnægja húsnæðisþörf með byggingum sínum, að setja upp það bákn, sem gert er ráð fyrir að setja upp samkv. III. kafla frv. Það er á allan hátt að mér finnst eðlilegt, að sveitarfélögin og bæjarfélögin geti þá gengið inn í þann rétt, sem byggingarfélögin annars hafa samkv. ákvæðum þessa frv., og það á algerlega að vera fullnægjandi. Síðan er ákvæði um það í minni brtt., að ef mjög fáir einstaklingar búa í þorpi eða byggðarhverfi, en svo fáir, að þeir geta ekki stofnað til félagsskapar með þeirri lágmarkstölu, sem gert er ráð fyrir í frv., þá fá þeir rétt með sérstökum hætti, sem ákveðið er í 12. gr., til þess að njóta þeirra hlunninda, sem ræðir um í lögunum.

Að öðru leyti eru svo niðurlagsákvæði frv. svipuð því frv., sem ég flutti hér, og þó tekin upp ákvæði, sem mér þóttu miður fara í frv., sem dómsmrh. flutti. Ég geri ráð fyrir, þegar greidd verða atkv. um till., þá sé alveg sýnt, hvora leiðina hv. d. vill fara í þessu máli, og mundi það þá leiða af sjálfu sér, ef svo færi, að þessar brtt. næðu ekki samþykki hv. d., að einn hluti brtt. minna kæmi þá ekki undir atkv., því að það er ekki hægt að ganga frá frv. á þann hátt, sem ég legg til í brtt. mínum, nema með því móti, að þær verði samþ. í aðalatriðum í heild. En það er nú komið í ljós, ef svo færi, að mínar brtt. yrðu felldar, að það er alveg frágangssök að samþ. frv. eins og það liggur fyrir frá n., þó að ég sjái mér ekki fært að ganga inn á brtt. hv. 4. landsk.

Það verður að gera einhverja breyt. á frv. við 3. umr., sem lagar það í það horf, sem ég hef bent á. Og það má jafnframt benda á það, að það er enn þá tilfinnanlegra þetta réttleysi þeirra manna, sem eru í samvinnufélögunum, ef þeir uppfylla ekki þau skilyrði, sem gert er ráð fyrir til þess að fá þessi réttindi samkv. I. kafla frv. En samkv. I. kafla þess er mönnum beinlínis boðið upp á lántöku til húsbygginga, eftir því sem ég bezt veit. Og það er mjög vafasamt, hvort við höfum það mikið peningamagn, að það sé hægt að lána til 75 ára. Og ég tel ákaflega vafasamt, að það sé heppilegt fyrir þá, sem húsin byggja, að taka lengra lán en til 42 ára, sem verið hefur sá lengsti lánstími til bygginga og annars. Og ég álít, að það mætti alveg að skaðlausu stytta lánstímann, og það mundi einstaklingum allt að því eins hagkvæmt, þó að segja megi, að langur lánstími sé til léttis fyrir þá, sem í byggingar vilja ráðast. En það er þá því aðeins rétt að veita slíkan rétt, að það standi ekki í vegi fyrir því, að aðrir fái nokkurn rétt. Ég álít þess vegna sanngjarnt að stytta lánstímann samkv. I. kafla, en bæta kjörin samkv. II. kafla, og á þann hátt hygg ég, að muni verða farið að við 3. umr. þessa máls, þó að ekki næðist samkomulag um það í n. að breyta þessu í þessa átt við þessa umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að láta fleiri orð falla um þessar brtt. mínar.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Ed., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 183, n. 669, 668, 670, 679, 692).

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég get verið ánægður yfir því, að hv. heilbr.- og félmn. eða meiri hluti hennar hefur lýst því yfir, að hún muni fylgja þessu frv. fram hér í hv. d., með breyt., sem n. hefur öll lagt til, að gerðar verði á frv., jafnvel þótt svo kunni að fara, að brtt., sem einstakir nm. flytja, nái ekki fram að ganga. Mér skilst, að þessi afstaða sé sameiginleg með nm., að undanteknum hv. þm. Str., sem ég heyrði ekki betur en lýsti því yfir hér í d. í gær, að hann mundi greiða atkv. móti frv., ef hans brtt. næðu ekki samþykki. Af þeim brtt., sem nm. hafa lagt til, skal ég ekki gera neina sérstaklega að umtalsefni. Þó að ég telji að vísu, að ýmsar þeirra gætu verið til bóta, þá eru þó nokkrar, sem ég tel heldur til spillis á frv., án þess þó að gerbreyta því þannig, að það mundi þó ekki ná að miklu leyti tilgangi sínum, ef það næði fram að ganga.

Mér heyrðist, að hv. 6. þm. Reykv. væri mjög á móti till., sem hefur verið tekin upp um heimild handa sjóðsstjórninni til þess að lána milli deilda, en sú till. er tekin upp beinlínis eftir tilmælum núverandi sjóðsstjórnar, og ég

held, að það sé svo mikil eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum og notkun hans yfir höfuð, að varla komi til mála annað en að flestir þeir, sem eiga eitthvað í sjóðnum, reyni að nota sér heimildina til þess að byggja, svo framarlega sem lán fæst og byggingarefni, þannig að ótti hv. 6. þm. Reykv. við þessi ákvæði virðist í rauninni alveg ástæðulaus, megi treysta sjóðsstjórninni til þess að misbeita ekki ákv. á nokkurn hátt. Við hv. 6. þm. Reykv. erum mjög sammála um ákvæðin í III. kafla frv., þ. e. a. s., við erum mjög sammála um það, að gera beri sérstakar ráðstafanir af ríkisins hálfu til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. En hins vegar heldur hv. 6. þm. Reykv. því fram, að till. þær, sem í frv. eru, séu mjög óhagkvæmar fyrir ríkissjóð, en aðrar till., sem hann hefur flutt, miklu hagkvæmari fyrir ríkið. Ég held því hins vegar fram, að þær till., sem í frv. eru, ásamt brtt. meiri hl. n., séu miklu hagkvæmari fyrir ríkissjóð, þannig að þær miði ekki einungis við þá staði, þar sem fólksfjölgun hefur orðið jafnvel *með óeðlilegum hætti*, heldur ættu þær einnig að ná til alls landsins. Ég vil ekki deila um þetta við hv. 6. þm. Reykv. Við höfum þar hvor sína skoðun, og ég tel óhugsandi, að við sannfærum hvor annan. Mér þykir vænt um, að hv. 6. þm. Reykv. hefur fallið frá þeirri kröfu sinni að kljúfa þetta frv. í sundur í 4 frv., og held ég, að það muni mjög verða til þess að flýta framgangi málsins, enda er þess beðið víða á landinu með mikilli óþreyju, að þetta mál fái afgreiðslu.

Út af brtt. hv. 4. landsk. vil ég segja það, að ég tel, að þær séu að ýmsu leyti þess eðlis, að vert væri að athuga þær mjög gaumgæfilega, *sérstaklega till. hans um að búa til stofnun*, er nefnist Byggingarstofnun ríkisins, og till. hans um fjárútvegun. Ég vildi þó segja um till. um Byggingarstofnun ríkisins, að hún er að mestu leyti algert nýmæli. Og eftir þeim yfirlýsingum, sem hv. 6. þm. Reykv. gaf í gær, þá virðist mér, að allar þeirra till. gætu e. t. v. stofnað þessu frv. í hættu, svo að það næði ekki fram að ganga á Alþ. í þeirri mynd, sem meiri hl. n. hefur lýst yfir, að hann mundi fylgja því fram, jafnvel að fella brtt. einstakra nefndarmanna. Það eitt út af fyrir sig teldi ég það mikinn skaða, að ég get ekki mælt með till. hv. 4. landsk., þó að ég sé *þeim í rauninni* að *ýmsu* leyti samþykkur. Annað atriði er það, að till. hans um fjárútvegun er einnig þess eðlis, að það væri mjög nauðsynlegt að taka hana til athugunar, og yfirleitt þarf að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að útvega byggingarsjóðnum fé, ef ekki má gera það með samkomulagi milli ríkisstj. og bankanna, sem ég tel ekki útilokað, að mætti gera. Till. hans um að búa til sérstaka teiknistofu, sem hafi uppdrætti með höndum og eftirlit með húsbyggingum, gæti ég í rauninni mælt með, þó að ég hins vegar hafi ákaflega litla trú á því, að hún komi að notum á þessum tíma, af þeim ástæðum að ég tel ekki möguleika á því að fá starfsfólk til slíkrar stofnunar, og segi ég það af þeirri reynslu, sem ég hef fengið af því að útvega húsameistara ríkisins starfskrafta. Ég hef hvað eftir annað á þessu og liðnu ári gefið húsameistara ríkisins heimild til þess að ráða húsameistara í skrifstofuna til viðbótar, og niðurstaðan af því hefur orðið sú, að einn húsameistari hefur fengizt til viðbótar í skrifstofuna og enn fremur einnig húsateiknari. Þá hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að leysa húsameistara, sem er starfandi í skrifstofunni, undan ýmsum störfum, sem hann hafði áður, svo að hann gæti gefið sig meira að frumuppdrætti og öðru slíku. En allar tilraunir til þess að fá aukið starfslið til handa húsameistara ríkisins hafa brugðizt, og hefur þó húsameistari ríkisins fengið heimild til þess að ráða sér erlenda aðstoðarmenn, ef ekki væri völ á innlendum. En allar þjóðir eru í mestu húsnæðisvandræðum og alls staðar er ráðgert að byggja upp, og af þeim ástæðum er ekki hægt að fá neina húsameistara til starfa aðra en þá, sem nú þegar eru starfandi í landinu. Og í rauninni eru laun þau, sem húsameisturunum hafa verið ákveðin í launal. hjá því opinbera, það lægri en húsameistara, sem vinna hjá einstökum mönnum, að þegar af þeim ástæðum væri ekki hægt að fá neina húsameistara í opinbera þjónustu. Mér virðast þær brtt., sem meiri hl. n. hefur gert við IV. kafla, orka mjög tvímælis, þar sem gert er ráð fyrir því, að í stað þess að sett séu lagaákvæði um skiptingu byggingarefnis og sérstök n. skipuð til þess, þá sé allt slíkt lagt í hendur viðskiptaráðs og ríkisstj., en hitt allt reglugerðarákvæði, sem annars var gert ráð fyrir, að yrði skipað með lögum. Ég tel þessa breyt. mjög til hins verra, þótt að vísu megi segja, að með sæmilega árvakri ríkisstj. og viðskiptaráði geti þetta komið í sama stað niður, sem ég þó efast um, að verði. Það er augljóst, að nú á næstu árum verður mikill skortur á byggingarefni alls staðar í veröldinni. Jafnhliða og eitthvað raknar úr um samgöngur í Mið-Evrópu, hlýtur eftirspurnin eftir byggingarefni að vaxa mjög stórkostlega, auk þess sem það er vitað, að meðan á stríðinu stóð, hefur ekki verið byggt yfir þá fólksfjölgun, sem orðið hefur, jafnvel í hlutlausum löndum. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt að gera þegar í stað ráðstafanir til þess að flokka niður byggingar, þannig að íbúðarhúsabyggingar og byggingar fyrir framleiðsluna sjálfa verði látnar ganga fyrir öllu öðru, en aðrar byggingar, svo sem stóríbúðir einstakra manna og byggingar, sem að skaðlausu mega bíða, verði látnar sitja á hakanum. Það má ef til vill segja, að það sé hægt að gera það með brtt., sem liggur fyrir frá meiri hl. n. En ég tel, að ákvæði þau, sem nú eru í frv., séu meira tæmandi og taki af allan vafa í þessu efni, þó að hins vegar, vegna nauðsynjar um það að fá þetta frv. afgr. sem allra fyrst, ef til vill væri hægt að sætta sig við till. meiri hl. n., ef þær næðu samþykki.

Ég skal svo ekki tefja þessa umr. frekar. Ég vænti þess, að henni geti orðið lokið í dag, þó að ekki sé hægt að ganga til atkv. vegna þess hvað margir þm. eru fjarstaddir, og með því að mjög er áliðið þann tíma, sem ætlazt er til, að þing standi, og almennt er beðið eftir því um allt land, að frv. fái afgreiðslu, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann flýti afgreiðslu þess hér í d. eftir því sem hann telur fært. Ég

sé af nál., að frv. með nokkrum breyt. er tryggður framgangur, og ég get ítrekað ánægju mína yfir því, þó að mér séu það hins vegar nokkur vonbrigði, að hv. þm. Str. hefur lýst yfir, að hann muni greiða atkv. á móti frv., ef hans till. ná ekki fram að ganga. Hann er ekki hér viðstaddur, og ég skal því ekki fara að ræða hans till. að einu eða neinu leyti, en aðeins geta þess, að mér þótti nokkuð undarleg sú mótbára, sem hann hafði gegn frv., sem var á þá leið, að það væri gerður allt of mikill mismunur á réttindum borgaranna með því, þannig að þeim, sem byggðu verkamannabústaði eftir I. kafla frv., væri gert miklu hærra undir höfði en hinum, sem byggðu samkv. samvinnubyggingal. eða II. kafla frv. Nú er þessi mismunur nokkurn veginn sá sami í frv. og hann er í núgildandi löggjöf, og mér kemur þetta undarlega fyrir sjónir m. a. vegna þess, að ég held, að hv. þm. Str. hafi staðið að hvorri tveggja þessari löggjöf, bæði um verkamannabústaðina og samvinnubyggingarnar, og sú löggjöf hafi verið sett í hans stjórnartíð og með hans fullu samþykki. Það hefur þess vegna ekki gerzt annað í þessum efnum en að haldið hefur verið þeim mismun, sem gerður hafði verið með þessum tvennum byggingarl., honum er haldið í frv., og ég tel hann mjög eðlilegan. Það má segja, að frv. miði að því að létta undir með þrem flokkum manna til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Í einum flokknum eru þeir, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og hafa, eftir að athugun hefur farið fram, ekki möguleika að koma upp þaki yfir höfuðið. Í öðrum flokknum eru svo nokkuð betur staddir verkamenn, sem gera má ráð fyrir, ef þeir ekki fá sérstaka aðstoð frá ríkinu, að gangi illa að útvega sér húsnæði. Í þriðja flokknum eru svo betur stæðir millistéttarmenn, sem mundu geta lagt talsvert fram til íbúðarhússbyggingar, en þó er talið, að þurfi einhverja aðstoð ríkisins. Mismunurinn, sem á þessu er gerður, er ekki annar en sá allra eðlilegasti, að það er gert ráð fyrir því, að ríkið og bæjarfélögin veiti þeim fátækustu mesta aðstoð, þeim, sem ekki eru eins bláfátækir, nokkru minni aðstoð og þeim, sem helzt geta eitthvað af mörkum lagt, án þess þó að vera einfærir án aðstoðar ríkisins að koma sér upp húsi, sé veitt minnst aðstoð. Ég tel þessa skiptingu mjög eðlilega og í rauninni sjálfsagða, og ég fæ ekki skilið, hvers vegna hv. þm. Str. notar þessa skiptingu til þess að lýsa því yfir, að hann muni verða á móti frv., ef hún verður samþ. hér í d.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið. Ég vænti þess, að umr. geti orðið lokið á þessum degi og frv. komi svo til Nd. þegar að lokinni 3. umr., sem ég treysti hæstv. forseta til að láta fara fram sem allra fyrst.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um málið með því að bæta miklu við það, sem hæstv. félmrh. sagði nú í ræðu sinni. Að vísu eru nokkur einstök atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem hann flutti í sambandi við sínar brtt., sem ég hafði talið rétt að svara, en ég get látið það niður falla, því að höfuðatriðið er, að hv. þm. hefur lýst því yfir, að hann muni greiða atkv. með frv., þó að till. hans nái ekki fram að ganga. Um meginefni brtt. á þskj. 679 vil ég segja það, að mér finnst það hvort tveggja, bæði um fjáröflun byggingarsamvinnufélaga og Byggingarstofnunina, atriði til athugunar. En eins og málið liggur fyrir og þingstörfum er háttað, held ég það yrði til þess að stofna málinu í hættu, ef farið yrði að gera á því breyt., enda yrði þá að athuga þær till. miklu betur.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til að tala mikið fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt á þskj. 679, vegna þess að ekki hafa orðið miklar umr. um þær og það, sem á þær hefur verið minnzt, hefur verið á þann veg, að í rauninni hefur verið tekið undir till., þ. e. a. s., efni þeirra talið þess eðlis, að ástæða væri til að veita því athygli, en hins vegar talin nokkur hætta á því, að það mundi verða til þess að tefja eða kannske hindra framgang frv. nú á þessu þingi, ef þær yrðu teknar inn í það. Hæstv. félmrh. lét orð falla um það, að till. mín um Byggingarstofnun ríkisins væri nýmæli, sem væri mjög athugavert, og mér skildist hann telja sig að ýmsu leyti mjög samþykkan henni, en aðeins þetta stæði í veginum, að hann óttaðist það, eftir þau ummæli, sem fallið hafa hér í d. í sambandi við þetta mál, að það mundi verða til þess, að andstaða myndaðist gegn framgangi frv., og mundi þess vegna ekki treysta sér til þess að mæla með þessari till. nú á þessu stigi málsins. Það er vafalaust rétt, og ég varð þess einnig sérstaklega var í heilbr.- og félmn., þegar hún fjallaði um þetta mál, að nm. voru ekki við því búnir að ganga inn á þessa till. eins og sakir standa nú, og ég geri ráð fyrir, eftir þeim ummælum, sem hér hafa fallið, sem hafa farið á sömu leið, að þessi till. nái ekki samþykki þingsins nú að þessu sinni. Hins vegar þykir mér vel farið að heyra þau ummæli, sem hér hafa fallið, að hv. þd. og sá hæstv. ráðh., sem hér hefur tekið þátt í umr., virðist fús til þess að taka þetta mál til athugunar. Verður þá tækifæri til þess, þótt síðar verði, að ná samkomulagi um það að mynda slíka stofnun og koma þar með byggingarmálunum í landinu í ákveðið form, sem vafalaust gæti orðið til þess, ekki aðeins að greiða fyrir því, að íbúðarhúsabyggingar sérstaklega yrðu meiri og þannig leyst úr húsnæðisvandræðunum fyrr en ella, heldur einnig mundi verða til þess að gera þessar íbúðarhúsabyggingar ódýrari og létta þar með undir með mönnum að eignast þak yfir höfuðið.

Um hina aðaltill. mína varðandi það að tryggja betur en með frv. nauðsynlegt fé til þeirrar lánastarfsemi, sem frv. gerir ráð fyrir til íbúðarhúsbygginga, þá skilst mér einnig, að hæstv. félmrh. telji það nauðsynlegt og byggist við því, að það mundi verða mjög bráðlega að gera frekari ráðstafanir en í frv. felast til þess að tryggja þessa hlið málsins, svo að verulegar framkvæmdir yrðu í byggingarmálum á grundvelli þessara laga. Mér þykir einnig vænt um að heyra það, og vildi þá a. m. k. vonast til þess, þótt ekki verði samþ. till. mín, sem hér liggur fyrir um að tryggja betur fjárútvegun til sam-

vinnubygginga, að þá mundi hæstv. félmrh. og flokksmenn hans vera til viðræðna um frv. það, sem nú liggur fyrir Nd. um það að tryggja fjárútvegun eða tryggja það, að þau lán fáist til verkamannabústaða, sem nauðsynleg eru til þess að verulega auknar framkvæmdir verði í þeim byggingarmálum. Um aðrar till., sem ég hef flutt hér, hefur ekki verið rætt, og umr. hér hafa orðið miklu minni um þetta mál en ég hefði haldið ástæðu til og minni en oft hafa orðið um mál, sem ekki eru þó jafnþýðingarmikil og það, sem nú er til meðferðar. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. félmrh. um afstöðu hans til 2. brtt. minnar á þskj. 679, þ. e. a. s. varðandi það, að sett sé inn í frv. sérákvæði fyrir Reykjavík varðandi tölu byggingarfélaga. Í frv. er gert ráð fyrir, að lána megi aðeins til eins byggingarfélags á sama stað, og ég hef ekki séð ástæðu til að flytja brtt. um, að það gildi sem meginregla. En í brtt. minni felst, að hér í Reykjavík séu sett um þetta sérákvæði, bæði vegna þess, hvað Reykjavík er fjölmennari en allir aðrir staðir hér á landi, sem til greina koma, og þá einnig vegna hins, að hér í bænum eru þegar til tvö byggingarfélög, og ég vildi mega vænta þess, að þegar nú er verið að gera breyt. á l. um verkamannabústaði, sem á að verða til þess að auka mjög byggingarstarfsemi þessa félags, þá sé því byggingarfélagi, sem rutt hefur brautina hér í Reykjavík í þessum efnum og sennilega byggt fleiri íbúðir en nokkurt annað félag, sem að þessu starfar, gefið tækifæri til þess að halda starfsemi sinni áfram. Því að vafalaust mundi það verða til þess, að meiri framkvæmdir yrðu á grundvelli þessara l., ef það félag fengi einnig tækifæri til þess að starfa, heldur en annars, og ég vil vænta þess, að aðaltilgangur frv. sé að örva þessa byggingarstarfsemi sem mest. — Ég vildi svo, af því að ég hef minnzt á þessa till., óska eftir því að fá að heyra afstöðu hæstv. félmrh. til þessa atriðis.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi út af því, sem hv. 4. landsk. þm. sagði viðvíkjandi Byggingarstofnuninni, ítreka það, að ég tel, að sú till. sé að mörgu leyti mjög athugandi, þótt hins vegar verði ekki hægt að koma henni fram í því formi, sem hún liggur fyrir frá tillögumanni, að þessu sinni. Hins vegar er eflaust ekkert því til fyrirstöðu, að félögin geti að einhverju leyti, ef til vill með frjálsum samtökum, án þess að lagastafur sé þar fyrir, komið sér upp vísi að slíkri stofnun, þrátt fyrir það að ekki sé svo fyrir mælt í lögum.

Viðvíkjandi fjárútvegun, þá vildi ég vera mjög til viðtals í sambandi við frv., sem hefur verið lagt fram í Nd. í því efni af flokksmönnum hv. 4. landsk. þm. Ef til vill væri hægt að ná einhverju af því, sem ætlazt er til með því frv., með samningum, en ef það er ekki, getur vel komið til álita að setja um það einhverja slíka löggjöf. Út af brtt. 679,2 skal ég segja það, að ég hef ekki tekið afstöðu til þeirrar brtt., en mun fyrir 3. umr. vera til viðtals við hv. 4. landsk. þm. um afgreiðslu hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 101. fundi í Ed., 8. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 692,1 felld með 9:4 atkv.
— 692,2—6 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 670,1 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 679,1 felld með 10:4 atkv.
— 670,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 679,2 tekin aftur til 3. umr.
— 670,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr. samþ með 11 shlj. atkv.
Brtt. 679,3 tekin aftur til 3. umr.
— 670,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 670,5 samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 668,1 felld með 10:5 atkv.
— 670,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 670,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 670,8 (12. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 670,9 (ný 14. gr., verður 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 670,10 samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 670,11.a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 670,11.b samþ. án atkvgr.
— 679,4 felld með 9:3 atkv.
16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 679,5 tekin aftur.
— 670,12 (17. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
18.—19. gr. (verða 16.—17. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 670,13 samþ. án atkvgr.
20. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 670,14.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 670,14.b samþ. án atkvgr.
22. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 670,15 samþ. með 13 shlj. atkv.
23. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
24.—28. gr. (verða 22.—26. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 668,2 felld með 9:4 atkv.
29. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 668,3 felld með 9:5 atkv.
— 670,16 samþ. með 12 shlj. atkv.
30. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 668,4—11 teknar aftur.
— 670,17 (ný 31. gr., verður 29. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 670,18 (ný 32. gr., verður 30. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 670,19 (ný 33. gr., verður 31. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 670,20 samþ. með 11 shlj. atkv.
34. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 670,21 samþ. með 11 shlj. atkv.
35. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 670,22 samþ. með 10 shlj. atkv.
36. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
37.—39. gr. (verða 35.—37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 679,6 felld með 9:3 atkv.
— 670,23 (ný gr. í stað 40.—44. gr., verður 38. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
— 670,24 samþ. með 11 shlj. atkv.
45. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 670,25 samþ. með 11 shlj. atkv.
46. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 670,26 (ný 47. gr., verður 41. gr.) samþ. með — 9:2 atkv.
48. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 670,27 (ný 49. gr., verður 43. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 670,28 (bráðabirgðaákv. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 670,29 (ný fyrirsögn IV. kafla) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 670,30 samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 11 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 720, 679,2—3, 731).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Eins og ég drap á við 2. umr., þá voru ýmis atriði, sem n. þótti ástæða til að athuga betur. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti gæti frestað málinu þar til síðar á fundinum og ég gæti kvatt saman nm. til að bera mig saman við þá.

Forseti (StgrA): Ég mundi gjarnan vilja verða við því, og er þá bezt að taka það hlé nú, en það er bara, hvort hægt er að ákveða nokkurn tíma. (*HG:* 15 mínútur er nóg). Þá er fundi frestað í 15 mínútur, þar til 20 mínútur yfir 2, en ég óska, að hv. þm. mæti þá aftur, því að það liggja fyrir tvö mál hér til afgreiðslu. [Fundi frestað um stund.]

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Nefndin hefur komið saman og athugað einstök atriði frv. og brtt., að vísu voru ekki nema 3 nefndarmenn mættir. Nefndin hefur ekki viljað mæla með brtt. frá 4. landsk. og ekki heldur með brtt. frá 9. landsk. En samkomulag náðist um eftirtaldar brtt. Í fyrsta lagi brtt. við 16. gr. frv., að í stað 80% komi 75%. Þessi brtt. er flutt eftir ósk hæstv. fjmrh., og hefur meiri hl. nefndarinnar fallizt á að bera hana fram. Önnur breyt., sem nefndin leggur til, að gerð verði, er við 31. gr. Það er í rauninni ekki efnisbreyting, heldur aðeins formsatriði. Ástæðan fyrir breytingunni er sú, að það þykir óviðeigandi, að sveitarstjórn leggi fram lán til að byggja hús, sem hún er í rauninni eigandi að. — Loks leggur nefndin til, að aftan við frv. komi, að stjórn verði skipuð til ársloka 1949, þótti hentugra að miða við áramót.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 764 og 765) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er, að ég sendi nefndinni brtt. við 4. gr. frv., en um hana gat ekki orðið samkomulag. Eins og sjá má í 4. gr. frv., þá er gert ráð fyrir, að greiddir verði 2% vextir af lánum, sem eru til 42, 60 eða 75 ára. Þetta er mjög mikil breyting frá því, sem nú er, því að vextir munu nú vera 4% til 42 ára. Það er því sjáanlegt, að mikið ósamræmi skapast milli þeirra, sem hafa fengið lán, og þeirra, sem nú fá lán með þessum kjörum.

Á árinu 1942 var kostnaðarverð íbúðar, 4 herbergja, um 40 þús. kr. 1943 voru reist 7 hús, alls 28 íbúðir, þá var kostnaðarverð íbúðar 60 þús. kr. Nú verða íbúðir dýrari, en afborganir lægri. Það er ósamræmi, sem ekki er sanngjarnt. Ég hef borið fram till. um að láta þessi ákvæði ná til 1. jan 1943. Og er ætlunin með því að jafna þann mismun, sem skapazt hefur, og vænti ég, að deildin geti fallizt á það.

Steingrímur Aðalsteinsson: Við 2. umr. tók ég aftur brtt. á þskj. 679, sem ég leyfi mér að taka nú upp aftur. Nefndin hefur ekki getað fallizt á brtt. mína við 4. gr., um að sett séu sérákvæði, að í Rvík megi tvö byggingarfélög verkamanna starfa. Ég rökstuddi þessa till. mína með því, að hér væri mun fjölmennara en annars staðar og sérdeilis að hér væru tvö byggingarfélög starfandi, og það félag, sem hér hefði rutt braut í byggingarmálum, mundi útilokað, ef till. yrði ekki samþ. Meðnm. mínir hafa ekki viljað samþ. þessa breyt., en ég mun samt leggja hana fram.

Önnur brtt. mín er við 6. gr. frv., um skipun stjórnar byggingarfélagsins. Slíka breytingu tel ég mjög til bóta og get ekki skilið, að hún hafi neina hættu í för með sér fyrir ríkisvaldið, því að það eru sameiginlegir hagsmunir, að fyrirkomulagið sé svo hagkvæmt sem kostur er á. Ég tel þetta eðlilegra og flyt því þessa brtt. — Loks hef ég flutt brtt. við 38. gr., þess efnis, að í stað viðskiptaráðs skuli nýbyggingarráð hafa ráðstöfunarvald um byggingarefni. Ég tel það eðlilegra, þar sem nýbyggingarráð hefur eftirlit með byggingum, að þetta vald sé í höndum þess, meðan slíkra ráðstafana er þörf. Þó að viðskiptaráð hafi með innflutninginn að gera, þá hefur það ekki eins góð skilyrði og nýbyggingarráð til að fylgjast með þörfum manna. Ef úthlutunin ætti að vera í höndum viðskiptaráðs, hefði það mjög aukna vinnu í för með sér, en

það hefur nú nóg að starfa og er vart á bætandi.

Ég mun svo eigi fjölyrða meir um þetta, en láta þessar tillögur ganga undir atkvæði.

Bjarni Benediktsson: Ég hef löngun til að vera með, að heimilað yrði, að fleiri en eitt byggingarfélag yrði á sama stað. En ég hef nú fallið frá því og treysti mér ekki til að vera með till. hv. 4. landsk. Heldur mundi ég leggja upp úr því, að frjáls samtök, sem spryttu upp, nytu þeirra hlunninda, sem lögin ákveða. Ég tel till. hv. þm. sneiða fram hjá meginkjarna málsins og gera sáralitla bót. Hún gerir þetta ekkert frjálsara en nú er.

Hér í Rvík hefur reynslan orðið sú, að félagsskapur, sem unnið hefur að þessu, hefur lagt sig fram við að rækja skyldur sínar vel, og hefur hann verið vinsæll, og mega menn vel við una. Við þetta bætist nú, að með þessum lögum eru félaginu veitt ýmis aukin réttindi frá því, sem nú er. Ég tel það ekki illa farið, meðan verið er að sjá, hverja raun þetta gefur, að láta þau félög, sem reynslu hafa, njóta forréttinda. Verkamannasamvinnubyggingafélög voru stríðsfyrirbrigði til að lina áhrifin af verðbólgu og hjálpa þeim, sem verst voru settir.

Ég tel óhjákvæmilegt, að fylgzt verði með, að vel sé á þessu máli haldið, og yfirlit væri mjög miklu erfiðara, ef félögin væru fleiri en eitt á sama stað. Ég held því eins og nú er ástatt, að rétt sé að hafa ekki nema eitt félag á hverjum stað. Ég mun áskilja mér rétt til að halda mér við þá skoðun, að félögin eigi að vera fleiri en eitt, en eins og nú er ástatt, að hafa þau eigi fleiri en eitt á hverjum stað, svo að betra sé um eftirlit.

Ég tel rétt og óhjákvæmilegt, að formaður verði kosinn af ríkisstjórninni.

Varðandi tillöguna um, að nýbyggingarráð skuli hafa með þetta að gera, en ekki viðskiptaráð, vil ég benda á það, að nýbyggingarráð er nú hlaðið störfum, og held ég, að ekki sé leggjandi á það meira í bili.

Breytingartillögum nefndarinnar er ég meðmæltur, tel ég þær vera til bóta. Sama get ég sagt um till. hv. 2. varaforseta, 9. landsk., og mun ég greiða henni atkv., ef hér er um heimild að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 679,2 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BrB, StgrA.

nei: GÍG, HG, IngP, MJ, PM, ÞÞ, BBen, GJ.

PHerm, BSt greiddu ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJ, LJóh, EE) fjarstaddir.

Brtt. 765 samþ. með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PM, BBen, GÍG, HG, ÁS.

nei: MJ, ÞÞ, GJ.

BSt, BrB, EE, IngP, StgrA greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, HermJ, JJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Ég treysti mér ekki til að greiða atkv. um skrifl. brtt., sem kemur á síðustu stundu.

Gísli Jónsson: Ég sé ekki, að þessi till. geti bætt úr húsnæðisvandræðunum. Ég tel það auk þess óverjandi að setja þetta inn í frv. á síðasta stigi málsins og segi því nei.

Brtt. 679,3 felld með 10:3 atkv.
— 764,1 samþ. með 11:2 atkv.
— 764,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 731 felld með 9:4 atkv.
— 764,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 766).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vil ekki tefja þetta mál að neinu leyti, en legg til, að því verði vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Sigurður Guðnason: Ég vil ekki tefja þetta mál, en vil þó benda nefndinni á, að í 4 gr. frv. er ákvæði þess efnis, að einungis eitt byggingarfélag megi vera í hverjum kaupstað eða kauptúni. Nú er það þó þannig, að hér í Reykjavík hafa verið starfandi tvö byggingarfélög, þ. e. byggingarfélag alþýðu og byggingarfélag verkamanna. Byggingarfélag alþýðu hefur byggt um 170 íbúðir, en nú verður þetta félag svipt rétti til lána úr byggingarsjóði samkv. frv. Ég vil vænta þess, að hv. n. taki þetta til athugunar og leitist við að bæta úr þeim misrétti, sem hér er gerður.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi aðeins minnast á nokkur atriði í þessu máli, áður en það fer til n. Það er að vísu dálítið erfitt að ræða frv. á sömu stundu og því er útbýtt. En það, sem ég vildi sérstaklega benda á, að þyrfti athugunar við, er það, hvort þess væri ekki þörf, um leið og slíkt frv. er samþ., að gera ráðstafanir til þess, að byggingar yrðu ódýrari en nú er. Húsaleigunefnd í Rvík metur íbúð í nýju húsi á 60 þús. krónur, tvö herbergi og eldhús, og á 90 þús. krónur 3 herbergi og eldhús. Það liggur í augum uppi, að það er ofvaxið flestum að búa í slíkum húsum. Nú er á það bent, að þetta verði viðráðanlegra fyrir þá, sem eru í byggingarfélögum, en aðalatriðið er það að gera byggingarnar ódýrari. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lána megi allt að 90% út á hús til 42—75 ára. Mér virðist óskyggilegt að leggja þær byrðar á komandi kynslóðir að byggja mikið af þessum dýru húsum. Ég er þeirrar skoðunar, að hægt sé að lækka byggingarkostnaðinn allverulega. Það mun satt vera, að einstakir menn og byggingarhlutafélög hafa safnað óhæfilegum gróða á þann hátt að byggja og selja hús undanfarin ár. Þess munu og dæmi, að teknar séu 10 þús. kr. fyrir að hafa eftirlit með smíði á einni íbúð. Ef byggingarfélögin hins vegar hefðu í sinni þjónustu fasta starfsmenn, sem litu yfir og aðstoðuðu einstak-

linga við byggingarnar, gæti það orðið miklu ódýrara. Ég veit til þess, að bankamenn hér í bæ, sem eiga von á tilbúnum húsum frá Svíþjóð, hafa ákveðið að vinna sjálfir að uppsetningu húsanna í frístundum sínum. Ég held, að þetta sé mjög til fyrirmyndar. Það er hollt fyrir þá, sem vinna t. d. í skrifstofum, að vinna sjálfir að því að koma sér upp húsi í tómstundum. Ég vildi nú beina því til hv. n., hvort hún sæi ekki ráð til þess að aðstoða slíka menn, sem vilja reisa sér hús sjálfir. Ég hef veitt því athygli, að í 18. gr., c-lið, í frv. um byggingarsamvinnufélög er gert ráð fyrir því, að menn byggi hús sín sjálfir, en ég hef ekki fundið hliðstæð ákvæði í frv. um verkamannabústaði, og vildi ég einnig beina því til n., hvort ekki væri rétt að setja hliðstæð ákvæði þar inn. Þá finnst mér nokkuð mikill munur á aðstoð þeirri, sem byggingarsamvinnufélög og verkamannabústaðir eiga að njóta, og þætti mér réttmætt, að þar væri meiri jöfnuður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 766, n. 821 og 822).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Um alllangt skeið hefur það verið eitt af vandasömustu viðfangsefnum bæði löggjafans og framkvæmdavaldsins, á hvern hátt væri hægt að veita sem hagnýtasta aðstoð til þess að greiða fyrir því, að landsmenn gætu búið í sem beztum og heilbrigðustum íbúðum. Fyrir löngu gerði Alþ. mikilsverðar tilraunir í þessu máli, sem snertu sveitir landsins, með l. um byggingar- og landnámssjóð, og hvað snertir kaupstaði með l. um verkamannabústaði, sem upphaflega voru sett 1929, og l. um samvinnubyggingar, sem voru sett nokkrum árum síðar.

Það er ekki nokkur vafi á því, að öll þessi löggjöf hefur gert mikið til þess að hjálpa mönnum til að koma upp vistlegum heimilum yfir höfuð sín. En nú á allra síðustu árum hefur borið mjög á því, að húsnæðisskortur færi í vöxt, sérstaklega í kauptúnum og kaupstöðum landsins. Á vissum tímum stríðsins dró allverulega úr byggingu íbúðarhúsa í kauptúnum og kaupstöðum, samtímis því sem fólkið fluttist þangað, ekki hvað sízt til Reykjavíkur. Það hefur því verið rætt mikið um það á seinustu tímum, að það beri að gera enn þá meira en gert hefur verið til þess að greiða fyrir byggingarmálefnum landsins. Á öndverðu árinu 1945 var samþ. till. hér á Alþ. um það að fela ríkisstj. að láta athuga, með hverjum hætti bezt verði hægt af hálfu hins opinbera að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og sveitum landsins. Árangur af þessari ályktun Alþ. var sá, að núverandi hæstv. ríkisstj., eða nánar tiltekið félmrh., lét eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna leita fyrir milligöngu félagsmálaráðuneytisins umsagnar frá kaupstöðum og kauptúnum og starfandi byggingarfélögum um það, hvað hægt væri að gera í þessum málum til úrbóta. Niðurstaðan var sú, að aðallega var snúið sér að málefnum kauptúna og kaupstaða hvað þetta snerti. Að fengnum allmiklum upplýsingum um þetta efni frá einstökum kauptúnum og starfandi byggingarfélögum verkamanna og byggingarsamvinnufélögum var samið að tilhlutun félagsmálaráðuneytisins frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sem hér er til umr. Þetta frv. var lagt fram fyrir hv. Ed. fyrir alllöngu, og hefur það verið alllengi þar í meðförum, sem meðal annars stafar af því, að reynt var að ná samkomulagi milli flokka um einhverja skynsamlega lausn á málinu. Nú fyrir skömmu náðist í aðalatriðum verulegt samkomulag um málið í Ed., og hefur hv. Ed. afgr. málið fyrir sitt leyti, en þó með nokkrum verulegum breyt. á því frv., sem lagt var fyrir d. í upphafi. Þetta frv., sem þannig komst til þessarar hv. d., hefur verið til meðferðar heilbr.- og félmn. og liggur nú hér fyrir til 2. umr. Félmn. hefur að vísu ekki farið ýtarlega á fundi eða fundum yfir þetta mál, en ég hygg, að hún hafi kynnt sér það allrækilega, bæði þegar það kom fram, undir meðferð þess í Ed. og eins og það var afgr. frá Ed.

Það var niðurstaða meiri hl. n. að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en sumir nm. áskildu sér rétt til þess að bera fram brtt. Hv. 11. landsk., sem er einn af meiri hl. n., sem leggur til, að frv. verði samþ., hefur borið fram brtt., sem nú liggja fyrir, og mun ég ekki að þeim víkja fyrr en hann hefur gert grein fyrir þeim af sinni hálfu.

Hv. 2. þm. Eyf. hefur áskilið sér rétt til þess að vera með eða flytja brtt. við frv., en hann hefur enga brtt. flutt, og ég veit ekki, hvort þær brtt., sem 11. landsk. og 2. þm. N.-M. (PZ) flytja, eru þannig, að hv. 2. þm. Eyf. vilji fylgja þeim. En það kemur fram í meðferð málsins.

Að öðru leyti töldum við í meiri hl. n., sem leggjum til, að frv. verði samþ., að þar sem svo mjög er áliðið þingtímans, sæjum við okkur ekki fært að bera fram brtt. við frv., a. m. k. þær brtt., sem gerðu það að verkum, að málið drægist nokkuð á langinn. Og ég fyrir mitt leyti, þó að ég hefði óskað breyt. á ákvæðum frv., tel mér ekki fært að fylgja neinni af þeim brtt., sem kynnu að setja málið í hættu við það, að það færi þá til Ed. á ný. Ég álít, og svo mun vera um meiri hl. nm., að það frv., sem hér liggur fyrir, feli í sér verulegar endurbætur á þeim tvennum l., sem fyrir voru um þetta efni, l. um verkamannabústaði og l. um samvinnubyggingar. Hvað snertir þau fyrri, l. um verkamannabústaði, þá er gert ráð fyrir í I. kafla þessa frv., sem nú liggur fyrir, að hækka framlög til þessara bygginga úr ríkissjóði að allverulegu leyti og að breytt verði lánskjörum frá því, sem áður var. Lánstíminn í sumum flokkum er lengdur verulega, eða úr 42 árum, sem áður var, í A-fl. upp í 75 ár og í B-fl. upp í 60 ár. Lán þessi mega nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Þá er gert ráð fyrir, að í C-fl. verði lánshæðin 85% af kostnaðarverði hússins

og lánstíminn 42 ár. Og er það ákvæði eins og það ákvæði, sem er í l. um verkamannabústaði, þannig að A-fl. og B-fl. eru nýmæli, sem eiga að gera það að verkum, að byggingarfélögum, sem stæðu fyrir byggingu verkamannabústaða, ætti að vera auðveldara að reisa slíka bústaði. Þetta er helzta ákvæði hvað snertir verkamannabústaði, sem gerir það að verkum, að það er nokkuð greitt fyrir byggingu þeirra, og er það sízt vanþörf. Því að eins og fram hefur komið í umr. í Ed. um málið, þá er það bæði svo, að nú er byggt mjög mikið af verkamannabústöðum víða í kaupstöðum og kauptúnum landsins, og þar að auki liggja fyrir margar beiðnir og umsóknir um byggingu verkamannabústaða hingað og þangað um landið. Og enn þá hefur ekki verið hægt að svara öllum þeim fyrirspurnum, sem þar er um að ræða. Það er vissulega tímabært, að þessu verði sinnt og gerðir meiri möguleikar til þess að byggja verkamannabústaði. Og hvað snertir breyt. á lánskjörum, þá er gert ráð fyrir, að vextir í öllum lánafl. verði 2%.

Þetta eru helztu breytingarnar, og eru þær allar til bóta hvað snertir byggingarlöggjöf um verkamannabústaði. En hvað snertir byggingarsamvinnufélögin, þá er gert ráð fyrir því, að ríkisábyrgð nái til miklu hærri fjárhæðar en áður var, aðallega til samvinnufélagabygginga. Upprunalega var það svo í löggjöfinni um byggingarsamvinnufélög, að ekki mátti lána meira út á hverja byggingu en 15 þús. kr., miðað við ísl. *peninga, en er dýrtíðin óx,* breyttist þetta. Var þessi breyt. þannig, að hægt var að færa lánsheimildina upp í 60% af kostnaðarverði húsanna. Nú er gert ráð fyrir, að lánstíminn verði lengdur upp í 75 ár, og er þar um verulega fyrirgreiðslu að ræða hvað þessa ríkisábyrgð snertir fyrir samvinnubyggingarnar. Að öðru leyti er í þeim kafla ekki um stórvægilegar breytingar frá því, sem áður var, að ræða, og sé ég ekki ástæðu til þess að geta um þær.

Í III. kafla er algert nýmæli hvað snertir leyfi til þess að greiða fyrir byggingarframkvæmdum í kaupstöðum og kauptúnum. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkið og bæir hafi samvinnufélagsskap um það að byggja hús fyrir það fólk, sem býr í ófullnægjandi húsnæði, eftir þeim reglum, sem nánar eru tilgreindar í III. kafla frv., og ég hirði ekki um að rekja þær, ég veit, að allir eru sammála, sem hafa kynnt sér kaflann eins og hann er nú hér í frv., en hér er vissulega um merkilegt nýmæli að ræða, sem ætti að geta orðið til þess á næstu tímum og ég vildi segja á næstu árum að útrýma því auma og lélega húsnæði, sem margur hefur orðið að sætta sig við í kaupstöðum þessa lands, og þá ekki hvað sízt hér í Reykjavík, þar sem fjöldi fólks hefur orðið að búa í hermannaskálum, kjöllurum og fleiri slæmum íbúðum, sem hafa verið óviðunandi og heilsuspillandi. Með ákvæðum þessa kafla ætti að vera hægt að gera með röggsamlegum framkvæmdum ríkisvaldsins annars vegar og bæja og kauptúna hins vegar ráðstafanir til þess, að þessi ljóta hlið í húsnæðismálum okkar hyrfi sem allra fyrst, og þá er vissulega vel farið.

Loks er IV. kafli frv., sem gerir ráð fyrir því, að nokkur íhlutun hins opinbera verði höfð um innflutning og skiptingu byggingarefnis. Og er það að áliti meiri hl. og ég held allrar n. mjög nauðsynlegt, á meðan svo standa sakir, að fjöldi fólks býr við algerlega óviðunandi húsnæði og nokkrir örðugleikar eru að fá nægjanlegt byggingarefni til landsins, og á meðan svo er, þá virðist eðlilegt, að það efni, sem fæst, verði þá notað í hinar nauðsynlegustu byggingar, svo sem skólahús, verksmiðjur og sjúkrahús o. fl., og þá einnig til bygginga ódýrra og hagkvæmra íbúðarhúsa. Ég fyrir mitt leyti hef þá skoðun, að þessi kafli hefði átt að vera eins og hann var upphaflega í frv., en eins og ég sagði áðan, álít ég, að það sé ekki unnt að taka upp deilur um það mál vegna þess, hve áliðið er þings og málið þar með lagt í hættu. Þess vegna hef ég fyrir mitt leyti ekki viljað flytja brtt. við frv.

Þá hygg ég, að ekki þurfi að hafa þessi almennu orð að því er snertir meðmæli með frv. fleiri. Mér gefst tækifæri til þess við áframhaldandi umr. að minnast á þær brtt., sem fluttar eru af hv. 11. landsk. og hv. 2. þm. N.-M. (PZ), og gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra, og þá býst ég við, að það verði afstaða okkar þriggja í n. til þessara brtt., og ég geri ráð fyrir, að meiri hl. n., sem skrifaði undir nál., vilji ekki fara inn á jafnstórvægilegar breyt. og gert er ráð fyrir í þeim brtt., sem ég nefndi, frá hv. 11. landsk. og hv. 2. þm. N.-M. Enda hefur hv. 11. landsk. lýst því yfir hér, eða mér skildist það á honum, að hann væri málinu fylgjandi, hvernig sem færi með hans brtt., því að aðalatriðið var í hans augum, eins og okkar hinna, sem meiri hl. skipum, að fá í aðalatriðum þau ákvæði, sem í frv. felast eins og það liggur fyrir, samþ. nú á þessu þingi, enda þótt við hefðum allir haft nokkra tilhneigingu til þess að endurbæta það hver á sinn hátt og kannske á nokkuð mismunandi hátt. En við mælum eindregið með því, að frv. gæti sem fljótast og bezt farið gegnum þessa hv. d. og hlotið endanlega afgreiðslu og samþykki Alþingis.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. n. hefur nú skýrt afstöðu meiri hl. n. til þessa máls, og þá um leið gert grein fyrir þeirri sérafstöðu, sem ég hef í þessu máli. Ég er ekki í vafa um það, að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, sem nauðsynlegt er, að nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Hv. frsm. tók það fram, réttilega að vísu, að ég mundi fylgja þessu frv., hvaða afdrif sem brtt. mínar fengju. Honum hafði skilizt á mér, að ég teldi aðalatriðið að fá fram þau ákvæði, sem nú felast í frv. eins og það liggur fyrir, og skal ég að vísu játa, að ég tel mikið unnið með því, sem í frv. felst. En þó legg ég líka megináherzlu á það, að hægt verði að framkvæma þær endurbætur, sem felast í þessu frv.

Brtt., sem ég flyt hér á þskj. 824, sérstaklega sú fyrri, miða einmitt að því að tryggja það, að þær endurbætur, sem í frv. felast eins og það liggur fyrir nú, geti orðið auðveldar. Það er ekki vafa bundið, að mikið er unnið með frv. eins og það liggur fyrir, en það tryggir ekki

nægilega, að úr framkvæmdunum geti orðið. Og nægir í þessu efni að vísa til grg. fyrir frv. til l. um verkamannabústaði, sem 8. þm. Reykv. flutti hér á þingi og er í sömu átt og þær brtt., sem ég flyt nú við þetta frv. Hann bendir þar á í grg. sinni, að byggingarsjóði verkamanna hafi nú borizt meiri og stærri lánbeiðnir en áður, en hins vegar hafi aðstaða hans til fjáröflunar ekki batnað að sama skapi. Og nú er útboð á lánum hefur farið fram, hefur það sýnt sig, að fé hefur ekki fengizt. Brtt. mín fer í þá átt, eins og hv. d. er kunnugt um, að ef byggingarstj. samþykkir að afla lánsfjár til byggingarframkvæmda, þá skuli Landsbankanum skylt að taka við bréfum við nafnverði þegar í stað og síðan annast útsölu á þeim. En þó er sá varnagli, að Landsbankinn er ekki skyldur að taka meira af þessum bréfum en fyrir 20 millj. kr. Og ég legg áherzlu á, að þessi brtt. fáist inn í frv., því að hún tryggir, að hægt verði að framkvæma þær byggingaráætlanir, sem felast í frv.

Þá er önnur brtt. mín um það, að tvö byggingarfélög verkamanna skuli hafa rétt til þess að starfa hér í Reykjavík, öðlist viðurkenningu og njóti sömu réttinda, samkv. reglum, sem frv. þetta felur í sér.

Byggingarfélag alþýðu er elzta byggingarfélag hér í Reykjavík. Það hóf brautryðjandastarf eftir l. um verkamannabústaði, sem samþ. voru 1929, og lét smíða töluvert af íbúðum. En það var síðan svipt öllum réttindum með bráðabirgðal., eingöngu að því er virðist fyrir óvild þáverandi ráðh. til formanns félagsins, og því var þar með meinað að starfa og byggja meira með því að neitað var um lán. Hins vegar hafa félagsmenn, sem voru nokkuð á þriðja hundrað manns, og í það minnsta hefur á annað hundrað manns haldið tryggð við félagið. Þeir hafa greitt gjöld til þess síðan og vonað, að hlutur þeirra yrði réttur. Ég vona, að hv. d. verði við þeirri sanngirniskröfu þeirra félagsmanna og samþ. þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði fyrir brtt. á þskj. 823 og 824, sem útbýtt var á fundinum, samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Fyrst vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að það eru margar prentvillur á þessum þskj. Brtt. mínar á þskj. 823 eru sagðar gefnar út í Ed. í stað Nd., og annað er eftir því. Þetta er þess eðlis, að það þarf að leiðrétta það. En áður en ég byrja, vil ég víta þá meðferð, sem þetta mál fær hér í hv. d. Og þetta hefur viðgengizt hér áður, mál, sem eru búin að vera stundum vikur og mánuði í annarri d., þeim er fleygt inn í hina d. á síðustu stundu. Svo er ætlazt til, að menn samþ. frv. óhugsað og óathugað á einum eða tveim dögum. Og ef einhver nm. vill ræða frv. eða breyta því, þá er það ekki hægt, því að við engu má hrófla, ef frv. á að ná fram að ganga. Þetta eru óheyrileg vinnubrögð. Ég kenni engum sérstökum um þetta hér, þetta hefur skeð hér áður. En ég veit, að það fór til n. í Ed. 22. nóv., og frá þeirri d. var það afgr. 12. apríl. Þá var því ekki hraðað meira en svo, að allur formiðdagurinn var látinn líða án þess að kalla saman fund. En undir þingfundi var okkur skipað að ræða málið í n. Þeim vinnubrögðum neitaði ég. Svo var flaustrað af fundi í gær á nokkrum mínútum. Og þá var ómögulegt að breyta nokkru. Ég vildi koma með allmargar breytingar, en það mátti ekki hrófla við neinu, ef allt átti að vera búið á miðvikudag. Þetta er óviðeigandi í alla staði. Úr því það eru tvær d., þá á báðum að gefast tími til að ræða málin og ná samkomulagi um þau. Ég get ekki verið sammála meðnm. mínum og legg fram brtt. við frv. vegna ekki fárra orsaka. Ég tel heppilegast, að byggingarsjóður sé einn og annist lántökur til byggingarfélaga, hvort sem talað er um byggingarfélög verkamanna eða byggingarsamvinnufélög. Byggingarsjóður lánar svo slíkum byggingarfélögum út á hús, sem þau vilja byggja. Með framlagi ríkis og bæja má lækka vexti af byggingarlánum, koma á sameiginlegum innkaupum á öllu byggingarefni til húsa, sem sjóðurinn lánar til, og hafa sameiginlega menn til að hafa eftirlit og umsjón með öllum byggingunum. Styður þetta allt að því að gera byggingarnar ódýrari, en það tel ég annan höfuðtilgang frumvarpsins. Það er ekki vafi á því, að það fyrirkomulag að gera sameiginlega innkaup og hafa sameiginlega umsjón með þessum húsum, það mundi spara þúsundir eða tugþúsundir á hvert hús. Sjóðurinn á svo að lána út með lágum vöxtum og jöfnum höndum til verkamannabústaða og samvinnubyggingarfélaga og nota tekjur sjóðsins til að standa undir vaxtamismuninum. Að öðru leyti finnst mér lánstíminn 45—60 ár vera of langur til fasteigna. Einnig finnst mér of mikill munur annars vegar á því, sem kallað er verkamannabústaðir, og hins vegar byggingarsamvinnufélagsskapur, sem hér er talað um sem samvinnufélög. Ef byggingarsjóðsstjórnin er ein, getur hún jafnað þennan mismun, sem þarna er gerður. Ég hef lagt til, að munurinn yrði gerður hóflegri og þarna væri um 2—4% vexti að ræða, en það mun vera um helmings munur miðað við þau kjör, sem menn búa nú við, eða meira. Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta atriði. En svo er það annað atriði, sem hér kemur til greina. Eins og frv. nú er, eru það nokkrir menn, sem þannig er ástatt um, að þeir eru algerlega útundan og geta hvergi fengið nein lán, þótt þeir byggi hús, nema víxil og þess háttar lán. Veðdeildarlán fást aðeins út á hús, sem standa á löggiltri verzlunarlóð. Ef húsið stendur fyrir utan verzlunarlóðina, og þar standa fleiri og færri hús í landinu, þá getur eigandinn ekki fengið veðdeildarlán. Það er að vísu til í Búnaðarbankanum smábýladeild, hún á að geta veitt lán til húsa, sem standa fyrir utan löggilta verzlunarlóð, en þó því aðeins, að því húsi fylgi nokkurt land og að þar megi hafa dálitinn búskap. Ef svo óheppilega vill til, að þar er ekki land, sem nemur 1—2 ha, og maðurinn ætlar að stunda verkamannavinnu eða sjómennsku, þá getur hann hvergi fengið lán. Það mætti segja, að þessir menn gætu komizt undir ákvæði þessa frv., ef þeir eru það margir í þessu þorpi, að þeir geti stofnað byggingarsamvinnufélag eða

kæmu upp verkamannabústöðum. En það er ekki víst, að slíkt sé hægt, og mörg þorp eru svo lítil, að líkindi eru ekki til þess, að nógu margir vilji byggja á sama árinu. Þessum mönnum er skipað í fjórða kafla hjá mér. Þar er byggingarsjóði heimilað að lána til slíkra staða og hér um ræðir með sömu kjörum, enda sé þá slíkum lánsbeiðnum látin fylgja umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um byggingarþörf og ástæður lánbeiðenda. Með þessu frv. er séð fyrir lánaþörf þeirra, sem eru það margir saman, að þeir geta myndað verkamannabústaða- og byggingarsamvinnufélög. En eins og ég sagði áðan, standa þeir fyrir utan þetta, sem eru ekki á löglegri verzlunarlóð í þorpi og eru svo fámennir að geta ekki stofnað byggingarfélag. Og ef þetta er á stað eins og t. d. Selfossi, þá hafa þeir engin réttindi, því að þar er engin lögleg verzlunarlóð. Þar yrðu menn að fá sér nógu stóra lóð og koma sér upp smábýlum. Ég tel það mikilsvert, að þessari breyt. verði komið inn í frv. Ég er sammála meðnm. mínum um það, að mikil þörf er á því að samþ. löggjöf um það, er ýtir undir, að byggt sé í þorpum og kaupstöðum. Og að því leyti vil ég styðja að framgangi þessa máls. En ég hefði viljað óska þess, þótt það hafi enga þýðingu eins og málinu er nú komið, að frv. hefði fengið að vera í n. í 2—3 daga og reynt að fá samkomulag um það. En svo flausturslega er yfir það farið, að ekki eru einu sinni leiðréttar prentvillur og ekki dagsetningar. Það er hlaupið yfir frv. á því hundavaði, að það á að styrkja „leiksóla" í verkamannabústöðum. Hvaða sólar eru það? Eru það sólar, sem krakkarnir ganga á, þegar þau eru að leika sér? Ég veit ekki. Og fleira er það, sem þyrfti að leiðrétta.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þeir hv. nm. félmn., sem hafa flutt hér brtt., hafa gert grein fyrir brtt. sínum, og mun ég nú minnast á þær nokkrum orðum, sérstaklega frá mínum sjónarhól, og vænti, að það geti orðið að nokkru leyti fyrir hönd hinna þriggja nm., sem enga brtt. flytja. Hv. 11. landsk. flytur brtt. á þskj. 824. Fyrri brtt. fjallar um það að skylda Landsbankann til þess að kaupa skuldabréf fyrir byggingarsjóð verkamanna allt að 20 millj. kr. Það er í samræmi við frv., sem var flutt áður hér í hv. d. af 8. þm. Reykv. og 1. landsk. Ég hef nokkuð um það rætt, þegar það var hér til meðferðar, og lýsti ég því yfir fyrir mitt leyti, að ég teldi nauðsyn til þess að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem tryggðu, að byggingarsjóður verkamanna gæti fengið nægt fé til þess að geta fullnægt þeirri eðlilegu eftirspurn, sem væri eftir lánum til verkamannabústaða. Hins vegar var þá, eins og nú, nokkur ágreiningur um það, hvort hægt væri án frekari athugunar að skylda þjóðbankann til þess að lána allt að 20 millj. kr. Svo stendur á, að formaður byggingarsjóðs verkamanna, sem einnig er bankastjóri, er erlendis og mun hafa verið farinn af landi burt, þegar málið kom til umr. eftir frv. hv. 8. þm. Reykv. Ég fyrir mitt leyti hefði gjarnan kosið þetta og verið til umræðna um það atriði. En ég treysti því, að ef svo færi fyrir brtt. hv. 11. landsk., að hún yrði felld, að hæstv. ríkisstjórn leitaði þá samkomulags við þjóðbankann um það, hvort ekki væri unnt, að hann legði eitthvað verulegt af mörkum af sínu fé til þess að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs verkamanna. Ég mun eindregið óska eftir, að tilraun verði gerð um slíkt samkomulag við Landsbankann, því að ég er í nokkrum vafa um það, hvort hægt sé að fara skyldulánsleiðina án þess að reyna samkomulag, ofan á þessar 100 millj. kr., sem Landsbankinn leggur af mörkum til stofnlánasjóðs sjávarútvegsins. En ekki skal standa á mér að stuðla að því, að sjóðurinn nái samkomulagi við Landsbankann eða aðrar stofnanir til þess að tryggja, að nægilegt lánsfé fáist í byggingarsjóð verkamanna. — Um síðari brtt. á þskj. 824 er það að segja, að það er fyrst og fremst við hana að athuga, að ég hygg, að að forminu til séu 3 byggingarfélög starfandi hér í Reykjavík, en ekki 2. Það er fyrst Byggingarfélag verkamanna, eina félagið, sem rekur hér byggingarstarfsemi nú, enda má ekki nema eitt félag á hverjum stað reka slíka starfsemi eftir þeim l., sem nú gilda, í öðru lagi Byggingarfélag alþýðu og í þriðja lagi mun hafa verið stofnað byggingarfélag verkamanna, sem kennir sig við sjálfstæði sérstaklega. Ég sé því ekki betur en það sé hæpið að slá því föstu, að í Reykjavík séu aðeins 2 byggingarfélög. En ég vil álíta, að almennt sé fengin reynsla fyrir því, að heppilegast sé að hafa ekki nema eitt byggingarfélag á hverjum stað. Ég álít það sé ekki til framdráttar hagsmunum verkamanna, að hafa þau fleiri. Ég hygg, að Byggingarfélag verkamanna, sem starfar í Reykjavík, hafi byggt svo mikið sem frekast var unnt að fá lán til að byggja hér í Reykjavík, og það mundi ekkert hafa bætt úr, þótt annað byggingarfélag væri í bænum. Ég vil og geta þess, að Byggingarfélag alþýðu vildi ekki á sínum tíma, þegar l. um verkamannabústaði var breytt, fullnægja þeim fyrirmælum, sem þar voru sett um stjórn byggingarfélaga, og hlaut því það félag að fara út úr byggingarstarfseminni. Í annan stað hygg ég þetta félag vera meira til á pappírnum og sem byggingarfélag fortíðarinnar heldur en raunverulegt byggingarfélag nú. Ég hygg, að allur fjöldinn í þessu félagi sé menn, sem hafi fengið íbúðir. Og mér er kunnugt um, að þetta félag hefur ekki haldið aðalfund um 2—3 ára skeið, og ber það ekki vott um sérstaklega mikinn áhuga þeirra, sem stjórna félaginu. Ég held þess vegna, að ekki sé til bóta frá því, sem nú er, að samþ. þessa brtt. hv. 11. landsk. Vil ég fyrir mitt leyti lýsa yfir andstöðu minni við hana með þeim rökum, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Þá skal ég víkja að hv. 2. þm. N.-M. En í ræðu hans og nál. bar mjög mikið á þeim vandlætingartón, sem tíðum heyrist úr hans horni hvað viðkemur störfum Alþ. og nefnda. Hann fann að því, að bæði í brtt. og nál. væru prentvillur. Og það má vel vera. En ég hygg prentvillurnar séu ekki hvað sízt í hans eigin brtt., og hef ég ekki neina vissu fyrir því, hvort um prentvillur er að ræða eða villur úr handriti hv. 2. þm. N.-M., því að brtt. hv. þm. eru nákvæmlega þær

sömu og bornar voru fram í Ed. af hv. þm. Str., og þskj. það, sem brtt. hv. þm. Str. voru á, hefur verið lagt til grundvallar, og má mikið vera, ef vandvirkni hv. 2. þm. N.-M. hefur náð svo langt, að hann muni hafa lagað Nd. í stað Ed. Gæti því vel verið, að það sé hans sök, að brtt. hans líta svo út. Ég játa það, að hv. 2. þm. N.-M. er mjög áhugasamur þm. og stundar sína þingmennsku með mestu samvizkusemi, þótt honum sé áfátt um vísindalega nákvæmni í meðferð mála, og því ekki sérstök ástæða fyrir hann að setja sig upp á háan hest hvað snertir frágang þingskjala og þess háttar. Um meðferð félmn. á þessu málefni er það að segja, að fundur var boðaður af hv. þm. Ak. strax þegar málið var tilbúið til athugunar frá Ed. Það var reynt að flýta fyrir málinu og kallaður saman fundur meðan á þingfundi stóð, en hv. 2. þm. N.-M. neitaði að mæta á þeim fundi. Málið var þó nokkuð rætt og fundur haldinn. Ákveðið var að halda næsta fund í gær. Allir hv. nm. mættu stundvíslega, og um málið var rætt eftir því, sem álitið var þörf fyrir, eins og venjulega er gert hér á Alþ. Mér er kunnugt um það, að allir hv. þm. höfðu rækilega fylgzt með þessu máli frá því það var lagt fyrir Alþ. Um það var rætt í n., hvort gera skyldi á frv. stórvægilegar breytingar frá því, sem gengið hafði verið frá því í Ed., eða samþ. frv. lítið breytt eða óbreytt. Meiri hl. var þeirrar skoðunar, að það gæti sett málið í hættu að fara að umturna því nú. Ég veit, að hv. 2. þm. N.-M. er svo þingvanur maður, að hann veit, að það er siður á þinginu og hann verður svo að vera, að þegar maður vill ná samkomulagi um mál, þá verður hver og einn að slá af frá sinni hálfu og koma til móts við þá, sem hafa ólíkar skoðanir. Mér er það mjög minnisstætt, þegar við alþýðuflokksmenn vorum á Alþ. 1946 með alþýðutryggingafrv., þá þurftum við mjög að semja við framsóknarmenn. Við hefðum kosið að flytja við það brtt., ef við hefðum álitið það nokkra von, að slíkar brtt. hefðu náð fram að ganga. Nú er það svo, að um málið hefur orðið samkomulag í Ed., að minnsta kosti í höfuðatriðum, milli þeirra flokka, sem styðja núverandi ríkisstjórn. Það má því búast við, að Ed. væri ófús að ganga inn á breyt. á frv., sem gerðar væru í Nd. Þetta er því meira til að koma á framfæri sínum brtt. með því að flytja þær hér nú heldur en ætlazt til að fá þær samþ. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga, hver þm. hefur rétt til að láta sínar brtt. koma til úrskurðar í þeirri d., sem hann situr í. En hv. 2. þm. N.-M. hefur nú flutt nákvæmlega sömu brtt. og hv. þm. Str. flutti í Ed. Þessar brtt. voru felldar af miklum meiri hluta Ed., og ég býst við, að svo muni enn fara. Þar að auki er ég andstæður í höfuðatriðum þeim brtt., sem hv. 2. þm. N.-M. flytur. Önnur brtt. hv. 11. landsk. á þskj. 824 var einnig felld í Ed. með öllum atkv. gegn 3. Ég geri ráð fyrir, að þótt svo ólíklega vildi til, að meiri hluti þessarar hv. d. vildi samþ. brtt. nr. 2. á þskj. 824, þá yrði það aðeins til þess að þvæla málinu gagnslaust milli deilda.

En svo skal ég víkja örfáum almennum orðum að brtt. hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 823. Þar er gert ráð fyrir, að byggingarsjóður sé einn, hvort sem talað er um byggingarfélag eða byggingarsamvinnufélag. Ég held, að það væri ekki breyt. til bóta, þó að þetta væri sameinað í eitt, og held einnig, að það sé nokkuð eðlilegt að gera þann greinarmun, sem gerður er nú í löggjöfinni um þessi efni. Í löggjöfinni um verkamannabústaði er byggt á því, að þeir, sem njóta hlunnindanna, séu yfirleitt fátækari og umkomulausari stéttir þjóðfélagsins, hinir tiltölulega lágt launuðu, verkamenn og sjómenn. Í löggjöfinni um samvinnubyggingar er aftur á móti gert ráð fyrir, að það geti verið um að ræða allt að því efnaða menn, sem eru í þeim félagsskap, en njóti þessara hlunninda til þess að greiða fyrir byggingum til handa sér og félagsmönnum sínum og hafi ríkisábyrgð á hluta af byggingarkostnaðinum. Ég álít, að rétt sé og eðlilegt að hafa þetta aðgreint. Þar að auki er þess að geta, að endur fyrir löngu hefur verið myndaður mjög myndarlegur sjóður, byggingarsjóður verkamanna, sem er myndaður eftir reglum löggjafarinnar um verkamannabústaði. Ég álít, að það væri óréttlátt að fara að setja undir fyrirgreiðslu þessa sjóðs byggingar, sem væru nokkurs annars eðlis en byggingar verkamannabústaða. Ég held þessar brtt. hv. 2. þm. N.-M. horfi ekki til bóta, fyrir utan það, að þær eiga greinilega ekki fylgi að fagna í Ed., og mundi það því tefja fyrir málinu að samþ. þær hér í d. og þvæla málinu á milli deilda. Ég fyrir mitt leyti, og ég held ég tali þá fyrir munn allra hv. nm. í heilbr.- og félmn. nema hv. 2. þm. N.-M., get ekki fylgt þessum brtt. á þskj. 823 og vil mega vænta þess, að d. geti orðið meiri hluta n. sammála um það atriði og felli þessar brtt. Sömuleiðis vil ég einnig, að hv. d. felli alveg sérstaklega 2. brtt. hv. 11. landsk. En eins og ég sagði áður, er fyrri brtt. hans þess eðlis, að erfitt er að greiða atkv. gegn henni, þó að samþykkt hennar yrði sennilega ekki til annars en að hrekja málið á milli deilda. Ég vil þess vegna vænta þess, að þetta frv. geti nú haldið áfram leið sína, annaðhvort óbreytt eða þá svo lítið breytt, að þær breyt. yrðu frv. ekki til tafar, og því fremur sem hér er um málefni að ræða, sem er viðurkennt af öllum nm. í félmn., að sé mjög þýðingarmikið málefni. Og fyrirmæli frv., eins og það liggur fyrir, eru áreiðanlega til stórkostlegrar fyrirgreiðslu, jafnvel þótt við allir hefðum kosið að hafa þau eitthvað fullkomnari. Ég er sannfærður um, að þessi löggjöf verður endurbætt eftir því, sem ár líða, eins og löggjöfin um verkamannabústaðina var stórkostlega endurbætt frá því að hún var sett 1929. Löggjöfin um Byggingarfélag alþýðu hefur líka verið endurbætt frá því að hún var sett 1936. Og þessi löggjöf, sem væntanlega verður afgr. frá þinginu núna alveg á næstunni, verður áreiðanlega endurbætt og aukin á næstu árum. Til þess erum við hér á Alþ. og til þess eru menn að vinna að þjóðfélagsmálum, að endurbæta alltaf, láta ganga áleiðis, en ekki aftur á bak. Með því móti verður, þótt skrefið sé ekki ávallt stigið stórt, komizt æ lengra áleiðis til betra og bætts þjóðfélags, og þess vegna þörf fyrir mikla umbótamenn, allt að því byltingamenn, til þess að

breyta því, svo að það verði eins fullkomið og við viljum vera láta.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er vissulega rétt og satt, sem sagt hefur verið í þessum umr., að í þessu frv. felist mjög verulegar umbætur á löggjöfinni um verkamannabústaði svo og á l. um byggingarsamvinnufélög. Þó vil ég segja, að þýðingarmestu nýmælin felast í III. kafla frv., sem fjallar um íbúðabyggingar sveitarfélaga, þar sem sveitarstjórnum er beinlínis gert að skyldu að fylgjast með því, hverjir af íbúum hvers sveitarfélags búa í heilsuspillandi íbúðum, og bæta úr þörfum þeirra manna, þar sem svo stendur á. Af því að ég vil á engan hátt tefja framgang þessa frv. né spyrna fyrir það fæti, mun ég greiða því atkv. eins og það er nú, þótt ég kysi á því margar breyt. Það ber að viðurkenna þá staðreynd, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur bent á, að hér er um samkomulagsmál að ræða, og því verður við því að búast, að málið verði þannig afgr., að ýmsir telji, að betur hefði mátt fara. En framfarirnar eru miklar, og ég held, að ekki verði öllu lengra komizt og verði að taka því. Ég vil þó nota tækifærið til að skýra frá því, í hverju ég tel, að hér sé ábótavant, því að það er réttmætt, að skoðanir þm. komi fram í þessum efnum. Það eru tvö meginatriði, sem ég tel á skorta. Í fyrsta lagi, að allan fjárhagslegan grundvöll vantar fyrir framkvæmdir í I. og II. kafla frv., sem sé kaflanum um verkamannabústaði og kaflanum um byggingarsamvinnufélög. Það er raunar í báðum þessum köflum gert ráð fyrir, að ríkisábyrgð fáist fyrir lánsfé til byggingarframkvæmda þessara, en ekki meira. Nú er það staðreynd, sem fyrir liggur, að byggingarsjóður verkamannabústaða getur ekki fengið þau lán, sem hann þarf, þrátt fyrir ríkisábyrgð. Einmitt af þessum sökum er það, að ég ásamt hv. 1. landsk. lagði fram frv. á þskj. 579, þar sem svo er ráð fyrir gert, að Landsbanki Íslands sé til þess skyldaður að kaupa skuldabréf byggingarsjóðsins fyrir allt að 20 millj. kr. Hv. 11. landsk. hefur nú tekið upp þetta ákvæði frv. sem brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Það er vissulega eðlileg meðferð málsins og til þess ætlazt, því að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að l. um verkamannabústaði verði úr gildi felld, og ekki annað að gera en stíla þessa brtt. við frv., sem fyrir liggur. Ég vildi mjög eindregið mæla með því, að þessi brtt. yrði samþ. Hv. 4. þm. Reykv. hefur talið sig samþykkan henni að efni til, en hefur látið í ljós efasemdir um það, hvort fært væri að skylda Landsbankann með l. til þessara skuldabréfakaupa. Mér virðist, að Alþ. eigi að gera það upp við sig, hvort það er það, sem á að setja þjóðbankanum lög og reglur og mæla fyrir um starfsemi hans, eða hvort bankinn á að segja þinginu fyrir verkum. Ég er ekki í vafa um það, hvorum megin húsbóndarétturinn er, hann er vissulega hjá Alþ. Og það er engum vafa bundið, ef Alþ. ætlar að gera sínar skyldur um fyrirgreiðslu við atvinnulíf landsins, að þá verður það einnig að sjá til þess, að fjármunum þjóðarinnar verði varið til þeirra framkvæmda, sem það telur rétt og sjálfsagt og vill, að búið verði að. Það að gefa út l. um byggingarframkvæmdir eða aðrar stórfelldar framkvæmdir, án þess að tryggja, að fjármagni þjóðarinnar verði varið til þessara framkvæmda, það er vitanlega að fara út í bláinn. Peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gera skal, og um leið og þingið ákveður, að hitt eða þetta skuli gert, er eðlilegt, að það gefi Landsbankanum fyrirmæli um að sjá til þess, að nægilegt fé fáist til framkvæmdanna. Alþ. hefur nú góðu heilli gengið inn á þessa braut. Það hefur sem sé afgr. frá sér frv. til l. um stofnlánasjóð sjávarútvegsins, þar sem Landsbankanum er gert að skyldu að verja 100 millj. kr. til lána til handa sjávarútveginum með mjög góðum kjörum. Þetta er góð stefna. Þingið hefur í þessu tilfelli talið nauðsynlegt að efla þennan mikla atvinnuveg þjóðarinnar, og því var ljóst, að lagafyrirmæli um slíkt voru lítils virði, nema fyrirmæli fylgdu til Landsbankans um að verja fé til þessara framkvæmda. Þingið virðist sammála um að gera stórt átak í byggingarmálum þjóðarinnar. En útlitið er ekki gott, að því er séð verður, því að það er augljóst mál, að hér ber að standa að verki á hliðstæðan hátt og gagnvart sjávarútveginum. Þingið á að gefa út fyrirmæli um það, hve mikið fé skuli notað frá bankanum. Og ég held því fari fjarri, að það sé of mikið, þó að 20 millj. skyldu renna til byggingar verkamannabústaða. Og ég vil taka það fram, að jafnvel þótt þetta yrði samþ., þá er ákaflega fjarri því, að bankinn hafi gert skyldur sínar í því efni að tryggja, að nægilegt fjármagn renni til byggingarstarfsemi í landinu. Og af þeim sökum er það, að ég hef flutt hér frv. til l. á þskj. 727, varðandi veðdeild Landsbankans, þar sem gert er ráð fyrir, að nýr flokkur komi til framkvæmda, sem hafi yfir að ráða 60 millj. kr., og þessi flokkur starfi að því að veita lán til bygginga byggingarsamvinnufélaga og sveitarfélaga, sem hafa slíkar byggingar með höndum, og til einstaklinga, sem byggja íbúðir til eigin nota. Ég tel, að Alþ. skilji illa við byggingarmálin, ef það samþ. ekki að efni til þessi tvö frv., annað sem brtt. við frv., sem fyrir liggur, en hitt sem sjálfstætt frv. Ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, að hér í Reykjavík og raunar alls staðar í kaupstöðum landsins eru byggingarsjóðir einstaklinga að basla við að byggja þak yfir sitt eigið höfuð. En lánskjörin, sem þeir eiga við að búa, eru slík, að bankinn lánar líklega sem næst 14% af byggingarkostnaðinum. Þetta er í alla staði ófullnægjandi, og ætti að hverfa að þeirri breyt., sem við höfum ráðgert, að skylda veðdeildina til þess að lána allt að 50%, og þó öllu meira, af matsverðinu sjálfu.

Ég vil ekki ræða öllu meira um þetta atriði, en legg á það áherzlu, að þingið skilur við hálfgert verk, ef það afgr. frv. í þeirri mynd, sem nú er, en tryggir ekki þeim félögum, sem frv. fjallar um, fjárhagsmöguleika til lánsfjáröflunar. Það er raunar betra hálfgert verk en ógert, og því mun ég fylgja frv. En það er ekki nema hálfgert, það mun reynslan sýna, og mun ekki langur tími líða, þar til Alþ. telur nauðsynlegt að bæta hér um.

Þetta var fyrra atriðið, sem ég tel mjög ábótavant í þessu frv. Annað atriðið er um stjórn byggingarmálanna í heild. Við hv. 2. þm. N.-M. erum sammála um það, að réttast væri og eðlilegast, að bæði byggingar verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélaga væru undir einni *sameiginlegri* stjórn. Ég tel nauðsyn til bera að koma hér á fót stórri allsherjar byggingarstofnun ríkisins og get í því sambandi vísað til brtt., sem hv. 4. landsk., hæstv. forseti Ed., flutti um þetta efni. Ég tel, að byggingarstofnun, sem reist yrði samkv. l., ætti að hafa margs konar verkefni með höndum. Í fyrsta lagi ætti hún að annast byggingar fyrir byggingarsamvinnufélög og verkamannabústaði. Ég efast ekki um, að með þessu móti mætti gera framkvæmdirnar stórum ódýrari og betri í alla staði. Þarna yrði stofnun sett upp, sem hefði aðstöðu og getu til þess að taka nútíma tækni í sína þjónustu. Í öðru lagi ætti þessi byggingarstofnun ríkisins að annast innflutning byggingarefnis til þeirra framkvæmda, sem byggingarfélögin hafa með höndum. Í þriðja lagi ætti slík stofnun að hafa með höndum allar teikningar að slíkum byggingum og hafa á hendi leiðbeiningarstarfsemi fyrir þau félög, sem ekki stunda beinlínis byggingar sjálf. Í fjórða lagi ætti þessi stofnun að hafa eftirlit með húsnæðisþörfinni á hverjum tíma og gera till. um, hvernig úr því skuli bætt. Og einnig væri eðlilegt, að hún hefði nokkra íhlutun um það, hvernig yrði háttað um innflutning á byggingarefni og því bezt fyrir komið, *án þess að íþyngja landsmönnum, þannig* að þörfinni sé eðlilega fullnægt á hverjum tíma og hverjum stað.

Ég skal ekki ræða meir um þessa stofnun. En aðalatriðið tel ég vera það, að til þess að framkvæmdirnar verði gerðar á sem haganlegastan hátt, þurfa þessi mál öll að safnast á eina hönd og hin ýmsu byggingarfélög að geta leitað til eins aðila um alla aðstoð og fyrirgreiðslu varðandi starfsemi sína. En þetta held ég að geti staðið til bóta á sínum tíma. Ég vil ekki koma fram með viðtækar brtt., sem ég þó álít, að stefna beri að, því að það mundi verða til þess að tefja málið. En ég vildi nota tækifærið til að lýsa því, hvernig ég tel, að stefna beri.

Ég þarf svo aðeins að lokum að minnast með örfáum orðum á eitt atriði, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. Þessi þm. gat þess, að Byggingarfélag alþýðu hefði misst rétt sinn til þess að verða lántaki úr byggingarsjóðnum, vegna þess að það hafi ekki viljað hlíta fyrirmælum laganna. Ég varð undrandi, að þessi þm. skyldi fara að ræða þetta mál hér. Ég hygg, að flestir þm. þekki sögu þess. Ég held þeir viti, að maðurinn, sem barðist fyrir því, að sett yrði löggjöf um verkamannabústaði, hét og heitir Héðinn *Valdimarsson, sem þá var* þm. Reykv. á Alþ. Þessi maður beitti sér fyrir stofnun hins fyrsta byggingarfélags verkamanna, Byggingarfélags alþýðu. Hefur hann stjórnað félaginu frá upphafi og til þessa dags með frábærum dugnaði. Það var viðurkennt af hv. 4. þm. Reykv. á sínum tíma, að ekki þyrfti að efast um dugnað hans í þessu máli. Svo kemur það fyrir, að þessi maður verður ósáttur við hv. 4. þm. Reykv. á hinum pólitíska vettvangi. Þá fær þessi þm. vitrun, að hann sé óhæfur maður til þess að stjórna Byggingarfélagi alþýðu. Hann notar síðan sem ráðherra vald sitt til þess að gefa út brbl. til þess eins að svipta þennan mann forustu í elzta og fyrsta byggingarfélagi verkamanna. Enginn grundvöllur annar gat verið fyrir þessum brbl. en sá að svipta Héðin Valdimarsson völdum í þessu félagi, af því að hann hafði komizt í pólitíska ósátt við hæstv. þáverandi ráðherra. Ég verð að segja, að þetta verk sé hið skelfilegasta verk, sem nokkur ráðherra hefur unnið, og þetta sú mesta misbeiting, sem hefur verið framin í sambandi við það vald, sem ráðherra hefur til að gefa út brbl. — Ég skal svo láta þessi orð nægja í sambandi við það mál. Ég endurtek aðeins, að mig furðar á því, að þessi hv. þm. skuli vera að rifja upp þessa sögu nú, sem ávallt mun verða honum mjög maklegur vitnisburður.

Sigurður Guðnason: Við 1. umr. þessa máls vakti ég athygli á því, að Byggingarfélag alþýðu óskaði eftir, að tekið yrði til athugunar, hvort ekki mætti láta byggingarfélög, sem starfa hér í bænum, fá sama rétt til lántöku. Hv. 11. landsk. hefur tekið þetta upp, og er ég þakklátur fyrir það.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp sögu þessa máls. Hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að hann væri á móti þessu, og heyrði ég ekki betur en hann segði, að þetta félag væri ekki til. Út af þessu vildi *ég segja nokkur orð*. Þetta félag var búið að byggja í þrennu lagi og byggja upp 171 íbúð, sem voru miklu betri íbúðir en hægt var að búast við á þeim tímum. Margir þeir menn, sem í verkamannabústaðina fóru, höfðu ekki nokkurn möguleika til þess að komast í íbúð nema í gegnum þetta byggingarfélag. Og fyrstu íbúðarhúsbyggingarnar hjá þessu félagi hafa víst verið fyrstu opinberu byggingarnar, sem byggðar voru, sem ekki fóru fram úr áætlun. Húsin urðu ódýrari en áætlað hafði verið í fyrstu, og þau voru byggð þannig, að fyrst og fremst var hugsað um að fá góðar íbúðir og ódýrar og byggja sambyggingar. Nú, þegar þetta félag er búið að starfa í 6 ár og ætlar að fara að byggja í fjórða skiptið, búið að fá lóð o. s. frv., þá er það svipt byggingarstyrknum. Og menn geta hugsað sér, hvernig þetta er, búið að byggja þarna 171 íbúð og borga af þeim í 6 ár, búið að byggja upp tryggingu fyrir framhaldandi lánum. Ég fæ ekki skilið, hvaða rök sé hægt að færa fyrir því, að það félag, sem er búið að byggja upp tryggingu fyrir sínum lánum og hefur staðið vel í stöðu sinni, sé af hálfu löggjafarvaldsins svipt möguleika til að halda áfram og lánakjörin veitt yfir í annað byggingarfélag, *sem er nýstofnað*. Svo er kallað, að þetta félag sé ekki til. — Viðvíkjandi því, hvernig það hefur starfað síðan, var Byggingarfélag alþýðu, þegar það var svipt þessum réttindum, búið að byggja fyrir 171 meðlim, og enn þá eru eftir á annað hundrað manns, og núna er þetta mál kemur hér fram, þá má búast við leiðréttingu. Það eru tvö ár liðin síðan fundur hefur verið haldinn í byggingarfélaginu, og

ástæðan er aðeins sú, að erfiðleikar hafa verið á því að ná samningum við Rvíkurbæ um heitt vatn. Á eina staðnum, sem byggt var, kom það fram, að hitaspursmálið var leyst þar með sérstakri framsýni. Hitatækjum fyrir öll húsin var komið fyrir á einum stað, og fyrir 170 íbúðir þurfti ekki að leggja nema tvær stöðvar. Hér var hugsað um það eitt að byggja góðar og ódýrar íbúðir fyrir verkamenn, en þessar byggingar ná ekki því marki.

Þetta félag mundi leggja kraft til byggingarframkvæmda í þessa átt, og loks vil ég segja það, að ég trúi ekki, að meðlimir Byggingarfélags alþýðu verði látnir sæta þrælatökum út af pólitík. Félagið hefur ávallt haldið reikninga og fylgt settum reglum, og ég trúi því ekki, þótt félag þetta hafi orðið fyrir pólitísku aðkasti, að hv. þdm. muni ekki veita þessu byggingarfélagi það lið, sem réttmætt má telja.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. frsm. sagði, að samið hefði verið um þetta mál á milli stjórnmálafl. í hv. Ed. og væri því erfitt að breyta hér miklu um. Ég hefði samt kosið að gera hér nokkrar breytingar, og vil ég nefna hér nokkur dæmi.

Í fyrsta lagi er, að þótt frumv. feli í sér mörg hlunnindi, þá er þó of skammt gengið í II. kafla frumv., og er of mikill munur á I. kafla þess og II. kafla. Hins vegar er ekkert að finna um útvegun lána né um vaxtakjör, og má því ætla, að lánskjörin væru 4—4½% í 30—40 ár. Er mikill munur á þessu og í öðrum félögum.

Ég hef leyft mér að bera hér fram 3 brtt. — Í upphafl. frv. er sagt, að það mætti stofna eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað. Frá þessu hefur hv. Ed. fallið. Hér í Reykjavík er það mjög tíðkað orðið, að starfsfólk ýmissa stofnana myndi með sér byggingarfélag, og er það þá venjulegast um 25—30 manns, sem taka sig þannig saman. Með breyt. Ed. geta þessir hópar ekki myndað félag. Þess vegna legg ég til, að í stað 30 komi 20 og í stað 50 komi 25. Hér er sem sé lækkuð lágmarkstala sú, sem krafizt er, að sé uppfyllt, er fólk vill mynda byggingarsamvinnufélag. Um þetta ætti enginn ágreiningur að vera.

2. brtt. mín er við 15. gr. frumv. og er um ríkisábyrgðina. Nú er það svo, að nokkur byggingarsamvinnufélög hafa ekki fengið ríkisábyrgð, og er hér því lagt til, að greinin verki aftur fyrir sig, þannig að á eftir 2. málsl. komi nýr málsl.: Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. jan. 1943.

3. brtt. mín er við 18. gr. frumv. Hámarksstærð samvinnubústaða hefur verið 500 teningsmetrar, og getur það verið afar erfitt að mega ekki fara fram úr þessu, og það hafa heyrzt raddir um að hækka húsin sem svarar góðu risi, en það mun ekki vera hægt samkv. þessu frumv. Ég legg því til, að hér komi 600 teningsmetrar í stað 500 teningsmetra. Reynslan bendir til, að þetta sé nauðsynlegt, og stórar fjölskyldur gera kröfur til stærra húsnæðis. Ég legg þá fram þessar skrifl. brtt. mínar, en þær eru óprentaðar enn þá. Mér er kunnugt, að hv. Ed. muni ekki setja sig í mót þessum breytingum á frumv., og mun hún ekki tefja málið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 853 og 864) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Þær umr., sem farið hafa fram, síðan ég talaði síðast, sýna greinilega, að það, sem ég sagði, er rétt. Hv. frsm. meiri hl. viðurkennir, að málið hafi ekki verið til glöggvunar í n. fyrr en undir þingfund, og þá lá ekki meira á en það, að fyrri partur dagsins í gær var látinn líða án þess að nokkuð væri átt við nefndarfund. Hv. frsm. sagði, að málið hefði á nefndarfundi fengið þá sömu meðferð sem venja væri um hin mestu mál í n. Guð hjálpi þá n., sem hann starfar í, ef það er venjulegt þar, sem hér á sér stað. Það liggur fyrir, að 9 byggingarfélög hér úr bænum hafa sent grg. til Alþ. um það, hvernig þau vilja hafa þetta mál, en engin þeirra hefur verið lesin, enn síður rædd. Það liggur fyrir, að þetta mál er breyt. á tvennum eldri l., og n. bar ekki við að bera þetta frv. saman við þau l. Ef þetta er venja í þeim n., sem frsm. meiri hl. starfar í, þá er meira en lítið ábótavant starfi þeirra n., og ég veit, að það er ekki svona í þeim n., sem ég starfa í, þar er reynt að bera saman og sjá, í hverju breyt. sé fólgin, og reynt að fá upplýsingar hjá mönnum, sem málið snertir. Þess vegna eru þessi nefndarstörf, sem hv. frsm. ræddi um, ekki eins og þau eiga að vera, heldur þvert á móti. Hvað segir svo hv. frsm.? Hann segist gjarnan vilja bæta við 20 millj. kr., en mátti ekki vera að því að vita, hvort það væri fær leið. Svo mikið lá málinu á. Engum staf mátti breyta. Hvert einasta orð, sem hann sagði um þetta, sannar þess vegna það, sem ég sagði, að það er á málinu óheppileg meðferð í þinginu. Og enn greinilegar kemur þetta fram, þegar þarf að koma fram leiðréttingum, sem allir sjá, að eru sjálfsagðar, en ekki fengust ræddar í n. Hv. 2. þm. Eyf. var með leiðréttingar í n. frá hv. þm. Snæf. og vildi láta ræða þær og athuga, en um það var ekki að tala, því að engu mátti breyta. Hv. þm. sagði réttilega, að það yrði að semja um málið. En svo bezt er samið um það, að menn vilji hlusta á það, sem á milli ber, en því var ekki til að dreifa í n. að þessu sinni. Hv. frsm. sagði ekki eitt orð á móti mínum brtt. annað en það, að hann teldi verr farið að hafa stjórn byggingarsjóðsins í einu lagi og láta lána út í einu lagi til allra byggingarfélaga. Ég færði rök fyrir því í n., og á þau rök féllst hv. 8. þm. Reykv. nú í sinni ræðu, að með því að hafa þetta í einu lagi, ef menn fá lán úr sjóðnum, væri hægt að fá byggingar húsanna ódýrari en ef hvert félag potar fyrir sig. Ekki fékkst þetta heldur rætt. Ósk um að hafa félögin tvö í staðinn fyrir eitt fékkst ekki heldur rædd. Yfirleitt fengust engar brtt., sem stungið var upp á í n., ræddar. Ég vona, hvað sem annars líður meðferð þessa máls hér, að hv. frsm. n. og aðrir nm. læri það að starfa ekki á þennan hátt í nefndum og gefi sér tíma til að líta á málin og

reyna að koma sér saman um þau, og þá jafnframt að þeir mæti á fundum, því að jafnvel á þennan fund komu ekki allir, þó að ég og frsm. n. kæmum á réttum tíma, 3 mættu, en ekki 2, sem eiga þó sæti í n. Hv. frsm. andmælti því ekki, að það er heill hópur af mönnum, sem þurfa að koma upp húsum, en hafa engan útveg til þess, ef það frv., sem nú liggur fyrir Alþ., verður samþ. Hv. 8. þm. Reykv. reyndi að bjarga því með því að vilja setja í frumvarpið heimild til meiri veðdeildarlána heldur en nú er gert í lögum. Það er gott, það sem það nær, en það nær heldur ekki til allra, ekki til þeirra, sem eru vinnulausir, og ekki til þeirra, sem liggja úti og búa í kjöllurum, sem hvergi geta fengið lán, nema viðkomandi sveitarstjórn telji sér skylt að fara að byggja eftir III. kafla frv., þá er það hugsanlegt, en það þarf þar ýmislegt til til þess að geta fullnægt þeim, og ég hefði talið miklu betra að geta komið ákvæði, sem er í 12. gr., í brtt. mínar. Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. Ég tel frv. í þessa átt vera mjög þarft og nauðsynlegt og skal ekki segja um það, hvernig mitt viðhorf verður, ef brtt. mínar verða felldar. Það má vera, að einhverjir geti sætt sig við þá hugsun frsm. meiri hl., að þó að þetta sé ekki nema lítið spor í áttina, þá komi hitt síðar, og í því trausti, að það verði fyrr en síðar, get ég samþ. frv., þó að mínar brtt. nái ekki fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla stuttlega að svara hv. 2. þm. N.-M. Hans ræða nú, eins og hin fyrri, snerist að mestu um málsmeðferð í þessari d. og þá einkum innan heilbr.- og félmn. Ég hef sagt það áður í umr., að það væri ekki óvenjulegt, þegar mál er búið að ganga gegnum aðra d., í þessu falli Ed., og fá þar rækilega athugun og undirbúning og samkomulag hefur farið fram milli flokka, þó að ekki væri þá eytt mjög löngum tíma í meðferð málsins í n. í síðari d., þegar nm. eru líka flestir á einu máli um það, að nauðsyn beri til þess, að málið nái fram að ganga. Mér er vel kunnugt um það, þó að það hafi ekki komið til heilbr.- og félmn. Nd., að það lágu fyrir nokkrar umsagnir frá félögum út af þessari byggingarmálalöggjöf yfirleitt. En hv. 2. þm. N.-M. minntist ekki á það í n. og óskaði ekki eftir, að það væri tekið til athugunar í n., enda tel ég þess ekki hafa verið neina sérstaka þörf.

Sami hv. þm. sagði, að ég væri ekki búinn að átta mig á því, hvort ég teldi fært að samþ. brtt. um að skylda Landsbankann til að lána 20 millj. kr. til byggingarsjóðs verkamanna. Ég hef þegar lýst þeirri skoðun minni hér í d., þegar rætt var um þetta, að ég teldi nauðsynlegt að reyna að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að byggingarfélögum verkamanna yrði aflað nauðsynlegs lánsfjár. Ég tók það þá fram, að ég væri ekki reiðubúinn til þess að ákveða, hvort sú leið væri fær fyrir Alþ. að skylda Landsbankann til þessara lánveitinga, án þess að gerð væri minnsta tilraun til þess að ná samkomulagi við bankann um þetta atriði. En það var vitað, að á meðan sá bankastjóri Landsbankans, sem einnig er form. byggingarsjóðs verkamanna, var erlendis, þá mundi þess enginn kostur að ræða það mál við bankann svo að nokkurn árangur bæri. Ég held því, að hv. 2. þm. N.-M. hafi haft nægan tíma til þess að flytja brtt. hv. 11. landsk. þm., því að það er ekki nýmæli hér í d., heldur er upp undir mánuður síðan þetta kom fram, þótt í nýju frumvarpsformi væri. Hv. 2. þm. N.-M. sagði einnig, að brtt. hv. þm. Snæf., sem hefði verið í höndum eins nm., hefðu ekki fengizt ræddar í félmn. Það er ekki nákvæmlega með farið. Við bentum á það í n., að sumpart teldum við þessar brtt. ekki nauðsynlegar og sumpart mætti ná því, sem í þeim fælist, með framkvæmd löggjafarinnar. Ég tel þó brtt. hv. þm. Snæf. mjög vafasama, að færa stærð samvinnubygginga úr 500 teningsmetrum upp í 600 tm. Með svo mikilli stækkun eru þetta orðnar verulega stórar íbúðir, sem vafasamt er, hvort ástæða er til að veita þau sérstöku hlunnindi, sem annars eru veitt þeim íbúðum, sem byggðar eru eftir verkamannabústaðalögunum eða l. um samvinnubyggingar. Eins og hv. þm. Snæf. tók fram, er nú verið að byggja hér nýjar samvinnubyggingar, þar sem hver íbúð er tæpir 500 tm., og mér er kunnugt um það, að þar er um mjög stórar og myndarlegar íbúðir að ræða.

Ég tel því, að það sé fullnægt réttlátum kröfum þeirra manna, sem slík hlunnindi eiga að fá, jafnvel þótt ekki sé heimilt að fara upp í allt að 600 tm. hver íbúð. Ég skal hins vegar, úr því komnar eru fram þessar kröfur frá hv. þm. Snæf., játa, að mér finnst ekki ósanngjarnt, ef á annað borð hv. d. sæi sér fært að gera nokkrar breyt. á frv., að verða við þeirri brtt. hans að lækka félagatölu í byggingarsamvinnufélögum niður í þá tölu, sem hann leggur til. Hins vegar mundi mér þykja vafasamt, að aðgengileg mundi þykja brtt. hans um það, að aftur á bak skyldi verka sú aukna ríkisábyrgð fyrir byggingar samvinnufélaga, sem hann fer fram á í sinni brtt. En ég vildi, þar sem hæstv. fjmrh. er staddur hér í d. og mun hafa látið í ljós nokkurt álit um ríkisábyrgðir í sambandi við byggingarfélög, óska þess, að hann léti til sín heyra um þetta atriði. Annars vildi ég skjóta því til hv. þm. Snæf., hvort hann vildi ekki taka aftur brtt. sína til 3. umr., þannig að tími ynnist til þess í félmn. að athuga, hvort ekki næðist samkomulag í þessa átt. Ég vildi fyrir mitt leyti stuðla að athugun á þessu, en vildi skjóta þessu til hv. þm. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar um þessar brtt. hv. þm. Snæf.

Hv. 8. þm. Reykv. hélt ræðu hér, og í niðurlagi hennar vék hann mjög að mér. Framan af var ræða hans skynug og skynsamleg. Minntist hann á mig og alþýðuflokksmenn. En svo kom upp gamli Þjóðviljaandinn í síðari hluta ræðunnar, og þá fór allt út um búfur. Hann og hv. 1. landsk. þm. minntust nokkuð á afskipti mín og raunar alls Alþ. af bráðabirgðal., sem sett voru til að breyta löggjöfinni um byggingu verkamannabústaða. Sú saga var rakin á mjög óráðvandlegan hátt, a. m. k. þær breyt., sem gerðar voru með bráðabirgðal., voru ekki annað en það, sem meiri hl. Alþ. og meginhluta þess virðist nú sjálfsagt, að eigi áfram að vera í

þessari löggjöf. Breyt. með bráðabirgðal. er ekki annað en það, að stjórnir byggingarfélaga verkamanna skyldu kosnar hlutfallskosningu og form. stjórnarinnar skyldi skipaður af þeim ráðh., sem færi með félagsmál. Þegar á því stigi málsins var það auðsætt, að ríkið hafði svo mikil afskipti af þessum málum og átti svo mikið undir stj. félaganna, að nauðsynlegt þótti, að ríkið ætti fulltrúa í hverri stj., líkt og er í fjölmörgum n., þar sem fjallað er um þau mál, sem ríkið lætur sig miklu varða. Og það er alveg áreiðanlegt, að það var ekki ótímabært og sízt af öllu til ills, en miklu fremur til góðs, að þessi breyt. var gerð á l. um verkamannabústaði. Ég ætla, að þegar í Ed. var flutt brtt. um það að breyta þessu ákvæði líkt, þó ekki nema á þann veg, að stjórn byggingarfélags verkamanna skyldi öll kosin af félaginu, en ekki hlutfallskosningu eins og áður, þá hafi sú brtt. verið felld með öllum atkv. gegn 3. Og einmitt sá maður, sem einna bezt þekkir til þessa máiefnis og hefur einu sinni verið í byggingarfélagi verkamanna og hafði mikinn áhuga fyrir því, að það gæti starfað hér í bænum, Bjarni Benediktsson borgarstjóri, hann tók það skýrt fram, að hann teldi nauðsynlegt, að ríkisvaldið hefði þetta í sínum höndum að skipa formann í stjórn byggingarfélagsins. Bráðabirgðal. þau, sem ég stóð nokkuð að, hafa því sannarlega staðið tímans tönn og reynslu, og virðist sú hugmynd hér innan sala Alþ. eiga fullkomið fylgi. Hitt er svo annað mál, sem sneri sérstaklega að Byggingarfélagi alþýðu hér í Reykjavík, að forstöðumenn þess félags vildu ekki hlíta landslögum og sviptu því sjálfa sig þeim rétti, sem félagið annars hefði haft til þess að njóta réttinda til lána úr byggingarsjóði verkamanna. Það var ekki löggjafarinnar sök, þó að menn í fullmiklum hita og ofstæki vildu ekki fylgja löggjöf, sem sett var um þetta efni, nauðsynlegri löggjöf, sem hefur sýnt sig að vera ekki gert út í loftið og ekki án þess að þörf væri á.

Héðni Valdimarssyni hefur verið blandað nokkuð inn í þetta mál, en ég ætlaði ekki sérstaklega að fara að ræða um hann í þessu sambandi. Ég vil þó aðeins segja það út af því, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, að Héðinn hefði, að mér skildist einn, komið í framkvæmd löggjöfinni um verkamannabústaði, að að vísu var Héðinn þá í Alþfl. og duglegur afkastamaður, sem átti sinn þátt í þessari löggjöf og sinn þátt í framkvæmd hennar sem form. fyrsta byggingarfélagsins í Reykjavík, en að þessari löggjöf stóð Alþfl., sem Héðinn Valdimarsson stýrði á þeim tíma. Og Alþfl. með ágætri aðstoð Héðins Valdimarssonar framkvæmdi þessa löggjöf fyrstu árin. Annars finnst mér, að þessi hv. þm. ætti ekki að fara að bera Héðin Valdimarsson fyrir sig. Ég ætla, að viðskilnaður hans og þetta sé þannig, að honum sé engin þægð í því, að þeir taki upp hanzkann fyrir sig. Ég held, að menn ættu heldur að halda sér að efni málsins.

Ég get sagt það hverjum sem er, og það vita allir, að Alþfl. lagði á það mikla áherzlu, að eitt byggingarfélag væri starfandi á hverjum stað. Ég er á móti till. í gagnstæða átt frá hv. 11. landsk. Í einu byggingarfélagi hér hefur ekki verið haldinn fundur í hart nær 4 ár, ekki einu sinni aðalfundur. Hvað snertir bráðabirgðalögin frá 1939, þá hafa þau reynzt nauðsynleg.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég er sammála hv. 8. þm. Reykv. Ég get þó líka tekið undir, að ýmislegt hefði verið hægt að gera betur. Ég hefði kosið ýmsa kafla öðruvísi, og ég vildi, að í frv. hefði verið ákvæði um að afla fjár til byggingarinnar. Hitt er annað mál, að ýmsar þær till., sem fram hafa komið, hefðu getað orðið frv. að falli. Ég vil því mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það hefur verið fundið að því, að mikill munur væri gerður á þeim, sem byggja verkamannabústaði, og þeim, sem lifa í samvinnubústöðum. Er það ekki algengt, að gerður er munur á þeim, sem einhvers mega sín, og þeim, sem einskis mega sín?

Maður hefur séð í blöðum stjórnarandstöðunnar, að ekkert gengju störfin á Alþingi. En nú þegar búið er að afgreiða stærstu málin, þá er fundið að því, að málunum sé hraðað um of. Hv. 2. þm. N.-M. veit það vel, að algengt er, að stórmál, sem afgreiða þarf, bíði til seinustu stundar. Þessi mál hafa líka verið rædd mjög mikið. Ég hef áður sagt, að ég hefði kosið, að þetta frv. hefði verið víðtækara en það er. Ég sagði líka, að ýmsar brtt. hefðu getað orðið frv. skaðlegar, og get ég því ekki mælt með þeim.

Það ber nauðsyn til að koma upp ódýrari húsum og bæta mönnum ýmislegt við byggingu húsa. Það má benda á það hér, að iðnaðarmenn eru að koma upp byggingarráðstefnu, og munu þar koma fram ýmsar nýjungar. Byggingarfélögunum er í lófa lagið að koma upp samtökum um kaup á efni o. s. frv. Ég tel samþykkt á þessu frv. vera miklar framfarir. Ég vænti þess svo, að hv. þm. Snæf. taki sínar brtt. aftur til 3. umr.

Sigurður Thoroddsen: Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs, ef ekki stæði svo á, að ég tel mig þurfa að lýsa skrifl. brtt., sem ég flyt. Öðrum brtt. mínum hefur ekki verið mótmælt. Hv. 8. þm. Reykv. sýndi fram á, að Alþingi ætti að ráða í landinu, en ekki Landsbankinn. Hann kvað sig reiðubúinn að greiða till. atkv. Umr. hafa ekki heldur haggað því, að önnur brtt. mín ætti rétt á sér. — Þessi skrifl. brtt. mín er á þessa leið: „Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða: Ríkisstjórninni heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946.“ Það kann að virðast, að þessi brtt. ætti fremur við sem brtt. á tollskrá. Það er nú í ráði að flytja inn 20 tilbúin hús. Ég tel réttlætanlegt að flytja þessa brtt. hér, til þess að létta undir með þeim, sem húsin flytja inn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 856) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá telja sérfræðingar, að nauðsyn sé að stækka rúmmál íbúða úr

500 teningsmetrum í 600 teningsmetra. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta meira, og ég skal taka brtt. mínar aftur til 3. umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vil taka það fram, að ég varð fyrir vonbrigðum að heyra, að hv. 4. þm. Reykv. væri reiðubúinn til að greiða atkv. gegn því, að bankinn yrði skyldaður til að kaupa 20 millj. kr. skuldabréf til aðstoðar við byggingu verkamannabústaða. Við erum komnir á Alþingi til þess að ráða málum þjóðarinnar. Við verðum að tryggja, að ákveðið magn af fjármunum þjóðarinnar sé lagt í þetta fyrirtæki ..... Rangfærsla var hvergi fyrir hendi. En ég veit vel, eins og allur þingheimur, í hverju fyrirmæli brbl. voru fólgin. Þau voru fólgin í því, að formaður Byggingarfélags alþýðu skyldi vera stjórnskipaður. Við vitum það, að til þess að gefa út brbl. þarf alveg knýjandi ástæða að vera fyrir hendi. Löggjafarvaldið á að vera hjá Alþ., en ekki hjá ríkisstjórninni. En hvaða nauðsyn var þá fyrir hendi, þegar hann var ráðh., til þess að gefa út þessi brbl.? L. um verkamannabústaði höfðu þá staðið um áratug, og hann hafði ekkert við þau að athuga. En það, sem skeði, var það, að pólitísk ósátt kom upp milli hans og formanns félagsins. Og til hefndar notaði hv. 4. þm. Reykv. sér það vald, sem hann hafði sem ráðh., og gaf út þessi brbl. Svo sagði hann með sætu brosi, að það væri ekki vegna þess, sem þessa hefði þurft, heldur hefði félagið ekki staðið í stöðu sinni. En félagsmenn vildu ekki þola ofbeldi ráðh., og sá manndómur var hjá þeim, að þeir vildu ekki, að níðst væri á mönnum sínum. En nú vil ég spyrja hv. þm.: Hvað kom til, að ekki mátti draga þetta þar til Alþ. kom saman? En áður en þessi frægu brbl. voru sett, hafði félagið miklar framkvæmdir í undirbúningi. En þessar aðgerðir ráðh. leiddu til þess, að þær stöðvuðust. Og þegar svo þær byggingar, er reistar voru undir stjórn þeirri, er hann setti, voru komnar upp, þá voru þær orðnar langtum dýrari en ella hefði orðið. Ég er sannfærður um það, að ekkert verk hefur verið unnið skelmislegra úr ráðherrastóli en setning þessara brbl. Og réttur til að setja brbl. hefur aldrei verið verr notaður en af hv. 4. þm. Reykv. Það, að Alþ. staðfesti l. svo síðar, sannar ekkert um réttmæti þeirra, er þau voru sett. Vissulega eru svo mörg rök fyrir þessu tvenns konar fyrirkomulagi.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr., en vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. Mér fannst hún gefa skýringu á því, hvernig þetta mál horfir við. Hann hefur tekið ósköp vel í þær brtt., sem fram hafa komið, allt þar til hv. 11. landsk. kemur með brtt. um Byggingarfélag alþýðu. Þá er eins og olíu sé hellt í eld. Út af því, að það hafi verið félaginu sjálfu að kenna, að ekki var byggt, þá vil ég segja það, að við vorum báðir á öllum fundum í því félagi, og honum ætti að vera um það kunnugt, að þetta er rangt. Þegar hann fann það, að félagsmenn vildu ekki breyta um fyrirkomulag og þeir áttu ekki nógu sterk orð til þess að hrósa formanni sínum og hann sá, að fólkið vildi ekki breyta um mann, þá hafði hann vald til þess að setja þessi brbl. og gerði það. Og eitt vil ég segja, og það er það, að enginn maður hefur unnið jafnmikið starf í þágu verkamannabústaðanna og Héðinn Valdimarsson. Byggingar þær, er reistar voru hjá Byggingarfélagi verkamanna voru 2 árum seinna á ferðinni en ef hitt félagið hefði haldið áfram að starfa. Ég bjóst við því, að hv. Alþ. sæi um, að félagsmenn í Byggingarfélagi alþýðu, sem beðið hafa í mörg ár með að fá að greiða gjöld sín, ættu að fá leyfi til þess og fá rétt til þess að byggja. En mönnum blandast ekki hugur um það, að það er ekki svo lítils virði að eiga þarna ⅛ hluta virði í byggingum. Við í Byggingarfélagi alþýðu bárum það traust til löggjafarsamkomunnar, þrátt fyrir brbl., að okkur yrði þá leyft að byggja og fyrnt væri yfir þessar gömlu væringar, en þá er hv. 4. þm. Reykv. eins og kveikja í tundri og ýfir þetta upp aftur.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það var brtt., sem fram er komin á þskj. 856, sem gaf mér tilefni til þess að standa upp. Hún fer fram á, að ríkisstj. sé heimilt að endurgreiða toll af þeim tilbúnum innfluttum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946.

Eins og við vitum, eru þessi hús tolluð miklu hærra en venjulegt byggingarefni, svo að það nemur um 8—10 þús. kr. á húsunum, umfram toll á því timbri, sem til þeirra færi annars, og mun þessi tollur hafa verið settur svo hátt til þess að iðnaðarmenn hefðu nóg að gera. En nú hafa þeir allir nóg að gera. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að endurgreiða það af tollinum, sem hærra er en á timbri. Ég leyfi mér því að leggja til að bæta við brtt. 856 svo hljóðandi: „að því leyti, sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsbygginganna þarf."

Það á ekki lengur að hafa aukatoll, er á sínum tíma var settur til verndunar fagmönnum. Ég vona svo, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari viðbótartill.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 865) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi fyrst segja það út af brtt. 856, hvort flm. vildi ekki taka hana aftur til 3. umr.

Ég þarf raunar litlu að svara ræðum minna fyrrv. flokksmanna. Hv. 1. landsk. sagði, að till. hv. 11. landsk. hefði orðið til þess að hella olíu í eld. En ef einhverjar glæður hafa verið fyrir hendi, þá hefur hv. 8. þm. Reykv. lagt til olíuna. Hv. 1. landsk. sagði það, að félagsmenn í Byggingarfélagi alþýðu hefðu ekki viljað hlíta landslögum, og það er rétt, því að þeir höfðu verið æstir svo upp. Er fundurinn, sem hv. 1. landsk. talaði um, var haldinn, þá lágu brbl. fyrir og var samþ. þar að fara ekki eftir landslögum, og þá er sú saga búin. (*SigfS:* Hvers vegna voru brbl. sett?) Mér er þetta mál vel kunnugt. Þegar þjóðstjórnin var mynduð 1939,

þá var það eitt af skilyrðum Alþýðuflokksins, að útvegaðir yrðu nógir peningar til þess að byggja fyrir verkamannabústaði. En þá er ég nú kominn að hv. 8. þm. Reykv. Ég tek það fyrst fram, að hann er guðfræðingur, og hann er svo biblíufróður, að þegar vitnað er til Adams gamla, þá á það að vera tákn syndarinnar. Og hann vissi ekki, hvort heldur það var rödd hins gamla Adams eða Alþýðufl. sem talaði. Já, hér má segja: Sá hefur nú fengið endurfæðinguna! Hann hefur ekki enn verið eins lengi í Sósíalistafl. og í Alþfl., og mér er nær að halda, að hann eigi ekki eftir að vera þar lengi, ekki eins lengi og hann var í Alþýðufl.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að ég skyldi nefna rangfærslu hjá sér. Rangfærsla hans var auðsæ. Hann lagði áherzlu á það, að brbl. hefðu verið sett til þess að koma Héðni Valdimarssyni úr formannssæti. En hann spyr: Hvers vegna þurfti að grípa til þessara ráðstafana? Vegna þess að þá átti að reisa byggingar víða úti um land, og þess vegna var nauðsynlegt, að stjórnin hefði menn í stjórnum félaganna. Þá stóð til að byggja hjá Byggingarfélagi alþýðu í kvos við Hringbraut og Grettisgötu, en mönnum leizt ekki á staðinn. Við Háteigsveg hafa svo verið reistir á vegum Byggingarfélags verkamanna sérlega fagrir verkamannabústaðir. Erlendir verklýðsleiðtogar, er hér voru á ferðinni fyrir 2 árum, lofuðu mjög bæði bústaðina og staðinn, sem þeim var valinn. Eitt er það sem sagt, sem vannst við brbl., að betri staður var valinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira út af ummælum þessara hv. þm. En ástæðan fyrir útgáfu brbl. var réttmæt og afleiðing þeirra var sú, að fegurri og glæsilegri bústaðir voru reistir. Læt ég svo athugasemd minni lokið.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að glæsilegur árangur hefði náðst af setningu brbl. og forðað hefði verið frá því, að verkamannabústaðir hefðu verið reistir í kvos í stað holts. Satt er það, að þessi árangur náðist vegna þess, að Byggingarfélag alþýðu var hindrað í því að reisa fjölda íbúða. Og bústaðirnir á hæðinni urðu hundruðum þúsunda kr. dýrari en hinir hefðu orðið.

En viðvíkjandi kvosinni er það að segja, að þar rís nú upp eitt af skemmtilegustu hverfum bæjarins, þar sem þúsundir Reykvíkinga búa. Það var mjög glæsilegur árangur að hindra það, að fjöldi bygginga yrði reistur og aðrar miklu dýrari reistar í staðinn. Og svo kemur rúsínan: Það þurfti að setja menn frá stjórninni til þess að veita framkvæmdunum forstöðu. Það þurfti að setja Guðmund Í. Guðmundsson í staðinn fyrir Héðin Valdimarsson.

En ég endurtek það, að heimildin til þess að gefa út brbl. hefur aldrei áður verið misnotuð jafnherfilega og í þetta sinn.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess út af tilmælum, sem fram hafa komið um að taka brtt. 856 aftur til 3. umr., að ég skal verða við þeim tilmælum og tek hana þá aftur til 3.

ATKVGR.

Brtt. 864 og 865 teknar aftur til 3. umr.

— 823,1 felld með 19:9 atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 824,1 felld með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞB, ÁkJ, EOl, LJós, SigfS, SG, STh, BG.

nei: SvbH, BK, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG.

StJSt, EmJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með tilvísun til ummæla minna við umr. málsins greiði ég ekki atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þar sem mér er kunnugt um, að slíkt ákvæði, ef samþ. yrði, mundi sennilega verða frv. að falli, segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Í trausti þess, að heilbr.- og félmrh. segi rétt frá, segi ég nei.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 824,2 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SigfS, SG, SK, STh, SvbH, ÞB, ÁkJ, EOl, GTh.

nei: IngJ, JJós, JPálm, JS, JörB, ÓTh, SB, SEH, SkG, StJSt, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HB, HelgJ.

PZ, PÞ, PO, SÞ, BG greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

5.—10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

11.—37. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

38. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 823,2 felld með 18:7 atkv.

— 823,3 tekin aftur.

39.—43. gr. og bráðabirgðaákvæði samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 112. og 113. fundi í Nd., 16. og 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 766, 856, 864, 865, 866, 871, 872, 897).

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við 2. umr. var farið fram á, að nokkrar till. væru teknar aftur til 3. umr. Þetta var gert í þeim tilgangi, að nefndin kæmi saman og athugaði þær og reyndi að komast að samkomulagi. Boðaður var fundur kl. 10,30. Komum við á hann 3 nm., sem alltaf mætum. Kl. 11 átti ég að vera á öðrum fundi. Eftir hálftíma bið kom svo 4. nm. Hann kveðst ekki hafa tíma til að sitja fundinn, en bezt væri að bóka, að fundur hefði verið haldinn. Sá 5. af nm. sást aldrei. Þetta eru vinnubrögðin á þinginu. Málið kemur

nú aftur í sama farvegi og áður, án þess að nokkuð hafi það verið athugað. Nefndin hefur ekkert gert.

Hámark spillingarinnar náðist svo í gær, er mál var hér flutt af nefnd, en enginn fundur hafði verið haldinn og ekkert nál. lá fyrir. Þetta er fyrir neðan allar hellur, og er skömm að því að taka þátt í slíkum vinnubrögðum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tók eftir því við 2. umr. þessa máls, að hæstv. félmrh. gerði grein fyrir atkv. sínu við brtt. við 3. gr. frv., þar sem farið er fram á að fá Landsbankann til að kaupa skuldabréf að upphæð 20 millj. króna. Hann kvað sig neyddan til að greiða atkv. gegn till., því að hann væri hræddur um, að frv. mundi farast, ef brtt. væri samþ. Ég vil nú spyrja hæstv. félmrh., á hvern hátt það hafi komið fram, að hætta væri á, að frv. félli, ef Landsbankinn yrði skyldaður til að kaupa 20 millj. kr. skuldabréf. Hvaðan koma slíkar raddir? Það er nýbúið að samþ. lög, sem skylda bankann til að leggja fram 100 milljónir til sjávarútvegsins og þá einkum togaranna. Ég get ekki séð, hvaða mótbárur nú er hægt að koma fram með gegn því, að tryggðar séu 20 milljónir til byggingar verkamannabústaða. Það er ekki forsvaranlegt að neita því að leggja fram 20 millj. til verkamannabústaða, þegar nýbúið er að leggja fram 100 millj. í togara. Bankinn getur ekki skorazt undan því og Alþingi ekki heldur að knýja þetta fram. Þetta frv. er stórgott, svo framarlega sem peningar eru tryggðir til framkvæmdanna. En það verða aðeins glæsileg loforð, ef peningarnir fást ekki til að byggja fyrir. — Ég vil ítreka það, sem komið hefur hér fram, að æskilegt væri að fá staðfestingu frá ráðherra, hvort það sé ekki rétt, að sala á skuldabréfum sé mjög erfið eða jafnvel óframkvæmanleg nú. Það væri æskilegt, ef fjmrh. vildi gefa upplýsingar um þetta. Það liggur ljóst fyrir, að ef ekki er hægt að selja skuldabréf á frjálsum markaði, þá verður að skylda bankann til að kaupa þessi skuldabréf. Alþingi getur ekki staðizt við annað en að taka fullt tillit til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Ég leyfi mér að bera fram skrifl. brtt., svo hljóðandi:

„Við 3. gr. Aftan við 4. tölulið bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú samþykkir stjórn byggingarsjóðs að afla lánsfjár til byggingarframkvæmda með skuldabréfaútboði, og er Landsbankanum þá skylt að taka við bréfunum fyrir nafnverð, en síðan annast bankinn sölu þeirra. Ekki er bankanum þó skylt að kaupa samkvæmt þessu meira en svo af skuldabréfum byggingarsjóðs, að nemi 15 millj. króna."

Ég get ekki séð, að þingið hafi ástæðu til að hlífa bankanum við þessu. — Ég vænti svo þess, að hæstv. félmrh. gefi hv. deild skýringar á því, sem kom fram í hans greinargerð við atkvgr. við 2. umr.

Þá liggur fyrir brtt. um að tryggja, að starfa megi í Rvík fleiri en eitt byggingarfélag. Ég skal fara um það nokkrum orðum. Þetta var fellt við 2. umr. Ég álít, að tími sé til kominn, að Alþingi leiðrétti það misrétti frá 1939, er Byggingarfélag alþýðu var svipt rétti til að starfa á þessu sviði. Ég fullyrði, að það er það leiðinlegasta, sem komið hefur fyrir hér, að bola þessu félagi út úr og gera því ókleift að starfa. Það væri sómi þingsins að gera það gott aftur, og vildi ég mæla eindregið með því, að hv. deild samþ. þessa brtt.

Loks er í lögunum, eins og þau eru nú, að viðskiptaráð úthluti byggingarefni. Nú hefur það verið svo undanfarin ár, að það hefur verið að skapast einokun á byggingarefni. Byggingarefnisinnflutningur hefur tvöfaldazt síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp. Ég álít það rangt að veita einstökum mönnum einokun á þessu sviði og tel, að hér verði að verða breyting á. Ég get fellt mig við brtt. um þetta efni á þskj. 872.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessar umr., en höfuðáherzluna legg ég á, að tryggt verði fé til framkvæmda.

Forseti (BG): Borizt hafa 2 skrifl. brtt., önnur frá hv. 2. þm. Reykv. við 3. gr. frv. og hin frá hv. þm. Snæf. við 18. gr. Afbrigða verður leitað fyrir brtt. báðum í einu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 911 og 912) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi gera grein fyrir 2 brtt. við þetta frv. frá mér og hv. 2. þm. N.-M., sem eru á þskj. 871. — III. kafli þessa frv. fjallar um íbúðarbyggingar sveitarfélaga. 27. gr. hljóðar þannig:

„Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir."

Í 31. gr. í sama kafla eru svo ákvæði um, í hverju sé fólgin sú aðstoð við sveitarfélögin. Þar segir:

„Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 29. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið."

Í þessum kafla frv. eru engin ákvæði um, að

ríkisstjórnin skuli fylgjast með þessum byggingarframkvæmdum, sem ríkissjóður á þó að leggja til 85% af byggingarkostnaði. Eins eru og sveitarfélögin óháð ríkinu um gerð húsanna og hafa óbundnar hendur um allt, sem að því lýtur, og geta hagað gerð húsanna eftir vild. Það liggur í eðli sínu, að ekki er rétt að leggja svo miklar kvaðir á ríkissjóð án þess að ríkið hafi nokkuð að segja um framkvæmdir. Ég gat þess við 1. umr., að ég teldi vanta í frv. ákvæði um að gera byggingar íbúðarhúsa ódýrari en þær nú eru. Um leið og ríki og bæir leggja fram stórfé til bygginga, þá er nauðsynlegt að hafa þær sem hentugastar og ódýrastar. Það er vitað, að verulegur liður í byggingarkostnaði er þóknun til húsameistara, sem eiga að veita þessum byggingum forstöðu. Ég veit dæmi til þess, að menn hafa orðið að borga mörg þús. krónur til slíkra manna fyrir það eitt að hafa eftirlit með byggingunum. Eitt byggingarfélag borgar 6000 krónur fyrir hverja íbúð.

Þá er síðari brtt. okkar á þessu sama þskj. um það, að ríkisstj. sé heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að greiða laun ekki færri en 4 manna, sem settir eru í þau störf eða embætti, sem í brtt. er ráðgert að stofna, og að það verði menn, sem ráðnir eru til þessara starfa annaðhvort af ríkisstj. eða sem hún samþ., og hafi þá um leið fullan rétt til þess að veita byggingarframkvæmdum forstöðu, og þeir, sem njóta starfa þeirra, þurfi ekki að hafa aðra byggingarfróða menn til þess að standa fyrir framkvæmdunum. Það má vitanlega um það deila, hvaða tölu skuli setja þarna, við höfum sett, að það skuli greiða úr ríkissjóði laun ekki færri en fjögurra manna. En ef þetta gengur vel í framkvæmdinni, sem ég geri mér vonir um, mætti gera þessa heimild nokkuð rýmri. Og ég er ekki í vafa um, að þetta hafi mikla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð samanborið við þau útgjöld, sem annars er um að ræða í þessu frv., og með tilliti til þess, hve hér er um þýðingarmikið málefni að ræða fyrir allan almenning í kaupstöðum og kauptúnum landsins, sýnist mér, að vel sé fórnandi nokkurri fjárupphæð úr ríkissjóði til þess að einstaklingar geti komið upp íbúðum handa sér og sínum á sem auðveldastan og ódýrastan hátt.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) fór nokkrum orðum um vinnubrögð þau, sem hefðu átt sér stað um þetta mál á milli umr., og var það eins og venja er hjá honum, að hann er vandlátur við sína starfsbræður hér á Alþ. og finnst þeir ekki nógu samvizkusamir og iðnir við þingmálin. Ég álít, að hvað sem líður fundum í félmn., þá hafi verið rétt og eðlilegt að láta taka aftur nokkrar brtt., sem fram hafa komið við 2. umr., og gefa nokkurt tækifæri til þess að aðgæta þær nánar. Og eins og ég sagði á fundi í n. og líka við 2. umr. málsins, taldi ég rétt, að þessar till. yrðu nánar athugaðar við félmrh. og fjmrh. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða félagsmálanefndarfundina frekar. En ég skal aðeins geta þess, eins og hv. 2. þm. N.-M. tók fram, að n. sem slík tók enga afstöðu um neina framkomna brtt., og það, sem ég segi hér um brtt., sem liggja fyrir, er ekki mælt fyrir munn n., heldur er það mín skoðun, sem ég lýsi, enda þótt ég búist við, að sumir nm. séu mér sammála.

Hv. 2. þm. N.-M. hefur flutt brtt. á þskj. 872, og eru hinar 2 fyrstu þeirra nánast smáleiðréttingar á prentvillum, sem ég álít, að mætti leiðrétta án þess að til atkv. kæmi, enda væru þær ekki skoðaðar sem breyt. á frv., þannig að þær breyt. út af fyrir sig þyrftu ekki að gera það að verkum, að frv. færi þess vegna aftur til hv. Ed. Og ég vil skjóta því til hæstv. forseta hvað snertir 1. brtt. á þskj. 872, að það muni vera þar aðeins um leiðréttingu að ræða, sem mundi vera samþ. án atkvgr. sem leiðréttingu á málfari frv.

Um 2. brtt. á sama þskj. vil ég segja það, að mér finnst engin ástæða að samþ. hana, því að það stangast á engan hátt, sem segir um 80% í þessari gr. í samanburði við 45%, sem rætt er um í frv.

Um 3. brtt. á sama þskj. vil ég geta þess, að hugmyndin, sem liggur til grundvallar þeirri brtt., er frá mínu sjónarmiði eðlileg og réttmæt. En ég álít, að það sé alveg eins hægt að ná tilgangi hennar, þó að þetta sé ekki sett í l. Þetta er algert framkvæmdaatriði, sem er á valdi viðskiptaráðs og viðskmrh. á hverjum tíma, og telja má víst, að ef byggingarfélög verkamanna eða byggingarsamvinnufélög óska eftir að geta flutt inn byggingarefni til eigin þarfa, þá muni það ekki verða hindrað af viðskiptamálaráðuneytinu eða viðskiptaráði.

Aftur er það að segja um brtt. á þskj. 871, sem fluttar eru af hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. N.-M., að þar er um nokkrar efnisbreyt. að ræða og nokkuð víðtækar eða stórar, sérstaklega önnur, og tel ég mjög vafasamt, að eigi að taka þá brtt. inn á þessu stigi málsins, þar sem ég geri ráð fyrir því, að um hana kunni að verða talsvert skiptar skoðanir og umr., sem gætu valdið því, að afgreiðsla frv. drægist úr hófi fram eða yrði stöðvuð á þessu þingi, því að allt slíkt vildi ég fyrir mitt leyti forðast.

Við 2. umr. málsins var lögð fram brtt. á þskj. 856 og brtt. við þá brtt. á þskj. 865. Þessar brtt. hafa að geyma heimild fyrir viðskiptamálaráðuneytið til þess að endurgreiða toll á tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946. Um þessar brtt. vildi ég segja það, að eins og kunnugt er hér á Alþ., þá hefur verið skipuð n. að tilhlutun Alþ. til þess að athuga bæði toll o. fl. viðvíkjandi tilbúnum húsum, sem flutt væru hingað til landsins. Hæstv. félmrh. mun fyrir alllöngu hafa skipað þessa n. Nú hygg ég, að sú n. muni ekki enn hafa skilað áliti, og tel ég það fyrir mitt leyti vera réttustu leiðina að bíða eftir áliti þeirrar n. og sjá, hver yrði hennar niðurstaða. Ef niðurstaða hennar yrði á þá lund, að talið yrði hagkvæmt að flytja inn tilbúin hús til þess að bæta úr húsnæðisskortinum, þá álít ég, að vel gæti komið til mála að heimila félmrh. að gefa eftir einhvern toll, sem nú er lagður á þessi tilbúnu hús, þegar þau eru flutt til landsins. En ég tel, að á þessu stigi málsins sé ekki sérstök ástæða til þess að koma þessu ákvæði inn í frv.,

sem hér liggur fyrir, heldur bíða eftir niðurstöðum n., og nú er það vitað, að þing kemur ekki saman seinna en í byrjun okt. næstkomandi, og væri þá töluverður tími til þess á því þingi, ef fyrir lægi sú rannsókn og hentugt þætti að greiða fyrir innflutningi á tilbúnum húsum, að ákveða þá að auka þessa heimild fyrir ráðuneytið og gefa eftir toll af slíkum tilbúnum húsum. Ég álít því eðlilegast að láta þetta bíða, þangað til sú rannsókn væri búin. Ég hef rætt þetta mál við hæstv. félmrh., og er hann á sömu skoðun og ég um þetta atriði. Þá sé ég ekki ástæðu til þess að vekja nokkrar nýjar umr. um þá brtt., sem rædd var nokkuð við 2. umr. málsins og var frá hv. 11. landsk. og var þá felld, en er nú flutt af sama þm. og hv. þm. Snæf. Ég álít, að það sé þegar búið að ákveða hér í hv. d. um það atriði, og mun ég ekki fara um það fleiri orðum.

Hv. þm. Snæf. bar hér fram við 2. umr. og frestaði til þessarar umr. 3 brtt. á þskj. 853. Nú hefur hv. þm. lagt fram brtt. við eina hinna 3 brtt., að í staðinn fyrir 600 teningsmetra komi 500 tm. eða því sem næst. Ef á annað borð á að fara að samþ. einhverjar smábreytingar á þessu frv., sem taldar væru þess eðlis, að ekki væri til fyrirstöðu, þannig að það setti orðalag frv. í nokkra tvísýnu, þá er ég fyrir mitt leyti samþykkur þessari brtt. þannig breyttri, að það væri ekki einskorðað með stærðina, því að ef svo kynni að standa á, að hagkvæmara þætti, að húsnæðið væri 510 eða 520 teningsm., teldi ég eðlilegt að leyfa slíkt. Ég lýsti því yfir í n., að ég teldi, ef smábreyt. yrðu gerðar á frv., sæi ég ekki ástæðu til þess að mótmæla 1. brtt. hv. þm. Snæf., um það að færa nokkuð niður töluna, sem væri samþ. í byggingarsamvinnufélögunum. Og ef hv. d. sæi sér fært að gera þessar smábreyt. á frv., sem ekki tefldu því í neina hættu, væri ég fyrir mitt leyti fús til þess að standa að slíkum brtt.

Nokkuð svipað er að segja um aðra brtt. á sama þskj. frá hv. þm. Snæf., þar sem gert er ráð fyrir að veita fjmrh. heimild til þess að láta byggingarsamvinnufélög njóta ríkisábyrgðar í samræmi við frv. fyrir byggingar, sem byggðar hafa verið eftir 1. jan. 1943. Ég hygg að vísu eftir viðtali við fjmrh., að hann telji sig nú hafa heimild til þess og hafi óbundnar hendur um það, hve mikil ríkisábyrgðin er, sem hann veitir til bygginga slíkra samvinnubyggingarfélaga. Og það mundi þess vegna ekki breyta neinu verulegu, hvort þessi brtt. verður samþ. eða ekki. En hér er aðeins um heimild að ræða, og er það því á valdi ráðh., hvort hann notar þessa heimild.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist nokkuð á það — ég vil segja alvörumál —, hvaða vandkvæði kynnu að því að liggja að afla nægilegs lánsfjár til bygginga verkamannabústaða, og það vandræðaástand, sem skapazt hefði síðustu tíma um útvegun þessara lána. Nú hefur þessi hv. þm. tekið upp hér að lútandi brtt., sem gerð var við 2. umr. málsins, að skylda Landsbankann til þess að kaupa fyrir ákveðinn milljónafjölda skuldabréf byggingarfélags verkamanna. Og get ég vísað um það til þess, sem ég sagði við 2. umr. málsins. En út af því, sem komið hefur fram, bæði við þessa umr. og í sambandi við stofnlánin til bústaðanna, vildi ég segja það, að mín skoðun er yfirleitt sú, að þjóðbankinn eigi að sjálfsögðu að starfa í samræmi við þá stjórnarstefnu, sem ráðandi er á Alþ. og í ríkisstj. á hverjum tíma, og að bankaráð á að tryggja það. Þjóðbankinn er þjóðfélagsstofnun, sem á að greiða götu þeim málefnum, sem það ráðandi pólitíska vald á hverjum tíma vill láta greiða fyrir. En ég hygg, að það muni nokkuð fátítt, jafnvel þar, sem þjóðbankar — sem víðast hvar eru — skilja hlutverk sitt fullkomlega, að þjóðfélagsþegnarnir leggi skyldur á herðar þjóðbankans án þess að við þá sé rætt um atriðið og hann sannfærður um það, að þetta sé skylda hans og hann verði að verða við þeim óskum, Ég tel eðlilegustu og réttustu leiðina í þessum málum, að þegar ríkisstj., sem studd er af meiri hl. Alþ., vill fá þjóðbankann til þess að láta af hendi rakna lánsfé til einhverra þjóðþrifaframkvæmda, þá sé leitað til stj. þjóðbankans og fengið samkomulag við hana á þann hátt. Og að sjálfsögðu mundi þá þjóðbankastjórnin beygja sig fyrir þeim rökum, sem ráðandi ríkisvald hefði bent henni á í þessum efnum.

Nú hefur hæstv. félmrh. við 2. umr. þessa máls lýst því yfir, að hann og hæstv. fjmrh. mundu gera það, sem í þeirra valdi stæði, til þess að ná samkomulagi um það við þjóðbankastj. eða á annan hátt að reyna að fá lán til byggingar verkamannabústaða handa byggingarsjóði verkamanna. Ég vil mega treysta því, að úr þessum framkvæmdum geti orðið, og verður afstaða mín til þessara brtt. sú sama og afstaða mín til sams konar en þó hærri breyt. og þar af leiðandi dálítið öðruvísi, sem flutt var af hv. 11. landsk. við 2. umr. málsins. Ég vil ekki greiða atkv. gegn slíkri brtt., en ég tel eðlilegustu leiðina í þessum efnum, að ríkisvaldið leiti til Landsbankans um þetta atriði. Og ég vil mega treysta því, að þjóðbankinn, ef hann hefur getu til þess, bregðist vel við þessari ósk ríkisstj. og ríkisvaldsins. Þess vegna legg ég mjög mikið upp úr yfirlýsingu hæstv. félmrh. um þetta atriði og tel, að eftir að þetta frv. er orðið að l., megi vænta þess, að hægt verði að afla nægilegs fjár til byggingar verkamannabústaða, þó að í þeim séu ekki nein fyrirmæli um það að skylda þjóðbankann til að lána vissa upphæð til byggingarsjóðs verkamanna.

Ég mun svo ekki fjölyrða meir um þessar brtt. Þetta hefur verið mín persónulega skoðun um brtt., en ég tala ekki fyrir neinn ákveðinn hl. n., því að einstakir nm. munu telja sig hafa óbundnar hendur um þær brtt., sem nú liggja fyrir.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að heilbr.- og félmn. tók á fundum sínum enga afstöðu sem slík til málsins. Nm. hafa allir óbundnar hendur um brtt., sem n. ræddi, og aðrar, sem kunna að koma.

Ég flutti hér við 2. umr. þessa máls brtt. við 4. gr. frv. um það efni, að hér í Reykjavík mættu vera tvö byggingarfélög verkamanna, og

skyldu þau félög, sem nú störfuðu þar, öðlast viðurkenningu samkv. 1. þessum. Þessi brtt. var felld við 2. umr. Og það kom fram þá, að hér væru helzt ekki nema tvö byggingarfélög verkamanna, sem þá væri helzt að ræða um. Nú flyt ég hér á þskj. 866 brtt. um það, að hér í Reykjavík megi vera frjálst að stofna byggingarfélög verkamanna. Þetta er í samræmi við anda l., að í Reykjavík megi vera eins mörg byggingarfélög og vera vill, ef aðeins nægilega margir menn eru í hverju þeirra. Hv. 4. þm. Reykv. sagði um þetta atriði, að það væri útrætt og búið að taka ákvörðun um það, en ég lít svo á, að hér sé um allt annað að ræða, því að brtt., sem felld var við 2. umr., var um það, að það mættu vera 2 byggingarfélög verkamanna í Reykjavík, en hér er um að ræða, að þetta skuli vera frjálst og að þau geti verið fleiri. Og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri útrætt um þetta frá sinni hálfu. Ég skil það vel, því að hann bætir ekki neitt um sínar gerðir með því að ræða um það.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 856, um það að heimila ríkisstj. að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946. Við þessa brtt. flytur svo hv. 2. þm. N.-M. brtt. um það, að sá hluti tollsins skuli greiddur, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf. Ég get vel fellt mig við þessa till. hv. 2. þm. N.-M. og tel hana alveg sjálfsagða.

Hv. 4. þm. Reykv. gat þess, að skipuð hefði verið n. til þess að athuga þessi erlendu tilbúnu hús. Þetta er rétt, hæstv. félmrh. skipaði n. fyrir einum eða tveimur mánuðum til þess að athuga þetta mál. Þessi nefndarskipun kom of seint. Það er á annað ár síðan farið var að tala um að flytja inn þessi hús. Og hvenær þessi n. skilar áliti, er mér ekki kunnugt um. Hún hefur ekki gert það enn. En hv. 4. þm. Reykv. vildi láta bíða að veita þessa heimild, þar til n. hefði skilað áliti eða þar til þingið kemur saman í haust. Ég sé nú ekki þá ástæðu, að þessi brtt. geti ekki orðið samþ. nú, því að hér er aðeins um heimild að ræða fyrir ráðh., og honum er í sjálfsvald sett, hvort hann notar heimildina eða ekki. Og að sjálfsögðu gæti hann beðið eftir áliti n., ef hann vildi, með það að gera eitthvað í málinu. Ég tel sem sagt miklu réttara, að heimildin væri fyrir hendi, svo að þeir menn, sem nú eru að reisa þessi hús, eins og ég gat um við 2. umr., gætu notið þeirra hlunninda strax, þegar n. skilar áliti sínu. Ég vildi að hv. dm. athuguðu þetta mál og fylgdu þessari brtt. minni.

Viðvíkjandi öðrum brtt., sem fram eru komnar, skal ég aðeins minnast á þá brtt., sem er á þskj. 864, 1. liður, um það að takmarka fjölda félagsmanna, sem þurfi að vera í byggingarfélagi. Ég skal taka það fram, að ég mun fylgja þeirri brtt. Einnig mun ég fylgja 3. brtt. á sama þskj., eða öllu heldur þeirri skrifl. brtt., sem hv. þm. Snæf. flytur um það, að tilbúin hús verði um 500 teningsm. eða því sem næst. Það getur verið slæmt að binda þetta við almennt teningsmetramál, og er betra að hafa áálitið svigrúm, svo að hliðra megi til, ef því er að skipta.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvaða ástæður ég hefði fyrir því, sem ég lét orð um falla við 2. umr. þessa máls, að ég teldi, að þessu frv. gæti verið stefnt í hættu, ef inn í það væru sett ákvæði, sem skylda Landsbankann til þess að leggja fram 20 millj. kr. til húsbygginga. Ég hef átt tal um þetta mál við fjmrh., og hann lét svo um mælt, að hann væri andvígur því, að þetta ákvæði yrði sett inn í frv., og vildi ekki láta lögfesta það. Hins vegar hefur hann líka látið þess getið, að hann mundi aðstoða mig við að selja skuldabréf fyrir byggingarsjóðinn, þegar til þess kemur, að þess sé þörf, sem ég held, að sé nú þegar orðin, því að vitað er, að mjög margir landsmenn bíða nú eftir samþykkt þessa frv. til þess að hefjast handa um byggingar. Að öðru leyti er kunnugt, að Alþ. er því mjög andvígt að skylda Landsbankann til þess að veita fé til eins eða annars, og kom það fram í umr. um stofnlánasjóðsfrv. Ég ætla, að þessi till. eigi ekki þann byr hér á Alþ., að samþykkt hennar, ef svo ólíklega færi, að samþ. yrði, gæti ekki haft annað í för með sér en að velkja frv. á milli deilda. Og þó að fjmrh. sé fullur af velvilja í þessu máli, tel ég ekki, að það mundi bæta fyrir, að fé fengist til þessa byggingarsjóðs.

Út af brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. á þskj. 872 vil ég aðeins láta þess getið, að ég tel ekki, að 3. tölul. hennar, um innflutning byggingarefnis, mundi koma að haldi, því að vitanlegt er, að byggingarfélögin verða mörg og smá og eðlilegt, að þau myndi með frjálsum samtökum samböndsín á milli og hafi samvinnusamtök um innkaup á byggingarefni. En ég tel ekki, að sú till. að fara að veita hverju smáfélagi innflutningsleyfi fyrir byggingarefni mundi ná tilgangi sínum, þó að samþ. yrði, og mun því ekki mæla með henni.

Varðandi till. frá hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. V.-Húnv. um eftirlit með byggingunum, er það vitað mál, að byggingarframkvæmdirnar verða væntanlega það miklar samkv. þessum l., að kák eitt væri að setja 4 menn þar til eftirlits. Eftirlitið verður að vera í höndum byggingarfélaganna sjálfra að mestu leyti. Ég get þess vegna ekki mælt með þessari brtt.

Viðvíkjandi brtt. hv. 11. landsk. á þskj. 856 með viðaukatill. frá hv. 2. þm. N.-M. vil ég ítreka það, sem hv. 4. landsk. sagði hér um þetta mál, að fjmrh. hefði lýst því yfir, að hann mundi taka til athugunar að leita heimildar um eftirgjöf á tollum af íbúðarhúsum, sem flutt kynnu að verða inn, ef það sýndi sig, að slíkur innflutningur væri hagkvæmur og hús fáanleg. Eins og sakir standa er þetta hvort tveggja á huldu, ekki möguleikar til að fá slík hús flutt inn í landið og líka óvíst, að hve miklu leyti slíkur innflutningur væri heppilegur. Ég hef fyrir löngu skipað n. til þess að athuga þetta mál og býst við því, að niðurstöðurnar af þeim athugunum muni liggja fyrir innan skamms. Auk þeirra sænsku timburhúsa, sem talað er um að flytja inn, hefur síðustu dagana verið rætt um möguleika á því að setja hér upp hús úr aluminium. Ég skal ekkert um það segja, hvort athuganir, sem gerðar verða á slíkum húsbyggingum, leiða í ljós, að slík hús muni

hentug fyrir okkar veðurfar hér. En nýlega fékk ég tilmæli um það frá kaupsýslumanni íslenzkum í London að greiða fyrir komu brezks byggingarmeistara, sem ætti að athuga, hvaða breytingar þyrfti að gera á húsunum, sem verið er að byggja fyrir brezku stjórnina, til þess að þau hentuðu fyrir þær kröfur, sem gerðar eru um húsbyggingar hér á landi. Ætlunin er svo, að eitt af slíkum húsum verði sett hér upp á byggingarráðstefnunni, sem haldin verður. En því miður er tíminn svo naumur, að ekki verður unnt að gera þær breytingar á þessari tegund húsa, sem byggingarmeistarinn taldi, að þyrfti að gera fyrir Íslendinga, áður en ráðstefnan byrjar. Þess vegna verða húsin, sem í ráði er að setja upp, af þeirri tegund, sem notuð er í Bretlandi. Ef það sýnir sig, að hentugt verður að fá innflutning á húsum, til þess að gera byggingar ódýrari, þá verður jafnframt að sjá fyrir því, að fullnægt sé þeim kröfum, sem menn gera hér um húsbyggingar, og hef ég í því stuðning fjmrh., að leitað verði heimildar um að gefa eftir innflutningsgjald af húsum. En á meðan þessar athuganir hafa ekki farið fram, tel ég ákvæði um þetta næsta þýðingarlítil. Jafnhliða því, að athuganir verða gerðar um verð þessara húsa af n., sem skipuð hefur verið eftir fyrirmælum Alþ., og þá húsa úr öðru efni, sem væntanlega fara fram á byggingarráðstefnunni, þá hef ég gert ráðstafanir til þess, að húsaleigulögin verði endurskoðuð, og mun setja í það nefnd allra næstu daga. Ég hef hugsað mér að haga því þannig, að bæði leigjendur og húseigendur eigi fulltrúa í n., þannig að sjónarmið sem allra flestra gætu komið fram við þá athugun.

Út af till. frá hv. 2. þm. Rang. og fleirum viðvíkjandi skilgreiningu á því, hvað kauptún séu, tel ég fyrir mitt leyti, að kauptún séu þar, sem löggiltar hafnir eru og verzlanir, og enn fremur staðir, þar sem menn safnast saman án þess að þessi skilyrði þurfi endilega öll að vera fyrir hendi, t. d. Hveragerði og Selfoss. Talan, sem ákveðin er um meðlimafjölda þeirra, sem eru í byggingarfélögum, segir nokkuð til um, hve stór byggðin þarf að vera til þess að hægt sé að stofna byggingarsamvinnufélög. Nú liggur fyrir till. frá hv. þm. Snæf. um að færa þessa tölu nokkuð niður frá því, sem er í frv., og get ég eftir atvikum fallizt á hana og tel, að eftir það sé þessi till. um skilgreiningu eiginlega óþörf, og vildi mælast til þess, að flm. tækju hana aftur, þar sem ég tel víst, að þessi l. verði framkvæmd á þann hátt, sem felst í till. Ég álít bezt, að ekki séu um það önnur fyrirmæli en nú felast í l.

Viðvíkjandi brtt. hv. 11. landsk. á þskj. 866, sem hann flytur ásamt hv. þm. Snæf., tel ég, að um hana hafi þegar gengið atkvgr. hér í d. Hv. 4. þm. Reykv. hefur rætt mjög ýtarlega um þessa brtt., sem hér liggur fyrir, og sé ég því ekki ástæðu til að lengja mál mitt öllu meir, en vænti þess, að hv. d. afgreiði þetta mál frá sér skjótlega, þar sem um það hafa farið fram allmiklar umr. bæði á hæstv. Alþ. og utan Alþingis.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans viðvíkjandi grg. hans við 2. umr., hvers vegna hann hefur verið á móti því að leggja þá skyldu á þjóðbankann að kaupa skuldabréf fyrir 20 millj. kr. Skýrsla dómsmrh. fól það í sér, að raunverulega væri fjmrh. andvígur þessu ákvæði. Hann hefði hins vegar lofað aðstoð sinni um að selja þessi bréf, þegar þess gerðist þörf. Nú er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessi þörf er þegar fyrir hendi og hefur verið það lengi. Það hefur undanfarið verið svo, að byggingarsjóðurinn hefur ekki getað selt þau bréf, sem hann hefur boðið út, og því ekki getað fengið það fé, sem hann hefur þurft til þess að geta starfað að þeim framkvæmdum, sem honum eru fyrirhugaðar. Og nú virðist manni samt, að þetta hefði verið hægt hjá stjórn byggingarsjóðsins, þar sem einn helzti bankastjóri Landsbankans er formaður byggingarsjóðsins, og að það hefði þess vegna, þar sem maður getur reiknað með því, að nokkur vilji sé fyrir hendi hjá formanni byggingarsjóðsins að afla lána, átt að vera sá möguleiki, ekki sízt ef félmrh. hefði lagzt þar á sveif með. Væri hann þegar búinn að láta undan í þessu máli, ef hann ætlaði sér að gera það. Ég vil því leggja áherzlu á, að ég held það þyrfti ákveðnari yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstj. í þessu máli, til þess að rétt væri af hv. d. að falla frá því að samþ. mína tillögu. Ég held, að það þyrfti að koma yfirlýsing frá öðrum hvorum ráðherranum um það, að ríkisstjórnin væri búin að tryggja það, að Landsbankinn keypti þessi bréf fyrir svona og svona upphæð, svo að þar með væri öruggt, að þessu gæti orðið hrundið í framkvæmd. Ég tala þarna ekki út í bláinn eða af því að mig langi til að skylda Landsbankann til þess, eins og sumir kynnu að halda. Ég tala út frá þeirri reynslu, sem ég hef fengið við meðferð á öðru máli hér á þinginu, í sambandi við stofnlán til sjávarútvegsins. Ég veit, hvað þarf til þess að skylda Landsbankann til að lána fé. Það er vitanlegt, að Landsbankinn lét þá menn, sem hann helzt hefur samband við, flytja þau boð hér, hvort ekki mætti komast af með í samráði við ríkisstjórnina að taka svona lán, jafnvel lýsa yfir, að bankinn mundi nú gera þetta, ef hann bara ekki væri skyldaður til þess. Ég held þess vegna, að það verði að taka Landsbankann dálítið föstum tökum nú. Ég held, eftir reynslunni á þessu þingi, að þá sé nauðsynlegt að skylda Landsbankann til að gera þetta. Þá væri máske, ef auðséð væri, að vilji væri í þinginu fyrir því, sá möguleiki, að bankinn kæmi fram og byðist til þess að kaupa þetta, til þess að komast hjá því að vera skyldaður til þess með lögum. Ég hef þessa reynslu, og ég held flestir þm. hafi þessa reynslu með mér. Það þarf að taka stjórn Landsbankans fastari tökum en þeim, sem dómsmrh. mun nægja núna, og þeim tökum, sem þessi eina stofnun í landinu, Alþ., getur gert. Mér finnst þess vegna, að sú yfirlýsing, sem þyrfti að liggja fyrir frá fjmrh. í þessu efni, þyrfti að vera ákveðnari, ef Alþ. ætti að geta sætt sig við að falla frá að skylda Landsbankann til þess að veita ákveðin lán. Reynslan sýnir það, hve mikið þarf til þess að fá þessa voldugu stofnun okkar til þess að láta undan, og það er alveg sama og engin

ástæða fyrir Alþ. að hlífa henni í þessum efnum, þegar um svona mikið mál er að ræða eins og að tryggja framgang þessa mikla lagafrv., sem hér liggur fyrir. Alþ. hefur reynt það að fara bónarveg að Landsbankanum, að mælast til ákveðinna hluta við Landsbankann, og ég sé vel af þeim viðskiptum, sem við höfðum viðvíkjandi stofnlánum til sjávarútvegsins, að meðan verið var að leggja til við Landsbankann, að hann veitti aðstoð sína, var hann hinn versti og taldi allt úr, sagði ekkert hægt að gera í þessum efnum. En þegar hann var tekinn þeim tökum að skylda hann með lögum, lýsti hann yfir, að hann mundi fúslega sætta sig við þetta, bara að hann fengi að framkvæma það. Ég held þess vegna, af þeirri reynslu, sem Alþ. hefur fengið af viðureigninni við Landsbankann, að óhjákvæmilegt sé að taka þetta fastari tökum. Það mundi raunar ekki vera þörf á þessu, ef það væri eins og hv. 4. þm. Reykv. lýsti, að það ætti að vera, að tryggð væri sama stefna í framkvæmdum og fjármálum þjóðbankans eins og er hjá Alþ. og ríkisstj. á sama tíma. En sú stefna er bara ekki tryggð. Enn þá er ekki búið að fá það fram, að bankinn fylgi þeirri pólitík, sem ríkisstj. hefur tekið upp, og því má ekki hika við að grípa til frekar leiðinlegra aðgerða eins og að skylda Landsbankann til þess að gera hluti, sem honum ætti að vera ánægja að gera. Og þegar það er athugað, að byggt hefur verið fyrir 93 millj. kr. á einu einasta ári hér í Rvík, er engin afsökun fyrir því, að þjóðbankinn geti ekki tryggt það að kaupa skuldabréf fyrir 15 millj. kr., til þess að tryggja byggingu verkamannabústaða á öllu Íslandi. Þessir peningar eru til, og spurningin er bara að knýja bankann til að nota þá. Má vera, að það gengi út yfir sumt af byggingum, sem heldur mundi fara til efnaðri manna. En það yrði þá bara að hafa það. Mér er ljóst, að aldrei hefði hafzt í gegn að fá 100 millj. kr. til stofnlána handa sjávarútveginum, ef það mál hefði ekki verið sótt eins hart og það var sótt. Og eins er ég viss um, að ekki verður hægt að knýja fram að láta þjóðbankann lána verulegar fjárupphæðir til byggingar verkamannabústaða, nema Alþ. sæki þetta mál mjög fast. Ég vil hins vegar mjög alvarlega biðja dómsmrh. að athuga það, að hann sé ekki búinn að sleppa því tækifæri, sem hann hefur enn þá, til þess að geta beygt Landsbankann til hjálpar til að framkvæma þetta mál. Enn þá hefur dómsmrh. einmitt möguleika til þess að fá frá hv. Alþ. það vald, sem honum nægir til þess að geta knúið þetta frv. fram í veruleikanum, gert það að framkvæmd undir eins og það er samþ. með l. En eftir að búið er að samþ. þetta frv., ef það yrði samþ. án brtt. minnar, þá hefur hann litla aðra aðstöðu en þá að fara bónarveg að Landsbankanum, að biðja hann að gera þennan hlut. Og eftir þeirri reynslu, sem stjórn byggingarsjóðsins hefur haft undanfarið, sem á helzta bankastjórann fyrir formann, er sú reynsla sannarlega ekki svo glæsileg, að það væri gaman fyrir dómsmrh. að vera í þeirri aðstöðu. Ég skil það ofur vel, að bæði dómsmrh. og fjmrh. sé illa við að skylda Landsbankann í máli eins og þessu. Það er engan veginn skemmtilegt að fara inn á þessa leið. En það er köld og nöpur reynsla, að við höfum orðið að gera þetta, og með því hefur okkur tekizt að knýja stórmál fram, þrátt fyrir það, að bankinn upphaflega stritaðist á móti eins og hann gat. Þess vegna er það, að ég mun mælast til þess við dómsmrh., að ef hann ekki gæti fengið yfirlýsingu frá fjmrh. um, að hann tryggði það, beinlínis gæti nú tryggt það, að stjórn Landsbankans mundi kaupa skuldabréfin fyrir allríflegar upphæðir, hvort ekki væri þá betra fyrir hann að fá þessa heimild frá Alþ. Ég held, að meira að segja flokkur hans hafi þá reynslu frá gömlum tímum, að gagnvart Landsbankanum sé nú vissara að standa nokkuð sterkur. Það hefur komið fyrir, jafnvel þegar Alþfl. átti ráðh. í ríkisstj., að Landsbankinn hefur sýnt sig að vera erfiður, þegar Alþfl. hefur viljað fá fram mjög mikilvæg mál. Þannig að enn er tækifæri til þess að samþ. þetta og tryggja þar með heppilega framkvæmd á þessu frv., og vildi ég mjög leggja áherzlu á, að það yrði gert. Það er vitanlegt, að þjóðin ætlast til þess, að þetta þýðingarmikla frv. verði framkvæmt. Og hún mundi verða fyrir alvarlegum vonbrigðum, ef af hálfu Alþ. yrði ekki gengið betur frá því en svo, að nokkrir embættismenn í Landsbankanum gætu hindrað okkur í að framkvæma þetta mál, sem hér er verið að framkvæma.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á um till. á þskj. 872, viðvíkjandi innflutningi á byggingarefni, þar sem hann talaði um, að það væri á valdi viðskiptaráðs, hvernig þetta væri ákveðið, þá vil ég hreint segja, að það er einmitt undir valdi viðskiptaráðs, sem ég vildi ekki eiga í þessum efnum. Það er til þess að forða þessu, að ég samþykki þessa brtt. Maður veit, hvað erfitt er að fá fram nokkrar breyt. til bóta á störfum viðskiptaráðs. Allur þingfl. hv. 4. þm. Reykv. er búinn að leggja fram sérstaka þáltill. í því skyni að fá fram breyt. í þessu efni, og þrátt fyrir það, þó að búið sé að samþ. breyt. á þessum l., hefur ekki tekizt að fá þessar breyt. fram. Ég held það sé þess vegna mjög heppilegt að eiga þetta ekki undir valdi viðskiptaráðs, heldur væri byggingarfélögunum tryggður þessi innflutningur. Viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að byggingarfélögin væru of smá til þess að þetta kæmi að notum, þá held ég, að það sé ljóst, að þó að innflutningsleyfum og gjaldeyrisleyfum væri úthlutað til þessara félaga, þá held ég, að þessi byggingarfélög mundu hafa samstarf um það að kaupa inn þetta byggingarefni. Náttúrlega hefði mátt leggja þetta í hendur byggingarsjóðanna, og það kom fram till. frá einum þm. í minum flokki um sérstaka stofnun, sem hefði með að gera byggingarefnisinnflutning, því að við vitum, að það er ákaflega mikilvægt, að byggingarefni sé sem álagningarminnst. Það hafa því verið nægileg tækifæri til þess að tryggja, að byggingarvöruinnflutningur yrði hagnýttur sem bezt, svo að það er ekki það, sem hefur valdið. Nú skilst mér, að þessi till. sé fram komin til þess að tryggja, eftir að aðrar till. hafa verið felldar, að þessi byggingarfélög fái að breyta

leyfum sínum, og ef þau leyfi eru svo smá, þá trúi ég ekki öðru en að lítil félög hafi vit á því að hafa samstarf sín á milli. Hins vegar vil ég taka það fram, að ég mundi hafa hallazt að því, sem hæstv. félmrh. hefur álitið heppilegt, að það væri hægt að tryggja byggingarvöruinnflutning til svona félaga í miklu stærri stíl, og hér var lögð fram till. um það, sem var felld. Ég held þess vegna, að till. á þskj. 872 sé heppileg. Hef ég áður lýst skilningi mínum á henni, sem sé, að hún ætti að tryggja rétt fyrir það byggingarefni, sem þyrfti. Ef till. er skilin þannig, þá þýðir það forréttindi til handa þessum byggingum. Ég hef ekki heyrt skýringu hv. flm. á þessu, en álít mjög æskilegt, að hún komi fram.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hygg ekki möguleika á því að fá þá aðaltill. samþ., sem hv. 2. þm. Reykv. lagði mesta áherzlu á, að skylda Landsbankann til þess að lána fé til byggingarmála, með því að ekki mun vera neinn þingvilji fyrir henni. Ég vil þess vegna fara nokkuð vingjarnlega leið í þessu máli við þá, sem stjórna Landsbankanum, og má vel vera, að það sé of mikil bjartsýni hjá mér að gera ráð fyrir því, að hún beri árangur. En það hefur verið svo, að útvegun fjár til þeirra verkamannabústaða, sem hafa verið byggðir, hefur verið framkvæmd að mestu eða öllu leyti af form. byggingarsjóðstjórnar, sem hefur dvalið utanlands, en er alveg nýlega kominn heim. Ég ber það traust til form. byggingarsjóðstjórnar, að hann muni allur af vilja gerður til þess að útvega fé nú þegar á sama hátt sem hann hefur gert áður, en hann er jafnframt aðalbankastjóri Landsbankans, og síðan þessi tvö embætti voru sameinuð, hefur hann komið þannig fram við byggingarsjóði verkamanna, að hann hefur útvegað þeim það fé, sem þeir hafa haft möguleika til að byggja fyrir á undanförnum árum, og ég hef ekki orðið var við, að afstaða hans sé að neinu leyti breytt. Meðan mikið fjármagn var til í landinu, hrökk ákvæðið um ríkisábyrgð á lánum og þessi aðstoð til þess, að það hefur verið byggt fyrir nokkurn veginn það fé, sem óskað hefur verið eftir að byggja fyrir. Með því fjármagni, sem enn er til í landinu, vil ég að óreyndu ekki trúa öðru en því, að þessi sama aðstoð hrökkvi til, og það því fremur sem ég geri ráð fyrir, að við mundum í bankaráði geta notið ágætrar aðstoðar hv. 2. þm. Reykv., sem að vísu er þar varamaður, en hann getur þó að sjálfsögðu ráðið afstöðu aðalmannsins, sem hans flokkur á þar í ráðinu. Núverandi stjórnarfl. eru meiri hl. í bankaráði Landsbankans, og með þeim undirtektum, sem þetta mál hefur fengið hjá yfirmanni bankans, hæstv. fjmrh., vil ég ekki að óreyndu ætla, að það muni ekki vera hægt að koma nokkru fram í þessu efni.

Viðvíkjandi innflutningi byggingarefnis þá hef ég tekið það fram oftar en einu sinni, að ég hygg, að byggingarsamvinnufélög og þau félög, sem byggja verkamannabústaði, ættu að mynda með sér stórt innkaupasamband, og þó að heimildin hafi verið felld úr frv. eins og það var upphaflega, hygg ég, að hægt sé að gera slíkt með frjálsum samtökum, og tel ekki, að sú till. frá hv. 2. þm. N.-M., sem hér liggur fyrir, mundi bæta neitt úr í þeim efnum, því að slíku innkaupasambandi, sem þar er gert ráð fyrir að verði stofnað, mundi ofviða að fá innflutningsleyfi, þegar þar að kæmi.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Í Ed. var á sínum tíma fellt að setja ákvæði um stofnun allsherjar innkaupasambands. Við 2. umr. hér í d. var fellt að heimila sjóðsstjórninni að koma á innkaupastofnun fyrir alla þá, sem byggja. Nú vill hæstv. dómsmrh. láta fella till. um að heimila hverju félagi að fá leyfi beint handa sér, af því að það sé of smátt. Hvað vill hæstv. ráðh.? Ég skil það ekki enn, þetta er ýmist of stórt eða of smátt. Ef gr. er samþ. eins og hún liggur fyrir, þá liggur það í hlutarins eðli, að hin stærri félög nota sér þann rétt, sem þau þá hafa til þess að fá byggingarefni sitt beint inn, og spara sér þar með kostnað, en skilyrðið til þess, að það sé hægt, er, að það sé mögulegt að láta þau hafa innflutninginn, en eftir innflutningsreglunum er það ekki mögulegt, og þess vegna tek ég það fram, að þau öðlist sama rétt og þeir, sem fluttu inn byggingarefni áður. Þess vegna er það ákaflega vitlaust, úr því að búið er að samþ. breyt. á annað borð, að geta ekki verið með því, að þetta sé samþ. líka.

Þá skil ég ekki þá tregðu, sem virðist vera á því að gefa eftir tolla á innflutningi frá Svíþjóð. Það er vitað, að búið er að panta og fá leyfi fyrir 30—40 tilbúnum húsum frá Svíþjóð, en þegar talað hefur verið um að gefa eftir tolla af þeim, þá hefur það alltaf verið talið ómögulegt nema með l., en nú má ekki setja inn í l., að ráðh. sé heimilt að gefa eftir tollinn, og hæstv. dómsmrh. telur, að hægt sé að gefa eftir toll án lagaheimildar. Hvaða samræmi er í þessu? Ég tel sjálfsagt að samþ., að heimilt sé að fella niður toll af timburhúsum, en þar fyrir er ég ekki að segja um það, hversu heppileg þau séu, en séu þau óheppileg, er alveg sérstök ástæða til að gefa eftir toll af þessum fyrstu húsum. Ég sé því ekki annað en öll rök mæli með því, að þessi heimild sé gefin.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vil aðeins leiðrétta tvennt í ræðu hv. 2. þm. N.-M., sem er algerlega rangt. Það kemur að sjálfsögðu fyrir mig stundum, að ég heyri ekki eða skil ekki það, sem þessi hv. þm. segir. En hitt hef ég ekki vitað, að ég væri svo óskýrmæltur, að menn almennt ekki heyri það, sem ég segi hér í d., en það virðist þó hafa komið fyrir þennan hv. þm. að þessu sinni, að hann hafi ekki heyrt það, sem ég sagði, og það heldur meinlega. Hann hafði hér eftir mér, að hægt væri að gefa eftir toll án þess að hafa til þess lagaheimild. Ég hef aldrei sagt, að það væri hægt að gefa eftir tolla nema með lagaheimild, en ég hafði það eftir hæstv. fjmrh., að ef hann teldi, að það væri rétt að hefja innflutning á tilbúnum húsum, þá mundi hann athuga þá leið,

að það yrði leyst á þá lund, að hann leitaði heimildar um eftirgjöf á tolli.

Þá vil ég líka leiðrétta það hjá hv. 2. þm. N.-M., að ég hafi staðið fyrir að fella innkaupaheimildina burt úr þessu frv. í Ed. Það er alveg tilhæfulaust, að ég hafi staðið fyrir því. En ég gat sætt mig við, að þetta væri gert, vegna þess að ég taldi víst, að hægt væri að koma á slíkri innkaupaheimild með frjálsum samtökum þrátt fyrir það, þó að það stæði ekki í l.

Þriðja atriðið, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. N.-M., er líka rangt, að það standi nokkurs staðar í l., að byggingarfélög megi ekki fá innflutningsleyfi. Þetta er ekkert annað en reglugerðarákvæði, sem hægt er að breyta hvenær sem er.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. meira. Ég vil vona, að hæstv. forseti sjái sér fært að láta atkvgr. um frv. fara fram nú, helzt fyrir fundarhlé.

Einar Olgeirsson: Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. félmrh. sagði. Hann taldi víst, að hægt væri að koma á slíkum innkaupum með frjálsum samtökum. Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Það er hægt að mynda þau frjálsu samtök, en það er ekki hægt, eins og sakir standa, að tryggja þeim þennan innflutning. Það er þannig háttað með reglugerð viðskiptaráðs og starfshætti þess, að það er í rauninni ekki gert ráð fyrir nýjum aðila, þannig að þetta mundi ekki vera hægt nema því aðeins að fá nýja reglugerð eða henni breytt, og við þekkjum, hvernig er að fá breyt. á reglugerð viðskiptaráðs. Ég vænti, að hæstv. fjmrh. upplýsi okkur um það, hvort hann hefur í hyggju að gera slíkar breyt., ef myndað væri slíkt innkaupasamband, og fá því í hendur innflutninginn á því byggingarefni, sem það þyrfti. Ég held, að það sé varhugavert fyrir hæstv. dómsmrh. að álíta, að það væri víst, að hægt væri að koma slíku innkaupasambandi á með frjálsum samtökum. Ég held það sé rétt fyrir hæstv. ráðh. að athuga það, áður en hann byggir á því við afgreiðslu á þessu máli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 897, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv. Enn fremur voru leyfð afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 913) og samþ. með 22 shlj. atkv.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mikilsverða mál. Það hefur verið rætt um það frá ýmsum hliðum, bæði í sambandi við húsaleigulög o. fl., svo að menn munu hafa kynnzt öllum viðhorfum málsins. En það voru ummæli, sem féllu hjá hv. 2. þm. Reykv., sem ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta. Hann sagði, að viðskiptaráð leyfði ekki frjálsan innflutning á byggingarefni. Þetta er ekki alls kostar rétt. Með járn og sement hefur það t. d. verið þannig, að innflutningur hefur verið algerlega frjáls, en staðið hefur á skipakosti, þótt nú hafi nokkuð úr rætzt. Ég vil benda á þetta til að sýna, að það er ekki allt fengið með því að stofna til stórra félaga, ef aðrir möguleikar eru ekki fyrir hendi. Þeir, sem hafa haft með þetta að gera, hafa reynt að greiða úr eftir getu. Og þegar rætt er um byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, verður að gæta nokkurrar hófsemi, þannig að ekki sé um of dregið frá framleiðslunni. Fyrir viku voru hér 3 skip á höfninni, þar af eitt sementsskip, og reyndist mjög erfitt að ná úr því farminum. Þetta sýnir, að þótt við hér á Alþingi gerum stórfelldar áætlanir, þá verðum við að hlíta þeim aðstæðum, sem fyrir hendi eru.

Ég ber ekki á móti því, að þörf sé á að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en kröfurnar í því efni verða að samrýmast getunni. Þá vil ég benda á, að á meðan dýrtíðin er svo gífurleg, er sagan ekki öll sögð með því, þótt við fengjum nóg efni. Það verður einnig að vera til nægur vinnukraftur, svo að ekki horfi til stórvandræða fyrir þá, sem ætla að byggja. Ég hef hér fyrir framan mig öruggar tölur um, hvernig byggingarkostnaður skiptist. Hagstofan hefur reiknað út, að helmingur byggingarkostnaðar sé vinnulaun. Þó er allur akstur talinn með efniskostnaði, en ætti í rauninni að teljast með vinnu. Þá er ekki heldur reiknað með neinni eftirvinnu, en venjulega er unnin 1 klst. í eftirvinnu. Frá því þetta er reiknað út, hefur byggingarkostnaður hækkað um 10% samkvæmt upplýsingum frá byggingarmeisturum, og eru það eingöngu vinnulaun, sem orsaka þá hækkun. Þess vegna endurtek ég það, að þegar við komum af stað byggingarframkvæmdum í stórum stíl, þá verðum við jafnframt að tryggja það, að byggingarnar verði ekki óeðlilega dýrar vegna skorts á vinnuafli. Mér er kunnugt um, að það er algengt hér í Reykjavík, að byggingarkostnaður húsa fer langt fram úr áætlun, vegna þess að ekki er hægt að vinna að byggingunni af fullum krafti. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að allt kapp verður lagt á að flytja inn efni. Nokkur skortur er nú á timbri, en engin þurrð á sementi og steypustyrktarjárni. Ég veit til þess, að SÍS og fleiri aðilar hafa tryggt sér sement frá Noregi og Danmörku, alls um 9 þús. tonn, en það er takmarkað, sem þessi lönd geta framleitt, vegna kolaskorts.

Ég vildi gefa þessar skýringar, en mun ekki ræða þetta nánar, enda hef ég áður komið inn á þetta efni í sameinuðu Alþingi í sambandi við húsaleigulögin.

ATKVGR.

Brtt. 897 samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JörB, PZ, PÞ, SB, SG, STh, SkG, SvbH, ÞB, ÁkJ, BÁ, BK, EOl, EystJ.

nei: GTh, HB, JJós, JPálm, JS, ÓTh, PO, SEH, StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, BG.

GSv, LJós, SigfS, SK greiddu ekki atkv.

1 þm. (SÞ) fjarstaddur.

Brtt. 912 felld með 23:7 atkv.

— 866 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞB, ÁkJ, EOl, GTh, IngJ, LJós.

nei: PO, SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, BK, EmJ,

EystJ, FJ, GÞ, HB, HelgJ, JJós, JPálm, JS, JörB, ÓTh, BG.
PZ, PÞ, SvbH, GSv greiddu ekki atkv.
1 þm. (SÞ) fjarstaddur.

Brtt. 872,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 864,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 864,2 samþ. með 22:3 atkv.
— 872,2 felld með 17:11 atkv.
— 911 samþ. með 23:2 atkv.
— 864,3 tekin aftur.
— 871,1 felld með 21:9 atkv.
— 872,3 samþ. með 16:9 atkv.
— 871,2 felld með 17:10 atkv.
— 865 samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JörB, PZ, PÞ, SigfS, SB, SG, STh, SkG, StJSt, ÞB, BÁ, BK, EOl, GÞ, GSv, GTh, HelgJ.

nei: JPálm, LJós, ÓTh, PO, SEH, SK, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, HB, IngJ, BG.

JS greiddi ekki atkv.
1 þm. (SÞ) fjarstaddur.
7 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jóhann Jósefsson: Ég er á móti aðaltill. Mér finnst þessi brtt. draga úr henni og greiði henni því atkv. til bráðabirgða og segi já.

Pétur Ottesen: Ég er með aðaltill., en þar sem þessi brtt. dregur úr henni, þá segi ég nei.

Sigurður E. Hlíðar: Ég er á móti þessari till. og segi nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með skírskotun til yfirlýsingar hv. þm. Vestm. segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég er á móti og segi nei.

Eysteinn Jónsson: Mér finnst rétt, að þessi sænsku hús verði tollfrjáls, og segi því nei.

Garðar Þorsteinsson: Ég segi já með sömu forsendum og hv. þm. Vestm.

Brtt. 856, svo breytt, samþ. með 17:12 atkv.
— 913 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 914).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Það hafa fáar breytingar verið gerðar á þessu frv. í Nd. Þó er nokkur breyting á 13. gr. um lágmark félagatölu í byggingarfélögum til þess þau njóti hlunninda, sem um ræðir. Svo var ákveðið, að lágmark væri 30 úti um land, en 50 í Rvík. Þessu er breytt í 20 úti um land, en 25 í Rvík. — Þá er í IV. kafla, 39. gr., ákvæði, að byggingarfélög hafi sama rétt til innflutnings á byggingarefni og þeir, sem nú flytja inn byggingarefni. Ég er samþykkur þessum breytingum og legg til, að frv. verði samþ. eins og það er.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er aðeins út af bráðabirgðaákvæðinu um innflutning húsa, sem Nd. hefur samþ. Það er nú til athugunar í nefnd, hvort hentugt sé að flytja inn tilbúin hús. Sú nefnd hefur ekki enn þá skilað áliti. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að slíkur innflutningur sé heppilegur, þá yrði þessi heimild notuð. En hins vegar ef húsin reyndust miður heppileg, þá mundi ég ekki telja rétt að gefa neinar tollaívilnanir. Þetta atriði veltur því á niðurstöðum nefndarinnar.

Ég vil geta þess, að óskir hafa komið fram um, að umræðum um þetta mál verði frestað, einkum vegna 39. gr. frv. Ég flyt því þau tilmæli áfram til hæstv. forseta. Þó læt ég mig það engu skipta.

Forseti (StgrA): Það hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs. — Ég veit ekki, hversu mikið kapp er lagt á það að fresta umræðum, ég veit ekki einu sinni, hvaðan þau tilmæli eru komin. Ég fresta því ekki umr., og verður nú gengið til atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 942).

---

67. Nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Á 72. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað (þmfrv., A. 436).

Á 74., 75. og 77. fundi í Nd., 25., 26. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af tveim mönnum í nýbyggingarráði, sem sæti eiga hér í d., í samráði við ríkisstj., og skal ég gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna frv. er flutt.

Eitt af því, sem nýbyggingarráði var falið að gera, var að athuga, hvaða staðir væru heppilegir til að koma á fót slíkum bæ, sem um ræðir í þessu frv. Segja má, að flestir bæir og þorp á Íslandi hafi frekar sprottið upp af handahófi en af athugun á því, hvort einn staður öðrum fremur gæti talizt haganlega settur til slíkra hluta. Hefur einatt ráðið mestu, hvort einhver einstaklingur hefur ráðizt í atvinnurekstur á tilteknum stað, án tillits til legu hans eða framtíðarskilyrða, enda má sjá þess glögg merki, að margir staðir eru miður heppilega valdir. Má í því sambandi t. d. benda á Siglufjörð, sem virðist ekkert hafa fram yfir t. d. Dalvík, Hofsós eða Þórðarhöfða, nema síður sé. Ljóst dæmi

um þetta er einnig útgerðin frá Akureyri, sem er óðum að hverfa. Við í nýbyggingarráði höfum álitið það okkar hlutverk að athuga, hvernig heppilegast sé að haga byggingu slíks bæjar frá byrjun. Ég minnist þess, þegar ég gekk í skóla á Siglufirði, að þá var skólahúsið allofarlega á eyrinni, en nú hefur byggðin aukizt þannig, að skólinn er kominn inn í mitt verksmiðjuhverfið. Fleira mætti til nefna, sem sýnir hið algera skipulagsleysi, sem ríkt hefur í þessum málum undanfarið. Fólkið hefur flutzt úr sveitinni, komið sér upp litlum og ljótum húsum af hinum mestu vanefnum og í fullkomnu skipulagsleysi.

Það, sem okkur þótti fyrst liggja fyrir, var að velja heppilegan stað undir þennan framtíðarbæ, og skal ég nú gera grein fyrir, af hverju Höfðakaupstaður varð fyrir valinu. Eins og kunnugt er, er síldin sú auðuppspretta, sem ætla má, að þjóðarbúskapur Íslendinga byggist einna mest á um ófyrirsjáanlega framtíð. Aðalsíldveiðitíminn stendur nú yfir um tveggja mánaða skeið, en á þeim tíma veiðist svo mikið magn af síld, að það samsvarar allri þorskveiði landsmanna, en næringargildi síldarinnar er miklu meira en í nokkrum öðrum fiski, sem hér veiðist. Möguleikarnir eru því stórkostlegir til iðnaðar í sambandi við þessa veiði. Þessi auðuppspretta gerir það að verkum, að sjálfsagt var að velja fyrirhuguðum bæ stað á Norðurlandi og þá helzt við Húnaflóa. Jafnframt er einnig vitað, að sú síld, sem mest er eftirsótt til niðurlagningar og kryddunar, er úr Húnaflóa. Hins vegar hafa síldarstöðvar við Húnaflóa verið mjög litlar, vafalaust meðfram sökum þess, að einstaklingar hafa átt lönd þar að, sem ekki hafa verið svo efnum búnir, að þeir hafi getað komið upp síldarverksmiðjum eða söltunarstöðvum. Ég vil bara nefna sem dæmi um það, hvert handahóf oft er í því, hvar síldarstöðvar eru settar niður, að H.f. Kveldúlfur hefur reist síldarverksmiðju á Hjalteyri, sem er norðarlega við Eyjafjörð, langt frá beztu síldarmiðunum, og ástæðan til þess er sú, að viðkomandi félag átti þarna land. Og af því, að þetta félag einhvern tíma fyrir mörgum árum hefur keypt þetta land, er svo sett upp þarna síldarbræðslustöð, þannig að hvert skip, sem leggur upp í þá verksmiðju, verður að fara lengri leið með afla sinn en annars hefði þurft, ef síldarbræðslustöðin hefði verið sett annars staðar og nær síldarmiðunum. — Nú hafa hins vegar nokkrir menn brotizt í að setja síldarbræðslustöðvar við Húnaflóa, við Djúpuvík og Ingólfsfjörð. Í Djúpuvík er algerlega ófært að hugsa til þess, að menn eigi að búa árlangt, vegna aðstæðna. Það er staður, sem eingöngu verður verstöð, og að mjög miklu leyti gildir hið sama um Ingólfsfjörð. En orsakirnar til þess, að stöðvarnar eru settar þarna, eru þær, að þeir, sem settu þær upp, fengu þarna land til þess með tiltölulega góðu móti. Hins vegar eru alls engir skynsamlegir möguleikar fyrir því, að þarna muni koma upp bæir, því að þarna er ólifandi, miðað við að vera þar allt árið. En nú er búið að koma þarna upp verksmiðjum, bryggjum og öllu mögulegu slíku, án þess að því sé svo heppilega valinn staður frá sjónarmiði þjóðfélagsins sem æskilegt hefði verið.

Þegar við svo förum að athuga, hvar heppilegast mundi vera að setja síldarbræðslustöð, studdumst við líka við það, hvað Alþ. hefði sett í l. áður um það, hvar stjórn Síldarverksmiðja ríkisins væri heimilt að setja upp síldarbræðslustöðvar. Það er á Hólmavík, Skagaströnd, Húsavík, Siglufirði og fleiri stöðum. En það, að við leggjum til, að þessar byggingar verði reistar í Höfðakaupstað við Húnaflóa (Skagaströnd), stafar sérstaklega af því, að síldarmið eru þar nærri og þar veiðist stór og góð síld. Enn fremur er þarna staður, þar sem Alþ. hefur ákveðið, að reisa skuli síldarbræðsluverksmiðju. En sérstaklega er það með tilliti til þess, að þarna má útbúa eina mestu höfn norðanlands og þarna liggur nálægt eitt af stærstu landbúnaðarhéruðum Norðurlands, með góðum samgöngum. Þarna ætti því að vera hægt að setja upp bæ, sem hefði það fram yfir Siglufjörð, að samgöngur eru góðar við hann á landi allan ársins hring, ekki aðeins frá nærliggjandi sveitum, heldur líka suður til Reykjavíkur. Og enn fremur er þessi staður við ágæt síldarmið og þar er hægt að fá síld, sem mjög er eftirsótt vegna þess verðmætis, sem hægt er að fá úr henni, og sérstaklega vegna þess, hve hæf hún er til niðurlagningar og söltunar. Þess vegna álitum við rétt að byrja þarna á undirbúningi byggðar bæjar, þar sem ráðizt væri í stórar framkvæmdir eins og að byggja 10 þús. mála síldarverksmiðju. Sú framkvæmd krefst þess, að hægt sé að gera eða fyrir hendi sé góð höfn. — Þarna búa nú 200—300 manns. Þess vegna væri hægt að skipuleggja þarna þorp þannig, að öll byggðin, sem þarna væri reist eftir fyrirfram gerðri áætlun, mundi ekki vera á því svæði, þar sem nú er byggt, heldur ofan við það. Það væri hægt að ætla mönnum, sem þar búa, allríflegt landrými í kringum sín hús. Og af því að höfn er þarna að myndast, væri hægt að skipuleggja byggingu síldarbræðslustöðvar og verksmiðja allt í sambandi við höfnina.

Nú vil ég leggja áherzlu á það, hvaða þýðingu það hefur að gera heildaráætlun um slíkar framkvæmdir sem þessa fyrir fram. Ef á vissum stað, eins og þarna, er fyrirfram gerð áætlun um byggingu síldarbræðslustöðvar, síldarsöltunarstöðvar, niðurlagningarverksmiðju fyrir síld og í sambandi við hana, þegar kæmi að þorskveiðum, hraðfrystihúss, niðursuðuverksmiðju og svo annars, sem stæði í sambandi við þetta allt, bæði tunnuverksmiðju og dósaverksmiðju — og þó ég segi þarna verksmiðju, þá yrði þetta raunverulega allt deildir í því sama, ef skynsamlega væri þarna að unnið — þá gefur að skilja, að með því að undirbúa fyrir fram teikningar og annað, má haga verki við framkvæmd þessara bygginga miklu skynsamlegar en ella. — Ef maður, sem kemur til Siglufjarðar og sér, hvernig þar hefur vaxið upp sá síldarútvegsbær, sem þar er, fer að hugsa, hvernig breyta þyrfti aðferðum við vinnuaðferðir í sambandi við síldarsöltun þar, rekur hann sig á erfiðleika við það. Bryggjur eru þar langar og verður að aka síld eftir þeim nokkuð langar leiðir, og hús eru tiltölulega langt frá þeim stöðum á bryggjum, þar sem síld er skipað upp. — Á Skagaströnd væri

hægt, ef nóg fjármagn væri lagt fram til þess, að koma á miklu vinnusparari aðferðum við uppskipun og vinnslu á síld og þorski. Og það væri hægt að byggja, þegar í það væri ráðizt, hús, sem gætu að sumrinu til verið síldarsöltunarstöð og að vetrinum niðurlagningarverksmiðja, til þess að skaffa því fólki, sem þarna byggi, atvinnu allt árið um kring og til þess að geta unnið á hinn vinnusparasta hátt, sem hægt er að hugsa sér, úr þeim afurðum, sem þarna eru framleiddar að sumrinu. Þetta er hægt að gera, svo framarlega sem hægt er að skipuleggja fyrir fram það, sem okkur hefur verið dýrast af okkar vinnu í þessu sambandi, sem er flutningur á fiski og síld frá því að skipað er upp og þar til þessum vörum hefur verið komið á þann stað, þar sem á að vinna úr þeim. En að þetta hefur verið okkur svo mjög dýrt, stafar af því, að þegar sköpuð voru vinnuskilyrðin, hefur ekki verið tekið tillit til þess svo sem þurft hefði að vera, að aðstaða væri svo þægileg sem æskilegt væri til vinnunnar. Og sama býst ég við að gildi að því er snertir þorskveiðarnar, eins og að því er síldina snertir. Ég held, að eitt af því, sem fyrir okkur liggur að gera hér á næstunni, sé að reyna að tryggja, að okkar fiskimið verði betur hagnýtt en verið hefur, með því að útgerð sé stunduð meira frá ýmsum stöðum í landinu en verið hefur, öðrum en aðalveiðistöðvunum. Undanfarið hefur fiskveiðifloti okkar sótt mest á Faxaflóa að vetrinum til, en önnur fiskimið, sem við eigum allt í kringum landið, hafa á þeim tíma lítið verið hagnýtt. Það er þess vegna ekki vafi á því, að meðan svo er, er okkar útgerð stofnað í meiri hættu en vera þyrfti, ef við gætum haldið fiskiskipaflota okkar að veiðum allt árið, líka frá verstöðvum austan- og vestanlands, jafnvel þó að afli væri minni þar, og verðum við að sjá það við þá sjómenn, sem þar stunduðu fiskveiðar. Ég átti ekki alls fyrir löngu tal við sjómann á Hólmavík, sem gert hefur út tvo báta, 15 og 27 tonna, og hefur allan ársins hring látið þá veiða á Húnaflóa og á Strandagrunni og Skagagrunni og hafði með því mjög sæmilega afkomu, með því að bátarnir stunduðu veiði þarna allt árið um kring. Og ef menn hefðu stærri báta og betri aðstöðu í landi til þess að taka á móti aflanum og vinna úr honum eftir þörfum, þá hygg ég, að frá Höfðakaupstað væri hægt að stunda fiskveiðar árið um kring, þannig að ekki þyrfti að senda bátana suður á vertíð. Þetta mundi náttúrlega fara mjög eftir afla á hverjum tíma. En ef menn ættu hraðfrystihús í Höfðakaupstað og hefðu hagsmuni af því að leggja fisk í hraðfrystihús, og það fram yfir það að senda bátana suður á vertíð, þá mundi það verða eitt atriði, sem héldi mönnum að útgerð þar. Og ef svo væri, eins og ætti að vera á hverjum stað, þar sem þorskveiði er stunduð, að ekki væri aðeins hraðfrystihús þarna, heldur líka fiskimjölsverksmiðja, þá mundi það líka hjálpa til að bæta afkomu báta, sem þaðan stunduðu veiðar, því að nú er um helmingi þorskaflans víða á Íslandi fleygt, svo sem hausum og beinum. Og þetta kæmi mjög til greina nú, þegar fiskimjöl er nú í því allra hæsta verði, sem það nokkru sinni hefur komizt í. Ég hygg því, að ef vel væri búið að hraðfrystihúsi eða húsum þarna í Höfðakaupstað og fiskimjölsvinnslutæki væru þar og þetta hvort tveggja til frá upphafi byggðar Höfðakaupstaðar og svo fyrir komið, að ekki þyrfti að vera að sópa upp beinum og hausum af gólfinu í hraðfrystihúsunum, eftir að búið er að flaka fiskinn, heldur því svo fyrir komið, að jafnóðum og hann væri flakaður félli fiskúrgangurinn frá flökuninni niður á reim, sem flytti hann inn í næsta herbergi við, þar sem fiskimjölsvinnslutæki væru, — ef slíkur útbúnaður væri þarna til frá upphafi, þá mætti áreiðanlega búa það vel að útgerðinni, að útgerðarmenn og sjómenn ættu hagsmuni sína betur tryggða en nú er á þessum stöðum, með betri hagnýtingu fiskafurðanna. Og með því yrðu ýmis af okkar beztu fiskimiðum betur notuð, þar sem þau nú eru illa notuð, en eru okkar mestu auðlindir. — Við í nýbyggingarráði álítum þess vert að reyna að gera slíka tilraun, til þess að vita, hvort ekki væri hægt að skapa ákveðið plan fyrir fram um það, hvernig atvinnutækin ættu að vera, og láta þau passa hvert við annað. En það er ekki tilætlun nýbyggingarráðs, að það eigi að vera ríkið eða sá bær eða sýsla, sem þetta væri í, sem ræki þetta og ætti þetta, heldur er meiningin að fella þarna saman það framtak, sem til er á þessum stað eða annars staðar á landinu, sem þarna vill vinna að einkaframtaki eða félagsframtaki. Nýbyggingarráð vill vekja áhuga manna almennt fyrir þessu og fá menn úr hópi þeirra áhugamanna, sem vildu beita sér fyrir þessu, hvort sem það væri þarna á þessum stað eða annars staðar á landinu, og sameina þann áhuga, sem væri fyrir þessu, og reyna að skapa samkv. fyrirfram gerðri áætlun hagfelldan rekstur á þessum stað, þannig að sá rekstur væri eins hagnýtur og visindalegur sem frekast væri unnt með þeim aðferðum, sem við nú þekkjum til í okkar atvinnu, svo að atvinnan bæri sig sem bezt. — Og samhliða því, að við leggjum til, að reynt verði að koma upp skilyrðum fyrir, að síldveiði og þorskveiði yrði stunduð með slíkum aðferðum, sem ég hef greint, álítum við, að þau góðu landbúnaðarskilyrði, sem eru í kringum Höfðakaupstað, þar sem hann er fyrirhugaður og í nærsveitum þar, gefi líka möguleika til landbúnaðarframkvæmda, sem yrðu reknar með þeim áhuga, sem alltaf sýnir sig að vera um ræktun í kringum kauptún. Og með þeim aðbúnaði gagnvart jarðrækt, sem að miklu leyti hefur verið fram að þessu af hendi hins opinbera, þá búumst við við því, að landbúnaðarmöguleikar mundu ekki síður verða hagnýttir af íbúum Höfðakaupstaðar en möguleikar til sjávarútvegs.

En hvernig á svo sá bær að vera, sem rynni upp á svona stað? Ef þjóðin gerir svona tilraun til að mynda samkv. ákveðinni áætlun atvinnulíf á svona stað, sem virðist vera heppilegur staður til slíks, hvernig á þá byggðin að vera í svona kaupstað, sem þannig rynni upp? Eigum við að láta fara um hana á þann venjulega hátt, sem átt hefur sér stað í þessu landi, að einn maður kemur einhvers staðar að úr þorpi eða sveit, fer að reyna að byggja yfir sig lítinn kofa

á mölinni og gerir það af vanefnum og á svo erfitt með það að öllu leyti, verður fyrir það sama að láta fara verr um sína fjölskyldu en ef efni hefðu verið betri til að byggja, og endar svo kannske með því, sem oft hefur viljað verða hjá okkur, að hann fer eitthvað annað, til þess að komast inn í íbúð, sem betur er úr garði gerð, af því að honum finnst, að hann sé að reisa sér hurðarás um öxl með því að gera þetta sjálfur. Það er einn möguleiki til þess, að menn þurfi ekki að eiga í slíkri baráttu viðkomandi húsnæði fyrir sig í vaxandi kauptúni eða kaupstað, að samtímis því, að við reynum að leggja grundvöll að slíku atvinnulífi, sem ég hef lýst viðkomandi Höfðakaupstað, yrðu gerðar ráðstafanir af því opinbera til þess að byggja íbúðarhús á svona stöðum. Þegar við höfum verið að byggja í kauptúnum, hefur það verið þannig, að einn og einn maður hefur byggt sér sitt hús án þess að það hafi verið í sambandi við byggingu annarra íbúðarhúsa. Hann fær einn meistara til þess að teikna, síðan svo eða svo marga húsameistara til þess að sjá um byggingu hússins að öðru leyti. Þetta á við bæ, þar sem slíkar kröfur eru gerðar um húsbyggingar. Og það sýnir sig, að þetta verður honum mjög dýrt. En ef aðferðin er ekki þannig, verður það venjulega útkoman, að húsin verða lítil og leiðinleg, svo að upp rís lítið og ljótt fiskiþorp. Ef þannig einn og einn er að byggja yfir sig, en ekki fleiri samtímis og í sambandi hver við annan, þá verða húsin annaðhvort mjög dýr eða lítil og ljót og ófullnægjandi, og það síðar talda verður hins vegar til þess að setja sinn svip á þorpið um langa tíð, t. d. eins og á Siglufirði. Það er ekki nema von, að við höfum byrjað böslulega með að byggja upp okkar þorp, Íslendingar, af því að við vorum sérstaklega fátæk þjóð, þegar við vorum að stíga fyrstu sporin í því efni. En nú stöndum við öðruvísi að vígi. Við erum, a. m. k. í svipinn, efnuð þjóð, og það, sem sérstaklega gerir aðalmuninn, er, að við gerum meiri kröfur til lífsins nú en þá. Og ef við ætlum að reyna að vinna að því, að það rísi upp bæir hér og hvar úti á landi, sem fólkið sæki til frekar en að það sæki flestallt til Reykjavíkur, sem til bæja flytur, þá verðum við að reyna að gera þá bæi, sem eru að skapast, það vel úr garði, að fólk vilji sækja þá til búsetu. Ef t. d. atvinnumöguleikar eru þar þannig, að menn vilji sækja þá, þá þarf líka undirbúningur byggðar í þeim bæjum að vera þannig, að menn vilji sækja til þeirra staða. Við höfum þess vegna hugsað okkur í nýbyggingarráði, að á Skagaströnd verði byrjað á því, hvað byggingu íbúðarhúsa snertir, að byggja t. d. 100 íbúðir, þó að ekki væri meira, sem það opinbera léti gera með tilliti til þeirrar nýbyggðar, sem gengið er út frá að stofna samkv. þessum l. Og hugmyndin er, að þarna kæmu upp 20, 30 eða 40 hús, eða hvað það nú væri, eins og byggð eru í stærri bæjum á Íslandi, falleg og reisuleg tveggja til þriggja hæða hús úr steinsteypu. Afleiðing þess mundi verða sú, að þessi hús, 20 til 40, settu sinn svip á þennan bæ. Og það er alveg víst, að með slíkri byrjun væri tónninn gefinn, þannig að eftir slíka byrjun á íbúðarhúsabyggingum mundu menn ekki byggja þar ljót og leiðinleg hús. Ef það opinbera sem sagt byrjaði á þessu og hjálpaði mönnum yfir erfiðleika í þessu sambandi, sem þeir ekki ráða við annars, mundi á eftir þessari æskulegu byrjun rísa upp fallegur bær í staðinn fyrir fiskiþorp í þeim gamla, fátæklega stíl. Nú sýnir það sig, að ódýrasti byggingarhátturinn er að byggja allmörg hús í einu með hagnýtingu nýtízku aðferða, svo sem með notkun stálsteypumóta og véla og með öðrum slíkum hagkvæmum aðferðum. Og nú vitum við það, að þegar verksmiðjubyggingum væri lokið á Skagaströnd, þá mundu vera þar vinnuvélar fyrir hendi og vinnuafl og ýmis tæki og jafnvel eitthvert efni, til þess að hægt væri að byrja í nokkuð stórum stíl á slíkum íbúðarhúsabyggingarframkvæmdum, og öll þessi tæki mundu hagnýtast miklu betur, ef þá strax, er byggingu síldarverksmiðju o. fl. væri lokið, væri tekið til að vinna að íbúðarhúsabyggingum þarna á staðnum.

Nú þekkjum við, að það hefur verið þannig hjá okkur venjulega, að alllöngu eftir að menn hafa byggt hús hér og þar á stangli í þorpunum, hafa menn reynt að fara að leggja götur. Og eftir að menn hafa lagt þær, hafa menn svo stundum brotið þær upp, til þess e. t. v. að leggja vatnsveitu í þorpinu, og þegar búið er að leggja vatnsveitu og laga göturnar aftur, þá hafa þær verið enn brotnar upp, til þess að leggja skolpleiðslu, og svo hefur þetta síðar endurtekið sig, til þess að leggja rafmagn eða annað slíkt. Það er þess vegna alveg gefið, að ódýrasti og skynsamlegasti hátturinn á því að koma slíkum bæ af stað, sem hér er gert ráð fyrir, er sá að leggja þessar leiðslur allar þegar í byrjun. Og við vitum, að t. d. bara hvað vatnsveitu í Höfðakaupstað snertir, þá mundi síldarverksmiðjan verða að fá strax byggða vatnsveitu út af fyrir sig, og þá yrði að byggja tvöfalda vatnsveitu á þessum stað, svo framarlega sem ekki yrðu höfð samtök um það að undirbúa að leggja vatn í íbúðarhús samtímis og til verksmiðjunnar. Það væri því ekki nema eðlilegt, að samtímis því, að gerð væri svona tilraun til þess að mynda ákveðinn atvinnugrundvöll fyrir svona kaupstað, þá væru gerðar ráðstafanir til þess að leggja t. d. vatnsveitu til afnota fyrir íbúðarhús samtímis og annað slíkt, svo sem skolpræsi, rafmagnsleiðslur og götur. — Við álítum, að í þeim átökum, sem þjóðin á í um stórfelldar nýbyggingar á vissum sviðum, þá muni það vera skynsamleg tilraun að byrja á að byggja bæ samkvæmt slíkri heildaráætlun þess opinbera. Vafalítið mundi árangurinn af því verða sá, að víða annars staðar mundi verða fetað í sömu fótsporin. — Að vísu gengur maður að því vísu, að þegar slík tilraun er gerð, kunni eitthvað að mistakast. Engum okkar, held ég, að detti í hug, að slíkt geti ekki komið fyrir. En þá er að reyna að læra af þeim mistökum og stýra fram hjá þeim í næsta skipti. — En hvernig á að koma þessu fyrir? Ég hef reynt að lýsa þeim hugmyndum, sem fyrir okkur vaka, en auðvitað eru þessar hugmyndir ekki fullgerðar í okkar kolli. Auðvitað er þetta nokkuð, sem yrði að ræða og endanlega ákveða, þegar fara ætti að

koma þessu í framkvæmd. Og þeir sérfræðingar, sem betur mundu vita en við á hverju einstöku sviði í þessu efni, mundu þá væntanlega leggja sitt lið til þess, að þetta mætti sem bezt úr hendi fara.

Þetta þorp er nefnt Höfðakaupstaður í frv., en það þýðir ekki, að það sé kaupstaður eftir þeim skilningi, sem er í okkar l. á því, hvað sé kaupstaður og hvað sé kauptún, heldur er því valið það gamla, góða heiti, sem það hefur haft, Höfðakaupstaður, og sjálfsagt, að það fái að halda því, og vonandi verður það kaupstaður síðar meir samkvæmt lögum.

Við höfum hugsað okkur, að þessi n. yrði samsett þannig, að skipulagsstjóri yrði formaður hennar, af því að mikið af starfi hennar er í samræmi við það, sem gildir um skipulag í kauptúnum. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að mjög mikið af kauptúnum á Íslandi hefur verið skipulagt hvað íbúðarhús snertir án þess að tillit sé tekið til atvinnulífs viðkomandi bæjar. Meira að segja hefur hafnargerð verið skipulögð út af fyrir sig, en skipulag bæjarins af annarri skrifstofu, án þess að samhengi hafi verið þar á milli. Það má geta nærri, hversu ófært það er að byggja íbúðarhúsahverfi við hliðina á verksmiðjum.

Einn maður í n. á að vera valinn af nýbyggingarráði og einn af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, einn af hreppsnefnd Höfðahrepps og einn án tilnefningar.

Störf nýbyggingarnefndar eru þessi: 1) Að koma upp skipulegri byggð í Höfðakaupstað í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj. 2) Að koma á fót atvinnufyrirtækjum í Höfðakaupstað í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj. 3) a. Að stuðla að því, að einstaklingar, félög og stofnanir reisi íbúðarhús og önnur mannvirki í Höfðakaupstað. b. Að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj. til þess að selja þau fullsmíðuð. 4) Að koma upp handa byggðinni rafveitu, vatnsveitu og götum. 5) Að gera till. til ríkisstj. um gjaldskrár fyrir lóðaleigu, notkun rafmagns, vatns o. fl.

Þetta verkefni lítur út fyrir að vera sérstaklega mikið. Þó vil ég leggja áherzlu á, að hugmyndin er engan veginn, að n. sjálf eigi að hafa alla forgöngu um að koma upp þessum mannvirkjum, heldur jafnframt að hafa samstarf við þær stofnanir, einstaklinga og félög, sem að þessu vilja vinna, en samræma starf allra þessara aðila.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði, sem tryggja þessari n. og síðan hreppsn. meira vald yfir lóðum og meiri lóðaréttindi en tíðkazt hefur. Ég skal geta þess, að þegar rætt var um möguleika til byggingar á Skagaströnd, kom okkur saman um, að eitt fyrsta skilyrðið til, að það gæti tekizt vel, var, að ríkið yrði að eiga það land, sem þessar byggingar kæmu til með að standa á. Síðan eru fyrirmæli um, að eftir fimm ár skuli þessi n. afhenda hreppsn. Höfðahrepps öll þessi verkefni, því að það er gert ráð fyrir, að þessi n. komi aðeins þessari starfsemi af stað, en síðan taki hreppsn. þorpsins við allri stjórn.

Það, sem við viljum sérstaklega stefna að í þessu efni, er það, að allar framkvæmdir á þessum stað verði gerðar með sem allra mestri hagsýni og að þær byggingar, sem þar koma upp, verði reistar þannig, að þær hjálpi til að ryðja brautina fyrir, að þarna rísi upp myndarlegri, fallegri og betur reistur útgerðarbær en átt hefur sér stað fram að þessu, en við hyggjum, að slíkt verði alls ekki mögulegt án þess að hið opinbera vilji standa fyrir því. Að þessu leyti hefur þessi n. vald, sem hreppsn. annars hafa, en það er óhjákvæmilegt til þess, að hægt sé að hrinda þessu af stað.

Ég vil geta þess, að þótt hér sé eingöngu rætt um slíkar byggingar í þessum eina kaupstað, þá er ekki meiningin frá okkar hálfu, að þetta verði eini kaupstaðurinn, sem verði skipulagður þannig eftir ákveðinni fyrirrætlun. Við vonum, að fleiri geti farið á eftir, en einhvers staðar varð að byrja.

Mér er fullkomlega ljóst, að það eru margs konar erfiðleikar, eins og þingið er nú skipað, að koma fram og segja við þm. úr öllum kjördæmum landsins: Hjálpið þið til að láta gera eina tilraun og verja til þess allmiklu fé úr ríkissjóði til að mynda bæ og koma þar upp allstórfelldri útgerð, því að það er vissulega svo, að svo og svo margir mundu geta sagt sem svo: Því í ósköpunum er þetta ekki heldur gert í mínu kjördæmi? Því er það ekki heldur gert á þessum stað eða þarna og þarna, þar sem eru eins góðir möguleikar? Það er engum efa bundið, að víða á Íslandi eru góðir möguleikar, en ég hef gert grein fyrir, hvers vegna við höfum valið þennan stað, og ég álít, hvaða kjördæmi sem við annars erum fulltrúar fyrir, að hægt sé að gera eina slíka tilraun, því að þá getum við séð, hvort þetta getur ekki tekizt, hvort við getum ekki skapað betri möguleika til að veita íbúum okkar lands betri lífsskilyrði, gera vinnuafl þeirra dýrmætara og aðbúnað þeirra betri en verið hefur. Ég vona því, að þótt ekki sé hægt að gera svona tilraun nema á einum stað nú, þá megi líta á hana sem tilraun, sem landið gerir í heild með það fyrir augum, að ef það tekst vel að vinna þannig samkvæmt ákveðinni áætlun frá upphafi, þá fari meira þar á eftir, ekki eingöngu í Norðlendingafjórðungi, heldur líka austan, vestan og sunnan, ekki aðeins á þessum stað á Norðurlandi, heldur einnig víðar. Ég vil því eindregið vonast til þess, að þessi nýjung fái góðar undirtektir, og mælist til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 689).

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. þetta og mælir með því í heild, nema hvað við kemur smávægilegum formsatriðum, og mun ég áskilja mér rétt til þess að bera fram brtt. við 3. umr.

Í frv. koma fram hugmyndir n. um nýbyggingu bæja hér á landi. Það er ekki þörf fyrir

mig að flytja hér ýtarlega ræðu, þar sem ég gerði það við 1. umr. málsins. Þó eru fáein atriði, sem ég vildi segja frá eigin brjósti. Mig langar að leggja áherzlu á það, að við erum að ráða því á Alþ., hvar byggðirnar verða á næstu árum, og í öðru lagi að gera ráðstafanir um byggingar næstu kynslóða.

Síðustu 20 árin hefur nær öll mannfjölgun orðið í Reykjavík. Hvorki er þetta heppilegt fyrir Reykjavík né aðra bæi á landinu og við getum ekki stöðvað þetta nema með því að skapa þá aðstöðu annars staðar á landinu, að fólkið vilji vera þar. T. d. má benda á Akureyri, sem telur um 5 þús. íbúa, að þar vill fólkið vera og það flyzt frekar til slíkra staða. Vafalaust má telja, að þörf væri fyrir nokkra slíka staði. Má hér minna t. d. á Skagaströnd, sem hefur ágæt skilyrði til þessa. Slík skilyrði eru raunar víða á landinu og á þetta spor að vera til þess að skapa bæi á hentugum stöðum á landinu.

Skipulagsuppdráttur hefur verið gerður af Skagaströnd og er miðað þar við 5 þús. íbúa. Þessi uppdráttur virðist vera mjög aðlaðandi, enda er þarna um ákjósanlegt landsvæði að ræða til þess að byggja á bæ. Lítil bryggja er fyrir, svo að það gamla mun ekki valda erfiðleikum í sambandi við skipulagninguna, og virðist vera þarna möguleiki að byggja þarna upp mjög „idealan", lítinn bæ.

Framsaga mín er ekki lengri að þessu sinni, og ég vona, að till. fjhn. mæti góðvilja hjá þessari hv. þd., og þó að brtt. kæmu hér fram, þá vona ég, að þær hnekki ekki höfuðmarkmiði og tilgangi þessa frv.

Ég vona, að málinu verði vísað til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka fjhn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli. N. hefur orðið sammála okkur hvað viðkemur afgreiðslu þessa máls, og er hér megintilgangurinn með þessu frv. að vinna gegn þeirri stefnu, að allt fólkið stefni til hinna stærri bæja. Nýbyggingarráð hefur unnið að þessu með miklum áhuga, og er mér óþarft að endurtaka úr ræðu flm. við 1. umr. þessa máls. Ég vil aðeins þakka n. fyrir góðan stuðning og afgreiðslu, og vona ég, að þessi hv. d. afgreiði málið þannig, að það fái góða afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi geta þess við hæstv. forseta, að það eru í prentun brtt. við frv., og fara þess á leit, að umr. yrði frestað þangað til þær eru komnar.

Forseti (BG): Eg tel sjálfsagt að verða við ósk hv. þm. og fresta umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður veiti sérstaka aðstoð til framkvæmda í Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu, og er heimilt samkv. 1. gr. frv. að verja til þessa allt að 5 millj. kr. úr ríkissjóði. Þarna á Skagaströnd eru góð skilyrði til útgerðar, og einnig eru á þessum stað betri ræktunarskilyrði en víðast annars staðar í kauptúnum. Það virðist því eðlilegt, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að þarna aukist byggð.

Það var nokkuð rætt í fjhn., sem hafði mál þetta til meðferðar, að gera mætti ráð fyrir því, að óskir kæmu annars staðar frá um hliðstæða aðstoð til kauptúnsmyndunar. Það má vitanlega gera ráð fyrir því, að úr því að farið er út á þessa braut, þá verði óskað eftir svipuðum stuðningi til þess að koma upp útgerðarstöðvum þar, sem vel hagar til í því tilliti, og þá einnig aðstoð til þess að mynda kauptún í sveitum, þar sem skilyrði eru til þess. Má benda á það, að nú mun vera að rísa upp kauptún á Fljótsdalshéraði, við Egilsstaði. Og þó að ekki hafi enn komið fram till. á Alþ. um neinn sérstakan stuðning af ríkisins hálfu við það, þá má telja líklegt, að slíkar till. geti komið fram síðar. Og víðar í sveitum má gera ráð fyrir því, að slík kauptún rísi upp í framtíðinni, og að það verði þá óskað eftir stuðningi við þau. Þótt ekki hafi verið gerðar neinar brtt. við þetta frv. í þá átt að gera þær heimildir, sem þarna er um að ræða, víðtækari, láta þær ná til fleiri staða, þá er þess að vænta, að ef óskir koma fram um svipaða aðstoð víðar af landinu, þar sem góð skilyrði eru til atvinnurekstrar, þá verði þeim vel tekið.

Eins og þegar hefur verið lýst af hv. frsm. fjhn. og fram kemur í nál., var enginn ágreiningur um það í n. að mæla með frv. og framgangi þess. Hins vegar getur auðvitað orkað tvímælis um einstök atriði frv., eins og t. d. um stjórn þessara framkvæmda. Samkv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skipuð verði 5 manna nýbyggingarnefnd Höfðakaupstaðar, svo kölluð, til þess að hafa þessar framkvæmdir með höndum. Ég tel, að það sé nokkur vafi á því, hvort ástæða sé til að hafa svona marga menn í þessari n., og einnig um það að gera ráð fyrir því, að einn af embættismönnum ríkisins, sem hefur aðsetur í Reykjavík, skuli vera form. þeirrar n. Það má um það deila, hvort þetta sé það heppilegasta. En ég hef þó ekki flutt, né aðrir hv. nm., enn sem komið er, neina brtt. við þessa gr. Hins vegar var nú verið að útbýta hér á fundinum brtt. við 3. gr. frv., og eru þær fluttar af mér ásamt hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. Fyrri brtt. þar snertir bæði 1. og 2. tölul. 3. gr. frv., en í þeim liðum 3. gr. er gert ráð fyrir, að nýbyggingarnefnd Höfðakaupstaðar vinni að því að koma upp skipulagðri byggð í Höfðakaupstað og koma á fót atvinnutækjum þar, í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj. En við leggjum til í nefndri brtt., að um þetta verði einnig haft samráð við hreppsnefnd Höfðahrepps. Virðist okkur í alla staði eðlilegt, að hreppsnefndin sé

þarna með í ráðum, ekki síður en hinir tveir aðilarnir. En það er eins um alla þessa þrjá aðila, að það er gert ráð fyrir því í frv., að þeir eigi fulltrúa í nýbyggingarnefndinni. — Síðari brtt. okkar er við 3. tölul. b. í 3. gr. frv. En þar er í frv. ákveðið, að eitt af verkefnum nýbyggingarnefndarinnar sé að reisa íbúðarhús í Höfðakaupstað í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj., til þess að selja þau fullsmíðuð. Þetta virðist okkur flm. brtt. um of einskorðað, og leggjum við því til, að liðurinn verði orðaður um og hafður þannig, að húsin verði reist af þessari n. í samráði við nýbyggingarráð, hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstj., til þess að selja þau einstaklingum, byggingarfélögum eða byggingarsamvinnufélögum, enda sé það aðalreglan, að húsin séu byggð eftir fyrir fram gerðum pöntunum og seld, þegar þau eru að nokkru eða öllu leyti smíðuð, eftir vali kaupenda. Við teljum ekki heppilegt að einskorða það í l., að húsin séu seld aðeins fullsmíðuð, því að það getur vel verið, að einhverjir af þeim, sem ætla að setjast þarna að og vilja fá þar byggð hús, vilji eins vel kaupa húsin, t. d. þegar þau eru orðin fokheld eða á einhverju stigi áður en gengið er frá þeim að fullu, og virðist það eðlilegt, að kaupendur geti valið um þetta. Við teljum einnig, að heppilegt sé, að aðalreglan sé sú, að húsin séu byggð eftir fyrir fram gerðum pöntunum, þó að við viljum ekki útiloka þann möguleika, að nýbyggingarnefnd byggi húsin án þess að tryggja sér kaupendur að þeim fyrir fram. Hitt álítum við, að hljóti að verða heppilegra, að þeir væntanlegu kaupendur húsanna geti frá byrjun fylgzt með þessum málum, og að teknar verði til greina óskir þeirra um fyrirkomulag á byggingunum, að því leyti sem þær geta samrýmzt því heildarfyrirkomulagi, sem verður ákveðið um byggðina á þessum stað. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessar brtt.

En ég vildi aðeins víkja hér að tveimur atriðum í þessu frv. Í 2. tölul. 3. gr. segir svo, að starf nýbyggingarnefndar sé að koma á fót atvinnutækjum í Höfðakaupstað í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj. Ég gerði fyrirspurn um það í fjhn. til fyrri flm. frv., sem á sæti í þeirri n., hvort þarna væri gert ráð fyrir fyrirtækjum, sem rekin yrðu af ríkinu eða af öðrum, og svaraði sá hv. þm. því á þá leið, að með þessu ákvæði væri gert ráð fyrir því, að nýbyggingarnefnd hefði frumkvæðið að stofnun fyrirtækjanna, en þar gæti verið um að ræða bæði fyrirtæki, sem rekin yrðu af einstaklingum, félögum og einnig af ríkinu, og taldi hann, að í þessu fælist einnig heimild til þess að setja upp fyrirtæki, sem rekin væru af nefndinni fyrir hönd ríkisins. Þetta er ekki svo ljóst orðað í þessum tölul. 3. gr., að mér fannst ástæða til að óska eftir frekari upplýsingum. Út af þessu vil ég aðeins segja það, að ef um það verður að ræða að setja þarna upp fyrirtæki, sem ríkið á að reka, teldi ég eðlilegast, að þegar að því kæmi, yrði leitað sérstakrar heimildar Alþ. til þess, eins og venja hefur verið þegar um það hefur verið að ræða að koma upp fyrirtækjum, sem ríkið rekur.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði um það, að allir þeir, sem ráða yfir lóðum og löndum í Höfðahreppi, skuli skyldir til að láta þessi lönd af höndum eða afnotarétt þeirra, eftir því sem nýbyggingarnefnd fer fram á, enda komi fullar bætur fyrir. Nú er þannig ástatt á þessum stað, að ríkið á þarna allt landið. Ríkið mun hafa átt um alllangan tíma jörðina Höfðahóla, og hefur nú fyrir skömmu einnig keypt Spákonufell. En Skagastrandarkauptún er byggt í landi þessara jarða. Hins vegar er mér líka tjáð, að búið sé að leigja mikið af þessum löndum einstökum mönnum á erfðaleigu. Sumt af þessum löndum er orðið þegar að fullræktuðum túnum og önnur eru ræktuð að nokkru leyti. Og það má vitanlega gera ráð fyrir því, þegar taka þarf þessi lönd vegna hinnar nýju byggðar, að ríkissjóður verði að borga verulegar fjárhæðir fyrir þessi lönd, jafnvel þó að hann sé eigandi þeirra. Sérstaklega hlýtur það að kosta allmikið, þegar taka þarf fullræktuð tún undir hina nýju byggð, því að gera má ráð fyrir, að þeir, sem hafa löndin á leigu, verði að fá töluvert verð fyrir þau. Og í ýmsum tilfellum má gera ráð fyrir, að þetta verði að vera nokkuð hátt verð. — Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, þó að ekki virðist vera hægt að hafa á því aðra framkvæmd en hér er gert ráð fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svo stöddu að fara um málið fleiri orðum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. frsm. n. drap á það, sem ég vildi gera hér að umtalsefni, en það er þetta: Á síðustu árum — ég ætla 5—6 — hefur svo að segja allt það land, sem Höfðakaupstað er ætlað að standa á, verið látið í erfðafestuleigu til einstakra manna til ræktunar. Sumir þessara manna eru búnir að rækta þessi lönd, en mikill meiri hluti þeirra hefur enn ekki gert neitt við þessi lönd, enda eru sumir þeirra, sem fengið hafa þessi lönd, nýbúnir að fá þau og sumir hafa fengið þessi sín lönd fyrir einu eða tveimur árum. Ég vildi beina því til hv. fjhn., hvort ekki gæti komið til mála að setja inn í 5. gr. frv. ákvæði um það, að erfðafestuland á þessu tiltekna svæði, sem ekki væri farið að kosta neinu til, en ríkið hefur selt á leigu, yrði tekið aftur af ríkinu endurgjaldslaust og hin, sem farið væri að kosta einhverju til, yrðu tekin eftir mati á ræktunarkostnaði þeirra, en að þessi lönd verði ekki tekin eftir mati á því, hvers virði þau væru, þegar kaupstaðurinn væri orðinn svo eða svo stór bær. Það er að mínu áliti ekki heppilegt, að það endurtaki sig, sem skeði á Siglufirði í þessum efnum, að ríkið verði að kaupa lönd, sem það sjálft á. Mér er sagt, að á Skagaströnd hafi það verið þannig, að kaupfélagið hafi gengið á undan í þessu efni með því að selja part af túni undir síldarverksmiðju, og hafi selt á eina kr. fermetrann í túni, og hafi gert það með tilliti til þess, að það yrði lagt til grundvallar við væntanlegt mat, en að eigendur þessara erfðafestulanda hefðu talið, að slík sala gæti ekki komið til mála. Þeir vildu fá miklu meira fyrir lönd, sem þeir ekki áttu og höfðu fengið á erfðafestu fyrir mjög lágt gjald. Og ég hef átt tal við menn, sem hafa verið í mötum, — ekki þarna, heldur annars staðar, — sem hafa talið, að taka verði mjög mikið tillit til þess, hvað upp úr

þessum löndum hafist á næstu árum. Og þegar þarna á að rísa upp kaupstaður, kannske allstór, þá geta menn eftir þeirri reglu fengið mikið fé fyrir það að hafa skrifað undir samning um erfðafesturéttindi á landi, án þess að hafa kostað neinu til, hvorki landsins né landsréttindanna. En það er að mínu áliti ekki rétt að láta menn hagnast þannig, þegar slíkt land er tekið eignarnámi, að borga þá svo og svo mikið fyrir það að sleppa erfðafesturéttinum, sem handhafi engu hefur kostað til að fá. — Þessu vil ég beina til hv. fjhn., og ég trúi ekki öðru en hv. 1. flm. skilji, hvað hér er um að ræða, og sjái, hversu heimskulegt það er að ætla sér að taka lönd eftir mati af mönnum fyrir mikið verð, mönnum, sem ekkert hafa gert við löndin og eru ekkert annað farnir að gera við þau en að bíða eftir því, að löndin hækki í verði, þegar bær rís þarna upp.

Forseti (BG): Brtt. á þskj. 742 er of seint fram komin. Fyrir henni þarf afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það hefur komið fram brtt. við þetta frv. frá tveimur hv. nm. í fjhn., sem aðallega gengur út á það að bæta þarna hreppsnefnd Höfðahrepps inn í. Nú er það svo með þessa nýbyggingarnefnd fyrir Höfðakaupstað, að það er ætlazt til þess, að hún hafi samráð við nýbyggingarráð og ríkisstj., sem er gert með sérstöku tilliti til þess, að það fé, sem n. hefur með höndum, er frá ríkissjóði, og þessi n. á að fjalla um þetta sérstaklega fyrir ríkisstj. hönd. Og þess vegna er eðlilegt, að ríkisstj. og n., sem sérstaklega hefur verið sett í þetta mál, fylgist með fjárútlátum og um annað slíkt, af því að það er ríkissjóður, sem lætur féð af hendi. Þess vegna er nýbyggingarnefnd upp á lagt að hafa samráð við þessa aðila, nýbyggingarráð og ríkisstj. En þarna vilja hv. flm. brtt. bæta inn í þriðja aðilanum, hreppsnefnd Höfðahrepps. Nú er ekki ætlazt til þess, að neitt fé komi þarna á móti til þessara framkvæmda. Hins vegar hefur hreppsnefnd Höfðahrepps verið ætlað að vera einn aðili, sem útnefndi mann í nýbyggingarnefnd. Það er þess vegna ætlunin að hafa samráð við hreppinn um val manna í n., til þess að það sé tryggt frá upphafi, að haft verði samráð við hreppsnefnd þessa hrepps um framkvæmdir þarna af nýbyggingarnefnd. Og ef þessum fulltrúa hreppsnefndarinnar þætti eitthvað varhugavert, sem nýbyggingarnefnd ætlaðist fyrir á þessum stað, þá er ætlazt til þess, að hreppsnefndin á staðnum hafi aðstöðu til að afstýra hvers konar óhagræði og vitleysu, sem þar ætti að gera. Ég hygg því, að fyrir vilja hreppsnefndar Höfðahrepps sé fyllilega séð með því, sem í upphafi hefur verið ákveðið í þessu efni, og að þeir, sem flytja brtt. þá, sem hér er um að ræða, þurfi ekki að óttast það, að sérstaklega verði fram hjá hreppsnefndinni þarna gengið. Hitt er svo annað mál, hvort rétt sé að lögskipa það, að hafa eigi samráð við hreppsnefndina á staðnum um þessa hluti gagngert frekar en fulltrúa hennar í nýbyggingarnefnd þykir nauðsynlegt. Við megum vara okkur, þegar við setjum n., sem eiga að sjá um einhverja stóra hluti og eiga að vinna einhver stór verk, að binda ekki hendur þeirra of mikið. Við vitum, hvernig það gengur oft um störf í nefndum, hreppsnefndum, stjórnum ýmsum o. þ. h., hve sjaldan þær halda fundi og hversu mjög það mundi þess vegna verða til þess að tefja að leggja fyrir nýbyggingarnefnd að hafa alltaf samráð við hreppsnefnd Höfðahrepps um þessa hluti. Ég held því, þar sem hreppsnefnd Höfðahrepps á að velja einn manninn í nýbyggingarnefnd, að það yrði bara til þess að gera þetta stærra bákn en þyrfti að vera að bæta þessu inn í frv., að nýbyggingarnefnd þurfi að hafa samráð við hreppsnefnd Höfðahrepps um að koma upp framkvæmdum á þessum stað. Og hv. flm. þessarar brtt. á þskj. 742 þurfa ekki að óttast það, að fram hjá hreppsnefnd Höfðahrepps verði gengið, þar sem hún hefur sinn fulltrúa í nýbyggingarnefndinni.

Um síðari brtt. á þessu þskj., um það, að hægt sé að selja húsin áður en þau eru fullsmíðuð, er það að segja, að það er sjálfsagt að gera ráð fyrir, að hægt verði að selja húsin, þó að þau séu ekki fullsmíðuð. En ég mundi varla álíta, að þó að þetta standi í 3. tölul. b. í 3. gr. frv. óbreytt, að þar með sé nýbyggingarnefnd það upp á lagt sem skyldu að selja húsin ekki nema fullsmíðuð. Þegar til er tekið m. a., að starf nýbyggingarnefndar sé að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj. til þess að selja þau fullsmíðuð, þá er gefið, að þessi n. hefur líka fullan rétt til þess að selja húsin án þess að þau séu fullsmíðuð. Eins og þessi liður er orðaður í frv., verður ekki öðruvísi á þetta litið, og eftir orðalagi þessarar gr. getur n. selt húsin einnig á öðrum stigum byggingar en fullsmíðuð.

Viðvíkjandi því, að húsin séu gerð eftir fyrir fram gerðum pöntunum, þá getur verið gott að hafa hliðsjón af pöntunum. En ef miða á við það sem reglu í l., þá kynni það kannske að hafa það í för með sér, að það yrði litið svo á af þeim, sem njóta eiga húsanna, að þeir geti gert kröfur um, að húsin verði með þessu eða þessu fyrirkomulagi, sem þeir vilja hafa, í staðinn fyrir, að ef byggja á þarna mörg hús í einu, er skynsamlegast að hafa þau með einni eða í mesta lagi tveimur gerðum, þannig að hægt sé t. d. að smíða glugga, hurðir o. fl. sem mest eins, til þess að gera smíði þessara húsa sem ódýrasta með nokkurs konar standard framleiðslu. Og ef farið væri með l. að gefa mönnum einhvern rétt til þess að panta húsin fyrir fram eða að húsin skuli vera byggð eftir fyrir fram gerðum pöntunum, þá gæti það valdið misskilningi. En hins vegar ætti það að vera regla í nýbyggingarnefndinni að hafa hliðsjón af því, sem menn, sem nota eiga húsin, vildu í þessum efnum. Af þessum ástæðum álít ég ekki rétt að setja þetta ákvæði inn í l. Það getur verið gott, að nýbyggingarnefnd fái bendingar í þessum efnum, en ég álít ekki rétt að binda hendur n. með lagaákvæði

sem þessu. Ég held, að það sé rétt að hafa þetta nokkuð rúmt í l., og það sé þess vegna óþarfi að taka upp þessa brtt., sem þrír hv. þm. flytja hér á þskj. 742, heldur megi skoða þá hugmynd, sem í henni felst, sem góða ábendingu til þessarar nýbyggingarnefndar. Ég held líka, að ekki sé ástæða til að óttast, að nýbyggingarnefnd fari að ráðast í svo stórkostlegar framkvæmdir um húsbyggingar á þessum stað, heldur verði það kontrolerað svo mikið, að ekki verði ástæða til að óttast, að of mikið verði í ráðizt. Mér virðist hv. flm. vera hræddir um, að það geti komið til, að byggð verði hús þarna, sem svo standi auð. En ég held, að við höfum allt aðra reynslu af því, þegar svona bæir eru að myndast, heldur en að húsin standi auð, frekar þá reynslu, að það vanti hús og að menn hafist við í slæmum íbúðum. — Ég legg fyrir mitt leyti til, að þessar brtt. verði felldar, af því að það sé ekki ástæða til að setja ákvæði þeirra í l., þó að vísu ekki væri stór skemmd að því, að þær kæmu inn. En ég held, að sú hætta sé ekki fyrir hendi, sem hv. flm. brtt. vilja afstýra með þeim.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N.-M. minntist á 5. gr., vil ég taka það fram, að það var fyrsta verk nýbyggingarráðs, þegar það fyrir rúmu ári síðan ræddi þann möguleika að gangast fyrir því, að þarna á Skagaströnd kæmi skipulagður bær, að fara fram á það við hæstv. fjmrh., að ríkið keypti Spákonufell, sem það þá ekki átti. Og hæstv. fjmrh. framkvæmdi það, þannig að ríkið eignaðist, áður en farið var að ræða opinbert um þetta nýbyggingarmál í Höfðakaupstað, allar jarðir, sem þorpið stóð á og voru í námunda við það. Var það mjög mikil bót. Hins vegar er það alveg rétt, að það er gefið, að maður lendir hvað eftir annað í vandræðum vegna réttinda til landa þarna, þó að bærinn nái jarðeignarréttinum í sínar hendur, því að þá eru eftir allar mögulegar kvaðir að yfirstíga í sambandi við afnotarétt landanna, svo sem erfðafesturéttur á löndum, sem þessi byggð verður að rísa upp á, sem getur gert jafnerfitt fyrir eins og eignarréttur væri. Og sérstaklega gerir það erfitt fyrir í þessum efnum, að hæstiréttur hefur farið inn á þá leið upp á síðkastið, að hann metur jarðir þannig, að hann bókstaflega leggur braskverð þeirra til grundvallar við mat, það hugsanlega verð, sem verða kynni á þeim í framtíðinni, þegar bæir vaxa. T. d. má nefna Höfn í Siglufirði. Og þetta er að verða vandræðafyrirbrigði í sambandi við bæjamyndun og bæjaþróun á Íslandi. Hér liggur lagafrv. fyrir þinginu, sem ég er flm. að ásamt hv. 6. landsk. þm., um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem er frv. nefndar, sem einu sinni var skipuð vegna þessara vandræðamála. Það frv. hefur hins vegar mætt gagnrýni frá hálfu hæstaréttar, sem sjálfur á mjög mikla sök á því, með sínu vafasama mati á þessum hlutum, hvernig komið er í þessum efnum. Þess vegna verð ég að segja það, að ég er hræddur um, að það þyrfti meiri aðgerða með í þessu efni en að breyta 5. gr. frv. til þess að yfirstíga þennan örðugleika. En hugmyndir hv. 2. þm. N.-M. um þetta eru réttar. En við þekkjum bara reynsluna, sem hér hefur verið í hvert skipti, þegar reynt hefur verið að koma einhverju viti í þessi mál, hve ógurlegri mótspyrnu það mætir. Og þó að æskilegt væri að fá þessa breyt. fram á frv. við 3. umr. þessa máls og mjög eðlilegt, þá er ég hræddur um, að það þýði bara ekki að reyna það, vegna þess elds, sem það mundi skapa á Alþ., og deilna, miðað við undanfarna reynslu um slíkt á hæstv. Alþ. En það þyrfti að taka þetta mál í heild fyrir, því að hér er um meinsemd að ræða, sem við stöndum frammi fyrir viðkomandi myndun allra bæja á Íslandi. Og þó að ég sé fyllilega sammála hv. 2. þm. N.-M. í þessu efni í skoðun á kjarna málsins, þá mundi ég ekki treystast til þess — nema ég gæti fengið einróma yfirlýsingu frá fjhn. um fylgi við þetta mál, sem ég er ákaflega hræddur um, að ekki fengist — að fara að reyna að koma fram breyt. á þessu máli, hversu æskilegt sem það þó hefði verið. Nýbyggingarráð gerði að sínu leyti það, sem það gat, til þess að bægja þessari meinsemd frá dyrum þessa nýja bæjarfélags, sem þarna á að skapa, með því að ræða um þetta mál við hæstv. fjmrh. um kaup á nefndum jarðeignum, áður en nokkuð kæmist út um fyrirhugaða nýbyggingu þarna. Og þessi kaup voru gerð fyrir ríkisins hönd. En við þetta verður ekki hægt að ráða, hvað matið snertir. Mér þætti vænt um að fá að heyra álit t. d. form. fjhn. um þetta, hvort það gæti komið til mála, að breyta þannig gagngert 5. gr. frv. En ég er hræddur um, að samkomulag náist því miður ekki um það. Þess vegna vildi ég mælast til þess við þessa hv. d., að hún samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Þá gerði hv. þm. V.-Húnv. fyrirspurn viðkomandi skilningi á 2. og 3. tölul. 3. gr., og skal ég staðfesta það, sem hann sagði, að nýbyggingarnefnd á að hafa framtak um að sjá um að koma þessum fyrirtækjum upp, enda var það upprunalega þannig orðað hjá okkur flm., þegar við sendum þetta frá nýbyggingarráði, að vinna að því að koma upp atvinnufyrirtækjum í þessari byggð í samráði við nýbyggingarráð. En þessu var breytt og það orðað um í meðförum hjá hæstv. ríkisstj. í þá átt, sem það nú er. En ég hef skilið þetta alveg eins og hv. þm. V.-Húnv., að þetta þýði það, að nýbyggingarnefnd hafi forgang um þetta framtak. En hins vegar getur hún, ef ríkisstj. vill það viðhafa, komið upp atvinnufyrirtækjum þarna fyrir ríkisins hönd.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, aðallega út af því, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. um okkar brtt. Hann sagði, sem og rétt er, að það væri ekki gert ráð fyrir því, að Höfðahreppur legði hér fram fé til þessara framkvæmda. En ég vil benda á, að það er í raun og veru alveg eins ástatt um Höfðahrepp í þessu eins og nýbyggingarráð. Nýbyggingarráð út af fyrir sig leggur náttúrlega ekki fram fé. Það er ríkissjóður einn, sem leggur fram féð, en þó er gert ráð fyrir því í frv., að þessar framkvæmdir verði gerðar í samráði við nýbyggingarráð, sem einnig á fulltrúa í nýbyggingarnefnd, eins og Höfðahreppur. Virðist mér því samræmi í því, að nýbyggingarnefnd hafi samráð einnig við hreppsnefnd Höfðahrepps. Ég sé ekki heldur ástæðu til að óttast, að það valdi

neinum árekstrum, því að það þarf að takast samstarf milli hreppsnefndar Höfðahrepps og nýbyggingarnefndar, vegna þess að um nokkurra ára skeið er samkv. frv. ætlazt til þess, að nýbyggingarnefnd taki að sér verk, sem hreppsnefndin þar á annars að vinna, eins og t. d. kemur fram í 4. gr., að nýbyggingarnefnd fari með úrskurðarvald um byggingarmál Höfðakaupstaðar. Mér virðist því, að í því efni eigi að vera samvinna á milli þessara nefnda, og einnig vegna þess, að samkv. 8. gr. frv. er ákveðið, að hreppsnefnd Höfðahrepps skuli á tilteknum tíma taka við framkvæmdum nýbyggingarnefndar, að svo miklu leyti sem þeim verði ekki ráðstafað til einstaklinga, félaga eða stofnana.

Viðkomandi brtt. okkar gat hv. 2. þm. Reykv. þess, að hann teldi, að erfitt gæti verið að verða við óskum einstakra manna, sem vildu panta hús. Það kom reyndar fram í minni ræðu, að ég gerði ráð fyrir, að í því efni væri ekki gengið lengra en svo, að það gæti fallið inn í það heildarskipulag, sem þarna væri ákveðið. Hitt getum við verið sammála um, að rétt sé að taka til greina allar sanngjarnar óskir þeirra, sem vilja eiga hús þarna, að svo miklu leyti sem þær samrýmast því heildarskipulagi, sem þar á að verða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. Ég álít, að það væri heldur til bóta að afgr. frv. með því að samþ. þær.

Þá er það atriði viðvíkjandi 5. gr., sem hv. 2. þm. N.-M. talaði um hér og hv. frsm. fjhn. gerði hér einnig að umtalsefni. Ég er nú í raun og veru hv. 2. þm. N.-M. sammála um það, að það sé ekki sanngjarnt, að menn, sem t. d. mjög nýlega hafa fengið samninga um erfðafestu á löndum og tekið þau á leigu hjá ríkinu, en eru e. t. v. engu farnir að kosta til framkvæmda, að þeir geti, bara fyrir þessa samninga sína, fengið mikið fé hjá ríkissjóði, þegar taka á löndin til annarra nota. En ég er bara í miklum vafa um, að það verði talið fært vegna ákvæða stjskr. að setja inn slíkt ákvæði í 5. gr. frv. sem hv. 2. þm. N.-M. minntist á. Ég er að vísu ekki lögfróður maður. En það eru hér í hv. d. ýmsir lögfræðingar, þ. á m. hv. form. fjhn., hv. 4. þm. Reykv., sem gætu upplýst um þetta atriði, vænti ég. Og fleiri, sem hér eiga sæti í hv. þd., eru fróðir á því sviði. En ég fyrir mitt leyti óttast þetta, að það mundi verða talið reka sig á ákvæði stjskr. að setja slíkt ákvæði inn í frv. sem hv. 2. þm. N.-M. minntist á.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af þessum brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. meiri hl. fjhn., vil ég segja það, að ég lít svo á, að þessar brtt. við frv. séu alveg óþarfar, vegna þess að því, sem hv. flm. þeirra gera ráð fyrir að ná með þeim, er alveg eins hægt að ná eftir ákvæðum frv. eins og það er. En ég mæli á móti þessum till. vegna þess, að ég tel, að þetta geti í vissum tilfellum orðið til þess að tefja fyrir og flækja, vegna þess, að eftir því sem fleiri menn eru bundnir til samræðna, eftir því er erfiðara að fá um það samkomulag. Nú er það svo samkv. þessu frv., að hreppsnefnd Höfðahrepps hefur fulltrúa í n., og það er búið að skipa þessa n., sem fjhnm. kannske ekki vita, og var ætlazt til, að hún byrjaði starf sitt, þótt það hafi ekki tekizt enn, vegna annarra ástæðna. Og þó að sá fulltrúi, sem hefur verið skipaður í n. eftir tilnefningu hreppsnefndarinnar, sé eins og stendur ekki í hreppsnefnd, hefur hann aðstöðu til að leita hennar álits, og þar að auki er sá fulltrúi, sem skipaður hefur verið í n. af ríkisstj., nú kominn í hreppsnefnd, svo að það má heita, að tveir af þeim fulltrúum, sem verða í þessari n., hafi fulla aðstöðu til þess að hafa samráð við hreppsnefndina svo sem þeim sýnist.

Varðandi það, að farið sé eftir óskum manna í plássinu varðandi byggingar húsa, þá er það alveg eðlilegt, og ég fyrir mitt leyti vænti þess og efast ekki um, að nm. geri það.

Hvað snertir þriðja atriðið, sem er bætur til þeirra, sem verða að láta af hendi lóðir eða hús, þá er það svo, að ég er í því efni alveg á skoðun hv. þm. V.-Húnv., að það hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir matsgerð, hvílíkar þær bætur eru. Ef um alveg nýjar lóðir, óbyggðar og óræktaðar, er að ræða, þá getur ekki orðið um miklar bætur að ræða. En ef hins vegar um er að ræða gömul tún og vel ræktuð, hús og lóðir og þau eru tekin inn á iðnaðarplássið, þá er eðlilegt, að hlutaðeigendur fái sínar bætur eftir því, sem það er metið, og færi það að sjálfsögðu eftir þeim l., sem um það gilda, og þarf að mínu áliti ekki að taka það fram í þessum l. Hitt er út af fyrir sig rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að það væri eðlilegt, að um þessa hluti væru samin allsherjar l., til þess að það sé ekki eins mikið á reiki og verið hefur, hvað háar bætur ætti að meta á hverjum stað, þegar um er að ræða lönd eða lóðir og önnur mannvirki, sem tekin eru af þeim mönnum, sem hafa þau með höndum. En reynslan hefur sýnt, að bæturnar, sem metnar eru til manna, fara mjög eftir því, hvaða menn lenda í því að meta þær og á hvaða stað metið er. Fer þetta þá mjög í ósamræmi hvað við annað.

Ég vil svo óska þess, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 742,a felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, StJSt, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HB, HelgJ, JS, BG.

nei: LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, ÞB, ÁkJ, EOl, FJ, GTh, JJós, JPálm.

EmJ, IngJ greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (ÁÁ, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 742,b felld með 17:14 atkv.

Frv. samþ. með 25:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 851, 852).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. geta gert sér hugmynd um, hefur fjhn. ekki haft mikinn tíma undanfarið til að athuga þetta mál, sem er merkilegt nýmæli, en það varð samróma álit n. að mæla með samþykkt frv. í heild. Tveir nm. gera þetta þó með fyrirvara.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um málið, en tel, að hér sé um merkilega tilraun að ræða, og þótt hún kosti mikið, þá ber ekki að líta á það frá því sjónarmiði, hver verður beinn stundarhagnaður af þessum framkvæmdum, heldur ber að líta á þetta sem tilraun til að búa til bæ, sem verða mætti til fyrirmyndar síðar og læra mætti af. Þetta vildi ég taka fram nú þegar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil aðeins segja örfá orð. — Brtt. mínar við þetta frv. eru þess efnis, að í stað þess að heimila ríkisstj. að taka 5 millj. kr. lán til þessara framkvæmda legg ég til, að ekki verði tekið lán, heldur farið með framkvæmdir eftir því sem veitt er á fjárl. á hverjum tíma. Mér sýnist lítil búmennska í því að búa sig ekkert undir komu mögru kúnna og láta sér jafnvel ekki nægja að éta upp feitu kýrnar. Það virðist fullnóg að taka lán til þess að standa undir nauðsynlegustu greiðslum ríkissjóðs, þótt ekki sé víðar gengið.

Gísli Jónsson: Mér virðist, að örlög þessa máls séu ráðin, hvort sem það nú er gott eða vont. En ég er hræddur um, að n. hafi ekki gert sér ljóst, hverjar kröfur kunna að falla á ríkissjóð í framtíðinni í sambandi við þetta mál.
Í 3. gr. frv. eru sett ákvæði, sem ég veit ekki betur en séu nú til í öðrum l., og hefði þá annað tveggja átt að nema burtu eldri ákvæði eða taka fram, að sérstakt gilti varðandi Höfðakaupstað. Þannig er það t. d. með ákvæðin um skipulag á byggðinni og aðstoð við byggingu íbúðarhúsa. Um þetta hvort tveggja eru nú til lög, og hefur sumum þegar þótt nóg að gert. — Þá er í 4. lið 3. gr. gert ráð fyrir að koma upp rafveitu. Ég veit ekki betur en þetta sé ákveðið í raforkulögunum. Hvernig skyldi því verða tekið, ef farið væri fram á, að ríkið legði allar götur í Reykjavík?
Þá vil ég benda á, að ég tel nauðsynlegt, að þetta land, sem á að byggja á, komist í eign ríkisins, svo að hækkað lóðaverð komi því þó að minnsta kosti til góða. Þá vil ég taka það fram, að ég áskil mér rétt til að gera sömu kröfur fyrir hönd minna umbjóðenda, og ég hygg, að fleiri þm. vilji segja hið sama. Fyrir þeirri hlið málsins ættu allir að hafa opin augu.

Bernharð Stefánsson: Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, að sumu leyti vegna almennra efasemda um réttmæti þessa máls og að sumu leyti vegna þess, að ég vildi hafa frjálsar hendur til að bera fram eða vera með brtt. Þegar málið var til umr. í n., vildi ég fá það tekið fram í frv., að samráð skyldi haft við viðkomandi hreppsnefnd um framkvæmdirnar, og mun ég nú bera fram skrifl. brtt. um þetta, þannig að á eftir „nýbyggingarráð" í 3. gr. komi: hreppsnefnd Höfðahrepps. Þetta raskar ekki frv. sjálfu eða hindrar á nokkurn hátt framkvæmdir. Mér finnst þessi till. svo sjálfsögð, að ég trúi ekki öðru en hún nái samþykki.
Um frv. að öðru leyti vil ég fátt segja. Hv. frsm. sagði, að hér væri um að ræða merkilega tilraun, og get ég verið honum sammála um það. Einnig get ég trúað því, að hægt sé að koma upp myndarlegum bæ, ef til þess er fengið nóg fé úr ríkissjóði. En það er hætt við, að það komi á daginn, sem hv. þm. Barð. gat um, að fleiri muni vilja verða aðnjótandi þessara hlunninda. Vera má, að æskilegt sé að gera þarna tilraun með það, hvernig sovétskipulagið reynist. Þó er sá galli á, að stofnféð þarf að koma allt frá ríkinu.
Út af hugleiðingum hv. þm. Dal. um feitu kýrnar skal ég ekki segja mikið, en mér sýnist nú, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. hagi sér að svo mörgu leyti öðruvísi en Jósef gerði, þegar hann safnaði korninu í hlöður. Hér er keppzt um það að eyða því jafnóðum, sem til fellst, svo að sýnilegt er, að hér vantar einhvern Jósef. (*MJ:* Við ættum kannske að fá Jósef Stalin lánaðan?) Ég býst við, að ef Jósef Stalin hefði stjórnað Íslandi, þá hefði hann ekki sýnt það gáleysi, þegar ríki hans var búið að eignast af utanaðkomandi ástæðum miklu meiri auð en nokkurn dreymdi um, að eyða því út um hvippinn og hvappinn áður en það væri fyllilega athugað, hvernig því yrði bezt varið, því að hvaða skoðun sem maður hefur á þeim manni, segir það sig sjálft, að hann er mikill og vitur maður. (*Fjmrh.:* Hvað hefði hv. þm. gert í Jósefs sporum?) Ég hefði beðið með sumt af því, sem nú er verið að ákveða að verja fé til. Það hefði ég gert, ef ég hefði átt að stjórna fjármálum þjóðarinnar. Hv. þm. Barð. var að tala um, að þetta mál væri afráðið. Það hefur ekki gerzt í fjhn. d., heldur á öðrum stað. Ég býst við, að honum sé kunnugt um það, hvaða staður það hafi verið. Það er ekki neitt sérstakt um þetta mál. Það hefur verið svo á þessu þingi, ekki sízt í þinglokin, að málunum hefur verið ráðið til lykta utan þingsins, og ég hugsa, að því máli, sem verið var að afgreiða áðan út úr d., hafi verið ráðið til lykta án þess að um það hafi verið fjallað á þinglegan hátt.
Ég sé svo ekki ástæðu til að lýsa nánar skoðun minni á þessu máli. Að öðru leyti mun ég sýna með atkv. mínu, hvernig ég lít á málið.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. við 3. gr. frv.: „Á eftir orðinu „nýbyggingarráð" í 1. og 2. tölulið komi á báðum stöðum: hreppsnefnd Höfðahrepps."
Það þarf tvöföld afbrigði, þar sem brtt. er of seint fram borin og auk þess skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 878) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það liggja hér fyrir tvær brtt. við frv., og er önnur þeirra frá hv. þm. Dal., sem er ekki viðstaddur. Hann hreyfði í n. nokkuð svipuðu því, sem hann hefur nú borið fram hér, þó ekki eins og hann hefur orðað brtt., heldur hreyfði hann í n., að hann mundi telja frv. aðgengilegra, ef ákveðið væri, að á ári skyldi verja 1 millj. til þessara hluta. En hann hefur nú horfið frá því og ber fram brtt. um, að þetta skuli vera eftir því, sem fé er veitt í fjárl. Ég veit ekki, hvort það getur orðið til nokkurs gagns að samþ. þessa brtt. Ef sagt er í frv., að verja megi allt að 5 millj. kr., eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, skilst mér, að eiginlega hafi fjárveitingarvaldið það á valdi sínu, hvort yfirleitt er ráðizt í þetta eða ekki. Það er ekki víst, að það geri það, því að hér er lánsheimild til stj., og ég sé ekki vel, hvernig byrja á á fyrirtæki eins og þessu, nema vita það fyrir fram, hvort fé sé fyrir hendi til þess að ráðast í það, því að það getur orðið mesta fjársóun að byrja á því og hætta við það, áður en það getur orðið að gagni. Sýnist mér því þessi brtt. fara gróflega nærri því að gera málið að engu.

Hin till. er frá hv. 1. þm. Eyf., í samræmi við fyrirvara hans, og er það sama till. og felld var í Nd., um að tryggja hreppsnefndinni meðstjórn þessa fyrirtækis. Nú er þetta gert í frv. óbreyttu, því að hreppsnefndin á að tilnefna einn mann í nýbyggingarnefnd, og auk þess er það vitaskuld engan veginn útilokað, að annar maður eða fleiri úr hreppsnefndinni verði í þessari n. Mér er sagt, að svo muni verða, og hefur hún þá a. m. k. góða íhlutun um þetta. En annars sýnist mér það vera einsætt og er alveg eindregið með því, að framkvæmdir eins og þessar verði að vera á valdi sérstakrar n., sem hefur sérstakan áhuga á því að framkvæma þessa till. Það er ekki hægt að fela hreppsnefndinni að hafa afskipti af þessu umfram það, sem henni hér er ætlað. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að þetta væri sovét, sem sett væri upp hér. Ég sé ekki, að þessi n. breytist neitt við það að fá rússneskt nafn. Þetta er n. mjög íslenzk og skipuð á líkan hátt og nefndir eru skipaðar, eftir tilnefningu ákveðinna aðila og að lokum af ráðherra, án tilnefningar. Þetta er sá venjulegi máti, hvort sem það heitir sovét eða ekki. Hv. þm. sagði, að sovétsvipurinn kæmi af því, að hér væru völdin tekin af venjulegum héraðsvöldum. Þetta er mjög takmarkað verkefni, sem lýtur einkum að því að annast nýja löggjöf. Þar að auki á þessi n. að leggja niður öll sín völd í árslok 1951 og afhenda venjulegum sveitaryfirvöldum þetta verk. Ég sé ekki, að það sé neitt athugavert við þetta út af fyrir sig í grundvallaratriðum. Hitt er annað mál, hvort mönnum þykir rétt að ráðast í þetta. En naumast verður í það ráðizt, nema skipuð verði alveg sérstök stjórn í þessu skyni.

Hv. þm. Barð. hreyfði nokkrum andmælum við frv., einkum við 3. gr., og sagðist ekki vita, hvað þetta ætti að þýða, því að hér væri ekki annað en sem mætti gera samkv. öðrum lögum. Það er fyrir það fyrsta ekki. Ég veit ekki til, að l. um skipulagningu í kaupstöðum eigi að sjá um að koma á skipulagi í byggðum landsins, heldur gera uppdrætti og vera til hliðsjónar. En ég skil þetta svo, að hér sé um meira að ræða. Ef byggja á upp kauptún, verður að byggja eftir skipulagningu, sem gerð er, og verður það þá miklu meira en skipulagsnefnd getur annað. En annars skildi ég satt að segja ekki, hvað hv. þm. átti við, því að í 3. gr. er alls ekki verið að tala um, að hér sé verið að setja upp eitthvað, sem annars væri ómögulegt að gera. Það er aðeins verið að tilgreina, hver séu störf þessarar n., og eru þau upp talin hér í gr. En þar sést einnig, að ýmsir aðrir aðilar mundu fjalla hér um. Hér er talað um verkefni n., og það, sem framkvæmt er eftir öðrum l. á ýmsum stöðum, kemur ekki málinu við.

Þá talaði hv. þm. Barð. um 3.b: að reisa íbúðarhús í samráði við nýbyggingarráð. En mér virtist hann hlaupa yfir niðurlagið: til þess að selja þau fullsmíðuð. Það er ekki meiningin, að n. eigi að vera hér húsasmiður áfram, heldur byggi hún húsin og selji þau síðan. — Ég skal ekki fara frekar út í það, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta. Ég sé aðeins ekki, að það sé nokkuð athugavert við 3. gr. Mér er ekki kunnugt um, þar sem hann talaði um stóra leigu á lendum ríkisins þarna. Eftir því sem ég veit bezt, hefur leigan verið lögð undir þá gömlu byggð, sem þarna hefur verið, en jörðin Spákonufell mun vera alveg laus enn þá.

Það mætti náttúrlega ræða dálítið um það, sem þeir hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Eyf. töluðu um feitu og mögru kýrnar. En ég ætla ekki að fara neitt út í það. Ég vil aðeins segja það, að satt að segja hef ég eiginlega skilið allar þessar ráðstafanir um nýbyggingarráð og nýsköpun atvinnuveganna — þó að það sé kannske misskilningur hjá mér — sem eins konar Jósefs hlutverk. Og ég er með því, vegna þess að ég hef litið svo á, að með þessu sé verið að reyna að taka afrakstur góðu áranna og geyma hann til erfiðu áranna í þeim hlutum, sem skynsamlegast verði að teljast að geyma þann afrakstur í. Hitt getur svo vel verið, að hv. 1. þm. Eyf. telji þennan afrakstur betur geymdan á annan hátt.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en lýsi yfir því, að ég mun greiða atkv. móti báðum þessum brtt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þetta. En mér fannst það undarlegt, að frsm. skyldi leggja beinlínis móti brtt. minni, og fannst mér á ræðu hans það vera af því, að hann misskildi hana. Virtist hann leggja annan skilning í hana en rétt er. Það er rétt hjá honum, að svipuð till. eða kannske alveg eins var felld í Nd. En það hefur komið fyrir, að borin hefur verið fram sama till. í seinni d. og felld hefur verið í þeirri fyrri. Hann taldi þessa till. mína óþarfa, sökum þess að hreppsnefndin tilnefndi einn mann í þessa nefnd, þetta sovét, sem á að stjórna Höfðakaupstað, og hreppsnefndin hefði þannig hlutdeild í sovétinu. Ég veit það, að hreppsnefndin hefur aðeins nokkra hlutdeild í þessu. En svo er einnig um nýbygg-

ingarráð, að það á að tilnefna mann í þessa n. En samt sem áður er það beinlínis tekið fram í 3. gr., að n. eigi að starfa í samráði við nýbyggingarráð og ríkisstj., þó að nýbyggingarráð hafi hlutdeild í n. með því að tilnefna, og einmitt í sambandi við það fannst mér það vera réttmætt, að n. starfaði í samræmi einnig við stjórn viðkomandi sveitar eða stjórn þess bæjar, sem þarna á að rísa upp. Hann hélt því fram, hv. frsm., að þessi n. þyrfti að hafa vald yfir þeim hlutum, sem frv. fjallar um. En hún hefur bara þetta vald, þó að till. mín verði samþ. Mér skilst, að samkv. frv. sé það í raun og veru ráðgefandi vald, sem nýbyggingarnefnd hefur í þessum efnum, a. m. k. að nokkru leyti. Og hún mundi hafa þetta ráðgefandi vald eftir sem áður, þó að tiltekið væri, að hreppsnefndin ætti að starfa í samráði við hana. Og ég er undrandi yfir því, að ekki skuli mega gera ráð fyrir því, að álits hreppsnefndarinnar verði leitað um þær framkvæmdir, sem til standa. Ég held, að ekkert tjón geti af því hlotizt á nokkurn hátt.

Hv. frsm. talaði um, að þetta væri ekkert sovét, við gætum hætt öllum orðaleik um það, þetta væri mjög íslenzk nefnd. Ég verð að segja, að ég held, að það hafi aldrei hent hingað til, að slík yfirstjórn sveitar eða bæjar hafi nokkurn tíma verið sett. Að hún geti talizt íslenzk n. þrátt fyrir það, má vera. En það er a. m. k. ekki íslenzk venja að hafa slíka yfirhreppsnefnd og yfirbæjarstjórn. En ég er ekki að leggja til, að frá því verði horfið, en óska eftir því einu, að haft verði samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn eins og á að hafa samráð við nýbyggingarráð og við ríkisstj. — Ég held því, að frsm. hljóti að breyta afstöðu sinni til þessa máls, þegar það rennur upp fyrir honum og mér hefur tekizt að skýra það fyrir honum, að hér er í rauninni ekki um að ræða að svipta þessa n. neinu eiginlegu valdi, því að það er alls ekki meiningin.

Það er nú ekki álitlegt fyrir mig að ræða við hv. frsm. um sögur úr biblíunni, t. d. um feitu og mögru kýrnar, og hvernig eigi að skilja það eða hvaða dæmi megi af því draga. Hann er guðfræðingur, eins og allir vita, og guðfræðingar standa auðvitað betur að vígi að útlista slíkar sagnir en leikmenn. En hann komst að þeirri niðurstöðu, að allt, sem hér væri að gerast í landinu, og það, sem ríkisstj. kallar nýsköpun, væri bara það, sem Jósef hefði gert í Egyptalandi. Ég get ekki vel fallizt á þetta. Það má raunar segja, að þegar fjármunir, sem safnað hefur verið að mestu áður en ríkisstj. tók við völdum, eru lagðir í fyrirtæki eins og síldarverksmiðjur og ýmislegt annað, sem á að gefa tekjur síðar, þá geti það minnt á ráðstafanir Jósefs, vegna þess að það á vitaskuld að tryggja afkomuna aftur, þegar versnar í ári. En það er nú ekki alltaf því að heilsa, að öllum peningum, sem eytt er nú á tímum, sé varið í slík arðberandi fyrirtæki. Að vísu hefur nú á síðasta ári nokkur nýsköpun átt sér stað, nokkuð af því, sem við létum okkur nægja í gamla daga að kalla framfarir, en nú má ekki kalla annað en nýsköpun. En ég held þó, að það sé ekki hægt að halda fram, að t. d. 137½ millj. hafi farið í þá hluti á síðasta ári, en þess hefur verið getið í blöðum, að frá lokum febrúarmánaðar 1945 til jafnlengdar 1946 hafi inneignir landsmanna erlendis minnkað um þessa upphæð. Það er mest af þessu, að t. d. togarar og önnur framleiðslutæki, sem ráðgert er að kaupa, eru ókeypt enn, þó að búið sé að semja um það, svo að eitthvað töluvert af þessu fé virðist hafa farið í annað en að tryggja framtíð þjóðarinnar. — Annars ætla ég ekki að vera með neinar heimspekilegar hugleiðingar, en hv. þm. Dal. innleiddi þetta hér, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að nú væri hér öðruvísi farið að í þessu máli en Jósef gerði í Egyptalandi. Skal ég nú sleppa þessum umræðum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. skildi ekki ræðu mína, en maður skyldi nú ætla, að hann væri inni í málinu, og ég vil mælast til þess, að hæstv. fjmrh. gefi mér og hv. þd. upplýsingar.

Það er talað um 5 millj. kr. fjárveitingu til þessa fyrirtækis, og því vil ég spyrja: Er ætlazt til, að fyrir utan þessa fjárhæð sé veitt í ofanálag fjárhæð, sem veitt er til venjulegra bygginga? Ef hins vegar önnur lán verða veitt og þær upphæðir notaðar ofan á þessar 5 millj. kr., er þá heimilt að veðsetja eignir, ef þessi lán verða tekin? Hvernig er þetta hugsað?

Í öðru lagi benti ég á viðvíkjandi 2. gr. frv., hvort það sé ekki nauðsynlegt, er farið er út í svona áform, að setja sérstakan framkvæmdastjóra. Skipulagsstjóri fer ekki að standa frammi á Skagaströnd, en einhver verður að stjórna þessu 5 millj. kr. fyrirtæki. Mér sýnist, að óhjákvæmilegt sé að setja hér sérstakan framkvæmdastjóra. Skipulagsstjóri er til þess að skipuleggja, en ekki til þess að hafa framkvæmdastjórn á hendi. Það þarf að hafa sérstakan mann til þess að sjá um byggingaframkvæmdir, útvega efni og gera samninga um sölu húsa o. s. frv.

Ég vil vænta, að n. athugi þetta og hvort ekki sé rétt að gera breyt. á frv., þannig að framkvæmdastjóri verði settur.

Hv. frsm. sagði, að ég hefði ekki skilið 3. gr. frv., en ég er nú hræddur um, að hann hafi sjálfur ekki verið svo skilningsgóður þar. Hér vantar skilgreiningu á, til hvers á að nota þessar 5 millj. kr., og ef þeim verður dreift niður á þessa 4 liði, verður lítið eftir til þess að nota til vatnsveitu og rafmagnsstöðvar. Og ef byggja á tugi húsa, hvað verður þá eftir í götur? Vantar því hér mikið. Eins og að ekki mætti byggja, fyrr en tryggt væri, að húsin seldust aftur. Auk þess vantar heimild um lántöku við sölu húsanna. Mér finnst, að málið vanti undirbúning, og eins og það er nú í pottinn búið, þá er hætt við, að það verði eins og snjóbolti, sem veltur um landið og verður svo stór að lokum, að hann velti um ríkissjóðnum. Þetta er nokkuð mikið út í bláinn, og lítur helzt út fyrir, að taka eigi úr skýjunum heila borg.

Ég vil, vegna þess að ekkert hefur komið fram í frv. vegna lána, bera síðar fram brtt. í þá átt, að ríkisstj. sé leyft að tryggja sér lóðarréttindi,

og að verðhækkunargjöld, sem kynnu að verða á þeim, renni í ríkissjóð.

Hv. 1. þm. Eyf. mælti það ómaklega, að tryggingafrv. hefði fengið óþinglega meðferð. Ég mótmæli alveg þessari staðhæfingu hv. þm., því að málið hefur legið í þingnefnd síðan í desember.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég var ekkert að tala um tryggingafrv., en ég sagðist kalla það óþinglegt, er um þingmál er samið utanþings, og svo má ekki breyta stafkrók. Ég gat þess, að hv. þm. Barð. vissi um frv., sem samið var um afgreiðslu á utanþings, og það var samið um þetta mál á milli flokka. Það er óþingleg meðferð í raun og veru, er fjórði hluti þm. fær ekki að taka þátt í afgreiðslu mála.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Því verður ekki neitað, að frv. leggur skyldur á herðar. Skilyrði þess, að verkamenn geti hafzt við á Skagaströnd, verða að vera fyrir. Engin ástæða er til þess að ætla, að frv. skapi stór útgjöld fyrir ríkissjóð, en því er ekki neitandi, að alltaf er nokkur hætta, er ríkisábyrgð á nýjum fyrirtækjum er veitt, en hún mun nú ekki vera alvarlegri en svo oft áður.

Ég vil vekja athygli á 7. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður leigir Höfðahreppi nægilegt land fyrir hina nýju byggð. Árlegt eftirgjald skal vera 2% af fasteignamati landspildunnar, sem leigð er. Nýbyggingarnefnd greiðir afgjald þetta til ársloka 1951, og telst það sem annar kostnaður við þessar framkvæmdir.

Á þessu tímibili leigir nýbyggingarnefnd einstaklingum, félögum og stofnunum lóðir úr landspildu þessari með þeim skilmálum, sem ákveðnir verða í samráði við hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstjórnina."

Á nýbyggingarnefnd að leigja einstaklingum landspildur úr Höfðakaupstað? Ég skil þetta nú ekki, að það sé hægt að leigja tveim sama landið. Það er líka tekið fram, að árlegt eftirgjald skuli vera 2% af fasteignamati landspildunnar. Ríkisstj. kaupir þessar jarðir fyrir margfalt fasteignamat, og það er miður heppileg leið þetta, að ríkissjóður þurfi alltaf að tapa. Getur það ekki verið svo, að venjuleg lóðarleiga ofbjóði rekstrinum, og væri ekki rétt að gera þessa grein dálítið ljósari?

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Um ummæli hæstv. ráðh. vil ég segja það, að gr. er ljós og lýsir fyllilega tilgangi sínum, en það er, að ríkið leggi fram spildur, sem væru nægar fyrir þetta þorp fyrst um sinn, og taki 2% af fasteignamati. Nýbýlanefnd mun standa fyrir þessu þar til 1951, en eftir það hreppsnefndin í Höfðakaupstað. Annars mun 8. gr. frv. skýra þetta atriði. Ég skal ekki segja, að þetta sé bezta fyrirkomulagið, og er sjálfsagt að athuga þetta nánar, ef hæstv. ráðh. óskar þess.

Hvað viðkemur ræðum hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Eyf., þá þýðir ekki að þrátta um kýrnar, því að ég hef sjálfur hirt kýr og mokað flór, og sýnir sig, að líkt er á komið hér og með Jósef í Egyptalandi. Einn hlutinn fer í eyðslueyri, en annað lokað inni, eins og Jósef, er hann safnaði í kornhlöðurnar. Hér eru teknar í kornhlöður 300 millj. kr., en hinu eytt. Það getur verið nógu erfitt að standa á móti því, að vöruþurrð verði í landinu, og það hefur verið gefið í skyn, að viðskiptaráð haldi ekki nógu fast í taumana. — Um brtt. hans skal ég ekki karpa frekar. Nýbyggingarráð er að láta framkvæma þetta og afhendir svo viðkomandi hreppsnefnd það, en ríkissjóður leggur fram peningana, og því er aðstaða hans ekki hin sama og hreppsnefndarinnar og nýbyggingarráðs, sem er hugmyndasmiðurinn og ber siðferðilega ábyrgð á þessu. Hreppsnefndin þarf ekki að kvarta, og hefðu áreiðanlega margar hreppsnefndir viljað fá slíkt hið sama.

Við hv. þm. Barð. er erfitt að ræða þetta, því að hann hefur flest á hornum sér. Frv. er rammi, og hann getur spurt í þaula, og ég treysti mér ekki til að svara öllu, sem hann kann að spyrja um. Þetta er rammi, og nýbyggingarráð á að fylla út í þennan ramma. Áhættuféð er 5 millj. kr., sem lagt er fram, og svo á að gera eins myndarlegan bæ og hægt er, og þetta er meira en venjuleg ríkisábyrgð, það er áhættusöm ábyrgð. Um veð í eignunum er það að segja, að það er sjálfsagt, að mannvirkin séu til tryggingar lánunum. Bezt væri, að svo vel tækist til, að þegar Höfðakaupstaður tekur við þessu, þá gæti hann endurgreitt þetta allt og ríkissjóður yrði skaðlaus. Og þetta er ekki ómögulegt, því að það eru engin ósköp fyrir svona bæjarfélag, þótt það taki að sér skuldir. Og skemmtilegast væri, að þessar 5 millj. kr. yrðu bara fyrirgreiðslufé, sem næstu þm. gætu svo lagt í annan kaupstað.

Um það, hvort ráða ætti sérstakan framkvæmdastjóra, þá hefur mér aldrei dottið í hug, að skipulagsstjóri ríkisins sæti þarna, og fer það mikið eftir því, hvernig nefndin spilar úr þessu, hvort hún felur þetta einum framkvæmdastjóra eða fleiri mönnum.

Ég treysti mér svo ekki til að skýra þetta nánar. Ég tel frv. ramma, og það fer eftir því, hvernig á málunum verður haldið, hver útkoman verður, en það er ekki rétt að gera ráð fyrir, að þetta fé skilist aftur.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka hv. frsm. fyrir þær upplýsingar, sem hann gat gefið. Þær eru næsta litlar og stangast mjög á við það, sem hæstv. ráðh. sagði. Það bendir allt til þess, að þeir, sem áttu að athuga málið, hafi ekkert vit á því og skilji ekki einu sinni það, sem við hinir sjáum þó, að hér er farið inn á braut, sem ekki er hægt að stöðva sig á, og að fleiri hljóta að koma á eftir. Að öðru leyti skal ég ekki ræða þetta frekar.

ATKVGR.

Brtt. 852 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 878 felld með 9:1 atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 436, 852).

Forseti (StgrA): Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Verður nú gengið til atkv., og er þá fyrst brtt. á þskj. 852.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég óska eftir nafnakalli um þessa till. Ég ætlaði að mæla með henni, ef umr. yrðu um málið, en ég var frammi á gangi, er umr. var lokið, svo að ekki varð tækifæri til þess.

ATKVGR.

Brtt. 852 felld með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt.

nei: GÍG, HG, HermJ, ÁS, LJóh, PM, BBen, StgrA.

GJ, IngP, PHerm greiddu ekki atkv.

4 þm. (JJ, MJ, BrB, EE) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 943).

68. Síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins.

Á 62. fundi í Nd., 20. des., var útbýtt:

Frv. til l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins (þmfrv., A. 389).

Á 63. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það stendur eins á um þetta frv. og það, sem var hér til umr. næst á undan, að frv. var sent sjútvn. þessarar hv. d. með tilmælum hæstv. ráðh. um að flytja þetta mál, en sökum þess, að skammt var til þingfrestunar, vannst ekki tími til þess að athuga það í n. neitt verulega. Sjútvn. var hins vegar samþykk höfuðtilgangi frv., og til þess að flýta fyrir meðferð þess hér á hv. Alþ., ákvað n. að flytja það með svipuðum fyrirvara og frv. til l. um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins.

Ég get lýst yfir því fyrir hönd sjútvn., að hún mun taka það til athugunar að nýju milli umræðna, og hef ekki aðrar óskir fram að færa fyrir hönd n. en að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 8. og 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 14. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið tekið af dagskrá áður, eftir beiðni sjútvn. þessarar d., því að hún hefur, eins og tekið er fram í grg., ákveðið að taka málið fyrir á milli 1. og 2. umr. Nú hefur enn ekki unnizt tími til þess í n., því að það hafa mörg mál orðið síðbúin og komið til n. á síðasta tíma. Hún situr nú á föstum fundum og aukafundum, en hefur ekki unnizt tími til að gera þá athugun, sem fyrir liggur, að hún geri á þessu máli. Nú er ekki von til þess, að n. vinnist heldur tími til þess fyrir helgina. Þess vegna mælist ég til þess fyrir hönd n., að hæstv. forseti taki þetta mál af dagskrá nú og ekki á dagskrá fyrr en í samráði við nefndina.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70., 71., 77., 80. og 82. fundi í Nd., 19., 20., 28. febr., 5. og 7. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 389, n. 469, 467).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir með, að frv. nái fram að ganga með nokkrum breyt. Þannig leggur n. til, að 3. gr. frv. falli niður, því að ýmsum mönnum þótti eignarnámsheimildin í þeirri gr. of víðtæk, og féllust flestir á, að hún þyrfti ekki að vera í lögunum. Var það álit n. allrar, að ef til kæmi, að taka þyrfti eignarnámi lóðir eða annað, þá mundi nægur tími til að ákveða það síðar. N. leggur og til, að breyt. verði gerð á 4. gr. og hún umorðuð eins og stendur á þskj. 469. Þar er skýrt tekið fram, að ráðh. skipi 3 manna stjórn fyrir verksmiðjuna, en í frv. er gert ráð fyrir, að það sé gert með reglugerð. Einn nm., hv. 2. þm. S.-M., leggur þó til, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins verði falin stjórn þessarar verksmiðju. — Að öðru leyti er n. sammála um, að þetta frv. nái fram að ganga með þeim breyt., sem ég gat um.

Eysteinn Jónsson: Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv., um að fela stjórn Síldarverksmiðja ríkisins yfirstjórn síldarniðursuðuverksmiðjunnar. Mér virðist réttara að hafa þann hátt á en að setja nýja stjórn yfir þessa verksmiðju. Hún verður á Siglufirði, þar sem síldarverksmiðjurnar eru líka. Hún mun fá hráefni — a. m. k. virðist það liggja beinast fyrir — frá Síldarverksmiðjum ríkisins, og væri þá heppilegast, að verksmiðjurnar báðar lytu sömu stjórn. — Ég skal svo taka það fram, að ég ætlast til, að stjórn síldarverksmiðjanna sjái um byggingu verksmiðjunnar, þótt það sé ekki tekið fram í till.

Ég vænti svo, að samkomulag geti orðið um að samþ. þessa brtt. Þetta var ekki útrætt í n., og get ég því fallizt á að taka till. aftur til 3. umr.

Sigurður Kristjánsson: Eins og hv. frsm. og

hv. 2. þm. S.-M. hafa skýrt frá, hefur þetta mál verið til umr. í n. síðan hún flutti það. Ég hef fátt um málið annað að segja en það, að ég tel heppilegt, að ríkið hafi forgöngu um þessa verksmiðjubyggingu og það yrði tryggt, að ekki væri send vara á erlendan markað, sem spillt gæti fyrir sölunni í framtíðinni.

Allir nm. voru sammála um að ákveða um stjórn verksmiðjunnar í 1. Hitt hygg ég að ekki sé stórt atriði, hvor leiðin, sem bent hefur verið á, verður farin. Ég ætla, að báðar mundu gefast vel. En mér þótti ástæða til að geta þess, að forstjóri síldarverksmiðjanna og tveir menn úr verksmiðjustjórninni hafa talað við mig á milli umræðna og tjáð mér, að þeir álitu athugunum ekki komið nógu langt varðandi niðursuðuna til þess að rétt væri að senda vöruna á erlendan markað. En það kvað hafa komið í ljós, að sú vara, sem framleidd var síðastliðið sumar, tók ekki vel geymslu, þótt hún reyndist vel í fyrstu.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram nú strax, til að undirstrika það, að þessar byrjunartilraunir mega ekki koma óorði á þessa framleiðslu sakir fljótræðis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 469,1 (3. gr. falli niður) samþ. með 19:1 atkv.
— 467 tekin aftur til 3. umr.
— 469,2 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 684, 467).

Eysteinn Jónsson: Eins og menn muna, flutti ég brtt. við 2. umr., en tók hana aftur til 3. umr. Ég lýsti þessari brtt., sem mér virðist mjög eðlileg og sjálfsögð, við 2. umr., en flyt hana aftur nú skriflega, dálítið breytta, og tek þá jafnframt aftur till. á þskj. 467. Hún er þess efnis, að 3. gr. orðist þannig: „Stjórn S.R. skal annast um byggingu verksmiðjunnar og stjórn hennar. Nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar skal setja með reglugerð.“ — Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en vænti, að hv. dm. ljái því lið.

Forseti (BG): Afbrigði þarf fyrir þessari skriflegu brtt., og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 721) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Sjútvn. hefur rætt þessa till., og meiri hl. n. hallast að því, að ráðh. skipi stjórn. Það má segja, að það gæti fallið saman hjá S.R. að sjá um byggingu niðursuðuverksmiðju og stjórna henni. En störf stjórnar S.R. eru nú þegar svo mikil, að það hefur verið dregið úr störfum hennar með því að fela öðrum byggingu nýrra síldarverksmiðja. Auk þess hefur komið fram tregða hjá forstjóra S.R. og fiskifræðingurinn, sem fenginn var til aðstoðar í þessu máli, er óánægður með gang málsins, vegna þess að stjórn S.R. vill halda áfram rannsóknum, sem hann telur ekki nauðsynlegar.

Ég vænti því, að till. sjútvn. verði samþ., en till. hv. 2. þm. S.-M. felld.

Eysteinn Jónsson: Aðeins örfáar aths. vegna ummæla 6. landsk. Ég veit ekki til, að það hafi verið tekin nein afstaða í sjútvn. um stjórn þessarar fyrirhuguðu niðursuðuverksmiðju, og álít því, að nm. hafi algerlega óbundnar hendur. Hv. 6. landsk. færði það fram sem rök fyrir sínu máli, að stjórn S.R. hafi svo mikið á sinni könnu, að ekki sé rétt að bæta þar við. Um þetta vil ég segja það, að stjórn S.R. mundi ráða til sín framkvæmdastjóra, en hefði aðeins yfirstjórn rekstrarins, og álít ég það heppilegra en að hafa þetta sjálfstæða stofnun.

Þá sagði hv. þm., að nú þegar væri öðrum aðilum en stjórn S.R. falið að sjá um nýbyggingar. Sé þetta rétt, þá hefur verið farið inn á aðrar brautir en venja var, og tel ég það ekki til bóta.

Hv. þm. taldi, að stjórn S.R. hefði sýnt tregðu í þessu máli, en eftir því sem ég bezt veit, hefur hún þó verið aðaldriffjöðrin og fengið aðstoð sérfræðings. Auk þess tel ég ástæðulaust að tala þannig, því að auðvitað segir ríkisstj. til um, hvenær hefja skal framkvæmdir, og hefur óskorað vald um allar aðgerðir í málinu, þegar heimildin er veitt af Alþ.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af því, sem 2. þm. S.-M. sagði, að stjórn S.R. annaðist nýbyggingar eða hefði gert það hingað til, vil ég taka það fram, að eftir upplýsingum er það aðeins verksmiðjan á Raufarhöfn, sem stjórn S.R. hefur byggt, og ef til vill einhverjar stækkanir. Í stjórn S.R. eru ekki kunnáttumenn, heldur valdir pólitískt. En verksmiðjan, sem nú er í smíðum á Skagaströnd, er byggð af 4 kunnáttumönnum, og álít ég það betur ráðið en láta ófaglærða menn sjá um að reisa slíkt mannvirki.

Rekstur niðursuðuverksmiðju er flókið og vandasamt starf, og er í allt öðrum verkahring en bræðslustöð. Hins vegar er lýsisherzlan, sem nú stendur fyrir dyrum, miklu nær starfi stjórnar S.R. og heppilegt að hafa hana undir stjórn S.R. Það er ekki heppilegt að hlaða stjórn S.R. störfum um of. Með því er hætt við, að hún verði ekki nógu vakandi. Það er mikið verk að stjórna síldarverksmiðjum og kostar að vera vakandi um allar nýjungar, ef vel á að fara.

Það er talað um, að dýrt sé að skipa alltaf nýjar nefndir, en hér er um að ræða að reka nýtt fyrirtæki og það þarf hvort sem er nýtt starfsfólk, því að stjórn S.R. hefur hvorki fagþekkingu á þessu sviði né of margt starfsfólk, sem gæti tekið að sér störf þessi. Okkur er nauðsyn að vera vel á verði um allar nýjungar í síldariðnaðinum og megum því ekki ofhlaða þá, sem á þeim verði standa, því að við vitum,

að hraðinn er svo mikill á nýjungum í þessari iðngrein, að þær verksmiðjur, sem reistar voru 1937, eru nú orðnar ónothæfar miðað við nýjar. — Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins er ekki fær um að fylgjast með eins flóknu máli og niðursuðuverksmiðjan er.

Ég vil eindregið mælast til þess, að þessi hv. d. samþykki frv. eins og meiri hl. sjútvn. hefur gengið frá því, en ekki till. hv. 2. þm. S.-M.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Í forföllum hv. þm. V.-Ísf. hef ég tekið sæti í sjútvn. og vil ég gera grein fyrir minni afstöðu.

Það má vel vera, að nú sé völ á sérfræðingum, sem hafa meiri þekkingu á síldarniðursuðuverksmiðju en stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. En stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur haft forgöngu um þetta mál og hún gerði samning við dr. Jakob Sigurðsson meðan hann var í Ameríku, um það, að hann kynnti sér þar niðursuðu á síld. Jakob var í þessu skyni á fullum launum hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Eftir heimkomuna átti hann svo að vera í þjónustu Síldarverksmiðja ríkisins og koma upp niðursuðuverksmiðju. Tilraunir um niðursuðu síldar hafa verið gerðar, en samkvæmt upplýsingum form. Síldarverksmiðja ríkisins ber nauðsyn til að halda þeim áfram a. m. k. eina síldarvertíð enn, vegna þess, að eftir að varan hefur geymzt í nokkra mánuði, er hún óseljanleg á erlendum markaði. Eitthvað hefur verið að. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins kom því þá til leiðar, að umræddur fiskifræðingur kynnti sér þessi mál í Ameríku. Í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins eru áhugamenn, sem hafa starfað að þessum málum í mörg ár. Þaðan komu fyrstu till. um að setja á stofn síldarniðursuðuverksmiðju. En til þess að koma henni á fót, þarf sérþekkingu og góða stjórn, og stjórn S.R. hyggst ná því á þann hátt, sem þegar hefur verið skýrt frá. Ég treysti stjórn S.R. til að sjá þessu máli borgið til framkvæmda, þegar fullljóst er orðið, hvernig framkvæmdum á að haga. — Stjórn S.R. hefur vana menn í sinni þjónustu, sem eru færari en flestir aðrir til að dæma um ýmislegt í sambandi við téða niðursuðuverksmiðju. Til byggingar fyrstu síldarbræðsluverksmiðjunnar var fenginn erlendur sérfræðingur, og sá um verkið sérstök byggingarnefnd. Næstu verksmiðju S.R. hafði stjórn síldarverksmiðjanna ekkert með að gera. Eftir athugun á þeirri verksmiðju komu í ljós svo miklir gallar, að almannamál var, að órétt hefði verið að taka bygginguna úr höndum stjórnar síldarverksmiðjanna. Til eru skýrslur um þetta og eru þær ófagrar.

Í þær tvær nýju síldarverksmiðjur, sem nú er verið að byggja, eru tekin öll nýtízku tæki. Það hefur stjórn síldarverksmiðjanna undirbúið. Áætlað er að setja upp aflstöð með gufuþrýstikatli og ýmislegt fleira til nýjunga. Er þetta eignað stjórn nýbyggingarráðs. Ég tel rétt að láta það koma fram hér, að þetta var undirbúið af fyrrv. forstjóra, Jóni Gunnarssyni, og er rétt að upplýsa, að þegar verið er að eigna nýbyggingarstjórn þessar framkvæmdir, þá er það úr lausu lofti gripið. — Ég vona, að þetta fari allt vel, og ég skal ekki vera með hrakspár í þessu. Ég tel, að stjórn síldarverksmiðjanna hefði vel getað aflað sér þekkingar og sérfræðinga í þessu máli, og tel því óhyggilegt að setja á stofn nýbyggingarstjórn til að sjá um þetta. Það er dálítið einkennandi, að valinn hefur verið maður í þessa byggingarnefnd, sem stóð fyrir axarsköftunum við byggingu síldarverksmiðju á Siglufirði árið 1937.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Það er út af því, sem hæstv. ráðh. sagði. Mér skildist á honum, að hann væri hlynntur því að fela stjórn Síldarverksmiðja ríkisins stjórn niðursuðuverksmiðjunnar, þar sem hún hefði haft forgöngu í málinu og væri vel þess fær að sjá um það. Það er að vísu satt, að stjórn síldarverksmiðjanna fékk dr. Jakob Sigurðsson til að kynna sér síldarniðursuðu sérstaklega, en það var gert vegna þess, að hann var eini Íslendingurinn, sem lagði sérstaka stund á skyld fög. Dr. Jakob gaf skýrslu um niðursuðuverksmiðjuna, og hafði hann mikið álit á, að möguleikar væru á, að hún nyti sín. En svo þegar þessi sérfræðingur mælist til þess, að tryggt verði með lagasetningu, er hann hefur gefið sitt álit, að hafizt verði handa um framkvæmdir, þá er það, sem stjórn S.R. kippir að sér hendinni. Mér skilst á þessu, að stjórn S.R. vilji ekki lengur fara eftir því, sem sérfræðingurinn leggur til. Það eru að vísu uppi raddir um það og misjafnar skoðanir, hvort tímabært sé að ráðast í byggingu verksmiðjunnar nú, heldur bíða og rannsaka málið í eitt ár enn, og er þá rétt að samþykkja þetta? Nei, allar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið og liggja fyrir, benda allar í eina átt. Allt hefur gengið að óskum. Um er bara að ræða, hvort við eigum að tapa einu ári enn og bíða með framkvæmdir. Það virðist vera tilgangurinn með því að fela stjórn S.R. stjórn þessarar verksmiðju, að lagt sé til, að öllu sé slegið á frest.

Viðvíkjandi því, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh. (FJ), vil ég taka fram, að upplýsingar þær, sem hann hafði eftir form. S.R., um að sú síld, sem soðin hafi verið niður, hafi í fyrstu verið góð, en versnað svo, er frá leið, svo að hún er óhæf útflutningsvara — ég hef athugað þetta og veit ekki, hvaðan slíkar staðhæfingar eru komnar, og þær eru ekki á rökum reistar. Ég hef sjálfur borðað þessa síld, og hef ég ekki orðið var við annað en hún væri mjög góð. Enn eru til prufur af þessari síld, og geta menn gengið úr skugga um, að þetta er þvættingur.

Hér er svo blandað inn í öðru atriði óviðkomandi, það er byggingu nýju síldarverksmiðjanna. Ég hafði álitið, að stjórn S.R. hefði nóg verkefni á sinni könnu, þótt ekki væri bætt á hana stjórn þessarar nýju verksmiðju. Ég get upplýst, að dr. Jakob Sigurðsson óskar eftir, að skipuð verði sérstök byggingarnefnd og valdir verði í hana menn, sem hafa sérþekkingu, en stjórn S.R. verði ekki falin yfirstjórnin, því að þeir menn, sem þar sitja, hafa enga sérstaka þekkingu á þessum málum. Ég hygg líka, að stjórn S.R. hafi verið gefinn kostur á að hafa á hendi yfirstjórn þessarar verksmiðju, en hún ekki viljað það, fyrr en nú fyrir skömmu. Mín skoðun er sú, að um tvennt sé að ræða: Á að fresta þessu

máli um eitt ár, eða á að leggja þegar út í framkvæmdir með þær rannsóknir, sem liggja fyrir?

Einar Olgeirsson: Það er út af því, sem kom fram hér áðan. — Ég hafði haft dálítið með að gera byggingu hinnar nýju síldarverksmiðju á Skagaströnd. Mér var þá mjög ljóst, að stjórn S.R. var mjög ótrúgjörn á, að þessi verksmiðja kæmist upp fyrir komandi vertíð. Ég er því mjög á móti að fela stjórn S.R. að byggja þessa niðursuðuverksmiðju. Síldarverksmiðjan á Skagaströnd, sem nú er verið að byggja, er fyrirtæki, sem mikið liggur við að koma upp sem allra fyrst. En hún hefði líklega aldrei komizt upp, ef stjórn S.R. hefði verið falið að sjá um þessar framkvæmdir. Stjórn S.R. hefur svo mikið að gera, að ekki er á bætandi. Hún hefur milli 40—50 millj. lítra af lýsi, sem hún þarf að selja, en þar að auki þarf hún að sjá um sölu á síldarmjöli.

Hingað til höfum við beðið stórtjón af því, að hér hefur ekki verið komið upp stórvirkum niðurlagningartækjum. Og ég skil satt að segja ekki afstöðu stjórnar síldarverksmiðjanna, að hún skuli vilja fresta þessum framkvæmdum. Ég álít, að stjórn síldarverksmiðjanna hafi næg verkefni, m. a. að koma upp eigin verksmiðjum, þótt þetta sé öðrum falið.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki lengja mjög umræður um þetta mál. Hv. 6. landsk. þm. sagði hér áðan, að till. mín fjallaði um það, hvort fresta ætti framkvæmd þessa máls eða ekki. Þetta eru furðuleg ummæli, þegar þess er gætt, að það er algerlega á valdi ríkisstj., hvenær framkvæmdir hefjast.

Hæstv. atvmrh. sagði, að sérfræðingar í niðursuðu ættu ekki sæti í stjórn síldarverksmiðjanna. Það er að vísu rétt, en svo mundi ekki heldur verða í hinni nýju stjórn. Það er fyrst og fremst hin almenna stjórn verksmiðjanna, sem þessi stjórn hefur með höndum og velur síðan menn til einstakra starfa. Þetta eru því engin rök hjá hæstv. ráðh. — Ég tel það illa farið, að farið sé inn á þá braut að fela nýjum aðilum stjórn á viðbótarbyggingum við síldarverksmiðjurnar. Sú stjórn, sem nú situr, átti að hafa þetta með höndum og kveðja sér síðan menn til aðstoðar eftir því, sem þörf krefur. Þannig var tryggð samvinna kunnáttumanna og þeirra, sem reynsluna hafa.

Ég vildi líka geta þess í sambandi við ummæli hv. 6. landsk. þm. um dr. Jakob Sigurðsson, að ég dreg ekki í efa þekkingu hans, en ég tel ekki víst, að hann sé neitt sérstaklega vel fallinn til að stjórna slíkri verksmiðju, og ég vil ekki fallast á, að hann sé nokkur hæstiréttur, sem Alþ. beri að hlýða.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég vil ekki láta þessa umr. líða hjá án þess að rekja nokkuð sögu þessa máls.

Hæstv. dómsmrh. og hv. 2. þm. S.-M. sögðu, að stjórn síldarverksmiðjanna hefði haft forgöngu um þetta mál. Það er satt, að stjórnin styrkti dr. Jakob til náms í Bandaríkjunum og kynnti hann sér meðal annars niðursuðu. Á síðastliðnu sumri voru svo gerðar tilraunir á Siglufirði með niðursuðu. Að tilraununum unnu með dr. Jakob tveir menn, annar með mikla reynslu í niðursuðu. Þessir menn telja, að norðurlandssíldin sé mjög gott hráefni til vinnslu á þennan hátt, en hins vegar telur formaður stjórnar síldarverksmiðjanna, að með þessum tilraunum sé ekkert sannað, og leggur til, að tilraununum sé haldið áfram á næsta sumri í öðru húsnæði. Dr. Jakob telur hins vegar tilgangslaust að gera slíkar tilraunir út í bláinn. Ef tilraunir eru gerðar, þá á að byggja á þeirri reynslu, sem þær færa.

Stjórn síldarverksmiðjanna ákvað að fá Gránufélagsverksmiðjuna gömlu á Siglufirði til að gera tilraunir í sumar, en það mun vera elzta verksmiðjuhús á landinu og er þar auðsær áhuginn á þessu máli. Dr. Jakob hefur neitað að vinna að tilraunum á þennan hátt. Ég tel rétt að benda á, að niðursuðan á einungis að vera lítill þáttur í afköstum þessarar verksmiðju. Það, sem ágreiningur er um, er það, að stjórn síldarverksmiðjanna telur málið ekki enn þá nægilega undirbúið og vill fresta framkvæmdum. Komið hefur fram till. frá Þóroddi Guðmundssyni um, að stjórn síldarverksmiðjanna ákvæði, að reist yrði þessi verksmiðja, en þá ákvað meiri hluti verksmiðjustjórnarinnar að láta gera nýjar tilraunir. Þess vegna er það augljóst, að ef í þetta frv. yrði sett ákvæði um að fela stjórn síldarverksmiðjanna framkvæmd þessa máls, þá mundi það stöðvast, enda kom það fram í ræðu hæstv. dómsmrh. Ég byggi það mikið á áliti sérfræðinganna, að ég tel, að sjálfsagt sé að flýta framkvæmd þessa máls sem mest má verða. Ég skal ekki neita því, að stjórn síldarverksmiðjanna hefur unnið gott starf með því að styðja dr. Jakob Sigurðsson til náms í þessum greinum, en það eru engan veginn nægileg rök fyrir því, að hún eigi að ráða framkvæmd þessa verks. Ég sagði áðan, að Síldarverksmiðjur ríkisins ættu ekki yfir fagmönnum að ráða, en ég átti þar með ekki við það, að stjórn verksmiðjanna ætti að vera skipuð fagmönnum.

Þá tel ég, að hæpið sé, að rúm sé fyrir þessa verksmiðju á lóð verksmiðjanna, svo að hér verður að byrja allt að nýju á nýjum stað. — Hæstv. dómsmrh. dró hér inn í umr. skipun mína á byggingarstjórn þessarar verksmiðju á Skagaströnd, og taldi hann, að stjórn síldarverksmiðjanna hefði yfir að ráða meiri þekkingu og meiri mannafla en nokkur annar aðili. Það kann nokkuð að vera satt í þessu, en ég tel þó mikið á skorta, svo að vel sé í þessu efni. Til dæmis átti þetta stærsta fyrirtæki á landinu ekki yfir að ráða neinum vélaverkfræðing fyrr en á síðasta ári, svo að eitt dæmi sé nefnt. Það er þess vegna síður en svo, að þetta fyrirtæki hafi átt nægilegum fagmönnum á að skipa.

Árið 1942 var lagt fyrir þ. frv. um byggingu síldarverksmiðja á Siglufirði og Skagaströnd. Þáverandi atvmrh., Magnús Jónsson, fól stjórn síldarverksmiðjanna að undirbúa byggingu þessara verksmiðja. Þegar tók að líða á árið 1944, var þessum undirbúningi það langt komið, að búið var að gera teikningu af þessum verksmiðj-

um, og var hún að heita má alveg eins og teikningar frá 1937, en á þeim teikningum eru augljósir gallar, sem nú mætti lagfæra og m. a. spara með því mannafla. Þessi teikning hafði legið um tveggja ára skeið í höndum verksmiðjustjórnarinnar. Ég taldi ófært að byggja nú verksmiðju eftir þessari teikningu eftir Jón Gunnarsson frá 1937 og byggði álit mitt á dómi verkfræðinga, reynslu, sem fengizt hefur við starfrækslu Rauðku á Siglufirði. Þórður Runólfsson hafði gert teikningu, þar sem bent er á, að heppilegt muni vera að „centralisera" meir kraftinn en þá var venja, og liggur þetta fyrir í skjölum verksmiðjanna. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að nú er ekki lengur ágreiningur um þetta atriði að hafa einn „central" í stað margra smákatla. Nú er t. d. verið að setja upp einn ketil á Siglufirði, sem á að koma í stað 7 annarra og sparar 7—8 menn, og eru þetta geysilegar framfarir, en um þetta var ágreiningur fyrst, þegar Þórður Runólfsson kom fram með það. Þar að auki hafa verið settar upp túrbínur til þess að framleiða rafmagn með gufu. Ég er í engum vafa um það, að það var ákaflega nauðsynleg ráðstöfun að skipta um þessa byggingarstjórn. Engin von hefði annars verið til þess, að þessar verksmiðjur, sem verið er að byggja, hefðu verið tilbúnar fyrir næstu vertíð 1946. Ég átti ýtarlegt samtal við stjórn verksmiðjanna og formann verksmiðjustjórnar, áður en byggingarstjórnin var skipuð. Hans plan var þetta: Fyrir 1946 skyldi stækka þessa verksmiðju um 3000 mál. Meira taldi hann ekki hægt að gera. Fyrir 1947 skyldi byggð síldarverksmiðja á Siglufirði og fyrir 1948 á Skagaströnd. Þetta var plan þeirra í stjórn síldarverksmiðjanna, og þegar mér var ljóst, að þetta var skoðun meiri hl. stjórnarinnar, sagði ég þeim, að ég tæki málið úr þeirra höndum. Skipaði ég svo byggingarstjórn, sem skyldi vinna að því að koma þessu í framkvæmd fyrir vertíðina 1946. Benti ég stjórninni á, að það væri mikið í húfi að koma verksmiðjunni upp svo fljótt sem unnt væri, og skyldi ekkert til þess sparað. Jafnvel þótt verksmiðjurnar mundu kosta 1—2 millj. kr. meira, mundi það brátt vinnast upp og margfalt það með auknum afrakstri við að geta tekið á móti hinum nýja flota í stað þess að dæma skipin í góðu síldarári til að liggja við land. Ég efast ekki um það, að menn viðurkenni þetta fullkomlega nú. Og þetta eru höfuðrökin fyrir því, að byggingarstjórnin var skipuð. Þetta átti sem sagt að tryggja það, að allt væri gert, sem unnt væri af hálfu þess opinbera, svo að síldarverksmiðjurnar kæmust upp fyrir vertíð 1946 og hægt væri að taka á móti hinum nýju skipum. Svo kom líka það atriði til mála, sem alltaf er hugsanlegt, að togararnir yrðu gerðir út á síld. Tvær verksmiðjur eru í eign togarafélaga, verksmiðjurnar á Hjalteyri og Djúpuvík, og mundu þær þá taka síld frá sínum togurum. Yrði þá þörfin enn þá brýnni fyrir auknar verksmiðjur. Ég hafði samráð við nýbyggingarráð um þetta mál, og var það líka þeirrar skoðunar, að einskis skyldi látið ófreistað til að koma verksmiðjunum upp í tæka tíð. Ég get ekki fullyrt, að verksmiðjurnar komist upp í tæka tíð, en það mun ekkert vera látið ógert til að gera það mögulegt að koma þeim framkvæmdum áfram. Sérstaklega verður lögð áherzla á að koma því svo fyrir, að hægt verði að starfrækja þær, ef ekki að öllu leyti, þá að einhverju leyti. Endurbætur á Síldarverksmiðjum ríkisins eru nú í höndum byggingarstjórnar og verða ýmsar ráðstafanir gerðar til bóta á þeim og eru flestar þannig, að verksmiðjustjórnin hefur vanrækt að láta gera þær. Ég vil nefna eitt lítið dæmi, sem skiptir þó miklu máli. Það eru engin sjálfvirk tæki í mjölhúsum Síldarverksmiðja ríkisins. Og meira að segja á þeim tímum, þegar atvinnuleysi var mikið, var erfitt að fá menn í mjölhús ríkisins. En einstaklingsfyrirtæki þurfa ekki ⅓ af þeim mannskap, sem ríkið þarf í sín mjölhús. Svona eru mörg atriði. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins vantar einhvern, sem hefur yfirlit yfir stjórnina og kunnáttu jafnt á hinu stóra sem hinu smáa. Þegar ráðstafanir eru gerðar, þá er aðeins miðað við líðandi stund. Þetta byggist á því, að forstjóri verksmiðjanna er ekki vélaverkfræðingur og vantar því yfirsýn yfir þetta sem forstjóra, þótt hann sé mætur og dugandi maður. Síldarverksmiðjur ríkisins eru að verða meira og meira aftur úr. Þannig var það í stríðsbyrjun, og er nú svo komið, að ekki verður við unað. Það þarf því á næstu árum að byggja upp a. m. k. aðra eins verksmiðju á Siglufirði og þá, sem nú er verið að reisa, og kannske tvö- eða þrefalda nýju verksmiðjuna og stöðva svo gömlu verksmiðjurnar, því að það eru takmörk til fyrir því, hve lengi á að starfrækja gamlar verksmiðjur. Tæki úr þeim mætti að sjálfsögðu nota í nýju verksmiðjurnar. Gömlu verksmiðjurnar á Siglufirði eru allar komnar á hámark þessa tíma. Þetta kemur svo út sem lækkun á síldarverðinu til sjómannanna. Ég vil sérstaklega benda á það, að hugmyndin um sérstakan kraftmótor fyrir síldarverksmiðjurnar er frá Þórði Runólfssyni. Og ég lýsi vanþóknun minni á því, að hæstv. dómsmrh. skuli hafa orðið til þess og það á hæstv. Alþ. að veitast að þessum mæta manni. Ég hef orð margra manna, sem hafa meiri þekkingu á þessum málum en hæstv. dómsmrh., fyrir því, að Þórður sé einhver allra færasti fagmaður hérlendis á sviði síldarverksmiðja. Honum getur vitanlega orðið á mistök, en hann er jafnfær fyrir því. Það er ekki hægt að skapa nýjungar í þessari iðn án þess að gera mistök. Og þessir menn læra ekki síður á þeim mistökum en því, sem þeir gera vel. Og það er ekki minnsti vafi á því, að það er ógerlegt að reisa verksmiðjur án þess að kveðja hann þar til. Eins og ég tók fram áðan, er byggingarstjórnin skipuð eingöngu með tilliti til sérþekkingar. Úr því að hv. 2. þm. S.-M. var að tala um, að þetta væru pólitískir duttlungar, ætla ég að lesa hér upp nöfn þessara manna, svo að hv. þm. geti séð, hverjir þeir eru: Formaður er Trausti Ólafsson efnafræðingur. Hefur hann mikið komið við sögu síldarverksmiðjanna á Íslandi allt frá byrjun. Snorri Stefánsson, verksmiðjustjóri Rauðku á Siglufirði. Hefur hann langa reynslu í störfum við verksmiðjurnar og átti hugmyndina að því fyrirkomulagi, sem Rauðka hefur verið byggð eftir á undangengnum tveimur árum. Magnús Vigfússon, fastur

starfsmaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Hann er byggingarmeistari og nýtur mikils álits í sínu fagi. Og svo er það Þórður Runólfsson vélaverkfræðingur, einhver færasti maður á sínu sviði hérlendis. Þessir menn skipa byggingarstjórnina, og ég er sannfærður um það, að þessum mönnum mun reynast það létt verk að hagnýta allar nýjungar, sem vitað er um á þessu sviði, við byggingu þessara verksmiðja, sem nú eru í smíðum. En það er vitað, að þær verksmiðjur, sem nú er verið að byggja, munu bera langt af þeim verksmiðjum, sem við höfum séð áður á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég þarf litlu við það að bæta, sem ég sagði áðan. Margt af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, er ég honum alveg sammála um. Við þurfum að leggja áherzlu á það að búa til mat úr síldinni okkar með niðursuðu og niðurlagningu, og ég tel, að þessu beri að hraða sem mest. Í samræmi við það lýsi ég fylgi mínu við frv. með þeim breyt., sem hv. 2. þm. S.-M. hefur lagt fram. Sú breyt. er, að ég hygg, til þess að flýta því, að framkvæmdir verði hafnar í þessu máli á þeim grundvelli, sem heppilegast er. Ég fæ ekki betur séð en stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hafi haft með höndum allan undirbúning þessa máls, sem enn hefur verið gerður. Og þótt stjórnin telji, að halda beri áfram tilraunum með niðursuðu á síld á þessu sumri, þá þarf það ekki að verða til þess að fresta málinu. Það er mjög fjarri því, að till. verði til þess að fresta málinu. Ég er hæstv. atvmrh. alveg sammála um, að það hefði verið mjög nauðsynlegt fyrir löngu að fá vélaverkfræðing til síldarverksmiðja ríkisins, og fyrir 3—4 árum fékk ég till. samþ. um það í stjórn verksmiðjanna, en þá var enginn verkfræðingur fáanlegur til þess starfs. Þeir voru annaðhvort fastir við önnur störf eða við nám utanlands. Ég hygg, að forstjóri verksmiðjanna hafi ráðið fyrsta verkfræðing, sem völ var á til starfsins.

Viðvíkjandi undirbúningi að núverandi byggingum, þá er mér kunnugt um, að það hefði verið hafið að byggja þessar verksmiðjur fyrir tveimur árum síðan, ef ekki hefði verið neitað um afhendingu á vélum frá Ameríku. Og annað var ekki hægt að leita meðan stríðið stóð. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur heyrt um þetta. Þetta er ástæðan fyrir því, að ekki var byrjað á þessum verksmiðjum fyrr. Viðvíkjandi teikningum þeim, sem boðnar voru út, þá veit ég ekki betur en sérfræðingar hafi dæmt um það mál, en ekki verksmiðjustjórnin. Ég skal ekki segja um, hver á till. um að reisa hina svo kölluðu aflstöð fyrir allar síldarverksmiðjurnar á Siglufirði. En ef ég man rétt, þá eru 3 ár eða lengra síðan þáv. framkvæmdastjóri verksmiðjanna hreyfði þessu í verksmiðjustjórninni á fundi. Hæstv. atvmrh. sagði, að brýstiketillinn gerði ónauðsynlega 7 aðra katla og sparaði mikinn mannafla og eldivið. Ég veit ekki betur en fyrrv. framkvæmdastjóri hafi verið búinn að undirbúa þetta mál. Og einmitt það, að nú er verið að setja þennan ketil niður, mun að mínu viti sanna, að hann var keyptur af fyrrv. framkvæmdastjóra verksmiðjanna í Ameríku. Það hefur ekki þurft að fá nýjan mann í verksmiðjuna til að gera tilraunir um þetta, því að þær lágu fyrir, hvaðan sem hugmyndin er, en það er mér ókunnugt um.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Það er rétt, að verksmiðjustjórnin fékk ekki útflutning á vélum frá Ameríku. En ég vil minna á það, að á sama tíma sem stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sat auðum höndum, þá byggði Siglufjarðarkaupstaður sína verksmiðju og lét smíða í Héðni í Reykjavík vélarnar. Þetta er óverjandi mál, að stjórnin skyldi sitja auðum höndum, þegar hún fékk ekki smíðaðar vélarnar í Ameríku. En Siglufjörður, sem hefur yfir að ráða miklu minna fé, lætur vélsmiðjuna Héðin smíða miklu betri vélar en Síldarverksmiðjur ríkisins vildu kaupa í Ameríku. Ástæðan fyrir þessu var sú, að verksmiðjurnar vantaði nægа þekkingu á því, að hægt væri að smíða þessar vélar á Íslandi. Þær höfðu ekki nógu góða fagmenn. En Rauðka hafði það góðan fagmann, að hann sá, að þetta var hægt. Út af ummælum, sem féllu hér áðan, vil ég taka það fram einu sinni enn, að Þórður Runólfsson kom fyrstur með hugmyndina um þessa aflstöð og það liggja fyrir í síldarverksmiðjunum skjöl, sem sýna það. Hæstv. dómsmrh. er fylgjandi þessari till., en sá maður, sem hann tók sæti fyrir í n., er andvígur þessari till. Þannig er það kynlegt að taka sæti í n., þegar búið er að afgreiða mál, og gera það ómerkt, er sá maður gerði, er hann tók sæti fyrir. Hæstv. ráðh. fylgir till., segir hann, til þess að hraða málinu. Þetta eru heldur einkennileg rök, þar sem ég álít, að byggja eigi verksmiðjuna strax, en meiri hl. verksmiðjustj. vill ekki gera það fyrr en eftir næsta sumar, vill aðeins framkvæma tilraunir í sumar. En þetta þýðir árs mismun, eins og síldarútvegi okkar er háttað. Og með því að taka málið úr mínum höndum og fela síldarverksmiðjustjórninni það, þá er verið að hraða því. Ég fæ ekki skilið svona röksemdafærslu. Nei, það er verið að tefja málið í eitt ár eða meira. Og þeir sérfræðingar, sem með þessi mál hafa að gera, t. d. dr. Jakob Sigurðsson, segja, að ljóst sé, að meiri hl. verksmiðjustj. hafi ekki áhuga fyrir málinu. Þótt við rekum tilraunir í 10 ár, verðum við að byrja verksmiðjurekstur inn með einhverri áhættu. Samkv. tilraunum í niðurlagningu síldar eru full rök fyrir því að leggja út í þennan rekstur strax. Það eru ekki til nokkur rök fyrir þessari till. önnur en þau, að þingið vilji ekki láta hraða þessum framkvæmdum, heldur láta fresta þeim.

Eysteinn Jónsson: Ég vil aðeins undirstrika, að það er útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh. að segja, að þessi till. fjalli nokkuð um það, hvað hraða afgreiðslu málið fær. Ef ráðh. hefur áhuga fyrir að byggja, getur hann lagt svo fyrir, að byggingin verði reist með fullum hraða. Það er því alveg út í hött að tala um, að það geti ekki farið saman að gera frekari tilraunir á þessu sviði og hraða byggingu verksmiðjunnar. Það er þá einhver einkennilegur stirðleiki í þessu máli. En mér skildist á hæstv. ráðh., að

þetta væri ekki hægt. Auðvitað er skynsamlegast að láta tilraunirnar halda áfram og láta verksmiðjuna vera tilbúna fyrir næsta sumar. Ég vil benda hv. þm. á, að það kemur ekki til greina að láta ráðh. ákveða stjórn verksmiðjunnar. Ef það yrði ofan á í málinu, þá er það einsdæmi, að þingið ákveði ekkert um, hver eigi að stjórna svo stóru fyrirtæki. Ég get skilið, að hæstv. ráðh. vilji hafa sem frjálsastar hendur um þetta, en það er ekki meira fyrir hann en alla fyrirrennara hans að þola þá skipan, sem þingið telur heppilegasta. Ég legg fram þessa till., þar sem ég tel þetta fyrirkomulag skynsamlegast.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég heyri, að það kemur það sama fram hjá hv. 2. þm. S.-M. og hjá hæstv. dómsmrh. Þeir vilja ekki fresta málinu, og segja, að ráðh. hafi enn sömu aðstöðu til að reka á eftir málinu. En þingið skal samt ákveða það, að ekki megi fela þetta öðrum en þeim, sem telja ófært að byggja verksmiðjuna á þessum tíma. Ég vildi telja hyggilegra, ef koma á máli þessu í framkvæmd, að setja þá menn yfir verkið, sem hefðu verulegan áhuga á, að því væri hrundið í framkvæmd sem fyrst. Að þessu leyti er það fráleitt að hafa þessa tilhögun á málinu. Til að byrja með taldi ég rétt, eins og nú er, að ráðh. skipaði stjórn verksmiðjunnar. En það er gefið mál, að þegar þetta er orðin stór verksmiðja, kveður þingið nánar á um þetta atriði. Ég man ekki betur, þegar síldarverksmiðjurnar voru byggðar, en þá hafi ekkert verið kveðið á um stjórnina. Ríkisstj. var gefin heimild til að byggja verksmiðjurnar, og þegar þær komu í gang, þá var það tekið til athugunar á ný. Og vitanlega mundi engin stjórn verða skipuð til rekstrar á verksmiðjunni fyrr en hún væri komin í gang, og sú stjórn, sem þá yrði skipuð, yrði skipuð á nákvæmlega sömu forsendum og stjórnin, sem skipuð var til að byggja síldarverksmiðjurnar á Siglufirði og Skagaströnd, hún yrði skipuð fagmönnum. Og ég álít mjög hæpið, að það sé rétt, eins og nú er, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sé skipuð á pólitískan hátt. Ég álít miklu hyggilegra, að hún sé skipuð fagmönnum. En það er annað mál. En sem sagt, það verður að byrja á því að skipa byggingarstjórn, sem væri skipuð beztu fagmönnum, sem við eigum völ á í landinu. Það er þess vegna óhugsandi annað en þessi brtt. gangi í þá átt að fresta málinu. Og þótt ég sé á engan hátt andvígur því, að tilraunir fari fram, þá álít ég, að þær tilraunir komi ekki að gagni, nema þær séu gerðar sem undanfari framkvæmda og fyrsti liður í framkvæmdum. Og stjórnin hefur ekki dr. Jakob Sigurðsson til að framkvæma þessar tilraunir, nema þær séu liður í framkvæmdum. Að öðrum kosti vill hann ekkert við þetta eiga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 105. og 106. fundi í Nd., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 721 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HelgJ, JS.

nei: LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm.

StJSt, BG greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÁ, FJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 684, n. 894).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Þótt hér sé að vísu um stórmál að ræða, þá mun ég ekki orðlengja og geri ráð fyrir, að hv. þdm. séu kunnugir undirbúningi málsins, en hér er um það að ræða að heimila ríkisstj. að reisa og reka síldarniðursuðuverksmiðju á Siglufirði til niðursuðu á síld, og til þess að standa straum af þessu, er stj. heimilað að taka 3 millj. kr. lán.

Dr. Jakob Sigurðsson hafði með höndum undirbúning þessa máls og gerði áætlanir um niðursuðu síldar á ódýran hátt. Þær tilraunir gáfu góða raun, svo að stj. afréð að ráðast í þessar framkvæmdir og þá fyrst og fremst frá útflutningssjónarmiði og markaðs heima fyrir á ódýrri og góðri síld. Það liggur fyrir grg. og kostnaðaráætlun um byggingu verksmiðjunnar, en hún nemur um 2½ millj. kr. Þessi kostnaðaráætlun er rífleg og er gert ráð fyrir, að hún nægi fyrir þeim aukakostnaði, sem kynni að eiga sér stað.

Kostnaðaráætlun um framleiðsluna fylgir hér einnig, og niðurstaðan er sú, að framleiðslukostnaður er 70 aurar á dós, sem inniheldur 300 gr. síldar. Þessi framleiðsla er ódýrari en með fyrri aðferðum og tilgangurinn er að framleiða ódýra vöru, sem ætla má, að verði til aukins útflutnings síldar og einnig til þess að skapa aukna atvinnu í landinu.

Ég ætla ekki að eyða tímanum til þess að fara ýtarlega út í frv., en efnið er sem sagt þetta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki gert ágreining í þessu máli í sjútvn., en ég vil gera hér nokkrar aths. Í grg. er sagt, að einstaklingar hafi verið tregir til að koma á fót niðursuðu-

verksmiðjum. Ég vil mótmæla þessu. Einstaklingar hafa ráðizt í slík fyrirtæki á undanförnum árum af miklum dugnaði og atorku, en þeir hafa ekki mætt skilningi á undanförnum árum varðandi þessi mál. Hins vegar virðist mér útreikningurinn um framleiðslukostnað ekki vera réttur, og hef ég látið sérfræðinga mína reikna hann út. — Sagt er um dósaverðið, að það sé 40 aurar hjá hinni nýju verksmiðju. Hér er farið með rangt mál, eða þá að meiningin er, að þessi nýja verksmiðja fái sérstakar tollaívilnanir í sambandi við innflutning efnis. Ég fer ekki út í einstök atriði, en ef útreikningur er allur sem þetta, þá vænti ég annarrar útkomu en frsm. vonar. Annað er það, að ég er samþykkur því, að slík verksmiðja komi upp sem þessi, og ég vona, að hún verði ekki fyrir öðrum verksmiðjum, sem fyrir eru, svo sem S.Í.F. Ég mun því greiða atkv. með frv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Þó að vitnað sé í áætlun þá, er fyrir liggur í þessu máli, þá hef ég ekki þá þekkingu að geta dæmt um útreikninginn, en áætlanirnar liggja þó fyrir og ég geri ráð fyrir, að þær séu eins nákvæmar og kostur er á og að dr. Jakob Sigurðsson hafi byggt þær á góðum gögnum. Hins vegar er mér ljóst, að ýmislegt gæti komið fyrir, sem raskar, en þessa áætlun verður þó að leggja fram fyrir grundvöll.

Þrátt fyrir aths. sínar hefur hv. þm. Barð. lýst yfir fylgi sínu við frv., og aðrir nm., sem á fundi voru, hafa gert slíkt hið sama, en hv. 1. þm. S.-M. mætti ekki á fundi, eða það náðist ekki í hann. En aðrir nm. hafa mælt með þessu frv., og vænti ég, að það verði samþ.

Ingvar Pálmason: Herra forseti. Ég átti, eins og hv. frsm. sagði, ekki kost á að mæta á fundi, þegar þetta var rætt. Ég efa ekki, að hér er um merkilegt mál að ræða, en hins vegar tel ég það tæplega nógu vel undirbúið, og teldi ég nauðsyn á að fara varlega. En ég mun ekki setja fót fyrir málið að sinni, en tel rétt að setja ekki óþarflega mikið bákn af stað til að byrja með, og einnig hefði ég kosið, að stjórnin hefði verið skipuð á annan hátt, og hygg ég, að hægt hefði verið að hafa þetta ódýrara, og á ég þar við, að þetta fyrirtæki væri rekið í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins. Ég hygg, að það mundi bæði spara mannahald og byggingar, ef þetta væri meira í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins.

Ég mun greiða frv. atkvæði til 3. umr., en áskilja mér rétt til að flytja brtt. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 684, 952).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 952. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Ég hef leyft mér, í framhaldi af því, sem ég gat um í gær við 2. umr., að bera fram brtt. Hún er aðeins um það, **að** stjórn Síldarverksmiðja ríkisins skuli annast stjórn verksmiðjunnar, en nánar skuli ákveðið um reksturinn í reglugerð. Það er alveg það sama og er í frv. nú að undanteknu því, að í frv. er ætlazt til, að skipuð verði sérstök n. til að annast stjórn verksmiðjunnar, en hins vegar er ráðgert í frv. að ákveða með reglugerð um rekstur verksmiðjunnar. Ég gat þess í gær, að ég teldi, að af sparnaðarástæðum og enda hagkvæmnisástæðum líka væri rétt að fela stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, a. m. k. fyrst um sinn, stjórn þessarar verksmiðju. Þetta er svipaður rekstur að því leyti, að unnið er úr sama hráefni. Auk þess eru líkur fyrir því, að rekstur þessarar verksmiðju byggist mjög á Síldarverksmiðjum ríkisins. Þá er það einnig það, að ég hygg, að byggingarnar gætu orðið hagkvæmari, ef þær væru sameinaðar byggingum Síldarverksmiðja ríkisins. Sams konar brtt. og þessi lá fyrir Nd. og var felld með litlum atkvæðamun, og ég tel rétt, að þessi hv. d. eigi einnig kost á því að greiða atkv. um þessa brtt., því að ég álít, að það geti skipt allmiklu máli, að sem gætilegast sé af stað farið í byrjun. Eftir því, sem upplýst er við meðferð málsins í d., virðist það geta komið til mála, að það þurfi að kaupa dýrar lóðir undir þessar byggingar, ef þær eru ekki í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins. Mundi ekki koma til slíks, er verksmiðjan væri í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins.

Þetta mál er svo ljóst, að ekki er ástæða til að mæla fyrir því frekar, enda er hér ekki um annað að ræða en það að reyna að færa til betri vegar, ef takast mætti.

ATKVGR.
Brtt. 952 felld með 9:4 atkv.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 957).

---

69. Útflutningur á afurðum bátaútvegsins.

Á 81. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins (þmfrv., A. 514).

Á 83. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Hér liggur fyrir frv. frá meiri hl. fjhn., um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins. Eins og kunnugt er, var viðhorfið í vertíðarbyrjun þannig, að mikil óvissa var um sölu sjávarafurða og vitað, að verðið þyrfti **að** hækka, til þess að útvegurinn gæti borið sig. Ríkisstj. sá sér fært að hækka fiskinn til fiskkaupmanna, en ekki til hraðfrystihúsanna, sú hækkun var 15%. En eins og segir í 1. gr. frv.,

var verðhækkun á nýjum þorski og ýsu til bátaútvegsins ákveðin með auglýsingu 5. jan. 1946. Vegna þessarar hækkunar fer frv. fram á, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast hraðfrystihúsunum allt að 5 aura á innvegið kg miðað við slægðan fisk með haus, en 7 aura, ef fiskurinn er hausaður. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum fiski og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en söluverð 1945. Reynist söluverðið hærra en 1945, verður að sjálfsögðu metið, að hvað miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs kemur til greina.

Í 2. gr. frv. er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. f. h. ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 5000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kg af fullsöltuðum þorski fyrsta flokks. Það var fyrirsjáanlegt í vertíðarbyrjun, að óhjákvæmilegt væri að salta. Það voru ýmsir erfiðleikar á að fá skip leigð til fiskflutninga, og hins vegar, þótt það hefði tekizt, gat ríkisstj. ekki fengið löndunarleyfi fyrir slík leiguskip í Englandi. Var nú leitað til útvegsmanna og þeir spurðir, hvaða verð yrði að vera á saltfiski, svo að sú verkun gæti borið sig. Fyrst fékkst það svar, að ekki væri hugsanlegt að salta fyrir minna en kr. 1.75 pr. kg, en síðar féllust útvegsmenn þó á, að 1.70 pr. kg væri nægilegt. Nú er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast sölu á allt að 5000 tonnum fyrir þetta verð, kr. 1.70 pr. kg. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir meiri söltun, því að erfitt er að fá fólk, einkum lítið um menn, sem kunna þau handbrögð, sem þarf við þá verkunaraðferð. — Í fyrrakvöld var búið að salta 1600 tonn; það bendir á, að enn sé nægilegt að gera ráð fyrir 5000 tonna söltun. Hins vegar hafa útvegsmenn farið fram á, að þessi takmörk væru ekki sett og heimildin yrði ótakmörkuð. Þetta er vegna þess, að þeir búast við aðalörðugleikunum á ísfisksölunni í apríl, en eins og útlitið er nú, eru aflahorfur góðar.

Um verð á saltfiski er ekki vissa fyrir nema kr. 1.54 pr. kg. — Ríkisstj. hefur lagt til, að þessi 5000 tonn verði þau fyrstu, sem söltuð verði, svo að þeir, sem þetta salta, geti gengið út frá þessu ákveðna verði. Eru þessar ráðstafanir gerðar vegna vetrarvertíðarinnar. En það er ekki gott að fullyrða um það, hvað verði hægt að selja af saltfiski, en vitað er, að þörfin fyrir fisk er mjög mikil í Evrópu. En geymsluhús eru víða skemmd og lömuð og geta því ekki tekið við niðursuðufiski eða hraðfrystum, og því aðallega um saltfisk að ræða, en þessi lönd eru lítt fær um að greiða þær vörur, sem þau þurfa, og er að sjálfsögðu athugandi, að íslenzka ríkið aðstoði þau við kaupin, t. d. með greiðslufresti. Hér er svo eitt atriði, sem n. þarf að athuga betur, en það er um þá menn, sem salta fisk, en veiða ekki, og væri rétt að setja ákvæði um það, að þeir hafi borgað hið tiltekna verð til fiskimannanna, áður en ríkisábyrgðin kemur fram, og ætti að setja það sem skilyrði.

Í sambandi við framkvæmd 1. gr. frv. geta orðið flóknir útreikningar, hvenær ábyrgðin kæmi til greina, og þyrfti því e. t. v. að setja einhvers konar dómnefnd til þess að skera úr. En ég býst þó við, að þetta sé ekki svo stórt atriði, að þörf sé á að setja það í frv., því að samkv. 3. gr. er hægt að setja nánari fyrirmæli.

Eysteinn Jónsson: Mér þykir ástæða til þess að finna að því, hversu seint ráðh. leggur þetta mál fyrir hér á þingi. Þingið kom saman um mánaðamót janúar og febrúar, og hefði þá verið æskilegt, að málið væri lagt fyrir án tafar strax, svo að þm. gæfist kostur á að kynna sér það og koma fram með brtt., en nú er orðið svo áliðið.

Ég vil undirstrika það, að þetta frv. er eitt hið stærsta mál, sem komið hefur fram í mörg ár. Þetta er í fyrsta skiptið í sögu landsins, sem ríkið greiðir uppbætur á aðalútflutningsvörur landsmanna. Í raun og veru er þetta algert skipbrot þeirrar stefnu, sem stjórnin hefur haldið uppi. Þessar ráðstafanir eru ekki gerðar vegna verðfalls, og ætti þetta að verða til þess að opna augu manna fyrir því, hve grundvöllurinn er tryggur, sem byggt er á. Það verður að snúa alveg við og taka upp nýja stefnu, eins og stjórnarandstæðingarnir hafa viljað, og gera ráðstafanir til að forðast algert öngþveiti og stöðvun á sjávarútveginum. Það, sem þurfti að gera, var að taka þessi mál föstum tökum og gera öflug samtök til að snúa við. En hitt er augljóst, að þegar stjórnin heldur áfram að berja höfðinu við stein, þá verður að reyna að láta þessa hluti koma sem jafnast niður, úr því sem komið er, því að það má ekki koma niður á einni stétt. — En ég skal ekki fara að ræða um dýrtíðina, þótt ég hafi haft þennan inngang, en víkja að einstökum atriðum frv.

Hæstv. ríkisstj. hlýtur að gera sér það ljóst, að þetta er aðeins byrjun. Með þessu getur ekki fengizt réttlæti eða jafnræði, það verður að hækka heimildina um ábyrgð á saltfiski. Það verður að hafa ábyrgðina svo víða, að enginn verði útundan, eða láta þá hafa einhvers konar forgangsrétt, sem erfiðast eiga með að losna við fiskinn. Og vil ég mælast til, að n. taki þetta til athugunar. Ég vil benda n. á, að það er þegar búið að segja a og spurning, hvort ekki verður líka að segja b og veita þeim einstaklingum ábyrgð, sem sjálfir flytja fisk sinn á markað. Af þessu leiðir, að eitt verður að ganga yfir alla og einnig verður að verðbæta útfluttar landbúnaðarafurðir, svo að bændur fái það, sem þeim ber samkv. 6 manna nál.

Þá vil ég minnast á fisksöluna yfirleitt. Menn þykjast sjá sleifarlag á þessu. Í því sambandi hafa borizt fregnir um, að þröngt sé að verða um möguleika til löndunar í Bretlandi og hafi jafnvel gengið svo langt, að það hafi þurft að henda fiski. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig þessu er háttað og hvað verður um þetta, því að vonandi er aðalaflinn eftir. Þetta er stórt mál og fróðlegt að heyra, hvaða ráðstafanir ríkisstj. er að gera í þessu. Og einnig vildi ég spyrja ráðh., hvað miklar saltbirgðir eru í landinu. Ég veit ekki, hvernig þessu er háttað í heild, en ég veit um staði, þar sem lítið er um saltbirgðir og jafnvel orðið að henda fiski sökum þess, að fiskflutningaskip voru ekki til staðar og ekkert salt. En með þessu verður ríkisstj. að hafa vakandi auga. Ég vil benda á

það, að ég hef séð í blaði hæstv. ráðh. yfirlýsingu um, að ástandið í fisksölumálunum og fiskflutningunum væri óviðunandi. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort um eitthvað hafi verið að ræða, sem hann vildi gera í þessum efnum, en ekki fengið framkvæmt. Þetta hefur áður borið á góma hér, og sagði þá hæstv. ráðh., að ríkisstj. væri að reyna að gera ýmsar ráðstafanir, en þetta væri erfiðleikum bundið sökum takmarkana á löndun í Bretlandi. Og ef hæstv. ráðh. hefur viljað gera einhverjar ráðstafanir, en ekki getað, þá vil ég heyra, hverjar þær eru og hvers vegna hann hefur ekki komið fram með þær, hvað sem hver sagði.

Áður en ég sezt vildi ég víkja með nokkrum orðum að þessum málum almennt. Fyrir stríð var sú stefna uppi hjá mörgum þjóðum að styrkja fiskveiðarnar og reyna að framleiða sem ódýrastan fisk, t. d. Norðmenn o. fl. Samkeppnin reyndist okkur hættuleg, og enginn vill lifa það upp aftur. Það er því alveg sjálfsagt, að þær þjóðir, sem er þetta hagsmunamál, geri það hreinlega upp við sig, hvort þær ætla að láta sama öngþveitið skapast og fyrir stríð. Þetta þolir enga bið, og vil ég spyrja ráðh., hvað hefur verið gert í þessu eða hvort ekki eigi að gera ráðstafanir til að ræða þetta við Norðmenn. Öllum er tamt að líta á oss sem smáa, en á þessu sviði erum við stórir og ættum að hafa frumkvæðið að því að koma þessum málum í sem bezt horf. Öllum blöskrar, hvernig haldið er á þessum málum, og mönnum finnst allt of lítil áherzla á þau lögð. Það er fjöldi manna erlendis til að sinna ýmsum málum. En það er áberandi, að til þess að sinna þessum málum eru ekki af hendi ríkisstj. nema tveir menn. Pétri Benediktssyni og ráðunaut með honum er ætluð öll Evrópa, nema England. Hann var fyrst sendur til þeirra landa, þar sem minnstar líkur voru fyrir sölu, eins og nú er, en síðan átti hann að fara til þeirra landa, þar sem helzt væru líkur til, að markaður fengist Ég vil í þessu sambandi benda á Bretland. Mér þykir einkennilegt, að ekkert er vitað um, hvernig er ástatt um sölu á frystum fiski, því að brezka stjórnin hefur ekki viljað taka á móti samningamönnum í þessu skyni. Það er fjöldi atriða, sem eru svo þýðingarmikil, að leggja hefði þurft á þau miklu meira kapp en gert hefur verið. Það hefði t. d. þurft að gera ráðstafanir í sambandi við lendingu ísfisksins. Mér er að vísu um það kunnugt, að sendiherrarnir gera það, sem þeir geta, en við verðum að hafa fleiri menn. Það hefur verið lögð of lítil áherzla á að sækja fram í fisksölumálunum, og virðist það vera hið eina svið, þar sem stjórnin reynir að spara. Nú er um það talað, að Norðmenn hafi nýlega gert viðskiptasamninga við Sviss. En þar hefur enginn verið fyrir Íslands hönd. Ef verður úr aukningu skipastólsins, hefur fróður maður sagt mér, að fiskmagnið muni aukast geysilega, svo að óhugsandi sé að selja allan fiskinn frystan og ísaðan. Nú er svo komið, að fiskþurrkun úti við er úr sögunni vegna eftirvinnu o. fl., því að það yrði svo háð veðráttu. Þá er spurning, hvað gera á. Það verður þá helzt fyrir að þurrka inni, ýmist með rafmagni eða jarðhita. Ég vildi nú beina því til hæstv. ráðh., að einhverjir færu að koma af stað þurrkunarstöðvum. Og ég teldi einhverju af fé sjávarútvegsins ekki illa varið í þessu skyni. Mér finnst þetta svo stórt mál, að ég hef verið að hugsa um að gera það að sérstöku þingmáli, en þess ætti þó ekki að þurfa. Raunverulega ætti fiskimálanefnd að hafa yfirsýn yfir svona hluti. Það er síður en svo, að ég sé á móti niðursuðuverksmiðjum á sjávarafurðum, en þó að það sé mikilvægt, megum við ekki gleyma því, að nú er talsvert útlit fyrir, að saltfiskmarkaður opnist á ný á næstunni.

Ég læt svo máli mínu lokið. En mér fannst rétt, að þessar bendingar kæmu fram í þessu máli.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þetta frv. væri einhver greinilegasti vottur þess, hvernig komið væri hér út á hálan ís vegna verðlagsmálanna, án þess að nokkurt verðfall hefði þó orðið enn þá. Þetta er auðvitað ekki að öllu leyti rétt, því að nokkur verðlækkun hefur orðið á ísfiski. En annars má minna á það, að ekki hafa orðið miklar breyt. á vísitölunni í tíð núv. ríkisstj. En í sambandi við fisksöluna koma svo margar aðrar hindranir til greina. Aðallega eru það löndunarörðugleikar, því að fiskurinn selst yfirleitt á hámarksverði þegar hann hefur verið landaður. En það vantar bara mannskap við löndunina, og virðist það því aðalvandamálið eins og er. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að ekki hefur verið hægt að hækka fiskverðið til fiskflutningaskipanna, eins og í fyrra. Höfuðástæðan til þessara ráðstafana er óvissa sú, sem fram er komin síðan stríðinu lauk, því að meðan það stóð, seldum við allan okkar fisk til eins lands og var um þá sölu samið á einu bretti og þurftum við svo engar frekari áhyggjur að hafa út af því. En nú, þegar fiskimenn í Bretlandi eru komnir heim af herskipunum, breytist þetta, og við vissum, að af þessu mundu fljótt hljótast örðugleikar, þegar brezkir fiskimenn tækju aftur til starfa, og meginlandið er þannig útleikið, að erfitt er að koma þangað fiskinum og óhægt um greiðslur eins og stendur.

Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisstj. hafi ekki gert nærri nóg í því að finna nýja markaði á meginlandinu. En mörgum hættir til að líta of mikið á þetta eina land, Bretland, og leggja því ekki eins mikla áherzlu á markaðsleit annars staðar. En á það má benda, að það var ekki fyrr en stríðið skall á, að farið var að flytja bátafiskinn út ísaðan. Við höfðum fyrir stríð allmikla markaði í Mið-Evrópu og mátti búast við, að þeir opnuðust aftur í stríðslok. En ég er sammála hv. þm. um það, að það er alls ekki nóg að hafa tvo menn í markaðsleit á öllu meginlandinu. Þegar þeir Einar Olgeirsson og Pétur Benediktsson voru í Póllandi, sögðu þeir, að Pólverjar væru reiðubúnir til þess að kaupa 1500 tonn á mánuði af ísfiski fyrir svipað verð og fengizt hefur í enskum höfnum. En það er ekki hægt að semja svoleiðis um einstakar vörur, heldur verður að gera alhliða verzlunarsamninga. Þeir, sem helzt hafa fengizt við útflutningsverzlun hér, hafa of einhliða trú á

enska markaðinum. En Norðmenn hafa t. d. með oddi og egg verið úti um að gera verzlunarsamninga við Evrópulöndin og tryggja þá markaði í framtíðinni. Brezki markaðurinn er auðvitað einn stærsti og bezti markaðurinn, en hann er takmarkaður af því, að Bretar sjálfir eru mikil fiskveiðaþjóð. Við höfum flutt ensku þjóðinni allan okkar fisk í stríðinu og flutt hann þangað á eigin skipum og beðið við það hlutfallslega eins mikið manntjón og þeir í styrjöldinni. Við teljum okkur því hafa nokkurn siðferðislegan rétt af ensku stjórninni að fá þarna markað. Annars virðist þetta aðallega vera vinnuaflsekla, sem orsakar, hve illa hefur gengið með markað í Englandi núna í vetur.

Hv. þm. sagði, að fyrir áramót hefði þurft að taka öll verðlagsmálin hér til gagngerðrar endurskoðunar, en ég tel, að það mundi ekki hafa borið mikinn árangur fyrir bátaútveginn, þó að t. d. kaup hefði lækkað. Það eru aðrar ráðstafanir, sem nær liggja. Hér er þannig ástatt, að allir atvinnuvegir landsins byggja meira og minna á sjávarútveginum, og það slæma ástand hefur skapazt, að verzlunin blómgast á þeim erlenda gjaldeyri, sem sjávarútvegurinn leggur til, og liggur það allt til gjaldeyrishamlanna fyrir stríð og þeirrar óheppilegu bankapólitíkur að leggja fyrst og fremst fé í verzlunina. Óeðlileg þensla í verzluninni á Íslandi er aðalorsökin til erfiðleika sjávarútvegsins.

Hv. þm. talaði um það, að gera þyrfti ráðstafanir til endurreisnar saltfiskframleiðslunni. Mér mun óhætt að slá því föstu, að þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar til þess að salta fisk, geti talizt hafa mikla þýðingu fyrir landið í heild. Ég tel rétt að hækka þessa heimild, er um ræðir í frv., upp úr 5000 tonnum, og yfirleitt ekki rétt að binda sig við ákveðna tölu. Ég teldi rétt að takmarka þetta ekki við ákveðið magn, heldur láta það ná yfir allan saltfisk. Þegar vertíð byrjar, verður að vera hægt að tryggja það, að mögulegt sé að flytja á land fisk okkar, því að við vitum, að þörfin fyrir fisk á meginlandi Evrópu er gífurleg. Við verðum að stefna að því að hafa fiskinn í geymanlegu ástandi. Og ég tel, að þessar ráðstafanir verði að gera vegna hinna óvissu markaðsleita sjávarafurða, sem vitað var um frá upphafi. — Ég sé ekki ástæðu til að tala um landbúnaðinn í þessu sambandi. Það eru ákaflega miklir örðugleikar á að flytja út ísfisk, og skip, sem íslenzkir útvegsmenn töldu, að gætu séð um fiskflutningana, hafa ekki reynzt fær um það. Ég tel hæpið, að það opinbera sé að leigja skip til annars en fiskflutninga, en þótt þessi skip fáist, þá er það ekki nægilegt og ekki hefur tekizt að fá erlend skip, þótt reynt hafi verið. Þó hefði verið hægt að fá færeysk skip, en þær deilur, sem urðu út af leigusamningunum í fyrra, urðu til þess, að útvegsmenn eru á móti því að leigja færeysk skip, enda eru þau yfirleitt gangtreg og léleg. Því var haldið fram í vetur, að við hefðum nægan skipakost, en þótt svo sé yfir vertíðina, má búast við, að mörg skip skerist úr leik, þegar sumarverð gengur í gildi, og þá verður ríkisstj. að skerast í leikinn og tryggja það, að hægt verði **að flytja fiskinn. Vitanlega fylgir þessu nokkur** áhætta, en ég geri ráð fyrir, að eigendur skipanna láti þau af hendi af fúsum vilja, ef þeir þora ekki að reka þau sjálfir. Í þessu sambandi vil ég upplýsa það, að nú munu vera til um 8000 tonn af salti í landinu, og vonir standa til, að hægt verði að fá meira salt síðar. Mér þykir ekki ósennilegt, að Íslendingar keppi að því á næstu árum að flytja út fullverkaðan fisk, og ég tel sjálfsagt, að ríkisvaldið geri allt, sem unnt er, til að styðja að því að gera fiskafurðirnar að markaðshæfri vöru. Ég lít svo á, að rétt sé að tryggja, að nóg salt sé til í landinu, og hvetja menn til þess að salta. Slíkt getur orðið nauðsynlegur þáttur í framleiðslu okkar þegar flotinn stækkar.

Pétur Ottesen: Þetta frv., sem hér er til umr., mun fram borið til þess að leysa þau vandræði, sem sjávarútvegurinn virðist nú kominn í, ef ekkert er að gert. Er það eðlileg afleiðing af því atvinnuástandi, sem við höfum búið við undanfarið og orsakar það, að framleiðsla vor er ekki meir en svo samkeppnisfær á erlendum markaði. En verð það, sem við getum fengið fyrir fiskinn erlendis, samsvarar ekki því, sem við þurfum að fá, til þess að atvinnuvegirnir geti borið sig. Mun láta nærri, að sá munur, sem er á framleiðslukostnaði okkar og því verði, sem við getum fengið, sé um 16 aurar á kg.

Ég hlýt fyrir mitt leyti að viðurkenna, að þótt ég hefði talið aðra leið heppilegri, þá tel ég, að ekki verði hjá þeirri ráðstöfun komizt, sem hér er gert ráð fyrir. Það, sem ég hef helzt við þetta frv. að athuga, er það, að mér þykir of skammt gengið, a. m. k. ef ekki breytist til batnaðar um afgreiðslu í höfnum erlendis, en mikil hætta er á, að fiskurinn skemmist vegna þeirra tafa, sem verða á löndun, eftir að skipin eru komin út. Ég hygg, að eina leiðin sé að tryggja útvegsmönnum viðhlítandi verð fyrir saltfisk. Ég mun því á síðara stigi málsins bera fram brtt. þess efnis, að útvegsmönnum verði tryggt vetrarverð fyrir saltfisk til maíloka. Það kann að vera, að nýir markaðir opnist fyrir þá vöru, t. d. í Ameríku, og þótt eitthvað verði að breyta til með pökkun, þá er ekkert við því að segja, ef viðunandi verð fæst.

Það hefur verið á það minnzt í þessum umræðum, að sams konar ráðstafanir yrði að gera gagnvart útflutningsverði landbúnaðarvara. Það leiðir af sjálfu sér, að ef landbúnaðurinn er í svipaðri aðstöðu, þá er sanngjarnt, að hann njóti svipaðs stuðnings frá því opinbera. Þessir atvinnuvegir eru hvor að sínu leyti undirstöður undir þjóðarbúskapnum og því eðlilegt, að þeir séu jafnréttháir. — Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að landbúnaðurinn hefði rutt brautina að því er varðaði slíkan stuðning. Þetta er að vísu rétt, en þess ber þó að gæta, að sá stuðningur var ekki eingöngu veittur vegna landbúnaðarins, heldur kom þar ekki síður til greina viðgangur sjávarútvegsins, þar sem ætla má, að hann hefði stöðvazt, ef ekki hefði verið horfið að því ráði. Þess vegna hefur þetta bundið hvað annað, þar sem niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum hafa verið gerðar vegna nauðsynjar þjóðfélagsins í heild, til þess að geta haldið uppi utanríkis-

verzluninni, því að án hennar hefðum við ekki getað staðizt. *(Atvmrh.: Ég átti við útflutningsuppbæturnar, en ekki niðurgreiðslurnar.)* Útflutningsuppbæturnar eru þar einn liður, af því að landbúnaðurinn gat ekki selt nema nokkurn hluta framleiðslu sinnar á innlendum markaði. Og til þess að landbúnaðurinn gæti sinnt sínu hlutverki um að fæða þjóðina, varð hann að fá slíkar útflutningsuppbætur, til þess að hægt væri að halda fólkinu við þessi framleiðslustörf. Þess vegna grípur þetta svo hvað inn í annað, niðurgreiðslurnar og útflutningsuppbæturnar á landbúnaðarafurðum, að þar ekki hægt upp á milli að gera.

Ég ætlaði svo að lokum að minnast á eitt atriði, sem dregið hefur verið inn í þessar umr., og það er það, sem farið hefur á milli hv. 2. þm. S.-M. og hæstv. atvmrh. í sambandi við það, sem þeir hafa rætt hér almennt um verðbólguna og dýrtíðarráðstafanir í þessu landi. Hæstv. ráðh. vildi færa það mjög á reikning verzlunarinnar, að sjávarútvegsmenn og aðrir hefðu beðið hér og biðu skarðan hlut, þ. e. a. s., að þeir, sem verzlun stunda, hafi dregið til sín óeðlilega mikinn hluta af því verði, sem okkur hefur fallið í skaut af framleiðslunni, bæði til sjávar og sveita. Þetta hefur nú mjög verið rætt, oft og löngum, en þó einna mest meðan verkfallið hér í Rvík stóð í vetur. Og það, sem hann sagði hér nú um þetta, var mjög í samræmi við það, sem þar hefur verið haldið fram, að heildsalarnir, eins og þeir hafa verið nefndir, — sem eru verzlunarstéttin, — hafi dregið *til sín óeðlilega mikið* af tekjum þjóðarbúsins á undanförnum árum. Ég vil engan veginn mæla gegn því, að svo hafi getað verið. Síður en svo. En ég vil bara segja þetta: Hvernig stendur á því, að heildsölunum eða verzlunarstéttinni hefur haldizt uppi að gera þetta? Nú höfum við búið hér við verðlagseftirlit og verðlagsákvörðun hjá verzlunum af hendi þess opinbera, hjá heildsölum og öðrum, sem verzlun reka, þannig að þeim hefur ekki verið leyft að leggja á vörurnar nema ákveðið hundraðshlutfall, sem hefur verið mismunandi eftir því, hvort um hefur verið að ræða heildsöluverzlun eða smásöluverzlun. Hvernig stendur á því, að ríkisstj., sem velur menn til þessara starfa, að sjá um þetta verðlagseftirlit, fyrr og síðar, — og þar á meðal einnig þessi hæstv. ríkisstj., sem nú hefur setið nokkuð á annað ár að völdum, — hefur liðið þessum mönnum, sem hún hefur valið til verðlagseftirlitsins, að gera hlut verzlanana svo ríflegan eins og hæstv. atvmrh. lýsir hér, eða að fara svo óeðlilega ofan í vasa allra landsmanna, að verzlunarstéttin hafi mokað og hrúgað upp fé á sama tíma og þeir, sem að atvinnurekstrinum standa, hafa búið við svo skarðan hlut, að ríkisstj. verður að grípa til ráðstafana með ýmsum hætti, til þess að fyrirbyggja, að þessi eða hinn atvinnuvegur sigli alveg í strand? Hvernig stendur á því, að hæstv. núv. ríkisstj., sem byggð er upp af þremur stjórnmálaflokkum og er fjölmennari en nokkur önnur ríkisstj. hefur verið í þessu landi, velur þá menn til þessara verðlagseftirlitsstarfa, sem þannig rækja þetta umboð? Og ef mistekizt hefur þetta starf hjá þessum mönnum, hvernig stendur þá á því, að hæstv. ríkisstj. lætur þessa sömu menn sitja við stjórnvölinn í þessum efnum, með þeim afleiðingum, að heildsalarnir moki stórgróða upp í sína skreppu, þegar aðrir þegnar þjóðfélagsins bíða skarðan hlut? Mér finnst þetta tvennt alveg ósamrýmanlegt, tal hæstv. ráðh. um þetta við þessar umr. og það, sem ég hef nú drepið á og spurt um, þ. e. sú vandlæting, sem fram kom hjá hæstv. atvmrh., og hitt, að hann gerir engar ráðstafanir, svo að vitað sé, til þess að fólkið verði verndað fyrir þessari féflettingu með því, að hér sé bót á ráðin. Ég hef að vísu heyrt talað um það úrræði að láta ríkið reka alla utanríkisverzlunina. En viðkomandi þeirri hlið málsins að gera góð og hagkvæm innkaup, þá er það vitað, að í því efni eru einstaklingar a. m. k. jafnsnjallir og þeir menn, *sem farið hafa með slíkt* umboð fyrir ríkið. Þannig að í því efni ætti ekki að vera ágreiningur. Í hinu liggur svo mismunurinn sjálfsagt, að með ríkisinnkaupum yrði hægt að komast hjá þessum geysilega milliliðagróða, sem hæstv. ráðh. talaði um. — En meðan við búum við verðlagseftirlit, sem ríkisstj. skipar menn til að annast, ætti þjóðin að geta treyst því, að álagningarmöguleikum á vörur sé mjög í hóf stillt.

Ég hef nú nokkuð rætt þetta atriði, af því að aðrir hv. þm. hafa gefið tilefni til þess, með því að fara út á víðari grundvöll en málið, sem fyrir liggur, gefur beinlínis tilefni til. En þetta frv. er bein afleiðing af því dýrtíðarástandi, sem nú *er hjá okkur. Og vitanlega er þessi 5 aura* trygging til þeirra, sem standa að hraðfrystingu á fiski, lítil, enda eingöngu miðuð við þá verðhækkun til fiskimanna, sem orðið hefur nú í vertíðarbyrjun. Að öðru leyti svífur þessi atvinnuvegur — eins og nú standa sakir — alveg í lausu lofti, meðan ekki tekst að ryðja vörunni braut á markaði utan Englands, þar sem við höfum selt þessa vöru nú á undanförnum stríðsárum. Og ekki einasta það er nauðsynlegt að ryðja þessari vöru braut, heldur að það verð, sem við fáum fyrir hana á þessum nýju mörkuðum, svari til kostnaðarins við framleiðslu hennar innanlands. Gangi það ekki, en samt sem áður verði að selja vöruna, þá mun reka að því, að gera verður *sérstakar ráðstafanir til* þess að forðast fjárhagslegt hrun hjá þeim, sem kaupa fisk til hraðfrystingar. Vonandi rætist nú betur úr þessu en á horfist, og segi ég það þá með sérstöku tilliti til þess, að hraðfrysti fiskurinn er góð vara, sem ætti að standa jafnfætis annarri hliðstæðri vöru, sem berst á markaðinn, t. d. frá Norðmönnum og annars staðar að. En það, sem vitanlega gerir erfiðleikana fyrir okkur, er ekki aðeins samkeppnin við Norðmenn, heldur hitt, að framleiðslukostnaður hjá okkur er svo miklu hærri en annars staðar á Norðurlöndum, og þar með hjá þeim, sem við verðum að keppa við um sölu á þessum afurðum. Og það náttúrlega gerir aðstöðu okkar *ákaflega erfiða í þessu efni og leiðir m. a. til* þess, að það þarf að gera ráðstafanir sem þessar, er frv. þetta hljóðar um, hér innanlands, svo að hægt verði að fleyta atvinnurekstrinum áfram, þó að ekki sé nema í bili.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Með auglýsingu samninganefndar utanríkisviðskipta frá 5. jan. 1946, sem vitnað er í í 1. gr. þessa frv., var lágmarksverð á fiski, hvort heldur er til útflutnings eða til frystihúsanna eða annarrar notkunar, ákveðið eins og segir í þeirri auglýsingu. Nú er ætlunin með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að skilyrði fyrir því, að þær uppbætur séu greiddar eða sú ábyrgð tekin, sem um ræðir í 1. og 2. gr. frv., séu þau, að greitt sé það tilskilda lágmarksverð, sem samninganefnd utanríkisviðskipta ákveður á hverjum tíma. — Hæstv. atvmrh. gat um, að ekki mundi vera rétt að setja ákvæði um þetta í frv., hvað saltfiskinum við kemur. En ég hygg, að það ætti að vera nægilegt að bæta aftan við 3. gr., en 3. gr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Atvinnumálaráðherra getur sett fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um getur í 1. og 2. gr." Ég hygg, að nægilegt væri að bæta aftan við þessa gr.: „Þar á meðal um þau sönnunargögn, er hann telur þurfa fyrir því, að hlutasjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt hið tilskilda lágmarksverð, sem ákveðið er af samninganefnd utanríkisviðskipta á hverjum tíma." — Ég hygg, að nauðsynlegt sé að setja um þetta ákvæði, vegna þess, að ef fiskútflutningurinn stöðvast og mikið framboð verður á fiski til söltunar eða annarra nota í landinu, þá er nokkur hætta á því, að fiskverðið verði lækkað til fiskimanna og útvegsmanna. En það er alveg nauðsynlegt, að ríkisstj. setji undir þann leka þegar frá byrjun. Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja hér við þetta frv. brtt. í þá átt, sem ég hér lýsti. Óska ég eftir, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari brtt., svo að hún megi koma hér til umr. og afgreiðslu á sínum tíma.

Ég vildi svo taka undir það, sem fram hefur komið frá hæstv. atvmrh. og einnig hv. þm. Borgf. um það, að nauðsynlegt sé að auka saltfiskmagnið verulega frá því, sem ákveðið er í frv. En í því sambandi verð ég þó að benda á, að ef ekki eru til nema 8 þús. smálestir af salti í landinu, eins og ég tók eftir, að hæstv. atvmrh. segði, þá ber mjög brýna nauðsyn til þess að hefjast þegar handa um að fá meira salt innflutt til landsins, og það því fremur sem sýnilegt er, að einhver breyt. verður á hámarksverði á ísfiski í Bretlandi nú um næstu mánaðamót. Sú breyt. var boðuð á s. l. ári. Og ef hún kemur til framkvæmda nú um mánaðamótin, má búast við því, að það þurfi að auka söltun að miklum mun. Og þá er vissulega nauðsyn á því, að gerðar séu alveg sérstakar ráðstafanir til þess að afla meira salts til landsins, því að það, sem til er af salti í landinu, mun ekki nægja í nema 9 þús. smálestir af fiski. (*LJós:* Það er nokkuð freklega saltað). Það er venjuleg söltun. (*PO:* Það verður að salta mikið, þegar fram á kemur). Reynslan er sú, að 1 kg af salti mun þurfa í 1 kg af fiski.

Ég skal ekki fara út í að ræða þetta mál vítt og breitt eins og aðrir hv. þdm. hafa gert hér. Það má sjálfsagt lýsa ýmsum ástæðum fyrir því, að þetta frv. er fram komið. En eftir atvikum má ríkisstj. sjálfsagt sætta sig vel við það, hve góðar undirtektir þetta frv. hefur fengið, einnig hjá stjórnarandstæðingum.

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hæstv. atvmrh. gæti ekki verið viðstaddur. Ég kann illa við að halda áfram þessari umr. að honum fjarstöddum. Ég hygg, að hæstv. atvmrh. hafi haldið, að þetta mál mundi ekki komast að til umr. á þessum fundi. — Ég sé nú, að hæstv. ráðh. kemur inn í salinn.

Ég skal nú ekki fara langt út í að ræða þá hlið þessa máls, sem veit að verðbólgunni, en get þó ekki látið hjá líða að fara um þá hlið málsins nokkrum orðum, út af því, að hæstv. atvmrh. sagði, að það væri misskilningur að álíta, að kaupgjaldið hefði úrslitaþýðingu um afkomu bátaútvegsins. Ég er hæstv. atvmrh. ekki sammála um þetta. Það er ekki vafi á því, að kaupgjaldið hefur úrslitaþýðingu um afkomu bátaútvegsins. Við könnumst við þessar staðhæfingar, sem hæstv. ráðh. bar fram um þetta. Það hefur verið sífellt sagt við bátaútvegsmenn, að það snerti þá svo lítið, þó að kaupgjaldið hækki. En þetta er blekking, vegna þess að kaupgjald og verðlag í landinu hafa úrslitaþýðingu fyrir smábátaútveginn, ekki síður en aðrar atvinnugreinar, enda hefur niðurstaðan orðið sú, að smábátaútvegurinn stendur ákaflega höllum fæti. Hann hefði getað staðið stórum betur að vígi, ef skynsamlega hefði verið á málum hans haldið. En smáútvegsmenn eiga nú t. d. litla sjóði. Því að þótt þeir séu nokkrir að krónutölu, þá eru þeir verðlitlir. En því neita ég ekki, að það hefur fleira áhrif á framleiðslukostnaðinn en kaupgjaldið, þ. á m. milliliðakostnaðurinn, sem hæstv. ráðh. minntist á. Hæstv. ráðh. sagði, að sá kostnaður væri þungur í skauti sjávarútvegsins, og skal ég ekki draga úr því, að þar sé um verulegan kostnað að ræða. En ég hlýt að undirstrika það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að það situr heldur illa á hæstv. atvmrh. að skjóta sér á bak við þetta. Hann hefur setið í ráðherrasæti á annað ár og talaði digurbarkalega, þegar hann tók við völdum, ekki sízt um það, að sjávarútveginum skyldi ekki verða þjakað með verzlun og viðskiptum. En niðurstaðan er sú, að eftir rúmt ár frá valdatöku þessa hæstv. ráðh. rís hann upp hér á Alþ. og lýsir því með stórum orðum, hvílíkar búsifjar sjávarútvegurinn hafi haft einmitt af starfi milliliðanna í landinu. Rétt áður en þessi hæstv. ráðh. tók við ráðherrastörfum, birtist grein í blaði hans, Þjóðviljanum, þar sem þess var krafizt af þáv. ríkisstj., að hún gerði þá þegar ráðstafanir til þess að koma verzluninni með sjávarafurðir í hendur útvegsmönnum sjálfum. Og farið var þar háðulegum orðum um þáv. ríkisstj. að þessu leyti og mjög sterk orð höfð um þáv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki notað sér heimild, sem hún hafði, til þess að taka oliugeyma eignarnámi. — Eftir nokkra daga frá þessu settist hæstv. núv. atvmrh. í það ráðherrasæti, og hefur hann stjórnað þessum

málum þannig eins og hann lýsti hér í hv. þd. fyrir skömmu, og þess hefur ekki orðið vart, að hann hafi gert nokkra tilraun til þess að koma á nýjum stjórnarháttum í þessum málum. En ef hann hefði eitthvað gert í þessu, þá hefði hann víst ekki þagað yfir því, því að hann setur ekki ljós sitt undir mæliker í þeim skilningi. Og hæstv. atvmrh. sagði, að þessir erfiðleikar, sem sjávarútvegurinn á nú við að stríða, stöfuðu að miklu leyti af rangri braskpólitík, en það finnst mér mjög grunnfærnislega sagt. Það er að vísu satt, að það hefur haft mikil afgerandi áhrif á afkomu sjávarútvegsins, hvernig braskpólitík hefur verið rekin í sambandi við hann yfirleitt. En það er fjarstæða, að það sé vegna braskpólitíkur fyrst og fremst, hvernig komið er fyrir smábátaútveginum. Og af því að hæstv. ráðh. ræddi þetta svo mjög, og það reyndar ekki að gefnu tilefni, þá vildi ég gjarnan spyrja hæstv. atvmrh. t. d. að því, hvaða ráðstafanir hann hafi látið gera til þess að tryggja félagi útvegsmanna innflutningsleyfi fyrir nauðsynjum útgerðarinnar. Mér er kunnugt um, að félag þeirra hefur átt mjög undir högg að sækja um þessi mál undanfarið, en mér er ekki kunnugt um, að nein breyt. hafi átt sér stað í þeim efnum. Ég sé því ekki annað en í þessum efnum sé nú ekki síður ábótavant en var áður en þessi hæstv. atvmrh. tók sæti í ríkisstj., þannig að hann hafi engu fengið áorkað til bóta í þeim efnum. Ég játa, að þetta atriði, sem hæstv. atvmrh. gerði sérstaklega að umtalsefni, er stórt atriði fyrir bátaútveginn. En hitt er einnig stórt atriði, hvernig farið hefur um dýrtíðina í landinu og kaupgjaldið. Og það er náttúrlega verðbólgan, sem hefur átt drýgstan þátt í því að koma málefnum sjávarútvegsins í þá erfiðleika, sem þau nú eru í. Fyrir styrjöldina átti sjávarútvegurinn við allmikla erfiðleika að etja, en hafði samt góða afkomu, meðan verðbólgan hafði ekki vaxið.

Ég minntist á það hér á dögunum, að mönnum blöskraði yfirleitt sú linka og það framkvæmdaleysi, sem ætti sér stað varðandi nýja samninga við önnur lönd um sölu sjávarafurða, og reyndar gildir þetta um fleira, sem ég fór ekki út í þá og skal ekki fara út í nú. Ég nefndi ekki mörg dæmi, en gat um nokkur atriði. Nú hefur hæstv. atvmrh. gert hér eftirtektarverða játningu á þingi, þar sem hann lýsir yfir því, að hann telji, að í þessum efnum hafi ekki verið gerðar nægilega röggsamlegar framkvæmdir. Það er út af fyrir sig nokkurs virði og sízt ástæða til að deila á hæstv. ráðh. fyrir það, að hann játar það, sem miður hefur farið. Hitt er ákaflega athyglisvert, að þessum málum skuli vera komið þannig, að hæstv. atvmrh. hlýtur að játa þetta. Og það ber vott um meira en lítið sleifarlag í þessu efni, því að hingað til hefur ekki verið hægt að telja það með kostum þessarar hæstv. ríkisstj. að játa það, að sér hafi nokkuð yfirsézt. Það dylst heldur engum, sem nokkuð hefur fylgzt með verzlunarmálefnum eða atvinnumálum, hvernig á þessum málum hefur verið haldið. — Nú þykist ég vita, að hæstv. atvmrh. þykist geta talað djarft um þetta, af því að þessi mál heyri ekki undir hann, því að það heyrir ekki undir hans starf að senda menn til annarra landa til samninga um þessi mál. En hann getur þó ekki skotið sér undan ábyrgð í þessum málum, því að þessi mál eru svo þýðingarmikil fyrir þau mál, sem heyra undir hans stjórnardeild, að það er óforsvaranlegt, að þetta gangi svo um mál, sem hann á að annast í ríkisstj., að ekki sé vakin athygli þjóðarinnar á því fyrr en nú að síðustu, eins og af tilviljun. Hér er um svo þýðingarmikil mál að ræða, að hæstv. atvmrh. átti að halda öðruvísi á þeim, auk þess sem hæstv. atvmrh. hefur mikla möguleika til að bæta úr því, sem aðrir ráðh. kynnu að vanrækja í þessu efni. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að hann geti sent út menn, jafnvel algerlega af sínu ráðuneyti, ef honum finnst hér óforsvaranlega illa á haldið. En það virðist hæstv. atvmrh. ekki hafa gert. Þessi játning hæstv. ráðh. um þetta eitt hið þýðingarmesta mál, sem stjórnin hefur með höndum, er þeim mun merkilegri þegar þess er gætt, að það var eitt af þeim málum, sem hæstv. ráðh. lagði mikla áherzlu á þegar hann tók við völdum og skrafaði mest um, að þessi ríkisstj. mundi líta á það sem eitt sitt aðalverkefni að ná hagkvæmum viðskiptasamningum við aðrar þjóðir, ekki sízt til þess að létta af mönnum áhyggjum viðkomandi sölu sjávarafurða. Og það var þá talað um það, að það yrði ekkert til sparað til þess að ná sem beztum árangri í þessu efni. Þetta er í miklu ósamræmi við það, sem uppvíst er orðið um skort hæstv. atvmrh. á framkvæmdum í þessum efnum.

Þá vil ég loks víkja að því, sem hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi því, hve miklar ábyrgðir skyldi taka t. d. á saltfiski, að það mætti sennilega slá því föstu, að þeir, sem lakasta aðstöðu hafa, njóti allrar þeirrar ábyrgðar, ef hún yrði aukin að marki frá því, sem til er tekið, vegna þess að allir mundu stunda að einhverju leyti saltfiskframleiðslu yfir vetrarmánuðina. — Þetta er ekki réttur skilningur hjá hæstv. ráðh. Það verður að gera aðrar og frekari ráðstafanir til þess að hækka kvótann nokkuð, til þess að hægt sé að veita öllum hliðstæða aðstoð í þessum efnum. Þó að hæstv. ráðh. hækkaði saltfiskkvótann, gæti svo farið, að hann yrði búinn í apríl. En í sumum verstöðvum byrjar ekki vertíð fyrr en að vorinu og sums staðar fæst aðalfiskmagnið að sumrinu o. s. frv. Mér finnst því, að ekki sé hægt annað en hafa miklu ýtarlegri ákvæði um þetta heldur en í frv. felst; og þá, að ríkisstj. sé gefin heimild til að taka á móti saltfiskframleiðslunni fram á næsta haust.

Ég hélt, að menn mundu geyma sér að koma með brtt. við þetta frv. þangað til við 2. umr. En nú hafa komið fram brtt. frá hv. þm. Borgf., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast fyrir bátaútveginn sölu á því fiskmagni, sem saltað er til útflutnings til 31. maí. Ég hef komið brtt. til skjalavörzlunnar, um að þessari brtt. hv. þm. Borgf. verði breytt á þann veg, að í staðinn fyrir „31. maí" komi: 1. okt., og enn fremur, að henni verði breytt þannig, að aftan við till. bætist ákvæði um, að enn fremur verði ríkisstj. veitt heimild til þess að ábyrgjast

tilsvarandi verð fyrir smærri þorsk en í brtt. getur, en ekki aðeins fyrir stórfisk. Það er náttúrlega ekki annað að gera en að dansa til enda dýrtíðardansinn, eftir að út í hann er komið. Og meðan ekki er snúið algerlega við á þeirri braut, þá er það hlutverk okkar að reyna að láta ekki verða misskipt því, sem veitt er af fjármunum þjóðarinnar í allar mögulegar áttir til þess að hamla á móti afleiðingum dýrtíðarinnar.

Ég hef ekki lagt fram brtt. varðandi landbúnaðarafurðir, sem ég þó minntist á fyrr við þessa umr., en mun gera það, ef n. eða nokkur hluti n. tekur ekki það atriði upp. En ég geri ráð fyrir, að þetta frv. hljóti að fá meðferð í fjhn. Og þó að þetta frv. sé flutt af meiri hl. n., vildi ég mælast til þess, að því verði vísað formlega til n.

Ég skal svo að lokum taka fram, að ég saknaði þess, að hæstv. ráðh. ræddi ekkert þá hlið þessa fisksölumáls, sem lýtur að samvinnu við aðrar fiskveiðiþjóðir. Það getur verið, að hæstv. atvmrh. hafi sérstakar ástæður til þess að ræða ekki það atriði þessa dagana opinberlega. En ég saknaði þess, að hann lýsti ekkert stefnu ríkisstj. í því atriði, hvort hún er að leita slíkrar samvinnu, og þá eftir hvaða leiðum hún ætlar að gera það. En ég minntist á þetta dálítið í ræðu minni um daginn, og þá held ég, að ég hafi spurt hæstv. atvmrh. um það, hvað í þeim efnum hefði verið gert. Okkur er öllum ljóst, hvað getur beðið okkar, ef illa tekst til um viðreisn Evrópu, þannig að þar verði skortur á næstu árum, en hins vegar eykst fiskframleiðsla hjá þeim þjóðum, sem hana hafa stundað. Þá yrði mjög erfitt framundan fyrir okkur. Og mér sýnist full ástæða til þess, að það sé tekið alvarlega til athugunar, hvernig hægt er að koma í veg fyrir það, að fiskverðið verði hrakið svo mikið niður eins og var fyrir samkeppnina um fiskmarkaðinn fyrir síðustu styrjöld, — og eins, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um það, að þjóðirnar færu ekki inn á þá braut að styrkja fiskframleiðsluna heima fyrir úr ríkissjóði, til þess að hægt væri að undirbjóða fiskinn sem markaðsvöru. Um þetta þurfum við að nota alla okkar lagni, til þess að geta komið í veg fyrir, að þetta eigi sér stað. Þetta vildi ég undirstrika, og mér þætti gott, ef hæstv. atvmrh. teldi sér fært að gefa einhverjar stefnuyfirlýsingar um þetta. Vilji hann þetta ekki, af einhverjum ástæðum, nær það ekki lengra að sinni. En ég sé sérstaka ástæðu til að minnast á þetta, vegna þess að mér finnst, að svo slælega hafi verið rekin tryppin varðandi samninga nú á næstu mánuðum um fisksöluna, og virðist ástæða til að draga þá ályktun af því, að ekki sé nægilega sinnt ýmsum enn þá stærri verkefnum.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 12. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. upplýsti það í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli, að ráð væri gert fyrir því, að ríkisstj. keypti, að því er mér skildist, allverulegan hluta af saltfiskframleiðslunni eða kringum 5 þús. tonn. Nú veit ég ekki betur en enn þá liggi í landinu töluvert af saltfiskframleiðslu síðasta árs og þeir útgerðarmenn og fiskimenn, sem þann fisk eiga, fái ekkert út á hann enn þá. Nú langar mig í þessu sambandi að fá upplýsingar um það, hvernig í þessu liggur. Mig minnir, að þegar þessi mál voru rædd hér í fyrra, hafi verið ætlazt til þess, að fiskimálan. skyldi sjá um að senda skip til hinna ýmsu hafna til þess að kaupa fiskinn og flytja hann ísaðan út, en þar sem það var ekki mögulegt, var ætlazt til að veita heimild til þess að greiða styrk til þess að flytja fiskinn milli smáhafnanna, svo að hann gæti komizt í skip til útflutnings. Nú hefur hvorugt þetta gerzt, a. m. k. ekki það ég veit. Á Bakkafirði og Borgarfirði eystra er saltfiskur frá fyrra ári enn ófarinn þaðan og óseldur. Mér skildist það þá, að þar, sem nauðsynlegt yrði að salta fiskinn, væri tryggt, að sá fiskur seldist samkvæmt þeim samningi, sem við gerðum þá við Englendinga. Þess vegna er mér það hulin ráðgáta, hvernig á því stendur, að smáhafnirnar, t. d. Bakkafjörður og Borgarfjörður, gátu yfirleitt ekki fengið skip eða styrk til þess að flytja þaðan fiskinn inn á aðrar hafnir, þar sem skip voru til þess að flytja hann út. Þeir, sem áttu þennan fisk, urðu því að salta hann og fá hann ekki borgaðan. Um þetta langar mig til að fá upplýsingar í sambandi við þetta mál í framtíðinni, því að það þýðir lítið að heimta af ríkisstj., að hún kaupi fisk og veiti heimild til þess að borga fiskflutninga milli smáhafna, ef ekkert er síðan gert í málinu, heimildin ekki notuð og fiskurinn liggur á þessum stöðum, þannig að eigendurnir fá ekkert út á hann, en þannig var þetta í fyrra. Afstaða mín til þessa frv. markast þess vegna af því, hvort ég fæ tryggingu fyrir því, að betri trygging fáist fyrir aðgerðum í þessum málum en raunin varð á í fyrra.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru sérstaklega ummæli hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), sem voru þess efnis, að mér fannst rétt að taka hér til máls. Þessir tveir hv. þm. lýstu yfir sem sinni skoðun, að þetta frv., sem hér lægi fyrir, bæri vott um, að sjávarútvegur okkar væri ekki lengur samkeppnishæfur og þess vegna þyrfti að grípa til slíkra neyðarráðstafana eins og þetta frv. gerði ráð fyrir; enn fremur að þetta frv. væri afleiðing af þeirri dýrtíðarverðbólgustefnu, sem farin hefði verið, og skildist mér á hv. 2. þm. S.-M., að þetta væri sérstaklega að kenna þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefði farið í þessum málum. — Ég lít á þetta mál, sem hér liggur fyrir, allt öðrum augum en þessir hv. þm. Ég get ekki fallizt á, að þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir að heimila hæstv. ríkisstj. að framkvæma með þessu frv., séu fram komnar vegna dýrtíðarmálanna sérstaklega. Ef þess er gætt, hvernig þessum málum var fyrir komið t. d. um það leyti, sem núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og hvernig ástandið var þá í verðlagsmálunum hér á landi, þá er það augljóst, að það, sem nú er verið að gera, og það, sem gert var um síðastliðin áramót, er ekki sérstaklega vegna þess, að dýrtíðin hafi hækkað á þessum tíma, heldur er hér fyrst

og fremst um það að ræða, að það er einmitt nú verið að hlutast til um að hækka fiskverðið til fiskimanna fram yfir það, sem áður hefur verið. Fyrir rúmu ári síðan, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, var skráð fiskverð til fiskimanna kr. 0.45 pr. kg miðað við slægðan fisk, þó með haus, og hygg ég, að dýrtíðarvísitalan hafi þá verið kringum 275 stig. Þegar ríkisstj. hafði setið að völdum 2—3 mánuði, gerði hún ráðstafanir til þess, að fiskverðið væri hækkað til fiskimanna um það bil 8%, og hafði þá dýrtíðin ekki vaxið neitt á þeim fáu mánuðum. Hæstv. ríkisstj. gat komið þessari fiskverðhækkun fram á þá lund að velta þessari verðhækkun yfir á þá, sem önnuðust fiskflutninga á erlendan markað, og voru þeir skyldaðir til þess að greiða fyrir allan þann fisk, sem þeir keyptu, með 15% verðhækkun frá því, sem gilt hafði um tveggja ára skeið. Hins vegar þótti ekki fært að láta frystihúsin greiða hækkað fiskverð, en sett var á verðjöfnun og er talið, að meðaltalshækkun hafi numið ca. 8%. Það frv., sem hér liggur nú fyrir, er beint áframhald af þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. um áramótin 1944—1945. Nú hefur hún enn hlutazt til um, að fiskverð til fiskimanna hækki um ca. 12% frá því, sem var, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum. En þessi verðhækkun hefur ekki fengizt samþ. nema með þeim skilyrðum, að frystihúsin fái nokkra baktryggingu frá ríkinu vegna þessarar hækkunar, meðan ósýnt er, hvaða verð kemur til með að fást fyrir hraðfrysta fiskinn. Svipað er að segja um þann saltfisk, sem hér er ætlazt til, að ríkisstj. fái heimild til að verðtryggja allt upp að kr. 1.70 pr. kg. Ef maður ber saman það fiskverð, sem ákveðið var á vertíðinni 1944, og fiskverðið, sem ákveðið var 1945, og loks á vertíðinni 1946 og svo verðlagsmálin þessi sömu ár, þá er sýnilegt, að það eina, sem verulega hefur tekið breytingum, er það, að með ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. er fiskimönnum ákveðið nokkru hærra verð fyrir afla sinn en þeim var ákveðið árin áður. Þessar ráðstafanir ganga aðeins í þá átt að bæta nokkuð aðstöðu fiskimanna frá því, sem áður var, en ekki neinar afleiðingar af hækkuðu verðlagi á þessum tíma. — Það er alveg rétt, að árið 1944, þegar utanþingsstj. fór með völd, hefði verið hægt að hækka þetta fiskverð um 8% eða um 12% eins og nú, og meira að segja hefði það verið enn þá auðveldara þá, af því að á því ári var fiskverðið á erlendum markaði hærra en í fyrra og nú. Þá voru hins vegar engar slíkar ráðstafanir gerðar og dýrtíðin þó sú sama og nú, svo að það má öllum ljóst vera, að það frv., sem hér liggur fyrir til stuðnings bátaútveginum, er ekki að kenna stefnu hæstv. ríkisstj. í verðlagsmálunum, heldur ber að þakka henni fyrir það, að hún skuli nú, þegar þessi mál eru orðin erfiðari en þau voru áður, sjá nauðsynina og réttlætið í því, að fiskverðið til fiskimannanna verði nokkuð hækkað frá því, sem var. Hitt er svo annað mál, að þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir í þessum efnum, eru að mínum dómi á engan hátt fullnægjandi og við þurfum að ganga lengra í þessum efnum. En það er líka rétt að athuga það, að þessi mál liggja nú þannig fyrir, að ekki er hægt um vik að fá þeim þannig fyrir komið, að fiskimönnum verði yfirleitt sýnt fullkomið réttlæti.

Það hefur verið talið, að hraðfrystihús landsins, sem síðustu 3—4 ár hafa keypt verulegan hluta af fiskaflanum til vinnslu, hafi greitt fyrir hann sanngjarnt verð, og menn hafa yfirleitt slegið því föstu, að þau hafi ekki getað greitt hærra verð, þótt þeir hafi séð, að hraðfrystihúsunum hafi vegnað svo vel undanfarið, að þau hafa komið sér upp stórum og dýrum byggingum. Við höfum séð, að hraðfrystihúsin hafa safnað allmiklum fjármunum, og að dómi flestra fiskimanna hefur það verð verið skráð of lágt, sem þau hafa greitt fyrir aflann, miðað við getu þeirra. Ég er einnig á þeirri skoðun, að flest hinna nýju hraðfrystihúsa séu það vel úr garði gerð og það stæð, að þau gætu nú greitt það verð, sem nýlega hefur verið ákveðið fyrir fiskinn, þ. e. 50 aura fyrir kg, miðað við sama verð og gilti á hraðfrystum fiski síðastliðið ár, og ef tekið er tillit til þess, að flest þessi fyrirtæki hafa verið að auka vinnukraft og véltækni sína til mikilla muna á síðastliðnum árum, þannig að fyrirtækin hafa getað skilað eigendunum auknum arði, þá hefur þetta ekki verið látið koma fram í hækkuðu fiskverði til fiskimanna, fyrr en ef það verður gert nú að þessu sinni. En það er nú einu sinni orðið þannig, að ekki er auðhlaupið að því að skylda hraðfrystihúsin til að greiða fiskimönnum hærra verð fyrir aflann en þau hafa gert, vegna þeirrar hefðar, sem á er komin í þessum efnum, og það liggja ekki fyrir nægilegar skýrslur um það, hvað þessi fyrirtæki geta gefið fyrir hráefnið. Þegar nokkrar vonir stóðu til þess, að sjómenn fengju hærra verð fyrir fiskafla sinn, var ekki hægt að verða við kröfum þeirra nema ríkið yrði einnig við kröfum hraðfrystihúsaeigenda, þannig að það tæki á sig stóra bakábyrgð þeirra vegna, þar til séð yrði, hvaða verð fengist fyrir hraðfrysta fiskinn, þegar samningar hefðu farið fram. Hvað viðvíkur þeirri heimild, sem felst í þessu frv. og snýr að saltfiskinum, þá er einnig rétt að athuga það, að það verð, sem gert er ráð fyrir, að fáist fyrir hann, er mjög verulega hærra en það var öll stríðsárin. Hefur verið skýrt frá því hér, að saltfiskverðið eigi nú að vera kr. 1.54 pr. kg, en síðastliðið ár var verð á honum kr. 1.24 pr. kg. Má af þessu sjá, að það hefur verið hægt að hækka fiskverðið um 20—25% frá því, sem það var í fyrra, án þess að koma þyrfti til nokkurrar sérstakrar ábyrgðar ríkissjóðs fyrir þessa tegund fisks. Þetta sýnir, að hæstv. ríkisstj. hefur í þessu tilfelli verið að leitast við að koma fram verulegri hækkun á fiskverði til fiskimanna.

Þetta eru þau atriði, sem ég vildi undirstrika í sambandi við þetta mál. Það verður að skoða þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, í framhaldi af því, að hér er verið að koma fram verðhækkun á fiskinum til fiskimanna frá því, sem verðið hefur verið, þótt aðstaðan sé nú ekki betri til þess en verið hefur. Hér er hins vegar ekki verið að framkvæma verðhækkun á fiskinum af þörf vegna aukinnar dýrtíðar, sem orðið hafi t. d. frá því í fyrra. Flestum mun vera kunnugt, að upphæð þessi er of lág. Og hæpið er að miða verðið við vetrarvertíðina eina. Ég er hér

með brtt. um að breyta 2. gr. frv., svo að hún verði líka bundin við upphæð til fiskafla þess, er saltaður verði til októberloka þ. á. En þessi brtt. er reyndar ekki enn komin fram. Það er ekki hægt að binda sig við vetrarvertíðarfisk. Einnig á að taka til greina fisk, er til fellur um sumarið. Það er ekki hægara fyrir þá, sem stunda sumarútgerð, að selja afla sinn, og er því nauðsynlegt, að þetta nái líka til þeirra. Er ekki óeðlilegt, að ábyrgð ríkisins nái út yfir sumarmánuðina.

Að því leyti, sem fiskflutningamálin frá síðasta ári hefur borið á góma, get ég verið fáorður. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að ekki hafi verið staðið við gefin loforð um fiskflutningana frá smáhöfnum. Skip hefðu ekki verið fengin til að ganga á þær og sú heimild hafi ekki verið notuð að styrkja fiskflutninga milli hafna. Ég hygg þetta vera munu ranghermi hjá hv. þm. Þessi heimild var veitt 1944, en páv. atvmrh., sem einmitt er flokksbróðir þessa hv. þm., neitaði að notfæra sér heimildina, og var hún því ekki endurnýjuð 1945. Þá var hún ekki til. — Ég veit, að ýmsar smærri hafnir urðu þeirra skipa aðnjótandi, er ríkið hafði á leigu. Hygg ég, að einmitt megi þar nefna smáhafnir eins og Vopnafjörð og Bakkafjörð, sem hv. þm. tiltók. Mér er kunnugt um, að skip fiskimálanefndar tóku þar nokkrum sinnum fisk. En hafnir þessar eru hins vegar svo litlar, að varla er hægt að taka þar ísaðan fisk. Aflinn er svo lítill, að hann getur ekki fyllt fiskflutningaskipin á viðunanlega stuttum tíma eða svo, að fiskurinn skemmist ekki, enda get ég nefnt dæmi. Vissi ég um það, að eitt sinn, er skip hafði tekið fisk á þessum höfnum, þá fékkst ekki einn eyrir fyrir hann í erlendri höfn, m. ö. o.: hann eyðilagðist allur. Það var engin leið að koma aflanum í sómasamlegu ástandi á markaðinn. En menn fundu ástæðu til að reka upp neyðaróp mikið og ásaka fiskimálanefnd fyrir að stuðla að eyðileggingu fisksins. Það var takmörkunum háð að koma fiskinum á markaðinn. Fiskimálanefnd bar engin skylda til þess að reyta saman fisk á smáhöfnum úti um land.

Hér hefur einnig verið minnzt á útflutningsuppbæturnar. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þetta frv. væri að því leyti merkilegt, að nú væri í fyrsta skipti gert ráð fyrir að greiða útflutningsuppbætur á afurðir aðalatvinnuvegs þjóðarinnar. Hann væri ekki orðinn samkeppnisfær. Mér finnst of snemmt hjá hv. þm. að minnast á útflutningsuppbætur í þessu sambandi. Held ég, að frv. muni ekki leiða af sér greiðslu þeirra, og álít þess von, að til þeirrar þarfar komi ekki. En hitt er aðalatriðið, að ekki er hægt að koma fram fiskverðshækkun til sjómanna, nema ríkið vildi baktryggja hraðfrystihúsin. Það er ekkert víst, að til þess komi að greiða þetta. Leið þá, er ríkisstj. hefur farið, tel ég verið hafa alveg rétta.

Annar er sá þáttur þessa máls, sem ég tel rétt að drepa á. Flestir hafa gert sér ljóst, að algengust verkun á fiski hér áður fyrr, þ. e. a. s., að hann var ísaður, mundi ekki geta staðizt lengi eftir stríðslok. Menn hafa líka séð, að gamla aðferðin, saltfisksverkunin, yrði ekki tekin upp með sama árangri og fyrr. Flestir voru hins vegar á því máli, að við mundum hverfa að því að hraðfrysta fiskinn og sjóða hann niður. Þyrftum við þá sýnilega að koma okkur upp niðursuðuverksmiðjum og hraðfrystihúsum. Þá var auðséð og eðlilegt, að millibilsástand eins og nú er mundi skapast, meðan verið væri að skipta um yfir í hinar nýtízku aðferðir, hraðfrystingu og niðursuðu, og koma upp nægilega mörgum byggingum í þessu skyni. Við mundum þurfa að selja lengur með gömlu aðferðinni en hagkvæmir markaðir mundu fást. En þá var vandamálið: Átti að draga úr tekjum fiskimannanna með verðlækkun eða átti ríkið að styrkja sjómennina, þegar þeir yrðu að flytja út ísvarinn fisk lengur en æskilegt hefði verið? M. ö. o., spurningin var, hvort fiskimenn skyldu bera skaðann einir, eða hvort réttmætt væri, að ríkið hlypi undir bagga með þeim, tæki á sig ábyrgð og styrkti þá á annan hátt. — Við verðum að sjá, hversu meiri fisk við verðum að flytja út en heppilegt er. Álit flestra útgerðarmanna og sjómanna er, að ekki sé haganlegt að flytja út ísfisk í apríl- og maímánuðum, en nú verðum við að gera þetta, þótt okkur þyki það slæmt. Af því að vinnslustöðvum hefur ekki fjölgað nægilega mikið, verðum við að flytja út þvílíkan fisk. Ég tel sjálfsagt, að ríkið taki á sig skakkaföllin. Á síðastliðnu vori hefðu fiskflutningar stöðvazt, ef ríkið hefði ekki aðstoðað, þá er margir skipsfarmar fóru fyrir ekki neitt, þegar ekki var hægt að selja fiskinn, af því að menn hlupu frá störfum sínum, en það var bein afleiðing af friðardögunum úti. Til viðbótar þeim ráðstöfunum, er hér um ræðir, tel ég brýna nauðsyn bera til þess, að ríkið styrki bátaútveginn meira.

Íslenzku fiskiskipin ein hafa nú fiskflutningana með höndum. Þau hafa talið sér hagkvæmt að flytja fiskinn út, þegar fiskverðið er hæst. Þegar kemur fram undir næstu mánaðamót, verðið lækkar niður í sumarverð, eins og venjulega, og allar fisksölur verða vafasamari, má búast við því, að íslenzku fiskflutningaskipin skorist undan því að kaupa fisk, flytja hann út og selja. Er viðbúið, að þau snúi sér að öðru í staðinn. Ég tel, að stjórnin hefði því átt að hafa heimild til að láta ríkið annast flutningana, sjá um fisktökuskipin, taka þau á leigu eða jafnvel leigunámi e. t. v., svo að flotinn yrði svo lengi við flutningana og bátaútvegurinn krefst þess. Verið getur, að ekkert skip verði við flutninga á fiskinum eftir svo sem ½ mánuð. Það er engin leið að salta allan þann fisk, sem bátar kunna væntanlega að koma með. En stj. mun nú enga heimild hafa til leigunáms, og tel ég, að þessari heimild ætti að bæta við.

Svo er hér eitt atriði, sem hið opinbera verður að taka föstum tökum, en það er að fara að vinna kappsamlega að því að reisa fleiri fiskvinnsluverksmiðjur, svo að við þurfum ekki lengur að flytja út meiri ísfisk og saltfisk en nauðsynlegt er. Í Hornafirði er t. d. ekki enn hægt að hraðfrysta einn fiskugga, því síður að sjóða þar hið minnsta niður. En sumar leiðirnar til úrbóta eru neyðarleiðir. Á stöðum eins og Hornafirði verður hið opinbera óhjákvæmilega

að taka í sínar hendur að koma fiskvinnslustöðvum upp. Fyrir Alþ. liggur nú frv. um, að ríkið beiti sér fyrir byggingu fiskvinnslustöðva. Mér er ljóst, að ríkið getur ekki lengur skorazt undan því að taka málið föstum tökum. Þetta ár má ekki líða sem hin fyrri, án þess að það sé tekið föstum tökum. Ég geymi mér svo að ræða það frekar.

Einar Olgeirsson: Ég sé nú, að umr. um þetta frv. eru e. t. v. að fara út fyrir það, sem tilefni gefst til. Vil ég þá fyrst geta þess í sambandi við þetta frv., að ég tel stj. farið hafa inn á mjög rétta leið viðvíkjandi bátaútveginum, án þess þó, að það baki ríkissjóði nein veruleg fjárútlát. En ég læt þess getið, að það er ekki einvörðungu þetta atriði, sem ég legg áherzlu á og tel nauðsynlegt. Ég bendi hér á aðra leið og tel rétt að vekja athygli stj. á því.

Undanfarið hefur svo háttað til, að jafnóðum og ný vinnsluaðferð hefur verið fundin upp af einhverjum, þá hafa allir framleiðendur farið að einbeita sér að þeirri aðferð til verkunar. Það er eðlilegt, að menn keppi hver við annan á þennan hátt. Við þekkjum þetta vel hjá sjálfum okkur. Má þar til nefna t. d. harðfiskinn, hraðfrysta fiskinn o. fl. Og nú sjáum við, hversu hagar til um niðursuðuna o. fl. En fyrir þjóðarheildina getur þetta verið hættulegt. Við verðum að athuga, að allt útlit er nú fyrir, að fiskframleiðslan muni aukast um helming á næstunni, og markaðirnir eru vafasamir og ótryggir fyrir fiskinn, bæði í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. En þá verðum við bara að gæta þess að nota alla markaðsmöguleika, hvar sem er og í hvaða mynd sem er. Aðalatriðið er, að markaður fyrir allar okkar vörur sé fyrir hendi. Þannig er það, að betra verð fyrir eina vörutegund leiðir af sér lakara verð fyrir aðra. Án eftirlits mundu allir snúa sér að sem mestri framleiðslu þeirrar vöru, er hæst verð fæst fyrir, enda er það eðlilegt. En hins vegar yrði afleiðingin sú, að samtímis mundi vanta fisk til að svara eftirspurninni á öðrum fiskafurðum. M. ö. o., hér væri um offramleiðslu einnar vörutegundar að ræða, en kreppa mun skapast af því. En ríkið verður að jafna á milli og tryggja hag manna, með sérstökum ráðstöfunum, svo lengi sem hagkvæmt telst. Við gætum fyrst framleitt eins og einhver ákveðinn markaður þyldi, síðan tekið til við framleiðslu annarra vörutegunda fyrir þá markaði, er fyrir þær fengjust, og svo koll af kolli. Markaðsþörfin yrði athuguð fyrir hvers konar fisk og mannafla landsins einbeitt á ákveðin svið með sjónarmiði til heildarinnar. — Ég álít þess vegna, að um það, sem felst í þessum heimildum, ætti ríkisstj. að athuga, hvað framtíðina snertir, ekki aðeins hvort þetta gæti ekki orðið upphaf að því að skapa tryggingu fyrir öruggum grundvelli undir verðhækkun á vörum sjávarútvegsins, heldur líka til þess að koma á betra skipulagi um hagnýtingu markaða og skipulagi á framleiðslu okkar aðalútflutningsvöru. Og ég held, að þetta sé mikið atriði, sem leggja beri áherzlu á.

Þá hefur í þessum umr. mikið verið rætt um markaðsörðugleika okkar, sem er ekki nema eðlilegt, þegar verið er að ræða um ráðstafanir, sem ríkisstj. er að gera til þess að reyna að fá fram hærra verð á afurðum okkar en verið hefur áður og til þess að tryggja landsmönnum það. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að við ræðum þó nokkuð okkar markaðsöflun og markaðsmöguleika. Því að það er engum efa bundið, að það hlýtur að koma meir til kasta Alþ. að fjalla um það atriði en verið hefur fram að þessu. Í raun og veru hafa markaðir okkar, sérstaklega síðustu árin fyrir þetta síðasta stríð, verið mjög takmarkaðir. Og ég held, að við verðum að venja okkur við, þegar við hugsum um markaði okkar, að hugsa um afurðir okkar sem heimsvöru og takmarka það ekki við tiltölulega fá lönd, eins og við höfum gert fram að þessu. Og ef við ætlum að hafa álíka stórhug í okkar markaðsöflun og við höfum haft gagnvart því að leggja grundvöll undir öflun nýrra atvinnutækja til handa sjávarútveginum og fiskiðnaði á Íslandi, þá verðum við að taka betur á en við höfum gert í því efni fram að þessu. Mættum við þá byrja á því að umskapa nokkuð hugmyndaheim okkar sjálfra um möguleikana í þessu sambandi. Við erum þannig landfræðilega í heim settir, að við höfum góða aðstöðu til að hagnýta okkur markaði bæði austan hafs og vestan. Og ef við framleiðum markaðsvöru úr öllum þeim fiski, sem við erum að skapa okkur möguleika til að veiða, þá held ég, að markaðir okkar gætu verið í flestum löndum Ameríku og Evrópu, og jafnvel nokkuð utan þeirra heimsálfa. Og það þýðir það, að það starf, sem við verðum að inna af hendi til öflunar markaða í þessum löndum, er geysilegt. Það þýðir, að við verðum að einbeita þeim kröftum, sem við höfum, til þess að afla markaða á þessum stöðum. Og það kostar venjulega allharða og langa baráttu að komast inn með vörur sínar í ný markaðslönd, ekki sízt ef við eigum í samkeppni og baráttu í því efni við frændþjóð okkar, Norðmenn. Það hafa nokkrum sinnum komið fram raddir um það utan þings, og nú síðast innan Alþ., að við þurfum að hafa samstarf við Norðmenn um okkar fiskmarkað. Það hafa að vísu verið gerðar tilraunir til þess áður fyrr, að fá menn til að athuga þetta, en það hefur mætt andúð hér á Alþ., sem hefur orðið til þess að kveða þá viðleitni niður. Ég held, að það hefði verið heppilegast fyrir báðar þessar frændþjóðir, Íslendinga og Norðmenn, að þær hefðu fyrir löngu tekið upp samstarf um hagnýtingu markaða fyrir fisk og síld, og ég álít, að það sé mjög heppilegt, að þær raddir komi fram hér á Alþ., sem undirstrika þörfina á þessu. Og ég vildi eindregið hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að vinna að slíku samstarfi og reyna að koma því á sem allra fyrst. Meðan slíku samstarfi er ekki komið á, er gefið, að við megum ekki láta okkar eftir liggja um að reyna að komast inn á markaði, hvar sem er í heiminum. Það er nauðsynlegt, líka ef til samninga kæmi við Norðmenn, að vera sem víðast búnir að koma ár okkar fyrir borð, þannig að ef til samninga kæmi um þetta, yrðum það ekki við, sem yrðum að biðja um að fá að komast inn á markaði, sem þeir væru búnir að taka, heldur að við sem allra víðast stæðum sem jafnast að vígi og þeir. Og það er ekki að-

eins um þorsk að ræða í þessu sambandi. Við Íslendingar verðum að gera okkur ljóst, að lífsafkoma þjóðar okkar byggist, ég vil segja frekar á síldveiðum en þorskveiðum. Það er mitt álit, að síldveiðin sé mesta auðsuppsprettan, sem við höfum. Það er meira og meira að sýna sig við rannsóknir, að einmitt þar sem þorskmergðin hér við land að öllum líkindum er það takmörkuð, að hún þoli ekki meiri veiði en það, sem framleitt var af þorski hér fyrir stríð, af Íslendingum, Englendingum og Þjóðverjum, þá er það svo með síldina, að hún þolir svo að segja ótakmarkaða veiði. Reynslan hefur enn fremur sýnt, að við höfum á tveggja mánaða tíma jafnmikil uppgrip af síld, að því er magnið snertir, eins og við höfum af þorski allt árið. Og síldin er, hvað næringargildi snertir, talin margfalt dýrmætari en þorskurinn. — Ég held því, að við getum litið svo á okkar þorskveiðar, að viðkomandi þeirri atvinnugrein stöndum við þannig að vígi, að við höfum jafna aðstöðu í þeirri grein við aðra, sem að sjávarútvegi vinna, en með síldveiðunum, þegar vel gengur, gerum við okkur að efnaðri þjóð og sköpum okkur betri lífsafkomu en við sem fiskimannaþjóð annars mundum hafa. Nú upp á síðkastið höfum við einbeitt okkur meir og meir að því að bræða síldina. Og það hefur gengið svo langt, að síðustu árin hefur verið saltað minna af síld en var fyrir 1914 í beztu árum. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að einmitt sjálf síldarsöltunin er e. t. v. verðmætasta hagnýtingin á síldinni — og ég tala nú ekki um, þegar niðurlagning síldar bætist við, sem er verðmætasta vinnsla á síldinni, sem við gætum haft í okkar landi. Og markaður fyrir síld hefur sýnt sig að vera sérstaklega góður. Ég held þess vegna, að þegar við tölum um markaðsöflun okkar og markaðsmöguleika, megum við ekki einblína um of á hraðfrysta fiskinn, heldur taka með öflun markaða einnig fyrir síldina og ekki sízt saltsíldina og niðurlögðu síldina, sem alltaf er að vinnast sívaxandi markaður fyrir, sérstaklega í Bandaríkjunum. Það má gera ráð fyrir því, að í ár verði, ef vel gengur, framleiddar 300—400 þús. tunnur saltsíldar og 30 þús. tonn af hraðfrystum fiski. — Það er þess vegna rétt, þegar við planleggjum herferð okkar til markaðsöflunar, að taka tillit til allra þessara atriða. — Nú er það svo, að Evrópa hefur fram að þessu síðasta stríði verið okkar aðalmarkaðssvæði, og ég fyrir mitt leyti held, að hún verði það einnig framvegis. En það þýðir ekki það, að við eigum fyrir það að vanrækja þá markaðsmöguleika, sem við höfum t. d. í Ameríku, bæði fyrir niðurlagða síld og einnig fyrir nokkuð af saltaðri síld og fyrir hraðfrystan fisk og e. t. v. fyrir þurrkaðan og hertan fisk. En það er nú svo, að svo að segja í öllum löndum Evrópu höfum við skilyrði til markaða fyrir vörur okkar. Við höfum okkar gamla saltfiskmarkað, þegar við förum að reyna við hann aftur. Og ekki er ástæða til þess að selja ekki saltfiskinn, meðan fólkið vill borða hann. Við höfum markaðsmöguleika í Mið- og Austur-Evrópu, sem tvímælalaust geta orðið að nokkru leyti undirstaða undir stórfelldari framleiðslu í síldariðnaði hjá okkur en við höfum haft nokkurn tíma fyrr. Það hefur sýnt sig á undanförnum 10—15 árum, að við höfum bókstaflega slegið Englendinga út í sambandi við matjessíldina. Hin ágæta enska matjessíld hafði rutt sér til rúms. En á hverju ári, sem leið, sýndi það sig, að markaðsmöguleikar fyrir okkar matjessíld í nýjum og nýjum löndum voru að skapast. Og þetta er ekki undarlegt, þegar maður aðgætir, hvílíkt næringargildi okkar síld hefur, og að það er erfitt fyrir nokkra aðra þjóð en okkar að framleiða þessa vöru í eins stórum stíl, svo að hún sé neitt nándar nærri eins góð og hún er frá okkur. Ég held þess vegna, að við þurfum að hraða okkur með markaðsöflun fyrir okkar síld miklu meir en gert hefur verið fram að þessu. Og ég vil mjög eindregið hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að leggja fram meira fé og meiri orku en gert hefur verið fram að þessu, til þess að afla þeirra markaða. Ég hef dálítið kynnzt þessu sjálfur í sambandi við þá för, sem ég tók þátt í, eftir beiðni hæstv. ríkisstj., til Póllands og Tékkóslóvakíu. Og ég held, að það sé alveg rétt að taka það fram hér, að ég held, að markaðsmöguleikarnir, sem eru í báðum þessum löndum fyrir okkar vörur, hafa alls ekki verið hagnýttir til fulls enn þá. Nú hefur verið gerður samningur við Tékkóslóvakíu, og það tekst vonandi áður en langt líður að hagnýta markaðsmöguleika þá til fulls, sem þar hafa skapazt fyrir vörur okkar. Og viðkomandi Póllandi er vitanlegt, að möguleikar eru á því að fá markað þar fyrir a. m. k. 50 þús. tunnur síldar, og mikill áhugi var þar fyrir hraðfrystum fiski og ísfiski. Ég vonast því til þess, að hæstv. ríkisstj. takist sem allra fyrst að hagnýta markaðsmöguleika þá, sem þar eru fyrir vörur okkar. Það er slæmt, að það skuli ekki hafa verið gert fram að þessu. — Það er leitt, að hæstv. utanrrh. er hér ekki viðstaddur á fundi. Hann er nú veikur. En mjög æskilegt hefði verið að geta fengið upplýsingar frá honum um þetta, því að ég trúi ekki öðru en að þetta mál sé í fullum gangi hjá hæstv. ríkisstj. — Og ég er í engum efa um það, að líka í Sovétríkjunum, sem enn þá hafa ekki verið gerðir neinir samningar við, og áður en langt um líður einnig á gömlu þýzku landsvæðunum verði líka möguleikar fyrir okkur á því að selja okkar afurðir.

Það er tvennt, sem ég álít, að hæstv. Alþ. þurfi að láta alveg sérstaklega koma í ljós um það, sem það ætlast til af hæstv. ríkisstj. í þessum málum. Í fyrsta lagi, að Alþ. telji ekki eftir, að varið verði fé til markaðsöflunar eins miklu og ríkisstj. þykir við þurfa. Ég hef orðið þess var, sérstaklega frá hinum fremstu mönnum Framsfl., að það hafi þótt vera of miklu fé eytt til íslenzku utanríkisþjónustunnar. Og ég gæti trúað því, að hjá ríkisstj. væri mikil tilhneiging til að spara í þessu efni. En ég læt í ljós sem mína skoðun, að við eigum að eyða meira fé til utanríkisþjónustunnar. Við eigum meira undir útlendum markaðum en nokkur önnur þjóð í veröldinni, og það þarf því engan að undra, þó að við verðum að verja miklu fé til markaðsöflunar erlendis. Það er dýrt starf að afla nýrra markaða, og það sýnir ekki árangur undir eins. Það kemur ekki strax verzlunarsamningur upp

úr hverri för, sem farin er í því skyni að afla markaða, slíkar farir skapa okkur möguleika smátt og smátt til markaða. Ég held, að hæstv. ríkisstj., hver sem hún er, eigi ekki að skera við neglur sér það fé, sem varið er til markaðsöflunar erlendis, og að það stefni algerlega í ranga átt, þegar raddir koma fram um það frá fulltrúum hér á hæstv. Alþ., að Íslendingar verji of miklu fé til sinnar utanríkisþjónustu, og ég held, að það sé okkar sök alþm. að hafa ekki hvatt ríkisstj. til að verja meira fé til þessa.

En svo er eitt mál, sem kemur til greina, nú eins og sakir standa, þegar við ræðum um okkar markaðsöflun á þessu ári, og það er spursmálið um lánsfrest. Við vitum, hvernig ástandið er í Evrópu eins og nú stendur. Flutningakerfi Evrópu hefur að mjög verulegu leyti eyðilagzt hér og hvar. Það er til fjöldi verksmiðja í Evrópu, sem gætu framleitt með fullum krafti, ef hægt væri að flytja til þeirra hráefni og frá þeim vörur. En framleiðsla þeirra strandar að verulegu leyti á því, að flutningakerfið er ekki í lagi. Evrópa hungrar nú að vísu sem stendur, og hún virðist vera fátæk, þegar maður heyrir sögur um skort þar víða. En þetta er ekki nema stundar fyrirbrigði, því að Evrópa er enn þá sterkasti hluti jarðar, vegna þess stórfellda iðnaðar, sem þar er saman safnaður, og vegna þess mannfjölda, sem þar er, og þeirrar fagkunnáttu, sem hann býr yfir. Þær 400 millj. manna, sem eiga heima á þessum litla skaga, sem Evrópa er, veita okkur að líkindum beztu markaði heimsins, þar sem þær búa í svo miklu þéttbýli, en við hins vegar framleiðum matvæli. Evrópuþjóðirnar, sem nú virðast vera fátækar og nú skortir möguleika til þess að flytja að sér og frá vörur, koma til með að rífa sig upp á tveim til þrem árum, þannig að Evrópulöndin verði tiltölulega rík lönd og þá að ýmsu leyti öruggari markaðslönd en þau voru fyrir styrjöldina. Við höfum hvað eftir annað rekið okkur á það ástand fyrir síðustu styrjöld, að lönd, sem voru rík, þannig að þau áttu mikil vinnutæki, voru ekki góð markaðslönd, vegna þess að þar voru svo margir atvinnulausir og gátu ekki keypt af okkur matvæli. En það kemur ekki til greina neitt atvinnuleysi í Evrópu á næstu árum, því að Evrópa kemur til með að þurfa á að halda vinnuafli hvers manns á a. m. k. næstu 5—10 árum við uppbyggingu atvinnuveganna og annars. Og fyrir markaðsöflun okkar Íslendinga er kaupgeta fjöldans eitt aðalatriðið. — Ég held þess vegna, að fyrir okkur sé það eitt höfuðatriðið að komast nú þegar í viðskiptasamband við sem allra flest af þessum löndum. Við höfum kvartað yfir því á undanförnum árum og áratugum, að okkur hafi ekki gefizt tækifæri til að láta fólk í þessum löndum prófa okkar vörur, vegna tollmúra og annars slíks. Nú eru þessir tollmúrar brotnir niður, og nú geta því þessi lönd tekið við matvælum frá okkur án nokkurra tollmúra, ef við getum komið vörunum til þeirra hvað greiðsluskilmála snertir. Ég held þess vegna, að lánsfrestur til svo eða svo margra landa í Evrópu væri sú nauðsynlegasta og skynsamlegasta pólitík, sem við gætum rekið, þar sem við á annað borð álítum nauðsynlegt að komast inn í þessi lönd með vörur okkar. Það mundi undirbyggja örugg viðskiptasambönd við þessi lönd. Hins vegar hefur orðið vart nokkurrar andúðar hér heima viðvíkjandi slíkri pólitík, og ég held, að það sé rétt, að fram komi rödd hér á Alþ. til þess að hvetja ríkisstj. til að fara þessa leið að komast að verzlunarsamböndum í löndum, sem við höfum trú á, að innan tiltölulega skamms tíma muni vinna sig upp. Við mundum vinna tvennt með því. Annars vegar að bæta úr brýnni nauðsyn fyrir vörurnar og hins vegar að geta tryggt yfirleitt hærra verð fyrir okkar afurðir en ella, því að þau lönd, sem mest þurfa á vörum okkar að halda nú, eiga erfitt með að greiða þær nú þegar, en munu koma til með að verða tryggir viðskiptavinir síðar meir. Og ég tel rétt, að ríkisstj. undirbúi sem bezt markaði fyrir ekki aðeins fisk, heldur einnig síld í löndum Evrópu, svo sem Hollandi, Frakklandi, Belgíu, Þýzkalandi, Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu, Rúmeníu og víðar. Það er vafalaust hægt að undirbúa nú markað fyrir síld og fiskafurðir í þessum löndum, ef unnið er nægilega að því. Og við megum ekki láta þau tækifæri, sem við höfum nú til öflunar markaða í Evrópu, ganga okkur úr greipum. Það væri stórhættulegt fyrir okkar framtíð að einangra okkur þannig með tilliti til markaðsmöguleika. Það er slæmt, að við skulum ekki hafa verzlunarsamninga nema við tvö eða þrjú lönd á meginlandi Evrópu, þar sem við helzt þyrftum að hafa viðskiptasamninga við tíu þjóðir a. m. k.

Vegna þeirrar gagnrýni, sem hér hefur komið fram við þessar umr., er vert að athuga það, hvort við höfum ekki gert okkur seka um að hafa rekið ranga pólitík í okkar verzlun. Ég hygg, að við höfum gert okkur seka um ekki aðeins ranglátar, heldur og mjög óheppilegar aðfarir á þessu sviði, sem eiga rót sína að rekja til þess tímabils, þegar hv. 2. þm. S.-M. var einn aðalráðamaður hér á landi, frá þeim tíma, er Framsfl. stjórnaði, þegar fyrir tólf árum að innflutningshöftin hófust hér. Síðustu 12—13 árin hefur innflutningsverzlunin hér á landi verið einokuð á þann hátt, að ákveðnum firmum hefur svo að segja einum saman verið úthlutað innflutningsleyfum, og þeim firmum hefur svo með löglegri álagningu verið tryggður hagnaður af þessari verzlun, og hefur það verið allgóður ágóðahlutur. Það hefur verið tekin upp sú pólitík undanfarin 12—13 ár, að svo og svo stórri stétt hefur verið seld innflutningsverzlunin á leigu. En þetta hefur eðlilega orðið til þess, að innflutningsverzlunin hefur verið mjög öruggur atvinnuvegur, sem á hverju ári hefur gefið ákveðinn hagnað af sér, og hefur því verið eftirsótt að komast í þennan atvinnuveg. Þarna hefur verið eins konar óasi í íslenzku atvinnulífi, sem hefur verið á grænni grein og skilað öruggum gróða, meðan sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hafa borið sig illa og þeir, sem við þá atvinnuvegi hafa verið, hafa tapað. Þetta er ófært ástand, ef menn hugsa sér að stefna að því að setja fjármagn þjóðarinnar helzt í framleiðsluatvinnuvegina. Í kapitalistisku þjóðfélagi er ekki hægt að tempra þetta á annan hátt en með því, að ágóðamöguleikar í hverri atvinnu-

grein séu í hlutfalli við þá þörf, sem þjóðin álítur að sé fyrir fjármagn í þeirri grein. Þjóðin verður að búa betur að þeim, sem vilja leggja fjármagn í útflutningsverzlun, heldur en þeim, sem stunda innflutningsverzlun. En við höfum rekið aðra pólitík í þeim málum hingað til. Innflutningsverzlunin hefur verið örugg, óbeinlínis fyrir aðgerðir hins opinbera, en útflutningsverzlunin hefur verið svo áhættusöm, að engir hafa viljað leggja fjármagn í hana. Ég álít, að með þessu frv. sé stigið spor í áttina, að ríkið skapi meira öryggi fyrir þá, sem vilja leggja fjármagn í útflutningsverzlun, en engum getur blandazt hugur um, að það sé miklu réttari pólitík en sú, er Framsókn rak, að gera innflutningsverzlunina örugga, en fæla menn frá því að reyna að koma íslenzku afurðunum í verð á erlendum markaði. Það er nauðsynlegt, að ríkið hlaupi undir baggann með að gera útflutningsverzlun okkar öruggari á friðartímum en hún var áður, og með því álít ég snúið á braut, sem skapar heilbrigðari þróun. Með þessari stefnubreytingu standa vonir til, að við fengjum einhverja af okkar duglegu verzlunarmönnum til að afla markaða og ryðja útflutningnum braut.

Ég hef farið nokkuð út fyrir hið gefna tilefni, en það er vegna þess að ég held, að það væri mjög heppilegt, að það kæmi greinilega í ljós, ef vilji þingsins er sá, að meira væri gert og meira fé varið af hálfu ríkisstj. til að afla nýrra markaða.

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Eins og ég gat um í upphafi varðandi þetta mál, er hér ekki um útflutningsuppbætur að ræða á sama hátt og á sér stað um landbúnaðinn. En hins vegar tekur ríkið á sig ábyrgð á verði vegna hinnar miklu óvissu, er ríkir um verðlag. Ég vil ekki fullyrða, hvort ríkið muni þurfa að láta af hendi fé vegna þessarar ábyrgðar, en vitanlega er það til í dæminu. Hv. þm. Borgf. vildi jafna þessu algerlega við niðurgreiðslu landbúnaðarafurða og taldi, að með samþykkt þessa frv. hefði skapazt hið sama og við útflutning á landbúnaðarafurðum. En við verðum að taka það með í reikninginn, að niðurgreiðsla og uppbót á útflutning er tvennt ólíkt. Útflutningsuppbótin til bænda er greidd vegna óhagstæðs markaðar, þar sem beztu markaðslöndin voru lokuð á meðan stríð stóð. Hér er tekin ábyrgð á verði vegna óvissra sölumöguleika, en reynslan ein mun úr því skera, hvort til þessarar ábyrgðar þurfi að koma. Niðurgreiðslur eru allt annars eðlis og raunar óþarfi að ræða það mál hér. Sumir kalla þær neytendastyrk, aðrir styrk til bænda, en líklega hafa hvorugir rétt fyrir sér. Verðlag landbúnaðarafurða var ákveðið af hinni svo kölluðu sexmannanefnd, og eins og frá var gengið, var þetta talið sanngjarnt verð til bænda. Nú vita allir, að landbúnaður og sjávarútvegur hafa haft hag af þessu — mikið seldist hér innanlands, og er mér nær að halda, að það hafi verið mikill hagur fyrir bændur, að markaður fyrir vörur þeirra hefur vaxið hér innanlands. Ég vona, að bændur njóti þessa aukna markaðar í krafti niðurgreiðslnanna, hvort sem þær voru fremur til fyrir bændur eða neytendur, en þetta er talið heppilegt almennt séð. Ég vil ekki halda því fram, að þetta hafi verið sérstök góðgerðastarfsemi eða styrkur við bændur, en hins vegar er rétt, að frá sjómönnum hafa komið fram kröfur um þessar tryggingar, og þá hefur einmitt verið vísað til útflutningsuppbótanna sem fordæmis. Ég býst nú samt við, að málið hefði eins komið fram, þótt um ekkert fordæmi hefði verið að ræða. Það er nauðsynlegt að ganga út frá ákveðnu verði til þess að tryggja afkomu sjávarútvegsins.

Hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. S.-M. vildu halda því fram, að það ástand, sem nú ríkti í atvinnumálunum og að verzlunin drægi til sín allan blóma atvinnulífsins, væri að kenna aðgerðarleysi mínu. Mér er það fullljóst, að það hefur átt sér stað mjög óæskileg þróun í atvinnulífi okkar undanfarin ár. Fjármagnið, sem sjávarútvegurinn hefur skapað, hefur runnið til verzlunarinnar. Hún gefur örugga afkomu, en í sjávarútvegi má alltaf búast við skakkaföllum, og það leiðir til þess, að menn eru ófúsir að leggja fé í sjávarútveginn. Þetta á rót sína að rekja til þess, er gjaldeyrishöftin voru sett og ríkisvaldið tók allan gjaldeyrinn af sjávarútveginum, en lét hann í hendur þeirra manna, sem fást við verzlun. Það er því alls kostar óeðlilegt, að fjármagnið skuli renna frá sjávarútveginum, sem skapar hann, en til verzlunarstéttarinnar, sem stundar áhættulausa atvinnu. Á árunum fyrir stríð var barizt um það að kaupa vörur til útflutnings, til þess að menn gætu fengið að ráðstafa gjaldeyrinum, því að annars gátu þeir ekki fengið innflutt nema hafa gjaldeyri fyrir. En nú hefur vissulega óheppileg braut verið mörkuð. Fjármagnið dregst frá sjávarútveginum í hendur verzlunarstéttarinnar, og hún græðir. Það er hægt að draga mikið úr gróða hennar með verðlagseftirliti. Það miðast nú við prósentálagningu. Þess vegna ýtir það allajafnan ekki undir menn að gera hagstæð innkaup, og í sumum tilfellum að gera beinlínis slæm, ef góð söluskilyrði eru fyrir hendi. Nú er í undirbúningi að breyta þessu og afnema prósentálagninguna og hafa heldur ákveðna upphæð á ákveðið vörumagn, til þess að menn hafi ekki hagnað af því að gera óhagkvæm innkaup. En það er torvelt að hafa eftirlit með verðlaginu, sbr. heildsalamálaferlin. Verzlunarmenn hafa samið við hina erlendu aðila um rangar skrár á þeim vörum, sem þeir kaupa inn. Ég vil ekki neitt um það segja, hversu algengt þetta er, en þetta er samt staðreynd. Ég geri ráð fyrir, að erfitt sé að fyrirbyggja þannig svindl algerlega. Eina ráðið til að lagfæra þetta er að koma á fót landsverzlun. Um þetta hafa komið fram ákveðin tilmæli frá útvegsmönnum og sjómönnum. Þeir stunda hin áhættusömu störf og bera oft skarðan hlut frá borði, en þeir, sem taka við gjald-

eyrinum, græða. Útvegsmenn vilja, að tekin verði upp landsverzlun. Á fundi, sem stjórn landssambands útvegsmanna hélt með ríkisstj., var bent á þetta. Það verður að kippa þessu í lag og afnema það, að verzlunin fleyti rjómann af. Sem sagt, hér eru djúpstæðar orsakir og ekki duga nema gagngerar breytingar. Nú hefur verið haldið áfram á sömu leið í öllum verulegum atriðum síðan gjaldeyrishöftin voru sett. — Nú má kannske segja, að bönkunum sé vorkunn, þótt þeir sinni verzluninni fremur en sjávarútveginum, þar sem það er miklu áhættuminna, því að alltaf getur komið fyrir fiskileysi, en verzlunin á vanalega allt á þurru. Það blandast þvi engum hugur um það, að þetta er óeðlileg þróun. — Nú skortir okkur tilfinnanlega viðskiptasambönd við aðrar þjóðir. Nú virðist þessi langa og óeðlilega þróun vera að koma okkur á kaldan klaka. Við verðum að hefjast handa og sporna við því, að verzlunin dragi til sín fjármagnið. Það er út í bláinn að halda, að hér sé um eitthvert stundarfyrirbrigði að ræða. Ég hef unnið að því innan ríkisstj., að málum þessum yrði komið í betra horf. Allur Sósfl. hefur bent á þetta ófremdarástand. En hv. þm. Borgf. veit vel, hvaða öfl það eru, sem vinna gegn slíkum breytingum.

Þá ætla ég að snúa mér lítillega að hv. 2. þm. S.-M. — Hv. þm. lagði áherzlu á það, að kaupið í landinu hefði svo mikil áhrif á smábátaútveginn, án þess að hann færði nokkrar röksemdir fyrir því. Hins vegar verður því ekki neitað, að það hefur nokkur áhrif, sérstaklega í sambandi við þann fisk, sem settur er í hraðfrystihúsin, en sáralítil áhrif á útflutta fiskinn. Það er því ranglega of mikil áherzla lögð á þetta atriði af þeim mönnum, sem eru argir út í kaup verkafólksins, því að þetta er ekki sú björg fyrir smábátaútveginn, sem þeir vilja vera láta, þótt þeir noti það sem átyllu til þess að gera hark að kaupi verkafólks í landinu.

Hv. þm. talaði um, að það væri furðulegt, að ég skyldi játa, að of litlar aðgerðir hefðu farið fram í markaðsleit fyrir íslenzkan sjávarútveg. Ég sé ekki ástæðu til annars en segja frá málinu eins og það liggur fyrir. Ég er þeirrar skoðunar, að of lítil áherzla hafi verið lögð á markaðsleit fyrir fiskafurðir okkar á meginlandi Evrópu, og maður getur ekki annað en hrokkið við í hvert skipti, sem maður heyrir fréttir af öðrum þjóðum, t. d. Norðmönnum, sem eru að reyna að finna markað fyrir sams konar vöru og við höfum upp á að bjóða, og árangri þeirra í þeim efnum. Hv. þm. sagði, að það þýddi ekki fyrir mig að þvo hendur mínar af þessu, af því að það væri á mínu valdi að leita markaða, og væri það alveg rétt, ef ástandið í þessum markaðslöndum væri ekki eins og það er nú. Ég hef gert tilraun til þess að leita að fiskmarkaði á meginlandinu og í þeim tilgangi sent menn bæði til Belgíu, Frakklands og fleiri landa, sem ég taldi nauðsynlegasta skrefið til skjótrar úrlausnar, og tókst að selja nokkra skipsfarma af ísuðum fiski til Belgíu og meginlandsins, en þessir menn komu báðir án þess að ljúka erindinu, því að í báðum löndunum voru svörin þau, að ekki væri hægt að semja um þessa einstöku vöru án þess að almennir viðskiptasamningar yrðu gerðir við þessar þjóðir um, hvaða vörum almennt við gætum skipzt á og í hvaða gjaldeyri þau vöruskipti færu fram o. s. frv. Við vitum, að gjaldeyrisástand þessara þjóða er þannig, að þær standa uppi févana eftir styrjöldina og verða að fá lánsfé fyrir nauðsynjum sínum. Það er því nauðsynlegt fyrir þær, ef þær eiga að geta verzlað við aðrar þjóðir, að þær komist að almennum samningum um verzlunarfyrirkomulag. Hið sama kom á daginn í sendiför Péturs Benediktssonar og Einars Olgeirssonar til Póllands og Tékkóslóvakíu í vetur, að þar er þörf almennra viðskiptasamninga áður en von er til að koma á viðskiptum á milli landanna. Ég hef eftir beztu getu reynt að ýta undir, að þessir almennu viðskiptasamningar yrðu gerðir, og það er það, sem ég ásaka, að þeim hefur ekki verið hraðað meir en raun hefur orðið á. Ég álít líka, að þessi tregða og aðgerðaleysi í útvegun markaða á meginlandi Evrópu sé ekki aðeins trassaskap að kenna, heldur byggist þetta einnig á skoðanamun, því að það eru ýmis mjög áhrifamikil öfl meðal þeirra, sem annast útflutningsverzlun hér á landi, sem eru þeirrar skoðunar, að við eigum ekki að leggja áherzlu á meginlandsmarkað, heldur að binda sem mest samninga við Bretland og Ameríku. Þeir, sem þessa skoðun hafa, hafa að vísu dálítið til síns máls eins og sakir standa, vegna þess að meginlandsþjóðirnar eru nú lítt færar um að borga fyrir sínar nauðsynjar og viðskipti við þær miklum erfiðleikum bundin sökum slæmra gjaldeyrisástæðna og einnig vegna örðugra samgangna, bæði við löndin og þó sérstaklega innan lands. Þrátt fyrir þetta er enginn vafi á því, að á meginlandi Evrópu er beztur framtíðarmarkaður fyrir sjávarafurðir okkar Íslendinga, og þess vegna ber okkur að stuðla að því eftir fremsta megni að afla þessa markaðar nú. Íslenzkt síldarlýsi er nú það gull, sem við höfum yfir að ráða og allar þjóðir eru áfjáðar í. Nú þegar hafa verið gerðir samningar við Tékkóslóvakíu, og kemur bráðlega til þess, hvort ríkisstj. heimili útflutning á síldarlýsi til þess lands eða ekki. Samningarnir eru ekki skuldbindandi um þetta atriði, heldur er það undir því komið, hvort útflutningsleyfi fyrir þessari vörutegund verður veitt eða ekki. Mér er hins vegar kunnugt um, að þær skoðanir eru hér uppi, að við eigum ekki að selja lýsi til meginlandsins, heldur allt til Bretlands. Ég býst við, að á næstunni verði úr því skorið, hvort við eigum að taka þessi viðskipti upp við meginlandið eða ekki, en ástand þeirra þjóða er þannig, að ef við seljum þeim ekki lýsi, held ég, að þær muni neita sér um aðrar þær vörur, sem við höfum upp á að bjóða, vegna þess að fituskorturinn er þar svo yfirgnæfandi af öllu því, sem þessar þjóðir skortir. Ég vil vænta þess, að ég megi eiga vísan fullan stuðning hv. 2. þm. S.-M. og hans flokksbræðra með því, að allar tilraunir verði gerðar, sem mögulegt er, og engu tækifæri sleppt til þess að komið verði á þeim viðskiptum við meginlandið, sem ég tel möguleika fyrir, en bindum okkur ekki einhliða við Englendinga, eins og skoðanir hafa komið fram um. — Eins og ég hef áður tekið fram, er mikill

áhugi fyrir íslenzku síldarlýsi í Tékkóslóvakíu, enn fremur í Póllandi, Sovétríkjunum og fleiri löndum, og er það því sú dýrmætasta vöruteg-und, sem við höfum fram að bjóða, eins og ástandið er nú á meginlandi Evrópu. Það er enginn vafi á því, að ef við gerum viðskipta-samninga við þær þjóðir, sem þar eru, er það skylda okkar að vinna að því sjálfir, jafnvel þótt þeir samningar séu ekki skuldbindandi um að selja ákveðið magn af hverri einstakri vöru fyrir ákveðið verð, heldur aðeins um gagnkvæm innflutnings- og útflutningsleyfi að ræða. — að sjá svo um, að þeir verði þannig uppfylltir, að þar komi fram þær vörutegundir, sem þessar þjóðir hafa mestan áhuga fyrir og ég hef áður á minnzt, svo að þær megi vel við una, því að annars yrðu slíkir samningar aðeins til þess að vekja gremju hjá þeim. Hv. 2. þm. S.-M. er sjálfsagt kunnugt um þann skoðanamun, sem á sér stað um þessi mál, þar eð hann á sæti í utanrmn., þar sem þetta hefur borið á góma, og vil ég vænta þess, að hann verði stuðningsmað-ur að því, að komið verði á viðskiptasamningum við meginlandið.

Hér hafa komið fram ýmsar till. í sambandi við saltfiskinn. Ég held, að þótt frv. sé orðað eins og það er, þá sé ekki um annað að ræða en ábyrgjast allan saltfisk, sem saltaður er árið 1946. Hitt er svo annað mál, hvort þetta ætti að ná til alls saltfisks hlutfallslega eftir verði, en um það er vitanlega ókunnugt enn þá, hvað það þýddi í framkvæmdinni og hvort það gæfi það verð, sem útveginum væri nokkur lausn í. Það væri hins vegar vel athugandi, hvort ekki ætti að útvíkka heimildina til annarra tegunda salt-fisks en til 1. flokks stórfisks, eins og ætlazt er til í frv., en væri rétt að breyta þessu þannig, ef það gæti orðið að liði.

Það var gerð hér fyrirspurn um saltbirgðir í landinu. Eins og ég hef lýst áður yfir, voru salt-birgðirnar 8000 tonn í byrjun vertíðarinnar, og er búið að nota af því ca. 2000 tonn, en nú þessa dagana hefur farið fram afskipun á 1000 tonnum í Keflavík og á Akranesi. Auk þess er erlendis búið að festa kaup á 4500 tonnum af salti, sem mun verða komið til landsins innan 2—3 vikna. Verður af þessu séð, að engin hætta er á því, að salt muni skorta á vertíðinni. Ég hef látið rann-saka, hve mikið er búið að salta nú þegar, og hefur komið í ljós, að búið er að salta 1925 tonn, að því er Fiskifélaginu hefur verið tilkynnt. Gæti ég þó trúað, að þetta magn væri eitthvað meira, eða losaði 2000 tonn.

Þá hefur borizt tilboð í 3000 tonn af 1. flokks stórfiski fyrir kr. 1.70 pr. kg, þannig að búast má við, að a. m. k. það magn verði hægt að flytja út án þess að til þess kæmi, að grípa þurfi til þeirrar ábyrgðarheimildar, sem í l. felst. — Ég ætla, að erfiðleikar verði á því að fá íslenzk skip til þess að annast ísfiskútflutninginn, ef verðfall verður á þeim markaði, og mun ég óska eftir að ræða það nánar við þá n., sem fær málið til með-ferðar, um að setja inn í frv. heimild til ríkisstj. um að hlaupa í skarðið, til þess að halda uppi nauðsynlegum útflutningi á ísfiski, ef þannig skyldi fara, að einstaklingar gæfust upp við það, þegar líður á vertíðina. Hef ég því útbúið brtt., sem ég með leyfi hæstv. forseta vil leyfa mér að lesa upp. Er brtt. á þann veg, að á eftir 2. gr. frv. komi ný gr., er verði 3. gr., svo hljóðandi (greina-talan breytist samkv. því):

„Ríkisstj. er heimilt að taka á leigu íslenzk fiskflutningaskip og annast útflutning á ísuð-um fiski fyrir bátaútveginn fyrir reikning ríkis-sjóðs. Á sama tíma er ríkisstj. heimilt að leigja erlend skip að svo miklu leyti, sem löndunarrétt-ur í erlendum höfnum leyfir.

Ef nauðsyn krefur og samningar um leigu takast ekki, er ríkisstj. heimilt að taka íslenzk skip, sem unnið hafa í fiskflutningum undanfarið og hagkvæm eru til þeirra flutninga, leigu-námi, til þess að taka þau til fiskflutninga fyrir bátaútveginn."

Væri þetta þá varaákvæði, ef menn fengjust ekki til að leigja skip sín til þessara flutninga. Ég vil geta þess, að fyrir tilmæli mín hefur fiskimálanefnd rannsakað möguleika á því, að flytja út fisk með þeim vöruflutningaskipum, sem hafa verið að flytja vörur hingað til lands-ins, og hefur ekki tekizt að fá þau ensku skip, sem hingað koma, til þess að flytja út fisk, en hins vegar hafa náðst samningar við norskt skip, sem hingað kemur, um þetta atriði og er flutn-ingsgjaldið 6 sterlingspund fyrir tonnið, er telst tiltölulega hagkvæmt. Enn fremur er von á öðr-um skipum með þetta fyrir augum, sem senni-lega fást með sömu kjörum. Er nú búið að fá löndunarleyfi fyrir 2 skipum, en sérstakt lönd-unarleyfi verður að fá fyrir hvert einstakt skip.

Hv. þm. S.-M. bar fram fyrirspurn um það til mín, hvað gert hefði verið til þess að koma á samvinnu við aðrar þjóðir í þessum málum. Eins og hv. þm. er kunnugt um, er búið að segja upp norsku samningunum og í sambandi við þá upp-sögn var ætlunin, að viðræður færu fram milli norsku og íslenzku ríkisstj. um hugsanlegt sam-starf milli þjóðanna. Það var svo komið, að bú-izt var við, að n. mundi koma hingað, en það hefur enn farizt fyrir af ástæðum, sem mér er ókunnugt um, en þó er búizt við, að Norðmenn sendi menn hingað í þessum tilgangi, en hvað af því kemur, get ég ekkert sagt um. Gert er ráð fyrir, að Norðmenn muni sækja fast að fá hér svipuð réttindi og þeir höfðu samkv. samning-unum frá 1939, sem ég býst við, að Íslendingar muni ekki telja heppilegt að láta þeim í té, sérstaklega með tilliti til þess, að þrálátar kröf-ur hafa verið uppi um það frá öðrum þjóðum, t. d. Svíum, að þeir fái að njóta hér sömu for-réttinda og Norðmenn hafa gert, og mundi það því koma okkur í vanda gagnvart öðrum þjóð-um, ef slíkir samningar væru gerðir við eina þjóð og áður giltu gagnvart Norðmönnum. Ég álít, að okkur beri að stefna að því að fá viður-kenningu á því, að okkar landhelgi og raunar fiskimiðin kringum Ísland séu það svæði, sem við höfum forréttindi til að fiska á, og þess vegna megum við ekki slaka til við neina þjóð í þessum efnum. — Sú nauðsyn, sem talin var vera fyrir því að gera þennan samning við Norðmenn, þ. e. sú nauðsyn, að þeir keyptu af okkur saltkjöt, virðist nú ekki vera fyrir hendi og svo líka hitt, að á síðustu árum hefur mest-allt kjöt farið til matar landsmanna sjálfra og

má búast við því, ef atvinnuafkoma og lífskjör landsmanna verða með svipuðum hætti og undanfarið, að kjötframleiðslan muni ekki gera meira en að fullnægja landsmönnum sjálfum.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., 15. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Hallgrímur Benediktsson. Herra forseti. Ég hefði gjarnan kosið, að hæstv. atvmrh. væri viðstaddur í d. í sambandi við orð þau, er ég hef hugsað mér að láta falla í þessu máli. Einnig hefði ég viljað, að hv. 2. þm. Reykv. væri við umr. (*SB:* Hæstv. ráðh. er bundinn við umr. í Ed.). En getur ekki hv. 2. þm. Reykv. verið við?

Forseti (BG): Það mun rétt vera að fresta umr. um sinn, þar eð svona stendur á.

Umr. frestað um stundarsakir, en síðar á fundinum var málið tekið af dagskrá.

Á 89. og 90. fundi í Nd., 18. og 19. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 20. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það er víst eins ástatt hér í d. nú eins og síðast þegar þetta mál var til umr., að þeir tveir hv. þm. og hæstv. ráðh., sem ég óskaði eftir, að væru viðstaddir umr., eru nú fjarverandi.

Í sambandi við það mál, sem nú er til umr. í þessari hv. d., hefur mjög verið drepið á viðskiptamál þjóðarinnar, en á þann hátt, að mjög villandi er, svo að slíku má ekki láta ósvarað. — Hv. 2. þm. Reykv. talaði nokkuð um það misræmi, sem skapazt hefði, þannig að örfáir menn vinna nú að markaðsöflun fyrir útflutningsafurðir okkar, á móti þeim fjölda, sem vinnur að innflutningsverzluninni. Þetta misræmi taldi hv. þm. stafa af því, að innflutningsverzlunin hefði verið og sé einokun. Það er rétt, að þetta misræmi er fyrir hendi, að fáir menn vinna að útflutningsverzlun, og það er enn fremur rétt, að þetta misræmi er skaðlegt fyrir útflutningsverzlun landsins, þar eð lítil von er til þess, að örfáir menn vinni markaði, svo að nokkru nemi, í mörgum löndum. En hv. þm. bregzt bogalistin, þegar hann heldur því fram, að þetta misræmi skapist af því, að innflutningsverzlunin hafi verið einokuð. Það er alls ekki hægt að segja, að svo hafi verið, þótt hún hafi ekki heldur verið eins frjáls og eðlilegt og hagkvæmast væri og kaupsýslustéttin sjálf hefði óskað. Ef hv. þm. vill halda fast við það að segja, að innflutningsverzlunin sé einokuð, þá verður hann t. d. að gefa einhverja skýringu á því, hvernig standi á fjölguninni í heildsalastéttinni, en fjölgun þessa hefur Þjóðviljinn einmitt talið svo gífurlega, að þjóðhættulegt megi teljast. Hvernig má það tvennt samrýmast í senn, að innflutningsverzlunin sé einokuð og innflytjendum fjölgi? Nei, innflutningsverzlunin er ekki einokun þrátt fyrir allar sameiginlegar tilhneigingar andstöðuflokka frjálsrar verzlunar til þess að einoka hana. Miklu fremur mætti segja, að útflutningsverzlunin hafi verið einokuð, öll utanríkisverzlun hefur um margra ára skeið gengið í gegnum samninganefnd utanríkisviðskipta og aðrar opinberar n., en aðrir aðilar tæplega fengið þar nærri að koma. Og að þessu leyti get ég verið hv. 2. þm. Reykv. sammála, að það koma of fáir menn nærri þessari verzlun. Og mundi það ekki vera þessi einokun á útflutningsverzlun landsmanna, sem veldur miklu um, að svo fáir vinna að henni? Ef útflutningsverzlunin væri gefin frjáls að öðru leyti en því, að lágmarksverð yrði á því, þannig að einstaklingarnir mundu vinna markaði, mundu nógu margir menn bjóðast til að afla markaða fyrir okkar afurðir. Ef fleiri menn eiga að vinna að öflun markaða fyrir okkur erlendis, þarf að fullnægja þeim skilyrðum, að útflutningsverzlunin sé frjáls og að þeir menn, sem að henni starfa, hafi einhverja hagnaðarvon. Ef útvegurinn er rekinn á heilbrigðum grundvelli, og það verður að vera, ætti hann að vera vel fær um að greiða sjálfur kostnað þann, sem af útflutningsverzluninni hlýzt. Ófugstreymi væri það, ef innflutningsverzlunin ætti að greiða sölukostnað útvegsafurða, eins og tilgangurinn virðist vera hjá hv. 2. þm. Reykv.

Ekki verður svo um þetta mál talað, að ekki sé minnzt á hina að mörgu leyti furðulegu ræðu hæstv. atvmrh. og viss ummæli hans í garð innflytjendastéttarinnar í heild, bæði nú og oft áður. Því að vissulega verður að telja það furðulegt, að maður, sem talinn er jafnmenntaður og greindur og gegnir einu helzta trúnaðarstarfi þjóðarinnar, skuli opinbera fyrir umbjóðendum sínum, hvað þessir góðu eiginleikar, menntun og gáfur, hafa lítið að segja, þegar ofstækið er annars vegar, því að eins og kunnugt er, hafa margir af forráðamönnum Sósfl. fyllzt blindu ofstæki í garð þessarar stéttar. Rök ráðh. fyrir því, að heildsalarnir séu snikjudýr á þjóðarlíkamanum, eins og hefur staðið í Þjóðviljanum, voru aðallega þau, að verzlun gæfi örugga atvinnu og væri áhættulaus atvinnuvegur. Þetta virðist ráðh. leggja áherzlu á, að innflutningsverzlunin væri áhættulaus atvinnuvegur. Margt mætti um þetta segja. Nú er það algild regla, að verzlun er ekki örugg þegar um frjálst framboð er að ræða, því að þá geta kaupendur valið úr, og þá veltur allt á því, hvað hagkvæmt innflytjendur kaupa inn. Og heldur ráðh., að verzlun sé í raun og veru öruggur atvinnuvegur, þegar til lengdar lætur, ef aðrir og þ. á m. helztu atvinnuvegir þjóðarinnar bera sig ekki? Ef verzlun er öruggari atvinnuvegur en áður, nú sem stendur, þegar dýrtíðin er að byrja að hafa hinar geigvænlegustu afleiðingar á útvegsframleiðslu okkar, stafar það af því, að kaupmátturinn innanlands stendur í stað meðan kaupmáttur okkar erlendis minnkar, og það er meinið, að þróunin gengur í þá átt. En lækning á þessu ástandi fæst ekki með því að taka fjármagn af innflutningsverzluninni og láta það ganga til útvegsins. Þó að það yrði gert, mundi það duga skammt. Lækning á þessu fæst ekki fyrr en dýrtíðin er lækkuð, þannig að útvegurinn geti borið sig sjálfstætt. Við Íslendingar ættum að vera búnir að fá nóg af styrkjapólitíkinni. Í

þessu sambandi vildi atvmrh. halda því fram, að ágóði heildsalanna, sem stafaði af of hárri álagningu, væri orsök dýrtíðarinnar. Atvmrh. veit það e. t. v. ekki, að innflytjendur eru eina stéttin, sem háðir hafa verið opinberu eftirliti síðan 1938, meðan flestar aðrar stéttir hafa sjálfar ráðið kaupi sínu. Enn fremur er það staðreynd, að það, sem mest veldur um hækkun dýrtíðarinnar, er hin mikla hækkun, sem orðið hefur m. a. á landbúnaðarafurðum. Samt sem áður telur atvmrh., að gróði kaupmannanna sé höfuðorsök dýrtíðarinnar og yfirleitt höfuðorsök allrar bölvunar með þjóð vorri. Á þessum falsrökum vill svo atvmrh. afnema alla frjálsa kaupsýslu á Íslandi og koma á landsverzlun, hreinni einokunarverzlun. En hvernig stendur annars á því, að atvmrh. gleymdi að taka með í röksemdir sínar máli sínu til stuðnings þá reynslu, sem þegar er fengin af slíku verzlunarfyrirkomulagi hér í okkar landi? Á heimsstyrjaldarárunum fyrri var landsverzlun hér á Íslandi. Reynslan varð sú, að þegar hún hætti störfum, hafði hún stórtapað, þó að hún væri auðvitað skattfrjáls alla tíð. Væri æskilegt, ef hæstv. atvmrh. vildi athuga, hve illa tókst til með þessa tilraun, áður en hann gerir í alvöru tilraun til þess að einoka á ný verzlun á Íslandi. Á árunum fyrir stríð var ríkiseinkasala með margt, svo sem bifreiðaeinkasala og raftækjasala. Álagning þá var helmingi hærri en heildsala nú í þessum greinum. En þrátt fyrir algert skattfrelsi var hagnaðurinn ekki meiri en svo, að hann fór nær allur í rekstrarkostnað, tekjur og gjöld stóðust að mestu leyti á og heldur ekki talað um, að neinn skattur væri borgaður til hins opinbera af þeim verzlunarrekstri. Reynslan er ólygnust, segir máltækið, og hefur hún sýnt, að heildsalar eða innflytjendur hafa rekið verzlun með hagnaði, þótt þeir leggi helmingi minna á og borgi háa skatta, þar sem aftur á móti einkasölurnar voru skattfrjálsar. Reynslan hefur sýnt, að frjáls verzlun gerir hvort tveggja, að vera betri tekjulind fyrir ríkið og bjóða almenningi betri kjör en einkasölum hefur nokkurn tíma tekizt að gera.

Undanfarið hafa margir stjórnmálaleiðtogar *látið skína í svipaðar skoðanir og hæstv. atvmrh.* Það er eins og þessir menn skilji ekki nauðsynina á því starfi, sem íslenzka verzlunarstéttin innir af hendi. Það er talað um nauðsyn þess, að framleiðslan sé aukin til sjávar og sveita, og í þeim tilgangi sé hlúð sem bezt að sjávarútveginum og landbúnaðinum, og það er alveg rétt. En við megum ekki gleyma því, að engu síður er nauðsyn á, að verzlunarstéttinni sé kleift að útvega sem bezta og ódýrasta vöru. Hún er í rauninni framleiðendastétt, útvegar vörur frá framleiðslustöðunum í hverju landi og flytur þær á sölustað. Þeir menn, sem ófrægt hafa íslenzku verzlunarstéttina, skyldu einnig minnast þess starfs, sem hún hefur unnið í þágu alþjóðar. Þess ber að minnast, að íslenzkir menn tóku verzlunina úr höndum útlendinga á skömmum tíma, eftir að þeim hafði verið veitt aðstaða og tækifæri til þess. Í heimsstyrjöldinni fyrri var verzlunarstéttin ung að árum, en vann mikið gagn. Heildsalarnir íslenzku og þeir, sem þá störfuðu fyrir vestan haf, höfðu þá þau sambönd, að þeir gerðu oft þau beztu tilboð, sem menn áttu kost á. Þeir menn, sem tala með lítilsvirðingu um íslenzku verzlunarstéttina, ættu að minnast þess, sem ég hér hef tekið fram, að verzlunarstéttin er eina stétt þessa lands, sem stöðugt er háð eftirliti um kjör sín af hálfu löggjafarvaldsins frá 1938. Og þrátt fyrir þau ekki of góðu kjör, sem íslenzku verzlunarstéttinni hafa verið búin á stríðsárunum, hefur hún getað birgt íslenzku þjóðina upp með 6—8 mánaða birgðum síðustu 6 stríðsár, meðan þjóðir allt í kringum okkur urðu og verða að svelta hálfu og heilu hungri. Þetta er staðreynd, sem við heyrum um daglega. Þetta starf íslenzku verzlunarstéttarinnar, að sjá þjóðinni fyrir nægum matvælum, er henni svo þakkað með því að kalla hana sníkjudýr á þjóðarlíkamanum. Þrátt fyrir það að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið í þessu landi hefur ekki gert verzlunarstéttinni léttara fyrir í því erfiða starfi, þá hefur verzlunarstéttin ekki möglað. Hún skilur það, að á styrjaldartímum þarf að beita óvenjulegum ráðstöfunum, en verzlunarstéttin krefst þess, að þær ráðstafanir séu sanngjarnar og hafi við rök að styðjast. Verzlunarstéttin biðst ekki undan réttmætri gagnrýni, en hún telur sig ekki *eiga skilið þær ofsóknir, sem henni eru sýndar.* Íslenzk verzlunarstétt krefst ekki heldur forréttinda, en hún krefst þess, að hún njóti jafnréttis á við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Og ef þeim ofsóknum verður haldið áfram, sem hafnar hafa verið á íslenzka verzlunarstétt, þá er það ekki nema réttlætiskrafa, að gengið sé úr skugga um það með opinberri rannsókn, hvað þjóðfélagsstéttirnar hafa borið úr býtum á undanförnum árum. Mun þá koma í ljós, hvort verzlunarstéttin hefur grætt fé umfram það, sem eðlilegt má teljast. (*PZ:* Þeir fela það náttúrlega). Ég veit nú ekki til, að hv. 2. þm. N.-M. hafi aðgang nema að stærstu heildsölu landsins, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, og þykir mér það því koma úr hörðustu átt, ef þessi hv. þm. áræðir að bregða heildsölum um, að þeir feli fjármuni sína.

Ég læt að svo komnu útrætt um þetta. Mér *fannst ég hafa fulla ástæðu til þessara ummæla,* og það þótt fyrr hefði verið.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Það er búið að ræða mikið þetta mál og hafa spunnizt út af því miklar umr., sem ekki beinlínis snerta það, en þó óbeinlínis, og er ekki nema gott eitt um það að segja. Ég vil taka fram, að það var ekki ég, sem byrjaði á því að koma þessu inn í umr., en mun þó ekki skorast undan að ræða það.

Út af nokkrum aths., sem fram komu hjá hv. 3. þm. Reykv., vil ég segja nokkur orð. Ég benti á, að skapazt hefði ósamræmi milli verzlunarinnar og sjávarútvegsins, og þessi þróun hefði byrjað fyrir alvöru, þegar innflutningshöftin voru sett á eftir kreppuna 1929—1932. Frá þeim tíma byrjar þetta ósamræmi og byggist á því, að þegar farið er að takmarka eins mikið úthlutun gjaldeyris eða innflutning alls konar iðnaðarvara inn í landið eins og gert er með gjaldeyr-

ishöftunum og við úthlutun gjaldeyrisins eru gerðar áætlanir um það, hvað þjóðin þarf og ákveðnar verzlanir af gjaldeyri til kaupa á þessari vöru, — þegar slíkt er komið á, er verulegur hluti af þeirri áhættu, sem áður var í verzlunum, horfinn, nema hjá sérstökum verzlunum, sem kaupa óhæfa hluti. Ef þær kaupa góða hluti, þá er búið að ganga þannig frá málinu af þjóðfélagsins hálfu, að þær geta ekki tapað á þessu. Eftir því, sem hert er meira á innflutningshöftunum, því meiri gróðavegur er það hjá þessum fyrirtækjum. Verzlunin var örugg á mestu kreppuárunum. Þó að *litið sem ekkert fengist* fyrir fiskinn og ekki mætti selja hann nema það bezta úr honum, var verzlunin örugg, þá mátti græða á henni. Og þetta fyrirbrigði verður til þess, að bankarnir ganga inn á þessa braut, vilja koma peningum sínum á þá staði, þar sem þeir geta fengið rentur, þeir lána peninga til þess að fá rentur fyrir þá, og þá auðvitað fyrst og fremst í verzlanir, en ekki í sjávarútveginn. Og þegar stríðið byrjar, er ástandið þannig, að fá má peninga í verzlunum. Allir, sem geta fengið innflutningsleyfi, geta fengið peninga. Það er opinbert leyndarmál, að gjaldeyrisleyfi gengu kaupum og sölum. Þeir, sem vildu fá vöruna, urðu bara að kaupa leyfi, og sá, sem gat fengið leyfi, var öruggur með að fá peninga. Meðan þessu fór fram, hélzt sama óvissan áfram í sjávarútveginum. Bankarnir héldu að sér höndum, því að þeir töldu peninga sína betur geymda í verzlununum en í sjávarútveginum. Útkoman hefur orðið sú, að við eigum sennilega einhverja þroskuðustu innanríkisverzlun, sem til er í heiminum, og í engu landi í víðri veröld mun vera eins mikið af fínum heildsalaskrifstofum og á Íslandi. Við höfum hér mikla viðhöfn í okkar innflutningsverzlun og betri aðstöðu til þess að pranga þessu inn á þjóðina en nokkur önnur þjóð í heiminum hefur. Þetta hefur líka haft sín áhrif til þess að auka dýrtíðina í landinu. Það er hlutur, sem allir í verzlunum viðurkenna, að það er orðið of mikið af fólki við verzlunarstörf, of mikill hluti þjóðarinnar, sem starfar að því að pranga inn á náungann, en vinnur ekki störf, sem skapa verðmæti fyrir þjóðina. — En jafnhliða þessu, að við höfum einhverja hina fullkomnustu innanríkisverzlun, sem skortir ekki fé til nokkurra hluta og getur haft tugi af flottum skrifstofum í sambandi við innflutningsverzlunina, þá erum við mjög illa staddir með sjávarútveg okkar. *Við eigum engin tæki til að vinna* úr sjávarafurðum okkar, svo að við verðum að flytja þær út óunnar, því að það skortir fjármagn í sjávarútveginn. Þeir menn, sem áttu peninga, vildu ekki leggja þá í sjávarútvegsfyrirtæki, og bankarnir voru hræddir við að lána útveginum. Hér voru aðeins örfá frystihús, þegar stríðið byrjaði, en þau hafa skapazt í stríðinu, og nú gera *menn það af litlum efnum og verða* að hætta öllum sínum eigum, þannig að einn skellur getur gert þá ómögulega. Maður getur rakið sig eftir öllum hraðfrystihúsunum í landinu, það eru yfirleitt fátækir menn, sem standa að þeim. Á sama tíma og innanríkisverzlun okkar blómgast, hnignar sjávarútveginum og við verðum að flytja út sjávarafurðir okkar ýmist óunnar eða á þann hátt, að við verðum að henda miklum hluta af framleiðslunni í sjóinn aftur. Og þó að menn gangi um og reyni að sannfæra peningastofnanir um það, hve miklu sé verið að henda í sjóinn af verðmætum, er ekki hægt að hafa áhrif á þá. Við flytjum út hrávörur, sem við fáum ekki nema sáralítið fyrir samanborið við það, sem við mundum fá, ef þær væru fluttar út unnar. Við eigum engar teljandi niðursuðuverksmiðjur, því að okkar litlu niðursuðuverksmiðjur eru tilraunir, gerðar af vanefnum og meir af áhuga en menn hafi fjármagn til þess. *Og okkar litlu niðursuðuverksmiðjur* eru allsendis ófærar um að keppa um verð við niðursuðuverksmiðjur erlendis, því að þær eru reknar í svo smáum stíl. Þetta er okkar stóra böl, hvað verzlunarstéttin tekur mikið til sín af kapítali þjóðarinnar. Í árslok 1944 var útkoman í bönkunum sú, að 20 millj. kr. voru lánaðar sjávarútveginum, en yfir 30 millj. verzlunum. Þessar tölur sýna, hvernig bankarnir meta hlutfallið milli verzlunarinnar og sjávarútvegsins og í þessu tilfelli á kostnað annarra stétta í þjóðfélaginu, sem fást við sjávarútveg. Það, sem ég hef sagt í þessum umr., er, að ég tel þetta ósanngjarnt og óeðlilegt og hljóti að stefna í voða, ef svona heldur áfram. Það þarf að vera þannig, að íslenzkur sjávarútvegur sé blómlegur atvinnuvegur, það á að vera þannig, að það fjármagn, sem þjóðin hefur yfir að ráða, fari til þess að koma upp nýjum skipum og nýjum verksmiðjum til þess að vinna úr afurðum sjávarútvegsins, en verzlunin verður að vera í öðru sæti. Menn geta ekki lifað á því að selja hver öðrum. Menn lifa ekki á öðru en framleiðslunni, vörum, sem þeir geta sent út úr landinu. Þess vegna er það, að ástæðuna fyrir því, að sjávarútvegurinn stendur þannig af sér nú, er kannske fyrst og fremst að finna í því, að sjávarútvegurinn vinnur með frumstæðum tækjum, skipin hafa verið úrelt og verksmiðjurnar hafa verið úreltar, og það byggist á því, að það hefur skort fjármagn til þessara hluta. — Það eru til tvær leiðir til að gera sjávarútveginn samkeppnisfæran. Annað er að ganga á kaup verkafólksins, en hitt er að auka tæknina við sjávarútveginn, auka tæknina með fullkomnum hraðfrystihúsum og niðursuðuverksmiðjum. Með því getum við aukið afköst íslenzks vinnuafls svo, að það geti orðið samkeppnisfært við vinnuafl annarra landa. Við getum orðið samkeppnisfærir, af því að við búum við auðug fiskimið. En til þess að þetta sé hægt, verður sjávarútvegurinn að fá stórkostlega aukið fjármagn. Það er að vísu verið að gera ráðstafanir til þess að lána fé til sjávarútvegisns, og það er gott. En það er ekki nóg. Það verður að gera ráðstafanir til þess, að hver sá maður, sem á fé á Íslandi, sjái, að því er betur borgið með því að setja það í sjávarútveg en í verzlunarfyrirtæki. Verzlunin hefur þanizt of mikið út, tekið of mikið fé til sín. Þess vegna á að ráðstafa þessu þannig, að fjármagnið renni til sjávarútvegsins.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að heildsalaverzlunin væri háð opinberu eftirliti. Það er alveg rétt. Ég veit, að ríkisvaldið hefur beinlínis litið eftir því, að hún gæti grætt. Með því að takmarka

mjög rækilega, hvað flytja mætti inn af hverri vöru, var vörusölunum fengið í hendurnar, hvað þeir gætu grætt mikið. Þeir þurftu ekki annað en setjast niður og reikna út, hvað þeir gætu grætt mikið á vörunni. Þeir hafa notið beztu kjara hjá ríkinu. Þetta er meðal annars ástæðan fyrir því, hvað verzlunin hefur þanizt út, en sjávarútvegurinn dregizt saman.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi kalla það einokun að tala um landsverzlun. Það má kalla það hvaða nafni sem er. En ef komið er á landsverzlun, þá á að gera það í þágu þjóðarheildarinnar, en ekki fara eftir því, hvernig það mundi falla í geð einhverjum fámennum hópi manna innan þjóðarinnar. Staðreynd er, að þeir, sem taka við gjaldeyrinum og kaupa eitthvað fyrir hann erlendis og selja innanlands, græða tugi milljóna. En hinir, sem hætta lífinu til að afla gjaldeyrisins, eru tæplega matvinnungar. Þetta er staðreynd, og þetta er hægt að jafna með því, að ríkið annist innflutninginn á nauðsynjum landsmanna. T. d. mundu fyrstu áhrifin af því verða þau, að fjöldi þeirra manna, sem starfa að verzlun, mundi ekki verða eins mikið í ósamræmi við framleiðslu þjóðarinnar í heild og nú er. — Hv. þm. talaði um afrek íslenzkrar verzlunarstéttar, hvernig hún hefði náð verzluninni úr útlendum höndum o. s. frv. Mér finnst önnur stétt fremri í því. Mér finnst sjómennirnir vera þar miklu fremri, ef fara ætti að metast um það og um afrek einstakra stétta. En nú er svo komið, að verzlunarstéttin er orðin þjóðinni til stórkostlegs trafala, og það er nauðsynlegt, að þessu verði kippt í lag. Ég veit, að það eru ýmis öfl, sem ekki viðurkenna þetta. Það er þægileg aðstaða, sem verzlunarstéttin er komin í, áhættulítil og veitir öruggan gróða, og verzlunarmenn vilja ógjarnan sleppa þeirri aðstöðu, sem þeir hafa. Það eru margir, sem telja ekki rétt að gera neinar ráðstafanir gegn verzlunarstéttinni, og það eru líka þau öfl, sem sérstaklega vilja seilast til valda, sem þarna hafa hagsmuna að gæta. En ég vil benda þessum mönnum á það, að það er ekki hægt að draga þetta mjög lengi. Það er hægt að draga það nokkurn tíma, en eftir því sem það er dregið lengur að kippa þessu í lag, því erfiðara verður það viðfangs og þungbærara atvinnulífi þjóðarinnar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., hljóðar um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, en umr. um það hafa farið nokkru víðara en það gefur beinlínis tilefni til og snúast nú í seinni tíð að verulegu leyti um viðskiptamál almennt.

Ég ætla ekki að blanda mér mjög í viðskipti þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. atvmrh., sem töluðu hér á undan mér. Ég geri ráð fyrir, að þeir útkljái þetta sín á milli, væntanlega í bróðerni, því að hv. 3. þm. Reykv. er einn af öruggustu stuðningsmönnum þeirrar ríkisstj., sem þessi hæstv. ráðh. situr í. — Í næstsíðustu ræðu sinni um málið fyrir nokkrum dögum viðurkenndi hæstv. atvmrh., að það væri slælega unnið að markaðsöflun fyrir íslenzkar útflutningsvörur, og hann gaf í skyn í þeirri ræðu sinni, að um það mál væri einhver ágreiningur innan stj. eða stjórnarflokkanna. A. m. k. var ekki hægt að skilja ummæli hans öðruvísi, þar sem hann taldi, að sterk öfl væru á móti því, að reynt væri að fá markaði fyrir íslenzkar afurðir í vissum löndum á meginlandinu. En það lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. hafi beygt sig fyrir þessum öflum, því að vitanlega hefði hann, eins og þegar hefur verið bent á í umr. af öðrum en mér, getað átt frumkvæðið að aðgerðum í þessu máli. En það er ekki eingöngu, að það hafi verið vanrækt að gera það, sem gera þurfti til þess að reyna að afla markaða fyrir útflutningsvörur í öðrum löndum. Hæstv. ríkisstj. hefur einnig nú dregið óhæfilega lengi að ná samningum um kaup á ýmsum nauðsynjavörum frá öðrum löndum, sem við höfum helzt þörf fyrir. Stj. hefur dregið það t. d. að reyna að fá viðskiptasamning við Svía í stað þeirra, sem eru útrunnir, og af þessu leiðir það, að Íslendingum er nú t. d. neitað um að fá keypt timbur í Svíþjóð, meðan ýmsar aðrar þjóðir geta keypt þá vöru þar. Þó að innflytjendur séu búnir að fá leyfi til innflutnings frá viðskiptaráði og nýbyggingarráði, hefur það ekkert að segja, því að þegar þeir leitast fyrir um kaup á þessari vöru í Svíþjóð, þar sem áður hafði verið talið, að helzt væri heppilegt fyrir okkur að kaupa þessa vöru, þá er svarið þetta: Við seljum ekki Íslendingum, það eru engir viðskiptasamningar við Ísland. Það þarf ekki að lýsa því, hvaða afleiðingar þetta getur haft, og það er satt að segja broslegt, þó að það sé of alvarlegt til þess að brosa að því, þegar hér á Alþ. er dag eftir dag rætt um ýmiss konar framkvæmdir, og það stórar byggingaframkvæmdir, sem mikið byggingarefni þarf til, og verið að gera samþykktir um slíkt, en á sama tíma er vanrækt að reyna að ná viðskiptasamningum við þær þjóðir, sem við þurfum að kaupa byggingarefni af. Það verða vitanlega ekki gerðar byggingarframkvæmdir hjá því opinbera eða einstaklingum í sumar, ef það verður dregið öllu lengur að reyna að ná samningum um þessi mál. Raunar er það orðið of seint, því að það tekur nokkurn tíma að ná í þessar vörur og fá þær fluttar hingað til lands. Það verða ekki byggð hús úr því timbri á árinu 1946, sem ekki fæst fyrr en fyrri hluta næsta árs.

Hæstv. ráðh. talaði einnig í sambandi við þessar umr. um verzlanafjöldann, um of marga menn við innflutningsverzlunina, of mikið fé, sem fest væri í þeirri starfsemi. Og til þess að ráða bót á þessu vill hann, að sett sé á stofn landsverzlun. Það er að sjálfsögðu nokkuð til í því, að þeir séu of margir, sem fást við innflutningsverzlunina, og það er rétt, að það er mikið fé bundið í verzlun. En ég tel, að þeir ágallar, sem hér má benda á, verði ekki bezt lagaðir með stofnun allsherjar landsverzlunar, ég hef ekki trú á því. A. m. k. tel ég engar líkur til, að stofnun slíks fyrirtækis væri til happa fyrir þjóðfélagið undir þeirri ríkisstj., sem við búum nú við. Samvinnufélagsskapurinn er að mínu áliti heppilegri fyrir landsmenn en landsverzlun. Má benda á það, að hjá samvinnufélögum landsins starfar miklu færra fólk en hjá öðrum verzlunum miðað við umsetningu, og það er hlutfalls-

lega miklu minna fjármagn fest í verzlunarstarfsemi samvinnufélaganna en kaupmannaverzlana og fyrirtækja. Það mun láta nærri, að S.Í.S. flytji nú inn til landsins fast að því eða um helming af ýmsum brýnustu nauðsynjum landsmanna. Á það einkum við um kornvörur, en það hefur miklu minni innflutning tiltölulega af ýmsum öðrum vöruflokkum, og það er fyrir ráðstafanir yfirvaldanna, að innflutningshluti samvinnufélaganna er þar svo takmarkaður. Það má vekja athygli á því í þessu sambandi, þegar maður athugar, hvað mikið af innflutningi sumra nauðsynjavörutegunda er í höndum samvinnufélaga, hvað mikið samvinnufélögin hafa að láni hjá bönkum landsins til þessarar verzlunarstarfsemi samanborið við aðrar verzlanir. Um síðustu áramót var rúmlega ¼ hluti af útlánum Landsbanka Íslands hjá kaupmannaverzlunum í landinu. En hvað samvinnufélögin snertir, var þetta þannig, að á móti hverjum 125 kr., sem Landsbankinn átti hjá kaupmannaverzlunum, átti hann aðeins eina krónu hjá samvinnufélögunum. Það var 1 króna á móti 125 kr. á sama tíma sem samvinnufélögin fluttu inn fast að því helming af þeim kornvörum, sem fluttar voru til landsins. — En til þess að samvinnufélögin geti notið sín, þurfa þau að búa við eðlileg starfsskilyrði, og ef þau hafa þau, þá þarf enginn landsmanna að láta annan græða á því að kaupa inn vörur fyrir sig. Þá geta þeir átt þetta sjálfir í félagi, og það verður að minni hyggju heppilegra en ein allsherjar landsverzlun. En því miður er það svo nú, eins og ég gat um áðan, að núv. stj. hefur að ýmsu leyti þrengt kosti samvinnufélaganna á þann hátt, að þeim er skammtað nú, við úthlutun innflutningsleyfa, hlutfallslega minna en áður af ýmsum þeim vöruflokkum, sem verulega er gróðavænlegt að verzla með. Ég held því, að ef hæstv. atvmrh. er alvara með það að laga verzlunina, þá ætti hann að byrja á að kippa þessu í lag. Það, sem ég tel, að gera þyrfti nú, væri að gera innflutningsverzlunina frjálsari en nú er. Það er auðvelt að gera nú, vegna þess að gjaldeyrisástæður okkar eru þannig. Menn gerðu sér vonir um það, þegar það frv. um innflutning og gjaldeyrisverzlun var til meðferðar, sem afgr. var á fyrri hluta þessa þings, og byggðu það á ummælum hæstv. viðskmrh., að það mundi rýmkast eitthvað um þetta, því að í þeim l. er gert ráð fyrir, að innflutningurinn verði yfirleitt frjáls, en aðeins teknar á lista einstakar vörutegundir, sem þyrfti að fá leyfi stjórnarvaldanna til að flytja til landsins. En engin framkvæmd hefur orðið enn í þessu efni, og er allt háð leyfisveitingum nú, eins og á þeim tíma, þegar okkur skorti mjög gjaldeyri til þess að kaupa inn vörur frá útlöndum. Það er einmitt þetta, sem ég tel, að kippa þyrfti í lag. Þá væru menn frjálsir að því að haga viðskiptum sínum á þann hátt, sem þeir kjósa. Þá hefðu þeir möguleika til þess að verzla í samvinnufélögum, sem það vildu, en hinir að verzla við kaupmenn, sem hefðu löngun til þess. Þannig álít ég, að þetta ætti að vera. Ég vil því, hvað þetta atriði snertir, beina þeirri áskorun til hv. 3. þm. Reykv., að hann beini áhrifum sínum við hæstv. stj., sérstaklega viðskmrh., sem er í hans flokki, að hann rýmki nokkuð um þessi höft, eins og fyrirheit var gefið um, það verði ekki látið dragast lengur.

Hæstv. atvmrh. sagði í lok ræðu sinnar, að sjávarútvegurinn þyrfti að aukast og verða blómlegasti atvinnuvegur hér á landi. Þetta er vel og fallega mælt. En ég held, að til þess að þetta megi verða, þurfi að taka upp allt aðra stefnu í atvinnu- og fjármálum en núv. stj. fylgir, enda lýsti hæstv. ráðh. sjálfur ástandinu þannig í lok ræðunnar, að fáir vildu leggja fé í þennan nauðsynlega atvinnuveg. Þannig er það þá komið undir hans stjórn.

Pétur Ottesen: Ætli hæstv. atvmrh. geti verið viðstaddur? (*Forseti:* Hæstv. atvmrh. er sem stendur eigi staddur í húsinu). Ég vildi nú alveg sérstaklega beina orðum mínum til hæstv. atvmrh. og gæti vel fallið frá orðinu, ef ekki eru fleiri á mælendaskrá, og beðið til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 21. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: STh, SkG, SvbH, BÁ, BK, EmJ, EystJ, GSv, HelgJ, JPálm, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SEH.

nei: StJSt, ÞB, EOl, FJ, GTh, HB, LJós, SG, BG.

SÞ, IngJ, SigfS, SK greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁkJ, ÁÁ, GÞ, JJós, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Á 111. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 514, 532, 536, 539, 543).

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur nú legið nokkru lengur í n. en ástæða hefði verið til, og liggur að vísu ekki fyrir frá n. nál. En það var nú allmikið rætt hér við 1. umr., og komu þá fram ýmsar brtt., þannig að það fékk í raun og veru við 1. umr. þá meðferð, sem mál venjulega fá við 2. umr.

Ég flyt hér á þskj. 849 brtt., sem ríkisstj. stendur að. Þetta mál hefur verið rætt við Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Sölusamband frystihúsanna. Þegar þessar ábyrgðir voru veittar, hafði ríkisstj. aflað fylgis við málið hjá stuðningsflokkum sínum á Alþ., og var þessi ábyrgð veitt í því skyni, að ekki færi svo, að vertíð kæmist ekki af stað vegna þessarar óvissu, sem ríkjandi var um sölu afurða bátaútvegsins. Þegar þessar ábyrgðir voru fyrst veittar, var engin vitneskja fyrir sölu, hvorki á hraðfrystum fiski né saltfiski. Eina vitneskjan var um ísfiskmarkaðinn í Englandi. Þar seldist allt af þeirri vöru, sem komst óskemmt á markaðinn, og fyrir hámarksverð. En nokkurt hik var þá á hraðfrystihúsaeigendum um að hefja rekstur sinna frystihúsa, og enn fremur töldu menn óheppilegt að salta fisk, vegna þess að ekkert var vitað um verð, sem íslenzkir fiskimenn teldu nægilega hátt fyrir þá vöru, til þess að hægt væri

að greiða það verð, sem ríkisstj. taldi nauðsynlegt, að greitt væri fyrir fiskinn til fiskimanna. Þegar sú ákvörðun var tekin að hækka um 5 aura fiskverðið á þorski og ýsu, þótti þess vegna óhjákvæmilegt að gera þessar ráðstafanir. — Nú hafa atvikin snúizt þannig, að búið er að selja allmikið af hraðfrysta fiskinum fyrir nokkuð mikið hærra verð en búizt hafði verið við í upphafi, og má heita, að góðar horfur séu um sölu alls hraðfrysta fisksins fyrir sama verð, þ. e. 121 eyri á hvert enskt pund. Þá hefur verið gengið frá sölu til Frakklands fyrir sem svarar kr. 1,21 pr. enskt pund. Salan til Ameríku er nokkru hærri, en flutningskostnaður meiri, og veldur það því, að búizt er við lakari útkomu úr þeim viðskiptum. Ef svo færi, að verðið yrði meira en þessi hækkun nemur, tel ég óeðlilegt, að sú hækkun færi til hraðfrystihúsanna eingöngu, álít, að fiskimenn og útvegsmenn fái sinn hlut. — Þetta liggur fyrir í brtt. á þskj. 849. Þar er gert ráð fyrir, að ef meira verð fæst en kr. 1,10, þá skuli það, sem er umfram 2½ eyri af pundi, skiptast jafnt á milli útvegsmanna og hraðfrystihúsanna og verði verðjöfnunarsvæði ákveðin. Það, sem ekki kemur til skipta af því, sem er umfram kr. 1,10, er ætlað til að mæta þeirri áhættu, sem ríkissjóður tekur á sig; í fyrsta lagi vegna áhættu á hraðfrysta fiskinum, í öðru lagi vegna áhættu á saltfiskinum, í þriðja lagi þegar vörur eru seldar til útlanda gegn greiðslufresti og í fjórða lagi vegna áhættu í sambandi við fiskflutninga.

Þá er 2. till., þar sem óskað er eftir heimild til þess að ríkisstj. megi taka allt að 20 fiskflutningaskip á leigu í lok maí. Ef fiskverðið lækkar á enskum markaði, má búast við, að meira berist á land hér af fiski og áhættan því meiri.

3. brtt. er um það, að í stað 5000 tonna ábyrgðar af saltfiski komi 7 þús. tonna ábyrgð. Það þótti rétt að fara fram á hækkun á þessari ábyrgð, en hins vegar eru miklar líkur til, að allur saltfiskur seljist fyrir það verð, sem óskað hefur verið, að ríkissjóður ábyrgðist. Framleiðslan mun nú vera um 2800 tonn, og af því hafa þegar verið seld 2 þús. tonn. Það þarf varla að gera ráð fyrir, að aflinn verði meiri en 7 þús. tonn, en þrátt fyrir að góð von sé með þetta umrædda verð, má gera ráð fyrir, að nokkuð verði að selja gegn greiðslufresti, og þess vegna æskilegt að fá ábyrgð ríkissjóðs.

Það hefur komið fram till. um að setja í frv. ákvæði um, að menn legðu fram sönnunargögn, að þeir hefðu greitt sjómönnunum ákveðið verð. Ég tel ekki ástæðu til að setja þetta í frv., því að óhjákvæmilegt er að setja slíkt í reglugerð, og legg ég því til, að þessi till. verði dregin til baka.

Þá hef ég skýrt frá aðalatriðum frv. og læt því staðar numið að sinni.

Eysteinn Jónsson: Ég vil benda á, að þetta mál er til meðferðar í n., og stendur til, að það verði tekið fyrir í fyrramálið. Þessi brtt. gerir málið stærra og beinir því inn á nokkuð aðrar brautir. Í fullri alvöru bið ég forseta að forða því að ræða slíkt stórmál um hánótt og vænti, að forseti og ráðh. sjái sér fært að fresta því til morguns, og umrædd n. fái þá um leið tíma til að athuga málið.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Þetta er ekki nema 2. umr. og till. samin í samráði við samtök þeirra, sem hlut eiga að máli, og býst ég því varla við, að n. breyti þessu máli nokkuð verulega, auk þess sem brtt. gætu komið fram við 3. umr. frv., og mælist ég því til, að þessari umr. verði lokið núna.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég á eina brtt. og fellst á að taka hana til baka til 3. umr. og vænti, að hægt sé að taka allar brtt. aftur til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Það er aðeins um meðferð málsins. Málinu hefur verið vísað til fjhn. Það var fundur í n. í dag, og ég gerði þá fyrirspurn um, hvort málið yrði ekki tekið fyrir, en form. kvað ríkisstj. ætla að athuga það nánar, áður en það væri tekið fyrir í n. Nú hafa komið fram allmargar brtt. Tel ég því eðlilegt, að umr. verði frestað og n. gefið tækifæri til að athuga málið.

Eysteinn Jónsson: Ég vil benda á það, að ef allar brtt. verða dregnar til baka til 3. umr., þá er í rauninni einni umr. sleppt og lítið tóm gefið til að athuga slíkt stórmál. Tel ég eðlilegra að fresta umr. og gefa n. tóm til að athuga málið.

Pétur Ottesen: Það var aðeins vegna óska hæstv. atvmrh. um að taka brtt. aftur til 3. umr. Ég get fallizt á að taka mínar brtt. aftur, ef aðrir gera slíkt hið sama og málið verður falið fjhn. til umsagnar.

Forseti (BG): Vegna þeirra tilmæla, sem fram hafa komið, er umr. frestað í þeirri von, að fjhn. skili áliti bráðlega.

Umr. frestað.

Á 112. fundi í Nd., 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 514, 532, 536, 539, 543, 849).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 849. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mál þetta var á dagskrá á fundi deildarinnar í gær. Ég fór þá fram á, að umr. yrði frestað, svo að fjhn. gæti athugað málið. Því miður hefur þessi frestur ekki orðið að neinu gagni. Enginn fundur hefur verið haldinn í n., svo að málið situr í sama farinu og í gær.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni atvmrh., en nú hefur hæstv. ráðh. lagt fram brtt. á þskj. 849. Í fyrsta lagi er þar lagt til, að eigendur hraðfrystihúsa greiði skatt í ríkissjóð, ef verð á fiskinum fer yfir ákveðið mark. Í öðru lagi, ef verðið verður hærra en þar greinir, skuli hraðfrystihúsaeigendur greiða helming þess, sem þar er fram yfir, til fiskeigenda. Mér þykir þetta dálítið einkennilegt ákvæði, þegar þess er gætt, að hraðfrystihúsaeigendur eru venjulega hinir sömu og fiskeigendur. — Þá er næst heimild

fyrir ríkisstj. til að taka á leigu 20 skip til að flytja fisk á erlendan markað. Þetta er allstórt mál, og virðist geta verið um nokkra áhættu að ræða. Og loks leggur hæstv. ráðh. til, að ríkissjóði sé heimilað að greiða verð þeirra útflutningsafurða, sem seldar verða með gjaldfresti.

Ég geri ráð fyrir, að þessar till. hæstv. ráðh. séu fram komnar vegna þeirra tíðinda, sem gerzt hafa, að ísfiskverðið hefur lækkað og talið er, að margir fiskflutningaskipaeigendur ætli að hætta fiskkaupum sakir lækkunarinnar. Nú fer því fjarri, að hér sé um haldgóða ráðstöfun að ræða, þótt hún geti forðað hruni í bili, en um það þýðir nú ekki að ræða við hæstv. ríkisstj. En þessi aðferð sýnir, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að gera ráðstafanir, sem að gagni megi koma. En úr því að slíkar till. eru fram bornar sem þessar, þá sýnist mér, að ekki verði hjá því komizt að gera hliðstæðar ráðstafanir fyrir alla framleiðsluna, og þá ekki síður vegna landbúnaðarins og tryggja honum það verð, sem hann þarfnast fyrir útfluttar afurðir. Ég hafði ætlað mér að leggja fram brtt. um þetta í n., en úr því varð ekki, þar sem enginn fundur var haldinn, svo að nú á ég ekki annars kost en bera hér fram skriflega brtt. varðandi þetta. Brtt. sú, sem ég flyt um þetta, er samhljóða þeim ákvæðum, sem lögfest voru viðvíkjandi útflutningsafurðum landbúnaðarins fyrir rúmu ári síðan eða 15. sept. 1944. Þá legg ég til, að fyrirsögn frv. verði breytt þannig, að í stað „bátaútvegsins" komi: atvinnuveganna. Ég vænti þess, að hv. þdm. sé það ljóst, að fyrst á annað borð er ekki farin önnur leið en reyna að halda atvinnuvegunum gangandi fyrst um sinn með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, þá er óhjákvæmilegt, að þetta gangi jafnt yfir landbúnað og sjávarútveg. Hins vegar er ég fús til að taka hina skriflegu brtt. mína aftur til 3. umr., ef óskað er, svo að hún geti legið fyrir prentuð.

ATKVGR.

Afbrigði fyrir skrifl. brtt. (sjá þskj. 898) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Ég verð að lýsa undrun minni á meðferð þessa máls hér í hv. þd. Það er langt síðan því var vísað til fjhn., og hæstv. forseti hefur rekið á eftir málinu. Síðast í gær var því frestað, til þess að hv. fjhn. skyldi geta athugað það. En form. n. virðist ráðinn í því að hundsa þetta, þótt hér sé um að ræða eitt af stærri málum þingsins og fyrir liggi fjöldi brtt. Fer því fjarri, að vanþörf sé á, að málið sé athugað í n. Þetta mál er upphaflega lagt fyrir þ. á síðari hluta þess. Hæstv. ríkisstj. hafði þá gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir stöðvun vélbátaflotans, en þá verða þau tíðindi, að verðlag á fiski í Bretlandi lækkar. — Ég bíð með ræðu mína á meðan forseti lýkur samtali sínu. Ég hef enga bjöllu til að hringja. — Þegar þessi tíðindi gerast, hefur hæstv. ríkisstj. þótt bera nauðsyn til að mæta þessum erfiðleikum á einhvern hátt. Ég hafði gert mér í hugarlund, að þeir atburðir, sem gerðust um síðustu áramót, hefðu kennt hæstv. ríkisstj., að hún þyrfti að hverfa frá öllu bráðabirgðakáki og fara þá leið að reyna að lækka framleiðslukostnaðinn, en þessi von mín brást. En úr því að hæstv. ríkisstj. virðist ráðin í því að dragnast með þetta allt í sama farinu fram yfir kosningar, þá vil ég segja það, að henni ber skylda til að sjá svo um, að sumir þjóðfélagsþegnarnir séu ekki dæmdir úr leiknum, en þannig virðist hæstv. ríkisstj. ætla að fara með bændastéttina. Nú er spurningin: Hvað er hægt að gera til að halda þessu við? Hér er stungið upp á því, að ríkisstj. sé heimilað að taka á leigu skip og kaupa fisk til útflutnings, það er að segja, ríkissjóður hefur alla áhættu af rekstri skipanna. Nú hefur ekkert komið fram um það, hvort lækka má flutningskostnað á fiskinum, en hann er, eins og kunnugt er, óhæfilega hár. Enn þá gilda sömu launakjör og á meðan styrjaldarháskinn var mestur, auk þess sem ég hef fyrir satt, að mannfjöldi á skipunum sé óþarflega mikill. En það hefur ekki orðið vart við það, að hæstv. ríkisstj. hafi gert neitt í þessu máli eða orðið ágengt. Ég vil leyfa mér að beina fyrirspurnum til hæstv. atvmrh. um, hvað hæstv. ríkisstj. hafi aðhafzt og hvort hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til að koma fram einhverjum ráðstöfunum til bóta, því að þetta fer að verða alvarlegt mál, þegar farið er út á þessa braut. Ríkisstj. skipar fast verð á fiskinn og tekur á sig að greiða flutningskostnaðinn. Það hefur verið fullt alvörumál fyrir bátaútveginn, hvernig þessu er háttað, en ekki verður það auðveldara viðfangs, þegar svo er komið verðlagi á fiski erlendis, það breytist svo, að nauðsyn þykir bera til, að ríkissjóður komi þar á milli með ábyrgð frá sinni hendi. Þá er fullkomin ástæða til þess að leita að leiðum til að lækka þennan kostnað, því að í reyndinni getur þetta orðið svo, að ríkissjóður verði að borga verulegan hluta af þessum kostnaði. Ég er alveg sannfærður um það, þótt ég hafi ekki um það skýrslu í höndunum, að sá kostnaður er ekki neitt smáræði. Þótt kaupgjald sé hátt í landinu, er það þó ekki í neinu samræmi við það kaupgjald, sem greitt er í þessum flutningum. Ég sé engum ofsjónum, þótt sjómenn í siglingum til annarra landa hafi há laun, en það verður þó að vera nokkurt samræmi í þessu. Og það ástand, sem skapaðist vegna styrjaldarinnar, getur ekki staðið endalaust. Ég vildi beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. út af þessu tilefni. Í 2. gr. er ríkisstj. gefin heimild til að taka á leigu skip frá og með miðjum apríl og fram í seinni hluta maí. Ég veit ekki, við hvað er miðað, en aðalvertíð er venjulega lokið fyrir miðjan maí. Þess ber þó að gæta, að talsverðar fiskveiðar eiga sér þó stað eftir þann tíma. Og það er auðséð, að þingið kemur ekki saman aftur fyrr en langt er liðið á þetta ár, og engar horfur á því, að stefnubreyting verði í þessu efni fyrr en langt er liðið á þetta ár. Þá er spurningin, hvað á að gera varðandi ísfiskflutningana frá bátaútveginum eftir miðjan maí. Því mundi verða svarað í þessu sambandi, að hægt væri að salta þennan afla. Það má til sanns vegar færa, það má salta nokkuð, en þó er mér ekki kunnugt um horfur á sölu á saltfiski. En það er nokkuð varhugavert að gera ráð fyrir því, að allur sá fiskur, sem kemur á land eftir þann tíma, verði annaðhvort að fara í salt

eða hann verði að sæta því verði, sem hægt verður að fá á frjálsum markaði eftir miðjan maí, og sæta þeim flutningskostnaði, sem nú er. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvort hann vilji ekki athuga þetta ákvæði gaumgæfilega, og geymi ég mér rétt til þess að flytja við þetta brtt. til 3. umr., ef mér þykir þá ástæða til þess. Það er náttúrlega, að þessar till. eru fyrst og fremst miðaðar við það að fleyta þessum málum fram yfir kosningar, og það er hugsað sem svo, að þá komi tímar og þá komi ráð, en það skipti mestu að ráðstafa þessu einhvern veginn fram að þeim tíma. En þá hefði mér þótt sanngjarnt, að þetta næði fram á kjördag, þannig að fyrir þessu yrði séð þangað til menn hefðu stungið seðlunum niður í kassann. Það væri í fullu samræmi við alla meðferð málsins. Áskil ég mér rétt til að flytja varðandi þetta brtt. síðar, ef þannig horfir við. En ef samþ. væri brtt. um það, að ríkisstj. hefði þessa heimild nokkuð fram á sumarið, þá gæti hún gripið til hennar, ef til þyrfti að taka og þörf væri á því. Og það mundi þá sýna sig, að menn hugsa um að halda uppi bátaútveginum áfram, þangað til aðrar ráðstafanir yrðu gerðar.

Ég skal svo minnast á eitt atriði enn. Ég á brtt., sem flutt er við brtt. frá hv. þm. Borgf. viðvíkjandi saltfiskkaupunum. Hv. þm. Borgf. flutti brtt. á þá lund, að ríkisstj. væri heimilt að kaupa þann saltfisk, sem saltaður væri til útflutnings á tímabilinu 1. jan.—31. maí. Ég flutti þá brtt., að þessi heimild næði til 1. okt. og enn fremur, að ríkisstj. væri heimilt að kaupa og ábyrgjast fullsaltaðan stórfisk og aðrar fisktegundir með hliðstæðu verði og kr. 1.70 kg fyrir stórfiskinn. Það mætti segja, að það væri nægilegt að tiltaka þessar 7 þús. smálestir, eins og ríkisstj. hefur gert. En ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um, hvort það er fullnægjandi, og mér finnst eðlilegast að hafa ekkert hámark á þessu. En auk þess vildi ég benda á, að það er ekki fullnægjandi að miða þetta við stórfisk. Það verður einnig að mínum dómi að tryggja verðið fyrir annan fisk, því að talsvert af öðrum fiski veiðist á ýmsum stöðum. Og það þýðir ekki að horfa fram hjá því, að það er stór þáttur í tekjum manna að afla og selja fisk, sem ekki er stórfiskur. Þetta er atriði, sem þarf að koma greinilega fram. — Hv. þm. Borgf. ætlar að taka till. sína til baka. Ég tek því til baka till. mína á þskj. 539, því að hún er orðuð við till. hv. þm. Borgf., en í staðinn flyt ég skrifl. brtt. við 2. gr. frv., og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast fyrir bátaútveginn sölu á því fiskmagni, sem saltað er til útflutnings á tímabilinu frá 1. jan. til 31. okt. 1946, fyrir það verð, að kr. 1,70 fáist fyrir hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski I. flokks og tilsvarandi verð fyrir annan fisk að dómi ríkisstjórnarinnar.“ Mun ég afhenda hæstv. forseta till. — Það hefur komið fram till. frá hv. þm. V.-Húnv. um það, að ríkisstj. borgaði útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og miðaði við verð 6 manna n. Ég álít till. ákaflega sanngjarna einmitt í þessu sambandi. Það er viðurkennt, að bátarnir mega ekki við því, eins og ástatt er, að verðið fari niður fyrir þetta fasta verð. Þar er markið sett með frv. Ég geri ráð fyrir því, að ef þetta fasta verð næst ekki, komi hallinn á ríkissjóð, og hef ég áður lýst afstöðu minni til þess. Og mér finnst ómögulegt að viðurkenna annað en hið sama verði að ganga yfir báða aðalatvinnuvegi landsins í þessu sambandi, sjávarútveg og landbúnað, og mér finnst það sanngjarnt, að þegar landbúnaðurinn á í hlut, þá sé miðað við það verðlag, sem 6 manna n. kom sér saman um á sínum tíma. Við annað er ekki hægt að miða. Og það hefur ekki verið dregið í efa, að þetta samkomulag hafi verið hóflegt og skynsamlegt. Ég vil því vænta hins bezta fyrir brtt. hv. þm. V.-Húnv. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sættist á að fylgja því, að þetta frv. geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir það, að afurðir bátaútvegsins fari niður fyrir tiltekið mark, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett, og komi um leið í veg fyrir það, að afurðir landbúnaðarins fari niður fyrir það mark, sem 6 manna n. tiltók. Þessar ráðstafanir gætu staðið báðar hlið við hlið, þangað til samkomulag yrði um það að breyta um stefnu, svo að hægt væri að hverfa út af þessari braut hvað snertir báða þessa höfuðatvinnuvegi.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við 2. gr. frv. frá hv. 2. þm. S.-M. Þessi brtt. þarf afbrigða við, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 896) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Hæstv. atvmrh. mæltist til þess í gærkvöld, að þær brtt., sem fluttar hafa verið við þetta mál, yrðu teknar aftur til 3. umr., og tók ég fyrir mitt leyti undir það, að svo yrði gert hvað viðvíkur mínum till. Til þess kom þó ekki, þar sem málið var tekið af dagskrá, en umr. um það ekki lokið. Málið var tekið af dagskrá í því augnamiði, að því er mér skildist, að fjhn., sem hefur haft málið til meðferðar, gæti tekið málið til athugunar og bær till., sem fyrir liggja. Þetta horfir þannig við, að þessar till. eru um sama efni. Er því rík ástæða til að samræma það, sem hér er lagt til, í eina heild. Eftir upplýsingum, sem hér komu fram frá einum hv. nm., hefur n. ekkert sinnt þessu máli. Ég verð að segja það, að þar sem þetta er svo mikilvægt mál, að það snertir sölu á afurðum annars aðalatvinnuvegar landsmanna, þá er það harla einkennilegur háttur, að fjhn. Nd. skuli algerlega vanrækja að sinna þessu máli nokkurn skapaðan hlut. Hún tekur að sér eða meiri hl. hennar að flytja málið fyrir hæstv. ríkisstj. eða atvmrh. Svo bætast við þetta brtt. frá ýmsum mönnum og auk þess frá hæstv. atvmrh. sjálfum, en eigi að síður skýtur n. sér algerlega undan því að sinna málinu nokkuð, og það þrátt fyrir það að hæstv. atvmrh. hafi farið fram á, að ný athugun færi fram á málinu, og borið fram óskir til einstakra þm. um, að þeir tækju aftur sínar brtt. meðan n. athugaði málið. Þetta virðist harla einkennilegt og óvenjulegt fyrirbrigði á Alþ. Og ég verð að segja, að það

er næsta einkennilegt samstarf eða samstarfsleysi, sem þarna á sér stað í þessari n. og í ríkisstj., að þeir, sem eru yfirlýstir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., skuli ekki taka betur undir óskir hennar en þetta bendir til. Það, sem hér er um að ræða, er slíkt stórmál, að það á að gera sérstakar ráðstafanir til þess að selja afurðirnar við því verði, að þeir menn, sem þennan atvinnuveg stunda, geti haldið áfram því starfi. Að því stefna þær till., sem hér liggja fyrir. Ég verð að segja, að þetta er mjög einkennilegt. Og eins er það einkennilegt, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. atvmrh., sem málið heyrir undir, skuli ekki vera viðstaddur í d., þegar verið er að ræða um þetta mál, eins og á sér stað í sambandi við þessar umr. Mig hefði þó langað til að segja nokkur orð við hæstv. atvmrh. einmitt í sambandi við þessar brtt. En hann kemur nú þarna. Ég var að segja, að mér þætti ástæða til að segja nokkur orð við hæstv. atvmrh. í sambandi við þær brtt., sem ég lagði fram í þessu máli. Áður hafði ég talað um, — ég hugsa hæstv. ráðh. hafi ekki heyrt það, — að undarlegt væri það samstarfsleysi, sem lýsti sér milli ríkisstj. og fjhn., þar sem n. vanrækti að sinna málinu að öðru leyti en því að koma því á framfæri á Alþ., þrátt fyrir það þótt hæstv. atvmrh. hér á fundi í gærkvöld óskaði eftir, að slík athugun færi fram á málinu. Út af brtt. atvmrh. vildi ég segja það, að þær ráðstafanir, sem þar er talað um, þ. e. að leyfa ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs að taka á leigu allt að 20 flutningaskip til þess að annast flutninga á fiski á enskan markað, þar sem þessir flutningar hafa algerlega lagzt niður í sambandi við þær breyt., sem nú hafa orðið, — ég vildi segja það, að ef að þessu horfir, þá rekur nauður til þess, að þetta verði gert nú þegar. Nú stendur þannig á við Faxaflóa, að það er góður afli þessa dagana og mjög er að lagast með gæftir frá því, sem verið hefur. Hraðfrystihúsin hafa engan veginn undan við að verka þann afla, sem á land berst. Saltbirgðir eru að vísu enn þá nokkrar, en ganga mjög ört til þurrðar, ef ekki fæst önnur lausn á málinu, og auk þess eru sökum fólkseklu nokkrir erfiðleikar á því að verka fiskinn með þeim hætti. Þess vegna tel ég, að ef að þessu ráði er horfið og ríkisstj. leigi skip og komi aftur á fót flutningum á fiski á enskan markað, að þá verði að gera ráðstafanir nú þegar. Nú fer í hönd dymbilvikan og vegna frídaga verður miklu erfiðara og kostnaðarsamara að nota þá verkun á fiski að salta hann, og ef til vill er lokað fyrir það, að á þessum dögum verði hægt að koma þeirri verkun við. Þess vegna álít ég, að allt mæli með því, að þessum framkvæmdum verði hraðað sem kostur er, svo að hægt sé að nota aflahrotuna og góða veðrið, sem nú er þessa dagana. — Þetta er það, sem ég vildi láta koma í ljós við hæstv. atvmrh. Ég skal svo ekki blanda mér inn í eða leggja dóm á það, sem hér er lagt til í brtt. hæstv. atvmrh., t. d. það, að ef verðið á hraðfrystum fiski fer upp úr ákveðnu marki, séu sett l. um það, að hluti af því verði skuli tekinn af þeim, sem fiskinn eiga, og varið til þessara ráðstafana. Ég býst við, að ef litið er á þessa ráðstöfun með ísfiskflutningana og kaup á fiski til Englands, þá sé það öruggasti vegurinn fyrir ríkissjóð og rétt og sjálfsagt að reyna að tryggja sér möguleika á því að greiða þann halla. Það er sjálfsagt varfærnast að gera ráðstafanir í þessa átt, en hvort það er réttlátt út af fyrir sig að vinna upp þennan halla með þeim hætti, sem lagt er til, skal ég ekki leggja neinn dóm á. En það er sýnilegt, að með þessu er farið inn á tiltölulega nýja braut í atvinnulífi okkar og verzlun með því að gera slíkar ráðstafanir. Þá er enn fremur lagt til í þessum brtt., að ríkisstj. skuli heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á andvirði útfluttra afurða, sem seldar kunna að verða með gjaldfresti, enda hafi ríkisstj. samþykki til sölunnar. Þetta er afleiðing af því, að miklir erfiðleikar eru á því að selja hraðfrysta fiskinn og ef til vill verður að leita markaða í þeim löndum, sem, eins og nú er ástatt, geta ekki greitt fyrir fiskinn við móttöku hans, og af þeim ástæðum verði að selja fiskinn með nokkrum gjaldfresti. Það er skiljanlegur hlutur, að það mundi valda miklum erfiðleikum fyrir þá menn, sem keypt hafa þennan fisk fyrir það verð, sem ákveðið er af því opinbera hér innanlands, að selja fiskinn með þessum hætti. Þeir einstaklingar, sem eiga þar hlut að máli, hafa ekki bolmagn til þess að bíða eftir greiðslu á fiskinum, og þess vegna verður til slíkra ráðstafana að grípa. En að því er snertir það, sem ég hef heyrt talað um, að þessar ráðstafanir gagnvart hraðfrysta fiskinum réttlæti það, að gripið sé þarna inn í og ákveðið að taka nokkurn hluta söluverðsins til sérstakra ráðstafana, að það réttlæti þessa ábyrgð, sem veitt er gagnvart útfluttum fiski, þá lít ég öðruvísi á það mál, af því að ég tel, að hér sé um að ræða ráðstafanir, sem snerti þjóðfélagið í heild, en ekki einstaka aðila þess. Það er vitað, að hér er um að ræða atvinnurekstur í landinu, sem fjöldi manna byggir afkomu sína á og er nú í vaxandi mæli að verða býsna stór liður í atvinnurekstri þessarar þjóðar. Frá því sjónarmiði séð virðist mér að hér sé um ráðstafanir að ræða, sem ekki sé hægt að tengja sérstaklega við hagsmuni eins aðila, hér er um að ræða alhliða hagsmuni þjóðfélagsins. — Þá er hér í brtt. hæstv. atvmrh., að hann leggur til, að hámark það, sem ábyrgð ríkissjóðs, þ. e. a. s. fyrir verðið á saltfiskinum, tekur til, sem er í frv. 5 þús. tonn, skuli hækkað upp í 7 þús. tonn. Um þetta liggja nú fyrir alls fjórar till. Ég varð líklega fyrstur til að flytja við þetta brtt., sem var miðuð við vetrarvertíðarveiði hér við Faxaflóa, að þetta skyldi taka til alls þess fisks, sem saltaður er til útflutnings til maímánaðarloka, en þá er talið nú orðið, að sé lokið vetrarvertíð hér við Faxaflóa. Nú hafa verið bornar fram brtt., fyrst af lfv. 2. þm. S.-M., sem hann hefur að vísu tekið aftur og fellt beint inn í frv. Enn fremur hefur hv. 6. landsk. flutt hér brtt. við þetta sama atriði, sem er að því leyti samhljóða brtt. hv. 2. þm. S.-M., að þeir ætlast báðir til, að þessi sama ábyrgð nái til 1. okt. þessa árs. Mér finnst ég ekki hafa ástæðu til að taka aftur mína brtt., og getur hún þá komið fram sem varatill. hér við atkvgr. Fyrst verða náttúrlega bornar upp þær till., sem lengst ganga í þessu efni, og svo koll

af kolli. Verði þær till. samþ., er mín náttúrlega þar með fallin, og þykir mér þess vegna ekki ástæða til að taka hana aftur að svo stöddu. Verði þær ráðstafanir ofan á, sem hér eru ráðgerðar, að því er snertir útflutning á fiski, legg ég á það áherzlu, að ég álít, að mjög mikils sé um vert, að undið sé að þessu nú þegar, og miða ég þá í því efni við þá þörf, sem fyrir hendi er um þetta í veiðistöðvum hér við Faxaflóa, og býst við, að einnig geti staðið líkt á bæði í Vestmannaeyjum og á Hornafirði og enn fremur máske líka á Vestfjörðum.

Forseti (GÞ): Ég vildi mega mælast til þess við þm., að þeir styttu mál sitt eins og hægt er.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég skil vel, að menn þurfi að stytta mál sitt eins og hægt er.

Hér er um að ræða brýnar ráðstafanir með það fyrir augum að reyna að koma í veg fyrir, að fiskútflutningurinn stöðvist. Munu allir sammála um það. Heimild ríkisstj. er miðuð við leigu á allt að 20 skipum, og er vitað, að um 30 skip eru í þessum fiskflutningum yfirleitt. En af þessum 30 skipum eru nokkur skip, sem eru á leigu hjá sjómönnum sjálfum og útgerðarmönnum eða samlögum þeirra og líka hjá bátafélögum, sem enn halda uppi fiskflutningum á eigin ábyrgð í bili, þó að aðrir, sem hafa verið í þeim, hafi stöðvað flutningana. Ég verð að vænta þess, þegar þessi ráðstöfun ríkisstj. kemst í framkvæmd, að þá þyki það eðlilegt, að tekið verði tillit til þessara samlaga og bátafélaga, sem hafa rekstur með höndum, og ríkisstj. geri sams konar ráðstafanir gagnvart þeim og hinum öðrum skipum, m. ö. o., ég get ekki hugsað mér það, að tilgangurinn sé sá að leigja eingöngu og standa straum af útflutningi þeirra skipa, sem nú hefur verið lagt upp, en láta hin bera þunga dagsins sjálf, sem kæmi út með tapi fyrir þau, heldur muni ríkisstj. jafnvel fyrst og fremst taka ábyrgð á áhættu þeirra, sem enn halda uppi fiskflutningum á þann hátt, er nú er lýst.

Þá vildi ég stuttlega minnast á það, að full þörf er á að hækka það hámark, sem tiltekið er í frv. varðandi saltfiskinn, og þá er ætlazt til að hækka verðið samkv. till. atvmrh. Það vill svo til, að nú er einmitt aflahrota í sumum veiðistöðvum hér nálægt og mjög mikill afli, sem fer í salt þessa dagana, og held ég því, að það skemmsta, sem hægt er að ganga í þessu efni, sé að samþ. till. á þskj. 536, frá hv. þm. Borgf.

Svo vildi ég taka undir það, sem hér hefur komið fram, að e. t. v. er höfuðundirrót þess, að grípa verður til þessara ráðstafana, sú stefna, sem virðist vera ráðandi hjá þeim, sem sigla með fiskinn, að vilja á engan hátt slaka til með sín kjör. Og þá fer að verða mjög vafasamt, hve lengi hægt er að sætta sig við það, að slík gjöld séu skattfrjáls. En eins og sakir standa, verður ekki annað ráðið en það, sem er, ef ekki á að gjalda allt of mikið afhroð af þessum ástæðum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það er margt, sem kemur til greina í þessu sambandi. En ég vil að lokum undirstrika það, sem hefur komið fram frá öðrum, að engin töf má verða á því að koma þessu í framkvæmd, sem hér er stefnt að. Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. ætlar að gera til þess að halda fiskflutningunum við líði, verður að framkvæma hið skjótasta, og má engin bið á því verða.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins til viðbótar því, sem ég sagði áðan, láta í ljós ánægju mína yfir því, að fram er hér komin till., sem hv. þm. V.-Húnv. flytur, um að ríkisstj. sjái svo um, að hliðstætt gildi gagnvart landbúnaðarvörum. Mér finnst í alla staði eðlilegt, að slík ráðstöfun sé gerð, því að allar líkur benda til þess, að ef sá atvinnuvegur á að geta haldið í horfinu, þurfi að grípa til ráðstafana hliðstæðra þeim, sem hér um ræðir, gagnvart honum, að því er snertir útflutningsvörurnar. Það er ekkert öryggi fyrir því, að það verð fáist á erlendum markaði fyrir þessar vörur, sem svarar til framleiðslukostnaðarins innanlands. En þetta verður að haldast í hendur a. m. k., og þurfa þó útflutningsverðmætin alltaf að gera heldur betur en að bera uppi tilkostnaðinn á hverjum tíma, ef nokkur þróun á að vera í atvinnurekstrinum. En ýmsar líkur benda til þess, að það erlenda verð, sem um er að ræða, svari til þess, sem nú er. — Þessi till. er í fyllsta máta sanngjörn, því að það er eðlilegt, að löggjöfin taki til þessa hvors tveggja alveg jafnt.

ATKVGR.

Brtt. 849,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 849,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

— 896 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, JörB.

nei: SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, ÁkJ, EOI, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, BG.

IngJ greiddi ekki atkv.

6 þm. (SEH, SÞ, ÞB, ÁÁ, GSv, JS) fjarstaddir.

Brtt. 539 tekin aftur.

— 543 tekin aftur.

— 536 felld með 17:5 atkv.

— 849,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 849,4 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 898 teknar aftur til 3. umr.

— 532 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 849,5 samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 849,6 samþ. án atkvgr.

4. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 899).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég á hér brtt. við frv., sem lýst var við 2. umr., og bjóst ég við, að hún gæti legið fyrir prentuð, en svo er ekki, því að málið var tekið strax fyrir aftur með afbrigðum. Ég vænti, að þm. sé ljóst, um hvað brtt. mín fjallar, en vil þó lýsa henni nánar. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1945 til 15. sept. 1946, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái það verð fyrir þær, sem reiknað er með í landbúnaðarvísitölu 1945. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum um leið og kaupendur borga vörurnar.

Hagstofan skal árlega reikna út landbúnaðarvísitölu, samkvæmt reglum landbúnaðarvísitölunefndar frá 1943."

Hér er um að ræða eins árs framleiðslu af gærum og ull. Enn hefur lítið verið flutt út af kjöti frá 1945, en þó munu hafa verið fluttar út um 200 smálestir og verður jafnvel meira. Mér sýnist, að það geti ekki verið um stóra upphæð að ræða, sem þetta kostar ríkissjóð. En það er ljóst, að þær kvaðir, sem ríkissjóður tekur á sig með frv. eins og það nú er, geta kostað hann stórfé, og því er með öllu ótækt, að landbúnaðinum verði neitað um þessa aðstoð, samtímis sem sjávarútveginum er veitt slík aðstoð.

Eysteinn Jónsson: Ég flutti brtt. við 2. umr., sem er svo hljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast fyrir bátaútveginn sölu á því fiskmagni, sem saltað er til útflutnings á tímabilinu frá 1. jan. til 31. okt. 1946, fyrir það verð, að kr. 1.70 fáist fyrir hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski I. flokks og tilsvarandi verð fyrir annan fisk að dómi ríkisstjórnarinnar."

Ég flutti þetta, því að ég skildi það sem svo, að ekki væri heimilt að kaupa neitt nema stórfisk. Þetta getur orkað tvímælis, en 2. gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 5000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks."

Ég vil benda á, að heimilt er að kaupa allan saltaðan fisk, en grundvöllurinn er kr. 1.70 á kg af stórfiski. Það sjá allir, að nauðsynlegt er, að þessi heimild sé ekki einskorðuð við stórfisk, og væri því rétt að setja tilsvarandi verð á aðrar tegundir. En ef ríkisstj. hefur þennan skilning á þessu, þá er till. mín ekki nauðsynleg. — — Er það meining ríkisstj. að þegja um þetta? Ég mun þá flytja skrifl. brtt. um, að aftan við 2. gr. bætist: og tilsvarandi verð fyrir annan fisk, að dómi ríkisstjórnarinnar.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil segja fáein orð út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði. — Ég hef litið á þetta verðtakmark, kr. 1.70 á kg af stórfiski, sem verðgrundvöll. — Svo er annað örlítið atriði. Það slæddist nokkur ónákvæmni inn, og er skýrara að segja: fiskframleiðenda. — Þar eð hæstv. ráðh. er vikinn burt og ég vissi, að hann ætlaði að bera fram brtt., legg ég fram skriflega brtt. við 1. gr., þess efnis, að í stað „fiskeigenda" komi: fiskframleiðenda.

Forseti (BG): Hv. þdm. hafa heyrt till. Hún þarf afbrigða með, og mun ég leita þeirra, en fyrst tekur hæstv. forsrh. til máls.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég heyri, að hv. 2. þm. S.-M. óskar eftir, að einhver úr stj. gefi yfirlýsingu um, hvort skilningur hans sé réttur að því er varðar verðið, kr. 1.70 hvert kg, og hitt, að það nái ekki aðeins til I. flokks stórfisks, heldur og til annarra fisktegunda. Sá skilningur hans er réttur, að hér falli annar saltfiskur undir lögin. — Skilningur hv. þm. er því hárréttur. Ég vil taka það fram um leið, úr því að ég fór á annað borð að taka til máls, að þetta hefur frá öndverðu verið rætt af okkur ráðh., og eru till. stj. hér fram komnar. Allar brtt. ráðh. eru till. stj. Ég hef haft það hlutverk að semja fyrir hönd stj. við eigendur hraðfrystihúsanna, og hafa þeir aðhyllzt þá skipun málanna, sem hér er ráðgert, að höfð verði. Aðalatriðið er, að ríkisstj. leitar heimildar Alþ. til þess að taka ábyrgð á, að eigendur fisksins fái hann greiddan, þótt seldur sé erlendis gegn gjaldfresti. Gegn þessu gengu frystihúseigendur inn á, að skattur yrði lagður á fiskinn. Næmi hann 2½ eyri, og væri þá miðað við, að meðalverðið skyldi vera kr. 1.10 pr. enskt pund.

Ég rek málið ekki að öðru leyti. Læt ég þess að endingu getið, að ríkisstj. stendur einhuga að öllum aðgerðum í málinu, bæði till. hæstv. atvmrh. og annarra.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi bara segja, að vegna þess að yfirlýsing er komin frá hæstv. forsrh., hverf ég frá brtt. þeirri, sem ég ráðgerði að flytja.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 6. landsk. þm. (sjá þskj. 902) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Eitt atriði er í þessu frv., sem ég vildi vekja athygli á, en það eru ákvæði þau, er samþ. voru hér við 2. umr. málsins í viðbót við 1. gr. frv. að tilmælum hæstv. atvmrh. Í fyrsta lagi: álagning skatta á hraðfrystihúsin. Í öðru lagi: ef söluverðið fer yfir ákveðið mark, þá skilst mér, að greiða eigi fiskframleiðendunum mismuninn. Ég held, að þetta ákvæði sé algert nýmæli. Eigendur hraðfrystihúsanna hafa keypt fiskinn fyrir ákveðið verð, sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað þeim að greiða. Er þetta vitað mál. En síðan á að setja lagafyrirmæli um,

að þeir skuli, ef salan gangi svona eða svona, greiða hluta af söluverðinu til annarra manna. — Ég bendi og á, að langt er frá, að ríkið verndi hraðfrystihúsaeigendurna fyrir tapi. Nú gæti vel svo farið um söluna, að 5 aura greiðsla á kg nægi eigi til að gera þá skaðlausa. Ég held, að hér sé verið að fara út á nýja braut í löggjafarstarfi. Ég vek athygli manna á því. Minnist ég þess ekki að hafa rekizt á hliðstæð ákvæði í lögum, en erfitt er að átta sig á þessu „í flughasti".

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er áreiðanlega tilgangur frv., að „hraðfrystihúsaeigenda" komi í stað „fiskeigenda", og vænti ég þess, að brtt. verði samþ. — Varðandi ummæli hv. þm. V.-Húnv., að hér væri lagt út á sérstaka braut, vildi ég segja, að ég hefði ekki léð þessu máli fylgi, ef eigi hefði legið fyrir frjálst samkomulag. Meginefnið er, að hraðfrystihúsaeigendur hafa komið auga á hag sinn í því að aðhyllast till. stj., en hún og þeir gera þau kaup með sér, að eigendur húsanna fallast á, að 2½ eyrir pr. enskt pund sé lagður í ríkissjóð, gegn því hins vegar, að ríkisstj. ábyrgist, að verðið sé greitt, þótt fiskurinn verði seldur gegn gjaldfresti á erlendum markaði. Á bak við þetta felst svo, að hæpnar horfur eru á því, að takast megi að selja hraðfrysta fiskinn. Allverulegar líkur benda til, að ná megi nú góðu verði. Vonir standa til, að ná megi allmiklu hærra verði, ef ríkið tekur a. m. k. málamyndaábyrgð á sölu fisksins. Ef leggja á þjóðarfé í hættu til að ná góðu verði, þá má þess vera von, að fleiri njóti góðs af, og var rætt um þetta við útvegsmenn. Spurningu var varpað fram um það, hvort menn ættu eigi að njóta góðs af fyrir utan þennan 2½ eyri. Hraðfrystihúsaeigendur töldu sér það sanngjarnt. Engum hafði til hugar komið, þegar ákvörðunin um blautfiskinn var tekin, að fáanlegt yrði verð það, sem nú standa vonir til, að ná megi. Þegar hafa verið seld 5000 tonn af hraðfrystum fiski til Frakklands með kr. 1.20 pr. enskt pund. Svo standa yfir samningar um sölu á 500—1000 tonnum af fiski til Ítalíu, og á einnig að selja til annarra landa. En sumir samningar eru háðir því, að svo verði sem í frv. greinir. Á hinn bóginn mun undir ýmsum kringumstæðum stranda á því, að ríkið geti haft afskrift. Ákvæðum frv. er þannig háttað, að hvorki koma til greina skattgreiðslur né deiling, nema hærra verð fáist en kr. 1.10 pr. enskt pund. Með þessu háa verði er ætlazt til, að frystihúsin verði ekki fyrir neinu tapi.

Ég hafði gert ráð fyrir, að skýringar þessar kæmu fram í umræðunum. Hér er um frjálst samkomulag að ræða í aðalatriðum, og vildi ég umfram allt, að það lægi fyrir.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vil láta það koma fram, að ástæðan til þess, að ég fellst á frv. þetta, er sú ein, að ríkissjóði eru hér ekki bundnir baggar. — Um saltfiskinn er það að segja, að líkur eru á, að hann seljist fyrir gott verð. Meiri vafi er á því en vonir, að meðalverðið verði svo hátt, að ríkissjóður þurfi eigi að verða fyrir áföllum af þeim sökum. Ég vildi ekki fallast á þetta, nema hraðfrystihúsin gengju inn á að bera skakkaföllin með. Hins vegar munu hv. þm. sammála um, að ekki sé hægt að binda ríkissjóð.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forsrh. gaf upplýsingar um, að gerðir hefðu verið samningar við hraðfrystihúsaeigendurna. En ekki var þess getið, hvort samið hefði verið við alla. Hæstv. ráðh. hefði átt að gefa nánari upplýsingar. Ef um frjálsa samninga er að ræða, þá er mér spurn, hvort til þess beri nauðsyn að setja ákvæði þau í l., sem hæstv. forsrh. kom inn á. Ég held því engan veginn fram, að verðjöfnunin sé óeðlileg. En mátti ekki framkvæma hana með samningum? Mér er spurn. Ég ætla, að hér sé um mjög nýstárlega aðferð að ræða. Það mun nýtt, að menn séu bundnir til þess með l. að úthluta eignum sínum til annarra. En svo er hér. Mér kemur í hug, hvort þetta höggvi eigi of nærri stjskr. okkar. Spurningin er, hvort ekki sé unnt á grundvelli hinna frjálsu samninga að ná settu marki. — Svo eru og önnur varhugaverð ákvæði í þessu frv., þ. e. um leigu skipanna, en það er ekki hægt að taka skip á leigu, nema lagaheimild sé fyrir hendi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. vil ég segja, að rétt mun vera, að ekki hafi gefizt kostur til að semja við alla. En samið var við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en innan hennar munu, að því er ég hygg, vera um 90% allra hraðfrystihúsaeigenda á landinu. Þeim var boðið þetta af ríkisstj. gegn því hins vegar, að þeir gengju inn á skattinn, og þeir hafa tjáð sig fúsa til þess. — Ég hefði aldrei verið á máli því, er hér er fram borið, ef svona væri ekki ástatt, enda hefði það verið nýstárlegt að staðfesta þá þetta lagafrv.

Skúli Guðmundsson: Í frv. er ekkert samband á milli gr. um verðjöfnuð og síðari gr. um heimild hæstv. ríkisstj. til að bera ábyrgð á greiðslu útflutts fisks.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þetta er ekki tengt saman í frv. Vakir fyrir stj., að lögfest séu bæði ákvæðin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 114. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 899, 898, 902).

ATKVGR.

Brtt. 902 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 898,1 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv.

nei: HB, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, STh, ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, BG.

4 þm. (SB, SÞ, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 898,2 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 927).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 959).

---

70. Beitumál.

Á 93. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um beitumál (þmfrv., A. 600).

Á 94. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af sjútvn. samkv. ósk atvmrh. Eins og segir í grg. frv., er það samið af mþn. í sjávarútvegsmálum og hafði á sínum tíma verið sent þáv. atvmrh., Vilhjálmi Þór, sem tók þá við frv. og gerði á því talsverðar breyt. frá því sem mþn. hafði gengið frá því. Sá ráðh. lagði síðan málið fram í Ed., en þar náði það ekki fullnaðarafgreiðslu. En nú hefur hæstv. atvmrh. óskað eftir því, að sjútvn. Nd. flytti þetta frv. Frv. fylgir ýtarleg grg. frá mþn., en aðalefni þessa frv. er um það, að skipuð verði þriggja manna beitunefnd til tveggja ára í senn, og er hlutverk þessarar n. að fylgjast með því, eftir því sem hægt er, að alltaf sé til nægileg og góð beita fyrir bátaútveg landsmanna í sambandi við fiskveiðar. Þessari beitunefnd er síðan gefið vald, samkv. þessu frv., til þess að gera ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir á þann hátt að tryggja það, að nægileg beita sé alltaf til. Þannig er ætlazt til þess, að þessi beitunefnd geti tekið á leigu og annazt rekstur á beitufrystihúsum, ef með þarf, og jafnvel komið upp beitufrystihúsum, og er nokkur fjárveitingarheimild í frv. í þessu skyni. — Hins vegar er aðalstarf beitunefndar hugsað á þá leið, að hún haldi saman skýrslum á hverjum tíma um það, hversu beitumálum líður, hversu ástatt er með beituforða hjá bátaútveginum, og reyna að hafa áhrif á það, að ekki þurfi til vandræða að draga vegna beituskorts. — Þá er gert ráð fyrir því í frv., að allri beitu fylgi matsvottorð frá sérstökum beitumatsmanni, en eins og kunnugt er, hafa útvegsmenn kvartað undan því, að sala á beitu hafi verið í mesta vandræðaástandi, þ. e. að þeir, sem verzlað hafa með beitu til sjávarútvegsins, hafa selt stórskemmda og óhæfa vöru til notkunar og fyrir allt of hátt verð. Það sýnist því ekki nema sanngjarnt mál að leggja til, og farið verði að hafa eftirlit með sölu á þessari vöru og það sé tryggt, að sú vara, sem seld er, sé nægilega góð.

Samkv. því, sem frv. leggur til, er ætlazt til, að hægt verði að koma þessum beitumálum fyrir á einfaldan hátt, svo að ekki þurfi að verða af því neinn teljandi kostnaður. Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv., að beitunefnd fái vald til þess að geta ákveðið hámarksverð á beitu og eins á ýmsum öðrum liðum í sambandi við beitukostnað útgerðarinnar, en það er kunnugt mál, að það hefur þótt mjög við brenna, að verð á beitu hafi verið alveg úr hófi hátt. Þeir, sem aðstöðu hafa til að frysta beituna, hafa fengið aðstöðu til þess að græða óhóflega á útveginum með því að verðleggja þessa nauðsynjavöru allt of hátt, og sýnist vera full sanngirni að leggja til, að sett verði verðlagseftirlit á beitusölu, engu síður en nú er eðlilegt að setja það um flestar aðrar vörur, sem ganga kaupum og sölum í landinu.

Ég býst við, að sjútvn. muni athuga þetta mál nokkru nánar milli 2. og 3. umr., þó að n. flytji frv. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess við þessa umr. að hafa um þetta mál fleiri orð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

2.—15. gr. samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, SvbH, ÞB, ÁkJ, BK, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HB, JJós, JPálm, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, BG.

nei: SB.

PO, SK greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁÁ, BÁ, EOl, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JS, JörB, ÓTh, SEH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Með því að ég tel, að

þetta frv. sé með öllu óþarft og mjög vafasama leið, sem lagt er til, að farin verði í þessu máli, segi ég nei.

Sigurður Kristjánsson: Ég hef gert ágreining út af þessu máli í sjútvn., sökum þess að ég tel, að koma megi þessu máli fram á ódýrari hátt. Þetta hefur þó ekki fengizt lagað, og tek ég því ekki þátt í atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 98. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 600, n. 847 og 848).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af sjútvn.Nd., en er fyrst samið af mþn. og fór frá henni óbreytt gegnum Nd. — Aðaltilgangur frv. er að sjá um, að ávallt sé til nægileg beita með eðlilegu verði í öllum verstöðvum. Skipa á þriggja manna nefnd til að sjá um þetta og á Fiskifélag Íslands að aðstoða með skýrslugerðum. Ef óttazt er um beituskort, er n. heimilt með samþykki ráðh. að frysta síld til beitu. Svo er n. heimilt að kaupa hús og annað til beitugeymslu. Á ríkissjóður að ábyrgjast 500 þús. kr. til starfsins og 200 þús. kr. í rekstrarfé fyrir nefndina.
Það er, eins og ég sagði, aðaltilgangur þessa frv. að tryggja það, að bátaútvegurinn stöðvist ekki vegna beituskorts. Annað meginatriðið er að koma á beitumati, og skipar lögreglustjóri viðkomandi matsmenn. Það á að tryggja, að ekki sé fryst skemmd síld.
Í þriðja lagi er ákvæði um, að beitunefnd sé heimilt að setja hámarksverð á beitu. Það hefur komið fyrir í beituskorti, að þeir, sem hafa af einhverjum ástæðum átt beitu, hafa selt hana óheyrilegu verði. Enn fremur er gert ráð fyrir, að setja megi hámarksfrystigjald.
Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða frekar um einstök atriði þessa frv. — Í sjútvn. hefur ekki orðið samkomulag um afgreiðslu frv. Form. n., hv. þm. Barð., hefur tekið afstöðu gegn frv. og gefur hann út sérnál. og leggur til, að frv. verði fellt. Á fundi n., er þetta var rætt, var einn nm. fjarverandi, en 2 af 3 áskildu sér rétt til að koma með brtt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Það er nú eins með þetta og önnur sjávarútvegsmál, að það þýðir ekkert að ræða það.
Mér þykir rétt að benda á rök, sem styðja mitt mál. Ég hygg, að stærstu rökin séu, að Fiskifélagið leggur til, að frv. verði fellt. Á fiskiþingi 1944 var það lagt til. Það færir þau rök í málinu, að nú sé búið að reisa svo mikið af frystihúsum, að viðhorfið sé breytt. Við Faxaflóa eru nú 22 frystihús, við Breiðafjörð 5, á Vestfjörðum 7, á Húnaflóa 6, við Skagafjörð 3, við Eyjafjörð 10, á Austurlandi 7 og í Vestmannaeyjum 5.
Það er engin þörf á þessu og hæpið, að á þessu verði nokkurn tíma annað en taprekstur. Ég legg til, að frv. verði fellt, en verði það samþ., mun ég bera fram brtt. um, að ekki megi leggja fram í þetta 700 þús. kr., því að það er orðið gegndarlaust, hvernig opinberu fé er sóað. — Ég skal svo ekki tefja umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EE, GÍG, HG, ÁS, PHerm, StgrA.
nei: GJ.
ÞÞ, LJóh greiddu ekki atkv.
7 þm. (PM, BSt, BBen, HermJ, IngP, JJ, MJ) fjarstaddir.
2.—15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. var þetta frv. hér til umr. og var þá af þessari d. gerbreytt, eins og sjá má á þskj. 534 frá 1944. Nú hefur þetta mál komið hér eins og það var upphaflega borið fram. Sjútvn. hefur ekki viljað gera breyt. á frv. Hins vegar tel ég meðferð málsins ekki æskilega, þar sem um er að ræða svo mikið fé úr ríkissjóði, því að ég tel ekki þörf fyrir ríkið að grípa inn í þessi mál nú, þar sem nú munu vera til um 87 frystihús með þeim, sem nú er að verða fullokið. Ég vil því leyfa mér að bera fram rökst. dagskrá ásamt þm. Dal. (ÞÞ), svo hljóðandi:
„Með því að fiskiþingið, sem haldið var á þessum vetri, samþykkti svo hljóðandi tillögur um beitumál:
„Fiskiþingið telur sjálfsagt, að Fiskifélagið haldi áfram skýrslusöfnun um frystingu síldar til beitu. Hins vegar telur þingið ekki ástæðu til þess, að ríkið stofni eða starfræki frystihús til beitufrystingar, enda hefur aðstaða til beituöflunar batnað við aukningu frystihúsanna,“
og með því enn fremur, að upplýst er, að ekki

færri en 76 frystihús eru nú starfandi viðs vegar á landinu, og auk þess verið að koma upp mörgum nýjum frystihúsum til viðbótar, þykir deildinni ekki nauðsyn bera til þess, að ríkissjóður stofni til áhætturekstrar í sambandi við frystingu beitu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég mun ekki ræða þessa rökst. dagskrá, hún skýrir sig sjálf. En ef svo færi, móti vonum mínum, að þessi rökst. dagskrá yrði felld, vil ég leggja fram brtt. til vara. Hún er við 2. gr. frv. og er á þá leið, að í stað orðanna „Alþýðusambands Íslands“ komi: Landssambands íslenzkra útvegsmanna. — Finnst mér það vera eðlilegri og sanngjarnari skipan.

Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta mál, en vil afhenda forseta þessar till.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. Barð. (GJ). Er hún skrifleg og of seint fram komin, svo að hér þarf afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 946) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ég skal ekki halda uppi umr. um þetta mál, en vegna dagskrártill. þeirrar, sem fram hefur komið, vil ég segja nokkur orð. — Till. þessi felur í sér, að ekki sé ástæða fyrir ríkið að leggja í það, sem í frv. ræðir, vegna þess að það sé áhættusamt. Ég vil taka það fram, að að mínum dómi eru verkefni beitunefndar að sjá um, að alltaf sé næg og góð beita til í verstöðvunum. N. á fyrst og fremst að fylgjast með þessum málum og er ekki ætlazt til, að n. noti heimild þá, er gefin er í frv. um að kaupa frystihús og reka þau, nema beita sé ekki til, eins og segir í 5. gr., með leyfi forseta: „Ef athugun beitunefndar leiðir í ljós, að sérstök ástæða sé til að óttast beituskort, er henni heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að frysta eða láta frysta síld til beitu.“ Ég tel því dagskrártill. þessa ekki á nógu sterkum rökum byggða og vænti, að hún verði felld, en frv. samþ.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég vil benda hv. 4. landsk. þm. á, að þessi rök hans eru ekki rétt. Auk þess er það blekking ein, að það, sem hann hélt fram nú, sé aðalatriðið fyrir hann og flokk hans. Það sannast með því að vitna til afstöðu hans til málsins á síðasta þingi. — Nú liggur fyrir ákveðin umsögn frá Fiskifélaginu um það, að ástandið í þessum málum sé allt annað en það áður var, og sömuleiðis, að nú séu 76 frystihús í landinu. Það er og upplýst, að frystihús, sem kaupa fisk af bátum, verða að tryggja þeim beitu. Þetta er meiri trygging en þó að ríkissjóður byggði eitt frystihús.

Þá kemur það nú í ljós, að frv. þetta er svo langt komið, af því að 4. landsk. hefur haldið því fram, að um það hafi verið samið, sem alls ekki er rétt.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Hv. þm. Barð. heldur því fram, að það sé ekki aðalatriði hjá mér í þessu máli, sem ég sagði áðan, en ég vil endurtaka það, að aðalatriðið hjá mér í þessu máli er, að alltaf sé til í landinu nóg og góð beita, með hæfilegu verði. Þm. Barð. segir, að þetta sé tryggt með núverandi fyrirkomulagi, en ég leyfi mér að vísa til grg. sjútvn. um málið. Í henni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að skýra í löngu máli, hve beitumál útgerðarinnar hafa verið í miklu öngþveiti víða um land undanfarin ár. Iðulega hefur það komið fyrir, að útgerð hafi dregizt saman eða stöðvazt í heilum verstöðvum og jafnvel landsfjórðungum vegna beituskorts,“ o. s. frv.

Þannig lýsir sjútvn. Nd. þessum málum. Og flm. frv. telja, að ekki verði tryggt, að starf n. komi að fullum notum, nema hafa þessa heimild, ef ekki verður séð fyrir þessum málum á annan hátt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég tel þessa röksemdafærslu alls ekki tímabæra, því að eins og vitað er, hefur verið nóg af beitu, enda nægir að vísa til grg. Fiskifélags Íslands um þetta efni.

Þá vil ég benda á, að ef þetta frv. verður samþ., er hætt við, að frystihúsin hætti að hafa til beitu, og lendir þá öll beitutrygging í höndum þessarar n., en það hefur í för með sér, ekki þau útgjöld, sem frv. gerir ráð fyrir fyrir ríkissjóð, heldur mörgum sinnum meiri útgjöld. — Þetta vil ég biðja þm. að athuga.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Barð. og þm. Dal. felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, PM, ÞÞ, BSt, EE, GJ.

nei: IngP, ÁS, PHerm, BrB, GÍG, StgrA.

5 þm. (HermJ, JJ, MJ, BBen, HG) fjarstaddir.

Brtt. 946 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, ÞÞ, BSt, EE, GJ, GÍG, IngP, LJóh.

nei: BrB, ÁS, StgrA.

MJ, PHerm greiddu ekki atkv.

4 þm. (BBen, HG, HermJ, JJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, IngP, ÁS, PHerm, BrB, StgrA.

nei: GJ, LJóh, PM, ÞÞ.

MJ, BSt, EE greiddu ekki atkv.

4 þm. (HG, HermJ, JJ, BBen) fjarstaddir.

Frv. endursent Nd.

Á 117. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed. (A. 947).

Á 118. og 119. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 120. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 978).

71. Gagnfræðanám.

Á 14. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um gagnfræðanám (þmfrv., A. 30).

Á 15. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 413, 419).

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. ýtarlega og rætt það á mörgum fundum. Hún hefur orðið sammála um að mæla með, að það yrði samþ. að meginefni til, en með nokkrum breyt., sem till. um eru prentaðar á þskj. 419. Einn nm., hv. þm. A.-Sk., hefur þó áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja enn frekari brtt. við frv. Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir þeim breyt., sem n. hefur orðið sammála um að leggja fram.

Um brtt. undir tölul. 1 er það að segja, að þær eru sprottnar af einni rót, sem sé þeirri, að menntmn. er sammála um að samræma ákvæði þessa frv. annars vegar og frv. til l. um fræðslu barna hins vegar, varðandi gagnfræðaráð, gagnfræðahéruð og gagnfræðakerfi, sem rætt hefur verið um í þessu frv., og hins vegar fræðsluráð, fræðsluhéruð og skólakerfi, sem um ræðir í frv. um fræðslu barna. Það hefur þegar verið gerð grein fyrir þessari ákvörðun n. í sambandi við frv. um fræðslu barna, og þarf ekki að rifja það upp nú. Ég vil þó aðeins benda á, að samkv. því, sem menntmn. leggur til, verður landinu skipt í fræðsluhéruð, þar sem megingrundvöllurinn eru sýslufélögin og bæjarfélögin. Þó er leyfilegt að sameina sýslufélög eða hluta úr sýslufélagi öðru sýslufélagi í þessu efni. Í hverju fræðsluhéraði skal vera starfandi fræðsluráð, og hverju fræðsluhéraði verði skipt í skólahverfi, og er miðað við, að í hverju skólahverfi sé starfandi einn barnaskóli. Fræðsluráð fá samkv. þessum till. það hlutverk að hafa á hendi forustu menningarmála í sínu héraði, og tekur valdsvið þeirra og skylda bæði til barnafræðslu, gagnfræðanáms og húsmæðrafræðslu. Menntmn. var sammála um, að rétt væri að samræma þessi ákvæði þessara tveggja frv. um þetta efni og taka ákvæði um skiptingu landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og um fræðsluráð inn í frv. um fræðslu barna og vitna svo til þeirra ákvæða í frv. um gagnfræðanám, og enn fremur í frv. um húsmæðrafræðslu. Átta fyrstu brtt. n. eru sem sé afleiðing af þessari meginákvörðun menntmn. Ég þarf því í raun og veru ekki að rekja þær í einstökum atriðum, en vil þó benda á, að í 2. brtt. er gert ráð fyrir þeim möguleika, að fleiri en eitt fræðsluhérað standi saman um einn gagnfræðaskóla. Það er ekki gengið út frá því með þessari till. í þessum tilfellum, eins og áður var í frv., að héruðin þyrftu að sameinast, heldur megi tvö eða fleiri fræðsluhéruð sitja saman að einum og sama skóla, og eru svo nánari fyrirmæli um skipun skólanefnda í þeim tilfellum. — Þetta þótti réttara, að binda sig við barnaskólakerfið hvað þessa skiptingu snertir, en ef svo færi, að það þætti tímabært að setja upp gagnfræðaskóla í ýmsum héruðum, þá að heimila, að tvö eða fleiri fræðsluhéruð stæðu saman að einum skóla.

Þá er 7. brtt. umorðun á 10. gr. í samræmi við það, sem ég hef áður sagt. En ég vil sérstaklega benda á, að tekið er inn í þessa gr., sem er meiningin, að verði meginregla, að í sveitum fari þessi lögboðna unglingafræðsla fram í sambandi við barnaskóla. Þetta er tekið fram í síðustu mgr. þessarar gr.

Ég sný mér svo að þeim brtt., sem ekki eru afleiðing af þessari meginstefnu menntmn. Kemur þá fyrst til athugunar 9. brtt., við 19. gr. frv., sem er fólgin í því, að síðasti málsl. gr. falli niður. En þessi málsl. er þannig: „Með unglingaprófi lýkur skyldunámi í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er lengra skyldunám.“ Þessi setning er sjáanlega með öllu óþörf, og þykir því rétt, að hún falli niður.

Þá er 10. brtt. við 22. gr. frv. Sú brtt. er í því fólgin, að niður falli orðin: „Próf bóknámsdeildar veitir auk þess rétt til inngöngu í menntaskóla og hliðstæða skóla“ . . . Þetta er lagt til að falli burt, vegna þess að menntmn. fylgir þeirri meginstefnu í sambandi við frv. þetta að gera sem minnstan mun á bóknáms- og verknámsdeild. Enda kom það í ljós við nánari athugun, að það er með öllu óþarft að taka þetta fram í þessu sambandi, sem þarna er gert í frv. Og sérstaklega vil ég undirstrika það, að það er alls ekki sjálfsagt, að bóknámsdeildarpróf veiti öll sömu réttindi og verknámsdeildarpróf og auk þess rétt til inntöku í menntaskóla. Mér þykir hitt eðlilegt, að í l. um iðnskóla, búnaðarskóla og sjómannaskóla sé það tekið fram, að verknámsdeildarpróf sé inntökuskilyrði um þá skóla. Og ef svo færi, sem mér þykir rétt að yrði, þá er þetta ákvæði 22. gr. með öllu óeðlilegt.

Næst kemur til athugunar 11. brtt., við 26. gr. frv. Það er breyt., sem í sjálfu sér er bein afleiðing af þeirri breyt., sem gerð var í hv. þd. á frv. um skólakerfi og fræðsluskyldu. Þar var sem sé breytt til þess horfs að ganga út frá því sem meginreglu, að gagnfræðaskólar sveitanna eða héraðsskólar yrðu tveggja ára skólar. Og í samræmi við það er þessi orðabreyt., sem hér er gerð og felur það eitt í sér, að þessir skólar séu tveggja ára skólar og starfi samkv. námsskrá tveggja efstu bekkja gagnfræðaskólanna.

Þá er brtt. við 27. gr. frv., þar sem lagt er til, að niður falli orðin: „þó með þeim takmörkun-

um um hæð prófseinkunna, sem settar verða í reglugerð um bóknámsdeild.“ Eins og frvgr. var úr garði gerð, er gert ráð fyrir, að börn, sem lokið hafa barnaprófi, eigi rétt til inntöku í gagnfræðaskólana, í verknáms- eða bóknámsdeild, þó eins og þarna segir, með þeim takmörkunum um hæð prófseinkunna, sem settar verða í reglugerð um bóknámsdeild. Þetta leggur menntmn. til, að falli niður. Hún er þeirrar skoðunar, að börn, sem lokið hafa barnaprófi, öðlist um leið rétt til inngöngu í gagnfræðaskóla, jafnt í bóknámsdeild sem verknámsdeild, og er meiningin, að munur þessara tveggja deilda sé sem minnstur og að koma ekki á þeim blæ, að það sé fýsilegri kostur að ganga í bóknámsdeild. Báðar deildir eru eftir brtt. jafnopnar, og það verði þá að sýna sig, þegar á skólabrautina er komið, hvort menn duga til þess náms, sem þeir hafa valið sér.

Næst er smábrtt. við 33. gr. frv., um það, að á eftir orðunum: „setur skólastjórum“ komi: og kennurum. — Þetta var gert samkv. ábendingu skólastjórafundar gagnfræðaskólanna og héraðsskólanna, sem haldinn var í Reykjavík í sumar. Sú ábending er eðlileg og felur í sér, að fræðslumálastjórn skuli setja bæði skólastjórum og kennurum erindisbréf.

Þá er brtt. við 34. gr. frv., um að síðari málsl. gr. falli burt. Sá málsl. er svo: „Verði skólastjóri og skólanefnd ekki á eitt sátt, ber að líta á tillögur skólastjóra sem forgangstillögur,“ þ. e. a. s., þegar skólastjóri og skólanefnd gera till. til fræðslumálastj. um val kennara. Þetta ákvæði frv. finnst menntmn. með öllu óeðlilegt. Úr því að báðir þessir aðilar eiga að hafa tillögurétt, þá sýnast ekki rök fyrir því, að till. annars þess aðila skuli metnar forgangstill., ef um ágreining er að ræða.

Þá er brtt. við 35. gr. frv., varðandi námsstjóra. Í frv. er gert ráð fyrir að ráða námsstjóra fyrir gagnfræðastigið, og skuli þeir ekki vera færri en tveir. Menntmn. þótti sem þarna væri gefin of rík og víðtæk heimild til fræðslumálastj. og þótti sjálfsagt að kveða á í l. um það, hve margir námsstjórarnir mættu vera, og fannst, að þeir mættu vera tveir, og þyrfti þá lagabreyt. til þess, að þeir yrðu fleiri.

Þá er næst brtt. við 37. gr. frv., um það, að síðari málsgr. falli burt. Það er sams konar brtt. og sú, sem ég síðast lýsti, því að í þessari málsgr., sem hér er lagt til, að falli burt, segir: „Verði námsstjórar og skólanefnd eigi á eitt sátt, ber að líta á tillögur námsstjóra sem forgangstillögur.“ Þetta þótti menntmn. óeðlilegt og vildi fella þetta ákvæði niður. Bæði námsstjórar og skólanefndir hafa rétt til þess að gera till. um val skólastjóra, og er þá að sjálfsögðu eðlilegast, að þeirra till. séu jafnréttháar.

Þá er brtt. við 38. gr., varðandi réttindi kennara við skóla gagnfræðastigsins. Brtt. er fólgin í því einu að bæta þarna inn í orðinu „skólanefnd“. Eins og þetta var í frv. upphaflega orðað, var það þannig: „Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá til mann, er hún treystir . . .“ Eins og kunnugt er, fjalla skólanefndir yfirleitt um val kennara, gera sínar till. um það og leitast við að fá kennara að skólum, eftir því sem nauðsyn krefur. Það sýnist því óeðlilegt, að skólanefnd væri ekki með í ráðum, þegar svo stendur á sem gert er ráð fyrir í 3. málsgr. 38. gr.

Næst í röðinni er brtt. við 39. gr. frv. Fjallar hún um það, hversu fækka megi kennslustundum kennara, er náð hafa 55 eða 60 ára aldri. Í frv. var ráðgert, að fækka mætti skyldustundum 55 ára kennara úr 30 niður í 24, en 60 ára kennara niður í 18. Menntmn. féllst á að breyta þessu þann veg, að í stað 24 komi 25, en í stað 18 komi 20. Þá hefur einnig verið aukið við greinina samkv. óskum og till. skólastjórafundarins. Við greinina bætist: eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Þetta virðist eðlilegt og sanngjarnt. Samkv. launal. þurfa kennarar að kenna í 9 mánuði til að fá full laun. Fyrir hvern mánuð, sem skemur er kennt, dregst frá 1/9 af fullum launum. En ef kennari vill leggja meira á sig, þá er heimilt að meta það og leggja það við starfstímann í stað þess að greiða aukaþóknun. Auk þess er kennslustundin ákveðin 45 mínútur. Nauðsynlegt er að taka þetta skýrt fram, því að á lengd kennslustunda er nú allmikil ringulreið. Eðlilegt er einnig, að kennslustundir séu styttri í barnaskólum en öðrum, enda er ráð fyrir gert, að kennslustund í barnaskólum vari 40 mínútur, en 45 mín. í unglingaskólum. Og við 45 mínútur miðast 30 kennslustundir á viku. Ef breyt. yrði á lengd kennslustundarinnar, mundi skyldustundum fjölga eða fækka skv. breyt.

Þá er lagt til, að 40. gr. falli brott. Menntmn. tók greinina til athugunar og taldi hana óþarfa. Um flutning embættismanna milli embætta ræðir í stjórnarskránni, og er grein þessi því gagnslaus.

Þá er brtt. við 41. gr. frv., og má segja, að hún kveði nánar á um það, sem sagt er í frv. Skylt er að veita kennurum orlof eftir ákveðið starfstímabil til að auka þekkingu sína, en senda verður kennari fullnægjandi greinargerð með árs fyrirvara til fræðslumálastjóra.

Við 44. gr. frv. er brtt. skv. ósk skólastjórafundarins. Orðin: „Kennarar dæma hver í sinni grein um úrlausnirnar ásamt prófnefnd eða öðrum fulltrúum fræðslumálastjórnar“ — falli niður. Skólastjórafundinum virtist ekki æskilegt, að kennarar dæmdu um úrlausnir nemanda við landspróf. Bezt væri, að kennarar væru lausir við það, til þess að tryggja óvilhallan dóm.

Þá er brtt. við 45. gr. frv., en þar segir svo: „Skólanefndir ráða starfsmenn skólanna, aðra en kennara, samkvæmt tillögum skólastjóra.“ Skv. frv. er það verksvið skólanefndar að ráða starfsmenn skólans. Þessu ákvæði er breytt þann veg,: Skólastjóri ræður starfsmenn skólanna, aðra en fasta kennara, með samþykki skólanefndar. — Þetta virðist eðlilegt og meira í samræmi við venjur, þar sem skólastjóri ber allan veg og vanda af skólahaldinu. Hitt er rétt, að skólastjóri hafi ekki óskorað vald um ráðning starfsmanna, heldur þurfi samþykki skólanefndar að koma til.

Við 51. gr. er brtt., sem fellir niður orðin: „Þau skulu og sjá um viðhald skólahúsa og skólamuna.“ Þetta **sýndist vera algerlega óþarft í frv. Sams konar brtt. er við 52. gr.**

Við 55. gr. er brtt., að á eftir orðunum „tekju- og eignarskatt íbúanna“ komi þessi viðbót: eftir meðaltali fimm síðustu ára. — Hv. þm. A.-Sk. hefur gert nokkra grein fyrir þessu í sambandi við barnafræðslufrv. Sem sagt, það hefur nokkuð borið á því hin síðari ár, að umfangsmikil félög hafa valið sér heimili í sveitum, þar sem skattar hafa verið tiltölulega lágir. Þetta hefur orsakað það, að orðið hefur óeðlileg hækkun á tekju- og eignarskatti í eitt eða tvö ár í sumum sveitum. Þess vegna þótti betra að miða við meðaltal af tilteknu árabili, og voru 5 ár álitin hæfileg.

Brtt. við 56. gr. er samin samkv. till. skólastjórafundarins í sumar. Það þótti ekki hyggilegt að hafa engan skólasjóð. Bent var á, að eðlilegt væri, að nemendur greiddu húsaleigu. Einnig mundu koma til greina fleiri tekjuliðir, eins og ágóði af veitingasölu og ýmislegt annað það, er áhugamenn skólans vildu til vinna. Allt þetta hefur verið rætt við mþn. og hefur nú verið tekið hér upp. Hér er því ráð fyrir gert að hafa sérstakan skólasjóð, þar sem í renna allar tekjur, sem skólanum áskotnast, og hann hefur það hlutverk að greiða rekstrarkostnað skólans, annan en laun kennara. En hrökkvi þetta ekki fyrir rekstrarkostnaði, verður ákveðnu gjaldi jafnað niður á hlutaðeigandi sveitarfélög skv. reglugerð, sem ég hef áður minnzt á. En ríkissjóður endurgreiðir ¼ hluta þess, sem á vantar, að fengnum fullnægjandi skýrslum.

Brtt. við 57. gr. er einnig skv. till. skólastjórafundarins. Í frv. var svo til ætlazt, að 25 nemendur kæmu á hvern kennara. Skólastjórafundurinn benti á, að tala þessi gæti verið of há, ef um verklegt nám væri að ræða, en hins vegar kæmi það ekki að sök við bóklegt nám. Því þótti rétt að tiltaka töluna 20—30 nemendur. B-liður er svo bein afleiðing af fyrri breytingu.

Þá er næst brtt. við 59. gr. frv. Þegar mþn. skilaði þessu frv. til þáv. menntmrh., Einars Arnórssonar, var n. ekki búin að fjalla um, hversu frv. varðandi húsmæðraskóla yrði. En er það kom fram, þá sást, að ákvæði 59. gr. þessa frv. var ekki í samræmi við það. Fundir kvenna hafa einnig fjallað um málið. En rétt þótti að halda meginkjarna þessarar greinar, ef kostnaður gagnfræðahéraðs fer 15% fram úr meðalkostnaði, þá skal undir vissum kringumstæðum greiða úr ríkissjóði það, sem fer fram yfir meðalkostnað. Mþn. fannst eðlilegt að láta skólana njóta þessara réttinda, en henni fannst ekki rétt að leggja gjald á sveitarfélög til þessa, heldur að ríkið tæki þátt í kostnaðinum, þar sem skólarnir væru sóttir úr fleiru en einu héraði.

Brtt. við 60 gr. hljóðar svo: „Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið. Í skólahverfum í sveitum skal þó að jafnaði starfa unglingaskóli í sambandi við barnaskólann. Má þá fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingaskólans.“ — Þetta þykir rétt og í rauninni sjálfsagt, að unglingaskólar starfi í sambandi við barnaskólana. — Þá eru næst till. um, að 61. og 62. gr. frv. falli niður, og er ekki þörf að skýra það nánar.

Brtt. við 67. gr. er svo: „svo og fjórðungs húsmæðraskólar“ falli brott. Er þetta í samræmi við það, sem ég hef áður sagt.

Brtt. við 70. gr. fellir hana niður. Þar er ákveðið, á hvaða árabili lög þessi skyldu koma til fullra framkvæmda.

Þá hef ég lokið við að lýsa brtt. menntmn. Jafnvel þótt n. hafi lagt mikla vinnu í endurskoðun frv., þá má vel vera, að enn megi laga betur. Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd n., að hún mun fúslega taka til athugunar brtt. og aðrar ábendingar, sem fram kunna að koma.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og fram er tekið á þskj. 413 hef ég áskilið mér rétt til að flytja frekari brtt. en nú hefur verið lýst. Þrátt fyrir það hef ég ekki enn komið fram með brtt., en mun e. t. v. leggja þær fram við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

1.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 419,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 419,2 (ný 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 419,3 (ný 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 419,4 (6. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 419,5 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 419,6.a—b samþ. með 22 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 419,7 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 419,8 samþ. með 20 shlj. atkv.

11.—18. gr. (verða 10.—17. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 419,9 samþ. með 19 shlj. atkv.

19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

20.—21. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 419,10 (ný 22. gr., verður 21. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

23.—25. gr. (verða 22.—24. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 419,11 samþ. með 22 shlj. atkv.

26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 419,12 samþ. með 21 shlj. atkv.

27. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

28.—32. gr. (verða 27.—31. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 419,13 samþ. með 22 shlj. atkv.

33. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 24. shlj. atkv.

Brtt. 419,14 samþ. með 24 shlj. atkv.

34. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 419,15 (ný 35. gr., verður 34. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

36. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 419,16 samþ. með 24 shlj. atkv.

37. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 419,17.a—b samþ. með 21 shlj. atkv.

38. gr. (verður 37. gr.), syo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 419,18.a—c samþ. með 21 shlj. atkv.
39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,19 (40. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 419,20 samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
42.—43. gr. (verða 40.—41. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 419,21 samþ. með 20 shlj. atkv.
44. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 419,22 samþ. með 23 shlj. atkv.
45. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
46.—50. gr. (verða 44.—48. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 419,23 samþ. með 19 shlj. atkv.
51. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,24 samþ. með 21 shlj. atkv.
52. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
53.—54. gr. (verða 51.—52. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,25 samþ. með 21 shlj. atkv.
55. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 419,26 (ný 56. gr., verður 54. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 419,27.a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
57. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
58. gr. (verður 56. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 419,28 samþ. með 18 shlj. atkv.
59. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 419,29 (ný 60. gr., verður 58. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 419,30 (61. gr. falli niður) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 419,31 (62. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
63.—66. gr. (verða 59.—62. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 419,32 samþ. með 24 shlj. atkv.
67. gr. (verður 63. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
68.—69. gr. (verða 64.—65. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 419,33 (70. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 434, 435).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og fram er tekið í nál. um þetta mál og ég gat um við 2. umr. málsins, þá hef ég leyft mér að bera fram brtt., sem ekki gat orðið samkomulag um í Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).

menntmn. Þessar brtt. eru prentaðar upp á þskj. 435, vegna þess að greinatala frv. breyttist nokkuð við 2. umr. málsins, en er nú með réttum tilvitnunum og í réttu formi á þskj. því, sem verið var að útbýta á þessum fundi.

Fyrsta brtt. er við 10. gr., eins og hún er nú orðuð í frv., eftir 2. umr. í þessari deild. Þessi breyt. er tekin orðrétt úr l. um héraðsskóla og felur í sér að halda þeirri stefnu óbreyttri, sem þar er ákveðin. Önnur brtt. er um eignarrétt á gagnfræðaskólum. Eins og þetta er orðað nú í frv., þá er gert ráð fyrir, að skólarnir verði eftirleiðis sameign ríkisins og þeirra félaga, sem leggja fram stofnkostnað skólanna, og er þessi gr. hugsuð og samin af mþn. í skólamálum. En með því er lagt út á nýja braut, sem ég get ekki fellt mig við að fylgja. Ef við lítum á, hvernig því er nú háttað um eignarrétt þeirra skóla, sem starfa í landinu, er hann með ýmsum hætti. Menntaskólinn og sérfræðingaskólar margir, t. d. kennaraskólinn, eru alveg byggðir og kostaðir af ríkinu, og engum blandast hugur um, að þeir eru eign ríkisins, enda þannig fært inn á ríkisreikningana. Ef við lítum á barnaskólana aftur á móti, þá er það svo, að í fræðslulögunum, sem enn þá gilda, eru engin sérstök ákvæði um það, hverjir eigi barnaskólahúsin í skólahverfunum. En við getum litið til annarra heimilda til að sannfærast um það. Ef við lítum í ríkisreikninginn, þá sjáum við það, að eignir menntaskólanna og sérfræðingaskólanna, sem ríkið kostar að öllu leyti, eru vitanlega færðar þar sem eignir ríkisins, en á ríkisreikningnum er hvergi að finna fært sem eign hjá ríkinu hluta af eignum barnaskólanna, sem þó ætti að vera, ef ríkið ætti einhvern hluta þeirra, því að á undanförnum árum hefur ríkið lagt fram miklar fjárhæðir til byggingar barnaskóla í sveitum landsins.

Þá skulum við víkja að gagnfræðaskólum og héraðsskólum. Í l. um héraðsskóla, sem eru og verða gagnfræðaskólar fyrir sveitirnar, er beinlínis ákveðið, að þeir séu sjálfseignarstofnanir eða eignir héraða þeirra, sem reisa þá, og fjárframlög ríkisins skoðast þá sem styrkur til þeirra á sama hátt og framlög til barnaskóla í landinu. Vitanlega bera að líta sömu augum á eignarrétt gagnfræðaskóla í kaupstöðum. Þeir eru eign þeirra bæjarfélaga, þar sem skólarnir standa, og þegar við höfum gengið úr skugga um þetta grundvallaratriði, hvernig háttað er um eignarrétt skóla þeirra, sem nú starfa, komum við að því, hvort þetta ákvæði, eins og það er fellt inn í frv. nú, fái staðizt ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrétt. Ég er raunar ekki sérfræðingur á lögfræðisviðinu fremur en öðrum sviðum, en mín skoðun er sú, að það sé ekki hægt með einfaldri löggjöf að taka þannig eignarrétt frá ýmsum aðilum í landinu, hreppsfélögum, bæjarfélögum o. s. frv., og færa þær með einni lagagrein yfir til ríkisins. Ég held, að það sé ekki í samræmi við þær skoðanir, sem ríkt hafa um þessi mál á Alþingi, né í samræmi við afgreiðslu Alþingis á ýmsum málum svipaðs eðlis. Eins og allir hv. þm. vita, mælir stjskr. svo fyrir, að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þó veitir hún heimild til að taka eignarnámi ýmsar eignir með þeim skilyrðum, að sérstök l. séu um það

sett og fullar bætur komi fyrir, ef það varðar almenningsheill, að þessar ráðstafanir séu gerðar. Ég fæ nú ekki séð, að það snerti almenningsheill út af fyrir sig, hverjir teljast eiga gagnfræðaskólana í landinu. Þeir sinna ákveðnum störfum fyrir þá, sem þá sækja, gegna ákveðnu hlutverki í þjóðfélaginu og gera það á sama hátt og jafnvel, hvort sem skólana eiga bæjar- og sýslufélög eða ríkið. Ég held, að það brjóti líka þá venju, sem fylgt hefur verið um svipuð mál og þessi á Alþingi, ef á með einni lagagrein að ákveða eignarrétt á mörgum stofnunum í senn víðs vegar úti um land. Það er mín skoðun, að það samrýmist ekki ákvæðum stjskr. og gildandi venju í löggjöfinni að taka þetta þeim tökum, sem gert er ráð fyrir í þessari frvgr. Mér er hins vegar ljóst, að það er á færi Alþ. að ákveða nýja skipan þessara mála framvegis, nýja skipan um eignarrétt þeirra stofnana, sem eftir er að byggja upp. [Fundarhlé.]

Þegar ég frestaði ræðu minni, hafði ég gert grein fyrir því, hvernig eignarumráðum yfir skólum gagnfræðastigsins væri háttað og ég teldi ekki gott ákvæðið í 61. gr. frv., og ber ég því fram brtt. við hana. Ég álít, að ekki geti samrýmzt stjskr. að breyta þessu með lagaboði. Ég veit, að Alþ. getur sett nýjar reglur og ný ákvæði um þær byggingar og skólahús, sem eftir er að reisa. En ég vil binda fast, að haldið sé sömu skipan um þetta atriði og verið hefur. Ég tel það eðlilegra, og með því fengist samræmi milli hinna nýja bygginga og þeirra, er fyrir eru. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að koma á meira samræmi en verið hefur, og er ég í sjálfu sér fylgjandi því að verulegu leyti. En ég held því fram, þar eð barnaskólarnir eru nú víðast hvar eign hreppsfélaganna og ekki er gert ráð fyrir hróflun á því, að þá sé till. mín sízt til þess að auka ósamræmið. Ég segi því, að eðlilegt sé, að hinar stærri félagsheildir, sýslu- og bæjarfélög, eigi hér hlut að máli, hafi umráð yfir gagnfræða- og héraðsskólunum.

Um 3. brtt. þarf ekki að ræða sérstaklega. Skýrir hún sig sjálf, og er eðlileg afleiðing, hlýtur að fylgja öðru. — Ég mun svo ekki mæla fleiri orð um þetta að sinni og læt því ræðu minni lokið.

Skúli Guðmundsson. Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru gerðar á frv. nokkrar breyt. eftir till. hv. menntmn. Ein af þeim breyt. var á þeirri frvgr., sem nú er sú 54. og er í kaflanum um fjármál skólanna o. fl. Efni þeirrar gr. var upphaflega í 56. frvgr., þegar það var lagt fyrir d. Þar var ákveðið, að fastir kennarar við skóla gagnfræðastigsins skyldu vera embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkv. launalögum. Þá var og ráð fyrir gert, að annar rekstrarkostnaður greiddist þannig, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög greiddu ¾ hluta, en ríkið ¼ hluta. En við 2. umr. málsins var þessu svo breytt, að nú er gert ráð fyrir, að hlutaðeigandi sveitarfélög greiði í skólasjóð það, er á vantar, að tekjur hans hrökkvi fyrir útgjöldum, en síðan skuli ríkissjóður endurgreiða fjórða hluta þess fjár, og rennur sú endurgreiðsla í skólasjóð. Hér er mikil breyting að mínu áliti. Nú á ríkissjóður að greiða ¼ hluta af því, sem til vantar, og þó ekki að fullu. Ég tel hér of langt gengið og of miklu velt yfir á sveitarfélögin. Við hv. þm. Borgf. flytjum hér brtt. við 54. frvgr., og munum við afhenda hæstv. forseta hana skriflega. En hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað orðanna „Að svo miklu leyti . . . á næsta ári“ komi: Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.“ Samkv. þessari till. verða útgjöld ríkissjóðs nokkru meiri, en þau yrðu hins vegar meiri, ef frv. yrði samþ. óbreytt í upphaflegri mynd sinni.

Ég ætla að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. og vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að fallast á hana.

Forseti (BG): Hv. þm. V.-Húnv. hefur nú lesið upp hina skriflegu brtt. Hér þarf afbrigða með, til þess að ræða megi till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 449) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Brtt. þær, sem hv. þm. A.-Sk. flytur hér á þskj. 435, eru okkur kunnar, sem sitjum í menntmn. þessarar hv. d. Hv. þm. lagði þær fram í n., en hún vildi ekki fallast á þær. Kvaðst hann þá mundu bera þær fram í hv. d. — Ég mun nú taka þær til meðferðar.

1. brtt., við 10. gr., er í því fólgin að breyta til muna verksviði skólanefnda. — Í 10. gr. frv. segir svo: „Verkefni þeirra (þ. e. skólanefnda) er einkum: . . . c) að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar.“

En hv. þm. A.-Sk. leggur til að orða svo c-liðinn: „að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra.“

Þessa brtt. gat meiri hl. n. ekki fallizt á. Rök þess eru þessi: Menn þeir, er hér um ræðir, eru starfsmenn ríkisins, og er eðlilegt, að veitingarvaldið sé þá hjá ríkisvaldinu sem endranær. Hv. þm. getur þess, að skólanefndir héraðsskólanna hafi hingað til raunverulega ráðið mestu um val kennara og skólastjóra. Rétt er nú þetta. En nú er gert ráð fyrir, að mennirnir verði embættismenn ríkisins og fái laun samkv. launalögum. Þegar þessa er gætt, virðist mér einsætt og eðlilegast, að ríkið ráði þessa skólamenn. Þetta er fyrra atriðið. Ég verð því að mæla á móti þessari brtt. — Ég vil líka benda á, að einstakar skólanefndir hafa engan veginn sömu aðstöðu til að afla sér æskilegrar vitneskju um mennina og fræðslumálastjórnin sjálf, sem hefur betra yfirlit, og er þá að sjálfsögðu eðlilegra, að veitingarvaldið sé í höndum hennar. Þetta er síðara atriðið.

Ef hv. þm. óttast, að meir muni pólitíska veitinga gæta hjá ríkisvaldinu en heima í héraði, þá er það mitt svar, að mér virðist það algerlega vera talað út í hött. Það er nefnilega alkunna, að hinn svæsnasti ágreiningur hefur oft risið úti um land við val skólanefnda á mönnum í kennara- og skólastjórastöður. — Læt ég svo útrætt um þetta mál.

2. brtt. fjallar um eignarrétt á skólahúsum gagnfræðastigsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að þau séu sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir réttum hlutföllum. Mér finnst þetta rétt og eðlilegt. Samkv. þessu frv. er rekstur bygginganna í höndum skólanefndanna. Ef nú skólahúsin þykja óhentug, getur komið til mála að selja þau. Eldsvoði getur og komið til greina, þ. e. að skólabygging eyðileggist af eldi. Loks getur komið fyrir, að skóli leggist niður. Eðlilegt virðist vera, að andvirði seldra eigna eða þeirra, er eyðilagzt hafa, skuli bæði renna til ríkis og héraða og skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur, en fé þetta skuli síðan ganga til endurbygginga skólanna. Ég álít það ætti að vera regla, að skólahús væru sameign ríkis og þeirra héraða, sem leggja fram fé til þeirra. Þetta virðist vera einfalt mál. Hv. þm. segir, að þessu sé annan veg farið með barnaskólahúsin. En þetta er ekki viðhlítandi samanburður.

Hv. þm. drap á, að hann teldi efamál, hvort þetta ákvæði væri í samræmi við stjskr. Vil ég í þessu sambandi benda honum á 62. gr. frv. Samkv. 1. er ekki hægt að neyða neinn af nústarfandi skólum til að falla undir ákvæði þessa frv., nema forráðamenn þeirra séu því samþykkir. Hér er því alls ekki um eignarnám að ræða. — Af þessum ástæðum, er ég nú hef greint frá, er ég með því að mæla gegn þessari till.

Um 3. brtt. er það að segja, að hún er bein afleiðing af hinni fyrri, þ. e. 2. brtt. Er ekki um annað að ræða en að annaðhvort verða báðar samþ. eða báðar felllar.

Þá kem ég að skrifl. brtt., varðandi 54. gr. frv., en hv. þm. V.-Húnv. hefur nú lagt hana fram. Ég tek þegar í stað fram, að ég mæli með þessari brtt. Í 54. gr. er mælt fyrir um öflun rekstrarfjár. Í fyrstu var það álit mitt, er rætt var um þetta í mþn., að eðlilegt væri, að ríkið bæri kostnaðinn að öllu leyti, eins og nú væri málum háttað. En mér var þá bent á, hver nauðsyn það væri, að sveitarfélögin hefðu áhuga á skólunum og því, er þá varðaði, en slíkan áhuga væri ekki auðvelt að vekja, auka og halda við, nema þau tækju einnig þátt í kostnaðinum, bæru sinn hluta. Það varð síðan að samkomulagi í n., að þessu skyldi svo háttað sem upphaflega var í frv. greint, þ. e. a. s., að ríkissjóður endurgreiddi ¼ hluta kostnaðarins. Þannig var það í upphafi. En síðan var haldinn fundur héraðs- og gagnfræðaskólanna, og kom þar fram gagnrýni. Héldu skólamenn því fram, að hingað til hefðu ýmsir skólar leitazt við að afla sér tekna af fremsta megni sjálfir, og lögðu þeir ríka áherzlu á fjárhagslegt sjálfstæði skólanna. Samkv. till. þessara manna voru ný ákvæði tekin upp í 54. gr., og varð niðurstaðan yfirleitt sú, sem nú sést í frv. (um rekstrarkostnað, endurgreiðslu ríkissjóðs o. fl.). — Flm. brtt., hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf., telja, að héruðunum sé um of íþyngt með þessari breyt. Með brtt. þeirra verður meginatriðið það, að kostnaðinum er skipt til helminga. Ég mæli með þessu. Einnig vil ég benda á aðra smábreyt. um uppgerð skólasjóðs. En hún er sú, að hann geri, þegar hann er gerður upp, kröfu til helmings frá ríkinu, en helmings frá sveitarfélaginu, er í hlut á. Á hinn bóginn gerði hann áður kröfu til sveitarfélagsins eins. Þetta er upphaflega skoðað sem eins konar aðhald, svo að séð sé um, að samræmi fáist við önnur ákvæði l. — Ég tel ekki ástæðu til að halda í þetta ákvæði og get fallizt á brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf. hvað þetta snertir.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja, en vil endurtaka það, að ég mæli í gegn brtt. hv. þm. A.-Sk. á þskj. 435 og tel mig þar geta talað fyrir munn meiri hl. menntmn. Því að af þeim, sem á fundi voru í n., þegar málið var afgr., vildi enginn mæla þeirri brtt. liðsyrði, nema hv. flm. sjálfur. Hins vegar mæli ég með brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf., en ekki fyrir hönd menntmn., því að n. hefur ekki haft aðstöðu til að líta yfir þessa brtt., enda finnst mér þess ekki þörf. Því að hér er um að ræða, hvernig á að skipta þessu milli ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga, þ. e. a. s. greiðslu kostnaðar við skólahald, að svo miklu leyti sem tekjur, sem getið er í 54. gr., hrökkva ekki til. Og það er ekki menntmn., heldur þingsins að ákveða það, hvort réttara sé að skipta þessum gjöldum eftir þessum eða hinum hlutföllunum.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur nú gert nokkrar aths. út af þeim brtt., sem ég hef leyft mér að flytja í máli því, er hér liggur fyrir. Sá hv. þm. leggur gegn því, að þessar brtt. verði samþ., og kom mér það að vísu ekki á óvart, því að ég hafði lagt þær áður fram í menntmn. og ekki fengið þær samþ. þar. Rök hv. þm. gegn því, að 1. brtt. mín, um skipun kennaranna við gagnfræðaskólana, sé eðlileg, eru í fyrsta lagi þau, að kennarar verði hér eftir embættismenn ríkisins, og í öðru lagi þau, að það verði ekki unnt að girða fyrir pólitísk átök og togstreitu, þó að skólanefndir fái þarna meira íhlutunarvald en frv. gerir ráð fyrir, eins og það er orðað nú.

Þegar litið er á þessar röksemdir, verður ljóst, að þær eru ekki sterkar. Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að kennarar verða hér eftir skoðaðir sem embættismenn ríkisins. En af því þarf ekki endilega að leiða það, að það sé sjálfsagt, að ríkið eitt og enginn annar eigi að skipa þessa embættismenn. Þeir eru ekki aðeins embættismenn ríkisins. Þeir eru um leið embættismenn fólksins í héruðunum, þar sem þeir starfa, og menn, sem eðlilega hafa mikil samskipti við fólk í þeim héruðum, sem þeir starfa fyrir. Og eðlilega hafa þeir, vegna stöðu sinnar og hæfni, skilyrði til þess, að þeir hafi íhlutun um félagsmál og ýmis framfaramál, sem þessi héruð varða. Þess vegna er það á allan hátt eðlilegt, að vald skólanefndanna um ráðningu þessara manna sé mikið, þannig að þær hafi nokkuð mikið frelsi um ráðningu þeirra, innan þeirra takmarka þó,

að þar komi aðeins þeir menn til greina, sem hafa fullnægjandi menntun og séu að dómi fræðslumálastjórnar færir um að inna starf við skólann sómasamlega af hendi. Og ég vil minna á það hér í hv. þd., að það er ekki fordæmalaust um embættismenn ríkisins, að leitað sé álits fólksins um skipun þeirra. Ég minni á reglur, sem gilda um skipun prestanna hér hjá okkur. Um það efni gilda sérstök lög, og ákveðið er að efna beinlínis til kosninga um prestskjör í söknum. Þar er málinu fyrst og fremst skotið undir úrskurðarvald fólksins, sem á að njóta starfskrafta þessara embættismanna. Og svo framarlega sem kjör prestanna nær því að uppfylla þau skilyrði, sem lög kveða á um, þá er ráðh. bundinn af því að fylgja vilja fólksins í þessu efni. Með þessari brtt. minni yrði sízt gengið lengra í þá átt að takmarka ákvörðunarrétt kennslumálaráðh. um veitingu kennaraembætta en gert er nú og gert hefur verið á undanförnum árum viðkomandi valdsviði kirkjumálaráðh. gagnvart skipun prestanna. Vel má vera, að dæmi finnist þess, að skólanefndir séu ekki gagnkunnugar öllum umsækjendum, sem sækja um kennarastöður. En ég hygg, að þær muni þá leita mjög eftir því að kynnast högum og starfhæfni þeirra manna, sem til greina geta komið við veitingu. Og oft er það svo, að þær þekkja mennina að meira eða minna leyti, sem um stöður þessar sækja, ekki aðeins próf og kennarahæfni, heldur og mannkosti og framkomu alla. Og það er eðlilegt, að hver sú nefnd, sem á að ráða fyrir héraðsbúa í þessum sökum, líti mjög á þá hlið málsins. Þá vil ég enn fremur benda á það, að um þetta fyrirkomulag skipunar er fengin nokkur reynsla. Það eru mörg ár síðan héraðsskólarnir tóku til starfa, og skipun kennara hefur verið hagað þar nákvæmlega eftir þeirri leið, sem brtt. mín fjallar um. Og brtt. mín er raunverulega uppprentun á orðalagi þeirra laga, sem nú eru í gildi um þessa skóla. Og mér er ekki kunnugt um, að nokkur óánægja hafi komið upp á undanförnum árum eða togstreita eða vandkvæði í héruðum, þar sem þessir skólar starfa, út af því að fylgja þessum reglum. Þjóðfélaginu er skipt í ákveðnar deildir, þar sem eru hreppsfélög og sýslufélög, sem hvert hefur ákveðinn fjárhag og sérstaklega úrskurðarvald um sín eigin mál. Þessi skipun er ævaforn og grundvölluð á því, að hver sé sínum hnútum kunnugastur og að sjálfs sé höndin hollust. Og ég hygg, að það opinbera stigi ekkert heillaspor með því að rýra þetta frelsi þessara félagsheilda, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við hagsmuni þjóðfélagsins í heild. Og ég fæ ekki séð, að samþykkt brtt., sem hér um ræðir, geti valdið nokkurri röskun á störfum né hag þjóðfélagsins í heild.

Þá kem ég að 2. brtt. minni og þeim röksemdum, sem hv. þm. flutti fram gegn henni. Hv. 8. þm. Reykv. færir fram þær röksemdir, að það sé eðlilegt, að sú skipun verði hér upp tekin, að stofnanir, sem reistar eru með styrk frá ríkinu, skuli teljast sameign ríkisins og þeirra aðila, sem leggja fram stofnkostnað að öðru leyti. Það hefur oft komið fyrir, að skólahús verða ófullnægjandi og þurfi því á öðru nýju að halda, og sömuleiðis þarf að byggja ný skólahús, af því að skólahús hafa elzt. Hitt getur og komið fyrir, að skólahús brenni eða ónýtist af jarðskjálfta, og eftir stefnu og röksemdafærslu hv. 8. þm. Reykv. skal þá skoða tryggingarféð sameign ríkisins og þess sveitarfélags, sem að skólanum hefur staðið í hvert sinn, og verður ekki byggður nýr skóli fyrr en tryggingarféð er greitt. Ég vil benda á í sambandi við þessar röksemdir, að það er ekki svo, að hvert hérað eða hver aðili, sem hugsar sér að koma upp skóla, geti gengið lausum höndum í ríkissjóð og tekið fjárframlag eins og hann óskar. Allt verður þetta að fara í gegnum hendur löggjafarþingsins og vera afgr. í sambandi við fjárlög hvers árs.

Mér þykir eðlilegt, einmitt þegar að því er stefnt, að ríkið leggi meira fram til skólamála en áður, að sú stefna verði tekin upp í sambandi við fjárlög ár hvert, að fræðslumálastjóri leggi fram sundurliðaðar till. um það, hve mikilli upphæð þurfi að verja í þennan eða hinn skóla, eins og vegamálastjóri gerir viðkomandi vegafé og vitamálastjóri gerir viðkomandi fé til hafnarframkvæmda o. s. frv. Af því fyrirkomulagi mundi leiða það, að fjvn. hlyti að kynna sér út í æsar í hverju máli, hvernig málið horfði við á hverjum stað fyrir sig. Fjvn. yrði þá þar af leiðandi að vega og meta það, hvaða nauðsyn væri fyrir hendi í þessum efnum á hverjum stað. Ef svo stæði á t. d., að skólahús hefði brunnið á einhverjum stað og kröfur hefðu komið fram um að reisa þar nýtt skólahús á sama stað, þá verður á valdi Alþ. að meta það, hve mikil nauðsyn er þar fyrir hendi, og Alþ. getur þá sagt: Notið þið tryggingarféð fyrst, og við skulum sjá, hvað það hrekkur, og það kemur fyrst til kasta Alþ. að ákveða viðbótarframlag, þegar það er séð. Það er því engin hætta á því, þó að eignarrétturinn á þessum eignum sé bundinn við héruðin, að ríkissjóður verði fyrir skakkafalli í sambandi við byggingu skólahúsanna.

Þá veik hv. 8. þm. Reykv. að því, að ekki væri ætlazt til þess, að um eignarnám væri að ræða á þeim skólum gagnfræðastigsins, sem fyrir eru, og ekki heldur, að um eignarrán væri að ræða á þeim, eins og hann orðaði það, því að það ætti að láta eigendur skólahúsanna eða skólanna ráða því sjálfa, hvort þeir létu þá af hendi eða ekki. En hvað liggur á bak við þetta orðalag? Ég hygg, að það sé það, að ef forráðamaður slíks skóla vill ekki fallast á það í einu og öllu að afhenda þessa eign sína ríkinu að þrem fjórðu hlutum, þá skuli hann slitna úr tengslum við ríkið að því leyti, að hann eigi að reka skólann fyrir sitt eigið fé, en hann eigi ekki von á, að tekið verði undir óskir hans um styrk af ríkisfé til þess skóla. Þetta er þá kostaboð! Ég vil ekki fara orðum um það, hvort á að kalla þetta eignarnám, eignarrán eða eignarkúgun. Það læt ég mér í léttu rúmi liggja. En efnislega liggur þetta þannig fyrir að ég hygg. Við verðum að gera okkur ljóst, að í þessu er raunverulega um stefnuatriði að ræða. Hér er stefnt að því að marka nýja stefnu í löggjöf. Ef við göngum út á þá braut að láta ríkið eignast hluta í öllum fyrirtækjum og stofnunum, sem ríkið styrkir, þá fæ ég ekki séð, hvar við stöðvum okkur á þeirri braut. Ég minni á það, að fyrir allmörgum

árum var reist sundhöll hér í Reykjavík. Ég hygg, að ríkissjóður hafi þar lagt fram helming stofnkostnaðar í þá stofnun, gegn helmingi stofnkostnaðar frá Reykjavíkurbæ. Það er nú svo, að sundhöllin er kölluð Sundhöll Reykjavíkur, en ekki Sundhöll ríkisins. Hún mun ekki hafa verið færð til tekna á ríkisreikningnum. Og það skyldi nú ekki vera, að hún væri talin Reykjavíkurbæ að fullu. Nú hef ég ekki orðið var við, að till. hafi komið fram frá þm. Reykv. um það að afhenda nú aftur ríkinu helminginn af þessari eign. En vel má vera, ef þessi braut verður mörkuð hér í því máli, sem fyrir liggur nú til umr., að það dragist ekki lengi, að till. komi fram um þetta.

Ég minnist þess líka, að í sambandi við héraðsskólana eru sundlaugar og íþróttahús. Að sjálfsögðu er þessi hluti framkvæmda við skólana styrktur eftir sömu hlutföllum og bygging á kennslustofum og íbúðum kennara. En ég minnist þess, að í mörgum héruðum hafa verið reistar á sama tíma sundlaugar fyrir styrk úr íþróttasjóði, sem hefur fyrst og fremst tekjur úr ríkissjóði, en ýmis félög heima fyrir hafa lagt fram fé á móti. Ef við eigum að fara að ákveða, að sundlaugar, sem eru reistar í sambandi við héraðsskólana, skuli verða sameign ríkisins og þeirra heima í héraði, sem að þeim standa, verðum við þá ekki bráðum að ákveða, að sundlaugar, sem t. d. íþróttafélög eiga, skuli ekki heldur vera eign þeirra félaga, heldur sameign ríkisins og félaga, sem að þeim standa? Og ef við göngum út á þá braut, sem ákveður slíkt um húsin, kemur þá ekki til greina, hvort ekki á að ákveða slíka sameign þess, sem geymt er í húsunum? Stundum eru t. d. bæjarbókasöfn geymd í skólahúsum. Ætli þau eigi þá að verða sameign ríkis og bæjar? Eða eiga hreppabókasöfn, sem geymd eru í skólahúsum, líka að verða þannig sameign? Og í því tilfelli yrði það þá sennilega reglugerðarákvæði í reglugerð, sem ráðh. setti, hvaða bækur ættu að vera í eign ríkisins — kannske viss bókafjöldi í hverju safni, — og hvaða bækur í eign þeirrar félagsheildar, sem að hinu leytinu stæði að skóla þar á staðnum, eða hvort það ættu að vera viss tiltekin blöð í bókunum, sem ríkissjóður ætti að eiga.

Nei, ég held, ef við skoðum þetta mál niður í kjölinn, þá verði eðlilegast að halda sig við þá leið, sem farin hefur verið í þessum efnum, og þá er eðlilegt og sjálfsagt að samþ. þá brtt., sem ég hef lagt fram um þetta atriði. Ég held líka, að það sé fordæmalaust, þó að löggjafinn hafi sett kvaðir í lög vegna greiðslna á styrkjum til ýmissa stofnana eða til þess að byggja upp ýmislegt í þjóðfélaginu, bæði er snertir jarðræktarstyrki og fleira, að l. um þær kvaðir hafa verið látin verka aftur fyrir sig, til þeirra eigna, sem áður hefur verið búið að byggja upp eftir öðrum reglum. Þess vegna tel ég mjög óeðlilegt, að hæstv. Alþ. taki nú upp þessa stefnu gagnvart þeim skólum, sem fyrir eru í landinu og þegar hafa verið byggðir.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Ég geri ekki ráð fyrir, að frekari umr. um málið milli hv. þm. A.-Sk. og mín hafi neina afgerandi þýðingu. Það, sem hér liggur fyrir, er ljóst. Fyrst og fremst sú till. hv. þm. að láta veitingarvaldið um skólastjóra og kennara við þessa skóla vera í höndum skólanefndanna, þó að samþykki fræðslumálastjórnar þurfi að vísu um ráðningu þeirra. Röksemdir hv. þm. í þessu sambandi eru þær, að þessir menn séu starfsmenn fólksins, og því sé eðlilegt, að fólkið ráði um það, hverjir þar verði til embættanna kjörnir. Það má segja þetta sama um alla embættismenn. Þetta sama gildir um lækna, sýslumenn og yfirleitt hvaða embættismenn, sem er, að þeir eru fyrir fólkið. En þó er það meginregla, að veitingarvaldið um embætti þeirra er í höndum ríkisstj. Enda er það sannast mála, að bæði ráðh. og fræðslumálastjóri eru starfsmenn fólksins, ekki síður en þessir embættismenn, sem hv. þm. A.-Sk. ræðir um. Hv. þm. nefndi í þessu sambandi prestana og að þeir væru kjörnir með kosningu, þar sem fólkið heima í héraði gæti alveg ráðið, hver fyrir kjöri yrði. Það er rétt. En hitt er líka rétt, að það er ákaflega mikil óánægja meðal margra með það fyrirkomulag, ekki sízt þeirra, sem eiga að njóta þessara embættismanna. Það koma sífellt umkvartanir frá fólkinu um þetta fyrirkomulag. Ég held, að það sé gild regla, gagnvart þeim mönnum, sem eru starfsmenn ríkisins og taka laun að öllu leyti úr ríkissjóði, að þegar þeim er veitt starf, þá sé veitingarvaldið í höndum ríkisstj. sjálfrar. Og þegar um skólamenn er að ræða, þá er þeim, sem þeirra starfs eiga að njóta, gefin aðstaða til þess að hafa tillögurétt um það, hverjum séu veitt embættin. Þetta er eðlileg regla, og ekki ástæða til að taka upp annan hátt viðkomandi skólum gagnfræðastigsins en gildir um æðri skóla.

Þá hélt hv. þm. A.-Sk. langa ræðu út af eignarréttinum á skólahúsunum og sagði, að ekki væri hætta á ferðum, þó að skólahús þessi væru seld eða þau brynnu eða færust með öðrum hætti, ef þau væru í eign sveitarfélaga, skildist mér, því að tryggingarféð yrði greitt, en hins vegar ef ríkissjóður ætti eitthvað í þeim, þá væri öðru máli að gegna, því að ekki væri hægt fyrir menn að ganga í ríkissjóðinn „lausum höndum“ og taka tryggingarféð, þegar mönnum sýndist. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði skilyrðislaust helming stofnkostnaðar heimangönguskóla og þrjá fjórðu stofnkostnaðar heimavistarskóla. Það er að vísu rétt, að það er á valdi Alþ., hve miklu fé er varið til þessa á hverjum tíma. En eftir till. hv. þm. A.-Sk. væri það svo, að ef skólahús væri t. d. selt, þá rynni allt andvirðið í sveitarsjóð, en það sýnist mér óeðlilegt.

Þá hélt hv. þm. A.-Sk. langa ræðu um bæjarbókasöfn og sundlaugar, sem koma þessu máli, sem verið er að ræða, ekkert við. Því að það liggur ekki fyrir, að við í menntmn. gerum till. um þá hluti. En það er meginmunur á þessu tvennu og skólunum. Skólarnir eru ekki aðeins reistir, heldur einnig reknir fyrir fé frá báðum aðilum og reknir að meiri hluta fyrir fé ríkissjóðs, bæði með því að greiða öll laun úr ríkissjóði og hluta af rekstrarkostnaði. Slíkt er ekki tilfellið um sundlaugarnar og bæjarbókasöfnin. Þar er um styrk að ræða frá ríkinu til þess að

koma þessu á fót, stundum einnig um smástyrk til rekstrar: En það er ekki um sameiginlegan rekstur að ræða hjá ríki annars vegar og bæjar- og sveitarfélögum eða öðrum félögum hins vegar viðkomandi sundlaugum og bókasöfnum. Ég veit, að hv. þm. hafa gert sér ljóst, hvað hér liggur fyrir, og þeir munu sennilega fá tíma til þess að átta sig betur á málinu, áður en atkvgr. fer fram um það, því að mér sýnist, að hún muni ekki fara fram á þessum fundi.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð til viðbótar því, sem ég sagði hér áður. Það liggur mjög ljóst fyrir, hvað á milli ber. En ég vildi aðeins benda á, að ég tel vafasamt, svo ekki sé meira sagt, að hv. 8. þm. Reykv. fari alls kostar rétt með, sem hann hefur tekið fram í ræðu hér, að það séu tvö gagnfræðaskólahús, sem snerta þessi lög, sem eigi nú að selja. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um, að þetta sé svo, en þætti nær lagi í þessu máli, að þar væri fremur um barnaskólahús að ræða en gagnfræðaskólahús. (*SigfS:* Það eru tvö barnaskólahús, sem á að selja). Þá eru þessi dæmi líka gripin úr lausu lofti, að því er varðar þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 435,1 samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, BÁ, BK, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JJós, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG.

nei: ÞB, ÁkJ, EOl, JPálm, LJós, SigfS, SB, SEH, STh, BG.

8 þm. (ÁÁ, FJ, GTh, HB, ÓTh, SG, SK, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 449 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 435,2 samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, BÁ, BK, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG.

nei: ÞB, ÁkJ, EOl, EmJ, LJós, SigfS, STh, BG.

PZ greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁÁ, FJ, GTh, HB, ÓTh, SB, SG, SK, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 435,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 22. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 450).

Á 71. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég vildi aðeins benda hv. n., sem á um þetta mál að fjalla, á, að það hefur verið gerð ein breyt. á frv. í Nd., sem með engu móti getur staðizt. Það mun hafa verið breyt. frá einum hv. nm., hv. þm. A.-Sk. (PÞ), og náði hún samþykki hv. d., sennilega þó að alveg óathuguðu máli. Þetta var brtt. við 10. gr. c-lið og hljóðar svo: „að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra."

Hér er ætlazt til, að skólan. ráði skólastjóra og kennara, en fræðslumálastjórn eigi að samþykkja þetta. Þetta getur með engu móti staðizt. Í fyrsta lagi er um ráðningu að ræða, en með þessu móti eru engin ákvæði í l. um það, hver eigi að skipa kennara. Það lítur helzt út fyrir, að kennara eigi alls ekki að skipa, ef þannig er frá l. gengið. Þetta stangast þar að auki á við aðrar gr. frv., t. d. 33. gr., en þar stendur: „Skólastjóri gerir ásamt skólanefnd tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara." Og 36. gr. hljóðar svo: „Fræðslumálastjórn skal leita álits námsstjóra um þær umsóknir, sem berast um skólastjórastöður við skóla gagnfræðastigsins, þeir gera tillögur um val skólastjóra, svo og vara- og þrautavaratillögur, ef umsækjendur eru svo margir." Ef hugmyndin, sem er harla óljós, er, að veitingarvaldið eigi að vera í höndum skólanefndar, þá virðist mér það alveg fráleit hugmynd. Í fyrsta lagi getur svo skipazt, að hún sé ekki framkvæmanleg. Það er vel hugsanlegt í mörgum tilfellum, að enginn meiri hluti fáist í skólanefndum fyrir veitingu embættisins. Og ef fræðslumálastj. mundi neyta neitunarvalds síns, þá er ekkert það vald til, sem getur skipað kennara. Bara frá þessu sjónarmiði er hugmyndin fráleit. En hitt í sjálfu sér, að veitingarvaldið eigi að fara úr höndum fræðslumálastj. og í hendur skólanefnda, er fráleit till. Það er augljóst mál, að skólanefndirnar hafa að öllu leyti verri aðstöðu til að veita slíkar stöður. Og kunnugleik þeirra á þeim mönnum, sem fást til að gegna þessum stöðum, er ekki hægt að bera saman við þann kunnugleik, sem fræðslumálastjórnin hefur yfir að ráða, auk þess sem hér gæti komið til greina alls konar klíkuskapur og kunningsskapur. Ef á annað borð má gera ráð fyrir eða reikna með því, að veitingarvaldið sé hlutdrægt, þá er vissulega ekki síður ástæða til að óttast það, ef það er í höndum slíkrar n. Það verður þess vegna með öllu óhjákvæmilegt að breyta þessu ákvæði. Ég get ekki skilið, að nokkur ráðh., sem fer með kennslumál, geti sætt sig við það, að tekið sé úr höndum hans veitingarvaldið með kennarastöður. Ég á líka erfitt með að skilja, að nokkur fræðslumálastjóri sætti sig við það, að veitingarvaldið fari í hendur skólanefnda og hann hafi þar engu að ráða.

Ég geri ráð fyrir, að þessi till. hafi verið samþ. að algerlega óhugsuðu máli, enda var henni smeygt inn í frv. við síðustu umr. Ef hún hefði farið í n. og verið athuguð betur, hefði ekki verið hugsanlegt, að frv. hefði komið þannig frá hv. d. — Þetta er aðeins ábending til þeirrar hv. n., sem hér á hlut að máli.

Jónas Jónsson: Ég álít það hefði frekar verið ástæða fyrir hæstv. ráðh. að tala um ýmislegt annað í þessu frv. en það litla atriði, sem hann vildi gera að stóru atriði. Með þessu frv. er gert ráð fyrir mjög verulegri breyt. á skólakerfi landsins. Ég vildi leyfa mér, fyrst við höfum þá ánægju að hafa hæstv. ráðh. hér í þessum sal, að óska eftir útskýringu á því, hvernig hann hefur hugsað sér framkvæmd þessara l., ef það kemur til hans kasta að framkvæma þau. Þar sem nú stendur til að innleiða skólaskyldu á aldrinum 13—15 ára og gera hana helzt mögulega til 17 ára, þá geri ég ráð fyrir, að hæstv.

ríkisstj. og sérstaklega hæstv. kennslumrh. hafi gert sér að einhverju ljóst, hvað af því muni leiða. Fyrst vildi ég fá að vita frá hæstv. ríkisstj., hvað þetta mundi kosta mikið í byggingum. Og hvernig ætlar hæstv. stjórn að koma upp öllum þessum skólum á þeim tíma, sem til er settur? Og hvað mun þetta kosta ríkissjóð í auknum gjöldum vegna launa nýrra kennslukrafta samkv. núgildandi launalögum? Ég vil í þessu sambandi benda á það, að ég rakst um daginn á héraðsskólakennara, sem hafði grasnyt og 2000 kr. laun, nú hefur hann 19.000 kr. úr ríkissjóði. (*BBen:* Og heldur grasnytinni?). Stjórnin hefur ekki tekið hana af honum enn þá. Þetta er táknrænt dæmi um það, hvað þetta muni kosta. Ég þykist enn fremur vita, að hæstv. ráðh. hafi talað um það við bæjarvöldin í Reykjavík, sem munu þurfa að byggja mikið, ef skólaskyldan verður framlengd úr 13—17 ára. Það er táknrænt fyrir hinn fyrirhugaða Ingimarsskóla, þótt það verði fögur bygging á að líta, þá vantar í hana allt það, sem í henni þarf að vera. Þar er ekkert verkstæðispláss. Ungir piltar og ungar stúlkur geta ekki fengið að vinna þar verkleg störf. Ég vildi leyfa mér að beina spurningum til borgarstjórans í Reykjavík, sem nýlega hefur verið kosinn til þess starfs til 4 ára. Telur hann, að Reykjavíkurbær geti tekið á sig á næstu 4 árum þann þunga, sem af þessu frv. leiðir, ef samþ. verður, bæði launalega og byggingarlega? — Þá vil ég enn fremur spyrja hæstv. kennslumrh., hvaðan honum kemur kjarkur til þess að taka við frv., sem gerir ráð fyrir að eyðileggja 7—8 skóla, sem fólkið í landinu á, héraðsskólana. Þetta er búið að gera fjárhagslega með setningu launal., eins og t. d. húsmæðraskólana. Þeir hafa enga peninga til svo mikið sem gera við hús eða þak, sem lekur. Allt, sem þessum skólum áskotnast, fer upp í laun til kennara, sem eru ákaflega vel settir, en húsin eru illa sett. Loks langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann hugsar sér að framkvæma þessi l. t. d. þar, sem öll börn í sveitum skulu vera í skóla milli 7—13 ára og samkv. þessum till. eiga að bætast a. m. k. við 2 skylduár. Er það áform hæstv. ríkisstj. að eyða sveitunum með því að taka fólkið þaðan? Og ætlar hæstv. ráðh. að láta taka unglingana með valdi og setja þá í skólana? Því það verður hæstv. ráðh. að gera sér ljóst, að þegar að því kemur, að fólkið í sveitunum hefur ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að óhlýðnast l. eða flosna upp, getur að því komið, að það velji fyrri kostinn, alveg eins og flokksbræður hæstv. ráðh. á Siglufirði, sem tóku þátt í grjótkasti í sambandi við Dettifoss. Þeir voru dæmdir til hegningar, en þeir neituðu að fara. Og þjóðfélagið var svo veikt, að það gat ekki tekið þá og látið þá sæta hegningu. Nú er ég ekki að segja það, að það hefði hjálpað nokkuð, þótt Þóroddur hefði verið við kartöflurækt austur á Litla-Hrauni, en l. sögðu, að hann ætti að vera þar. — Og ég vil spyrja: Er hæstv. ráðh. fær um að taka börnin frá heimilunum og fara með þau í skólana?

Nú, svo vildi ég gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðh. á því, hvort hann hafi ekki veitt því eftirtekt, að fólkið í sveitunum, sem hefur byggt skólana að Laugum, Reykjatanga, Reykjanesi, Núpi, Reykholti og Laugarvatni og er að byggja í Varmahlíð og á fleiri stöðum, hefur lagt mikið á sig til þess að koma þessum skólum upp. Og það hefur gert það í ákveðnum tilgangi. Það hefur viljað hafa þá fyrir unglinga á aldrinum 17—18—20 ára. Með þessu frv. er ætlazt til, að í þeim stundi nám börn 13 ára. Skólunum er í raun og veru stolið frá fólkinu af fávísri n. og af ekki allt of vitrum ráðh., ef frv. nær fram að ganga. Svo kemur skólanefnd skipuð af handahófi. Einn aðalmaðurinn, Einar Arnórsson, hefur aldrei komið nálægt skólamálum nema kennt fullorðnum mönnum í háskólanum. Þessir nm. eru allir launað fólk, auk þess sem það stingur á sig 10 þús. kr. fyrir þessi nefndarstörf. Þetta fólk segir bara: Við erum búin að gera það, sem gera þarf. Við erum búin að rífa niður það skólakerfi, sem nú er, umtalslaust. Það er enginn spurður af þeim, sem byggt hafa upp þessa skóla. — Ég ætla að bíða, þar til hæstv. ráðh. kemur inn aftur. (*Forseti:* Ráðh. er frjálst að ganga út). Ráðherra flýr úr deildinni, flóttinn er brostinn.

Ég ætla þá að snúa mér að borgarstjóranum á meðan, ef ráðh. skyldi koma aftur, því að stundum stöðvast menn á flóttanum. Það eru nýafstaðnar bæjarstjórnarkosningar. Þar er hægt að líta á atkvæðatölur hvers flokks. Kommúnistar hafa fengið um 7 þús. atkv., en hins vegar eiga þeir tvo menn í flestum skólanefndum í bænum. Í því hefur ráðh. komið upp um sig. Markmið hans er að beita ofbeldi og koma sínum mönnum í skólanefndirnar, eins og víðar, og svæla undir sig völd. Ráðh. hefur því verið mjög grunnhygginn í þessu máli og meira að segja oft verið vitrari. Það er rétt að vera á verði, það hefur sýnt sig, hvert er markmiðið, og það er ekki heppilegt, að einn flokkur leggi undir sig stöðurnar. Fólkið, sem borgar skattana og með því heldur skólunum uppi, á að fá að ráða þessu, það á ekki að ræna skólunum frá þjóðinni með þvingunarlögum. Og það er víst, að skólanefndirnar geta ráðið betur en ráðh. — Fyrst ráðh. hefur stanzað á flóttanum, ætla ég ekki að tala lengur, en gefa ráðh. tækifæri til að bæta málstað sinn, ef hann þá getur það.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Það er ekki ætlazt til, að svona ræðum sé svarað, þær eru einungis til að tefja umræður. — Viðvíkjandi réttmæti brtt., sem kom inn í frv. í Nd., þá hrakti hv. þm. ekki með einu orði þá röksemd mína, að slíkt fyrirkomulag, sem brtt. fer fram á, gæti ekki staðizt. Við spurningu hv. þm. um, hvað þetta muni kosta, get ég gefið bezta svarið með því að vísa til ræðu hv. frsm. í þessum málum hér í d. Hann las upp áætlun um kostnað við að framkvæma þetta, sem frv. gera ráð fyrir. Hins vegar liggur ekki fyrir nein áætlun um þennan hluta sérstaklega. (*BBen:* Er hægt að gera heildaráætlun án þess að vita um einstaka liði?). Eins og ég sagði, liggur engin sérstök áætlun fyrir um þennan lið.

Þá spyr hv. þm., hvort hægt sé að byggja nægi-

lega marga gagnfræðaskóla, þar sem skólaskylda verði svo mjög aukin. En það er ekki um að ræða nema aðeins eins árs aukningu á skólaskyldu. Nú eru börn skólaskyld frá 7—14 ára, en frv. gerir ráð fyrir, að börn verði skólaskyld frá 7—15 ára. Á svipuðum misskilningi er það byggt, þegar þm. segir, að það sé með þessu frv. verið að ræna alþýðuskólunum frá fólkinu. Þm. virðist alls ekki hafa lesið frv.

Þá talar þm. um, að það eigi að ræna börnunum frá heimilunum. Hvað segir frv. um þetta? Jú, það gerir ráð fyrir, að skólaskylda í sveit verði óbreytt frá því, sem nú er, að viðbættu einu ári, þ. e. frá 10 ára aldri, ef heimilin vilja eða geta annazt kennsluna til þess tíma, og frá 10 ára aldri er barnið svo skylt að vera í skóla ½ veturinn. Þetta er nákvæmlega það sama og nú er. Hins vegar vildi allur þorri skólakennara, að skólaskylda yrði lögboðin til 16 ára aldurs, en frv. aðeins til 15 ára.

Hv. þm. sagði, að þeir, sem sæti áttu í mþn., hefðu yfirleitt ekkert unnið að skólamálum nema Ingimar Jónsson. Hið sanna er aftur á móti, að allir þessir menn hafa lengi starfað að skólamálum, og flestir í 18—20 ár.

Allt tal hv. þm. hneig í þá átt, að þetta frv. væri fram komið gegn vilja þjóðarinnar, almennings í landinu, og sérstaklega gegn vilja skólamanna. En sannleikurinn er, að allir skólastjórar á landinu hafa fengið frv. til umsagnar og sent sína umsögn og allir lýst fylgi sínu við frv., en Bjarni á Laugarvatni var að vísu ekki samþykkur því eina atriði í þessu frv. að lengja skólaskyldualdurinn. Að öðru leyti lýsti hann fylgi sínu við frv. — Og hvað snertir ránið á héraðsskólunum, er aðeins um að ræða að gera þá að gagnfræðaskólum og færa þá inn í skólakerfi landsins. Ætli þeir, sem hlut eiga að máli, telji þetta rán? Nei, það er fjarri, að hér sé verið að gera breytingar, sem menn við héraðsskólana eru á móti. Ég hef setið fund, þar sem allir þessir menn hafa samþ. frv. (*JJ:* Getur ráðh. sannað það? Komi ráðh. með það skriflegt). Það er auðvelt, en tekur að vísu nokkurn tíma. Hvað segir hv. þm. um þær ályktanir og svör, sem um getur í grg. frv., og allar þær skólanefndir og skólastjóra, sem hafa sent umsagnir um frv., og ekki einungis alla þessa menn, heldur og þm. Nd., sem hafa samþ. frv.? Eru þetta þá allt tómir vitleysingar eða þjófar? — Það er í rauninni þarflaust að standa í umr. við menn, sem eru í slíku ásigkomulagi, að þeir eru ekki færir um að rökræða málið.

Hvað snertir undirbúning málsins, þá fengu þm. öll frv. á síðasta vorþingi, og hljóta þeir því að hafa haft nægan tíma til að athuga þau. Það snertir mig þess vegna einkennilega, þegar þm. eins og þessi hv. síðasti ræðumaður eru svona ókunnir frv.

Bjarni Benediktsson: Ég skal ekki blanda mér í umr. þessara tveggja þm., sem nú hafa talað. Ég vil aðeins koma með fyrirspurnir til ráðh. Hann hóf mál sitt með því, að hann gæti ekki sætt sig við þá breyt., sem frv. hefði fengið í Nd. En þessi breyt. felur í sér, að fulltrúi sveitarfélagsins hefur meiri ráð en í frv. var ætlað. Ég get vel skilið þessa afstöðu, því að frv. skerðir mjög vald sveitarstjórna, en flytur það óbeint í hendur menntmrh. Ég minnist ekki að hafa áður séð frv., sem skerðir meira rétt sveitarfélaganna. Mér finnst það eðlilegt, að ráðh. kunni því illa, þar sem hann heimtar að ráða einn í þessum málum. En í síðari hluta 12. gr. segir: „Fræðsluráði er rétt að gera till. til fræðslumálastjórnar um, að skyldunámi sé lokið í hlutaðeigandi héraði á því ári, er nemandinn verður 16 ára. Fallist fræðslumálastjórn á slíka tillögu, tekur hún gildi.“ Ég get ekki betur séð en að þarna í síðari hluta gr. sé heimild til að hlaupa frá því fyrra og að efni síðari hluta 12. gr. sé annað en ætla mætti af upphafinu. En það má vera, að hér sé um torskilið orðalag að ræða, og vil ég spyrja hæstv. ráðh. um þetta höfuðatriði málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða þetta mál við þessa umr., en vegna ummæla hæstv. ráðh., að hægt væri að gleypa þetta sökum góðs undirbúnings, þá vil ég benda á fáein atriði, sem ég hef rekizt á, sem benda til, að málið hafi ekki fengið nægilegan undirbúning. Í 13. gr. stendur, að „heimilisfaðir unglings, sem skylt er að stunda gagnfræðanám, ber ábyrgð á, að hann hljóti lögboðna fræðslu og sæki lögskipuð próf.“ — Það er ekkert tillit til þess tekið, þótt hann hafi ekki aðstæður til að uppfylla þessar skyldur. Í 2. málsgr. 14. gr. stendur á einum stað „leggist“, en á sennilega að vera lagist, og hefur þetta farið framhjá þessum mönnum. Mér skilst eftir þessari gr., að börnin sjálf eigi að borga sektirnar, 5—10 kr. á dag. Nei, mig grunar, að málið hafi fengið lélega meðferð í Nd. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvað yrði mikið af unglingum, sem yrði að vista utan heimilis, ef fara á eftir þessum ákvæðum 14. gr. Ummæli þessi markast ekki af andúð minni á frv. Mér er kunnugt um það um þessa nefnd, að í öðru máli, þá týndi hún öllum gögnum í málinu. — Ég vil láta þessi 3 frv. fylgjast að, hafa allan þennan lagabálk í einu frv. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vill ekki hlutast til um, að þingmál 28 og 29 yrðu geymd, og gera þá breyt., að þetta yrði sett í eitt frv. Hitt er svo annað mál, að þjóðinni er nauðsynlegt að mennta unglinga sína. En það er ekki nóg að ákveða, að barnið skuli verða menntamaður, og það má ekki vera á valdi skólanefnda að útskrifa börnin 16 ára eða að stimpla þau illa. Og það er undarlegt, að sami ráðh., sem ekki gat fengið nægilega fjárveitingu til barnafræðslu, skuli nú koma með þetta kerfi, sem kostar of fjár og er engu betra en hið fyrra.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég man ekki, að nokkurt mál hafi komið hér, sem þessi hv. þm. hefur ekki talið undirbúningslaust. En ég þekki ekki mál, sem hefur verið betur undirbúið. En þessi hv. þm. er glöggur að sjá annmarka, og allir þeir, sem um þetta hafa fjallað, hafa ekki verið eins glöggskyggnir og þessi hv. þm., eða að því er honum finnst. Þeir hafa ekki komið auga á það, að lagðar verði sektir á börn, eins

og þessi hv. þm., og hefur engum öðrum dottið slíkt í hug. En það er sjálfsagt að taka þetta til athugunar, og það verður athugað í nefnd. En annars vita lögfræðingar bezt um það, hvort hægt er að sekta börn. — Annars getur verið ýmislegt, sem þarf að leiðrétta, og er rétt að athuga það.

Hv. þm. talaði um, að ekki væri hægt að skylda menn til að verða gagnfræðinga 16 ára, en það stendur hvergi, og hefur hv. þm. misskilið þetta. Annars eru ýmis gögn í málinu birt hér í grg. þess. Og hér er prentuð till., sem samþ. var á fundi skólastjóra, sem haldinn var í júnímánuði, eða útdráttur úr fundargerð, og var till. samþ. einróma og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd, er vinni að því við fræðslumálastjóra, kennslumálaráðherra og Alþingi, að laun héraðs- og gagnfræðaskólakennara og kennara Eiðaskóla verði greidd eins og ákveðið er í 16. og 29. gr. launalaga, þótt kennslutími skólans sé styttri en 9 mánuðir. Má benda á það, að skólarnir geta að öðrum kosti búizt við því, að beztu kennararnir hverfi frá þessum skólum og leiti sér starfs þar, sem kennslutími er lengri og árslaun því hærri. Þá felur fundurinn nefndinni að beita sér fyrir því, að héraðsskólakennarar verði færðir í sama launaflokk og gagnfræðaskólakennarar."

Og fyrri hluti till., sem samþ. var með öllum greiddum atkv., og á þeim grundvelli, að þetta nái fram að ganga, hljóðar svo:

„Fundur héraðs- og gagnfræðaskólastjóra, haldinn í Rv. dagana 11.—13. júní árið 1945, leyfir sér að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp það um gagnfræðanám, er milliþinganefnd í skólamálum hefur lagt fram."

Þá kom hér fram fyrirspurn frá hv. 6. þm. Reykv. viðvíkjandi ákvæðum 10. gr., en þar stendur: „Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr."

Þetta ákvæði er í núverandi fræðslulögum, og virðist þetta eðlilegt, þegar þess er gætt, að meginhluti kostnaðarins er greiddur úr ríkissjóði. Það virðist eðlilegt að halda þessu ákvæði, en er hins vegar sjálfsagt að ræða um þetta við þá, sem hlut eiga að máli, t. d. hv. 6. þm. Reykv., sem er borgarstjóri í stærsta fræðsluhéraði landsins. — Þá spurði hv. þm. viðvíkjandi 12. gr. frv., en þar stendur:

„Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til þess árs, er nemandinn verður 16 ára, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð og fræðslumálastjórn ákvörðunina. Fræðsluráði er rétt að gera tillögu til fræðslumálastjórnar um, að skyldunámi sé lokið í hlutaðeigandi héraði á því ári, er nemandinn verður 16 ára. Fallist fræðslumálastjórn á slíka tillögu, tekur hún gildi."

Ég hef skilið þetta svo, að fræðsluráð bæri aðeins fram till. viðkomandi fræðslunefndar, að öðru leyti get ég ekki svarað fyrirspurn hv. þm.

Bjarni Benediktsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Það má vera, að þetta ákvæði 10. gr. sé í l., en því hefur aldrei verið beitt og er því dauður bókstafur. En það kemur fram í frv., að fræðslumálastjórn fær úrskurðarvald í mörgum málum, sem ættu að vera samningsatriði milli sveitarstjórnar og ríkisstjórnar. En hæstv. ráðh. hefur ekki skilið þetta sem breyt., heldur endurtekningu á dauðum bókstaf. Viðvíkjandi 12. gr., þá get ég ekki skilið þetta á neinn annan veg en ég hef áður sagt frá. Það getur ekki verið ætlunin að lengja lögin að ástæðulausu og gera þau efnislaus og innihaldslaus með því að taka upp þýðingarlausa bókstafi.

Jónas Jónsson: Ég varð ekki var við, að hv. 6. þm. Reykv. svaraði spurningu minni, hvort Reykjavíkurbær mundi fús fyrir sitt leyti til að byggja alla þá skóla, sem hér er gert ráð fyrir, í viðbót við það, sem nú er verið að byggja. Og ef ég má ónáða hv. borgarstjóra, þá langar mig líka til að spyrja hann, hvort hann hugsi sér að fullnægja þessum l. með því að byggja yfir Ingimarsskólann. Vegna þeirra, sem ekki eru málunum kunnugir, þá vil ég benda á, að Reykjavík, sem er ríkasta bæjarfélag á landinu, hefur ekki séð sér fært að byggja yfir Ingimarsskólann. Það þýðir ekkert að tala við mann eins og hæstv. ráðh., sem hugsar bara um veitingu embætta og ber ekki skyn á þessa hluti. Ég undrast, að ráðh. skuli ekki hafa talað við Sigurð Guðmundsson og Bjarna á Laugarvatni og fengið þá til að fara í nefndina. Ég nefni þessa menn af því, að þeir hafa gert stóra hluti, en þá valdi ráðh. ekki. Um þessa menn, sem í n. voru skipaðir, er það að segja, að þeir eru að vísu góðir, en það liggur ekkert eftir þá í skólamálum. Og ef við athugum svo þessa nefnd, sem um þetta fjallar, þá er í henni aðeins einn fær maður. Í henni eru 2 kommúnistar, Sigfús Sigurhjartarson, sem nú langar óleyfilega til að vera við þessar umr., og Aðalbjörg Sigurðardóttir. Þessi frú hefur nú verið í öllum stjórnmálaflokkum landsins, en einna styzt í kommúnistaflokknum. Og sýnir það bezt smekk ráðh., fyrst að skipa berserk úr kommúnistafl. og síðan Aðalbjörgu Sigurðardóttur, sem er fræg fyrir hringlandaháttinn sinn og algert getuleysi í þessum málum. Og ég ætla að benda ráðh. á, að hann getur fengið vitneskju um það, hvernig form. nefndarinnar er, prófessorinn við guðfræðideild háskólans, af fyrirlestri, sem hann hélt um Davíð konung. Vísindamennskan í hv. n. er í samræmi við þessa meðferð á Davíð konungi.

Hæstv. ráðh. segir, að hann hafi kvatt saman kennara, og margir fundir og nefndir hafi lýst blessun sinni yfir þessu máli. En ég tel það alls ekkert þakkarvert, þótt menn, sem hafa verið hækkaðir í launum úr 2 þús. kr. upp í 19 þús. kr., geri hæstv. ráðh. þann greiða að vera samþykkir þessu máli. Einn héraðsskólakennari sagði við mig, þegar við ræddum um þetta mál: „Ég verð ekki kennari eftir að búið er að hækka skólaskyldualdurinn eins og ráðgert er." Þetta var dómur manns, sem lengi hefur fengizt við kennslu og veit, hvað hann segir. — Þetta mál hefur ekki verið rætt af fólkinu, eins og átt hefði að vera, heldur eru teknir illa launaðir menn til að gutla við þetta í frístundum sínum

og fá 10 þús. kr. fyrir vikið. Síðan eru kallaðir saman kennarar, sem fengið hafa tugþúsunda kr. launahækkun, og þeir látnir samþ. allt saman. Þetta sýnir, að það er ekki fólkið, sem óskar eftir þessu eða hefur rætt það og undirbúið, heldur er þetta knúið fram af aðilum, sem höfðu fjárhagslega aðstöðu til að hafa sitt fram. Mál eins og þetta hefði átt að ræða vel og rækilega af fólkinu, og án slíks undirbúnings er óhæfa að setja lög sem þessi. Enda mun hæstv. menntmrh. fá þá sorglegu reynslu, þegar til framkvæmda kemur, að þetta verða eingöngu pappírslög. Það mun fara svo, þegar á að fara að þrælka börnin nauðug allan þennan tíma, þá mun rísa upp margur Þóroddur, sem ekki vill hlýða þessum skammarlegu l.

Ég ætla að víkja að því aftur, sem ég gat um við umr. um fyrra málið, að í sveitum hefur því ekki verið fylgt fram, að börnin væru í skóla til 14 ára aldurs. Þess vegna er breytingin enn þá meiri þar. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi yrði sú, að um helmingur allra barna gæti krafizt þess að fá stúdentsmenntun. Það skal halda próf og segja við annan helming barnanna að því loknu: „Þið eigið að stúdera.“ Við hinn helminginn á að segja: „Þið skuluð vera dónar.“ — Það á að færa þá bölvun, sem legið hefur eins og mara á börnum hér í Reykjavík, yfir öll börn á landinu. Hér hafa börnin verið þrælkuð miskunnarlaust til að ná fína prófinu upp í Menntaskólann. Auðvitað geri ég ekki ráð fyrir, að neitt verði úr þessu, en heimskan, sem það er sprottið af, er hin sama fyrir því.

Allir unglingar, sem ekki nenna að vinna, geta á þennan hátt orðið stúdentar og þá fyllt flokk hæstv. menntmrh., enda mun sá vera tilgangurinn. Ef maður svo fer að athuga þessa óskiljanlegu þvælu, þá er allt í einum graut, miðskólar, gagnfræðaskólar o. s. frv. Allt saman ber þetta merki lítilla gáfna og enn þá minni reynslu. Nú er hér í bænum staddur skólameistarinn frá Akureyri og mun vera að fá fé til skólabygginga. Ég vænti, að hann muni spyrja, til hvers það sé að setja á sig svo og svo marga unglinga og fá sér ekki fé til að gera það, sem gera þarf til að halda uppi viðkomandi skóla. Þá þykir mér fróðlegt að heyra, hvað borgarstjórinn hér í Reykjavík hefur að segja af sinni reynslu í skólamálum, og vænti ég, að hæstv. ráðh. hafi einnig gott af að heyra nokkuð þar um. Hér í Reykjavík situr í sama farinu með menntaskólann og fyrir 15 árum, þegar ég hafði með þessi mál að gera. Ég er sammála hv. þm. Barð. um það, að þeir, sem vilja framgang þessara mála, ættu að beita sér fyrir því, að öllum þessum frv. verði steypt í eina heild. En ég og þeir, sem hafa sömu skoðun, munu beita sér fyrir því, að þau fari öll í sömu gröf.

Bjarni Benediktsson: Hv. þm. S.-Þ. beindi til mín fyrirspurn, sem ég tel þó, að mér beri ekki skylda til að svara, og get það raunar ekki, þar sem hæstv. menntmrh. gat ekki svarað því, hve marga skóla mundi þurfa að reisa. Hins vegar tel ég, að ekki ætti að þurfa að vera ágreiningur um það, að æskilegt er, að sem flestir fái aðstöðu til þess að njóta menntunar.

Ég geri ráð fyrir, að frv. sé í aðalatriðum gott og miði í rétta átt, þótt einstök atriði mættu betur fara, og ég get ekki tekið undir það með hv. þm. S.-Þ., að mþn. í skólamálum hafi ekki haft góðum mönnum á að skipa. Vil ég t. d. benda á mann eins og Ásmund Guðmundsson, sem mér er kunnugt um, að er bæði duglegur og reyndur í þessum málum. Enn fremur má til nefna Kristin Ármannsson, sem einnig er viðurkenndur dugnaðarmaður. Aftur á móti vil ég ekki fallast á, að ég og hv. þm. Barð. megum ekki beita okkar litlu greind í þessu máli, því að þótt ég hafi álit á þessum mönnum, sem sæti áttu í mþn., vil ég ekki gefa upp alla gagnrýni á gerðir þeirrar n. eða samþ. án athugunar till. hennar. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að ákvæðið í 10. gr. væri gamalt, en sannleikurinn er sá, að hið eldra ákvæði er allt annað. Í niðurlagi 10. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.“ — Í gamla ákvæðinu, sem hæstv. ráðh. vísaði til, hljóðar þetta upp á ágreining, sem verða kynni milli sveitarstjórnar og fræðsluráðs. Nú er það kunnugt, að skólanefndir og fræðsluráð hafa ekkert fjárveitingarvald, það hafa sveitarstjórnir og bæjarstjórnir. En eins og fyrri skipan þessara mála var, var það tryggt, að sveitarstjórn eða bæjarstjórn hafði sams konar meiri hluta og fræðsluráð, en um það er ekki að ræða samkv. þessu nýja fyrirkomulagi. Þess vegna er hér um að ræða nýtt og ólíkt ákvæði. Þetta veit ég, að hæstv. menntmrh. sér. Þá segir enn fremur, að skólanefndir eigi að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til lögboðins skólahalds. Eins og þetta er nú í frv., getur skólanefnd ákveðið, hve mikið fé skal lagt fram til skólabygginga, og ef bæjarstjórn fellst ekki á þær till., getur viðkomandi ráðh. veitt upphæðir úr bæjarsjóði í þessu skyni. En það getur hann ekki eftir núv. lögum.

Hitt er einnig rangt, að ríkissjóður greiði nú meir en áður til þessara skóla. Ríkið greiddi áður $\frac{2}{5}$ stofnkostnaðar við þá skóla, sem nú er gert ráð fyrir, að það greiði ½, en aftur á móti er lægra tillagið til húsmæðraskólanna, var áður ¾ kostnaðar, en á nú ekki að vera nema ½. (*Menntmrh.:* Hér er átt við kvennaskóla, en ekki húsmæðraskóla.) Ég hugsaði, að hér væri átt við húsmæðraskóla, en það er þá ókomið frv. um þá, en þangað til það kemur nær þetta til húsmæðraskóla og eru ekki fríðindi frá því, sem áður var. Þessi atriði, sem ég nú hef drepið á, skerða ekki frv. í heild, en þau eru til athugunar fyrir n., og vænti ég, að hún taki þessar bendingar til greina.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég vil taka það fram út af ræðu hv. 6. þm. Reykv., að það er sjálfsagt að taka til greina þær aths., sem hann hafði fram að færa, og reyna að komast að samkomulagi um einstök ágreiningsatriði. Viðvíkjandi ákvæðum 10. gr. frv., þá álít ég, að hér sé ekki um breyt. að ræða frá því, sem var. Það er einungis sú breyt., að í stað fræðsluráðs áður kemur nú skólanefnd, og er það

beint áframhald fyrri ákvæða, í samræmi við þær breyt., sem verða á verksviði þessara nefnda. Hitt er svo annað mál, að ef hv. þm. er óánægður með þetta og vill ekki láta ríkisvaldið hafa svo mikið vald, þá má ræða um það. En ég held, að það sé ekki hægt að halda því fram, að hér sé um ákvæði að ræða, sem ekki er beint áframhald af þeim ákvæðum, sem nú eru í l. snertandi barnaskóla.

Það er nú alveg óþarft að svara frekar ræðum hv. þm. S.-Þ. Það voru held ég tvö atriði, sem hv. þm. hélt sig við í sinni ræðu, þ. e. a. s., sem beinlínis snertu þetta mál, og þó annað, sem ekki snerti þetta mál sérstaklega, heldur skólaskylduna, sem fjallað er um í frv. um skólakerfi og fræðsluskyldu, og það hefur nú verið sannað, að hv. þm. fór með alveg staðlausa stafi um bæði þessi atriði. Hitt atriðið var um héraðsskólana og afstöðu skólastjóra héraðsskólanna til þeirra breyt., sem gerðar verða á héraðsskólunum með þessum l. — Um fyrra atriðið er það að segja, að skólaskylda í sveitum breytist ekki með þessum l., nema að svo miklu leyti sem sveitarfélögin (skólanefnd) ákveða sjálf í samráði við fræðslumálastjórn, eins og frv. er nú. Allar þessar löngu ræður, sem hv. þm. hefur haldið um þennan voða og um allar þær ráðstafanir, sem þyrfti að gera til þess að taka börnin með valdi frá foreldrunum, og eyðileggingu á heimilislífinu og þar fram eftir götunum, eru því ekki annað en staðlausir stafir út í bláinn.

En að því er snertir hitt atriðið, afstöðu héraðsskólanna og afstöðu skólastjórnanna þar, þá hefur verið sannað á hann, að þar hefur hann einnig farið með staðlausa stafi. Skólastjórarnir hafa verið kallaðir á fund og hafa rætt frv. mjög ýtarlega, fundargerðir lesnar upp og samþ. af öllum, sem þar voru mættir. Þessi fundur skólastjóranna hefur einróma mælt með þessum frv. og skorar eindregið á Alþingi að samþ. þau. Á þessum skólastjórafundi voru mættir þessir menn: Benedikt Tómasson, Bjarni Bjarnason, Guðmundur Gíslason, Hermann Hjartarson, Ingimar Jónsson, Jóhann Jóhannsson, Oddur Sigurjónsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Þorsteinn M. Jónsson, Þorsteinn Víglundsson, Þórarinn Þórarinsson, Þórir Steinþórsson, Þóroddur Guðmundsson, Hannibal Valdimarsson. (*BBen:* Fallegur er endirinn.) Já, það er fallegur hópur þetta. Þessir menn ræddu málið mjög ýtarlega og komu með fjölda brtt., sem allar voru ýtarlega ræddar og teknar til greina og athugaðar af n., að svo miklu leyti sem um þær varð samkomulag, og ég held, að flestar hafi verið teknar til greina. Allir þessir menn, sem hafa verið nefndir, voru sammála um að skora á Alþingi að samþ. þau frv., sem hér liggja fyrir, og þar á meðal þetta mál, sem hér er til umr.

Forseti (StgrA): Fundartími er þrotinn, það hefur verið boðaður annar fundur kl. 4. Hv. þm. S.-Þ. hefur kvatt sér hljóðs, en hann hefur nú talað tvisvar. Getur hv. þm. ekki fallizt á að geyma ræðu sína þar til við síðari umr.? (*JJ:* Nei, nei. — *Menntmrh.:* Hv. þm. hefur talað tvisvar, er ekki hægt að geyma þetta þar til við 2. umr.? — *JJ:* Það verður nóg að tala um við 2. umr.)

Samkv. þingsköpum hefur hann ekki kröfu til að tala oftar, ég get neitað hv. þm. um það á grundvelli þingskapa, og það er ekki hægt að halda þessum fundi lengur áfram. Ég gæti skorið niður umr. hjá hv. þm., en mun þó ekki gera það, en umr. um málið er frestað nú.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Áður en þetta frv. fer lengra, vil ég aðeins minnast hér á nokkur atriði, sem ég minntist ekki á hér í gær, og einkum á 38. gr. og benda hv. menntmn. á, hvort hún sæi ekki ástæðu til að leggja til að fella þennan kafla burt úr frv., sem snertir skyldur kennara og laun, sem um ræðir í 38. gr., 39. og jafnvel 40. og 41. gr. Mér finnst, að þessi kafli ætti frekar að eiga heima í l., sem væntanlega yrðu samin um skyldur embættismanna yfirleitt. Gæti það valdið nokkru um fylgi við frv., hvort þessi ákvæði standa í sjálfu fræðslulagafrv., eins og hér er gert ráð fyrir, eða ekki. Ég býst við, að það valdi ágreiningi, hvort rétt er að lögbinda í þessum l., hvort kennarar — auk þess að hafa fullkomin laun, eins og álitið er, að þeir hafi samkv. launal., — skuli hafa þriggja mánaða frí á ári, kenna þó ekki nema 5 stundir á dag og fá auk þess greitt fyrir alla vinnu, sem þeir kynnu að gera heima, og fá þar að auki ákveðið orlof með fullum launum, eins og ákveðið er í frv. Þetta atriði út af fyrir sig kemur hvorki við fræðsluskyldu né því, hvort menn vilja fylgja því, að almenn fræðsluskylda sé lögákveðin í landinu til 16 ára aldurs, og ætti þetta atriði því heima í öðrum lagabálki en þeim, sem hér liggur fyrir.

Þá er í 41. gr. frv. ákveðið, að kennarar skuli vera prófdómarar hver hjá öðrum, en ekkert kemur þar fram um það, hvort þetta skuli greiðast sem aukastarf. Þetta starf hefur verið greitt með fullum launum aukalega, og er rétt, að það sé ákveðið í gr., ef ekki verður samkomulag um, að þessi kafli, sem ég til tók, verði felldur niður úr frv., þar á meðal þessi 41. gr.

Þá vil ég spyrja hv. menntmn., hvort hún sjái ekki ástæðu til þess að fella 45. gr. burt úr frv., þar sem stendur, að fræðsluráð geti með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við heimavistarskóla gagnfræðastigsins. Hér er það fræðsluráð og fræðslumálastjórnin, sem á að ákveða, hvort þessir baggar verða bundnir annars vegar ríkissjóði og hins vegar og ekki síður sveitarfélögunum, að það séu sett upp bú af ótiltekinni stærð og með ótilteknum rekstrarkostnaði við hvern gagnfræðaskóla á landinu. Ég geri ráð fyrir því, að t. d. Reykjavík yrði ekki neitt undanskilin þessu ákvæði, og er þá vel, að til eru Korpúlfsstaðir, til þess að parta þá niður fyrir gagnfræðaskólana, ef þessi gr. verður samþ. — Ég tel, að þetta ákvæði ætti ekki að standa í l. Það er líka tekið fram síðar í þessu frv., að stofnkostnaður við þessi bú skuli skiptast hlutfallslega milli aðilanna, sem kosta reksturinn yfirleitt. Gæti þá vel svo farið, að það yrði ekki

minni kostnaður við að reka búin en kostnaðurinn af skólunum sjálfum, enda er ekki svo góð reynsla fengin af búrekstri þess opinbera, að ástæða sé þess vegna að fjölga slíkum búum víðs vegar um landið.

Ég hefði nú óskað, að fyrir lægju nokkru nánari upplýsingar en raun er á um þann kostnað, sem hlýtur að leiða af samþykkt þessa frv. En það mun töluvert á huldu, hver hann verður. En væntanlega getur hv. n. þá upplýst eitthvað um það við næstu umr.

Þá vil ég benda hv. n. á 57. gr. frv., þar sem stendur í 2. málsgr., að ef kostnaður fer 15% eða meir fram úr meðalkostnaði, miðað við landið í *heild, þá skuli endurgreiða úr ríkissjóði þann* kostnað, sem fram yfir er meðalkostnað. Ég tel þessa gr. mjög óheppilega að hafa hana svo í l. Slík lagagr. hlyti að stuðla að því, að engar hömlur séu hafðar á rekstrarkostnaði skólanna. Því að hvenær sem rekstrarkostnaðurinn færi fram úr meðallagi, væri réttur vís til þess að fá greitt upp í hann úr ríkissjóði. Og mundi þá slíkur kostnaður fara síhækkandi.

Og að síðustu vil ég benda á, hvort ekki væri tiltækilegt að breyta frv. þannig — þeim kafla, sem er um skólaskylduna, — að láta ekki skólaskylduna ná lengra en til barnafræðslunnar, þó að það opinbera geri allt, sem í þess valdi stendur, til þess að búa svo að unglingunum, að þeir geti fengið fræðslu sambærilega við gagnfræðanám eftir þessu frv., ef þeir óska þess. Á þessu annars vegar og hins vegar þeirri skólaskyldu viðkomandi þessum aldri, sem hér er gert ráð fyrir í frv., er mikill munur. Annars vegar er það, að ríkið uppfyllir sínar skyldur, ef það lætur af hendi bæði kennslukrafta og skólahús. En hins vegar er það, sem mér finnst óviðeigandi, að lögbjóða, að menn skuli verða settir á námsbekk allt að 16 ára aldri, þó að hugur þeirra stefni til annars. Þetta síðar talda er ekkert sambærilegt við það, að börn skuli ljúka vissu námi til 13 eða 14 ára aldurs, og mér finnst vera á þessu mjög mikill eðlismunur. — Ég bendi hv. n. á, hvort hún sjái sér ekki fært að breyta þannig frv., að skólaskyldan sé ekki lögfest til hærri aldurs en verið hefur, þó að lögfest sé, að ríkið skuli leggja fram allt, sem til þess þarf, að þeir þegnar þjóðfélagsins, sem það vilja, geti fengið þá fræðslu, sem hér um ræðir í þessu frv.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar á þessu stigi.

Jónas Jónsson: Ræða hv. 6. þm. Reykv. var í þá átt, sem ég gat búizt við. Ég gerði fyrirspurn til hans um það, hversu honum litist á fyrir sitt bæjarfélag að standa undir því, sem leiða mundi af þeim breyt. á l., sem hér er stefnt að með þessu frv. Og hann vék sér hjá að svara, vegna þess að ekki væri hægt að svara þessari fyrirspurn, af því að engar heimildir lægju fyrir, sem á væri hægt að byggja slíkt svar. Þetta er einmitt höfuðgalli frv., að það er svo óljóst og illa undirbúið, að það er ómögulegt, að hægt sé að átta sig á því eftir frv., hvern kostnað mundi leiða af samþykkt þess. Það getur verið gert viljandi að hafa frv. svona, til þess að reyna að lokka menn til að taka við málinu, án þess þó að vita, hvað hér er raunverulega á ferð. En á hinn bóginn get ég ekki séð annað en að forráðamenn bæjarmála, eins og t. d. hér í Reykjavík, sem eiga vissulega mest á hættu í þessu sambandi, af því að þeir eru stærstu aðilarnir, sem hér á að lögbjóða um, þeir verði að gera sér grein fyrir því, ef þetta frv. á fram að ganga, hvort hér eigi að lauma á þá helsi, sem þeir vilja ekki bera. Sú aths., sem hv. þm. Barð. gerði hér, er mjög í rétta átt viðvíkjandi aðalatriði málsins. Og það, sem sá hv. þm. fer fram á, er það, sem þjóðfélagið hefur gert frá byrjun, allt fram á þennan dag. Árið 1846 var reistur *skóli á Íslandi, og þá var ekki nema einn skóli* til í landinu, og ríkið, sem þá var Danmörk, hélt hann og kostaði. Svo hafa hinir skólarnir, sem hér eru til, verið stofnaðir þannig, að það hafa verið stofnaðir skólar, sem ríkið, bæjarfélög og einstakir menn komu upp, til þess að mæta þörf fólksins, en sem frjálsar stofnanir. Og einkum hefur verið gert mikið að því upp á síðkastið að fjölga þessum stofnunum. Um stund voru gagnfræðaskólar aðeins í Flensborg og á Akureyri. Svo komu Austfirðingar og breyttu skóla, sem var hjá þeim, í gagnfræðaskóla. Svo kemur ný alda, þannig að fólkið sjálft og bæjarfélög hafa komið upp 15—16 slíkum skólum alls, þannig að þær stofnanir, sem hér í frv. er átt við, sem annast fræðslu gagnfræðastigsins, eru orðnar þetta margar, en þó hvergi nærri svo, að nægi til þess að standa undir framkvæmd gagnfræðafræðslunnar samkv. þessu frv., ef 13—15 ára unglingar eiga allir að vera skyldaðir til að sækja slíka skóla.

Aðalbreyt., sem í frv. er farið fram á, liggur í þessu að gera tvennt í einu, að leggja skyldur á ríki og bæjar- og sveitarfélög til þess að byggja gagnfræðaskóla með öllu tilheyrandi, þvinga þessa aðila til þess, og á ég þar sérstaklega við bæjar- og sveitarfélögin, og svo að gera hitt, að þvinga nemendur til að sækja skólana. Nú var rætt um þetta atriði hér í gær og reynt að halda því fram af hæstv. ráðh., að það væri svo sem enginn munur á ákvæðum þessa frv. og því, sem verið hefði, því að það hefði verið fram að þessu skólaskylda barna til 14 ára aldurs, — þó að skólaskyldualdurinn væri lengdur um eitt ár, til 15 ára aldurs. En á þessu er þó mikill munur, sérstaklega í dreifbýlinu, því að oft hafa börn þar part úr vetri gengið til kennara, þar sem verið hefur farskóli, og með því móti hafa börnin tiltölulega lítið verið að heiman. En nú er í þessu frv. beinlínis byggt á því, að öll börn 13 ára eru skylduð til þess að vera á þessum skólum í tvo vetur. Og afleiðing þess verður sú, að í sveitum og þorpum verður ekki um annað að gera yfirleitt en að hafa þetta heimavistarskóla. Það getur enginn sagt um það nú, hvort unga fólkið vill svona mikið skólanám á þessum aldri. Enda kemur það fram, að skólarnir standa auðir, ef mönnum líkar ekki við þá. Hefur það komið fyrir hjá okkur um skóla, jafnvel á síðustu tímum, að fólkið sækir þá ekki. Og hæstv. ráðh. hefur ekki áttað sig á því, að þetta kemur allt öðruvísi út, ef allir þessir skólar eiga að taka yfir tveggja ára nám, þar sem öll heimili þess-

ara unglinga á aldrinum 13—15 ára verða þá að vera án þeirra þessi 2 ár og væntanlega lengur, hvernig sem á stendur. Ef unglingarnir mættu hins vegar af frjálsum vilja fara á þessa skóla, þá færu þeir, sem vildu og gætu, og ég vil taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði, enda hef ég sem þm. unnið að því máli, að þjóðfélagið reyni að bæta úr þeirri þörf í þessum efnum, þannig að ekki standi á húsnæði fyrir skólastarfsemina, en jafnvel á þessum góðu tímum hefur staðið á þessu. Hér í Reykjavík hefur t. d. staðið á húsnæði fyrir 2 gagnfræðaskóla, þótt að vísu sé nú verið að byggja myndarlegt hús yfir annan þeirra. En síðan kemur hér annað atriði til greina, eins og ég vék að í gær, og það eru verkstæðin, sem hér er gert ráð fyrir. Ég var að tala við skólastjóra við gagnfræðaskóla í gærkvöld, og hann sagði við mig: „Þegar þið þm. og ríkisstj. hafið þetta mál til meðferðar, er rétt að geta þess, að kostnaðurinn við verkstæðin verður miklu meiri en við bóknámið.“ Nú hefur hæstv. menntmrh. hækkað kaup kennara upp í 20 kr. um tímann, og sagði skólastjórinn, að þar sem hver skólastund væri reiknuð 45 mínútur og færi kennsla í þessari grein fram samfellt, þannig að engin hlé eru milli kennslustunda, og fengi kennarinn því 60 kr. fyrir 3×45 mín. Ég vildi telja það eftir mörgum frekar en kennurum, þótt þeir séu vel launaðir, en af þessu sést, að borgarstjóri þessa bæjar hlýtur óhjákvæmilega að hafa mikil fjárútgjöld bæði fyrir bóklega og verklega kennslu.

Þá vil ég höggva í sama farið og hv. síðasti ræðumaður viðvíkjandi búskapnum á þessum skólum. Ég var ekki á móti því atriði, heldur því, að skólanefndir séu skyldaðar til þess að hafa slíka starfsemi með höndum, og kemur það til af því, að þetta getur gengið bæði vel og illa. Það er ekki nema við einn skóla hér á landi, þ. e. Laugarvatnsskólann, að sett hefur verið upp stórt bú. Kemur það til af því, að skólastjóri hans er mikill búmaður, og er þessi búskapur til mikils gagns, en satt að segja, þótt skólastjórinn sé mikill búmaður og stjórni þessu í sínum vinnutíma, þá held ég, að fari að gusta um hann, hvort þetta geti borið sig, enda hefur mér nýlega verið sagt það, að komið sé í ljós, að á ríkisbúunum sé stórkostlegur tekjuhalli, sem er raunar ekki vegna óstjórnar, heldur vegna þess, hve vinnan er dýr. Finnst mér rétt að geta þess, að á einu af þessum búum, þar sem vel er til alls vandað, er nú orðið heylaust, og er nú verið að gera ráðstafanir til þess að fá hey fyrir 20 þús. kr., til þess að bjarga kúnum. Ég held því, að hv. þm. Barð. hafi ekki ofmælt, er hann sagði, að það væri mjög varhugavert að hafa slíkt í l., að skólanefndir væru skyldugar til að reka búskap á skólunum. Hins vegar væri það allt annað, ef skólanefndirnar gætu ráðið þessu sjálfar.

Ég vil svo að lokum benda á það, sem kannske er mesta missmíðin á þessu frv., hversu óréttmætt það er að taka sjálfsstjórnina úr höndum héraðsskólanna. Ég sýndi fram á það í gær, hvernig þessir skólar hefðu risið upp fyrir dugnað og fórnfýsi fólksins í sveitunum og að þeir ættu því að fá að ráða málum sínum sjálfir. Það sagði einn skólastjórinn við mig, þegar hann heyrði, hvernig fyrirhugað væri að skipa þessum málum, að hann hlakkaði ekki til þess að þurfa að sækja um leyfi til ríkisstj., ef hann þyrfti að veggfóðra herbergi eða setja rúðu í glugga, en þannig yrði það, ef frv. þetta verður að l. Og það er nú þegar búið að sprengja sjálfstæði skólanna með launal., sem sett voru í fyrra. Í þessu frv. er ekki heldur á neinn skynsamlegan hátt gert ráð fyrir því, hvernig fyrirkomulag skólasjóðanna eigi að vera. Og hvað eru skólasjóðirnir? Ætti það t. d. að koma á skólasjóðina, ef búskapur er rekinn þannig, að heylaust er orðið í febrúar? Ég veit ekki, hvort þetta kæmi á skólasjóðina, en hitt er óhjákvæmilegt, ef frv. verður samþ., að það verður að leggja til skólanna ekki aðeins tekjuhalla af búskapnum, heldur og stórkostlegt fé til viðhalds húsa. Hins vegar væru miklu meiri möguleikar á að komast hjá slíku, ef héraðsskólarnir hefðu frjálsræði um þessi mál, þannig að nemendurnir sæju um viðhald skólanna og slíkt. Yrði af því mikil bót bæði fyrir þjóðfélagið og skólana.

Ég álít, að að því sé mikil bót, að þetta frv. hefur nokkuð verið rætt hér í hv. d., og vil sérstaklega bera það saman við meðferð málsins í hv. Nd., þar sem aðeins voru sögð um það nokkur orð við 1. umr. og yfirleitt kastað til þess höndunum. Að vísu komu þar fram fáeinar brtt. við frv., en það er óneitanlega leiðinlegt fyrir hv. Nd., sem er fjölmennari d., að hún skuli ekkert hafa gert til þess að verja fólkið í sveitunum fyrir þeim ágangi, sem því er gerður með þessu frv. Ég vonast því til þess, að hér í hv. d. verði hafin sú sókn, að skólamálin verði tekin upp á sjálfstæðum grundvelli á móti þeirri eftiröpun og útlendum beygluskap, sem kemur fram í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 450, 739, n. 857).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég játa, að málið hefur ekki fengið langan undirbúning í menntmn. þessarar d., en það bætir úr, að við sátum á allmörgum fundum með menntmn. Nd., svo að nm. hafa kynnt sér málið vel. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem eru í nál. Ein brtt. fjallar um það að færa í fyrra horf atriði, sem var í frv.

Það hefur tíðkazt, að skólanefndir geri till. um, hvaða kennara eða skólastjóra skuli veittar lausar stöður, en síðan hefur kennslumálaráðh. veitt stöðuna. Í Nd. var þessu breytt þannig, að skólanefndunum er fengið í hendur meira vald. N. taldi rétt að færa þetta í fyrra horf, þar sem hér er um að ræða ríkisstofnanir, að mestu reknar fyrir ríkisfé og stofnkostnaður allur frá ríkinu. Hins vegar þótti n. rétt að heimila skólanefndum að ráða kennara um stundarsakir.

2. brtt. n. er einnig um að færa til fyrra horfs atriði, sem breytt var í Nd. varðandi stofnkostnað skólanna. N. þótti það óeðlilegt, að ákveðið skyldi, að skólarnir skuli verða eign sveitarfélaga, þar sem ríkið leggur mest fé fram til þeirra. Það virðist að öllu leyti eðlilegra, að skólarnir verði sameign þeirra aðila. — 3. brtt. n. er einnig varðandi þetta sama atriði, og skal ég ekki fjölyrða þar um, en okkur þótti rétt að færa þetta í fyrra horf.

Ég mun svo láta þessi orð nægja sem grg. fyrir þessum brtt., en vænti, að málið fái fljóta afgreiðslu í þessari hv. d.

Bjarni Benediktsson: Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að ég teldi 2. mgr. 10. gr. óeðlilega. Þá var ekki hægt að halda uppi vörnum fyrir þessu ákvæði, en sagt, að þetta væri í fyrri l. um fræðslu barna. Nú flyt ég skrifl. brtt. þess efnis að fella þennan lið niður.

Þá vildi ég beina þeirri spurningu til hv. frsm., hvort ekki væri rétt að breyta ákvæðinu um orlof kennara til samræmis við það, sem er í l. um barnafræðslu. Barnakennarar munu ekki hafa neitt betra en aðrir kennarar og því ekki ástæða, að þeir hafi lakari rétt. En þótt gera eigi vel við kennara, þá ætla ég, að það sé ofrausn að gefa þeim skyldufrí tíunda hvert ár.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 888) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég flyt á þskj. 739 brtt., sem meðnm. minir gátu ekki fallizt á. En ég mun að öðru leyti ekki gera ágreining varðandi afgreiðslu n. Ég hygg, að ég mæli það rétt, að gert sé ráð fyrir 27 stunda kennslu á viku. Nú er lagt til, að sú breyt. verði gerð, að hver stund sé stytt niður í 45 mín., en það mun víðast hvar orðin venja. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að þessi breyt. minnki ekkert vinnu kennara, þannig að ekki er ástæða til að fjölga kennslustundunum vegna þessa ákvæðis. Að öðru leyti ætla ég, að till. skýri sig sjálf, þannig að óþarft sé að ræða hana nánar. En ef óskað er eftir, get ég fallizt á að taka till. aftur til 3. umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og tekið er fram í nál., þá áskil ég mér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Varðandi brtt., sem fram hefur komið við 10. gr., vil ég taka það fram, að *ég mun greiða atkv. með* þeirri brtt. Hins vegar hef ég ekki ákveðið afstöðu mína til ákvæðisins um orlof kennara. En ég hef haldið því fram, að þetta ætti að vera í reglugerð, en ekki í l. Ég viðurkenni, að þetta er rausn, hvort sem það er nú ofrausn eða ekki.

Um brtt. hv. 3. landsk. vil ég taka það fram, að ég er henni mótfallinn, þar sem ég tel, að *hún þýði í raun og veru fjölgun kennara* um 10%. Annars verða atkv. að skera úr um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 739 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 875,1.a—b samþ. með 9 shlj. atkv.

— 888 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BSt, BBen, EE, GJ, GÍG, LJóh, MJ.

nei: BrB, HG, ÁS, StgrA.

5 þm. (PM, ÞÞ, HermJ, IngP, JJ) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11.—60. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 875,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

61. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 875,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

62. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

63.—65. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 889, 739).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er komið að því, að þetta frv. fari að kveðja þingið, en ég hef ekki haft tækifæri til þess að athuga það nógu vel. Ég vil aðeins segja örfá orð um eitt atriði, sem hefur gengið hér í gegn og kemur víða við. Það er ordalagsatriði í 39. gr. frv. Það hefur ekki verið tíðkað að veita orlof embættismönnum ríkisins úr embætti nema undir sérstökum atvikum, eða þá að heilbrigðisástæður væru fyrir hendi. Nú sýnist þetta vera farið að breytast og er nokkuð í samræmi við það, sem aðrir starfsmenn fá. En þegar verkafólk og starfsfólk yfirleitt fékk sitt orlof, var reynt að hafa samræmi milli allra aðila um það, að þeir fengju jafnt orlof. Nú virðist, ef á að hverfa að því, að þessir menn standi undir launal., nauðsynlegt að gefa út löggjöf um það, hvernig því orlofi skuli háttað. Nú virðist mér tekin sú stefna að veita sérstakt orlof, því að það á að vera tíunda hvert ár, sem kennarar eiga að fá þessi orlof; það er byrjað á þeirri stéttinni, sem hefur orlof 4—6 mánuði af hverju ári, því að kennslutími þeirra er oft 6—8 mánuðir. Ég verð að segja það, að ég tel það það fyllsta að láta þessa menn fá einu sinni orlof á ævinni, ef sérstaklega er mælt með því. Það var á síðustu stundu horfið frá því í barnafræðslul. að hafa það þannig, að kennarar fengju orlof tíunda hvert ár, heldur var þeim veitt það aðeins einu sinni á ævinni, og þeir urðu þá að vera búnir að vera í embætti í 10 ár. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram brtt. í samræmi við það, sem hv. d. hefur samþ. í fræðslul. um barnakennara, og hún er á þá leið, að þegar kennarar hafa gegnt embætti í 10 ár, þá hafi þeir einu sinni rétt til orlofs frá kennslu með fullum launum, í staðinn fyrir það, að ekki er talað um, að þeir eigi að fá orlof einu sinni, heldur síðan 10. hvert ár, og í samræmi við það, að í staðinn fyrir „orlofsárin" komi: orlofsár. — Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 918) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Herra forseti. Það lítur út fyrir, að þessu frv., svipað mörgum öðrum, sem nú berast Ed. á síðustu dögum þingsins, séu ætluð sömu örlög, þannig að það eigi að fara gegnum d. með lítilli athugun. Nú hefur þessi fræðslulöggjöf öll mætt nokkurri gagnrýni í þinginu, að svo miklu leyti sem hægt er að koma henni við. Get ég í því efni vitnað til l. um fræðslu barna og grundvallarfrv., þar sem lögð eru drög að sameiginlegu fræðslukerfi í landinu. Þessi mál bæði fengu að mínu áliti skaplega og þinglega meðferð í báðum d., og eins og ég tók fram, mættu allmikilli gagnrýni. Hinu verður svo að hlíta, að atkvæðamagn ráði, en ekki efa ég það, að margir þm. eru óánægðir með þá lagasetningu, en um það er ekki svo mikið að fást, því að það er fenginn meiri hl. fyrir þeim.

Nú er það svo með þessi tvö frv., það, sem er á dagskránni næst á undan, og þetta, að Ed. er með öllu meinað að koma við eðlilegri gagnrýni, og verður maður þá að segja, að það virðist vera nokkuð langt gengið að gefa ekki Ed., þó að hún sé að vísu ekki nema ⅓ þingsins, kost á því að fjalla um málið á þann hátt, sem þingsköp mæla fyrir. En þess er enginn kostur. Við, sem erum óánægðir með frv., verðum því að nota okkur þann eina rétt, sem okkur er gefinn, þann að reyna að koma að skriflegum brtt. með afbrigðum frá þingsköpum, sem ég tel sjálfsagt, að séu veitt, þar sem málið gengur í gegnum d. með afbrigðum frá þingsköpum.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Dal., að mér finnst hans brtt. ákaflega hófleg og á fullum rökum reist. Ég hefði kosið að gera tilraun með nokkrar brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, en ég sé þess engan kost, því að það er ekki á færi nema allra skörpustu manna að semja skriflegar brtt. við frv., þegar maður á ekki kost á því að lesa það einu sinni yfir, og frv. er þannig, að það er á tveimur þingskjölum, því að ekki hefur unnizt tími til að koma brtt. inn í aðalfrv., heldur eru komnar brtt. frá Nd. á sérstöku þskj. Ég hef þó gerzt svo djarfur að gera tilraun til að bera fram örlitla brtt. í tilefni þess, að í gegnum alla meðferð þessara mála í þinginu hefur komið fram allýtarleg gagnrýni á það, að frv. öll hnígi í þá átt að gefa kennslumálastjórninni einræði um skipun kennara. Þetta kom greinilega fram undir umr. um frv. um fræðslu barna, og þar voru nefnd nokkur dæmi þess, að í tíð núv. kennslumrh. hefði þessu valdi verið beitt þannig, að viðkomandi héruð væru a. m. k. mjög óánægð með það. Nú gengur þessi rauði þráður einnig gegnum þetta frv., sem hér liggur fyrir, og vil ég þar benda á 10. gr. c-lið, þar stendur, að skólanefndum sé skylt að láta fræðslumálastjórn í té rökstutt álit á umsækjendum um stöður þessar. En svo stendur ekki einn stafur um það, að ráðh. eigi að fara eftir þessu, og það er það, sem mér og öðrum hefur þótt á skorta, því ef ekki er sett inn í l., að eftir þessu skuli fara, þá nálgast þetta það, að ráðh. sé einvaldur um að skipa í stöðurnar, og ef svo er, þá sjá allir, að það ákvæði í 10. gr. er ekkert annað en pappírsgagn. Mér hefur því dottið í hug að flytja hér brtt., sem er ákaflega hógvær og má jafnvel líta á sem miðlunartill. frá þeim till., sem komið hafa fram í Nd. um þetta atriði, og till. hljóðar þannig, að aftan við c-lið 10. gr. bætist: „Skal fræðslumálastjórn skipa í hverja stöðu einn úr hópi þeirra, er skólanefnd hefur mælt með." Ég get ekki séð, ef svona till. er felld, að meining löggjafans sé nokkuð annað en það, að það eigi alls ekki að fara eftir till. þessa aðila, og til hvers er þá verið að setja þetta inn í l.?

Ég held, að þetta sé svo ljóst, að ekki þurfi að fara um það fleiri orðum. En ég lít svo á, að ef till. verður felld, sé það meiningin að hafa að engu till. skólanefnda.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 919) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég vil út af brtt. hv. þm. Dal. vitna í ummæli í nál. og fyrirvara minn um till. í þessa átt. Ég tel mér ekki fært annað en verða með þessari till. Ég hefði talið æskilegt, að sérstakar reglur yrðu settar um orlof kennara, og ég tel, að erfitt sé fyrir ráðh. að standa í því að ákveða þetta.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S.-M. hélt fram, að afgreiðsla þessa máls sé óþingleg, þá get ég ekki fallizt á það. Það er venja að flýta málum í þinglok, og þetta mál er búið að vera lengi á döfinni og hefur verið vandlega athugað, eins og ég tók fram í gær um þau frv., sem þá voru til umr. Hins vegar skal ég játa, að þetta frv. hefur hlotið minni athugun í n. en æskilegt hefði verið. — Þá vil ég taka það fram, að ég get ekki fylgt brtt. frá hv. 1. þm. S.-M., og ég tel, að það sé misskilningur hjá hv. þm., að með þessu frv. sé nokkuð breytt frá því, sem var. Ég hygg, að það séu héraðsskólarnir, sem hann og hv. þm. S.-Þ. hafa í huga, en þeir eru byggðir upp á allt annan hátt.

Gísli Jónsson: Það er nú ljóst orðið, að hæstv. forseti hefur tekið á dagskrá mál, sem ekki hefur hlotið fullkomlega athugun og hefur jafnvel ekki verið samið um. Ég bar hér fram við annað mál brtt. svipaðs efnis og hv. 1. þm. S.-M. ber fram nú, en sú till. var felld. Nú veit ég ekki, hvort hv. 1. þm. S.-M. var fylgjandi þessari till., en þar sem ég taldi, að búið væri að marka stefnuna í þessum málum, flutti ég ekki brtt. við þetta frv. Ég benti þá á þær upplýsingar, sem liggja fyrir varðandi skipun skólastjóra við gagnfræðaskólann á Akranesi, og sýndi fram á, hvað af því mætti læra.

Þá vil ég taka það fram, að ég tel eðlilegt, að skólanefndirnar geti ráðið nokkru um val þeirra manna, sem foreldrar fá börn sín í hendur, og ég undrast, að háskólaprófessor skuli láta skína hér í það, að foreldrum komi það ekkert við, hvort börn þeirra eru alin upp t. d. í hinu austræna lýðræði, enda er það svo, að í raun og veru eru það foreldrarnir, gjaldendurnir, sem greiða laun kennaranna, ríkið er þar ekkert annað en

milliliður. Þess vegna er ekki eðlilegt, að ráðh. hafi hér úrslitavald. Af þessum ástæðum mun ég fylgja brtt. hv. 1. þm. S.-M.

Varðandi orlof kennara vil ég segja það, að ég tel ekkert vit í því að ákveða slíkt af handahófi nú, slík ákvæði eiga heima í lögum um réttindi og skyldur embættismanna, og virðist nú vera að rofa til um skilning manna á þessu.

Ég sé, að í þessu frv. er gert ráð fyrir 30 stunda kennslu á viku á hvern kennara, en hv. 1. þm. Reykv. upplýsti í gær, að í húsmæðraskólunum væri gert ráð fyrir 36 stunda kennsluviku, og er það mátuleg rassskelling á kennarastéttina, að kvenfólkið skuli reynast úthaldsbetra og afkastameira. En þótt þetta mál nái nú fram að ganga með öllum sínum vitleysum, þá er það víst, að ekki verður hætt fyrr en komið verður í veg fyrir það ranglæti, sem þessi frv. skapa.

Ingvar Pálmason: Hv. þm. Barð. hefur nú svarað hv. 1. þm. Reykv. að mestu. Þó vildi ég árétta það, sem hv. 1. þm. Reykv. vildi bera brigður á, að meðferð þessa máls væri óþingleg. Hann kvað það algengt að hespa mál af í þinglokin, en ég ætla þó, að það sé óvenjulegt, að svo mikil áherzla sé lögð á að afgreiða hin þýðingarmestu mál, að ekki sé ætlaður nema einn dagur í síðari d. þingsins til að afgr. þau. Enda kemur það fram, að þetta mál er ekki glögglega athugað, þar sem þessi hv. þm. játar það nú við 3. umr., að í frv. séu ákvæði, sem ekki eigi þar heima.

Þá heldur hann því fram, að í þessu frv. sé engu breytt frá því, sem var, og ráðh. eigi að hafa veitingarvaldið, þar sem ríkið kosti skólana. Nú vil ég spyrja: Eru skólarnir ekki til fyrir fólkið? Nei, hér eru maðkar í mjölinu. — Ég vil minna hv. 1. þm. Reykv. í þessu sambandi á prestana og spyrja hann, hvort hann mundi vilja mæla með því, að veitt væri þar þvert ofan í till. safnaðanna. Ég held ekki. Ég veit fyrir víst, að þetta er meiningin. Það ber allt að sama brunni. Þetta frv. á að fara í gegn lítt athugað, þrátt fyrir töluverða gagnrýni. Þegar á að fara að halda uppi vörnum, þá verða rökin svo sundurleit, að þar rekst eitt á annars horn. Þá var það ein röksemd hv. frsm., að þetta væri það sama og væri í l. En hvernig er það, er ekki verið að breyta l.? Er ekki verið að breyta þeim til þess að laga þau? Ég held það sé tilgangurinn að breyta þeim til hins betra. Ég sé ekki betur en breyta eigi fjölmörgu til hins lakara, en þau atriði, sem hneigjast til meira lýðræðis, þau eru bannfærð. Og þá fer ég að skilja málið. Hv. frsm. menntmn. sagði áðan, að þeir, sem málinu fylgdu, greiddu þessu öllu jákvæði eins og það kemur fyrir frá ríkisstj. Ég sé ekki ástæðu til að halda uppi miklu þrátti um þetta. Þetta er skýring mín, sem mörkuð er með brtt., sem fyrir liggur. Og verður atkvgr. í hv. d. að skera úr um þetta. Hins vegar verð ég að segja það, að ef það væri ætlun andstæðinga stj. að halda uppi málþófi, þá er það áreiðanlegt, að þessi mál eru vel til þess fallin. En það er ekki ætlunin að fara þá leið. Ég vænti þess, að þrátt fyrir allt sé ekki vonlaust, að þessi brtt. mín verði samþ., því að ég verð að segja, að það er dálítið annað með þessa gagnfræðaskóla en barnafræðsluna. Ég verð að segja það, að ég tel það sé fyllsta sanngirniskrafa, að þeir, sem eiga að nota skólana, hafi tillögurétt, sem tekinn er til greina um það, hverjir eru kennarar við skólana, ekki síst gagnfræðaskólana. Sem betur fer er það svo enn þá a. m. k. í strjálbýlinu og í kauptúnum, að foreldrarnir hafa tögl og hagldir, hvað snertir uppeldi barnanna fyrir innan 13 ára aldur, en ekki eftir að gagnfræðaskólinn tekur við. Því finnst mér, að rétt þeirra til íhlutunar um skipun kennara við gagnfræðaskólana sé ekki eins ríkur og rétturinn til íhlutunar um skipun barnakennaranna, heldur töluvert ríkari. Ég skal svo láta útrætt um þetta mál. Mér er ljóst, að þessi brtt. er ekki nema lítið brot til að laga þá galla, sem á þessu frv. eru.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki tefja lengi með þetta. Það er aðeins það, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um undirbúning málsins. (*IngP:* Um meðferð málsins í þinginu.) Ég vil einnig endurtaka það, sem ég sagði, að þetta er það, sem er ákaflega algengt. Þegar samvinnun. fjallar um mál, þá kemur vilji beggja n. fram í breyt., sem gerðar eru. Og er þetta alveg eðlilegt. Það er eðlilegt, að við höfum ekki eins ástæðu til að gagnrýna frv., þegar það kemur frá Nd. og hún er búin að fjalla um það. Og það að hraða málinu á síðustu stundu er algeng regla, ekki að vísu góð regla, en mjög algeng og því ekki óeðlileg, ef vitnað er í venjur. Hins vegar er ekki eins góð meðferð á málinu og skyldi, en ég tel það samt ekki svo hættulegt, að það stofni nokkru í voða.

Ég skal svo ræða það með nokkrum orðum, hvort mér finnst það heppilegra, að ríkið veiti þessi embætti eða skólanefndirnar. Ég ætla að svara báðum þessum hv. þm. í einu. Mér finnst þeir taki málið frá öðru sjónarmiði en ég. Hv. þm. Barð. sagði, að ég tæki þetta eins og „forretningu", færi bara eftir peningunum og hver legði þá til. Það er nokkurt atriði. Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að skólarnir væru fyrir fólkið og það hefði mestan hag af því, hverjir veldust þangað, og því væri rétt, að fólkið réði því. Það, sem hér er um að ræða, er að tryggja það, að til skólanna veljist hinir beztu kennarar og stjórnendur. En þeirra verk er að „móta sálir barnanna", eins og það var orðað hér áðan. Og það skiptir mestu máli fyrir fólkið, að kennararnir og skólastjórarnir vinni þetta verk vel. Ég tel þetta betur tryggt, ef fræðslumálastjórnin ein hefði valdið, fyrst á ábyrgð ráðh., sem svo síðan er ábyrgur fyrir Alþ. Í öðru lagi er fræðslumálastjórnin, sem náttúrlega er valin af betri endanum, færari og reyndari í þessum málum en dreifðar skólanefndir um allt land. Og það er a. m. k. einn kostur við það að fela fræðslumálastj. meira vald: Þá er þó samræmi í þessu um allt land. (*IngP:* Gegnir þá ekki sama máli um biskupinn líka?) Hvernig stendur á því, að fyrst skuli ekki vera sett launal. og síðan skuli öðrum aðilum, dreifðum um landið, falið að veita embættin, ef það er svo mikill gróði

fyrir fólkið? T. d. er bæjarfógetinn á Akureyri skipaður af forseta og ráðh. Og hvers eiga menn að gjalda, að bæjarfógetar, sýslumenn, læknar og yfirleitt embættismenn skuli ekki vera skipaðir af fólkinu sjálfu og ekki af fulltrúum fólksins? Hið rétta í þessu er, að þeir eru einmitt skipaðir af hinum virkilegu fulltrúum fólksins. Hér virðist mér vera um grundvallarmisskilning að ræða. Það er eins og þessir hv. þm. álíti, að Alþ. og ríkisstj. séu engir fulltrúar fólksins og geti því skipað menn til bölvunar til að „móta sálir barnanna". Alþ. felur ríkisstj. að gera þetta vegna þess, að þeir menn, sem í henni eru, eru ábyrgir, — menn, sem hægt er að halda að. Þeir eru kosnir um hverjar kosningar. En hinir þessir mörgu aðilar eru með ýmsu móti. Hv. þm. kom svo að prestskosningunum. Hv. þm. fann, að þarna var um eina undantekningu að ræða. Um tíma hefur það verið þannig, að gerð hefur verið tilraun til að láta söfnuðina fá íhlutunarrétt um val prestsins, ef söfnuðurinn er sammála. Þetta gildir aðeins, ef söfnuðurinn er mjög sammála, annars er ráðh., sem skipar prestinn, frjáls. Og ég vil segja hv. þm. það, að réði ég hér um, mundi ég taka þetta vald af á augnablikinu. Það hefur reynzt svo illa að mörgu leyti, að ekki er tími til þess að lýsa því. Presturinn, sem á öllum öðrum embættismönnum frekar að vera starfsmaður, þjónn og vinur allra í söfnuðinum, hann byrjar að ganga í gegnum harðvítuga kosningabaráttu með öllum þeim fjandskap og illindum, sem því fylgir. Þegar hann kemur svo í héraðið, hefur hann oft hálfan söfnuðinn upp á móti sér sem andstæðinga. Ég var einu sinni kosinn prestur, og var þá staddur í annarri heimsálfu. Og hvers varð ég fyrst var, þegar ég kom í prestakallið? Það var, að söfnuðurinn var svo klofinn í fjandsamlega parta, að það líktist engu, búið að stofna fríkirkju til þess að forða mönnum frá þessum voðamanni o. s. frv. Þetta er ákaflega notalegt eða hitt þó heldur. Og þetta var eina undantekningin, sem hv. þm. gat bent á. Ég hef borið fram frv. til að afnema þetta. Og ég hef barizt fyrir þessu á prestastefnum í mörg ár. Ég er sannfærður um, að það er miklu betra, að fulltrúar þjóðarinnar, sem hafa völdin, veiti embættin, eftir tillögu t. d. biskups í þessu tilfelli. — Ég ætla svo ekki að ræða meira um þetta. Ég vil leggja áherzlu á það, að með því að fræðslumálastjórnin hefur veitingarvaldið, þá vil ég telja það tryggara, að skólastjórar og kennarar séu betur valdir fyrir fólkið, því að ég treysti þeim aðila betur til að velja rétt. Að lokum vil ég segja það, að reynslan er sú, eftir því sem fræðslumálastjóri hefur sagt mér, að 80—90% af stöðunum er veitt eftir till. skólanefnda. Hitt er svo annað mál, að endanlega valdið liggur hjá ráðh. Ég veit svo ekki, hvaða ráðstöfun það er, sem ekki sætir gagnrýni. Og við því er ekkert að segja, þótt það sé gagnrýnt, sem aðili gerir samkv. sínu valdi. Og ég gæti hugsað mér, að skólanefnd, sem í sætu bræður og venzlamenn, væri ekki alveg hlutlaus, þegar veita á embætti. Ég held það sé fjarri því, að þetta vald skólanefnda tryggi það, að til skólanna fáist einmitt þeir stjórnendur og kennarar, sem eru fyrir fólkið. Ég veit, að till. hv. 1. þm. S.-M. er miðlunartill., en þó get ég ekki fylgt henni.

Ingvar Pálmason: Ég heyrði, að hv. frsm. menntmn. er fallinn frá fyrri skoðun sinni um það, að ríkisstj. eða ráðh. ætti að veita embættin vegna þess að ríkið kostaði skólana. Og er nú hv. þm. kominn inn á nýja braut. Nú segir hann, að ráðh. ættu að skipa embættismennina, vegna þess að það væru beztu mennirnir. Það er nú að sumra dómi, en ekki allra. Þessi skoðanaskipti hv. þm. verða aðeins skilin út frá vissum forsendum, því að fyrri afstaða hans í þessu máli var, eins og hv. þm. Barð. sagði, eins og hrein „forretning". (*MJ:* Ég gleymdi þessu atriði.) Nú hlýtur hv. þm. að sjá, hvað af þessari tilhögun hans leiðir. Við vitum, að stjórnarskipti geta verið tíð. Og þótt það kunni að vera beztu mennirnir úr hinum ráðandi flokkum, sem veljast í ráðherrasætin, þá er það stórt atriði, að það eru að verða einlæg skipti oft og einatt. Og það, sem af þessu leiðir, er öryggisleysi, þar sem sami ráðh. situr oft og einatt ekki nema heilt kjörtímabil. Hver og einn skipar eftir sínu höfði. Það kemur annar á eftir öðrum og skipar þveröfugt við fyrirrennara hans. Og sér ekki hv. þm., hvert öryggisleysi liggur í þessu fyrir þá, sem eiga að búa undir þessari skipan? (*MJ:* En breytast skólanefndir ekki?) Jú, þær breytast, en ekki í réttu hlutfalli við ráðh. Og ég fullyrði það, að núv. menntmrh. hefur ekki meiri hl. þjóðarinnar á bak við sig. Ég efa, að hann hafi 10. hluta hennar. Þetta finnst hv. 1. þm. Reykv. ákaflega gott. Ég held meiningin sé þá að ganga lengra, þannig að afnema íhlutunarrétt þegnanna og velja í eitt skipti fyrir öll beztu mennina og láta þá sitja. Það eru mörg dæmi fyrir því, og það stendur ekki með öllu langt frá vissum ráðamönnum. Þetta eina getur réttlætt þessa kenningu hv. þm. En hinu gæti ég trúað, að ekki væru það allir flokksmenn hv. 1. þm. Reykv., sem vildu þetta.

Ég held ég láti nú hér staðar numið, en vil segja það, að þegar þinglokin standa fyrir dyrum, þá finnst mér rétt, að hv. þm. gefist kostur á að leiða saman hesta sína, en þá koma oft fram ný og óvænt sjónarmið, sem maður á oft sízt von á, eins og t. d. það, er hv. 1. þm. Reykv. lýsir yfir því, að hann vilji ganga lengra en gengið er í þessu frv., vilji afnema prestskosningarnar. Það er nú svo. Ég verð að segja, að þetta staðfestir þá skoðun mína á þessum hv. þm., að það virðist vera, að hans sálarlíf stefni beint í einræðisátt. Og það vil ég segja, að það er ákaflega langt gengið, þegar á einnig að taka það frjálsræði af mönnum að mega ráða sér trúarkennara. Og það er ekki í samræmi við siði Lúterskirkjunnar. Hún er talin byggð á því, að allir þegnar í landinu hafi trúfrelsi, og stjórnarskráin ákveður það. Ég held kirkjunni væri þarfara að sýna sem mest frjálsræði, og ég er viss um, að henni er það fyrir beztu, heldur en vinna að því að afnema prestskosningarréttinn. En ég trúði því, að þessi hv. þm. væri frjálslyndari en raun ber vitni um í öllum kirkjunnar málum. En ef það er meiningin, að hann vilji aðskilnað ríkis og kirkju, þá skil ég hann. Ég læt

mér ekki detta í hug, að hann vilji afnema kirkjuna, en get haft þær grunsemdir um aðra menn. Ég hugsa hann vilji við afgreiðslu þessa máls eins og oftar fara fljótfærnislega yfir og hugsa málið ekki ofan í kjölinn. Afgreiðsla þessa máls er eitt fljótfærnisverk frá upphafi til enda.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki ræða um prestskosningalögin. Það liggur ekki fyrir. En ég vil leyfa mér að minnast aðeins á þau. Þar er ólag á, sem hv. þm. kann kannske betra ráð til að bæta úr en ég. Það er ákaflega langt frá hugsjóninni það fyrirkomulag, sem nú er. Ef hv. þm. finnst þetta rétt, þá er hann um það. En um það ætla ég ekki að ræða. Mér finnst það undarlegt, þegar verið er að segja, að þetta lagafrv. sé búið til til þess að veita völdin í hendur núv. menntmrh. Mig skal því ekki furða, þótt þessi hv. þm. tali um lítinn undirbúning þessa máls. Frv. er samið af mþn., sem var skipuð áður en núv. ríkisstj. tók við. Og þessi n. starfaði svo algerlega óháð núv. menntmrh. Ekki einu atriði hefur verið breytt í þá átt að veita meira vald í hendur hæstv. ráðh. heldur en þessi hlutlausa n. lagði til. Ég verð að segja það, að ef á að finna að þessari mþn., þá er það helzt það, að í hana voru valdir óþarflega einhliða skólamenn. Í hana vantaði lögfræðing eða fulltrúa ríkisvaldsins almennt. En núv. hæstv. menntmrh., sem reyndar engin ástæða er til að vera að verja hér, er algerlega saklaus af þessu. N. var skipuð áður en nokkrum manni datt í hug, að hann eða hans flokkur fengi íhlutun um stjórn landsins. Undirbúningur mþn., sem starfar vel um langan tíma, hefur verið talinn sæmilegur undirbúningur mála, og svo starf í gegnum langan þingtíma. Undirbúningurinn er góður. En ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, ef svo stæði ekki á, að kosningar standa fyrir dyrum, að dregið væri að afgr. málið endanlega fyrr en á næsta þingi. En ég tel það óhyggilegt að láta svo stóran lagabálk liggja óafgr., af því að þessi átök eru framundan, og því skuli þingið afgr. málið nú. Svo ber að gæta þess, að á hverju þingi stendur það opið að breyta þessum l., ef þurfa þykir.

Það er mikils virði, að þessi mál geti verið í sem beztu lagi, og er það hagur fyrir ríkisvaldið og gæti hentað bezt, að skólamálin séu undir einni yfirstjórn líkt og læknamálin. Ég tel það tryggingu fyrir góðum starfskröftum, en ekki til þess að vera á móti fólkinu í héruðum landsins. Samt geta stundum orðið mistök, því verður ekki neitað. Hv. þm. sagði, að oft væri breytt um ríkisstjórnir, en það er þó ekki nema lýðræði, segi ég. Er það ekkert óeðlilegra í skólamálum en öðru, og vilji þjóðin fá radikal flokk, þá kýs hún svo. Þá kemur fram þjóðarlýðræðið, þótt einn flokkur sé í minni hluta nokkra stund. En ég játa, að einstaka skólanefndir gætu ráðið kennara betur en fræðslumálastjórnin, og þær gætu þá mælt með sérstökum mönnum. Sú er meginreglan.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég man ekki eftir því, að er ég var í ríkisstj., hafi nokkurn tíma verið út frá því vikið, að ég færi eftir útnefningu skólanefndanna á kennurum. En nú er það ekki lengur að dylja, að ný aðferð hefur verið upp tekin, og sagt er í gamalli löggjöf, að embætti skuli veitt að fengnum till. skólanefnda. Nú er það orðin venja að breyta út af þessu, og ég undrast það, að taka þurfi nú þennan rétt af skólanefndunum.

Sagt er, að skólanefndir skuli kosnar af sýslunefnd, og er séð þannig fyrir aðstöðu fræðslumálastj., að hún skipar formann, og ráðh. sér um það. Skólanefndarform. eru representaðir ⅓ meira, en ráðherra hefur meira vald en tillögur frá héraði. Nú er þó sagt svo í c-lið gr., að skólanefndir skuli láta á té rökstutt álit um umsækjendur, og ef nú fræðslumálastjórnin samþykkir ekki a, b eða c, þá er ekkert annað en hundsa till. skólanefndanna.

Hvað við kemur 10. gr., þá finnst mér það eðlilegt, að skólanefndirnar bendi á þá menn, er þær vilja fá sem skólastjóra, og ætti þetta að vera það minnsta tillit, sem tekið væri til þeirra. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að meiri hl. þjóðarinnar réði því. Þetta er ekki einu sinni sniðug blekking, ef sá maður, sem hefur starf menntmrh., skipar skólanefndarform. á móti vilja í héraði, en þar er líka kosið, og sá maður, sem fer nú með ráðherradóm í þessum málum, hann hefur aðeins 20% þjóðarinnar á bak við sig. Nei, þetta er ekki einu sinni sniðug blekking. Hins vegar er hér um að ræða pólitíska samninga milli flokka. Hæstv. núv. menntmrh. hefur notað vald sitt til þess að skipa menn í stöður sér í pólitískan hag. Hv. 1. þm. Reykv. hefur gert samning við hæstv. menntmrh. og segir, að lög séu ekki eilíf og dagar komi á morgun og þá sé hægt að slaka á klónni í svip, og sé nú verið að ganga á hag skólanefndanna, þá megi breyta lögunum aftur. Ég hygg, að þetta sé nú hitamál af hendi hæstv. menntmrh. og lítils virði sé að bera fram brtt. og þess vegna verði brtt. hv. 1. þm. S.-M. ekki samþ., en hún kom fram í þeirri von, en það sýnist svo, að um þetta mál sé samið, og mér finnst vænt, ef breyta má þessu seinna. Ég sé ekki rök fyrir því, að ekki megi skipta um valdsvið, ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. væri samþ. og milt væri farið í sakirnar, og ég skil ekki hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. kennslumrh., ef þeir tala um rétt skólanefndanna, hvers vegna þeir fella brtt. hv. 1. þm. S.-M. Hér er verið að sniðganga skólanefndirnar, en ég vil ekki væna hæstv. ráðh. frekar en aðrir nema um allt það bezta, en ég tortryggi notkun þess valds, sem afhent er í hendur hæstv. ráðh. til að skipa skólastjóra og skólanefndarformenn, og ef þessi ákvæði verða samþ. án samþykktar brtt. hv. 1. þm. S.-M., þá er það vilji í þessu máli, að fræðslumálastjórnin virði ekki vilja skólanefndanna.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mikið gerir hv. þm. Str. sér upp, er vonað er að fá brtt. hv. 1. þm. S.-M. samþ. Hann segir, að ákvæði frv. hafi ekki áður verið í l. Ég sé nú ekki muninn og vil ég benda á barnafræðslulögin, svo orðalagi er ekki breytt í öllum lagabálknum. Það er ekkert nýtt ódæði við það að endurtaka sömu ákvæðin í þessu, og hv. þm. Str. talaði um hita hæstv. kennslumrh. í þessu máli, en á þetta ekki

frekar við um þennan hv. þm. sjálfan og brtt. hv. 1. þm. S.-M.?

Ég vil upplýsa, að frv. hefur meiri hl. stj. að baki sér, og slíkt er þingræði, en það eru réttindi lýðræðisins að skipa stjórnir. Þetta getur hv. þm. Str. ekki skilið, en hann sat nú sjálfur 8 ár í ríkisstj. með litinn hluta þjóðarinnar að baki sér, en það var þá þingræðisstj., og mig furðar ekki, þótt komið hafi fyrir við og við, að skólastjórar hafi verið skipaðir pólitískt, eða var það ekki Framsfl., sem skipaði á sínum tíma Sigurð Thorlacíus í skólastjórastöðu gagnstætt vilja skólanefndar? — Ég skal svo ekki segja fleira um þetta.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann með langri ræðu, en í rauninni er það ekkert smáatriði, hvernig þessum málum er ráðið til lykta. Þeim í mínu kjördæmi þótti þetta ekkert smáatriði, að verða fyrir barðinu á hæstv. ráðh. og fá allt annan kennara en þeir vildu.

Ég sagði, að í þeim l., sem nú gilda, þá hefði ráðh. þetta vald vegna orðalagsins, en það var ætlazt til, að skólanefndirnar réðu þessu. Og ég man ekki eftir, að frá þessu hafi verið vikið, meðan ég var í ríkisstj. Og viðvíkjandi því, að hv. þm. nefndi skólastjóra Austurbæjarskólans, þá var það ekki í minni tíð, heldur hv. þm. S.-Þ., og slíkt tel ég ekki til fyrirmyndar. Annars hélt ég, að þessi hv. þm. vildi sízt hnjóða í hv. þm. S.-Þ. Ég tel eðlilegast, að skólanefndirnar ráði þessu, og þótt hægt sé að breyta gegn því, þá er það brot á venju, þótt það sé ekki lagabrot, og mælist illa fyrir hjá hæstv. ráðh. Ef þetta er samþykkt, þá er verið að samþ., að ekki þurfi að taka tillit til skólanefndanna, þær eiga að segja álit sitt, en á því þarf ekkert mark að taka, og sé ég enga ástæðu til að rýra þannig vald skólanefndanna. Ég skal ekki lasta n., sem hefur haft þetta mál til athugunar, en það er ekki venja að láta n. ráða, ef annað reynist réttara, sérstaklega ef það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að n. hafi sofið á Laugarvatni. En ég skal ekki segja, að n. hafi ekki unnið sitt verk, en Alþ. þarf ekki að hlíta því, ef annað reynist réttara. Ég mótmælti ekki, að þessi stj. væri þingræðisstj., en ég sagði, að sá ráðh., sem ræður í hlutaðeigandi ráðuneyti og hefur ⅙ hluta þjóðarinnar á bak við sig, ræður þessu alveg og getur skipað skólastjóra án þess að þurfa nokkuð að fara eftir vilja skólanefndanna. Þetta finnst mér ranglátt, en það þýðir ekkert að ræða um þetta við hv. þm., hann er búinn að flækja sig inn í þetta samningsnet, þótt ég trúi ekki, að þetta sé sannfæring hans.

ATKVGR.

Brtt. 919 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, PHerm, ÞÞ, BSt, GÍG.

nei: ÁS, LJóh, MJ, EE, GJ, HG, StgrA.

4 þm. (JJ, PM, BBen, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég bar fram brtt. við barnaskólafræðsluna um, að ráðh. skyldi ekki heimilt að skipa í slíkar stöður gegn eindregnum mótmælum skólan. Sú till. var felld. En þessi till. gengur þó enn lengra en mín till. og skapar ósamræmi í fræðslul., og úr því þetta var fellt fyrir mér við barnaskólafrv., vil ég ekki vera með að skapa slíkt ósamræmi og segi nei.

Brtt. 739 felld með 10:3 atkv.

— 918 samþ. með 8:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 117. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 920).

Á 118. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 119. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 920, 948).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Hv. Ed. gerði nokkrar breyt. á þessu frv. Við 10. gr. hafa verið gerðar breyt. á c- og d-lið. Eins og menn muna, var hér í Nd. gerð breyt. á c-lið upphaflega frv., en nú hefur Ed. fært þá breyt. aftur í sitt fyrra form. Þá hefur Ed. bætt inn nýju atriði, um að skólanefndir ráði kennara um stundarsakir, ef þörf krefur. Með þessu atriði kemur Ed. nokkuð til móts við Nd. Þessar breyt. eru í samræmi við skoðun meiri hl. menntmn. Breytingin, sem gerð hefur verið við 39. gr., er um orlof. Hér er rætt um að veita eins árs orlof 10. hvert ár, en tekið fram, að engum kennara sé veitt slíkt orlof nema einu sinni að afloknu 10 ára starfi.

Þá er breyt. um eign skólahúsa, og er gert ráð fyrir, að þau séu sameign ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Meiri hl. menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir, en einn nm., hv. þm. A.-Sk. (PÞ), flytur brtt. á þskj. 948. Ég geri ráð fyrir, að hann muni ræða um þær till., og sé því ekki ástæðu að ræða þær að sinni.

Páll Þorsteinsson: Eins og 8. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir, hafa verið gerðar breyt. á þessu frv. í Ed. Það má segja, að sumar breyt. skipti litlu máli, þó tel ég sumar þeirra til hins verra, svo sem um orlof kennara. Mér sýnist líka, að menntmn. Ed. og sú d. hafi íhugað málið fremur lítið, og vil ég benda á til staðfestingar þeirri grunsemd minni, að í breyt. er talað um gagnfræðaráð, sem alls ekki er lengur til í frv., þó að það hafi áður verið í því. Ég flutti brtt. í haust um málið, sem náðu samþykki d., en nú hefur Ed. fellt þær niður. Ég flyt því hér 3 brtt. á þskj. 948. 1. brtt. er um, að skólanefndirnar fái íhlutun um, hvaða menn fá stöður við skólana. — 2. brtt. er um það, að skólar gagnfræðastigsins skuli vera sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjarfélaga. Ég tel hæpið, að hitt atriðið, sem Ed. leggur til, að skólahúsin séu sameign ríkis og bæjar- og sveitarfélaga, standist vegna stjórnarskrárinnar. Ég vil benda í

þessu sambandi á eitt dæmi og vel til þess Laugarvatnsskólann. Tildrög hans voru, að bóndinn á þessu óðali, Böðvar Magnússon, stóð upp af óðali sínu og lagði það fram sem skólasetur, ekki þannig að hann seldi það ríkinu, því að skólinn skyldi vera sjálfseignarstofnun. Ég hef aðgætt, hvernig þetta er bókað í fasteignamatsbókinni, og komizt að raun um, að þar er allt fært sem eign skólans. Í frv. er talað um eignir skólans og enginn greinarmunur gerður á því, hvernig þær eru til komnar. Þetta tel ég ekki rétt, og þess vegna flyt ég brtt. um þetta atriði.

Ég hef unnið í þessum málum í menntmn. og borið þar fram þessa skoðun mína, en þar hefur ekki orðið samkomulag um þessi atriði. Ég stend fast með þessu máli, og þó að ég óski sérstaklega eftir, að brtt. verði samþ., mun ég ekki láta fall þeirra varða fylgi mínu við málið í heild. En það er slæmt að flétta þau atriði í merk mál, atriði, sem í sjálfu sér skipta kannske ekki miklu máli, sem vekja óánægju og oft harðar deilur, sem vinna málinu sjálfu stórtjón, eins og átti sér stað í sambandi við 17. gr. jarðræktarlaganna, sem þm. voru sammála um, en þó fléttað inn því, sem varð bitbein hverju þingi. Það verður engum til góðs og sízt málefninu að flétta slíkt inn í löggjöf. Vænti ég, að brtt. mæti sviþuðum skilningi og áður og verði samþ.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Ég vil leiðrétta þá villu, sem slæðzt hefur inn í 61. gr., þar sem stendur „gagnfræðaráð", en á að vera: fræðsluráð. — Ég mun ekki eyða tíma í að rökræða frekar þessi mál við þm. A.-Sk. Við höfum rætt þetta svo mikið áður, og geri ég ekki ráð fyrir, að okkur takist að sannfæra hvor annan frekar en verið hefur.

Varðandi eignir skólahúsa og það, sem þeim tilheyrir, þá er þarna um að ræða framlög bæði frá ríki og bæjar- eða sveitarfélögum, og er því eðlilegt og rétt, að báðir þessir aðilar eigi þetta. Varðandi óánægju um þetta atriði, sem þm. var að tala um, þá veit ég vart, hvað hann á við. Kennarafundurinn, sem athugaði þessi frv., áður en þau voru lögð fyrir þingið, gerði enga aths. við þessa gr.

Ég vil svo ekki tefja málið með því að hafa þetta lengra, en vænti, að d. samþ. frv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir og meiri hl. menntmn. d. leggur til.

Skúli Guðmundsson: Ein af brtt. á þskj. 948 er við 62. gr. frv., umorðun. Ég vil rétt benda á, að eins og gr. er orðuð nú í frv. á þskj. 920, þá er hæpið, að hún geti staðizt, því að samkv. henni gæti verið um eignarnám að ræða, þar sem stendur, að ríkið og sveitarfélög taki við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. En skv. frv. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram ¾ stofnkostnaðar. Ég vil benda á, að skólar þessir eiga eignir og þ. á m. sérsjóði, sem eftir þessari gr. er ætlazt til, að ríkið eignist að ¾ hlutum. Það er vitað mál, að framlög ríkisins og viðkomandi héraða hafa ekki skapað eignir skólanna að öllu leyti. Þannig er um margar af eignum skólanna, að þær hafa orðið til á annan hátt en ríkið hafi lagt þar nokkuð fram. Ég tel, að þetta geti eigi staðizt, og er sjálfsagt að samþ. fram komna till. frá hv. þm. A.-Sk. Brtt., flutt af þeim hv. þm., var samþ. hér áður með miklum atkvæðamun, og þess vænti ég, að svo fari einnig nú. Ég held, að Ed. muni varla fara að vísa málinu til Sþ. En þetta er sjálfsögð lagfæring á frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 121. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 948,1 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, PO, SkG, StJSt, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GÞ, HelgJ, JS, JörB.

nei: SigfS, SB, SG, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, HB, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, BG.

SK, IngJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (SEH, SÞ, GSv) fjarstaddir.

Brtt. 948,2 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GÞ, HelgJ, IngJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO.

nei: SigfS, SB, SG, SK, STh, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, GTh, HB, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, BG.

SEH, StJSt, EmJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (SÞ, GSv) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Sigurður Bjarnason: Ég greiddi hér áður atkv. með þessari till., og þótt ég hafi ekki skipt um skoðun, þá vil ég ekki eiga hlut að því að hrekja málið á milli deilda með því að samþ. þessa till. nú, og segi ég því nei.

Skúli Guðmundsson: Með því að ég tel, að 61. gr. frv., eins og hún er, feli í sér heimild til eignarnáms, án þess að endurgjald komi fyrir, en það tel ég hina mestu óhæfu, þá segi ég já.

Forsrh. (Ólafur Thors): Með tilvísun til grg. hv. þm. N.-Ísf. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Það snýst nú ekki eins fljótt hjá mér skoðunin og sumum öðrum hv. þdm. Og ég er ekki enn horfinn frá því að hlýða stjórnarskránni og segi því nei.

Brtt. 948,3 tekin aftur.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (A. 981).

72. Húsmæðrafræðsla.

Á 36. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um húsmæðrafræðslu (þmfrv., A. 190).

Á 38. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Þetta er 7. og síðasti liður frv., sem mþn. í skólamálum flytur að beiðni menntmrh. Áður eru til tvenn lög varðandi húsmæðrafræðslu, þ. e. lög frá 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög frá 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessi lög verði færð í eitt og húsmæðrafræðslan samræmd. Menntmn. d. hefur ekki haft málið til meðferðar, en n. mun taka málið til ýtarlegrar meðferðar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 6. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 190, n. 482, 494, 502).

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Frsm. menntmn., hv. þm. Snæf., hefur leyfi frá störfum í dag og hefur farið þess á leit við mig, að ég gerði grein fyrir brtt. menntmn. Þykir mér rétt að verða við þessu, ef það mætti greiða fyrir gangi þessa máls og þingstörfum. — Eins og fram er tekið á þskj. 482, hefur menntmn., eftir að hafa rætt þetta mál á nokkrum fundum, orðið sammála um að mæla með framgangi þess með þeim breyt., sem prentaðar eru á þskj. 494. Einn nm., hv. þm. A.-Sk., hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara, og kemur það í ljós með brtt., sem hann ber fram á þskj. 502, hvað í þeim fyrirvara felst.

Um brtt. þær, sem n. leggur til, er þetta að segja: Fyrsta brtt. er við 2. gr., að í stað orðanna „gagnfræðaráðs eða gagnfræðaráða" komi: fræðsluráðs eða fræðsluráða. Þetta er til samræmis við þær breyt., sem áður hafa verið gerðar á frv. til l. um gagnfræðanám, en eins og hv. þm. vita, hafa þar verið niður felld orðin: „gagnfræðaráðs eða gagnfræðaráða", en í staðinn innfærð orðin „fræðsluráðs eða fræðsluráða", m. ö. o. að það hefur verið hallazt að því ráði að hafa yfirstjórn þessara mála í höndum þeirra aðila, sem hafa með höndum yfirstjórn barnafræðslu, en það er fræðsluráð.

Þá er það önnur breyt. við 2. gr., að á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: „Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda". Með öðrum orðum, það þarf þessi skilyrði til að stofna húsmæðraskóla:

1. Till. hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.
4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
5. Fjárveiting Alþ. til stofnunar skólans.

Þá hefur n. lagt til, að á 7. gr. frv. verði þær breyt., að á eftir orðunum „tekju- og eignarskatts íbúanna" í 1. mgr. komi: eftir meðaltali 5 síðustu ára. — Þetta er í samræmi við þá breyt., sem gerð var á frv. um gagnfræðanám. — N. leggur til, að 8. gr. falli alveg burt. Þessa gr. taldi n. alveg óþarfa, því að ef um leiguhúsnæði væri að ræða, yrði sá leigukostnaður talinn með öðrum rekstrarkostnaði. — Við 9. gr. leggur n. til þær breyt., að hún verði orðuð um þannig: Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 10. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn. — Þetta ákvæði er hliðstætt því, sem d. ákvað um gagnfræðanámsfrv. — Við 10. gr. bætir n. aðeins við nánari ákvæðum um greiðslu til stundakennara. — Við 13. gr. leggur n. til orðabreyt., sem skipta að vísu ekki miklu máli. Aðalbreyt, er, að n. leggur til, að ákvæði þessarar gr. nái ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda. — Þá leggur n. til, að 15. gr. falli niður. Það er í samræmi við þá breyt., sem d. gerði á frv. um gagnfræðanám. Gr. mun líka óþörf, því að sömu l. gilda um flutning kennara milli embætta og annarra starfsmanna hins opinbera. — Breyt., sem n. leggur til að gerð verði á 16. gr., um orlof, er í samræmi við þá breyt., sem gerð var á þessu ákvæði í frv. um gagnfræðanám. — Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir, að inntökuskilyrði í húsmæðraskóla verði miðuð við 18 ára aldur. Um þetta atriði varð nokkur ágreiningur í n. Úrslit urðu þau, að n. leggur til, að þetta aldurstakmark verði fært niður í 17 ára, enn fremur, að í stað „unglingaprófi" komi: skyldunámi. Þá leggur n. til, að sú breyt. verði á 18. gr., að í stað orðanna „fjölga kennslugreinum" komi: fjölga og fækka kennslugreinum. — N. þótti eðlilegra að gera frv. þannig úr garði, að hægt væri að fjölga eða fækka kennslugreinum án þess að til þess þyrfti lagabreyt. — Brtt. n. við 20. gr. 2. málsgr. orðist svo: Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum. — Þetta er í samræmi við breyt. á frv. um gagnfræðanám. — Þá leggur n. til, að 22. gr. frv. falli niður, þar sem það atriði felst í 5. gr. frv. og telst því óþarft eins og það kemur fram í 22. gr.

Ég sé þá ekki ástæðu til að ræða þessar brtt. n. frekar. En varðandi brtt. hv. þm. A.-Sk. á þskj. 502, um að fela skólanefnd veitingavald, þá tel ég það fjarstæðu, þar sem um embættismenn ríkisins er að ræða. Ég gerði grein fyrir þeirri afstöðu minni við frv. um gagnfræðanám og tel því óþarft að tefja umræður með því að endurtaka það nú. — Um hina brtt. á þskj. 502 skal ég taka það fram, að ég tel hana vera meinlausa.

Ég skal fyrir hönd n. taka það fram, að hún er reiðubúin að taka þær brtt. og leiðbeiningar, sem fram kunna að koma við þessa umr., til athugunar milli 2. og 3. umr., ef þess verður óskað.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég tel þetta frv. miður úr garði gert en hin skólafrv., sem nú hafa fram komið hér á Alþ. Ég get þó sagt, að ég tel flestar brtt. frá menntmn. d. til bóta.

Ég mun ekki gagnrýna frv. í heild á þessu stigi málsins, en vil þó drepa á þrjú atriði, sem ég óska sérstaklega að n. taki til athugunar milli 2. og 3. umr. — Eitt atriðið er um skipun skólan. Þessir skólar verða reknir af bæjar- eða sveitarfélögum, með styrk frá ríkissjóði. Það virðist því eðlilegt, að sveitarfélögin eða bæjarfélögin hafi að minnsta kosti meiri hluta í skólanefnd. Í þessu frv. er aðeins gert ráð fyrir, að sveitar- eða bæjarfélögin kjósi tvo menn af fimm. Ég tel því rétt, að þessu verði breytt og fylgt þeirri meginreglu, að sveitarstjórn kjósi meiri hluta í skólanefnd. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að 2 menn séu kosnir af kvenfélagasambandi hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélags. Það er alls ekki víst, að það sé starfandi kvenfélagasamband á þessu svæði, þótt þar séu kvenfélög. Mér virðist eðlilegt, að slíkt samband eða félag, ef ekki er samband, kjósi einn fulltrúa í skólan., en sveitar- eða bæjarstjórn þriðja fulltrúa og að n. geti orðið fullskipuð, þótt ekki sé kvenfélagasamband starfandi.

Í 7. gr., þar sem rætt er um stofnkostnað íbúða, er ætlunin, að hann sé talinn með stofnkostnaði skólanna. Þetta finnst mér nokkuð viðtækt og væri alveg nýtt fyrirkomulag, ef ríkissjóður tæki að sér sem stofnkostnað við skóla íbúðir kennara og starfsfólks, að minnsta kosti við þá skóla, sem ekki eru heimavistarskólar. Þetta þarf því nánari athugunar við.

Þriðja atriðið, sem ég vildi benda á, er í 11. gr., þar sem rætt er um, að nemendur greiði húsaleigu. Ef húsmæðraskóli er heimangönguskóli, hvers vegna eiga nemendur í þeim frekar að greiða húsaleigu en í öðrum heimangönguskólum? Ég rak mig á þessi atriði við fljótan yfirlestur á frv., en það er eitthvað fleira, sem benda mætti á við nánari athugun.

Sigfús Sigurhjartarson: Menntmn. mun verða við tilmælum ráðh. um að taka málið til nánari athugunar og bendingar, sem hann hefur gefið, og eins ef fleiri koma fram við frekari umræður. Það er rétt hjá ráðh., að athugandi er, hvort sveitar- eða bæjarstjórn eigi ekki að hafa meiri hl. í skólan. Það voru gerðar um það fyrirspurnir af mþn. í skólamálum, hvort kvenfélagasambönd væru starfandi í öllum héruðum. N. fékk ákveðin svör um, að svo væri, frá þeim kvennaþingum, sem haldin voru á þessum tíma. En það er rétt hjá ráðh., að eðlilegt væri að hafa einhver ákvæði í 1., ef samböndin væru ekki til. Varðandi bendingar ráðh. viðvíkjandi 7. gr., að þar sé óvarlega til orða tekið, vil ég segja það, að í rauninni var gert ráð fyrir, að þessir skólar ættu allir að vera heimavistarskólar, því að álit þeirra, sem til var leitað, var á þá leið, að námið kæmi ekki að fullum notum á annan hátt. — Aths. við 11. gr. er af sama toga spunnin og er fram komin af sama skilningi, en n. gerir ekki ráð fyrir nema heimavistarskólum í því sambandi. — N. mun taka þessar aths. til athugunar og athuga, hvort ekki er rétt að gefa um þetta gleggri ákvæði.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Mér fyndist rétt að athuga, hvort ekki væri rétt, ef kvenfélagasamband er ekki starfandi á einhverjum stað, hvort ekki ætti að láta kvenfélag, sem væri starfandi á svæðinu, fá sama rétt til þessa máls. Það mun til, að kvenfélög séu starfandi, þó að ekki sé um kvenfélagasambönd að ræða, t. d. er svo á Ísafirði.

Út af því, sem frsm. n., hv. 8. þm. Reykv., sagði, að ætlazt væri til, að þetta væru aðeins heimavistarskólar, þá er tekið fram í 10. gr., að skólarnir geti verið hvort tveggja, heimavistarskólar eða heimangönguskólar, enda tel ég eðlilegt, að gert sé ráð fyrir hvoru tveggja.

Ég læt þetta nægja, en 10. gr. sýnir, að það þarf að gera ýmis atriði frv. greinilegri.

Páll Þorsteinsson: Eins og frsm. n. sagði, þá hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur að brtt., sem lögð er fram á þskj. 502. Brtt. er á sama veg og brtt. á frv. um gagnfræðanám. Þegar það var til umr., gerði ég grein fyrir þessari afstöðu minni og sé því ekki ástæðu til að endurtaka það hér. Ég vil aðeins taka það fram, út af orðum, sem féllu hjá hv. frsm. um fyrri brtt., að að mínum dómi felst aðeins það í henni, að skólan. eigi að velja mann úr hópi umsækjenda í skólana. Skólan. eru eftir sem áður bundnar af þeim umsóknum, sem berast, og í frv. að öðru leyti, 13. gr., er gert ráð fyrir, að kennarar fái skipun fyrir embætti þegar þeir hafa starfað í 2 ár, en ekki fyrr, og þótt brtt. mín væri samþ., þá stendur það óhaggað eftir sem áður, að sá kennari, sem skólanefnd mundi velja úr hópi umsækjenda í upphafi, gæti fengið skipun fræðslumálastjórnar þegar hann hefði gegnt starfinu í 2 ár, eins og til er tekið í 13. gr. frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82., 83., 84. og 85. fundi í Nd., 7., 8., 11. og 12. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 13. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 494,1 samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 494,2 samþ. með 26 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 502,1 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, JS, JörB.

nei: LJós, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, GTh, HB, BG.

SK, EmJ, JJós greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, PO, ÁÁ, IngJ, JPálm) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 494,3 samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 502,2 samþ. með 16:2 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 494,4 (8. gr. falli burt) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 494,5 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 22 shlj atkv.
— 494,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—12. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 494,7 (ný 13. gr., verður 12. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 494,8 (15. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 494,9 (ný 16. gr., verður 14. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 494,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
17. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 494,11 samþ. með 22 shlj. atkv.
18. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 494,12 samþ. með 18 shlj. atkv.
20. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
21. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 494,13 (22. gr. falli burt) samþ. með 22 shlj. atkv.
23.—25. gr. (verða 20.—22. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 88. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 549, 555).

Sigfús Sigurhjartarson: Eftir 2. umr. málsins tók menntmn. frv. til nýrrar athugunar, og varð hún sammála um að taka til greina sjónarmið hæstv. dómsmrh. og aths. hans. Hefur því n. borið fram brtt. á þskj. 555:

1. Um kjör skólanefnda. Þ. e., að kvenfélagasamband, sem hefur þessi mál á stefnuskrá sinni, hafi rétt til að tilnefna menn í skólan. Ef hins vegar ekkert samband sé starfandi á staðnum, skuli kvenfélag þar með húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni öðlast slíkan kjörrétt. Hæstv. ráðh. taldi rétt að gera ráð fyrir þessum möguleika. En viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd skyldi eiga kjörréttinn, ef hvorugu þessu væri til að dreifa. En í frv. var gert ráð fyrir, að einungis kvenfélagasamband skyldi eiga þennan kjörrétt. Og n. tók til greina bendingu hæstv. ráðh. að láta kjörréttinn ganga áfram, ef hann yrði ekki notaður af hlutaðeigandi sambandi eða félagi. Þessi breyt. skiptir eiginlega alveg sérstöku máli.

2. Brtt. við 7. gr. miðar að því að gera ótvírætt, að aðeins sé um að ræða íbúðir við heimavistarskóla og einvörðungu íbúðir þeirra skólastjóra, kennara, nemenda og starfsmanna, er búi í húsnæði sjálfs skólans.

3. Brtt. við 10. gr. er um það, að heimavistarnemendur skuli greiða húsaleigu.

Ég ætla, að menntmn. hafi alveg komið til móts við vilja hæstv. dómsmrh. með þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 555,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 555,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 555,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 561).

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 561, n. 858).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Brtt. þær, sem n. ber fram við þetta frv., eru samhljóða þeim brtt., sem ég lýsti við málið hér næst á undan, um gagnfræðanám. 5. gr. í þessu frv. samsvarar 10. gr. í hinu, og miðast brtt. við það. Brtt. við 7. gr. er samhljóða brtt. við hitt frv. — Brtt. við 22. gr. fjallar um að bæta við tveim húsmæðraskólum, sem hafa fengið styrki og hlotið gott orð. Virðist ekki ástæða til annars en þeir njóti sömu réttinda og aðrir húsmæðraskólar, þótt þeir falli máske ekki inn í heildarkerfið í framtíðinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál neitt nánar. N. mælir með, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún leggur til.

Bjarni Benediktsson: Ég vil leyfa mér að flytja skriflega brtt. við næstsíðustu málsgr. 5. gr., sem samsvarar 10. gr. í frv. hér næst á undan. Brtt. er þess efnis, að málsgr. falli niður.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 891) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Þótt þetta frv. sé búið að liggja fyrir Alþ., þá ber þessa umr. að fyrr en vænta mátti.

Ég hef ýmislegt við þetta frv. að athuga, en hef ekki komið því í verk að bera fram brtt. Það má vera, að þetta frv. sé vel athugað, en ég óttast þó, að svo sé ekki að öllu leyti, t. d. er skökk ívitnun í 8. gr. Annars er það einkum eitt atriði, sem ég tel athugavert, en það er ákvæði í 9. gr., um að tölu fastra kennara skuli miða við 12—16 nemendur. Þetta yrði í framkvæmdinni þannig, að í skóla með 30 nemendum yrði aðeins forstöðukonan og einn kennari. Ég veit,

að það er dýrt að launa kennara fyrir færri nemendur, en vegna þess að í þessum skólum er mikið verklegt nám, er ekki hægt að koma því við, að sami kennari hafi mjög marga nemendur. Á húsmæðraskólanum á Hallormsstað hefur þetta verið þannig, að þar hafa verið tvær fastar kennslukonur auk forstöðukonunnar.

Þá þykir mér undarlegt ákvæði í 13. gr., um að kennurum við húsmæðraskóla skuli skylt að kenna 36 stundir á viku, en í gagnfræðaskólunum er ekki gert ráð fyrir nema 30 stunda kennslu, og kom fram till. um að lækka það niður í 27. — Í 16. gr. þykir mér vanta nauðsynlegar námsgreinar, svo sem leikfimi og söng. Þetta eru hvort tveggja hollar námsgreinar, ekki síður fyrir stúlkur en pilta. Ég þykist sjá, að aðallega er ætlazt til þess, að húsmæðraskólarnir séu eins vetrar skólar, og mun þá aðallega vera gert ráð fyrir verklegu námi. En þótt nú skólaskyldan sé hækkuð upp í 15 ára aldur, er ég hræddur um, að full þörf geti verið á bóklegri fræðslu til viðbótar, og ber þá að sama brunni og áður, að ýmsir munu telja, að ekki veiti af tveggja vetra skólum. — Þá virðist mér, að ekki sé betur séð fyrir rekstrarfé skólanna með þessu frv. en með l. frá 1938.

Þetta eru nú hugleiðingar, sem ég vildi láta koma fram til athugunar fyrir n.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég vil þakka hv. þm. N.-M. fyrir leiðréttingu á skekkju í tilvitnun, af því að greinatalan breyttist. Út af því, sem hann sagði um frv. í heild, finnst mér, að ekki þurfi að fara mörgum orðum. Frv. felur í sér tvímælalaust betri kjör fyrir húsmæðraskólana. Varðandi kennarafjöldann vil ég geta þess, að nærri helmingsmunur er á nemendafjölda á hvern kennara í gagnfræðaskólunum og húsmæðraskólunum, og finnst mér það allríflega í lagt. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir allmiklu fleiri kennslustundum, og er það vegna þess, að gert er ráð fyrir verklegu námi að mestu leyti, en þess háttar kennsla verður venjulega miklu léttari.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins spyrja hv. frsm., hvort ekki sé ósamræmi í ákvæðum 6. gr. og næstsíðustu málsgr. 7. gr. Þá finnst mér, að ef fellt er niður ákvæðið um, að skólarnir séu sjálfseignarstofnanir, þá verði að taka fram, hvernig búin eru rekin, t. d. ef tap verður á rekstrinum, hvort ríkið eða sveitarfélögin eiga að bera það tap.

Páll Hermannsson: Ég mun ekki fjölyrða um þetta mál við þessa umræðu, en vera má, að ég flytji brtt. við 3. umr. Einkum er það 16. gr., sem mér finnst þörf á að athuga nánar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta verður aðeins stutt aths. Hv. þm. Barð. var að tala um, að í sambandi við niðurlag 7. gr. sé um tvö óskyld atriði að ræða. Annars vegar, að sveitarfélagið leggi til land, og hins vegar, að þarna megi reka bú sem sjálfseignarstofnun. Þetta get ég ekki séð, að séu neitt óskyld atriði. Búið á að sjálfsögðu að standa undir sér sjálft. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að búið teldist til stofnkostnaðar í byrjun. Og eins ef halli yrði á búrekstrinum, þá geri ég ráð fyrir, að sá halli legðist á rekstur skólans. Það má ef til vill segja, að ekki sé með þessu frv. séð eins vel fyrir þessari fræðslu, en það er þó alltaf tryggara um málið búið.

Ég fjölyrði svo ekki frekar um þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 858,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 891 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, BSt, BBen, EE, GJ, GÍG.

nei: ÁS, BrB, StgrA.

HG greiddi ekki atkv.

5 þm. (HermJ, IngP, JJ, PM, ÞÞ) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 858,2 samþ. með 9:2 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 858,3 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 892, 893).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 893. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var ekki staddur hér á fundi við 2. umr. þessa máls í gær. En ég vænti þess, að frsm. menntmn. hafi tekið fram um það, að sá húsmæðraskóli, sem ég hef haft með að gera og haft afskipti af, hefur dálítið aðra aðstöðu en hinir húsmæðraskólarnir, þannig að hann hefur aldrei átt nein sýsla eða bæjarfélag, heldur er hann byggður á gjöfum tveggja sjóða, þeirra Herdísar Benediktsen og Magnúsar Friðrikssonar frá Staðarfelli. Hann heyrir því ekki beint undir þá skóla, sem þannig eru stofnsettir, að sýslurnar kjósa í skólaráð. Ég heyri nú, að hv. 1. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir þessu. En ég endurtek það, að sú sýsla, undir slíkum kringumstæðum, ef um það væri að ræða, að hún ætti að velja í skólaráð, er undir öllum kringumstæðum Dalasýsla. Læt ég svo útrætt um það mál. En ef þessu verður ekki andmælt hér, þá tel ég, að þessi hv. d. hafi fallizt á þessa skoðun mína og framkvæmt verði eftir því á þann hátt.

Þá er einnig annað atriði hér, sem ég ætlaði mér að koma með, en það er skrifleg brtt. í þessu máli í samræmi við þær brtt., sem ég hef áður borið fram við þau tvö skólamálafrv., sem hér hafa verið til meðferðar í hv. d. í gær. Og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp þessa brtt., sem ég ber fram. Hún er við 14. gr., að gr. orðist þannig:

„Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og

óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt grg. um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá grg. fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með eins árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, sem þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau."

Þessi brtt. er aðeins borin fram til samræmis við önnur frv. um sama efni, því að eins og gefur að skilja, er sjálfsagt að færa þetta til samræmis, og eins og áður er tekið fram, er búið að staðfesta þetta með breyt., sem gerð var á barnafræðslul. — Ég leyfi mér svo að afhenda hana til hæstv. forseta.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Dal., við 14. gr., að hún orðist eins og hann hefur þegar lýst. Þarf tvöföld afbrigði, þar eð till. er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 921) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. Ég hefði viljað víkja að nokkuð líku atriði varðandi húsmæðraskólann á Hallormsstað og því, sem hv. þm. Dal. ræddi um. Ég sé, að í þessu frv. er vel gengið frá fyrirmælum um stofnun og samtök um rekstur þeirra húsmæðraskóla. sem stofnaðir verða framvegis. Hitt hugsa ég, að sé miklu meira á huldu eftir þessu frv., hvernig eigi að fara með suma af þessum húsmæðraskólum, sem nú eru til. Hv. þm. benti á skólann á Staðarfelli. En ég vil í því sambandi nefna Hallormsstaðaskólann. Stofnendur hans teljast Búnaðarsamband Austurlands og Samband austfirzkra kvenfélaga. Það er engin sýsla talin stofnandi þessa skóla, og í raun og veru hafa sýslusjóðirnir tiltölulega lítið lagt til hans, þó að vísu ofurlítið í byrjun.

Nú er það, að þegar mál ganga með miklum hraða hér í þ., eins og mál ganga nú, þá átta menn sig síður á því, sem þarf að athuga, þegar l. eru samin. Þetta frv. er að vísu búið að liggja nógu lengi hér til sýnis fyrir hv. þm., en það vill oft verða svo, að það er fyrst farið að athuga eitt og annað, þegar n. hefur haft það til meðferðar og skilað áliti og jafnvel borið fram við frv. brtt. Og eins mun það vera um þetta frv., að sumir hv. þm. hafa fyrst farið að athuga það nú, þegar sýnt er, hvað n. leggur til. Helzt verður manni þá að leita upplýsinga hjá frsm., og vildi ég spyrja hann, hvernig hann lítur á þetta mál með Hallormsstaðaskóla; eins og ég sagði áðan, hefur engin sýsla stofnað hann og ekki styrkt hann nema að litlu leyti. Það má líka segja, að Múlasýslurnar noti hann mest og hafi líka rétt honum mesta hjálparhönd; það má vera, að kaupstaðirnir hafi eitthvað gert það líka. Hver verður nú eigandi skólans á Hallormsstað og tekur að sér að reka hann, og hvaða sýsla eða bæjarfélag eiga að velja stj. hans? Eru það Múlasýslurnar einar, eða eru það 3 sýslur, sem eru á búnaðarsambandssvæði Austurlands, sem eiga að standa að þessum skóla? Eða er það eitthvert bæjarfélag? Ég verð að segja það, að það er óljóst fyrir mér, hvernig þetta verður í framkvæmdinni. Mér virðist þetta geta orðið allt að því, að það verði Múlasýslurnar einar, eða þá, að það verði þær báðar og Austur-Skaftafellssýsla og bæði bæjarfélögin.

Þá vil ég benda á annað atriði, sem nú er komið inn í 5. gr., það er c-liður. Sá liður var, að ég ætla, settur í þetta frv. hér í gær við 2. umr. Það er sá þáttur í starfi skólan., sem ræðir um val kennara. Það hefur verið mikið deilt um þetta atriði í sambandi við önnur frv., og því hefur verið haldið fram, að í þeim frv. væri þetta eins og verið hefur. En því verður ekki haldið fram í sambandi við þetta frv., að það sé eins og það hefur verið, því að eftir l. um húsmæðrafræðslu frá 1938 valdi skólaráð forstöðukonu skólans og það svo í samráði við forstöðukonuna kennara. En hér er breyt., sem mér þykir því óeðlilegri sem ég tel, að ríkið leggi hlutfallslega minna til rekstrar þessara skóla en það lagði til skólanna samkv. l. um húsmæðraskólana, sem sett voru 1938. Hins vegar get ég sagt það, að mér finnst þetta ekki muna eins miklu og sumum öðrum, því að jafnvel þó að skólaráð réði nú úrslitum um þetta, þá er þó hitt svo, að ráðh. tilnefnir formann skólaráðs, svo sem sjálfsagt er.

Það var þá sérstaklega 9. gr., sem ég vildi minnast á, þar sem ákveðið er um framlög ríkisins til kennara húsmæðraskólanna. Sá skóli, sem ég þekki bezt, húsmæðraskólinn á Hallormsstað, hefur um 30 nemendur. Og eftir þessu frv. launar ríkið ekki nema, að því er mér skilst, forstöðukonu og einn kennara. Nú fullyrði ég, að það er ekki hægt að reka 30 kvenna skóla með forstöðukonu og einum kennara. Ég hugsa, að þó að kennaralaunin séu há, þá fáist ekki duganði konur til að sinna því starfi, því að þær mundu líta þannig á málið, að kennslan yrði ekki nema kák.

Mér sýnist hins vegar, að frv. leggi of þungar kvaðir á héruðin í sambandi við rekstur þeirra skóla, meðan þeir eru ekki stærri. Það er á það að líta, að það er ekki hægt að hafa hlutfallslega kennslukrafta við 30 kvenna skóla eins og t. d. við 60 kvenna skóla. Það mun dálítið þægilegra að skipta verkum, þó að nemendur séu fleiri í hlutfalli við kennara, þannig að það séu hlutfallslega færri kennarar eftir því, sem nemendum fjölgar. Um Hallormsstaðaskólann er það líka að segja, að hann hefur verið tveggja ára skóli, og heimilað er í þessum l., að skólar megi vera tveggja ára skólar. Og ég veit, að þessi skóli lagði mjög mikið kapp á að fá þessa heimild, vegna þess að þeir, sem að honum standa, standa í þeirri trú, að konur fái miklu meiri og

betri menntun með því að vera tvo vetur í skólanum. Og ég geri ráð fyrir því, að þar, sem skólar starfa í tveimur deildum, verði hægara að hafa betri kennslukrafta en þar, sem skólinn starfar aðeins í einni deild.

Ég hef hér fyrir framan mig rekstrarreikning húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir árið 1944. Heildarrekstur skólans það ár hefur numið um 67 þús. kr. og nákvæmlega helmingurinn af þeirri upphæð fer í laun kennslukvenna, eða 33500 kr. Þá voru við skólann forstöðukona, tveir fastir kennarar, eins og verið hefur frá byrjun, og auk þess aukakennarar. Þó töldu kennarar, — og ég held, að það hafi verið rétt, — að vinnan væri mikil. Og ég efast ekki um, að vinna þeirra hafi verið 36 stundir á viku, og ég hygg, að það hafi frekar verið nær 50 stundir á viku, sem kennslukonurnar urðu að vera við kennslu. Aðrir útgjaldaliðir skólans námu hálfu af heildarkostnaðinum, og voru þar langþyngstir á metunum tveir liðir, sem sé viðhaldið og upphitun. Ég hef hér líka hjá mér bréf, sem skólan. Hallormsstaðaskóla skrifaði á s. l. sumri atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu út af tilmælum ráðuneytisins um till. viðvíkjandi fjárframlagi til skólans fyrir árið 1946. Ég sé á því bréfi, að skólaráðið kemst að þeirri niðurstöðu, að líklegast sé, að rekstrarkostnaður skólans fyrir árið 1945 muni nema 110 þús. kr. Og svo kemur þessi mikla breyt., sem launal. valda, og er þar þó tekið tillit til þess, að launal. gildi ekki á árinu 1945 nema fyrir ¾ hluta ársins. Og ég geri ráð fyrir því, að þegar þau hafa tekið fullt gildi, þá verði rekstrarkostnaðurinn við þennan skóla a. m. k. 120 þús. kr. Ef ríkið launar tvo kennara, má gera ráð fyrir, að laun þeirra verði nálega 40 þús. kr., og er þeir hafa starfað í nokkur ár, annar eða báðir, verða laun þeirra dálítið hærri. — Nú mun ríkið samkv. þessu frv. ekki leggja fram meira en þetta, vegna þess að nemendafjöldi skólans er nákvæmlega í samræmi við það, sem ætlað er tveimur kennurum. Sé það hins vegar rétt, að útgjöldin öll muni nema um 120 þús. kr., koma 80 þús. kr. til skipta á milli ríkis og þeirra aðila, sem að skólanum standa. Og mig grunar, að þessi útgjöld fyrir t. d. sýslufélagið muni vægast sagt þykja þung. Það má náttúrlega segja, að það megi búast við einhverjum öðrum tekjum, t. d. skilst mér, að það eigi nú að taka húsaleigu af nemendum og gæti húsið verið leigt út fyrir greiðasölu eða þess háttar einhvern tíma á sumrin. Og reynsla síðari ára hefur verið sú, að tekjur af húsinu hafa orðið 6—8 þús. kr. að frádregnum beinum kostnaði. En ef tekið er tillit til þess, hve þessi notkun á húsinu eykur viðhaldið, verður þessi hagnaður nokkru minni og kannske enginn, þegar öll kurl koma til grafar. Með því að ég óttast, að þessi útgjöld muni reynast of þung, hef ég farið þá einu leið, sem ég hygg, að hægt sé að fara, og hef ég leyft mér að koma hér með skriflega brtt., sem bætir nokkuð úr þessu, ef hún yrði samþ. Hún er við 9. gr., að á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Í heimavistarskólum, sem hafa færri nemendur en 36, og í skólum, er starfa í 2 ársdeildum, er þó heimilt að miða tölu fastra kennara við það, að 10—12 nemendur komi á hvern kennara. — Ég er sem sé með þessu að reyna að opna leiðina til þess, að hver skóli hafi möguleika til þess að hafa 2 kennara, sem ríkið launaði. Ég vil koma með þessa brtt. vegna þess, að ég álít, að fullkominn skóli komist aldrei af með minna. Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N.-M., eins og hann hefur lýst. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði fyrir, að hún megi koma fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 922) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Brtt. sú, sem hv. þm. Dal. bar fram, er alveg í samræmi við þær brtt., sem bornar hafa verið fram við önnur hliðstæð frv. um orlof kennara, og mun ég að sjálfsögðu taka afstöðu til hennar í samræmi við afstöðu mína til þeirra annarra líkra brtt. En út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. talaði um, að húsmæðraskólunum kynni að vera nokkuð erfitt fyrir um kennslukrafta, þá vil ég aðeins benda á það, að í 9. gr. er ekki aðeins sagt, að skólarnir geti haft kennara fyrir hverja 12—16 nemendur, heldur einnig, að ríkið greiði styrk til kennara fyrir þær kennslustundir, sem umfram eru. Ég held, að í n. hafi það verið skilið svo, að til þess sé ætlazt, að ríkið greiði kennslulaun. Ef kennari er fyrir t. d. hverja 12 nemendur og 6 nemendur eru umfram í skólanum, þá greiði ríkið helming kennaralauna til þess að halda uppi stundakennslu. Og ég get hugsað mér, að fyrir það sé hægt að taka 1—2 kennara, ef þeir gætu haft annað starf með. Ég sé ekki, að brtt. hv. 1. þm. N.-M. breyti þessu ákaflega mikið, þar sem talað er um 10 í staðinn fyrir 12. Það getur í raun og veru staðið svona á, að það geti skipt máli, en mér sýnist, að af ríkisins hálfu sé sæmilega búið að skólunum að þessu leyti, að þar, sem eru 30 nemendur, þá megi úrskurða þeim skóla 2 kennara og svo hálf kennslulaun fyrir aukakennslu.

Það er svo alveg út af fyrir sig, hvernig fer með þá skóla, sem hann talaði um. Treysti ég mér ekki til að svara í hverju tilfelli svona á augabragði. En mér hefur skilizt, að um þessa skóla fari eins og um nýstofnun væri að ræða eða samkv. 2. gr., þar sem vissir aðilar ákveða, hvar skólinn skuli standa, og ef við gerum ráð fyrir, að fleiri sýslur eða bæir standi að hverjum húsmæðraskóla, og ef ákveðið er, að skólinn skuli vera á Hallormsstað, þá verður hann þar. Og um þá stofnun hefur mér skilizt, að hún yrði afhent til þeirra nota, ég veit ekki með hvaða skilyrðum. En ég held, að á Hallormsstað hafi ríkið komið upp þessum byggingum og sé því eðlilegast, að skólinn hverfi inn í þetta skólakerfi bara þegjandi og hljóðalaust og rísi svo aftur eins og hann væri nýstofnaður. Ég set þetta ekki fram hér sem neitt endanlegt svar í þessu efni. En mér hafði skilizt af hv. þm. Dal., að honum þykir eðlilegast, að Staðarfellsskólinn

hverfi inn í þetta kerfi, en af því að hann hefur þarna sérstöðu, þá komi sýslan í staðinn fyrir þá sjóðstjórn, sem skipað hefur aftur tvo af nm. Ég sé, að hæstv. kennslumrh. er hér. Hann mundi kannske geta gefið nánari skýringu á þessu, en mér finnst réttast fyrir héruðin að afhenda sína skóla inn í þetta skólakerfi, sem hér er um að ræða. Ef ákveðið væri, að húsmæðraskólar væru stofnaðir víðar, þá kemur spurningin, hver ætti þær byggingar, sem nú eru á Hallormsstað.

Páll Hermannsson: Mér hefur aldrei komið til hugar, að ríkið fari að kaupa eignir á Hallormsstað, ríkið hefur látið þar sinn stóra hlut, heldur er ég aðeins að ræða um, hvaða aðilar mundu, þegar l. eru komin í gildi, standa undir skólanum og bera kostnað af honum. Ég gæti vel ímyndað mér, að Austur-Skaftfellingar hefðu í huga að eiga lítinn skóla handa sér. Ég veit ekki um kaupstaðina, hvort þeir telja húsmæðraskólana þar sína skóla. (*MJ:* Jafnt sem nýju skólana). Nei, það er ekki, vegna þess að í 2. gr. eru ákvæði um, hvernig eigi að stofna nýja skóla. Það þarf til þess samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar og sýslufélags, sem standa að byggingunni. (*MJ:* Mér skilst, að það geti eins komið til greina með gömlu skólana). Já, með því að gera þá nýja, það getur verið.

Ég skal svo ekki lengur tefja þessar umræður. Ég vil mjög mælast til þess, að d. fallist á þessa brtt., því að ég er viss um, að skólarnir þurfa mjög á því að halda, sem þar er beðið um. Ég er viss um, að þeir komast ekki af með minni kennslukrafta.

Jónas Jónsson: Ég vil við þessa síðustu umr. um þetta mál fara fáeinum orðum um þá einkennilegu meðferð, sem höfð er á þessu máli og fleirum á þessu þingi. Sú aðferð er viðhöfð fyrst og fremst í skólamálunum. Það er samið um, að málin skuli ganga fram, þ. e. a. s., það er lifað eftir því, — það er lítið gagn, þó að hv. þm. Barð. neiti því, ef hann og flokksmenn hans beygja sig fyrir því eins og samningi, það er þá bara klókskapur að leyna því, að samningurinn hafi verið settur, og það er gangur fleiri mála, sem lýsir þessu. Ég vil benda á mál, sem hefur verið hér nýlega og ég sá enga ástæðu til að vera við, af því að mér var sama um það eins og það var, tryggingamálið, sem var komið inn í samninga stj. af flokki, sem var svo tvíráður um að vera í samningunum, að það virðist hafa oltið á einu eða tveimur atkv., hvort úr því yrði. Sá flokkur, sem bar fram þetta tugmilljónamál, gerði það til þess að losna við að vera í stjórnarsamningunum. Allir vita, að þetta var það, sem Alþfl. hefur mestan áhuga fyrir, en engir aðrir, en hann notaði þetta að verulegu leyti til þess að losna við að vera í stjórnarsamvinnunni, sem hann var ekki hrifinn af, en hinir gengu að þessu.

Ég vil benda á, að þessi aðferð, sem verkamannaflokkarnir, sérstaklega Alþfl., hafa innleitt hér á þingi, það er sem sé að semja fyrirfram um framgang órannsakaðra mála. En þótt stundum áður hafi verið samið ógætilega á þennan hátt, þá eru þó samningarnir um þessar almannatryggingar það glæfralegasta af öllu saman, og það má reyndar segja um launamálið líka. Og þess vegna furðar mig ekki, þó að frá Alþfl. komi eitthvað fleira ógætilegt og glæfralegt, eins og þessi uppeldismál, sem hér hafa legið fyrir.

Ég vil aðeins benda á, og það kom að nokkru leyti fram í hinni hógværu ræðu hv. 1. þm. N.-M., að það mál, sem hér liggur fyrir, er allt frá undirbúningi þess svo fjarstætt, að þeir, sem hafa við það fengizt, hafa enga hugmynd um, hve marga kennara þarf að hafa við húsmæðraskóla, og ef þetta verður staðfest, þá brotnar það niður á því, að á bak við málið er engin þekking eða vit. Þessi þáttur í skólum landsins, húsmæðraskólarnir, hefur reynzt vel, þeir eru bezt lukkuðu skólar landsins, og nú á að fara að umturna þeim af n. manna út í bláinn, þar sem enginn maður hefur unnið neitt að húsmæðraskóla eða starfað neitt í sambandi við þá, heldur er þetta gert aðeins af því, að um það var samið fyrirfram.

Ég vil leyfa mér við þessa síðustu umr. að láta í ljós fullkomna óbeit mína á því fyrirkomulagi, sem haft er við málsmeðferð hér á þingi. Þetta er ekki alveg nýtt, það var innleitt 1934 af Alþfl. í sambandi við þáverandi stjórnarmyndun. Þá var frá hálfu þessa flokks krafizt, að tryggingar, sem voru óundirbúnar, skyldu ganga fram, ef Framsfl. fengi fram óhjákvæmilegar hallærisvarnir viðvíkjandi landbúnaðinum. En þetta, sem gert var 1934 með mikilli ógætni, var gert á miklu hærra stigi í fyrra haust, og nú mun þjóðin súpa því meir seyðið af því, því fleiri og stærri sem málin eru, sem samið er um fyrirfram, að gangi fram óundirbúin.

Það leiðir af sjálfu sér, að parlamentarisminn breytist ekki lítið við vinnubrögð eins og þessi, því að hann ætlast til, að þm. geti og eigi að greiða atkv. eftir beztu samvizku. En tryggingafrv. ber þannig að, að Alþfl. heimtar það fram. Flokkurinn sjálfur veit ekki, hvernig það er undirbúið, og í flokknum eru fáir menn, sem hafa myndað sér um það einhverja skoðun. Flokkurinn tók það eftir ógætilegri útlendri fyrirmynd, sem átti ekki við hér, og sennilega hefur ekki einn einasti þm. Sjálfstfl. né einn einasti þm. Framsfl., sem var ekki í samvinnu við ríkisstj., vitað neitt um málið. Hér er knúið inn í þingið af Alþfl. mál, sem kostar tugi milljóna á ári. Þetta og fleiri slík dæmi sýna, hver skrípamynd það verður af þingstjórn og þinghaldi, þegar svona er farið að, þegar menn eru bundnir fyrirfram til þess að vera með málum, sem þeir vita ekkert um og eru jafnvel mótfallnir. Ég er viss um, að ef menn væru óþvingaðir í þessum skólamálum og tryggingamálum, þá hefðu þau alls ekki verið látin ganga fram. Ég vil þess vegna nota þessa umr. til að endurtaka mótmæli mín sem einstakur þm. gegn þeirri aðferð, sem hér er höfð, að nauðga fram málum með nauðungarsamningum milli flokka, sem eru órannsökuð og illa undirbúin eins og tryggingamálin, sem verða aldrei framkvæmd, vegna þess að það er algerlega um megn þjóðinni að rísa undir þeim kostnaði, sem þar er gert ráð fyrir.

Ég skal nú bregða upp einu gömlu dæmi um þessi vinnubrögð. Árið 1934, þegar Alþfl. knúði

fram alþýðutryggingarnar, beitti Sjálfstfl. sér á móti þeim af mikilli hörku. En af því að Alþfl., sem var stjórnarfl., vissi, hvað málið var óundirbúið, þá treysti hann sér ekki til að taka stjórnina í sínar hendur, heldur fleygði sjúkratryggingunum, sem voru vandasamastar, í hendurnar á andstæðingi flokksins og málsins, Sjálfstfl. Framsfl. þorði þó að taka ábyrgð á afurðasölumálunum og baráttunni um þau. Þetta var viðurkennt af landlækni sjálfum, sem vann mest að þessum sjúkratryggingum, að hann treysti sér ekki til að koma þeim í höfn nema fleygja þeim í hendurnar á mönnum, sem höfðu verið á móti þeim. Þetta er gott dæmi um ábyrgðarlausa pólitík af þessu tagi.

Nú er verið að knýja fram nýja löggjöf um hér um bil alla skóla landsins. Það er gert á þann hátt, að menn vita, að það verður ekki framkvæmt og enginn undirbúningur fylgir því. Ég vil taka það sem gleggsta dæmið, að eftir þessum l., sem nú er verið að reka áfram, má gera ráð fyrir, að a. m. k. helmingur af öllum skólabörnum landsins eigi rétt á og kannske vilji taka menntaskólanám. Það er búið að skamma mig síðan 1928, í 16 ár, fyrir að takmarka inngöngu í menntaskólann þannig, að nemendurnir kæmust þar fyrir. Ég gerði ráðstafanir til, að ekki væru teknir fleiri en þar kæmust inn í hús. Þetta þótti ógurleg harðstjórn. En svo skrýtilega hefur viljað til, að þeir flokkar og þeir menn, sem mest hömuðust yfir þessu, hafa ekkert gert þarna til breytingar, þegar þeir voru í valdaaðstöðu. Og af hverju? Af því að það var ekkert húspláss til og það er ekki hægt að hafa skóla, nema hann hafi einhvers staðar húsaskjól. En nú er verið að samþ. l. um það, að í staðinn fyrir þessa 25, sem teknir hafa verið inn í menntaskólann, verði fyrirskipað, að helmingi allra unglinga á landinu verði séð fyrir fjögurra ára menntaskólanámi. Þannig hafa menn gengið að þessu algerlega blindandi. Menn hafa ekki gert sér grein fyrir, hver ábyrgð fylgdi þessu, því að nú koma hundruð og kannske þúsundir manna, sem eiga rétt á menntaskólanámi. Hvernig halda menn, að standi á því, að Reykjavík, sem vill koma 100 unglingum í 1. bekk, skuli ekki gera það? Það er aðeins af peningaleysi. Þess vegna eru hlægilegheitin í þessu. Þess vegna er Bör-Börsons-pólitíkin tekin upp af þessari hæstv. stj. Þess vegna eru birt í blöðum og útvarpi viðáttumikil loforð út í bláinn, þar sem forustumennirnir vita ekkert, hvað þeir eru að gera eða hvernig þeir eigi að standa við það.

Þetta atriði, sem ég hef hér bent á, þegar flokkar semja fyrirfram um framgang mála, sem eru þar að auki stórkostleg fjárhagslega, er svo fjarstætt, að það er óhugsandi annað en þingstjórn biði við það mikinn álitshnekki, enda er það ekki furða, þó að þeim flokki, sem vill láta þingstjórnina stranda og fjárhaginn í heild, þyki þetta gott.

Það má segja eitt til afsökunar þeim, sem að þessu standa, og það er það, að okkar þjóð virðist svo sérstaklega hugarhaldið að eyða á sem allra skemmstum tíma öllum þeim svokölluðu gróða, sem nú hefur safnazt í landinu, og ég skal játa, að þá er það góður máti að samþ. þessi frv., sem eru nógu vitlaus. Það er kannske einn kostur við þessi frv., og frá honum vil ég segja strax. Þau flýta fyrir því að eyða þessum vesölu krónum, sem menn eru svo óánægðir með að eiga. Það getur vel verið, að við Íslendingar séum svo, að við getum ekki hugsað okkur annað en að vera fátækir og að það sé hér yfirleitt ekki hægt að tala við menn mælt mál, fyrr en fátæktin er komin aftur af fullum krafti. Það er nýbúið að samþ. í d. þetta merkilega frv. um tryggingar, sem er sú glæfralegasta fjármálaframkvæmd, sem gerð hefur verið af því tagi. Það er í ábyrgðarleysi sett fram af fákænum mönnum, sem eru engir menn til að standa undir þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir fyrir það. Og ofan á allan þennan vanskapnað, sem er eins og toppblómið á þessu, þá er svo gengið frá, að það má aldrei safnast neinn sjóður. Fólk hefur tilhneigingu til að safna sjóðum. Hér má það ekki. Eins og vita mátti, er nú búið að umturna öllu svo á þessu Börsons-tímabili, að það má ekki safnast neinn sjóður. Það er sjálfsagt engin tilviljun, það er til hróss fyrir þjóð okkar, að það er ein bók, sem hefur orðið vinsæl hjá þjóðinni gegnum útvarpið. Það er bók eftir Norðmann, sem var skrifuð eftir fyrra stríðið, sem dregur dár að aumingjaskap, uppskafningshætti og ræfildómi þeirra ríku. Þegar hún var lesin í útvarpið, varð hún vinsælli en nokkurt annað lesið mál hefur verið. Af hverju? Af því að við höfðum þá gamansemi, að við fundum, að þetta var talað til okkar gegnum þetta spaugilega ritverk, sem var gert til að draga sundur í háði menningarleysi stríðsgróðans, fundum, að það átti erindi til okkar. Ég hef ekki hirt um að vera við þessar umr., eftir að búið var að ganga frá barnaskólafrv., þar sem ekki var einu sinni hægt að fá kaupstaðina gegnum sína fulltrúa til að vera með breyt., sem gekk í þá átt að hjálpa fátækum kaupstaðabörnum, sem velta á mölinni á sumrin og enginn hugsar um. Þegar ég sá það hugarfar, sem lá á bak við slíkt, þá hætti ég að hafa áhuga fyrir því. Og það er þetta, sem leiðir af samkomulagi og fyrirframsamningum flokka, hvaða flokkar sem það eru. Framsfl. gerði slíkan slæman business við Alþfl. áður fyrr, en þessi verzlun er stærri. Þegar ég sá, að menn voru blindaðir, ekki farið eftir málstað og bezt, að vanþekkingin væri sem mest, þá var mér sama, og því hef ég ekki kært mig um að vera við þessar umr. Ég veit, að þetta er stór háðung fyrir þá, sem hafa barizt fyrir því, en það er leiðinlegt fyrir þá, sem hafa neyðzt til að greiða atkv. með því. En ég spái því, að þetta muni ekki gera mestan skaða, heldur muni það vera skömmin af því, sem verður mest, og þetta á sér sitt eigið heiti. Þetta er Bör-Börsons-stefnan, og bæði tryggingamálið og skólafrv. eru Öldurstaður íslenzks þjóðlífs.

Gísli Jónsson. Herra forseti. Ég neyðist til þess að reyna á þolinmæði hæstv. forseta út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um óskylt mál. Hann er að verða nátttröll í stjórnmálunum. Hann hefur flutt hér harða deilu á mál, sem ekki snertir það, sem er hér til umr., ræðu, sem er eins langt

fyrir utan mannlífið og hann er nú. Sannleikurinn er sá, að þetta er eitthvert allra merkasta málið, sem fram hefur komið á Alþ., og, eins og einn flokksbróðir hans sagði, skapar nýja og betri veröld. Ég held, að hann á gamals aldri ætti að ganga í skóla hjá þessum flokksbróður sínum. Ég hef haft tækifæri til að kynna mér þetta mál miklu meira en flestir hv. þm. hér og stend óbundinn af þeim samningum, sem við það voru. Ég mundi hvenær sem væri með augun opin rétta upp hendina með þeim ákvæðum án nokkurra samninga, af því að ég trúi því, að þetta sé farsælasta og bezta mál, sem nokkurn tíma hefur verið afgr. á Alþ. Það er ekki von, að staurblindir menn geti séð sólina, eins og kom fram hjá þessum hv. þm. Mig undrar, að maður, sem er jafnglöggur og vel gefinn, skuli verða svona blindur af ofstæki eins og kom fram út af þessu máli. Og ef hann fær einhvern tíma dóm, þá fær hann harðan dóm fyrir, hvernig hann hefur nú snúizt gegn þessu langmerkasta máli, sem hefur komið fram á Alþ.

Ég vil einnig benda honum á, sem hefur verið menntmrh., að það er langbezta útgerðin á Íslandi að geta menntað þjóðina. Það hefur sýnt sig á undanförnum áratugum, að þess vegna hefur íslenzka þjóðin komið fram málum sínum út á við, að hún hefur verið hlutfallslega betur menntuð en nokkur önnur þjóð í heiminum. Þess vegna er óhætt að fylgja menntamálafrv. Hitt er annað mál, að þar má deila um einstök atriði. Það þarf ekki að vera nein ásökun á gimstein, þó að þurfi að slípa hann, og það er einmitt verið að gera með menntamálafrv., slípa af þeim agnúana. En hann vill kannske það sama með þau og langmerkasta málið, grafa þau niður í skítinn. Þannig er hann að enda sína pólitísku braut á Íslandi.

Hann hélt því fram, að það væri samið um öll þessi mál fyrirfram. Ég hef orðið var við annað, sem er sorglegra. Langflest ummælin frá framsóknarmönnum um þessi mál hafa stafað af því, þegar þeir hafa mótmælt þeim, hvort þau væru í samningunum eða ekki. Hafi þau verið í stjórnarsamningunum, þá hefur verið sjálfsagt að ganga á móti þeim með oddi og egg, og fyrir það ættu þeir að blygðast sín, því að það sýnir meiri þrælslund en nokkuð annað að geta ekki viðurkennt nokkurt atriði eða neitt gott mál hjá andstæðingi.

Hv. þm. talaði með háði um þá nýríku. En ég held, að þeir nýríku menn á Íslandi hafi notað auðinn til að lyfta þjóðinni upp úr þeim skít, sem hún var í, síðan Framsfl. átti að stjórna landinu og gerði árum saman, og það eru engin sorgartíðindi, þó að einhver umbót verði þar á. Hann vill hafa gömlu aðferðina, sem dró niður í skítinn og gerir það að verkum, að hann getur ekki hugsað hærra en eins og það var hjá Framsfl., þar sem enginn gat hugsað rökrétt eða öðruvísi en eftir fyrirskipun. En menn, sem hafa staðið fyrir slíkum flokkum, verða að pólitískum nátttröllum í hinum nýja tíma, og það sýnir bezt ræða hv. þm. S.-Þ.

Jónas Jónsson: Ég skil ekki í því, hvernig mín tiltölulega milda ræða um þá ágætu persónu, Bör Börson, gat sett hv. þm. Barð. í svo órólegt skap. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég hef mætur á Bör, sérstaklega þegar hann er settur í hærra ljós, eins og margir okkar nýríku menn eru, og í því ljósi hugsa ég hann lifi hér. Bör er merkileg persóna og hans tími er einkennilegt tímabil, en það þarf ekki að fara í hringabrynju, þó að um það sé talað. Ég skil ekki í því, að hv. þm. Barð., sem er svo mikill verzlunarmaður, skuli ekki vita, hvernig gekk með stjórnarsamninginn. Það liggur fyrir, að Alþfl. kúgaði tryggingarnar inn á Sjálfstfl. með því að segja: Ef hinir flokkarnir taka þetta mál eins og verið hefur, þá verður engin stjórnarsamvinna. Hv. þm. spriklaði í fyrra eins og lax í neti út af launamálunum, af því að þessi hv. þm. sá, að þetta var vitleysa. Það hefur kannske hjálpað honum, að það voru nógu margir stjórnarstuðningsmenn, þess vegna gat hv. þm. sýnt sína náttúrlegu eiginleika með því að finna að þessu. Ég get sagt honum, að einu sinni þegar þessir samningar stóðu yfir, þá sagði ég við einn af þeim, sem stóðu að þessum samningum: Eruð þið búnir að ganga inn í stjórnarsamvinnuna? Hann svaraði: „Við höfum skotið minkinn.“ Það var skemmtilegt, að Alþfl. skyldi fá aðstöðu til að heimta sitt, en þrír menn sátu hjá, og hefðu þrír menn greitt atkv. á móti, hefði hv. þm. Barð. setið hjá með engar tryggingar og þessir tugir milljóna hefðu lent á öðrum stað en annars. — En nú skulum við hugsa okkur, að það komi aftur fátæktin, sem ég veit, að hv. þm. Barð. hefur einhvern tíma séð á Bíldudal eða annars staðar, þegar borgarstjórinn í Reykjavík fór land úr landi með hið bezta mál og fékk ekkert lán, þrátt fyrir það að Framsfl. væri búinn að ganga inn á ríkisábyrgð. Svona var ástatt þá. Og ég get sagt hv. þm. það, að þegar borgarstjórinn kom heim, þá hefði verið hægt að halda ræðu eins og hv. þm. hefur nú gert. Það var hægt að lýsa því, hvernig hann hafði farið í góðri trú og haldið, að það þyrfti ekki nema Reykjavík. Það hefði verið hægt að níðast á honum. En þetta var ekki þessum manni að kenna, heldur kom það af því, að land okkar var fátækt. Þess vegna vil ég segja við hv. þm. Barð., að það þýðir ekki fyrir hann að vera með neinn snúð hér um þessa hluti, það væri hægt að benda honum á mörg slík dæmi. Ég var skammaður eins og frekast var hægt fyrir það að lögleiða hér lítinn gagnfræðaskóla fyrir 20 árum, en í þessum skóla eru nokkur hundruð unglingar nú. En nú er verið að bíða eftir atkvgr. um það að lögleiða, að helmingur af Reykjavíkurbörnunum verði tekinn í menntaskólann, og þetta er Bör Börson. Hann er í öllum flokkum, en það er ákaflega mikið af honum í kringum hv. þm. Barð., og þess vegna eru kommúnistar nú í svo léttu skapi.

ATKVGR.

Brtt. 893 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 922 samþ. með 9:3 atkv.

— 921 samþ. með 10:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 117. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 923).

Á sama fundi og á 118. fundi, 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 119. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til einnar ummr. (A. 923, 949).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 949. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert breyt. á frv. þessu. Eru þær sama eðlis og breyt. við frv. um gagnfræðanám. Ég get því vísað til þeirra.

Meiri hl. menntmn. mælir með samþ. þessara breyt. og að frv. verði samþ. eins og Ed. hefur gengið frá því.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, flyt ég brtt. á þskj. 949. Þær ganga í sömu átt sem till. þær, er hér voru við síðasta mál gerðar. Röksemdirnar eru hinar sömu hér og þar, og geri ég því ekki sérstaka grein fyrir þessum till.

Jón Sigurðsson: Þetta verður einnig stutt hjá mér. — Hér er skrifl. brtt., sem ég flyt vegna bráðabirgðaákvæða frá Ed., en þar hefur svo slysalega viljað til, að niðurlag ákvæðisins hefur verið orðað þannig: „þar til er fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlíð tekur til starfa." Svo er þó engan veginn, að skólanum hafi verið ákveðinn staður í Varmahlíð, og er enn til athugunar, hvar skólinn skuli standa. En það eru ekki meiri líkur til, að honum verði valinn staður í Varmahlíð en á öðrum stað við Varmahlíð, þ. e. á næstu jörð. Ég leyfi mér því að flytja brtt. um, að niðurlag bráðabirgðaákvæðisins skuli orðað svo, með leyfi hæstv. forseta: „. . þar til er fyrirhugaður húsmæðraskóli Skagfirðinga tekur til starfa." — Afhendi ég svo hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. Skagf. hefur lýst hinni skriflegu brtt. sinni. Hér þarf afbrigða með til þess að till. geti komið til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 974) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 121. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 923, 949, 974).

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem það mun nú ráðið, að þetta frv. fari ekki aftur til Ed., og eftir að ég hef rætt við viðkomandi hæstv. ráðh., hef ég ákveðið að taka brtt. mína aftur, í trausti þess, að það ákvæði frv., sem hún fjallar um, verði ekki misnotað.

ATKVGR.

Brtt. 974 tekin aftur.

— 949,1 felld með 15:12 atkv.

— 949,2 felld með 17:12 atkv.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 982).

73. Almannatryggingar.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um almannatryggingar (þmfrv., A. 310).

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þessa framsögu sem styztza, vísa til grg., sem frv. fylgir, og einnig til þeirra fylgirita, sem félmrn. hefur gefið út, bæði um almannatryggingar og fyrirkomulag þessara mála hér á landi og annars staðar, auk þess sem ég við útvarpsumr. hef rætt nokkuð um ýmis atriði frv. Ég tel þó ekki, að hjá því verði komizt að gera nokkra grein fyrir þessu frv.

Meginbreyt., sem ætlazt er til að gerð sé með þessu frv. frá því fyrirkomulagi, sem nú ríkir í þessum málum, er í höfuðatriðum þessi: Öll þau mál, sem nú falla undir persónutryggingar og opinbera forsjá og eru í höndum ýmissa aðila nú, eiga að sameinast í eitt heildarkerfi, sem nefnist almannatryggingar, en nú er þessu öllu mjög skipt. — Tryggingarnar veita alla almenna sjúkrahjálp, slysabætur og slysahjálp og elli- og örorkubætur, sem þá ganga um hendur sveitarstjórnanna og greiddar eru að hálfu af hlutaðeigandi sveitarfélagi. Auk þessa hefur Tryggingastofnunin með höndum vörzlu hinna ýmsu sérstöku lífeyrissjóða, sem starfa samkv. sérstökum l., hjálp til sjúkra manna og örorku og þá fyrst og fremst varðandi berklaveiki og holdsveiki; enn fremur alla læknaskipun og þau sjúkrahús, sem ríkið á og annast rekstur á, hina ýmsu þætti heilsuverndarstarfseminnar, framlög til óskilgetinna barna og barna, sem misst hafa fyrirvinnu. — Þótt framkvæmdin sé í höndum ríkisins, skulu sveitarstjórnirnar taka þátt í þessum málum hvað kostnaðinn snertir.

Það liggur í augum uppi, að á þessu fyrirkomulagi eru ákaflega margir agnúar. Framkvæmdin er í höndum margra og mismunandi aðila, reglur um styrki og bætur mjög mismunandi eftir því, hverjar orsakir eru til bótaþarfarinnar, þótt aðstæður hlutaðeigandi séu annars þær sömu í þessum mismunandi tilfellum. Auk þess verður þetta fyrirkomulag kostnaðarsamt, eins og má segja, að fyrirkomulag sé raunar einnig á tryggingunum. Það, sem því veldur, að þetta verður svo þungt í vöfum og dýrt, er það, að tekjuöflunin til hinna ýmsu greina tryggingarnanna er mjög mismunandi og í höndum mismunandi aðila og gilda mismunandi reglur um innheimtu hjá hinum ýmsu aðilum. Sjúkrasam-

lögin annast innheimtu iðgjalda hjá sér, sem venjulega eru mánaðariðgjöld og stundum fjórðungsiðgjöld. Gjöld til Lífeyrissjóðs Íslands eru innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Þessi gjöld eru sem sagt sumpart persónuiðgjöld eða álag á tekjur einstaklinga. Iðgjöld af slysatryggingum eru innheimt af einstökum atvinnurekendum, sem hafa verkafólk í þjónustu sinni. Það liggur í augum uppi, að slíkt fyrirkomulag hlýtur að vera bæði dýrt og þungt í vöfum, þar sem þessi mál annast svo margir og mismunandi aðilar og einnig þar sem tryggingarnar hafa svo margar mismunandi tekjustofnsleiðir. — Eftir frv. er gert ráð fyrir, að þessum málum verði öllum steypt saman í eitt heildarkerfi og framkvæmdin í höndum eins aðila og samræmt þannig, að þegar aðstæður eru þær sömu, séu bætur jafnar án tillits til þess, hvort bótaþörfin orsakast af slysum, veikindum, elli, örorku eða öðru.

Þá er gert ráð fyrir, að yfirstjórn tryggingganna hafi tryggingaráð ásamt forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, sem skipaður verði af ráðh. Síðan skal skipta öllu landinu í tryggingaumdæmi, og í hverju þeirra skal starfa fimm manna tryggingan. Umboðsmenn skulu skipaðir eftir því, sem þörf krefur. Tryggingan. skulu fylgjast með framkvæmd l. á hverjum stað, og eru þær sumpart eins konar trúnaðarn., og greiðist þóknun til nm. af hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þóknun til formanns greiðir Tryggingastofnunin.

Á það skal bent til þess að sýna, hversu mikill kostnaður er samfara því fyrirkomulagi, sem nú ríkir í þessum málum, að rekstrarkostnaður Tryggingastofnunarinnar einnar út af fyrir sig nam árið 1944 800—900 þús. kr., og af því voru 370 þús. kr. greiddar í innheimtulaun. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að starfssvið almannatrygginganna verði í tveimur meginþáttum, tekjutryggingu og heilsugæzlu. Heilsugæzlan er hvort tveggja í senn, heilsuvernd og lækning og umönnun sjúkra. Heilsuverndin miðar að því að efla og vernda heilbrigðina eða koma í veg fyrir sjúkdóma, en sjúkrahjálpin að því, að þeir, sem sjúkir eru orðnir, öðlist heilsuna aftur. Svo er ætlazt til, að heilsuverndarstarfsemin verði aukin mjög frá því, sem nú er. Heilsuverndar- og lækningastöðvum verði komið upp í öllum kaupstöðum og annars staðar þar, sem þörf krefur, með styrk úr ríkissjóði, eftir sömu reglum og nú gilda um byggingar sjúkrahúsa. Þótt ekki sé hægt að framkvæma þetta allt að svo stöddu og það komi til með að kosta mikið, þá er hins ekki að dyljast, að fari þessi skipan vel úr hendi, mun þjóðin spara mikið fé með því að vernda heilsu manna, og má í því sambandi minna á holdsveikina, sem nú er því nær útrýmt. Gert er ráð fyrir, að sjúkrasamlög á hverjum stað falli niður, en í stað komi heilsugæzlustarfsemi, sem verði nokkurs konar framhald þeirra. Tryggingastofnunin semur síðan við heilsuverndarstöðvar um, að þær annist framkvæmd hinna ýmsu tegunda heilsuverndar, svo sem eftirlit með barnshafandi konum, mæðrum og ungbörnum. Þykir einsætt að byrja hér á byrjuninni og fylgjast síðan með börnunum fram á fullorðins ár, eða þangað til hin almenna heilsuvernd tekur við.

Sú breyt. er gerð frá því, sem nú er, að utan sjúkrahúsa greiðist læknishjálp að ¾, bæði hjá sérfræðingum og almennum læknum, en samkv. gildandi l. er læknishjálp heimilislækna greidd að fullu. Aftur á móti skal læknishjálp, lyf og umbúðir greitt að fullu á sjúkrahúsi.

Hinn meginþátturinn er um tekjutryggingguna. Henni er ætlað að tryggja mönnum tekjur til lífsframfæris, þegar getan til tekjuöflunar bregzt, og getur þá orðið álitamál, hver lágmarksupphæð þess lífeyris skal vera. Var að því horfið að skipta landinu í tvö verðlagssvæði, annars vegar Reykjavík og stærri kaupstaðir, sem teljast til fyrsta verðlagssvæðis, og hins vegar aðrir landshlutar, sem teljast til annars verðlagssvæðis, og er lágmarksupphæð þessa lífeyris þar 25% lægri. — Lagt er til, að fullur ellilífeyrir á fyrsta verðlagssvæði sé kr. 1200,00 fyrir einstakling auk verðlagsuppbótar, en á öðru verðlagssvæði verða þetta kr. 900,00. Upphæðir þessar eru miðaðar við, að bótaþegi þurfi ekki sérstakrar umönnunar, en að öðrum kosti má hækka lífeyrinn um allt að 40%. Ýmislegt mælir með því að hafa alls staðar sama lífeyri, en var þó ekki talið fært, að athuguðu máli. Væri rétt að fela hagstofunni þetta til athugunar og endurskoðunar. — Um það atriði, hve langt þessar 1200 kr. hrökkva fyrir lífsnauðsynjum, þá verður ætíð að hafa tvennt í huga. Annars vegar, hvað mikið þarf til að fullnægja brýnustu þörfum, og hins vegar þarf það ætíð að vera tryggt, að ekki sé hagfelldara að njóta trygginganna en vera starfandi maður.

N. lagði til grundvallar, þegar hún ákvað þessa upphæð, kaup Dagsbrúnarverkamanns, sem hefur 5 manna fjölskyldu. Kemur þá svipuð upphæð á hvern fjölskyldumeðlim og hér er gert ráð fyrir. Hjón, sem hafa fullan lífeyri og hafa 3 börn á framfæri sínu, mundu fá sem svaraði 75% af kaupi Dagsbrúnarverkamanns, og þykir n. það ekki óhæfilegt. Aðrar upphæðir og bætur eru miðaðar við þessar upphæðir. Barnalífeyrir er ákveðinn ¾ af ellilífeyri, o. s. frv.

Um fjölskyldubæturnar þykir mér rétt að fara nokkrum orðum. En þær fjalla um styrk eftir að barnatala er komin yfir visst mark. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessar uppbætur byrji með fjórða barni, en upphaflega var þetta þannig, að greitt skyldi visst á hvert barn. Ég hefði talið rétt að miða þessar bætur við þriðja barn, því að það mun einatt muna hvað mestu, bæði að því er varðar húsakost o. fl. En það varð ofan á í n. að miða þetta við fjórða barn. Þar liggur það til grundvallar, að laun yfirleitt miðast við ákveðna stærð fjölskyldu. Þeir, sem yfir það mark fara, eiga erfiðara með að annast hvert barn, sem bætist við. En svo nauðsynlegt sem það er, að vel sé búið að gamalmennum, þá er þó enn þá nauðsynlegra, að vel sé búið að börnunum.

Þá kem ég að bótum til mæðra og ekkna. — Fæðingarhjálp er ákveðin þannig, að konan skal fá 200 kr. fyrir hverja fæðingu. En vinni hún utan heimilis, skal þetta vera 80 kr. fyrir fæðinguna, en auk þess mánaðarleg greiðsla í þrjá

mánuði á undan og eftir fæðingu. — Ekkjubætur greiðast við fráfall eiginmanns, ákveðin upphæð í þrjá mánuði og auk þess jarðarfararstyrkur.

Um iðgjöldin vil ég fara fáeinum orðum. Samkv. frv. er gert ráð fyrir mismunandi háum iðgjöldum einstaklinga. Lægst iðgjöld greiða ógiftar konur, en hæst kvæntir karlar. Atvinnurekendur skulu greiða eins og áður hin ákveðnu iðgjöld og auk þess kr. 1,50 fyrir hverja vinnuviku, sem unnin er í þjónustu þeirra. Skipting útgjaldanna milli aðila verður samkv. frv sem hér segir:

Hinir tryggðu	30 millj.	kr.
Atvinnurekendur	11,8 —	—
Sveitarfélög	15,3 —	—
Ríkissjóður	24 —	—

Við þetta mundu framlög þessara aðila frá því, sem nú er, hækka prósentvís sem hér segir:

Hinna tryggðu	60%
Atvinnurekenda	181%
Sveitarfélaga	49%
Ríkissjóðs	93%

Þessi breyt. mundi orsaka um 10% hækkun á útsvörum og um 9% á fjárl. Heildarkostnaðurinn mundi nema um 72 millj. kr., eða um 32 millj. fram yfir það, sem nú er. Þó er aðgætandi, að alls munu hafa farið til þessara mála um 50 millj. kr. Samkomulag varð um það í n. að aðgreina frá þessu atvinnuleysistryggingar, þar sem það mundi fremur heyra undir annan aðila. Jón Blöndal, hagfræðingur, vinnur að ýmsum athugunum hér að lútandi, og verður þeim væntanlega lokið áður en þetta mál verður afgreitt. Þó er gert ráð fyrir í frv., að 3 millj. kr. verði lagðar fram í þessu skyni. Sem sagt, eins og er, ef um atvinnuleysi er að ræða, eru þessar 3 millj. ófullnægjandi. En n. gerir sér vonir um, að til slíks eigi ekki að koma, og ætlazt til, að samkv. þessu verði gerðar ráðstafanir til þess að greiða fyrir því, að fullkomin vinnumiðlun geti komizt á, auk þess sem stjórnarvöldin í landinu að sjálfsögðu munu gera ráðstafanir til þess að afstýra því, að til atvinnuleysis komi, í sambandi við þá meginstefnuyfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstjórn nú hefur út gefið. Ég hygg, ef litið er burtu frá óvissunni um atvinnutryggingar, hvað þær muni kosta, þá sé óhætt að telja, að þær áætlanir, sem n. byggir á, séu sæmilega traustar. Meginmunurinn á þessu frv. og löggjöfinni um þetta efni nú er sá, að hér eru ákveðnar fastar upphæðir og rannsókn hefur farið fram á tölu þeirra manna, sem til greina geta komið, og á þá ekki að geta skeikað miklu. Ég held því, að megi fullyrða, að þær séu mjög nærri lagi, ef ekki kemur til atvinnuleysis. Þá má geta þess, að skekkjur frá ýmsum útreikningum geta valdið hér ýmsu um, en ég tel sennilegt, að það verki nokkuð jafnt á tekjur og gjöld. Í því frv., sem n. var með, var reiknað með því, að þeir sjóðir, sem fyrir eru í landinu, yrðu felldir saman vegna þessara l., þannig að tryggingar skv. þessum l. skyldu ná til allra íslenzkra ríkisborgara og allir menn og konur skyldu hafa sömu réttindi gagnvart almannatryggingunum.

Þá er eitt atriði, sem mér þykir rétt að vekja athygli á, og það er sú meginbreyt., sem gerð er á hér frá því, sem verið hefur, að nú eiga menn að öðlast rétt til þeirra bóta, sem tryggingarnar veita, án tillits til efnahags og tekna. Þetta er mjög veruleg breyt., a. m. k. frá því, sem tíðkazt hefur til þessa. Þó hefur hjá okkur mjög ákveðið þróunin verið í þessa átt nú síðari ár. Þegar alþýðutryggingarnar voru settar á stofn 1935, þá öðluðust ekki rétt til sjúkrahjálpar aðrir en þeir, sem voru undir vissu tekjumarki. Þetta hefur breytzt þannig síðan, að nú greiðir sjúkrasamlagið jafnt til manna, hvort sem þeir hafa háar eða lágar tekjur, og ég held, að það sé alveg í samræmi við það, sem stefnt er að í þessum málum. Tekjuhærri mönnum var gert í byrjun að greiða hærra framlag, ef þeir vildu öðlast réttindi, en nú er búið að fella það niður, og hafa allir sömu réttindi. Það er mjög eðlilegt þegar þess er gætt, að ⅔ hlutar tekna sjúkrasamlagsins eru einmitt frá bæjar- og sveitarfélögum. Slysatryggingar hafa allt frá byrjun greitt bætur án tillits til efnahags. Ríkisframfærslan er, að ég hygg, nú í raun og veru framkvæmd þannig, að ekki er tekið tillit til efnahags. Ég þarf ekki að minna á, að framlög til atvinnustarfa, hvort sem er við sjó eða í sveit, eru lögð fram án tillits til efnahags. Þar sem svo mikill hluti af kostnaðinum er borinn uppi af almannafé og þess fjár aflað með sköttum, sem eiga að koma þyngst niður á þá, sem mest hafa, og léttara á hina, sem minna hafa, þá er líka eðlilegt, að mismunurinn sé látinn með þeim hætti, en ekki sem iðgjaldagreiðslur innan tryggingarinnar. Auk þess er þess að gæta, að við þá athugun, sem gerð hefur verið í þessum efnum, virðist koma í ljós, að það er tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem ekki hefur þörf fyrir bætur og styrki, ef eitthvað kemur fyrir í þessum efnum.

Þetta er sem sagt meginefni frv., sem hér er lýst, og er það að minni hyggju í samræmi við það samkomulag, sem gert var í ríkisstj. nú síðast. En þó er gert ráð fyrir því, að fyrstu 5 árin verði nokkur takmörkun á lífeyrissjóðsgreiðslum, eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæðunum. Nú hafa menn greitt til Lífeyrissjóðs Íslands í 10 ár, miðað við allt annað fyrirkomulag en hér. Eftir 5 ár eru þá menn, sem verða 67 ára þá, búnir að greiða tillag í 15 ár til þessara trygginga, og finnst mér því eðlilegt, að menn fái ekki fullan rétt strax, eða ekki fyrr en þeir eru búnir að greiða nokkuð samkv. þessum nýju lögum.

Ég lofaði því að vera stuttorður og skal láta þetta nægja, að því þó viðbættu, að ég vil geta þess að lokum, að hér í þessari grg. er ekki gerður samanburður á frv. og gildandi l. um þetta efni erlendis, og liggja til þess tvennar ástæður. Önnur er sú, að hér í fylgiritinu eru miklar upplýsingar um þetta efni, frá þeim Jóhanni Sæmundssyni, tryggingayfirlækni, og Jóni Blöndal, hagfræðingi. Og svo í öðru lagi þá er mjög erfitt að gera þennan samanburð þannig, að hann verði ekki villandi. Hjá einni þjóð er lögð meiri áherzla á þetta atriði, en minni á annað. Mér er kunnugt um, að óskir hafa komið fram um að fá upplýsingar í þessu efni, og geri ég ráð fyrir, að mþn. muni reyna að gera tilraunir til að gera samanburð í þessu efni og gefa þ. fyllri upplýsingar um þetta atriði, eftir því sem föng eru á. En ég geri ekki ráð fyrir, að sá

samanburður geti orðið fólginn í öðru en að bera saman einstök atriði í frv. úti og hér.

Skal ég láta þetta nægja og vísa að öðru leyti til fylgiritsins og grg. og leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til heilbr.- og. félmn., þó að hún hafi flutt málið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það verður víst ekki um það deilt, að ef þetta frv. á þskj. 310 verður að l., þá muni Ísland verða í fremstu röð um almannatryggingar. Segi ég þetta ekki til þess að harma það, síður en svo, og skal ég ekki fara frekar út í það.

Ég geri ráð fyrir, að það hafi farið fyrir ýmsum eins og mér, að þeir hafi ekki haft tíma til að kynna sér allan þennan lagabálk, sem ekki er útbýtt hér fyrr en 8. des., þegar komið er langt fram á þing, og því ekki þess að vænta, að við séum eins vel inni í þessu máli og hv. frsm., sem hefur þetta sumpart að lífsstarfi og hefur kynnt sér málið frá öllum hliðum. Við fljótlegan yfirlestur finnst mér þó, að eitt sé mjög athyglisvert í þessu máli. Mér finnst meginatriðið vera, að hér sé um tilfærslu að ræða frá einhverjum öðrum aðila. Á Íslandi hefur ríkt sú venja frá fyrstu tíð, að hér hefur enginn maður verið látinn líða, þó að fátækur væri. Annaðhvort hafa þessir menn verið teknir til framfærslu af því opinbera eða af skyldurækni, sem kann að hafa kostað eins mikið fé og annars hefði farið í tryggingarkostnað þann, sem hér um ræðir, og þeir þá að sjálfsögðu lausir við þær skyldur, sem hvíla á framfærslukostnaðinum, sem hér er um að ræða. Mér finnst ekki liggja nógu skýrt fyrir, hve mikill hagur þetta væri fyrir sveitarsjóðina eða sparnaður fyrir fátækraframfærsluna, að þessi l. væru samþ. Ég hefði óskað, að eitthvað hefði legið fyrir nánar um þetta, áður en þetta frv. kæmi beint til afgreiðslu þessarar d., og í sambandi við það vildi ég mega benda á, hvort heilbr.- og félmn. teldi nú ekki ástæðu til að senda þetta frv. til umsagnar sveitarstjórna á landinu. Mér finnst, að hér séu töluverðar skyldur lagðar á sveitarfélög almennt og þau ein geti því sagt til um það, hvort þetta yrði þeim að einhverju leyti til sparnaðar, sem kæmi t. d. fram í lægri framfærslueyri, hvort þau fá eins mikið fé til baka og þau verða að greiða með gjöldum til tryggingarsjóðs með þessum l.

Ég býst ekki við, að frsm. ætlist til, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þ., þar sem það kemur ekki fram fyrr en svo seint. Ég tel einnig slæmt, að jafnstórt mál og þetta fái flaustursleg afgreiðslu, og er þess vegna ágætt, að frv. er komið fram, svo að hægt sé að átta sig á því og unnt að fá upplýsingar frá sveitarstjórnum á landinu. Ég mundi telja það mikils virði, að umsagnir lægju fyrir um þessi atriði.

Mér finnst ég sakna þess, að ekki eru teknir hér inn allir þegnar þjóðfélagsins og komið á atvinnulífeyri embættismanna, þannig að ríkið þurfi þá ekki á eftir að standa undir aukagjöldum embættismanna, eins og nú er gert. Má vera, að það sé gert hér, en ég hef ekki orðið þess var. Ég teldi það mikils virði og beina afleiðingu af því, sem hv. þm. sagði, að allir þegnar þjóðfélagsins ættu að koma undir þetta mál.

Í öðru lagi vildi ég benda á, hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta erfðal. Mér skilst, að það sé miklu minni þörf fyrir menn að tryggja sig, hvort heldur er með einstökum tryggingum, einkum með líftryggingum, eða auðsöfnun, sem mest stafar af því, að menn vilja ekki liggja á annarra manna framfærslu, og þá kemur það mjög til athugunar, hvort ekki beri að taka alla erfðafjárskatta, sem renna í ríkissjóð, inn í þennan sjóð og breyta þannig erfðal., að mikill hluti renni inn í þennan sjóð. Allt er þetta ekki annað en tilfærsla í þjóðfélaginu, og ef menn hafa trú á því, að þetta sé þjóðfélagsmál, sem á að byggja upp, ætti að athuga, hvort ekki megi tengja þessi mál saman.

Ég vil einnig gera þá fyrirspurn til hv. frsm., hvort hann teldi ekki, að þessi löggjöf, ef samþ. yrði, mundi gerbreyta launakjörum manna almennt í landinu. Mjög mikið af launakjörum manna er byggt á því, að þeir hafi ekki einasta viðunandi lífeyri meðan þeir vinna, heldur og þótt þeir séu sjúkir eða verði ellihrumir. En með því að hafa tryggingu fyrir sjúkradögum og tryggingu fyrir nokkrum tekjum í ellinni, held ég, að það gæti haft þau áhrif, að samræma mætti til lækkunar laun við aðra atvinnuvegi, bæði embættismanna og sjómanna, því að mér skilst, að hér sé um kjarabætur að ræða, og ég hygg, að þegar málið er þannig athugað, geti maður komizt að niðurstöðu um það, að sjálfur kostnaðurinn sé ekki eins ægilegur og litur út fyrir við fyrstu sjón, vegna þess að það hefur ekki verið tekið eins til athugunar, hvað spara mætti á öðrum sviðum.

Ég vildi aðeins láta þessar aths. koma fram við 1. umr. og legg á það áherzlu, að þetta frv. sé sent til umsagnar öllum sveitarstjórnum á landinu, því að þær eru ekki litlir aðilar í þessu máli.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hlustaði í nálægð á ræðu frsm. um þetta mál, sem var mjög fróðleg, enda er hann mjög kunnugur þessum málum.

Ég vil taka það fram, að þó að ég hafi gerzt meðflm. að þessu frv., er það án skuldbindingar um afgreiðslu. En það, sem ég vildi segja um þetta mál þegar við 1. umr., án þess að gera það mikið að umtalsefni, er þetta: Ég hygg, að það hafi víða verið litið svo á, þar sem löggjöf líkt þessari hefur verið samþ., að hún hlyti að koma sem blóm á þroskuðu fjármálalífi. Það er alveg auðsætt mál, eins og hér hefur verið tekið fram og ljóst liggur fyrir, að þótt ýmislegt sparist, sem, eins og áður hefur verið tekið fram, liggur ekki greinilega fyrir enn þá, þá leggjast þessi útgjöld á ríkissjóð, sveitarfélög, atvinnurekendur og þá, sem eru tryggðir. Þess vegna hlýtur framkvæmd þessara mála að byggjast á því, að fjármálalífið sé þannig, að framleiðslan sé í því horfi, að hún geti staðið undir þessum gjöldum. En því miður berast stöðugar kvartanir frá framleiðendum, bæði við sjó og í sveitum, án þess að ég fari nánar inn á það. Enn fremur er augljóst, að tekjumöguleikar sveitarfélaganna byggjast á þessum atvinnurekstri, sem ég hef

nefnt, framleiðslunni. Ég álít, að ekki verði hjá því komizt í sambandi við þetta mál, án þess að ég segi um það á þessu stigi málsins, hvaða áhrif slík rannsókn mundi hafa á framgang málsins, — að rannsaka og yfirvega, hvort grunnurinn undir þessari stóru byggingu er til. Því að það er með þetta eins og hvert annað stórvirki, sem byggja á upp í þjóðfélaginu, að það fær því aðeins staðizt, að þessi grundvöllur, sem ég hef nefnt, sé til staðar. Vinsælt mál eins og tryggingarnar gæti hæglega beðið stórkostlegan hnekki, ef löggjöfinni væri komið á án þess, að fjármálagrundvöllur sé undir þessari byggingu, vegna þess að það mundi veikja trú manna á þessu mikla og stóra máli. Það gæti átt miklu erfiðara uppdráttar, þó að hægt væri að koma því í gegn nú, þar sem vantar alla aðstöðu til þess að byggja það upp á skynsamlegan hátt. Ég vil ekki segja, að þessi rannsókn, sem ég hef nefnt, mundi leiða til þess, að frv. verði ekki afgr. á þessu stigi. En ég segi hitt, að ég álít, að ekki verði komizt hjá því að gefa þessu hinn fyllsta gaum.

Ég skal svo ekki segja meira um þetta mál á þessu stigi, en ég segi það nú þegar, að ég álít, að þetta atriði og mörg önnur séu eitt af þeim fyrstu, sem rannsaka þurfi í þeirri n., sem tekur málið til meðferðar.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekki teygja umr. heldur aðeins svara því, sem til mín hefur verið beint.

Ég er sammála því, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að í raun og veru er hér sennilega mest um tilfærslu að ræða, öllu frekar en verulega aukinn beinan kostnað, tilfærslu, eins og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni, milli ýmissa opinberra aðila, og tel ég þá með þá tryggingastofnun, sem ég veiti forstöðu, þó að hún fái sín gjöld, og er kannske um að ræða öllu frekar tilfærslu frá einstaklingum og yfir á tryggingasjóði. Ég treysti mér ekki til að gera það upp, hve miklu það nemur, og ég held, að það sé ekki mögulegt að finna út, hvað menn gefa sínum skyldmennum. En það er rétt, að það verður ekki séð, að þetta fólk, sem ætlazt er til, að tryggingar taki, líði almennt nokkurn skort. En þar fyrir er það fyrirkomulag, sem á þessum málum er, mjög óæskilegt, annars vegar fullkomið réttleysi á þeim sviðum, sem tryggingarnar taka ekki til — menn þurfa að leita þeirra sem ölmusumenn — og hins vegar eftirtölur þeirra, sem fé þá láta af hendi. Meginefni þessa frv. er einmitt að setja reglur um það, hvenær menn eigi rétt til fjár og hverjir eigi að fá það. Nú er rétt að benda á, að það er gert ráð fyrir, að enginn fái bætur óðruvísi en eftir umsókn. Má vera, að ýmsir menn, sem eru tekjuháir og eiga miklar eignir, hirði ekki um bætur, og þá sækja þeir ekki um og fá þar af leiðandi ekki greiðslur. Má líka vera, að foreldrar, sem eru hjá börnum sínum, hirði ekki um að sækja um bætur. Annars, ef þeir vilja, þá geta þeir fengið þær.

Hins vegar ætti að vera hægt að gera sér hugmynd um það, hve mikill léttir það yrði á sveitarfélögum. Eftir frv. ætti að létta á sveitarfélögunum öllum nema þar, sem um vandræðafólk er að ræða eða þá, sem einhverra hluta vegna geta ekki komið undir kerfið, og er þá væntanlega ekki nema um litlar upphæðir að ræða í því sambandi. Þá er rétt að benda á, að ef menn eru undir vissu tekjumarki, er ætlazt til, að sveitarsjóðirnir greiði iðgjöldin fyrir þá, og sú áætlun, sem gerð hefur verið um það, hvað það er mikið, er nokkuð af handahófi gerð. Sama er að segja um kostnað ríkissjóðs nú af sjúkum mönnum.

Hv. þm. sagðist ekki gera ráð fyrir, að það væri ætlun mín, að frv. væri afgr. á þessu þingi. Mig furðar á þessum ummælum. Það er fullkomlega ætlun mín, og ég vil vænta þess, að það verði gert, en frestað þar til þ. heldur áfram, og hygg ég, að gott sé að nota þann tíma til að kynna sér frv., eins og hv. þm. benti á. En ég skal einnig upplýsa, að ráðstafanir hafa verið gerðar til að senda sveitarstjórnum frv., þó ekki í því skyni, að umsögn geti fengizt frá þeim öllum áður en frv. yrði afgr. hér. Enn fremur hefur það verið sent til ýmissa annarra aðila, en ég vil taka fram, að það er ekki gert með það fyrir augum að bíða eftir umsögn sveitarstjórnanna allra. Ég vil einnig benda á, að þó að skammt sé síðan frv. komst á þ., þá held ég, að allir flokkar hafi fengið upplýsingar frá mþn. um atriði frv., og ráðh. frá öllum flokkum hafa í höndum glöggar upplýsingar um þetta. Enn fremur vísa ég til fylgirits Jóhanns Sæmundssonar og Jóns Blöndals, en meginefni frv. er byggt á áliti þessara tveggja manna, sem þm. hafa átt kost á að kynna sér frá byrjun, þannig að undirbúning skortir ekki mikinn til þess, að hægt sé að afgr. frv. á þessu þ., og vil ég ekki gera ráð fyrir öðru en að það verði gert.

Hvort af samþ. þessa frv. mundi leiða breyt. á launakjörum, veit ég ekki. Ég get þó sagt sem mína persónulegu skoðun, að ég álít, að mjög mikils vert stabilitet fengist með þessari löggjöf, sem varla yrði ofmetið af hvorugum aðila, atvinnurekendum né verkamönnum.

Ég vil þakka hv. þm. Str. fyrir vinsamleg ummæli. En hins vegar get ég nú ekki neitað því, að ef bíða á eftir því, að fengizt hafi öruggur fjárhagsgrundvöllur, ekki aðeins fyrir tryggingunni sjálfri, heldur líka fyrir ríkissjóð og fjármálalífið í landinu, þá er ég hræddur um, að biðin gæti orðið nokkuð löng og skiptar skoðanir um það, hvort þessi trygging væri fyrir hendi á þessum tíma. Ég held, að aldrei á nokkru gefnu augnabliki sé hægt að segja: Nú er trygging fyrir hendi, nú er traustur fjármálagrundvöllur fyrir hendi, — því að við erum háð svo mörgum atvikum, sem við getum engu um ráðið í þessum efnum. Við erum ekki herrar yfir að skapa þessa tryggingu sjálfir, og ég veit ekki um neina þjóð, sem hefur látið sér detta í hug að bíða eftir, að þetta öryggi væri fyrir hendi, áður en hún réðist í lagasetningu svipaða og þessa.

Ég held, að það sé ekki meira, sem ég ætlaði að segja.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að fara að rökræða þetta, eins og ég tók fram við hæstv.

forseta. En eins og fjármálagrundvöllur undir þessu komi ekki málinu við? Vitanlega koma peningarnir hvergi annars staðar að en úr þeim lindum, sem ég minntist á, og ef þeir eru ekki til, verða engar tryggingar til. Ég hef verið að reyna að staglast gegnum bókmenntir um þessar tryggingar, og m. a. það fyrsta, sem gefið hefur verið hér út eftir brezkan hagfræðing, sem mest hefur um þetta ritað, og hann segir, að það sé ekki hægt að halda uppi tryggingum nema á undirstöðu heilbrigðs atvinnulífs. Og ég verð að segja, að eins og atvinnulífi er háttað hér nú, þá held ég, að það geti ekki talizt traustur grundvöllur undir þeim tryggingum, sem hér er um að ræða, því að það virðist ekki orka tvímælis af því, sem ég hef um þetta lesið, að traustur fjármálagrundvöllur sé undanfari, sem verður að koma á undan öllum tryggingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 310, n. 794 og 795, 796, 798).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 796 og 798. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið lengi hjá n., var borið fram í byrjun desember, og um starfstilhögun og störf n. vil ég vísa til nál. á þskj. 794, og hef ég þar litlu við að bæta. Ég vil þó geta þess, að við athugun málsins var mest rætt um fjárhagshlið þess, og komu fram ýmsar till., eins og menn geta séð af nál., bæði til lækkunar og hækkunar. Fulltrúi kommúnista bar fram till. á þskj. 798, um að mest hækkaði, og fulltrúi Sjálfstfl. lagði fram till. um lækkanir, en niðurstaðan varð sú, að þeir tilkynntu fylgi sitt við frv. bundið því skilyrði, að heildarkostnaðurinn lækkaði, og varð loks samkomulag um 5—6% lækkun.

Ég skal víkja að einstökum atriðum um leið og ég nefni till., en annars get ég vísað til nál. um afstöðu manna og flokka þeirra til málsins. En það er samkomulag um að fylgja málinu fram á þessu stigi þess með till. meiri hl., en án tillits til till., sem áður voru komnar fram. Ég skal svo víkja að brtt. og stytta mál mitt eftir því, sem ég get.

1. brtt. á þskj. 796, við 14. gr., þarf engrar skýringar við. — Þá er brtt. við 15. gr., um að skerðing á lífeyri hjóna skuli aðeins beitt, ef þau búa saman. Ég hef rætt um það við meðnm. mína, að þessi till. yrði látin bíða til 3. umr. Brtt. við 19. gr. er aðeins leiðrétting.

Þá er brtt. við 23. gr., a-liður, um að „ef ekkja giftist, á hún rétt á að fá greiddan barnalífeyri í 3 ár, þó aldrei hærri upphæð en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gifzt aftur.“ Það varð niðurstaða í n., að í staðinn fyrir að þriggja ára lífeyririnn væri greiddur í einu, þá skyldi hann greiddur á þrem árum, því að ekki þótti öruggt, að þetta yrði ekki eyðslueyrir, ef það yrði greitt í einu. En upphæðin breytist ekki. — Þá er það b-liðurinn við 23. gr. Samkv. frv. er tryggingaráði heimilt að greiða ekkli barnalífeyri eins og um ekkjur væri að ræða, en n. varð ásátt um að lækka þetta niður í hálfan lífeyri.

Brtt. við 26. gr. er aðallega orðalagsbreyt., nema þar er sett inn, að 6 mánuðir skuli líða frá hvarfi eiginmannsins.

Við 27. gr. 3. mgr. er brtt., þar sem lagt er til, að gr. orðist sem þar segir. Í frv. er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnunin hafi kröfu á framfærslusveit um barnaframfærslustyrk, en nú annaðhvort dvalar- eða framfærslusvéit. — Brtt. við 30. og 31. gr. eru aðeins orðalagsbreyt. og þurfa ekki skýringa við.

Þá er brtt. við 32. gr. 1. mgr., um að „fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum barnanna, ef þeir eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær öðrum aðila, ef hún telur, að bæturnar komi börnunum að betri notum með þeim hætti, sbr. 33. gr.“ Hér hefur verið fylgt reglu, sem notuð er í Bretlandi. En ef um óreglufólk er að ræða, fer þetta eftir ákvæðum 33. gr.

10. brtt., við 34. gr., lýtur að fæðingarstyrkjum, sem greiddir eru mæðrum, giftum eða ógiftum. Réttur giftrar konu er bundinn því skilyrði, að maðurinn geti ekki séð heimilinu farborða.

Þá komum við að 11. brtt., við 35. gr., og mun ég um leið ræða um 12. brtt., við 36. gr. Í frv. er ákvæði um, að allar konur, sem verða ekkjur og eiga börn innan 16 ára, skuli fá lífeyri, 600 eða 450 kr. Hins vegar er í 36. gr. veitt heimild til að greiða ekkjum sérstakan lífeyri, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar maðurinn fellur frá. Það vantar á, að tekið sé nóg tillit til þeirra kvenna, sem hafa misst menn sína og eru orðnar aldraðar eða heilsulausar. En ungar ekkjur eru að mörgu leyti hæfari til að sjá um sig sjálfar.

Í 35. gr. er öllum konum, sem verða ekkjur innan 67 ára aldurs, áskilinn réttur á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns þeirra, kr. 140,00 mánaðarlega. Í sambandi við þá lækkun, sem gerð var á heildarkostnaðinum, þá er felldur niður sá lífeyrir handa ekkjum, yngri en 67 ára, sem gert er ráð fyrir í 35. gr., en í staðinn koma 200 kr. á mánuði í 3 mánuði, en hafi ekkjan á framfæri sínu börn yngri en 16 ára, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 150,00 mánaðarlega. — Það er ljóst, að af þessari breyt. leiðir, að ekkjur, sem hafa stálpuð börn á framfæri sínu, eru ekki miður haldnar en hinar. Eftir brtt. við 36. gr. á hver sú kona, sem verður ekkja um 50 ára, sama rétt á lífeyri, þótt hún hafi ekki börn á framfæri sínu, og er sá lífeyrir, miðað við 1. verðlagssvæði, 1200 kr. á ári, og er þá miðað við 67 ára aldur, en lækkar eftir því, sem konurnar eru yngri, en hækkar eftir því, sem þær eru eldri.

14. brtt. er við 40. gr., sem fjallar um jarðarfararstyrk, og varð samkomulag um að fella gr. niður.

15. brtt. er við 44. gr., sem fjallar um rétt manna til dagpeninga. Varð það sjónarmið ofan á í n. að miða við það, hvort hægt er að ná til læknis daglega. Hins vegar skal það tekið fram,

að ákvæðið um 10 km ber ekki að skoða bókstaflega.

Næst er brtt. við 45. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir lengri biðtíma, ef launþegi á ekki í hlut, en það varð ofan á í n. að láta hér gilda það sama um atvinnurekendur. — 17. brtt. er bein afleiðing af brtt. við 44. gr. — 18. brtt. tel ég, að þurfi ekki skýringar við. — 19. brtt. er við 60. gr. frv. og er viðbótarmálsgr. til skýringar. — 20. brtt. er við 63. gr. frv. og felur í sér, að það sé að nokkru lagt á vald Tryggingastofnunarinnar, frá hvaða degi bætur skuli reiknaðar.

21. brtt. er við 68. gr. frv. og er afleiðing af breyt. á fjölskyldubótum. Samkv. 2. málsgr. þessarar gr. í frv. er það lagt á vald Tryggingastofnunarinnar, hvort hún greiðir bótþega sjálfum bæturnar eða öðrum, sem hún telur, að verji þeim meir honum til gagns. N. þótti ekki rétt að fela Tryggingastofnuninni slíkt vald á hendur. — 22. brtt. er við 69. gr. frv., en hún og þrjár næstu brtt. eru einungis orðabreyt. og þurfa ekki skýringar við. — 26. brtt. er við 84. gr. N. var sammála um, að 4. málsgr. þessarar gr. væri ástæðulaus, og leggur því til, að hún verði felld niður. — Brtt. við 85. gr. skýrir sig sjálf.

Viðvíkjandi 28. brtt., við 94. gr., telur meiri hl. n. rétt að taka fram, að fyllstu varúðar verður að gæta viðvíkjandi aðstoð í heimahúsum, t. d. kemur ekki til mála, að heimilin geti ráðið sér aðstoð og sent síðan reikningana.

Brtt. við 98. gr. lýtur að því að fella niður ákvæðið um, að skylt sé að greiða kostnað vegna heimfarar sjúklinga. Þó væntir n., að þessu verði ekki beitt, ef t. d. sjúklingurinn er fluttur veikur heim aftur. Þá leggur n. einnig til, að 2. málsgr. sömu gr., um hækkun á endurgreiðslum, falli niður. — Brtt. við 99. gr. er einungis orðabreyt.

31. brtt. er um, að 2. málsgr. 100. gr. falli niður. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að taka skuli vissan hluta af tekjum Tryggingastofnunarinnar auk þeirra þriggja millj., sem nú eru í vörzlum stofnunarinnar, og renni það til Atvinnustofnunar ríkisins. En þar sem þörf var á að lækka útgjöld tryggingganna, þótti réttara að láta þetta falla niður en að ganga á aðra liði tryggingganna. — Bein afleiðing af þessari breyt. á 100. gr. er svo 32. brtt., um að bæta þurfi aftan við 101. gr. nýjum tölul. — Brtt. við 102. og 103. gr. eru einnig afleiðingar þessarar breyt. — 34. brtt. er einungis orðabreyt. — Samkv. 35. brtt. fellur niður 2. málsgr. 105. gr. frv., þar eð þarflaust er að ákveða um útlán fjár, sem skal vera handbært. — 36. brtt. er einungis orðalagsbreyt., en miðar að því að rýmka lánsheimild til sveitarfélaga til að koma upp elliheimilum og öryrkjastofnunum. Þó hefur Tryggingastofnunin á valdi sínu að meta þá tryggingu, sem í boði er. — Næsta brtt. er við 109. gr. frv. og er afleiðing af áður sögðu.

38. brtt. fjallar um, að hið sama gildi um meistara í iðnaði og þær stofnanir, sem veita verklega kennslu. Er þetta eðlileg og sjálfsögð lagfæring.

39. brtt. er við 111. gr. frv. N. var sammála um, að með tilliti til þeirra tekna, sem skattaframtöl sýna, væri ekki unnt að orða þessa gr. eins og gert er í frv., en varð sammála um að orða hana á eftirfarandi hátt: „Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöldin, ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt né eignarskatt það ár, og má aldrei krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattskyldra tekna hans unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Slíkar iðgjaldagreiðslur úr sveitarsjóði teljast ekki framfærslustyrkur." — Því var haldið fram með réttu, að sveitarsjóðunum mundi íþyngt um of þar, sem tekjuframtöl eru lág, ef þessu væri ekki breytt. Þeirri leið er samt haldið opinni, að þeir, sem litlar tekjur hafa, geti sótt um greiðslu úr sveitarsjóði.

40. brtt. er við 114. gr., og hef ég áður skýrt hana. — 41. brtt. skýrir sig sjálf. Aftur á móti er 42. brtt. gagngerð breyting á 118. gr. Er þar um að ræða einn lið í því samkomulagi, sem ég gat um í upphafi máls míns. Samkv. brtt. n. skal orða gr. svo: „Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7 millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsgr. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.

Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsgr., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsgr., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegar, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 109. og 114. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna." — Það var ljóst, að ef samkomulag átti að nást um þetta mál, varð að takmarka greiðslurnar nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég skal játa, að þessi ákvæði eru óvenjulega ströng. Ég hygg, að það séu ekki í okkar löggjöf til ákvæði sem þessi. En það skal játað, að ekki er hægt að segja um það með nokkurri vissu, hver útgjöldin kynnu að verða, og mþn. var því að sjálfsögðu fullljóst, að með fullri vissu var ekki hægt að áætla slíkt. Þess vegna er lagt til í bráðabirgðaákvæðunum, að endurskoðun á l. skuli fara fram innan næstu fimm ára. Ég hef því talið, að ekki væri þörf á þessum sérstöku ákvæðum þarna, því að hvort tveggja lýtur að því sama, og þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að orða gr. eins og hér segir.

Brtt. við 119. gr. er aðeins viðbót, sem skýrir sig sjálf og er sett eftir ósk tollstjórans í

Reykjavík, sem er manna kunnugastur þessari innheimtu og öllu, sem að því lýtur.

44. brtt., a-liður, við 120. gr., er aðeins breyt. á þeim tímaákvörðunum, sem gilda eiga um það, hvenær gjaldskráin til tryggingasjóðs skuli lögð fram, og skýrir sig sjálf. B-liðurinn er afleiðing af þeim breyt., sem gerðar eru á 111. gr., og þarfnast ekki skýringar. C-liðurinn er aðeins leiðrétting.

Þá er brtt. við 121. gr., og er lagt til, að hún verði orðuð eins og 45. brtt. hermir, en í frv. er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem námsmenn eru staddir, sé skylt að innheimta gjöldin mánaðarlega. Þessi brtt. er gerð eftir ósk tollstjóra, en ég vil taka fram sem mína skoðun og að ég ætla meiri hl., að a. m. k. fyrst eftir að l. gengju í gildi, tel ég ekki fært að víkja frá því að innheimta mánaðarlega á þessum stöðum, þó að ég vel geti fallizt á, að þegar frá líður og framkvæmdin er komin í fast horf, megi víkja nokkuð frá því, og með tilliti til þess er þessi brtt. gerð við gr.

Brtt. við 124. gr. er eingöngu gerð í samráði við tollstjóra, sem telur sjálfsagt að halda sama hætti um innheimtu iðgjalda vegna sjómanna og bifreiðastjóra sem nú er og taka þau við lögskráningu og með *bifreiðaskatti*, og fellst n. á það. — Í 47. brtt., við 127. gr., er vísað til nýrri l. en gert er í frv., og er það aðeins leiðrétting. — 128. gr., um sérstaka lífeyrissjóði, er lagt til, að verði færð á annan stað, eins og 54. brtt. sýnir, því að þar er lagt til, að hún komi inn óbreytt. — 49. brtt. er gerð við 130. gr. Þar er prentvilla, og mun n. taka aftur 49.—50. brtt. til 3. umr. og athuga það nánar, bæði leiðréttinguna og annað í sambandi við það.

Þá er 51. brtt., við 133. gr., þar sem lagt er til, að upphaf gr. orðist eins og þar hermir, en efni brtt. er það, að þau viðurlög, sem samkv. frv. er ætlazt til, að gildi jafnt, hvort sem um innheimtufé er að ræða eða skyldugjald atvinnurekenda, skuli framvegis aðeins gilda um skyldugjald atvinnurekenda og fara eftir þeim l., sem til er vísað.

Við 134. gr. er lengdur úr fimm mánuðum í tólf mánuði sá tími, sem atvinnurekandi getur krafið fyrrverandi starfsmann um þetta gjald. Það varð að samkomulagi í n. að breyta þessu.

53. brtt. a er aðeins orðabreyt. B-liðurinn er um það, að bætur vegna útfarar samkv. 46. gr. skuli felldar úr frv., en í þess stað leggur meiri hl. til, að sett sé inn „bætur samkv. 35. gr.", þ. e. a. s. 3—12 mánaða greiðsla eftir því, hvort um konu með barn á framfæri eða barnsmóður er að ræða.

54. brtt. er aðeins um það, að 128. gr. skuli sett á þennan stað í frv., og er það afleiðing af þeirri brtt., sem áður greinir um þetta efni. Annars skal ég geta þess, að einmitt um þessa till. var allmjög rætt í mþn., og var nokkur ágreiningur um að gera nokkuð aðra skipun þar á, þ. e. a. s., að lífeyrissjóðirnir yrðu viðbótartrygging við almannatrygginguna, sem allir eru skyldir að taka þátt í, en samkv. þessari gr. er ætlazt til þess, að *lífeyrissjóðurinn taki að sér aðra lífeyrissjóði* að fullu. Og þó að ég hefði talið hitt heppilegra, þá hef ég ekki hirt að bera fram brtt. um það, en að sjálfsögðu verður þetta lagað við endurskoðun.

Í 55. brtt. við 137. gr. er lagt til, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að stofna til og taka að sér persónulegar ábyrgðartryggingar. Það er nokkuð spurt um þessar tryggingar nú, en ég held, að það sé ekki hægt að fá þær með sæmilegum kjörum eða ekki auðvelt a. m. k. N. telur sjálfsagt að veita þessa heimild, en ráðh. ræður, hvort hún er notuð, og setur þá reglugerð þar um, ef til kemur.

56. brtt. er aðeins leiðrétting. Það var aldrei ætlazt til, að skattfrelsi vegna iðgjalda tæki til þeirra iðgjalda, sem greidd eru samkv. 137. gr., því að það er annars eðlis.

Þá er loks brtt. við 142. gr., um gildistöku l. Í frv. var gert ráð fyrir því, að l. öðluðust gildi að nokkru 1. júlí n. k. og þá væri hægt að hefja innheimtu iðgjalda. Nú er ómögulegt að koma slíku við, svo langt sem liðið er á árið. Ýmsar breyt., sem ég hef gert grein fyrir, stafa af því, að ekki er hægt að halda sér við þessi tímamörk. Nú leggur n. til, að um næstu áramót taki l. gildi og þá hefjist allar bótagreiðslur samkv. l. og einnig hefjist þá iðgjaldagreiðslur, líka frá sama tíma. Ætlað var samkv. frv., að hægt væri *að innheimta iðgjöld í sex mánuði*, áður en bótagreiðslur hefjast. Þó er sú undantekning fyrir gildistöku l. samkv. till. n., að kaflinn um heilsuvernd taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1948, eða einu ári síðar. Er það með tilliti til þess, að tími vinnist til undirbúnings. Ég hef rætt um þetta við hæstv. fjmrh., og ég hygg, að hann mundi heldur vilja hafa það nokkru rýmra, þannig að hægt sé að láta heilsugæzlukaflann taka til starfa eitthvað fyrr á árinu, ef það þætti henta. N. gæti því fyrir sitt leyti fallizt á að fresta að ganga til atkv. um gildistöku l., en mun þó gera grein fyrir brtt. að öðru leyti, en vil heyra frá meðnm. mönnum mínum um það síðar. Aðrar brtt. eru fluttar sem bein afleiðing af gildistökutímanum, eins og t. d. c-liður, sem segir, að 3. kafli alþýðutryggingal. skuli gilda þangað til heilsugæzlukaflinn samkv. þessum l. kemur til framkvæmda, og einnig er gert ráð fyrir, að *sama gildi um heilsuverndarstöðvar*, að l. um þær gildi, þangað til kaflinn um heilsuverndarstöðvar í þessum l. kemur til framkvæmda. Hins vegar er lagt til, að 7. liður í 142. gr. frv. falli niður. N. var sem sé á því, að ekki væri vert að fella þessi eldri l. úr gildi um læknisvitjanasjóði. Meðan óséð er um, hvort þeir sjóðir, sem stofna skal samkv. frv., hrökkva til, þá getur verið gott fyrir hreppsfélög að hafa þessa læknisvitjanasjóði til umráða fyrstu árin.

Þá eru brtt. við bráðabirgðaákvæðin. Þar er lagt til í a-liðnum, að upphaf tölul. 1 orðist svo: „Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir." Hér er fellt niður að heimila að skerða ekkjulífeyri, önnur efnisbreyt. er ekki.

Þá er lagt til, að málsgr., sem lýtur að ekkjulífeyri, sé með öllu í burtu felld, þar sem hann *er ekki lengur til í frv., en inn bætist viðvíkjandi* barnalífeyri ákvæði eins og hermir í c-lið: „Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglu-

gerð" o. s. frv. Það þótti ekki fært að setja um þetta ákveðnari reglur, en þetta, sem sé, að sú hámarksupphæð, sem miðað er við, þegar til skerðingar kemur, sem er samkv. þessari gr., taldi n. að mætti nægja. — D-liðurinn er aðeins orðalagsbreyt., og e-liðurinn er settur inn samkv. ósk tollstjóra, að ákveða skuli iðgjöld í heilum krónum. — Í f-lið er lagt til, að meðan ekki eru sett l. um opinbera aðstoð til öryrkja, skuli heimilt að verja allt að 400 þús. kr. úr tryggingasjóði til styrktar slíkum mönnum eftir nánari reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir.

Loks er h-liðurinn, sem er í raun og veru afleiðing af því, sem gert er ráð fyrir, að fresta gildistöku l. N. er ljóst, að sjúkrasamlög hljóta að starfa áfram meðan heilsugæzlukaflinn kemur ekki til framkvæmda. N. þótti ekki fært að innheimta samtímis full iðgjöld til tryggingasjóðs og einnig sjúkrasamlagsgjöld, en hins vegar þótti ekki rétt að draga sjúkrasamlagsgjöldin frá, því að fríðindi sjúkrasamlaganna haldast, og er því lagt á vald tryggingaráðs eða ríkisstj. að fengnum till. tryggingaráðs að lækka iðgjöld um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi nemur. Þar sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsgjaldi eins og það er lægst á landinu.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt. og bið afsökunar, hversu langan tíma það hefur tekið, en taldi það þó óhjákvæmilegt, því að ég hygg, að það sé ætlun hæstv. forseta, að atkvgr. ljúki í nótt.

Ég skal aðeins segja örfá orð um aðrar brtt. varðandi þetta mál, en spara þá frekar umr. síðar, er hv. flm. þeirra hafa mælt fyrir sínum till.

Um brtt. á þskj. 798, frá hv. 4. landsk. þm., vil ég segja það, að í raun og veru er ég þegar búinn að skýra, hvers vegna ég hef ekki séð mér fært að vera með þeim, þegar ég hef greint frá viðræðum og samkomulagi, sem fengizt hefur í n. um fjárhagsatriðið. Mér þykir samt rétt að gera grein fyrir því, sem n. hafði í huga, þegar þær tölur voru settar í frv., sem gert var, þ. e. a. s. 1200 kr. grunnlífeyrir fyrir einhleypan mann, sem er sæmilega heilsuhraustur og þarf ekki umönnunar eða læknis við. Gegnum þetta frv. allt er fylgt þeirri reglu, að bótaupphæðin megi aldrei fara fram úr 75% af eðlilegum tekjum hlutaðeiganda. Ef maður athugar kaupgjald hér í Reykjavík áður en síðustu Dagsbrúnarsamningar voru gerðir, þá hefur verkamaður, sem hefur 300 vinnudaga, 16300 kr. árstekjur, og er þá ekki talið með neinni eftirvinnu. Setjum svo, að þetta séu hjón með 3 börn. Ef þau yrðu bæði öryrkjar, þá fengju þau fulla upphæð samkv. þessum l. Þá fengju hjónin 5500 kr. og börnin 6840 kr. eða samtals 12340 kr., ef um engar aðrar tekjur er að ræða, eða rétt um það bil 75% af þeim tekjum, sem verkamaður með Dagsbrúnarkaupi vinnur sér inn á 300 vinnudögum án nokkurrar eftirvinnu. Líti maður til einstaklings, getur maður deilt í þessar 16500 kr. með 5, og yrði þá á hvern einstakling 3500 kr. til uppjafnaðar. Þetta er sú viðmiðun, sem n. hafði í huga þegar hún lagði til, að þessi upphæð yrði ákveðin í samræmi við það hámark, sem tryggingin hefur greitt til þessa. Hins vegar er það svo, og það vil ég minna hv. þm. á, að það er heimild í frv. til þess að auka við þessar greiðslur, ef svo er ástatt um styrkþega, að hann þarf sérstakrar sjúkraumönnunar við.

Loks vil ég benda á, að í bráðabirgðaákvæðunum er beinlínis ákveðið, að fram skuli fara rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á ýmsum stöðum á landinu og bótaupphæð ákveðin og landinu skipt í verðlagssvæði að fengnum þeim niðurstöðum. Ég skal rétt skýra frá þessu vegna þeirra brtt., sem fram eru komnar, og get ég látið þetta nægja um þær til viðbótar því, sem ég sagði í upphafi máls míns um möguleika á því að fá fjárhagsgrundvöll frv. samþ. í n.

Um þá brtt., að fastagjaldið verði lækkað, en í þess stað tekið upp hundraðsgjald af tekjum, vil ég segja það eitt, að um þetta var mikið rætt í mþn., og ég skal játa, að mér hefði ekki þótt óeðlilegt, að eitthvert slíkt ákvæði hefði verið tekið upp, en ég vil benda á, að ég hygg, að áætlunin um, hvað hundraðsgjaldið mundi gefa miklar tekjur, sé varla örugg, enda ekki kostur að gera svo mikla áætlun á svo stuttum tíma sem um var að ræða. — Þá er önnur ástæða, sem í mþn. var fram borin fyrir því, að hafa persónugjaldið nefskatt, ef svo mætti segja. Ástæðan er sú, að gert er ráð fyrir, að 4/7 séu teknir með stighækkandi sköttum frá ríki og sveitarsjóðum, sem aftur afla sér tekna með útsvörum og sköttum, en 2/7 sé lagt á þá tryggðu sjálfa, og það varð ofan á með tilliti til þess, hversu mikið af iðgjöldunum er tekið með stighækkandi sköttum, að hafa persónugjaldið eins og í frv. greinir. Ég hygg einnig, að það hefði stofnað málinu í nokkra hættu, ef á þessa brtt. hefði verið fallizt.

Loks þætti að sjálfsögðu hlýða að víkja nokkrum orðum að minnihlutaálitinu, en ég mun aðeins segja um það að þessu sinni örfá orð og geyma mér það heldur þangað til ef þörf krefur, eftir að minni hl. hefur fylgt því úr hlaði. Meginefni nál. er það, að hér sé um ófullnægjandi undirbúning að ræða og því ekki gerlegt að setja svo veigamikla löggjöf sem hér er um að ræða. Ég hygg, að þetta sé með öllu rangt hjá hv. þm. Ég vil segja það, að þessi löggjöf hefur fengið meiri undirbúning og rannsókn að sumu leyti en mörg lagasetning önnur, sem ekki þyrfti síður til að vanda, nú á síðustu árum. Það hefur verið mþn. starfandi að athugun þessara mála síðan 1943, að ég ætla, og mér liggur við að segja, að á hverju ári síðan tryggingal. voru sett 1935 hafi þau verið til umr. og gerðar breyt. frá ári til árs.

Þeir, sem áhuga hafa á málinu, geta kynnt sér skýrslu Jóns Blöndals um málið. Og í raun og veru er 10 ára starfsemi tryggingastofnananna bezti undirbúningur málsins eða sú reynsla, sem með þessari starfsemi hefur fengizt.

Hv. þm. minnist á, að það hafi ekki verið hægt að lögbjóða tryggingar úti um sveitir 1936, og er það rétt, en reyndin hefur þó orðið sú, að nú mun um 90% starfrækja tryggingarnar, og þá er beinlínis óeðlilegt, að 10% séu utan við svo nauðsynlega starfsemi. — Þá hefur því verið haldið fram, að fólkið sé ekki nógu þroskað til

þess að hægt sé að starfrækja svo fullkomna tryggingalöggjöf og fólk muni misnota hana. Ég held, að reynslan hafi sýnt þessi undangengnu 10 ár, að fólk skilur betur nauðsyn þessa máls og félagsþroskinn eykst eftir því sem tryggingarnar starfa lengur.

Ég mun nú stytta mál mitt, en þó er eitt atriði, sem ég vil minnast á. Á 2. bls. síðustu málsgr. í nál. minni hl. stendur: „Það má telja víst, að hin óvenjulegu vinnubrögð, sem viðhöfð eru við afgreiðslu þessa máls, mundu alls ekki hafa verið viðhöfð, ef hér væri ekki um pólitíska samning að ræða, sem af hálfu jafnaðarmanna er gengið ríkt eftir að verði fullnægt fyrir næstu kosningar" o. s. frv. Því þarf ekki að leyna, að hér er um pólitíska samning að ræða, en það þarf enginn að hneykslast á því. 1936 studdi líka þessi hv. þm. ekki veigaminni breyt. eftir pólitískum samningi, og ég tel, að við séum betur búnir nú til þess að skipuleggja og framkvæma öfluga tryggingalöggjöf. En þessi hv. þm. er alltaf að hrópa um hrun og hefur gert það undanfarin fjögur ár. Alltaf hefur hrun verið yfirvofandi. (*HermJ:* Þetta er skáldskapur). Þessi hróp hv. þm. minna á strákinn, sem æpti „úlfur, úlfur" bæði í tíma og ótíma. Hins vegar neita ég því ekki, að ég er hræddur um, að þessum hrópum hv. þm. verði ekki heldur gaumur gefinn, ef svo færi, að erfiðleikar steðjuðu að þjóðinni. En það er annað mál en hér er til umræðu. Ég tel, að það geti orðið okkur mesti bjargvættur, ef efnahagur þjóðarinnar versnaði, að hafa gott tryggingakerfi, og þess vegna tel ég, að ósk og álit hv. þm., að ekki sé tímabært að afgr. þetta mál, sé ekki á rökum reist.

Steingrímur Aðalsteinsson: Þó að ég, eins og frsm. sagði, standi að þeim brtt., sem lagðar hafa verið fram af n., þá vil ég geta þess, að ég og minn flokkur hefði frekar óskað, að tryggingarnar hefðu verið bættar en dregið úr, eins og raun hefur á orðið. Eins og frsm. gat um, hefur þetta orðið að samkomulagi, vegna þess að Sjálfstfl. krafðist þess, að dregið yrði úr kostnaði við tryggingarnar. Fyrst þetta varð ofan á, þá get ég fallizt á að fella niður fjárframlög til Atvinnustofnunar ríkisins. Sömuleiðis hef ég fallizt á að fella niður jarðarfararstyrk, og er það vegna þess, að hann var svo lágur, að lítið mundi um hann muna, eins og útfararkostnaður er nú. Hins vegar gat ég ekki fallizt á að draga úr útgjöldum tryggingarnar með því að fella úr ekkjubætur, eins og meiri hl. samþ. — Þetta vildi ég segja um afstöðu mína og flokks míns til þessa máls.

Þá vil ég víkja að þeim brtt., sem ég flyt sérstaklega á þskj. 798. — Það er þá fyrst við 15. gr., um ellilífeyri. Ég legg til, að hann verði hækkaður úr 1200 kr. í 1500 kr. Frsm. vék að þessu og taldi eðlilegt, að ellilífeyririnn yrði 75% af tekjum vinnandi manns, og ekki æskilegt að fara hærra. Ég tel hins vegar, að tekjur verkamanna séu ekki meiri en það, að af þeim verði lifað sómasamlegu lífi, og mér finnst þess vegna, að ellilífeyririnn eigi að miðast við það, að menn geti, eftir að vera búnir að slíta sér út fyrir þjóðfélagið, lifað sómasamlegu lífi af honum einum. Brtt. mín miðast því við, að styrkurinn sé sambærilegur við lágmarkstekjur verkamanna. — 2. brtt. er við 20. gr. og er um það, að barnalífeyrir hækki um 25%, en haldi sömu hlutföllum. — 3. brtt. er við 35. gr., a- og b-liður um 25% hækkun á ekkjubætur, en c-liður er hins vegar um, að 2. og 3. málsgr. þessarar gr. skuli ná til einstæðra mæðra o. s. frv. Ég get ekki fallizt á þau ákvæði í frv. um ekkjubætur, vegna þess að konur, sem verða ekkjur og hafa börn á framfæri sínu, eiga oft ákaflega erfitt með að sækja vinnu utan heimilisins, og tel ég því ekki of langt gengið, þó að þær fái hálfan lífeyri. Ég tel sjálfsagt, að það sé metið að verðleikum af þjóðfélaginu, að þessar konur eru að fóstra nýja þjóðfélagsborgara, og því rétt og skylt að létta af þeim þeim erfiðleikum, sem þær eiga við að stríða. — Af þessum ástæðum get ég ekki fallizt á, að ekkjulífeyrir sé felldur niður. — Í öðru lagi tel ég rétt að sama regla sé um ógiftar mæður, sem hafa börn á framfæri sínu, því að þeirra uppeldisstarf er sama. — Um næstu brtt. þarf ég ekki að fjölyrða, en 7. brtt. er um iðgjöld einstaklinga til tryggingarnanna. Hún felur það í sér, að persónugjöld verði lækkuð um ⅓ frá því, sem í frv. er, en í stað þess verði lagt prósentgjald á tekjur, eins og segir í till. Ég tel eðlilegt, að iðgjöldin fari nokkuð eftir tekjum. Það er að vísu torvelt að reikna út, hversu mikla upphæð þessi prósentufjöldi gefur. En ég held það færi ei langt frá því, að það gæfi þriðjungs lækkun. — 8. brtt. er afleiðing af þessu.

Ég skal ei fjölyrða meira um þessar brtt. Eins og komið hefur fram, þá hefur ekki orðið samkomulag um þessar till. í n. Sjálfstfl. krafðist þess, að dregið yrði úr kostnaði og þar með þá einnig úr hlunnindum. Ég geri ekki ráð fyrir, að till. minar um aukin hlunnindi verði samþ. í d., en ég mun samt láta þær koma til atkvæða. Brtt. við iðgjaldagreiðsur held ég, að hafi ekki áhrif né í henni felist röskun á fjárhagskerfi því, er frv. byggist á, né í því felist nein hætta. En hvað sem nú verður um þessar till., mun ég fylgja afgr. frv. Ég tel það mikla réttarbót og mikinn ávinning, að þessar endurbætur skuli koma fram og þessar tryggingar eru gerðar. Og þótt endurbóta og lagfæringar þurfi við, þá er þó með þessu frv. stórt spor stigið til lífsöryggis fyrir kjör manna í landinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar málið var hér fyrst til umr., þ. 13. des. s. l., lét ég þau orð falla, er ég hafði athugað frv. lauslega, að ég væri persónulega mjög opinn fyrir samþ. frv. eða fylgi við það. Enn fremur sagði ég, að ég teldi þetta frv. merkasta málið, er fyrir þ. lægi. Síðar, er hv. 6. þm. Reykv. hafði ekki orðið tíma til að sitja í n., var ég valinn til að taka sæti í henni, e. t. v. vegna þessara ummæla minna. Ég hef síðan starfað í n. að þessu máli, og hafa margir fundir verið haldnir. Því var haldið fram af hv. frsm., 3. landsk., að kröfur hefðu komið frá Sjálfstfl. um lækkun og þá frá mér. Ég mun nú gera grein fyrir, hversu málinu er farið. — Fylgi mitt og flokks míns er því háð, að efni frv. verði ekki raskað í meginatriðum. Er ég bundinn við að bera eigi fram brtt., en þó ekki að fylgja

öðrum brtt. Samt er þetta því háð, að samkomulag verði um I. kaflann. Hins vegar teldi ég rétt að láta brtt. koma fram við þessa umr., því að sá kafli snertir stjórn tryggingannа að ýmsu leyti. Kæmu þá till. fram, þótt ekki hefði verið samið um stjórn fyrirtækisins. Ég er sjálfur á þeirri skoðun, að þá stjórn beri að mynda í sem mestu samræmi við þingviljann eins og hann er hverju sinni. Augljóst er, að fyrirtækið hlýtur að hafa áhrif, og verður styrkleikinn þar að vera í hlutfalli við þann, sem á Alþ. er.

Fyrstu kröfur mínar í n. gengu í þá átt, að lækkun um 7 millj. yrði gerð. En þessu var mótmælt af hv. frsm n., sem færði mikil rök. Skal ég nú greina, í hverju kröfur mínar voru fólgnar:

1. Ég taldi ekki ógerlegt að lækka þrjá fyrstu árgangana, sem ellilauna njóta, um helming, og byggði ég það á: a) margir menn hafa að jafnaði tekjur og eru við störf á þeim aldri, en njóta örorkubóta, ef þeir eru ekki starfshæfir; b) ekki er óeðlilegt að byrja bara á hálfum lífeyri. Persónulega leit ég svo á, að þetta væru kjarabætur og væri unandi við það. En hér náðist ekki samkomulag um þær 3 millj. kr., sem þessi lækkun mundi hafa komið til með að nema.

Önnur krafa mín var byggð á ekkjulaununum, að þar yrði sparnaður gerður, sem yrði 1,7 millj. kr. Þessi lækkun var ekki talin gerleg, en ég ætla að tilfæra hér dæmi, er sýnir, að ég hafi haft rök fyrir hendi til þess að krefjast lækkunar á ekkjubótum. Í frv. er m. a. svo mælt fyrir í sambandi við þessar bætur, að greiða skuli út, ef ekkja giftist aftur, þriggja ára ekkjubætur til hennar og þriggja ára barnalífeyri auk þess, ef hún á rétt til þess samkv. l. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að kona gæti þannig átt kröfu á 38 þús. kr. frá ríkinu í heimanmund, ef hún væri með 5 börn undir 16 ára aldri og giftist aftur. Ef börnin væru 10, en á því er möguleiki, þá mundi heimanmundurinn frá ríkinu, sem ekkjan ætti rétt á að fá, ef hún giftist að nýju, nema 71 þús. og 200 kr. Ég taldi, að trauðlega mundi þetta geta haft samúð með þjóðinni. Auk þess er ljóst, að þarna gæti myndazt óbrúanlegt bil á milli, ef kona missti mann sinn, en þá ætti hún eigi kröfu á neinu, ef börnin væru orðin 16 ára eða eldri, þegar hún giftist aftur, eða hún missti þau þá frá sér. Ég taldi þetta óheppilegt kerfi. Hv. 4. landsk. vildi, að þessi ákvæði giltu líka um allar mæður, sem giftust, engu síður en um ekkjur, en ég taldi þá kröfu hans óeðlilega í heild sinni. Skv. hagskýrslum eru 25% barna óskilgetin, og gætu þá útgjöldin orðið meiri en æskilegt getur talizt fyrir ríkið, en því vildi ég ekki stuðla að. Taldi ég ekki rétt skv. l. að hverfa að þessu ráði. Einnig fannst mér það mundi geta haft miður heppileg áhrif á atvinnulíf landsins, ef hverja konu eldri en 18 ára ætti að tryggja einvörðungu vegna barns hennar. Þessu var nokkuð breytt, svo að mér líkaði betur en áður, og varð samkomulag. Horfið var að hinu, að ekkjur fá hærri styrk og með börnum í heilt ár eftir fráfall mannsins, en byrja að taka styrk skv. tryggingunum, þegar þær eru orðnar 50 ára eða eldri, og halda honum þar til þær hafa náð 67 ára aldri.

Þriðja atriðið er það, að ég krafðist, að felldar væru burt 600 þús. kr. dánarbætur. Ég hygg, að Alþ. eigi ekki meðan það þjálæði ríkir í landinu, að kastað er stórfé í jarðarfarir vegna þjóðarsiðar, svo að þúsundum skiptir, að styðja að viðhaldi þessa ófagnaðar. Væri nær að nota féð til að breyta þessari venju, og er ég samþ. hv. 4. landsk. í því.

Fjórði liður var svo að því er snertir atvinnutryggingarnar. Ég sótti fast að fá þennan þátt tryggingannа afnuminn og taldi skaðlaust að nema brott þessar 3 millj. kr. Á meðan atvinnutryggingarnar eru ekki komnar á, mætti afnema kr. 1800000. Tel ég engan skaða af því geta hlotizt fyrir tryggingarnar. Þangað til framkvæmt verður, þarf það hvorki að hafa nein áhrif né hefta framgang málsins. Þessar upphæðir mundu þá alls hafa numið um 7 millj. kr., en samkomulag varð um kr. 4100000. Ástæðan til þess, að ég barðist svo mjög fyrir þessu í n. og flokki mínum, er sú, — ég segi ekki, að fleiri en ég hafi verið á þeirri skoðun, — að ég álít, að sjálfsagt sé að reyna að tryggja stofnunina sjálfa fjárhagslega þegar í byrjun. Að minni hyggju ber frekar að fara af stað með sterkari en veikari fjárhagsgrundvöll til að byggja á. Á hinn bóginn, ef þjóðin stendur sig við þetta, er hægurinn hjá og betra að auka starfsemina en draga úr henni. Ættu engir erfiðleikar að vera á því að bæta við, ef svo viðrar. Ég hef lagt allt kapp á, að fjárhagurinn verði öruggur. Svo er alltaf hægt að lagfæra ýmislegt síðar.

Ég mun svo snúa mér að og ræða einstök atriði, sem ég er óánægður með. — Það er þá fyrst í sambandi við 14. og 15. gr. Ég er ekki ánægður með að hafa fleiri en eitt verðlagssvæði. Þetta var mjög vel athugað í n., og er mér ánægja að því að segja, að hv. form. lagði sig í líma að reyna að mæta mér. Til athugunar var um tíma, hvort gæti verið hægt að hafa eitt verðlagssvæði og greiða 1000 kr. grunnlaun í stað 1200 kr. En það strandaði á því, að nú þegar er farið að greiða gamalmennum í Rvík 1200 kr. Annað kom ekki til mála en láta þá, er nú hefðu 1200 kr., halda þeim, þótt nauðsynlegt væri að gera lækkun. Var aðeins hægt að láta hana koma til framkvæmda á þeim, sem kæmu á eftir. Það voru engir, er þar vildu hafa neinn mismun á. — Þessu næst var athugað, hvort kleift væri að hafa eitt svæði og láta vera heimild til að lækka grunnlaun í einstökum héruðum, þannig að lækkunin næmi 25%. Ég kynnti mér nokkuð hugi ýmissa manna um þetta og talaði af því tilefni við umbjóðendur sveitanna. Skildist mér á þeim, að þetta mundi verða vel liðið, en þeir töldu hins vegar, að þá yrði að miða við lágmarkið, eigi mætti fara niður fyrir það, en þó mundi verða reynt að þoka sér smám saman upp í hámarkið. Ef ákveðið hefði verið eitt svæði, mundi það hafa haft kostnað í för með sér, bæði fyrir ríkið og umbjóðendurna. Það verður erfitt fyrir fátækustu hreppa á landinu að taka að sér iðgjaldagreiðslur þeirra, sem ekki geta innt hana af hendi sjálfir, en ég fellst þó á að fá á þetta reynslu.

Annað atriði, sem ég var ekki ánægður með, var það að hafa ekki iðgjöld hjóna samsvarandi

iðgjöldum einstaklinga, en ég féllst þó einnig á að reyna þetta. — Þriðja atriðið, sem ég er ekki ánægður með, er hinn mismunandi fæðingarstyrkur. Ég hefði kosið, að allar konur fengju jafnt í stað þess að þær konur, sem vinna utan heimilis, fá allmiklu hærri styrk.

Varðandi sjúkrabæturnar vil ég segja það, að ég hefði viljað hafa dagpeningana hina sömu fyrir alla í stað þess að nú er ákveðið kr. 7,50 fyrir kvænta karla, en 5 kr. fyrir ókvænta, þ. e. hálfur styrkur fyrir konuna. Þá lít ég svo á, að lægri dagpeninga hefði mátt ætla fyrir þá, sem liggja vegna almennra veikinda, en fyrir þá, sem liggja vegna slysa, þar eð hægara er að misnota hið fyrra. En þessu fékkst ekki breytt. — Þá var ég óánægður með að hafa mismunandi biðtíma, eins og gert er ráð fyrir í 45. gr. frv., þannig að þeir, sem búa í 10 km fjarlægð eða meir frá læknissetri, þurfa að bíða í 4 vikur. Þó er þess að gæta, að ef viðkomandi sjúklingur er fluttur á sjúkrahús, kemur hann strax undir þau ákvæði, sem miðast við svæðið innan 10 km. Þetta mildar svo þetta ákvæði, að ég get fallizt á það. — Sjöunda atriðið, sem ég er óánægður með, er ákvæði í 66. gr., um að launagreiðendum sé skylt að greiða laun fastra starfsmanna a. m. k. í 14 daga, þótt þeir fatlist frá vinnunni. Ég álít, að þetta hafi ekki átt hér heima. — Í áttunda lagi var ég óánægður með að taka allan heilsugæzlukaflann upp í frv., en af orsökum, sem fram komu, sannfærðist ég um, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þ., ef því yrði snúið svo um. Hins vegar varð samkomulag um að fresta framkvæmd þessa hluta l. um eitt ár. — Níunda aths. mín var við 109. gr. Var ég þar á annarri skoðun en flestir aðrir, og vil ég taka fram, að ég tala þar eingöngu fyrir mína hönd. Ég hefði verið opnari fyrir því að taka iðgjöldin meira af launum, en minna af persónum. Ég hefði viljað fallast á, að atvinnurekendur greiddu meira í hlutfalli við rekstur. En um þetta fékkst ekki samkomulag, hvorki í flokkum né í n. — Tíunda atriðið, sem ég var óánægður með, var ákvæðið í 122. gr. svo og í 133.—134. gr. frv., um að atvinnurekendur skuli innheimta iðgjöldin. Ég tel, að þetta sé rangt, og ég sótti það fast að fá þessu breytt, en gat ekki staðizt á móti þeirri röksemd, að þetta er svo með fjölmargt annað, og þar sem svo er, taldi ég ekki sanngjarnt að halda mér við þetta og koma í veg fyrir samkomulag. En það er mín skoðun, að þetta sé rangt, atvinnurekendur fá ekkert fyrir þetta, þótt tollstjórar og skattheimtumenn séu launaðir. — Þá hefði ég kosið, að annað fyrirkomulag hefði verið haft um lífeyrissjóðina. Ég hefði viljað, að þeir rynnu allir inn í tryggingarnar með sérstökum réttindum, en það hafa þeir ekki gert fram til þessa. — Tólfta aths. mín er varðandi gildistökuákvæðið í 142. gr. Ég hefði talið það heppilegra allra hluta vegna, að fallizt hefði verið á till. frá hv. þm. Seyðf., um að draga skyldi um eitt ár, að ákvæðið um greiðsluskyldu kæmi til framkvæmda, þannig að tryggingarnar fengju eins árs tekjur til að skapa sér fjárhagslegan grundvöll, en um þetta varð heldur ekki samkomulag. En ég vil beina því til þeirra aðila, sem mestu ráða um þetta mál, hvort þeir sjái sér ekki samt sem áður fært að fara þessa leið. — Þá er það loks sjöunda atriðið í kaflanum um ákvæði til bráðabirgða, sem ég vildi minnast á. Ég álít, að slíkt ákvæði ætti ekki að setja í þessi l. Jafnvel þótt þessi l. þurfi endurskoðunar við, á það ekki heima í þessum l. að setja ákvæði um slíkt.

Þá vil ég taka það fram viðvíkjandi brtt. hv. 4. landsk., að ef þær verða samþ., þýða þær allverulega hækkun á iðgjöldum, og verður ekki séð, hvar hann ætlast til að fá tekjur til að mæta hækkun lífeyris. Hins vegar hefur hann gert till. um tekjur í stað iðgjaldalækkunar, en hann viðurkenndi sjálfur í ræðu sinni, að þær tekjuöflunartill. ættu aðeins að mæta iðgjaldalækkuninni. Í tilraunum n. til „að binda endann", eins og það var kallað, vildi ég, að fyrsti niðurskurður á útgjöldum yrði það að fella niður allar heimildir, en þar sem því fékkst ekki framgengt, leiðir af sjálfu sér, að ég vil, að stjórn Tryggingastofnunarinnar verði þannig skipuð, að tryggt sé, að heimildirnar verði ekki notaðar nema nauðsyn krefji.

Ég vil taka það fram, að ég tel höfuðtilgang þessara l. þann að koma í veg fyrir, að menn þurfi að leita til sveitar, og er það þá sérstaklega barnalífeyririnn, sem fyrirbyggir það. En ef fara á að koma í veg fyrir einstök dæmi og ólíklegustu tilfelli, þá ætla ég, að erfitt verði að gera svo, að enginn verði óánægður. Ég vil leyfa mér að benda á ákveðið dæmi, að ef þessi maður, sem hefur allt að 10 þús. og 200 kr. í tekjur, tekur engan styrk úr tryggingasjóði, en hann tekur styrk úr tryggingasjóði allt að þeirri upphæð, ef hann hefur 3 börn á framfæri, fær hann þess utan 6600 kr. hærra, eða 16800 kr.

Ef þetta er borið saman við sexmannanefndarálitið, þá er þetta nokkru hærra en meðaltekjur bænda í landinu annars vegar og töluvert miklu eða um 6 þús. kr. hærra en meðaltekjur verkamanna og sjómanna og iðnaðarmanna í smærri þorpum úti á landi. Á sama tíma sem þeir menn verða að basla fyrir sínu brauði og vinna sér inn þessar lágu tekjur, 6000 kr., greiðir tryggingin 6000 kr. frá sér, vegna þess að það þótti ekki gerlegt að draga neitt af styrknum vegna þess, sem styrkþeginn vinnur sér inn, vegna þess að þá væri hætta á því, að áhugi hans fyrir að vinna sér eitthvað inn dofnaði að sama skapi. Ég er að vísu form. n. sammála um þetta, en þrátt fyrir það verður að reyna að útiloka það, að þeir, sem vinna fyrir sér sjálfir, búi ekki við eins góð lífskjör eins og þeir, sem njóta styrks úr ríkissjóði. En þetta verður einn af þeim erfiðleikum, sem verður við að stríða og ég hef rekið mig á í þessari löggjöf, en ég ber svo mikið traust til þeirra manna, sem um þetta mál fjalla og með það hafa að gera, að þeir muni skrá niður hjá sér öll slík atriði, eftir því sem þeir kynnast þeim, og lagfæra þau ákvæði í samræmi við lífskjör annarra manna, þegar séð verður, hvernig l. koma til með að verka í landinu. — En í sambandi við það, sem form. n. minntist á, að vel gæti komið til greina, að sveitarfélögin yrðu að greiða mikið fé fyrir sína þegna, og hefur n. fengið ýmis skjöl og skýrslur um það atriði frá fámennum hreppum, þá vil ég

benda á, að þarna er aðeins litið á aðra hlið málsins. Þegar tryggingarnar komast á eftir þessu frv., þá kemur mikla meira af fé inn í þessa hreppa en kemur úr þeim í iðgjöld, sem stafar af því, að það er ekki nema lítill hluti af kostnaðinum við tryggingarnar, sem greiddur er með iðgjöldum. Það mun því koma í ljós, að þótt mönnum þyki í fyrstu þessi gjöld nokkuð þung, þá verður kostnaðurinn miklu meiri en þau, þegar athugað er, að það eru hvorki meira né minna en 19 millj. kr., sem eiga að koma beint í ellistyrk til fólksins í landinu, þegar farið verður að greiða eftir lögunum.

Ég hef þá hér minnzt á þá hluti, sem helzt hefur borið á milli. En eins og ég skýrði frá strax, er ég bundinn við það samkomulag og mun fylgja frv. eins og það er, þó að ég hefði fremur kosið að hafa einstök atriði þess á annan veg. En áður en ég lýk máli mínu vil ég minnast ofurlítið á nál. minni hl. n., en form. n. minntist nokkuð á það. Þar segir á fyrstu síðu, neðarlega: „. . . hver þjóð þarf að fá skólun í því að nota tryggingarnar eðlilega og heiðarlega, (Ég veit ekki hvað hv. þm. Str. meinar með þessu orði.) þannig að það komi að gagni hinum tryggðu, en ofþyngi ekki læknum og tryggingastofnuninni, til mikils tjóns fyrir fjárhag stofnunarinnar og heilsugæzluna í landinu. Þessa tryggingamenningu tekur nokkurn tíma að skapa, og verður að telja ekki lítið vafasamt, að hagkvæmt sé, að aukning tryggginganna komi hraðar en þessi skólun fólksins í að nota þær." Ég vil spyrja hv. þm. Str., til hvers hann beinir þessu skeyti. Við vitum, að tryggingar eru nú komnar í kaupstaði landsins og þá er dreifbýlið eftir. Er það til þessara manna, sem hann sendir þessi skilaboð? Er það svona sérstaklega óheiðarlegt í þessu máli, eða er svo mikil hætta á, að það íþyngi svo mikið læknum? Í sambandi við þetta vil ég benda hv. þm. Str. á það, sem hann hefði nú átt að vita, eftir að hafa verið búinn að starfa í n. langan tíma, að vísu ekki á hverjum fundi, að í frv. er gengið vel frá því, að slíkri misbeitingu verði ekki við komið, svo að varla getur það orðið til þess, að fólkið, sem ekki hefur orðið til þess að misnota sjúkrasamlagið, fari nú allt í einu að taka upp á því þegar þessar tryggingar eru komnar til sögunnar. Og þegar þetta er athugað, þá er ekki annað hægt að hugsa en að hv. þm. Str. hafi þarna átt við þá, sem búa í sveitum landsins. Ég vildi gjarnan óska yfirlýsingar frá hv. þm., að svo sé ekki, og ég vil benda hv. þm. á, að þetta er að finna í 87. gr. frv., ef hann hefur aldrei farið yfir þá gr. Hv. þm. segir síðar í sínu nál., með leyfi hæstv. forseta: „Óhætt mun þó að gera ráð fyrir, að sú kostnaðaráætlun sé eins lág og hægt var að gera hana. Kostnaðurinn skiptist þannig, að álög á einstaklinga, sem voru 13,1 millj. kr., verða 20,9 millj. kr.; hækkun 7,8 millj. Atvinnurekendur greiða nú 4,2 millj. kr., en eiga að greiða skv. frv. 11,8 millj. kr.; hækkun 7,6 millj. Sveitarfélög greiða nú 10,3 millj., en eiga að greiða 15,3 millj.; hækkun 5 millj. Ríkissjóður greiðir nú 12,4 millj., en á að greiða 24 millj.; hækkun 11,6 millj." Þegar við ræddum um það að reyna að lækka þessa áætlun um 7 millj. kr. eða að minnsta kosti 4 millj. kr., var farið eftir því í höfuðdráttum, sem áætlað hafði verið um gjaldaliðina. Ég tek enga ábyrgð á því, að þetta sé rétt, en ég vildi aðeins taka þetta fram hér að gefnu tilefni og af því að hv. þm. Str. hefur ekki lagt eins mikla vinnu í þetta frv. og hinir nm., sem hann þó vænir um, að hafi ekki gert það eins vel og nauðsynlegt hefði verið.

Þá segir hv. þm. Str. á þessu einstaka blaði, að fjárhagsafkoma þjóðarinnar hafi verið mjög góð fram til þessa. Ég verð að segja, að þetta er gleðileg yfirlýsing frá hv. þm. Str. En svo bætir hann við, að vegna verðbólgunnar horfi nú mjög í óvænt efni um fjárhaginn. Er hann virkilega svo vongóður, að þetta rætist eftir kosningarnar, en af engu öðru en því getur þessi fullyrðing verið fram komin í nál., að hann heldur, að Framsfl. fái svo mikið fylgi við kosningarnar? Ég hygg, að það sé yfirleitt leit að því og yfirleitt ekki til, að sveitarfélög hafi haft glæsilegri afkomu en nú. Ég þekki sveitamenn, sem eru svo stórhuga á mörgum sviðum og fullir áhuga fyrir að bæta kjör sín, byggja sjúkrahús, koma upp samvinnufyrirtækjum, byggja hafnir og margt fleira, og allt er byggt á þeim vonum, að það haldi áfram það viðhorf, sem hv. þm. Str. viðurkennir, að hafi verið hér á landi undanfarin ár, síðan ríkisstj., sem nú situr við völd, tók við, og byggt á þeim vonum, að hv. þm. Str. og hans flokkur nái ekki meiri hl. við næstu kosningar til þess að snúa þessu við.

Þá vil ég að síðustu taka það fram, að afstaða mín til þessa frv. er ekki byggð á neinni sérstakri pólitiskri skoðun, hún er byggð á þeirri skoðun, eftir að ég hafði kynnt mér málið eins og ég hef getað þennan tíma, að hér sé um eitt allra stærsta mál þjóðarinnar að ræða, svo stórt velferðarmál, að það sé varla vansalaust að jafnstór flokkur og Framsfl. er enn þá skuli vilja skjóta sér undan því að taka þátt í þeirri uppbyggingu í landinu, sem nú er verið að skapa með þessari löggjöf, því að hv. þm. Str. segist ekki geta tekið þátt í afgreiðslu þessa máls og unnið þannig með öðrum flokkum að því að koma áleiðis langsamlega merkasta máli, sem nokkurn tíma hefur legið fyrir þessu þingi. Og ég verð að segja það, að ofan á allt það, sem hann hefur orðið að taka á móti í gær frá sínum kæra flokksbróður, þá finnst mér það beiskur kaleikur að verða að viðurkenna allt það, sem hann hefur orðið að viðurkenna í sambandi við þetta mál hér opinberlega á Alþ. — Hv. þm. segir einnig, að ekki hafi fengizt athugaðar í n. eða verið teknar til greina hinar eðlilegustu og sjálfsögðustu brtt. En ég hef lýst því yfir og get gert það enn einu sinni, að þrátt fyrir það að ég hafi ekki fengið fram þær breyt., sem ég hefði kosið, þá mun ég fylgja frv. fram, í því fulla trausti, að með hverju ári, sem líður og reynsla fæst meiri, verði hægt að endurbæta þetta, heldur en að leggja á það þá dauðu hönd eins og virðist vera falin í nál. hv. þm. Str.

Ég mun fylgja þessu frv. til 3. umr. með þeim aths., sem ég hef gert, og ég vona, að hv. dm. fylgi því einnig til 3. umr. einnig óbreyttu, og ég verð því miður að óska eftir, að þær brtt., sem fram hafa komið frá hv. 4. landsk. á þskj.

798, verði ekki samþ., til þess að raska ekki að fullu og öllu þeim grundvelli, sem gerður hefur verið samningur um og allt málið hefur verið byggt á.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég er satt að segja alveg undrandi á því, að hv. þm. Barð. skuli vera að gera eins konar eldhús hér í hv. d. út af því, að ég sé mér ekki fært að fylgja þessu frv. fram eins og það liggur fyrir og með þeim breyt., sem meiri hl. n. leggur til, en ég mun koma að því seinna í þessum fáu orðum, sem ég mun láta hér falla, og þá einnig, hvernig viðhorf mitt var í þessu máli í n. og hvernig viðhorf hv. þm. Barð. var, og mun þá skýrast nokkuð sjónarmið mitt í þessu máli, og jafnframt kann ég þá að geta skýrt sjónarmið hv. þm. Barð., en það ætla ég að minnast á síðar.

Ég skal viðurkenna það, að þessi breyt., sem lagt er til, að gerð verði á frv., af meiri hl. n., mun að flestu leyti vera til bóta, að ég hygg. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að þótt sú dagskrá, sem ég ber fram, verði felld, um það að fresta afgr. málsins, mun ég greiða atkv. með flestum þeim brtt., sem meiri hl. n. ber fram. Ég mun þá einnig taka til athugunar að fylgja þeirri brtt., sem hv. 4. landsk. flytur, og á ég þar við a-lið og b-lið 7. brtt. Og ég geri ráð fyrir, að ef þessi brtt. hefði ekki komið fram, hefði ég komið fram með brtt. í þessa átt fyrir 3. umr. Ég mun enn fremur, þó að þessar brtt. verði samþ., sem meiri hl. ber fram, koma með allmargar brtt. við 3. umr. málsins, ef svo fer, að dagskrártill. mín verði felld. Ég kem ef til vill að því með örfáum orðum, hvernig þær brtt. verða, en ég sé þó ekki ástæðu til þess að fjölyrða svo mjög um þær nú.

Ég hef aldrei sagt það, sem sumir hv. þm., sem grg. minni fyrir hinni rökstuddu dagskrá hafa talað gegn, hafa haldið fram eftir mér og jafnframt talað gegn þeirri rökstuddu dagskrá, sem liggur fyrir frá mér. Ég hef aldrei sagt, að þessar tryggingar væru illa undirbúnar af hendi þeirra sérfræðinga, sem að þessu máli hafa unnið, það stendur ekkert um það í þeirri grg., sem ég lét frá mér fara. En ég get beinlínis sagt það, að ég álít þetta frv. eftir atvikum vera frumsmíði, því að frumsmíði verður þessi löggjöf að teljast eins og hún er nú með þeim gerbreyt., sem gerðar hafa verið á núverandi tryggingalöggjöf. En ég álít, að þetta hafi tekizt vel frá hendi þeirra sérfróðu manna, enda unnið dyggilega að því af þeim sérfróðu mönnum og að öllu leyti hæfu, svo að það út af fyrir sig ber að taka fram. En við vitum það jafnframt, að af löggjöf eins og þessari er ekki mikil reynsla annars staðar, og þó hefur því verið haldið fram, að hún sé til staðar hér á landi. En hún er það alls ekki. Þetta frv., sem hér er um að ræða, er alveg gerbreyting á núverandi tryggingalöggjöf og hún svo mikil, að á þessum sviðum er hér sáralítil reynsla, og má þar benda á barnatryggingar og margt fleira. Það er engin reynsla fyrir því enn þá, hvernig þetta verður framkvæmt, og það er það, sem ég á við, þegar ég tala um það, að þetta sé nokkuð hæpinn undirbúningur. Og þessi löggjöf kemur í raun og veru, eins og hún er nú sett, ákaflega fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust. Hún kemur þjóðinni alveg á óvart, en ekki eftir umr. við þjóðina sjálfa. Ég benti á í grg., að það eru a. m. k. þrjú ár síðan gefin var út áætlun um það í Englandi, hvernig tryggingalöggjöfinni yrði háttað, og þessi mál mjög mikið rædd þar. Þó að þessi tryggingafrv. hafi verið send út til sveitarstj., þá er mér það kunnugt, að þessi mál hafa yfirleitt ekki verið rædd meðal þjóðarinnar, og það vitum við allir, sem hér erum. Það hafa að vísu verið birtar um málið nokkrar skýrslur og útvarpsumr., en almenn þátttaka í þeim umr. hefur ekki átt sér stað, en ég álít, að ef hún hefði átt sér stað og þjóðin hefði fengið að ræða og athuga málið á almennum fundum og kynna sér, hvaða skyldur og kvaðir eru á hana lagðar með þessari löggjöf, þá hefðu verið meiri líkur fyrir, að þetta færi allt betur úr hendi.

Ég benti á í grg. minni, að það hefði komið fram frá 2. minni hl. í þessu máli, að það væri vitað mál, að um leið og við gerðum tryggingarnar svo víðtækar sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem menn eru tryggðir, sem ég tel vissulega, að fari vel, ef það reynist framkvæmanlegt, gegn sjúkdómum, gegn ofþungri ómegð, tryggðir fyrir slysum o. s. frv., þá munu margir líta svo á, að ekki verði hjá því komizt að koma hér á atvinnuleysistryggingum á eftir. Það mun ekki þykja fara vel á því, að þeir, sem sjúkir eru, séu tryggðir og þeir, sem hafa orðið fyrir slysum, en þeir, sem eru atvinnulausir, séu ekki tryggðir. Og ég er alls ekki á móti því, að þetta sé gert. Það er vissulega æskilegt, að það væri hægt, og það má líka telja vafalaust, að krafa um það kemur á eftir, og þá höfum við þá víðtækustu tryggingalöggjöf, sem þjóðir yfirleitt hafa, eftir því sem ég bezt veit, þó að í raun og veru verði ég að viðurkenna, að ég hef ekki þekkingu á þessum málum, en ég hygg þetta.

Það, sem ég benti enn fremur á í grg. minni, sem í raun og veru hefur orðið hinn mesti ásteytingarsteinn hjá ýmsum hv. þm., meðal annarra hv. þm. Barð., er það, að það þurfi tryggingamenningu og skólun fyrir þjóðina til þess að kunna að nota trygginguna eðlilega og heiðarlega. Ég hélt satt að segja, að þetta væri atriði, sem þeir, sem við tryggingarnar hafa fengizt, bæði hér og annars staðar, viðurkenndu almennt, og mér kemur það ákaflega óvart, ef það stendur á viðurkenningu hjá þeim, sem bezt þekkja til framkvæmda tryggingalöggjafar.

Það er blátt áfram barnaskapur að halda, að hér hafi verið um að ræða aðdróttanir til einhverra sérstakra manna, til sjávar eða sveita, heldur er hér um að ræða hluti, sem ekki eru óeðlilegir, því að hér er um svo mikið fjármagn að ræða, sem einstaklingar taka við, og við vitum það allir, að þó að þjóð okkar sé heiðarleg þjóð, kannske með þeim heiðarlegustu, þá er hún misjöfn eins og aðrar og ákaflega hætt við, að tryggingunni verði misbeitt eins og annars staðar. Og það er ekki hægt að neita því, að þegar við óskum eftir, að hægt sé að tryggja þjóðina gegn öllu því, sem hér er gert ráð fyrir í frv., og kannske fyrir meiru, þá er öllum ljóst, að erfitt er að koma í veg fyrir misnotkun þeirra og erfitt verður að ná þessu marki, sem menn

vilja gjarnan ná. Það er t. d. vitað mál, að síðan tryggingar þær komust á, sem nú hafa verið hjá okkur, hefur meðalanotkun aukizt svo mikið víða, að það er meira en góðu hófi gegnir. Þetta er ekkert launungarmál, þetta er álit margra lækna, sem eru miklu fróðari en ég um þessa hluti, og aðsóknin er svo mikil til læknanna, að þeim gengur erfiðlega að hafa tíma til þess að rannsaka til hlítar sjúkdóma, sem rannsaka þarf gaumgæfilega. Þetta eru skuggahliðar tryggingarinnar. Ég er þó ekki að segja, að þetta séu svo miklir ágallar, að varna eigi því, að tryggingum sé á komið, en búast má við, að þessir gallar verði meira áberandi, ef ekki er séð fyrir því. Annars er komið inn á það í grg., að þessi skólun komi jafnhliða tryggingunum, með því að þjóðin ráði þessum málum, skilji, við hverju hún tekur, og noti það rétt, og má vera, að það megi deila um þetta, sem ég legg áherzlu á í grg., hvað rétt sé í því eða rangt. En ekkert kæmi það mér á óvart, án þess að ég vilji gerast spámaður í þessu máli, þó að við ættum eftir að reka okkur á þetta atriði, á það, að þjóðin sé e. t. v. ekki nægilega undir það búin að taka við svo mikilli gerbreytingu á tryggingamálunum sem nú á að gera. — Ég bendi á það enn fremur í þeirri rökstuddu dagskrá, sem ég ber fram, að ég tel, að ekki hafi verið nægilega rannsakað og rætt við þjóðina um fjárhagsgrundvöllinn undir þessum tryggingum. Það er miðað við fjárhag þjóðarinnar 1942 og 1943. Við getum ekki neitað því, að fjárhagur þjóðarinnar á þessum tíma var óvenjulega góður. Þessu neitar enginn. Hvernig sem fjármálum þjóðarinnar hefur verið stjórnað, snertir sú setning, sem hv. þm. Barð. var svo glaður yfir í grg., ekki stjórnarfarið út af fyrir sig. Því neitar enginn, að fjárhagur þjóðarinnar hefur verið góður bæði 1942 og 1943 og jafnvel fram undir þennan dag, þrátt fyrir lélega stjórn. Enn hefur ekki tekizt að eyða svo miklu, að afkoma þjóðarinnar sé ekki góð. En við þessa ágætu afkomu er grundvöllurinn undir tryggingunum miðaður. Ég segi ekki með því, að ef fjárhagsafkoma þjóðarinnar breytist, sem allar líkur eru til að verði, verði ekki hægt að halda uppi tryggingum fyrir því, eins og tekið er fram í grg. En ég fullyrði, að það mál er órannsakað mál, því að útreikningurinn er byggður á afkomu áranna 1942 og 1943, beztu ára þjóðarinnar, og ég álít satt að segja, að þetta atriði hefði þurft að rannsaka miklu nánar. Ég hef talað við einn þeirra manna, sem samdi þetta frv., og hann sagði: „Við fengum fyrst og fremst fyrirskipun um að semja fullkomið frv. Þetta er reiknað eftir afkomu áranna 1942 og 1943, en við fengum ekki fyrirskipun um að rannsaka fjárhagsgrundvöllinn að öðru leyti.“ Ég bendi enn fremur á það, að með þessu móti, að koma á þessum tryggingum, þá er þjóðartekjunum skipt mjög, og eins og ég hef tekið fram í grg., lasta ég ekki, að það sé gert. En á það má þó benda, að þegar þessum tryggingum hefur verið á komið og jafnframt atvinnuleysistryggingum, sem e. t. v. má gera ráð fyrir, að verði lögfestar á eftir, þá hefur verið framkvæmd í sjálfri tryggingalöggjöfinni svo mikil skipting á þjóðartekjunum, að ef afkoman versnar, þá hygg ég, að gera megi a. m. k. ráð fyrir — ég segi ekki að svo verði —, að gera þurfi verulegar, kannske gagngerðar breyt. á fjárhagskerfi okkar, til þess að þessi skipti verði framkvæmanleg. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Barð. hljóti að hugsa fyrir því, að þegar við setjum okkur visst mark, sem skiptir þjóðartekjunum milli einstaklinga, eins og gert er í þessu frv. og e. t. v. verður gert, ef atvinnuleysistryggingar verða einnig lögleiddar, þá leiði af hlutarins eðli, að ef versnar í ári, þá þarf, til þess að hægt sé að ná þessum tekjum til þess að skipta þeim milli einstaklinganna, e. t. v. að gera þær gerbreyt. á fjárhagskerfi okkar, sem e. t. v. er óæskilegt að gera, en tel þó rétt, að menn geri sér grein fyrir því fyrir fram. — Mér þykir mjög sennilegt, að með víðtækum tryggingum verði innan stundar einnig að fylgja mjög ýtarlegur áætlunarbúskapur og að jafnframt verði að koma í veg fyrir það, að mikill auður safnist á fárra manna hendur. Það kann að vera gott og ég mæli ekki á móti því, að settur verði slíkur rammi sem tryggingalöggjöfin er og neyðzt verði til að fylla upp í hann með því að gera þessar ráðstafanir, sem ég bendi á. Ég tel a. m. k. tvímælalaust, að menn verði að reyna að gera sér þess grein áður en þessi rammi er búinn til, hvernig sú mynd er, sem þarf að setja í hann. Og í þessu sambandi kem ég að því, sem minnzt var á í minni grg. af hv. þm. Barð., að hann telur, að ég hafi enga ástæðu til að fullyrða, að áætlunin, sem fyrir liggur, sé lág. Hann vill þvert á móti halda fram, að svo sé ekki, og vitnar þar til samtals við einn af þeim mönnum, sem undirbjó þessa löggjöf. En það vill svo vel til, að þegar farið var að ræða um þetta í n., þá spurðist hv. þm. Barð. einmitt fyrir um það, hvort vissa væri fyrir því, að áætlunin væri varleg. Og þá kom það í ljós, jafnvel eftir að því hafði verið haldið fram, að áætlunin væri varleg, að nm. stungu upp á því, að útgjöld ríkissjóðs væru bundin, sem átti að vera alveg ástæðulaust, ef áætlunin var varleg. Og það var svo langt frá því, að inn á það væri gengið að hafa útgjöld ríkissjóðs bundin, að það stóð lengi í samningum um það, hvernig þessu mætti koma fyrir. Margur vildi ekki hafa útgjöld ríkissjóðs ótakmörkuð, og niðurstaðan varð sú, að til viðbótar rúmum 20 millj., sem ríkissjóður á að leggja fram, er tekin ríkisábyrgð á allt að 15 millj. kr. útgjöldum að auki og gert ráð fyrir því mjög ákveðið, að til þess kunni að koma, að þetta þurfi að endurskoða, vegna þess að áætlunin fái ekki staðizt. Ég hef ekkert leyfi til þess að fullyrða það fyrir fram, að þetta fái ekki staðizt. En það er næst mér að halda, að líkur séu jafnvel fyrir því, að tryggingarnar kosti miklu meira en áætlað er í grg. frv. Ég hygg, að þegar komin er til framkvæmda sú heilsugæzla, sem ráðgerð er í frv., þá muni það koma í ljós, að útgjöldin verði miklu meiri en ráð er fyrir gert, enda gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki á sig 15 millj. kr. viðbótarábyrgð. Hér eru því, ég vil ekki segja sönnun, því að ég vil ekki nota þann málflutning, sem ekki fær staðizt, en hér eru líkur fyrir því a. m. k., að þeir, sem að frv. standa, treysti sér ekki til að binda sig við áætlaðar upphæðir, eins og

þær liggja fyrir, heldur verði þeir að fá þetta til viðbótar.

Hv. þm. tveir, sem töluðu hér, minntust mjög á það, að ég hefði hvað eftir annað hrópað um kreppu og hrun, en allt gengi þó ágætlega enn þá. Ég hefði byrjað að spá þessu 1941, og ekki væri það komið enn. Þetta er hin mesta firra. Mér hefur ekki dottið í hug og dettur heldur ekki í hug enn að orða það, að kreppa í fjármálum muni koma meðan stríðsverðið helzt. Það var öllum fyrirsjáanlegt, þegar komið var fram í miðja þessa styrjöld, að verðlag hér mundi haga sér svipað og í næstsíðustu styrjöld. Og það var ekki það, sem við töluðum um 1941, að kreppa væri á næstu grösum, heldur hitt, að ef ekki yrði komið í veg fyrir verðbólguna meðan á styrjöldinni stæði, þá mundi koma kreppa stuttu eftir styrjöldina. Það var þetta, sem við bentum á. Okkur datt aldrei í hug að halda því fram, að kreppan kæmi 1941 eða 1942, meðan styrjöldin stæði, hefur aldrei dottið í hug að halda því fram, að hún kæmi á s. l. árum. En ég hef haldið því fram, að við værum smátt og smátt, með stöðugri verðhækkun og vaxandi verðbólgu, að búa okkur undir það að geta ekki tekið á móti verðfallinu, sem hlyti að koma eftir styrjöldina, þegar þjóðirnar hafa fyllt svanginn og við getum ekki lifað á því verði, sem við fáum meðan sulturinn sverfur að erlendis. — Ég get gengið inn á það með hv. 3. landsk., að það sé gott frá hans sjónarmiði að koma á tryggingum áður en allt fer í kaldakol, en það hlýtur það að gera, eins og bent hefur verið á, með þeirri fjármálastjórn, sem nú ríkir. Frá hans sjónarmiði er það alveg rétt, því að þá er búið að ákveða fyrir fram skiptingu þjóðarteknanna, sem þvingar menn inn á að standa við þessar skuldbindingar. En það er þó þetta, sem ég set út á þessa afgreiðslu, án þess að segja, hvort ég er honum ósammála um tryggingar eða ekki. Ég er honum ósammála um það að vera að smeygja snörunni á sjálfstæðismenn, ef svo mætti segja, án þess að þeir viti af því, hvað þeir eru að gera. Það má vera, að minn flokkur og margir þeirra, sem að standa, bæði þm. og kjósendur, væru reiðubúnir að gera þetta, samþ. þessa löggjöf sjáandi og vitandi það, hverjar yrðu afleiðingarnar, og standa við þær. Það má vera, að þeir mundu ganga inn á, að málið væri rætt, og menn gerðu sér ljóst, hvað hér er verið að gera. Því að það mun koma á daginn, þó að hv. þm. Barð. þyki það kannske einkennilegt og vilji ekki trúa því, að þegar harðnar í ári, verða tryggingarnar ekki framkvæmanlegar nema með gerbreyt. á fjármálakerfi okkar, og þess vegna finnst mér eðlilegt, að menn horfist í augu við veruleikann og vilji vita, hvað þeir gera, og geri þessar ráðstafanir samtímis og vitandi vits.

Ég skal svo að lokum koma aðeins örfáum orðum að fáeinum atriðum. Ég hef nú gert grein fyrir því með almennum orðum, hvers vegna ég lít svo á, að vel hefði mátt fresta afgr. þessa frv. nú á þessu þingi og taka það til umr. og athugunar þangað til næsta vetur. Það hefði t. d. verið tilvalið tækifæri í kosningunum að ræða málið, eftir að það hefur verið lagt hér fyrir, og ég fyrir mitt leyti er í engum vafa um, að þetta hefði verið miklu heppilegra fyrir málið. Og ef ekki hefði verið samið um að koma þessu máli fram fyrir kosningar, — og ég get vel skilið Alþfl. í því máli, að sá samningur verði haldinn, — þá fullyrði ég, að svona stórt mál, sem er frumsmíð, hefði verið lagt fyrir þetta þing og síðan rætt milli þinga. Þetta hefði verið sú bezta afgreiðsla, og svona mundi afgreiðslan áreiðanlega hafa verið undir venjulegum kringumstæðum.

En það er fleira en þetta, sem ég hef minnzt á. Ég verð þess var, að hv. þm. Barð. hefur nú tekið aftur, að hann segir til samkomulags, ýmis þau atriði, sem hann er sáróánægður með í frv., og hefur hann meira að segja tekið aftur brtt., sem hann ætlaði að gera um atriði, þar sem hann lýsti yfir í n., að hann gengi aldrei með frv., ef ekki fengjust þær breyt. fram, sem voru fleiri en ein og fleiri en tvær. Ég nenni því hins vegar ekki að fara að munnhöggvast hér við þennan hv. þm., þó að hann gusaði úr sér viðkomandi grg. minni. Ég nenni því ekki í kvöld og læt það bíða þangað til seinna. Hann lýsti yfir því, og ég ætla ekki að ráðast á hann fyrir það, að ekki kæmi til mála, að hann fylgdi frv., ef þessar breyt. fengjust ekki gerðar. En hann sagði: „Það hefur verið samið um þetta, og ég er bundinn við þá samninga," og get ég vel skilið, að hann þeygi sig fyrir þessu. En ég geri mér vonir um það, að ef þetta frv. yrði rætt og reynt að ná samkomulagi, þá fengist þessum atriðum breytt, t. d. atriðinu, sem kom fram í 14. gr. frv. Við vorum sammála um það í n. ýmsir, að ekki væri gott að flokka þjóðina niður í tvo flokka, og ég segi ykkur það satt, að þjóðin verður ekki lengi ánægð með þetta. Hv. þm. lýsti yfir því, að hann gengi ekki að frv. nema þetta væri gert. En vera má, að það hafi verið af einhverjum praktiskum ástæðum. — Svo kemur enn fremur upphæð lífeyrisins. Það er ákaflega vafasamt og meira en það, hvort rétt er að hafa lífeyrinn misjafnlega háan eftir því, hvort um hjón eða einstaklinga er að ræða. Nú er það svo samkv. 15. gr. frv., að hjón eiga að fá lægri lífeyri, ef þau búa saman, en ef þau búa ekki saman, fá þau hærri lífeyri. Þetta kemur einkennilega út. Ef fólk er orðið 67 ára, verður það að skilja, ef það vill fá fullan lífeyri á þessum aldri. Við vorum allir sammála um, að þetta næði ekki nokkurri átt. Hvaða sanngirni mælir með því, þegar hjón eru orðin 67 ára og geta ekki unnið mikið, að framfærsla þeirra sé svo miklu ódýrari, þó að þau búi saman? Það var a. m. k. ekki hægt að sannfæra okkur um, að greiða ætti í slíkum tilfellum lægri lífeyri en til einstaklinga. — Ég skal nú fara fljótt yfir þessi atriði. Varðandi 34. gr. vorum við sammála um, að einkennilegt væri að greiða ekki til kvenna, sem vinna innan heimilisins og vinna heimilisstörf eftir barneignina. Hvers vegna eigum við að meta konur, sem vinna á heimilunum, lægra en þær, sem vinna utan heimilanna? Við vorum sammála um, að þetta kæmi ekki til mála. — Þá kem ég að 42. gr., þar sem talað er um dagpeninga til giftra kvenna. Hvers vegna á að gera mun á þessu, giftum konum og öðru fólki, og borga þeim enga dagpeninga nema maðurinn

geti ekki unnið fyrir konunni. Við vorum sammála um, að við gætum ekki gengið inn á þetta. — Þá eru það 44. og 45. gr., svo að tekin séu aðeins höfuðatriðin. Þar er kveðið svo á, að t. d. þeir, sem búa á Eyrarbakka, fái dagpeninga, er þeir hafa verið veikir í 8 daga, en t. d. Stokkseyringar eftir 28 daga. Og þeir, sem búa t. d. í Laugardælum, rétt fyrir ofan, fá ekki dagpeninga fyrr en eftir 28 daga. Það á að búa til cirkus utan um lækninn, 10 km, þannig að þeir, sem hafa þau hlunnindi að hafa lækni, eru tryggðir eftir 8 daga, en hinir, sem búa lengra í burtu, eru ekki tryggðir fyrr en eftir 28 daga. Við vorum sammála um það, að slík ákvæði í löggjöfinni gætum við aldrei samþ. og að það stæði í vegi fyrir samþ. frv., ef ætti að halda því til streitu. Ég vænti þess satt að segja, þó að ég nefni ekki nema þessi dæmi til viðbótar þeim rökum, sem ég hef hér fært fram, að þm. sjái, að ég, sem er ekki bundinn af neinum samningum, hlýt með tilliti til þeirrar rangsleitni, sem ég hef sýnt, að farið er fram á í frv., m. a. í sambandi við 10 km cirkusinn utan um lækninn og fleiri atriði, — þá hlýt ég að gera mér vonir um, að ef þetta mál væri ekki afgreitt í flýti, þá mundi koma í ljós, að okkur er ekki óhætt að samþ. frv. svona. Og ég held, að ef það væri sent til þjóðarinnar og rætt meðal hennar, þá mundu þm. gera sér ljóst, að það er ekki hægt að ganga frá málinu svona. E. t. v. má segja, að hægt sé að prófa sig áfram á þennan hátt og hafa þetta svona til að byrja með. En þegar þetta er einu sinni orðið að l., getur orðið erfiðara að breyta því heldur en að setja skilyrði strax. Og þess vegna er það, að afstaða mín, með tilliti til þeirra raka, sem ég hef fært hér fram, er fullkomlega eðlileg. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái, að eina eðlilega afstaðan í þessu máli er einmitt sú, sem ég hef tekið. Ég er líka sannfærður um það, að hv. þm. Barð. er ekki ákveðinn í að fylgja málinu eftir á þennan hátt, og að hann þarf bara til samkomulags að beygja sig fyrir þessu. Ég er ekki bundinn af slíkum stjórnarsamningum og get ekki verið samþ. því, sem er rangt, og þarf ekki að vera það.

Þá vil ég segja það í sambandi við þennan 10 km cirkus læknisins, að hv. 3. landsk. sagði eitthvað á þá leið, að það bæri ekki að skilja þetta svo, að endilega þyrfti að binda þetta við ákveðna vegalengd. En það hlýtur að vera ljóst öllum, að ef gera á einhvern mun á því, hvort menn fá dagpeninga, eftir því, hvar þeir búa, er ekki hægt að framkvæma l., ef framkvæma á eitthvað annað en það, sem stendur í l. Slíkt hlyti að leiða af sér eintómt handahóf. Á það að vera 1 km? Eiga það að vera 12 km? Öllum er ljóst, að slíkt er með öllu óframkvæmanlegt nema binda sig við ákvæði l., sem allir sjá náttúrlega, að er hreinasta fjarstæða. Og það get ég sagt ykkur, að þótt ekki væri öðru til að dreifa en þessu einasta atriði, yrði það eitt út af fyrir sig þess valdandi, að tryggingarnar yrðu aldrei vinsælar meðal þjóðarinnar. Þjóðin þolir ekki misrétti eins og þetta, og ég er undrandi yfir því, að þeir, sem vilja tryggingunum vel, skuli ætla sér að samþ. l. í þessu formi. — Ég hlýt þess vegna að koma fram með brtt. við 3. umr. þessa máls, og af alveg eðlilegum ástæðum hlýtur einnig atkvæði mitt að fara eftir því, hvort þetta grundvallarranglæti, sem ég hef bent á, verður leiðrétt eða ekki.

Ég sé svo ekki ástæðu til að minnast á þetta nánar. En ég kenni því beinlínis um, að þetta mál er afgr. nú, að samið var um það á einni kvöldstund, að það skyldi afgr. fyrir kosningar. Og ég kenni því beinlínis um, að þetta mál fær ekki nægilegar umr. og ekki nægilegan tíma til að tala um það, að gert skuli vera ráð fyrir að afgr. það á þann hátt sem nú er gert ráð fyrir. Með þeim orðum lýk ég máli mínu og vænti þess, að það ætti að vera hv. þm. ljóst, að ekki er óeðlilegt, þó að ég beri fram aths. við frv., sem á að fá slíka afgreiðslu.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi mega þakka meiri hl. félmn. fyrir þá miklu vinnu og áhuga, sem hún hefur lagt í þetta frv. Mér er kunnugt um það,að þetta frv. hefur fengið meiri undirbúning bæði utan þings og innan en flest önnur mál, sem afgr. hafa verið hér á Alþ. bæði fyrr og síðar. Það fram gengur af sögu málsins, að það hafa verið settir af fyrrv. félmrh., *Jóhanni Sæmundssyni, sérstakir menn* til þess að athuga tryggingalöggjöf, og sá undirbúningur hafði farið fram að nokkru leyti áður en grundvöllur var lagður að núv. stjórnarmyndun. Þessum undirbúningi var svo haldið áfram og hefur raunar verið haldið áfram nú um nokkurt skeið. Og þegar núv. stjórn hafði tekið við völdum, voru þeir skipaðir til þess að halda áfram þessum undirbúningi, þeir Jóhann Sæmundsson og Jón Blöndal. Þeir hættu báðir við þau störf, sem þeir áttu að rækja daglega, og gáfu sig eingöngu að undirbúningi þessa máls. Síðan tók við mþn., sem hefur haft þetta mál með höndum í marga mánuði, og í henni áttu sæti fulltrúar frá öllum flokkum á Alþ., þ. á m. Framsfl. Og ég þarf ekki að rekja það fyrir þm. og nægir að vísa til þess, sem einstakir nm. í þessari mþn. taka fram á bls. 39 í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, þar sem það er alveg fjarri því, að fulltrúi Framsfl. geri neina yfirlýsingu um, að mál þetta sé ekki nægilega undirbúið. Hann hefur aðeins tvo fyrirvara, annan með fulltrúa Sósfl., Hauk Þorleifssyni, þar sem hann telur, að æskilegt hefði verið að innheimta nokkurn hluta persónuiðgjalda sem hundraðsgjald af tekjum. En seinni fyrirvari hans er í því fólginn, að hann telur réttmætt, að atvinnurekendaiðgjöld falli niður eða verði a. m. k. stórlega lækkuð þegar svo stendur á, að börn og fósturbörn yfir 16 ára aldri vinna hjá foreldrum sínum. Aðra fyrirvara um afgreiðslu þessa máls hafði fulltrúi Framsfl. í milliþn. alls ekki, og fer því fjarri, að hann hafi látið nokkuð í ljós um það, að hann teldi þetta mál ekki nógu vel undirbúið. Enda er það svo, að eftir það að þessi mþn. lauk störfum sínum og félmrh. hafði falið 3 læknum, Guðmundi Thoroddsen, Magnúsi Ágústssyni héraðslækni og Snorra Hallgrímssyni, að athuga sérstaklega till. um heilsugæzlu, eftir það tók félmn. Ed. að nokkru leyti með félmn. Nd. við athugun þessa frv. — Ég fullyrði alveg óhikað, að þetta mál hafi fengið meiri undirbún-

ing utan þings og innan en venjulegt er um nokkur þingmál, enda er þetta eitthvert hið stærsta mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. Það er þess vegna fjarri öllum sanni, þegar hv. þm. Str. telur, að mál þetta hafi ekki verið nægilega undirbúið. Það má vel vera, að enn sé ýmislegt í frv., sem betur mætti athuga, og kemur það þá í ljós, þegar farið er að praktisera lögin. En hins vegar er hér um svo stórt mál að ræða, að engin ástæða er til, með þeim undirbúningi, sem þegar er fenginn, að fresta framkvæmd þess. Ég er að öllu leyti sammála hv. 4. landsk. um það, að æskilegra hefði verið að auka heldur við hlunnindi þessa frv. frá því, sem það var lagt fyrir þ., heldur en að draga úr því. En hitt veit ég, að um þetta mál fer eins og um öll þau mál, sem njóta almenningshylli, að það verður bætt við tryggingarnar á næstunni frekar en dregið úr þeim. Og mér er ánægja að heyra yfirlýsingu frá hv. þm. Barð. um það, að það, sem sýndi sig, að þyrfti að laga, muni vera hægt að laga síðar. — Nú hefur áður verið stigið allstórt spor í þessum tryggingamálum, og það var með setningu alþýðutryggingal. frá 1937. Ég fullyrði, að þó að það mál að vísu væri allvel undirbúið, þá er þetta mál enn þá miklu betur undirbúið en frv. um alþýðutryggingar frá 1937, og þar að auki er það reist á sterkari grundvelli, þar sem að þessari löggjöf standa 3 stjórnmálaflokkar, sem hafa ólíkt sterkari aðstöðu á Alþ. en þeir flokkar tveir, sem settu alþýðutryggingalöggjöfina 1937, — að ég held, með eins atkv. meiri hl. á Alþ. Það eru þess vegna enn betri vonir, sem eru tengdar við framgang þessa frv. og enn meiri líkur til að þetta frv. nái skjótt almennri hylli þjóðarinnar en alþýðutryggingal., sem sett voru 1937.

Nú hefur verið lýst yfir því af hv. þm. Barð., að það hafi verið eftir kröfum Sjálfstfl., að dregið var úr framlögum ríkisins, sem nema mundi 4 millj. kr. frá því, sem upphaflega var ákveðið í frv., og þá einnig úr hlunnindum þeim, sem frv. er ætlað að veita. Það er þess vegna þýðingarlaust, ekki sízt þar sem búið er að lýsa yfir andstöðu Framsfl. gegn þessu frv., að Alþfl. sé með neina yfirboðstilli. í þessu máli, eða aðrar en þær, sem samkomulag hefur fengizt um við Sjálfstfl. Ég get betur sætt mig við þá hlunnindarýrnun, sem gerð hefur verið á frv., þó að ég sé ekki ánægður með hana, eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hv. þm. Barð., sem ég veit, að gefur vonir um það, að frekar verði bætt við þau hlunnindi, sem ákveðin eru í þessum l., heldur en að úr þeim verði dregið.

Það væri að ýmsu leyti freistandi að fara að ræða einstök atriði, sem hv. þm. Str. drap á. En ég vil sleppa því, vegna þess að ég veit, að þessar viðbárur hafa verið ræddar í hv. félmn. og öllum hv. þdm. eru þau atriði vel kunn. Enn fremur er það ætlunin að reyna að ljúka þessari umr. og atkvgr. og koma málinu til 3. umr., ef unnt væri, í kvöld eða nótt, og skal ég þess vegna stytta mál mitt. En ég vil segja það við hv. þm. Str., að mér virðist þau rök, sem hann hefur fært fram gegn þessu frv., vera nákvæmlega sömu rökin og voru færð fram gegn frv. um alþýðutryggingarnar, sem sett voru 1937, — af andstæðingum þess frv. í þá daga. Og mér er nær að halda, að hv. þm. Str. hafi lesið upp úr alþt. frá þeim dögum, til þess að finna orðum sínum stað fyrir þeirri rökst. dagskrá, sem hann flytur nú í þessari hv. d. — Hv. þm. Str. gat þess, að atkv. sitt með eða móti frv. færi eftir því, hvort þessu frv. yrði breytt hér í grundvallaratriðum. Það má vera, að einhverjar breyt. verði enn gerðar á frv. En hitt get ég fullvissað hv. þm. Str. um, að því verður ekki breytt í grundvallaratriðum. Með setning l., sem byggjast á þessum grundvallaratriðum, verður engið lengra en áður hefur verið gengið í því, að þjóðfélagið ræki skyldur sínar til þess að sjá sjúkum og hrumum og örkumla fólki fyrir framfærslu. Þessar skyldur hafa að vísu um tugi ára og lengur verið viðurkenndar í íslenzkri löggjöf. Og ég verð að segja það afturfararkipp hjá hv. þm. Str., að hann skuli harma það, að á velmegunartímum sé gengið lengra í þessu en áður hefur tíðkazt. Það er í rauninni eins konar sjónarmið ríka mannsins, sem verður því nízkari sem hann eignast meiri peninga, sem virðist ráða skoðun hv. þm. Str.

Það er algerlega ósatt hjá hv. þm. Str., að um þetta mál hafi verið samið á einni kvöldstund. Það hefur raunar tekið allan þingtímann að komast að samkomulagi um þetta mál. Ég var dálítið hissa að heyra yfirlýsingu hv. þm. Str. um það, að hann væri ekki enn þá búinn að ákveða, hvort hann væri með eða móti þessu frv. Því að vissulega byggir hann ekki rökst. dagskrána á því, að þetta frv. verði afgr. Hún hnígur að því að setja fótinn fyrir þetta frv., þannig að afstaða hans sýnist vera alveg mörkuð með hans rökst. dagskrá, ef hann yfir höfuð meinar nokkuð með henni.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég vil aðeins ítreka þakkir mínar til meiri hl. félmn. fyrir þá miklu vinnu, sem hún hefur lagt í þetta frv., og vænti þess, að starf þessara manna verði þjóð okkar til góðs í framtíðinni.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi nú taka undir með hæstv. ráðh. og þakka n. fyrir mjög mikið starf, sem hún hefur lagt í þetta mál, og ber mér ekki sízt að gera það, þar sem ég að réttum lögum var nm., en varð að víkja úr n. og meðferð þessa máls, af því að ég sá fram á, að störfin voru svo mikil, að ég gæti ekki annað þeim á þessum tíma sem skyldi, og varð því að ráði, að hv. þm. Barð. tæki sæti í n. í minn stað. Vil ég þakka honum sérstaklega fyrir þann óvenjulega dugnað, sem hann hefur sýnt í að setja sig inn í þetta mál og gera það ljóst, bæði fyrir okkur flokksmönnum sínum og fleirum, og færa ýmis atriði til betri vegar. — Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram, og ekki ræða málið í heild á þessu stigi, heldur aðeins bera fram nokkrar aths. út af tilteknum gr., svo sem tíðkast að gera við 2. umr. máls.

Það er þá fyrst fyrirspurn út af 17. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef ellilífeyrisþegi þarfnast sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika og getur því eigi komizt af með þann lífeyri, sem er ákveðinn í 15. og

16. gr., getur Tryggingastofnunin hækkað lífeyri hans, samkvæmt umsókn, um allt að 40 af hundraði eða séð honum fyrir vist á elliheimili.“ Ber þá að skilja þetta svo, að Tryggingastofnunin eigi þá að standa undir öllum kostnaði af dvöl hans á elliheimilinu? Þetta hefur þýðingu t. d. varðandi vist á elliheimilinu hér í Rvík, sem er svo dýr, að venjulegur ellilífeyrir hrekkur ekki til, og hefur þurft umframúthlutun til þeirra, sem þar hafa dvalið. Og þá er spurningin, hvort Tryggingastofnunin ætlar sjálf að greiða það, sem þar er umfram, eða ætlunin er, að sveitarsjóðirnir eigi að standa undir þessu. Ég skil ákvæði 17. gr. svo, að það sé Tryggingastofnunin, sem ætli sér að standa undir þessu.

Þá vildi ég aðeins minnast á fyrirmæli 116. gr. varðandi skiptingu gjalda milli sveitarfélaga. Ég sé nú hér í grg. frv., að þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Það hlýtur ávallt að vera álitamál, hvernig skipta beri útgjaldaupphæð sem þessari á öll sveitarfélög landsins. Svipaða skiptingaraðferð, þó í öðrum tilgangi sé, er að finna í framfærslulögunum.“ Ég hef nú skilið þetta svo, að skiptingarreglurnar væru þær sömu, en við athugun sé ég, að svo er ekki. Ég sé ekki annað sameiginlegt með þessu en það, að í báðum tilfellum er skipt á milli sveitarfélaga og reglur settar um það. Ég vildi nú spyrja, af því að nokkur reynsla er fengin fyrir því, hvernig 8. kafli framfærslulaganna hefur gefizt, 75. gr. þeirra l., hvort ekki mundi vera eðlilegt að hafa þá skiptingu, sem þegar er fengin reynsla fyrir, frekar en að taka upp nýja skiptingu. Og ég verð að segja, að ég sakna þess, að í grg. skuli ekki vera nokkur nánari skýring á því, hvernig þessi skipting verkar. Ég hefði talið mjög æskilegt, að tekin væru dæmi um það, hvað mikinn hluta kaupstaðir, þar á meðal Reykjavík, mundu þurfa að greiða af þeim gjöldum, sem hér um ræðir, og að einnig væru tekin fleiri sveitarfélög sem dæmi, svo að menn geti gert sér grein fyrir því. Ég er ekki svo glöggur, að ég geti reiknað þetta út, en vildi spyrja hv. frsm., hvort um þetta væru skýringar fyrir hendi. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að mér sýnist, að samkv. þeim skiptingarreglum, sem eru í 116. gr., þá sé allmikið lagt upp úr skattskyldum tekjum einstaklinga og félaga, þar sem skipta skal tveimur fimmtu hlutum framlagsins í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkv. síðasta skattaframtali. Þetta væri sanngjarnt, ef það væri sams konar skattaframtal, sem tíðkaðist um allt land. Nú vitum við, að það er eingöngu í stærstu kaupstöðunum, sem verulega er gengið eftir skattaframtölum. Strax í minni kaupstöðum og kauptúnum verður þetta allt töluvert veikara, og er ég ekki að segja það af fjandskap við sveitirnar, heldur vitum við allir, að skattaframtöl í sveitum eru með töluvert öðrum hætti og miðuð við aðrar reglur en í kaupstöðum. Hér er ekki um sambærilegt mat að ræða á öllum stöðum, og sé ég, að mælikvarðinn er sundurlaus og ekki sanngjarn. Væri hér betra að taka inn í frv. reglur úr framfærslul. Ég bendi á þetta, en það er máske erfitt að gera grein fyrir þessu.

Ég hreyfi því, að það væri eðlilegt, að Tryggingastofnunin tæki að sér innheimtu á barnsmeðlögum í stað sveitarfélaganna, og ég er andvígur því að dreifa ábyrgðinni um of. Eins verð ég að segja það, að ég er hræddur við 111. gr. frv. vegna sveitarfélaganna og finnst þetta vera of mikill og þungur baggi á þeim, og mér finnst, eins og hv. þm. Barð. sagði, ekki nógu vel búið um endana. Það er erfitt að ganga frá þessu án veilu, og ég mun ekki bera fram brtt., en bendi á annmarkana, sem sýnilegir eru.

Ég vil benda á, að við gildistöku l. þessara hlýtur hluti starfsmanna við framfærslumál að verða óþarfur, og þá einkum hér í Rvík, og mér er ljóst, að það lítur út fyrir, að fækka þurfi þeim um helming, en nú eru þeir 14, ef þessi l. gefast eins vel og gefið er í skyn. Í sambandi við það, ef Tryggingastofnunin yfirtekur þessi mál, þá vil ég beina þeirri spurningu til hv. frsm., sem nú er framkvæmdastjóri stofnunarinnar, hvort það gæti ekki hugsazt, að þessir menn sætu fyrir með störf hjá Tryggingastofnuninni, og það ætti nú að vera eðlilegast, að stofnunin réði til sín fólk, sem er vant að vinna að þess konar málefnum, eða svipuðum. — Að öðru leyti orðlengi ég þetta ekki frekar, en þætti vænt um að fá hér upplýsingar hjá hv. frsm.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég mun reyna að lengja ekki umræður, en leitast við að svara hv. 6. þm. Reykv. hvað viðkemur því, eins og hv. þm. sagði, að það væru skiptar reglur í framfærslul. og þessu frv. Nm. hafa orðið sammála um að reyna að skapa aðhald í þessum efnum í sveitunum, sökum þess að fjölgun manna, sem njóta tryggginganna, verður mest í sveitunum og mun meiri en í kaupstöðum, þar sem tryggingar hafa verið fyrir, og er því rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að meiri hl. af útgjöldum varðandi tryggingarnar lendir á kaupstöðunum, og það er auðvitað vegna hærra skattaframtals. Hv. þm. sagði, að æskilegt væri að reikna dæmi til þess að átta menn á þessu. Ef heildarhækkun vegna tryggginganna verður nokkru hærri en gert er ráð fyrir, þá má ekki byggja um of á þessum tölum, heldur er bezt að endurskoða þetta að fenginni reynslu.

Hvað við kemur barnsmeðlögum, þá treysti n. sér ekki til að gera þá breyt., sem hv. þm. lagði til og hélt fram. — Um 111. gr. frv. er erfitt að segja, hvað mikið fellur á sveitarfélögin samkv. þeirri gr., og sveitarfélögunum er nú tryggð aðstoð og ákvæði framfærslul. stórlega bætt. Og það er rétt að hafa öryggið í huga, og það er ekki svo lítið brot, sem af er létt sveitarfélögunum.

Um starfsmenn framfærslumála Reykjavíkurbæjar og starf þeirra er mér varla unnt að svara að svo stöddu, en mér finnst ekki nema sanngjarnt að mæta sanngjörnum óskum í þá átt, að þeir hafi möguleika á að ganga fyrir með atvinnu við Tryggingastofnunina. Frekar ætla ég ekki að svara þessum hv. þm.

Næst snýr ég mér að meðnm. mínum, og ég vil þakka hv. þm. Barð. fyrir, að hann bætti úr fyrir það, sem vantaði í minni ræðu varðandi ýmis atriði. Og ég vil staðfesta ummæli hans um

það, að það varð samkomulag um að mætast á miðri leið.

Hvað viðkemur ræðu hv. þm. Str., þar sem hann minntist á ákveðin mörk, þá eru þau þó alltaf, en stundum eru þau æði þröng. T. d. eru mörkin svo mjó milli Osloar og Akker, að það fer eftir því, hvort maðurinn sefur í sínu rúmi eða konunnar, hvort hann er í Akker eða Oslo.

Við hv. 4. landsk. þm. vildi ég segja það eitt, í sambandi við það, sem hann sagði út af breyt. á ákvæði frv. um ekknalífeyri, að ég er honum sammála í þessu efni, en ég hef aðeins beygt mig fyrir þeirri nauðsyn að tryggja framgang frv., og þess vegna hef ég fallizt á, að sú breyt. yrði gerð, sem lagt er til í brtt. n. Hins vegar verð ég að segja það, úr því að minnzt er á afstöðu n., að mér virðist frá mínu sjónarmiði ekki frekar hægt að skera niður einhvern annan lið en þennan, og virðist mér till. hans um hækkun á öðrum liðum bera þess glöggt vitni, að hann hafi ekki talið auðvelt að lækka þar. — Hv. þm. Barð. tók það fram, að ef till. um hækkun á bótaupphæð, sem hann ber fram, yrði samþ., þá þyrfti að gera ráðstafanir til þess að afla fjár þar á móti. Hv. þm. hafði ekki rétt eftir mér ummæli, sem ég viðhafði í sambandi við upphæð, sem ég kalla grundvallarupphæð fyrir bótunum, 1200 kr. Ég sagði ekki, að með því væri gengið inn á það, að kjör þessa fólks ættu að vera rýrari en kjör þeirra, sem lægstar hafa tekjurnar, sem mér skildist hv. þm. meina. Hitt sagði ég, að það væri visst mark, sem af sjálfu sér væri sett í slíkar tryggingar sem þessar, og það er það, að það væri ekki fjárhagslega ákjósanlegra eða eftirsóknarverðara að vera styrkþegi en að vinna sjálfur fyrir sér. Og það er augljóst, að ef slíkt væri, þá væri ekki mögulegt að halda uppi neinum tryggingum, og yrði þá að fara aðra leið til þess að sjá fyrir þeim, sem trygginganna eiga að njóta. Um bótaupphæðina má alltaf deila, og skal ég ekki leggja út á þann hála ís, því að það verður að sjálfsögðu matsatriði á hverjum tíma, hverjir þar skuli helzt koma til greina. Þess vegna vildi ég gera grein fyrir því, sem þessar till. byggjast á hjá mþn., sem þetta verk vann í fyrstu, og meiri hl. n. gat ekki komizt hjá að taka til greina. Hins vegar er okkur í meiri hl. það ljóst, að í þessu efni er ekki hægt að benda á eina upphæð og segja, að það sé sú rétta upphæð, og leggjum við því áherzlu á bráðabirgðaákvæðið, að framfærslukostnaður verði rannsakaður og þá þessi upphæð endurskoðuð að þeirri rannsókn lokinni. Meira treystir n. sér ekki til að segja, og enginn má halda, að með þessu sé verið að slá því föstu, að þessi upphæð sé sú eina rétta. Það er aðeins sagt, á hvaða forsendum eigi að byggja.

Ég vildi þá að lokum víkja með fáum orðum að minni hl. og þá sérstaklega að þeim röksemdum, sem hann bar fram fyrir því, að ekki bæri að samþ. frv. nú, heldur fresta því um óákveðinn tíma. Hv. þm. sagði réttilega, að það yrði óhjákvæmilegt að gera hliðstæðar ráðstafanir til að fyrirbyggja atvinnuleysi. Hv. þm. má vera það ljóst, ef hann les nál., sem fylgir frv., að áherzla er lögð á það, að jafnframt þessari löggjöf verði að gera ráðstafanir til að hindra atvinnuleysi.

Um ótta hv. þm. um, að tryggingarnar verði misnotaðar, þá skal það játað, að ef til atvinnuleysis kæmi, yrði þetta erfitt viðfangs. En því fer alls fjarri, að hér sé á reynslu að byggja, og verður að styðjast við fastar venjur og strangt eftirlit með því, að þetta verði ekki misnotað. Ég vil benda hv. þm. á, að hann hefur ekki lesið frv. og grg., sem því fylgir, sem skyldi, því að í sambandi við þau ákvæði, sem hann óttast mest, eru gerðar ráðstafanir til að fyrirbyggja, að nokkuð geti misfarizt.

Ein stærsta breyt. er sú, að eins og nú er, þá er heimilislæknum goldið að fullu, en samkv. frv. er gert ráð fyrir að borga ¾ af slíkri læknishjálp, svo að hver einstaklingur þarf þá bara að borga ¼ hluta. Ég er að vísu heldur á móti þessu, en hef þó látið undan með það nú. — Þá sagði hv. þm., að n. hefði átt að athuga þetta nánar, og þá sérstaklega fjárhagsgrundvöllinn, en um þetta liggur fyrir nákvæm skýrsla yfir fjárhag þjóðarinnar síðastliðin 3 ár. Það skal viðurkennt, að þetta ár voru tekjurnar háar, en hafa ekki lækkað, og er ekki óeðlilegt að verja 12—14% af þjóðartekjunum til þessara mála, og ef versnar í ári, er þeim mun brýnni nauðsyn að tryggja þetta meðan gott er í ári. — Ég hygg, að áætlunin sé svo vel undirbúin sem unnt er, en þó er ekki hægt að gera svo nákvæma skýrslu fram í tímann, að þar megi ekki sjá annmarka á. Og það má reikna með því, að það fjölgi frekar í hópi eldra fólksins, og veldur það auknum útgjöldum, svo að örðugt er að byggja þetta upp endanlega. Og eins má öllum vera ljóst, að ef drepsótt gengur yfir, þá raskar það.

Ég veit ekki, hvort ég á að ræða þann kafla ræðu hv. þm., þegar hann talaði um, að með þessu frv. væri verið að setja snöru um háls allra góðra sjálfstæðismanna, og vildi með því opna augu þeirra fyrir hættunni. Ég held, að hv. þm. vaxi þetta í augum og að hér sé allt opið fyrir og engin brögð í tafli. — Ég tel nauðsyn að koma á áætlunarbúskap, og það verður gert að einhverju leyti, en það, sem hér um ræðir, gerir það ekki óhjákvæmilegt, frv. um það liggur ekki hér fyrir. Hv. þm. hræðir mig ekki með spádómum sínum.

Þá kem ég að þungamiðjunni í ræðu hv. þm. og ástæðunni fyrir því, að hann lagðist gegn frv., en það er, að ef þetta yrði lögfest, þá væri lögfest svo mikið misræmi og rangsleitni innan þjóðfélagsins, að óviðunandi væri. Þeir, sem greiddu atkv. með þessu frv., mundu missa kjördæmi sín, og hann vildi ekki leggja sig í hættu. — Þá minntist hv. þm. einnig á, að í frv. væri gert ráð fyrir, að þeir, sem búa hjá lækni, fái dagpeninga, ef þeir eru veikir í 10 daga, en þeir, sem fjær búa, verði að bíða í 4 vikur eftir dagpeningum, en þó gildi það ekki, ef þeir fara á sjúkrahús, þá gilti hið sama. Ég hef nú áður gert grein fyrir, hvernig þetta er. Báðir hafa jafnan rétt til sjúkrabóta í 26 vikur, hvort sem þeir byrja fyrr eða seinna að fá dagpeninga. Til hvors tveggja hefur verið tekið tillit með iðgjaldagreiðslur, og til að afstýra þessari gífurlegu rangsleitni hefur hv. þm. mannað sig upp í það að leggjast gegn frv. og leggja til, að því verði vísað frá.

Hv. þm. Str. vill láta þau fyrirmæli, sem nú eru í l., haldast. Og hver eru svo þessi fyrirmæli? **Lítum fyrst á ellilaunin.** Þá geta þeir, sem búa í sveitum, fengið helminginn af 800 kr. á ári, á meðan þeir í Rvík fá helminginn af 1200 kr. Þetta vill hann frekar en að þeir, sem í sveitum eru, fái fullar 900 kr. Hann vill heldur staðfesta, að þeir, sem í sveitum eru, fái 400 kr., meðan þeir í Rvík fá 600 kr., en að þeir í sveitunum fái 900 kr. og hafi lægri iðgjöld, á meðan þeir, sem búa í Rvík, fá 1200 kr. Hann vill heldur láta svo vera, að sjúkir menn í sveitum fái enga dagpeninga en þeir bíði í 4 vikur. Hann telur hag þeirra betur borgið, ef ekkjur þeirra fá engan lífeyri, ef menn þeirra falla frá. Þetta er undarlegt mat á réttu og röngu, og hef ég ekki fyrr rekizt á slíkt hjá reyndum dómara. Til að afstýra þessari rangsleitni, sem er að hans dómi, að menn í sveitum bíði 3 vikum lengur eftir dagpeningum, þá vill hann vinna til að láta þetta ósamræmi haldast. Ég held, að hv. þm. ætti að skoða hug sinn betur, og vildi ég óska, áður en frv. þetta verður afgr., að hann hafi breytt um hug, og tel, að hann hafi þegar hafið undirbúning undir, að svo mætti verða, og ber að fagna því.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Ég ætla ekki að lengja þessar umr. neitt að ráði, en vil fyrst segja nokkur orð viðvíkjandi þessum tryggingum almennt og get svarað í senn þeim hv. 3. landsk. og hæstv. dómsmrh. Þeir tala um áhuga sinn fyrir þessum tryggingum og andstöðu mína. Ég get fullyrt með vissu, að þetta lægi ekki hér fyrir, ef ég hefði ekki lagt hönd að undirbúningi þess. Það var stöðvað, vegna þess að einn ágætur Alþýðuflokksmaður lagði til, að undirbúningur þess yrði stöðvaður, en ég og hv. 3. landsk. fórum til hæstv. ráðh. og báðum um að fá að halda undirbúningnum áfram. Ég hef aldrei verið á móti því að koma á heilbrigðu tryggingakerfi, eins og þetta bendir til. Hæstv. ráðh. gerði það fyrir okkar orð að halda þessu áfram. Ég held því, að þessar staðhæfingar hæstv. dómsmrh. séu rangar og hafi ekki við nein rök að styðjast. Annars ætla ég ekki að fara að þræta um þessi mál. — Þá sagði hv. 3. landsk., að það væri einkennilegt af dómara að vilja bregða fæti fyrir frv. vegna þess, að honum þætti mörg ákvæði þess gölluð. Þessa röksemd get ég ekki fallizt á. Við höfum ekki fengið að heyra nein rök fyrir því, að biðtíminn eigi að vera mislangur fyrir landsmenn. Ég hef ekki heyrt þá röksemd og tel, að hv. 3. landsk. geti ekki sannfært neinn um, að það sé vítavert, þótt dómari vegna galla á frv. vilji láta ræða það nánar og ná samkomulagi um sjálfsagðar greinar þess. — Ég mótmæli þeirri staðhæfingu, að l. verði misnotuð af sveitafólki, þótt biðtíminn væri sá sami. Það er ekki vegna þess, að ég vilji ekki breyta tryggingunum, að ég get ekki fallizt á þetta, heldur vil ég fá þetta leiðrétt um leið og frv. verður samþ.

Þá vildi ég minnast á eitt, sem fór fram hjá mér, en hv. 3. landsk. minntist á, en það er, hvernig hann ætlar að fyrirbyggja, að þeir, sem greiða iðgjöld á lægra verðlagssvæði, flytji á verðlagssvæði, þar sem iðgjöldin eru hærri. Engin leiðbeining kom fram um það, hvernig gera ætti mögulegt að hafa tvö verðlagssvæði. Nú færíst stöðugt í það horf, að kaupgjald sé samræmt um allt land og framfærslukostnaður verði jafnari. Það yrði því ómögulegt að varast rangsleitni. Hins vegar kom það fram í n., að ef eitt verðlagssvæði væri, þá ykist kostnaðurinn við framkvæmd l. um 6—7 millj. kr., en aðeins 3 millj. kr. ynnust. Það er vitað, að ef ekki er ákvæði í l. um, að biðtími sé misjafn, þá hækka iðgjöldin. — Það er eitt atriði hér, sem vert er að athuga og gengið hefur verið fram hjá í umr., en það er ákvæði 17. gr. Það var mikið rætt í n. um að þá heimild, sem þar er, væri ógerningur að framkvæma, nema „qualificeraður" meiri hl. væri fyrir hendi í Tryggingastofnuninni eða allt tryggingaráð samþ. hana. Og að því er ég hef heyrt eftir mönnum, sem unnið hafa í stofnuninni, um atkvgr. þar, þá er ég sannfærður um, að ógerningur er að veita þessa heimild. Hv. þm. Barð. sagðist aldrei ganga inn á heimildina nema allir í ráðinu væru sammála. Ráðgert er, að heimildin geti kostað hátt á þriðju millj. kr. Það er því ekkert smáræðisvald, sem meiri hl. hefur, ef hann á að ráða og hann veitir undanþágur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka hér röksemdir mínar úr fyrstu ræðu minni. Reynslan verður að skera úr því, hvort ég eða hv. 3. landsk. hafi haft á réttu að standa. En ég vil að lokum minnast á þá staðhæfingu hv. 3. landsk., að enda þótt þetta frv. væri staðfest, þá sé ekki kallað á „sósíalíseringu". Hann gerði mikið úr því, að hér væri ekki verið að setja snöru á Sjálfstfl. Hann viðurkenndi að vísu, að ef atvinnuleysistryggingum yrði bætt við, þá yrðu þær naumast framkvæmdar nema með áætlunarbúskap. En þessar tryggingar og atvinnuleysistryggingar verður ekki hægt að standa við, ef harðnar í ári, nema koma á áætlunarbúskap.

Í þessu máli hefur þessi hv. þm. beitt kænsku eins og slyngur veiðimaður, sem er að eiga við óþekka gripi. Við getum seinna rætt um það, hvort afleiðingarnar verða ekki eitthvað á þá leið, sem ég hef bent hér á. Ég hygg, að reynslan muni skera úr því. En það verður ekki hægt að halda tryggingunum gangandi nema „sósíalísering" komi til. En ég álít, að menn verði að gera sér grein fyrir þessu fyrirfram. En það á ekki að byrja aftan á verknaðinum, eins og hér er gert.

Ég skal svo láta útrætt um málið, til þess að tefja ekki fyrir atkvgr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi sízt af öllu verða til þess að tefja tímann að óþörfu. En ég læt þó í ljós undrun mína yfir vinnubrögðum þeim, sem hér hafa verið viðhöfð. Nú er að ljúka lengsta þingi í sögunni. Aðeins mun einu sinni hafa verið haldinn fundur á laugardegi, og þá var aðeins stuttur fundur í Sþ. En nú hefur ekki einungis verið haldinn fundur á laugardag, heldur er haldið áfram á sunnudag. Þetta mun standa í sambandi við yfirlýsinguna um að ljúka þingi fyrir páska og löngunina til að kenna vantrauststill. um, ef svo verður ekki.

Einnig hefur því verið lýst yfir, að lokið verði við afgr. þessa máls fyrir páska. En slíkt er ekki hægt, ef þm. eiga að geta kynnt sér málið, því að vitanlega er ekki hægt að afgr. þetta fyrir páska með nokkurri gát á jafnstuttum tíma og nú er þangað til. En þetta vildi ég aðeins segja um meðferð málsins. Ég mun þó að sjálfsögðu beygja mig undir vilja meiri hl. og get vakað eins og aðrir. En þar eð málið hefur verið lítið upplýst, þrátt fyrir þessar umr., þá vil ég beina einni spurningu til hv. frsm. meiri hl.: Hvaða ástæða er til þess að skipta landslýðnum niður í tvo flokka, þannig að annar hefur meiri rétt en hinn, þó að skyldurnar séu að vísu í réttu hlutfalli þar við? Ég á við 14. gr., um að skipta landinu í tvö verðlagssvæði. Þetta kann að hafa átt rétt á sér á fyrri árum, að þá hafi verið dýrara á 1. verðlagssvæði, en nú mun það úr sögunni. Auk þess sem hv. þm. Str. benti á, að þeir, sem við meiri örðugleika eiga að etja, hafa minni rétt en hinir, sem betri aðstöðu hafa. Hv. 3. landsk. réttlætti þetta með því, að betra væri að hafa eftirlit með þeim, sem væru nær lækni. En ég álít, að miða beri að því að tryggja þeim, er fjær búa, jafngott læknisefirlit. Ég vil benda á það, að enn er svo í l., að persónufrádráttur við skattaframtal er misjafn, eftir því hvar er á landinu. Einnig í þessu er grundvöllurinn annar en áður var. Þetta þyrfti fremur endurskoðunar við en hliðstætt ákvæði sé tekið upp hér í frv.

Hv. frsm. fór mörgum orðum um það, að dagskrártill. hv. þm. Str. væri sama sem að vísa málinu frá og það fyrir alla framtíð. En eins og hv. þm. Str. benti á, þá gætu þau réttindi, sem koma til gagns borgurunum, gengið í gildi nákvæmlega á sama tíma, þó að frv. verði ekki afgr. á þessu þingi. Ég vildi spyrja, hvaða gagn væri eiginlega í því að keyra málið í gegn á svona stuttum tíma með lítilli athugun, en réttindin kæmu til framkvæmda jafnt hvor leiðin yrði farin? Ég hef ekki fengið það fram, hver munur væri á því, að frv. væri samþ. í apríl 1946 eða í nóvember 1946. Sá er þó munur, að ef dregin væri afgreiðsla málsins, hefði mátt athuga ýmis atriði þess vandlegar. Ég hef heyrt bæði hv. frsm. og hv. þm. Barð. segja, að ýmis atriði væru mjög flókin og þyrftu endurbóta við síðar. En einmitt þeim mun meiri nauðsyn er á því að athuga málið betur. Ég teldi gott, að þm. fengju að vita það, hvers vegna þörf er á því að afgr. málið nú, með margföldum afbrigðum.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég ætlaði ekki að tefja tímann hér með langri ræðu. En aðeins eitt atriði vildi ég fara nokkru nánar út í. Ég er hræddur um, að enda þótt tekjur almennings séu meiri nú en áður, þá muni samt mörgum reynast erfitt að greiða þau iðgjöld, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er víst, að þó að frv., ef að l. verður, veiti borgurunum mikil fríðindi, þá muni samt mörgum veitast erfitt að greiða þessi gjöld, enda þótt þeim væri það ljúfara en með ýmis önnur gjöld. Svo er fyrir mælt, að ef ekki verði hægt að fá greidd gjöldin, þá greiði viðkomandi sveitarfélag þau, en það mundi þá leiða af sér hærra útsvar.

Einnig vil ég geta þess, úr því ég kvaddi mér á annað borð hljóðs, að ef dagskrártill. hv. þm. Str. verður felld, þá mun ég greiða atkv. með 7. og 8. brtt. hv. 4. landsk., sem gengur út á það að lækka nefskattinn á hvern einstakling, en hafa hina tilhögunina, sem nú tíðkast, að nokkur hluti iðgjaldanna fari eftir tekjum manna. Ég vil þó ekki segja, að þessar till. séu í fullu samræmi við eðli tryggginga, en samt held ég, að þessi tilhögun sé nauðsynleg, til þess að frv. verði framkvæmanlegt.

Hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að hallæri mundi verða, ef Framsfl. yki fylgi sitt við næstu kosningar, og jafnframt sagði hann, að sú auðjöfnun, sem orðið hefur, væri að þakka núv. ríkisstj. En mér sýnist alls ekki vera um neina auðjöfnun að ræða, heldur aðeins minnkandi auð. Náttúrlega þakka ég ekki heldur fyrrv. ríkisstj. þann auð, sem við höfum safnað. Það eru utanaðkomandi öfl, sem þar hafa átt hlut að. En það er þó áreiðanlega eins sanngjarnt og sanngjarnara að þakka þetta þeirri stjórn en þeirri, sem nú situr. Ég held því, að það væri hollast fyrir hv. þm. Barð. að vera ekkert að slá um sig með þess konar ummælum, að við eigum núv. ríkisstj. allt að þakka.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að Framsfl. fái hreinan meiri hl. á Alþ. eftir kosningar. Þess vegna má búast við, að núv. stjórnarsamvinna haldist. En ef við hv. þm. Barð. eigum báðir hér sæti að 3—4 árum liðnum, þá getum við kannske rætt um auðjöfnun ríkisstj.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það hefur orðið hér nokkur ágreiningur út af því, sem kallað er ekkjubætur, en ég tel rétt að nefna mæðralaun. Hv. þm. Barð. hefur mælt á móti þessu og færði það fram sem rök, að það kæmi hart niður á þessum mæðrum, ef þær fengju þennan styrk og misstu hann svo þegar börnin næðu 16 ára aldri eða ef þau dæju. Að minni hyggju eru þetta miklu fremur rök með mínu máli en hans, þar sem þetta sýnir, að hv. þm. Barð. viðurkennir þörf þessara mæðra fyrir umrædd laun. — Þá færði hann það fram sem mótrök, að ef einstæðar mæður nytu slíks styrks, mundi það auka tölu óskilgetinna barna. Ég held, að þetta séu ekki veigamikil rök. Ég ætla, að fjárhagsástæður skipti ekki miklu máli í slíkum tilfellum. — Sömuleiðis taldi hv. þm. Barð., að þessi mæðralaun mundu valda atvinnuvegunum erfiðleikum, þar sem þessar mæður mundu ekki þurfa að stunda aðra atvinnu. Ég tel, að þetta sé á miklum misskilningi byggt. Hér er ekki um svo mikla upphæð að ræða, að komið geti til mála, að nokkur kona geti lifað eingöngu á því. Hæstv. félmrh. tjáði sig samþykkan þeirri hugsun, sem fælist í till. minum, en af fjárhagsástæðum væri þetta ekki hægt, og eftir því sem hv. frsm. hefði upplýst, væri ekki unnt að spara á öðrum sviðum tryggginganna. Um þetta voru skiptar skoðanir í n. Ég lét í ljós það álit, að ég vildi heldur fella niður fjölskyldubæturnar og fleiri leiðir gætu einnig komið til greina, sem ég taldi frekar færar en skera niður þessar ekkjubætur, þótt vitanlega hvergi sé gott af að taka.

Ég skal svo ekki eyða tímanum til að ræða

einstök atriði eða brtt., en ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að enda þótt brtt. mínar nái ekki fram að ganga, mun ég standa að framgangi málsins í heild í því trausti, að síðar gefist tækifæri til að bæta það, sem nú er ófullkomið.

Gísli Jónsson: Ég get verið stuttorður að þessu sinni. Ég vil aðeins benda á það viðvíkjandi því, sem hv. 4. landsk. sagði, að ef bæta ætti upp mæðrastyrkinn, veitti ekki af að fella niður allar fjölskyldubæturnar, og svo verður hv. 4. landsk. að gera sér það ljóst, að verði brtt. hans samþ., bylta þær um þeim grundvelli, sem frv. er byggt á, og stofna málinu í hættu. Vil ég láta það koma hér fram nú, að ég tel mig og Sjálfstfl. óbundinn í þessu máli, ef horfið verður frá þeim grundvelli, sem um var samið.

Ég skal svo geyma til næstu umr. að svara því, sem hv. þm. Str. og hv. þm. Eyf. beindu til mín. Ég vil taka það fram, að þótt ég hafi fallizt á afgreiðslu, sem þetta mál fékk í n., fyrir hönd míns flokks, þá er ég persónulega óánægður með margt, eins og fram kom í ræðu minni í dag.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi einungis mótmæla hinum þrálátu ummælum hv. þm. Str., um að samþykkt þessa frv. hlyti að hafa í för með sér víðtæka „sósíalíseringu". Þessi ummæli hv. þm. túlka einungis skoðanir hv. þm. Str. á því, hvaða skilyrði það eru, sem skapa góðan efnahag hjá þjóðfélagsþegnunum, en góður efnahagur er vitanlega skilyrði fyrir framkvæmd þessara l. En hvort hann fæst með þjóðnýtingu eða frjálsu framtaki einstaklingsins, um það stendur deilan í stjórnmálum landsins. Af ræðu hv. þm. Str. varð ekki skilið annað en hann teldi, að þjóðnýting væri skilyrði fyrir góðum efnahag og þjóðfélagslegu öryggi. Við sjálfstæðismenn álítum aftur á móti, að almenn hagsæld og öryggi sé bezt tryggt með hinni frjálsu samkeppni.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Ég skal ekki hafa þetta nema stutta aths. Það, sem ég tók fram í ræðu minni áðan, var það, að á eftir þessari víðtæku tryggingalöggjöf hlyti að koma krafan um atvinnutryggingar. Þegar svo væri komið, þá taldi ég líkur til, að tryggingunum yrði ekki haldið uppi nema með víðtækum áætlunarbúskap eða „sósíalíseringu", en úr þessu verður reynslan að skera. En á það má benda, að höfundur tryggingal. í Englandi lét það fylgja með till. sínum, að skilyrðið fyrir, að þær væru framkvæmanlegar, væri víðtækur áætlunarbúskapur. Það virðist og vera auðsætt mál, að auðskiptingin þarf að vera mjög víðtæk til að standa undir slíkum tryggingum.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Ég vona, að hv. þm. Str. og hv. 6. þm. Reykv. misvirði ekki við mig, þótt ég svari ekki spurningum, sem þeir báru fram, fyrr en við 3. umr. En út af síðustu ræðu hv. þm. Str. vildi ég segja það, að mér þykir gott, ef hann er nú allt í einu farinn að sjá það, að þjóðnýting er skilyrði fyrir almennri hagsæld og öryggi.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Ég hef sagt það hér tvívegis, að ég vildi, að þjóðin gengi með opin augun á móti því, sem verið er að gera, en ekki sé komið aftan að henni með „sósíalíseringu" og áætlunarbúskap. Ég hef heldur ekki sagt, hvort ég vilji samþ. þetta eða ekki, heldur að ég vilji ekki samþ. það á þessu stigi málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 819) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Rökst. dagskráin á þskj. 795 felld með 10:4 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 796,1 samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 796,2 tekin aftur til 3. umr.

— 798,1 felld með 9:3 atkv.

15.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 796,3 samþ. án atkvgr.

— 798,2 tekin aftur til 3. umr.

19.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 796,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

24.—25. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 819,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 796,5, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 796,6 samþ. með 13 shlj. atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

28.—29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 796,7 (ný 30. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 796,8 samþ. með 13 shlj. atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 796,9 samþ. með 11 shlj. atkv.

32. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 796,10 samþ. með 11 shlj. atkv.

34. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 798,3.a—b felld með 9:3 atkv.

— 798,3.c felld með 9:3 atkv.

— 796,11 (ný 35. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

— 798,4 tekin aftur.

— 819,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 796,12 (ný 36. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

37. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 798,5 felld með 10:3 atkv.

38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 798,6 tekin aftur.

— 796,13 (39. gr. fellur niður) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 796,14 (40. gr. fellur niður) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 796,15 tekin aftur til 3. umr.

41.—44. gr. (verða 39.—42. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 796,16 samþ. með 10 shlj. atkv.

45. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 796,17 samþ. með 10 shlj. atkv.

46. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

47. gr. (verður 45. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 796,18 samþ. með 10 shlj. atkv.

48. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
49.—59. gr. (verða 47.—57. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,19 samþ. með 11 shlj. atkv.
60. gr. (verður 58. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
61.—62. gr. (verða 59.—60. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,20 samþ. með 12 shlj. atkv.
63. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
64.—67. gr. (verða 62.—65. gr) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,21 samþ. með 11 shlj. atkv.
68. gr. (verður 66. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,22 samþ. með 11 shlj. atkv.
69. gr. (verður 67. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
70. gr. (verður 68. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,23 samþ. með 11 shlj. atkv.
71. gr. (verður 69. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
72.—74. gr. (verða 70.—72. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,24 samþ. með 11 shlj. atkv.
75. gr. (verður 73. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
76.—82. gr. (verða 74.—80. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,25 samþ. með 11 shlj. atkv.
83. gr. (verður 81. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,26 samþ. með 10 shlj. atkv.
84. gr. (verður 82. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,27 samþ. með 10:1 atkv.
85. gr. (verður 83. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
86.—93. gr. (verða 84.—91. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,28 (ný 94. gr., verður 92. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
95.—97. gr. (verða 93.—95. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,29 samþ. með 10:1 atkv.
98. gr. (verður 96. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,30 samþ. með 11 shlj. atkv.
99. gr. (verður 97. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,31 samþ. með 11 shlj. atkv.
100. gr. (verður 98. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,32 samþ. með 11 shlj. atkv.
101. gr. (verður 99. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,33 samþ. með 11 shlj. atkv.
102. gr. (verður 100. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,34 samþ. með 12 shlj. atkv.
103. gr. (verður 101. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
104. gr. (verður 102. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,35 (ný 105. gr., verður 103. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 796,36 samþ. með 11 shlj. atkv.
106. gr. (verður 104. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
107.—108. gr. (verða 105.—106. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 798,7 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, ÁS, PHerm, BSt, BrB, StgrA.
nei: LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BBen, EE, GJ, GÍG, HG.
1 þm. (JJ) fjarstaddur.
Brtt. 796,37 samþ. með 9 shlj. atkv.
109. gr. (verður 107. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 796,38 samþ. með 11 shlj. atkv.
110. gr. (verður 108. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,39 samþ. með 9:3 atkv.
111. gr. (verður 109. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
112.—113. gr. (verða 110.—111. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,40 samþ. með 12 shlj. atkv.
114. gr. (verður 112. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
115.—116. gr. (verða 113.—114. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,41 samþ. með 11 shlj. atkv.
117. gr. (verður 115. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,42 (ný 118. gr., verður 116. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 796,43 samþ. með 11 shlj. atkv.
119. gr. (verður 117. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,44 samþ. með 11 shlj. atkv.
120. gr. (verður 118. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,45 (ný 121. gr., verður 119. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
122.—123. gr. (verða 120.—121. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,46 samþ. með 12 shlj. atkv.
124. gr. (verður 122. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
125.—126. gr. (verða 123.—124. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 796,47 samþ. með 11 shlj. atkv.
127. gr. (verður 125. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,48 (128. gr. flyzt) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 796.49—50 teknar aftur til 3. umr.
129.—132. gr. (verða 126.—129. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,51 samþ. með 11 shlj. atkv.
133. gr. (verður 130. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,52 samþ. með 12 shlj. atkv.
134. gr. (verður 131. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,53 samþ. með 11 shlj. atkv.
135. gr. (verður 132. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 796,54 (ný gr. (áður 128.), verður 133. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

136. gr. (verður 134. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 796,55 samþ. með 12:1 atkv.
137. gr. (verður 135. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,56 samþ. með 11 shlj. atkv.
138. gr. (verður 136. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,57 teknar aftur til 3. umr.
139.—142. gr. (verða 137.—140. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 798,8 tekin aftur.
— 796,58.a—g samþ. með 11 shlj. atkv.
— 796,58.h tekin aftur til 3. umr.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 796,59 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 820, 842, 861, 867).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 842, 861 og 867. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur nú haldið nokkra fundi í þessu máli eftir 2. umr. og komið sér saman um að flytja brtt. þær, sem hermir á þskj. 867. Þó skal fram tekið, að 7. brtt., um 10. gr., hefur meiri hl. n. ekki orðið sammála um, og flytur einn þeirra, hv. 4. landsk., sérstaka brtt. á þskj. 861 við gr. Að öðru leyti eru nm. fjórir sammála um að mæla með þeim breyt., sem á þskj. hermir, og mæla einnig með, að frv. verði samþ. með þeim breyt. Frá hv. minni hl. hafa komið brtt. á þskj. 842, sem ég mun geyma mér að víkja að þar til síðar.

Ég vil þá stuttlega gera grein fyrir brtt. meiri hl. n. á þskj 867. Eins og fram var tekið við 2. umr., lágu ýmsar brtt. fyrir um breyt. á I. kafla. En meiri hl. n. varð þó sammála um að bera eigi fram brtt. fyrr en við 3. umr. og sjá, hvort ná mætti samkomulagi um atriði, sem ágreiningur var um. Þessar till., sem hér um ræðir, eru árangur af því starfi.

1. brtt. er við 3. gr., og er lagt til, að 2. málsgr. falli niður. Sú gr. þarf ekki skýringar við. Við lítum svo á, að um þetta fari að sjálfsögðu eftir því, sem ákveðið er hverju sinni um verkaskiptingu milli ráðh. og samkv. forsetabréfi, sem hefur verið gefið út.

Við 5. gr. er gerð sú breyt., að bætt sé inn í við 1. málsl., að forstjóri Tryggingastofnunarinnar skuli starfa í samráði við formann tryggingaráðs.

Þá leggur n. til, að 6. gr. sé orðuð upp eins og segir á þskj., og er lagt til, að tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skuli fara með þau störf, sem því eru falin með lögum þessum. Í frv. er gert ráð fyrir, að tryggingaráð sé skipað 8 mönnum, og séu 4 þeirra kosnir af Alþ. með hlutfallskosningu, en 3 skipaðir af ráðherra. Hér er aftur á móti gert ráð fyrir 5 mönnum, sem allir skuli kosnir hlutfallskosningu af Sþ., en ráðh. tilnefnir svo formanninn. Þessu til viðbótar er svo skipuð sérstök n. sérfróðra manna, sem á að vera tryggingaráði til aðstoðar um læknisfræðileg atriði og skipuð með þeim hætti, sem í frv. er gert ráð fyrir. Meiri hl. n. taldi rétt að greina alveg þarna á milli, heilsugæzludeildar ráðsins og sérfróðra manna tryggingaráðs að öðru leyti. — Þá er í brtt. nokkur grg. um það, hver skuli vera verkefni þessarar n. sérfróðra manna. Eru það læknisfræðileg atriði, og eins og í till. segir, eiga þeir að vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkv. III. kafla. Þótti þetta ekki nægilega glöggt í frv., að þeir skyldu engin áhrif hafa á heilsugæzlu og fjárhagsmál stofnunarinnar, en með þessari aðgreiningu er ætlazt til, að þetta sé undirstrikað. Skipun sérfræðingan. er hin sama samkv. brtt. og samkv. frv., því að landlæknir er sjálfkjörinn og einn maður tilnefndur af læknafélögum sameiginlega og einn af læknadeild háskólans.

7. gr. er orðuð upp, eins og í till. hermir. Er þar ekki um verulegan efnismun að ræða, aðeins greint nánar, hver vera skuli verkefni tryggingaráðs, og er þar fram tekið, að tryggingaráð skuli jafnan leita álits sérfræðingan., áður en úrskurðað er um atriði, sem varða heilsugæzlu eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Í 5. brtt. er lagt til, að ný gr. komi á eftir 7. gr., 8. gr., sem greini sérstaklega frá því, hver séu verkefni formanns tryggingaráðs umfram það að taka þátt í almennum störfum tryggingaráðs. Er hér gert ráð fyrir, að aðstaða formanns tryggingaráðs gagnvart tryggingaráði sé nokkuð svipuð og t. d. aðstaða stjórnarformanns gagnvart stjórn og framkvæmd hlutafélaga, sem sé að fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann tryggingaráðs. Þá á formaður einnig að vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar og öllum meiri háttar samningsgerðum. En eins og áður er sagt, á hann að leita þar aðstoðar sérfræðinganefndarinnar.

6. brtt. skýrir sig sjálf, er aðeins orðabreyt.

Þá er 10. gr. Samkv. till. n. er gert ráð fyrir, að tryggingan., sem kjósa á eftir þessum l., skuli kosnar hlutbundinni kosningu að fullu. En samkv. frv. er gert ráð fyrir, að einn skipi félmrh. að fenginni till. Tryggingastofnunarinnar. Samkv. því, sem sagt er um verkefni n., er ætlazt til, að þær verði eins konar trúnaðarstofnanir fyrir héruðin og fólkið, sem þar býr, gagnvart Tryggingastofnuninni og gæti réttar þeirra manna, sem þar eiga að vinna. Ég skal játa, að með tilliti til þessa er eðlilegt, að n. séu skipaðar þann veg sem í brtt. hermir, þó að ég vilji ekki leyna því, að ég hefði talið betra, að form. n. hefði verið skipaður af ríkisstj., eins og er í frv., því að með því móti hefði verið auðvelt að byggja fyrir ósamræmi í störfum víðs vegar um land.

Hins vegar viðurkenni ég það sjónarmið, sem liggur á bak við brtt., og get fallizt á það. — 2. brtt. við þessa sömu gr. er á þá leið, að í stað þeirra fyrirmæla í gr. frv., að Tryggingastofnunin hafi skrifstofu í hverju umdæmi, er látið nægja, að við ákvörðun umdæma skuli höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma og enn fremur, að Tryggingastofnunin hafi skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur. Með þessu er ekki ráðið, hvernig umdæmum skuli hagað.

Brtt. 861 gerir ráð fyrir skipun n. með sama hætti og í frv. er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. fjórir menn kosnir, en hinn fimmti skipaður af ráðh. En meginefni þeirrar brtt. er það, að ákveðið skuli í l., að þessar n. skuli starfrækja skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina út um landið og fara með framkvæmd þeirra mála, sem Tryggingastofnunin hefur með höndum, hver í sínu héraði. En meiri hl. n. taldi það ekki samrýmast þeim störfum, sem n. að öðru leyti er ætlað, að þær færu að koma upp slíkum embættismannastofnunum, og hefur því ekki getað fallizt á þessa till., þó að hún sé með því, að slíkar nefndaskipanir séu gerðar eins og lagt er til í brtt. 861.

Þá er næst 8. brtt., að 11. gr. falli niður, en hún mælir svo fyrir, að tryggingaráð skuli boða, í samráði við ráðh., til fulltrúaþings eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Hef ég þá lokið við að gera grein fyrir brtt. við I. kafla l.

Næsta brtt. er svo við 40. gr., 9. brtt., og í sambandi við hana eru einnig 10.—11. brtt., við 42.—43. gr., og enn fremur 12. brtt. við 44. gr. Þessar 4 brtt. lúta allar að sama efni og mun ég segja nokkur orð um þær allar sameiginlega.

Við 2. umr. var mjög rætt um það, að mjög erfitt væri og óeðlilegt að greina svo á milli sem gert er ráð fyrir í frv. að því er snertir biðtíma þeirra, sem eiga heima í nálægð við læknissetur, og svo hinna, sem eru fjarri læknissetrinu. Í brtt. n. við 2. umr. var gert ráð fyrir, að mörkin yrðu dregin í 10 km. fjarlægð frá læknissetri, þannig að þeir, sem innan þeirra takmarka væru, hefðu skemmri biðtíma eða viku biðtíma, ef þeir væru veikir í 10 daga, en þeir, sem utan við þá línu væru, hefðu 4 vikna biðtíma. Ég tók þá greinilega fram, að eina ástæðan til þess, að þessi munur væri á gerður, væri sú, að nauðsynlegu aðhaldi af læknisins hálfu væri örðugt að beita þegar um væri að ræða fólk, sem ætti heima svo fjarri lækninum, að verulegur kostnaður væri að því að sækja hann. En að sjálfsögðu er nauðsynlegt í sambandi við sjúkraflutninga að hafa eftirlit með því, að um raunverulegan sjúkleika sé að ræða. Ég taldi þá, að örðugt mundi að gera sér hugmynd um það, hversu það mundi raska áætluðum kostnaði um sjúkradagpeninga, ef frá þessu yrði horfið. Nú hefur það orðið ofan á hjá meiri hl. n. að leggja til, að frá þessari skiptingu verði horfið og að biðtíminn verði látinn vera hinn sami um land allt án tillits til þess, hvort menn búa nálægt eða fjarri lækni. Þó er þetta mismunandi eftir því, hvort um atvinnurekendur eða launþega er að ræða. En það var okkar sjónarmið, að slíkt yrði ekki gert án þess að gera eitt af tvennu, lækka dagpeningana eða lengja biðtímann, og varð það úr hjá n. að fara báðar þessar leiðir, og var það gert út frá þeirri skoðun, að breyt. yrði minna tilfinnanleg á þann hátt. Gert er ráð fyrir, að sjúkradagpeningar lækki í 6 kr. á dag fyrir giftan mann, en í 5 kr. á dag fyrir ógiftan á fyrsta verðlagssvæði, — 5 kr. á dag fyrir gifta og 4 kr. fyrir ógifta á öðru verðlagssvæði. — Þetta er efni 9. brtt., við 40. gr., en að öðru leyti geri ég ráð fyrir, að sú gr. haldist óbreytt.

Þá er brtt. við 42. gr. Samkv. frv. hafa launþegar 10 daga biðtíma, en fá sjúkradagpeninga frá og með 8. degi, ef þeir eru veikir lengur en 10 daga. Þessu leggur n. til, að verði breytt þannig, að þeir fái dagpeninga 3 dögum seinna en í frv. er gert ráð fyrir, eða eftir 11 veikindadaga, en biðtíminn verði 14 dagar. Frv. gerir ráð fyrir, að biðtími atvinnurekenda sé 4 vikur, þannig að þeir fái dagpeninga frá og með fimmtu viku. N. leggur til, að þessi biðtími verði lengdur um eina viku, þannig að biðtíminn verði frá og með sjöttu viku. Þó gildir sú aths., að tryggingaráði sé heimilt að stytta biðtíma atvinnurekenda, ef þeir liggja á sjúkrahúsi og atvinnurekstur þeirra stöðvast. — Þá hef ég skýrt brtt. við 42. gr. frv.

Brtt. við 43. gr. er afleiðing af þessari breyt. á biðtímanum og hið sama er að segja um 12. brtt. við 44. gr., að fyrir „vika er liðin" komi: 10 dagar eru liðnir, — og b. 2. málsl. fellur niður — er einnig afleiðing af henni.

Þá er 13. brtt. við 53. gr., sem lýtur að slysadagpeningum. Samkv. frv. eru slysadagpeningar hinir sömu og sjúkradagpeningar, eða kr. 7,50 á dag fyrir gifta, en kr. 5,00 á dag fyrir ógifta. Úr því að þessu var raskað þegar um sjúkdóma er að ræða, þótti n. ástæðulaust að gera þær breyt. á núgildandi ákvæðum um slysadagpeninga, sem frv. hefur gert ráð fyrir. En samkv. gildandi l. eru slysadagpeningar kr. 7,50 án tillits til þess, hvort um gifta menn eða ógifta er að ræða. Leggur því meiri hl. til, að þetta falli í sama horf og nú er í l., að slysadagpeningar verði jafnir, hvort sem um gifta eða ógifta karla er að ræða.

Þá er 14. brtt. við 78. gr., um skipun heilsugæzlu. Sú breyt. á skipun n. er aðeins til samræmis við þá breyt., sem gerð er á skipun n. samkv. 10. gr., og þarf ekki skýringar við.

Þá er 15.—16. brtt. við 94.—95. gr. Samkv. frv. er gert ráð fyrir 125 þús. kr. framlagi árlega úr tryggingasjóði til læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóða. Um leið og fallið er frá mismunandi biðtíma, er ekki ástæða til að leggja kapp á, að sérsjóðir séu myndaðir. Er því lagt til, að þessi upphæð lækki um 25 þús. kr., en almenni sjóðurinn, sem um getur í 95. gr., hækki um sömu upphæð.

Þá er 17.—18. brtt. við 114.—116. gr. Við 2. umr. voru samþ. ýmsar brtt., sem hafa áhrif á fjárhagsafkomu Tryggingastofnunarinnar, — að því er talið er um 4 millj. kr. til lækkunar. Þá var sú lækkun öll færð á áætlað framlag ríkissjóðs, að það væri lækkað um 4 millj. kr. Ég gat þess þá, að það væri til athugunar hjá n. að skipta lækkuninni hlutfallslega á milli sveitarfélaga og ríkissjóðs, heldur en að allt væri fært

á annan aðilann. Er hér því lagt til, að framlag sveitarfélaga lækki um ½ millj. kr., en framlag ríkissjóðs hækki að sama skapi.

Þá er 19. brtt. við 127. gr., sem lýtur að tryggingaskírteinum og afhending þeirra, og hygg ég óþarft að skýra það. Þó er um eitt nýmæli að ræða, sem felst í 2. málsgr. 19. brtt. við 127. gr. Þar segir svo: „Í fyrsta sinn, sem tryggingaskírteini er afhent, sbr. 2. mgr., skulu allir iðgjaldsgreiðendur, sbr. 105. gr., greiða sérstakt skírteinagjald, er nemi kr. 40,00 fyrir karla 21 árs og eldri og kr. 25,00 fyrir konur og karla innan 21 árs. Gjald þetta greiðist beint til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar.“ Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því, að tryggingaskírteini verði afhent í fyrsta skipti í haust, þó að menn greiði ekki til trygginganna fyrr en í janúar 1947, og nm. voru á einu máli um, að það væri óviðunandi, að menn kæmu með réttindaskírteini án þess að hafa greitt sem svaraði inntökugjaldi í venjulegt félag. Það varð því ofan á að leggja til, að þessi háttur yrði á hafður. Þetta hefur enga fjárhagslega þýðingu, en samsvarar þó eins mánaðar iðgjaldi, og er sá þáttur í greiðslunum, sem hinir tryggðu vítalaust geta tryggt sér.

20. brtt., við 128. gr., skýrir sig sjálf. — Þá eru brtt. þær við 142. gr., sem teknar voru aftur við 2. umr. og lúta að gildistöku l. Breyt. frá því, sem gert var ráð fyrir við 2. umr., eru þær einar, að gert er ráð fyrir því, að kaflinn um greiðslu sjúkradagpeninga komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1947, eða hálfu ári seinna en aðrar bótagreiðslur. Sú till. er í samræmi við þær breyt., sem lúta að greiðslu sjúkradagpeninga. Þótti ekki af veita fyrir Tryggingastofnunina að fá þennan tímafrest til að undirbúa það skipulag, sem koma þarf á í sambandi við dagpeningagreiðslur o. s. frv. Aðrar brtt., sem lágu fyrir við 2. umr., þarf ekki að skýra.

Þá er 22. brtt., við ákvæði til bráðabirgða, aliður, sem tekin var aftur við 2. umr., og ætla ég, að ég hafi skýrt hana þá. — Loks er svo nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem lýtur að kosningu tryggingaráðs, og er gert ráð fyrir, að kosning þess fari í fyrsta sinn fram áður en þessu Alþ. lýkur.

Önnur þau atriði, sem varða undirbúning og framkvæmd þessara l., hygg ég, að ekki þurfi að skýra frekar. Get ég því látið þessa framsögu nægja af minni hálfu, og mun ég ekki gera brtt. 842 að umtalsefni, að því er varðar sjúkrabætur, fyrr en ég heyri, hvernig tillögumenn taka undir þær brtt., sem meiri hl. n. hefur flutt. En varðandi brtt. við 107. gr., iðgjaldagreiðslur, vildi ég mega spyrjast fyrir um það, hvort hv. minni hl. hefur athugað, hvort það prósentugjald, einn af hundraði, sem gert er ráð fyrir, að hér verði lagt á, muni samsvara þeirri lækkun, sem gerð er á iðgjöldunum. Ég hygg, að það sé hæpið, að þess megi vænta. Annars vil ég vísa til þess, sem ég sagði um brtt. sama efnis, er borin var fram við 2. umr. Hygg ég, að þau ummæli, er ég þá viðhafði, eigi einnig við um þessa brtt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma í að ræða um þetta mál við þessa umr. Ég vil taka það fram, að ég hef sérstöðu aðeins um þá einu brtt., sem ég flyt, á þskj. 861, og lýtur hún að framkvæmdaratriðum í sambandi við starfrækslu tryggingannna í umdæmum úti um landið. Samkv. ákvæðum frv. er gert ráð fyrir að kjósa tryggingan. í hverju tryggingaumdæmi og enn fremur þar, sem starfræktar eru gæzlustöðvar með sérstökum heilsugæzlun., og í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því, að Tryggingastofnunin sem stofnun hafi utan við þessar n. bæði skrifstofur og starfsfólk til þess að framkvæma þau störf, sem Tryggingastofnunin þarf að láta vinna á hverjum stað. Ég lít þannig á, að eðlilegast væri, að þessar tryggingan. starfræktu skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina og kæmu fram sem umbjóðendur Tryggingastofnunarinnar og ábyrgir aðilar um framkvæmd trygginganna á hverjum stað og þessar n. ættu að hafa það skrifstofuhald, sem Tryggingastofnunin þyrfti að hafa í hverju umdæmi. — Það var fært fram sem rök gegn þessu af hv. frsm., að þessar tryggingan. væru ekki hugsaðar sem framkvæmdaaðili fyrir hönd Tryggingastofnunarinnar, heldur ættu þær að vera til þess að gæta hagsmuna hinna tryggðu gagnvart Tryggingastofnuninni og að öðru leyti í þágu Tryggingastofnunarinnar að fylgjast með starfrækslu tryggingamálanna á hverjum stað og gera till. um framkvæmd þeirra og umbætur. Ég skil þessa Tryggingastofnun hins vegar þannig, að það fari fjarri því, að hún sé eingöngu aðili þess opinbera gagnvart hinum tryggðu, heldur á hún jafnframt, að mínu áliti, fyrst og fremst að vera umbjóðandi hinna tryggðu og gæta hagsmuna þeirra, þ. e. a. s. að gæta þess, að þeir njóti í þeim tilfellum, sem við á, allra þeirra hlunninda, sem l. þessi leyfa og sköpuð eru skilyrði til með fjárframlögum þess opinbera auk þeirra fjárframlaga, sem hinir tryggðu inna af hendi. Þess vegna getur það mjög vel farið saman, að n., sem að vísu geta um leið verið til þess að gæta hagsmuna hinna tryggðu, hafi á hendi framkvæmd tryggingastarfsemi fyrir stofnunina sjálfa. Ég sé ekki, að þar á milli ættu að verða neinir árekstrar, sem torvelduðu, að n. gætu verið aðili að framkvæmd trygginganna og um leið gætt hagsmuna hinna tryggðu, en hins vegar væri þetta einfaldara og um leið eðlilegra. N. eða aðrir nm. gátu ekki fallizt á þetta sjónarmið mitt, og þess vegna er það aðeins ég einn, sem stend að þessari brtt. hér Ég taldi hins vegar rétt, að þetta sjónarmið kæmi fram, og þess vegna flyt ég þessa brtt. og læt hv. d. skera úr um það, hvort hún telur þetta heppilegt eða ekki.

Um önnur atriði frv. og aðrar þær brtt., sem fyrir liggja, skal ég ekki ræða. Ég hef áður lýst afstöðu minni til frv. í heild, en vil aðeins taka það fram, sem hv. frsm. hefur gert, að þótt einnig þessi brtt. mín verði felld, mun það ekki hafa áhrif á afstöðu mína til frv., heldur mun ég standa með því, eins og ég áður hef lýst yfir.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég á hér brtt., sem ekki eru margbrotnar, og sízt af öllu þarf ég að hafa um þær langt mál, vegna þess að þær hafa verið ræddar áður

í meginatriðum við 2. umr. — Það eru þessi ákvæði 42. gr., sem gera mun á hinum tryggðu mönnum eftir því, hvar þeir eru búsettir, hvort sem þeir eru atvinnurekendur eða launþegar. Ég hef áður lýst yfir því, að ég get ekki fallizt á það fyrirkomulag, sem var eftir 2. umr. Ég undanskil það, að eftir brtt. meiri hl. n. er gerð nokkur bót, þannig að menn eru jafnt settir, hvar sem er á landinu. En hins vegar er eftir sem áður gerður munur á því, hvort menn eru atvinnurekendur eða launþegar. Ég vil heldur, að settar verði ákveðnar reglur um það, hve miklu þurfi að vera sleppt af daggjöldum. Ef það er sannanlegt, að atvinnurekendur hafi tapað tekjum, þá gildi um þá sömu reglur og með launþega, t. d. einyrkja, sem tapað hefur atvinnutekjum sínum vegna veikinda. — Um þetta virðast vera skiptar skoðanir, en það ætti þó ekki að þurfa að vera. En atkvgr. sker úr um þetta. Ég fæ trauðla séð, að hægt sé að koma með sterk rök fyrir því, að einyrkjar eigi að vera öðruvísi settir en launþegar, er þeir missa tekjur sínar vegna veikinda.

Brtt. 1—2 við 44. gr. leiða af sér aðra brtt. Hún er um það, eins og hún ber með sér, að 107. gr. breytist þannig, að persónuiðgjöld lækki o. s. frv. Sams konar ákvæði er í núgildandi tryggingalöggjöf, og hefur þetta atriði verið mikið rætt og mælir mikið með því, að tekna sé aflað á þennan hátt. Annars er það svo með þessa löggjöf, að hún er ekki hrein tryggingalöggjöf, og er því sanngjarnt, að tekna sé aflað á þennan hátt. Ég hef ekki orðið var við það, að menn hafi verið óánægðir með þetta atriði í núgildandi löggjöf.

Um brtt. þær, sem hér liggja fyrir frá meiri hl. n., vildi ég segja það, að við samanburð á stuttum tíma virðast mér þær til bóta. En einkum við I. kaflann finnst mér þær bera þess merki, að samkomulag hefur verið gert, a. m. k. tveggja aðila, og hefur formaður tryggingaráðs vald, er nálgast vald forstjóra stofnunarinnar, og eru þannig að nokkru leyti 2 forstjórar, samkv. kröfu frá Sjálfstfl. — Ég vil segja það, að eins og frv. kemur til með að verða eftir að brtt. meiri hl. verða samþ., þá tel ég mikla galla á frv. í heild. En þeir gallar eru fyrst og fremst, að verðlagssvæðin skuli vera tvö. 17. gr. er líka mjög gölluð, eins og hún er nú. Einnig munur sá, sem gerður er á atvinnurekendum og launþegum og konum, hvort þær vinna utan heimilis eða innan. En ástæðan fyrir því, að ég ber ekki fram brtt. við önnur atriði frv., er sú, að það kom í ljós hjá hv. þm. Barð., sem taldi upp mörg óánægjuatriði, að þótt hann gæti ekki fylgt frv. ef þessi atriði væru samþ., þá hefði hann orðið að standa með því, og því var þýðingarlaust fyrir mig að koma með brtt. í þessa átt, þar eð þær hefðu fyrirsjáanlega ekki náð fram að ganga, þar eð Sjálfstfl. hefur horfið frá að fylgja þeim. Ég vil því ekki lengur tefja afgreiðslu málsins. En ég gerði mér vonir um það, að helzt væru líkindi til þess að fá áðurgreindum atriðum framgengt.

ATKVGR.

Brtt. 867,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).

Brtt. 867,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 867,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 867,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 867,5 samþ. með 11:1 atkv.
— 867,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 861 felld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, ÁS, StgrA.

nei: BBen, EE, GJ, GÍG, HG, HermJ, LJóh, MJ, PM, ÞÞ.

IngP, PHerm, BSt greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 867,7 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 867,8 samþ. með 10:1 atkv.
— 867,9 samþ. með 9:1 atkv.
— 842,1 felld með 9:4 atkv.
— 842,2—3 teknar aftur.
— 867,10 samþ. með 12:1 atkv.
— 867,11 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 867,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 867,13 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 867,14 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 867,15 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 867,16 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 842,4 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BSt, BrB, HermJ, IngP, ÁS, StgrA.

nei: PM, ÞÞ, BBen, EE, GJ, GÍG, HG, LJóh, MJ.

1 þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 867,17 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 867,18 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 867,19 samþ. með 11:1 atkv.
— 867,20 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 867,21 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 867,22 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, ÞÞ, BBen, BrB, EE, GJ, GÍG, HG, ÁS, LJóh, MJ, PHerm, StgrA.

BSt, IngP greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, JJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Ég er efnislega með þessu máli, en tel það ekki hafa hlotið nægilega athugun og greiði því ekki atkv.

Páll Hermannsson: Ég tel, að frv. þetta eigi enga hliðstæðu í íslenzkum l., aðra en sjálfa stjskr. Ég álít, að með lagasetningu þessari sé verið að búa til nýtt þjóðfélag, sem að minni hyggju verður betra en það, sem við nú búum við. Þó að undirbúningur málsins sé að ýmsu leyti góður, þá tel ég þó, að hann hefði þurft að vera betri. En þar sem frv. að mínu viti stefnir að fullkomnara þjóðskipulagi, þá segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 114. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 886).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vil

aðeins óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Eysteinn Jónsson: Það mun ekki leika á tveim tungum, að þetta er eitt hið stærsta mál, sem liggur fyrir þ., og þykir mér hlýða að fara um það nokkrum orðum, áður en það fer til n.

Enginn ágreiningur mun vera um nauðsyn almannatrygginga, en hins vegar munu vera nokkuð skiptar skoðanir um það, hve langt eigi að ganga. Slysatryggingar munu vera hér elztar allra trygginga og nú af flestum taldar sjálfsagðar. Þar næst munu vera elli- og sjúkratryggingar. Mér virðist, að allranauðsynlegast sé að hafa þær tryggingar, sem ætlaðar eru til að mæta óhöppum, sem menn verða fyrir, slysum og sjúkdómum, og svo tryggingar fyrir ekkjur og aðra þá, sem missa fyrirvinnu sína af óviðráðanlegum ástæðum, því að oft ber að höndum slys og óhöpp á þann hátt, að menn hafa enga möguleika á að búa sig undir að mæta slíku.

Í þessu frv. eru nokkur nýmæli, og er eitt þeirra sérstaklega merkilegt, en það er trygging fyrir ómegð. Það er sjálfsagt álitamál, hvað skynsamlegt sé að setja slíkar tryggingar á fót, en frá mínu sjónarmiði er skynsamlegt að koma á fót slíkum tryggingum. Mér finnst það ekki nema eðlilegt, að þjóðfélagið hlaupi undir bagga og hjálpi til að ala upp börn, þar sem þau eru mörg saman í fjölskyldu. Aðstaða þeirra hefur yfirleitt verið ákaflega óhagstæð undanfarið og út af fyrir sig gott að fá úr því bætt.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er sem sagt gert ráð fyrir mjög stórfelldum breyt. á þessum málum öllum, frá því sem verið hefur, auknum gjöldum til manna frá tryggingunum og svo aftur stórlega auknum gjöldum til trygginganna frá einstaklingum, sveitarfélögum, ríkissjóði og atvinnurekendum. Það er ráðgert, miðað við núverandi vísitölu, að það velti um það bil 68 millj. kr. á ári um hendur Tryggingastofnunarinnar. Þetta er gífurlega mikill hluti af þjóðartekjunum, og sjá því allir, hvað þetta er stórkostlegt og hvað það skiptir miklu á allan máta, bæði hvernig tekst að setja reglur um úthlutun þessa fjár og einnig hvernig tekst að setja reglur um innheimtu fjárins og þessum byrðum sé skynsamlega skipt niður. Það eru ráðgerðar miklar breyt. að þessu leyti, og sumir hafa haldið því fram, að þær gangi verulega í þá átt að gera almannatryggingarnar meira að eiginlegum tryggingum en áður hefur verið og minna að framfærslu, og talið það stefnt í rétta átt. Það má segja, að þessu sé þannig varið að einhverju leyti, en þó ber þess að gæta, að eins og þetta frv. er, þá er það samt ekki nema að nokkru leyti tryggingar, heldur að mestu leyti framfærsla. Það sést á því, að það er ekki nema mikill minni hluti þeirra tekna, sem tryggingunum eru ætlaðar, tekið með innheimtu iðgjalda, en meiri hlutinn er tekinn úr opinberum sjóðum, þannig að það er um framfærslu að ræða enn þá að mjög verulegu leyti og jafnvel að meira leyti en um raunverulegar tryggingar.

Í þessu frv. er ráðgert, að greiðslur til manna t. d. viðvíkjandi ellilífeyri o. fl. séu inntar af höndum án tillits til efnahags, og mun það vera byggt á þeirri röksemd, að hér sé meira um tryggingar að ræða en framfærslu og þess vegna sé rétt að gera þessa breyt. Mér finnst persónulega, án þess að ég hafi umboð til að lýsa yfir neinu frá Framsfl., að þetta sé vafasamt, vegna þess hvað mikið af fénu er tekið með greiðslu úr opinberum sjóðum. Mér hefði fundizt skynsamlegra að reyna að láta menn sjálfa standa meira undir tryggingarútgjöldunum enn um skeið og halda þeirri reglu að láta greiðslurnar vera nokkuð takmarkaðar til þeirra, sem hafa mjög góðar efnahagslegar ástæður. Þessa bendingu vil ég aðeins gefa, þó að ég geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að snúa við í þessu prinsipatriði frá því, sem í frv. er fyrirhugað.

Ef við lítum svo á tekjuöflunina fyrir tryggingunga, þá stingur það í augun, að ráðgert er að hætta við að innheimta tekjur tryggingarinnar sem sérstakt gjald á skattskyldar tekjur, en undanfarið hefur það verið svo, að borgað hefur verið 1% af skattskyldum tekjum, en nú er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði og sveitar- og bæjarsjóðum, en iðgjaldið er ekki miðað við tekjur nema að því leyti, að nokkrir eru undanþegnir, sem minnstar hafa tekjur. Ég tel þessa breyt. ákaflega vafasama, ég tel þetta ranga stefnu. Ég tel heppilegra að halda gömlu reglunni og taka prósentgjald af borgurunum til tryggingarinnar, t. d. 1%, en lækka í þess stað einhvern hinna liðanna, t. d. persónulega gjaldið eða þá að einhverju leyti hlut sveitarfélaganna. Mér finnst þetta allt mjög athugandi. Mér finnst sú hækkun, sem ráðgerð er á föstu persónulegu iðgjaldi, vera mjög tilfinnanleg fyrir þá, sem hafa meðaltekjur og þar fyrir neðan, og yfirleitt, ef þeirri stefnu er haldið, sem í frv. er gert ráð fyrir, þá verður niðurstaðan sú, að gjöldin lækka á þeim, sem hafa sæmilegar tekjur og góða afkomu, en hækka aftur á móti á þeim, sem hafa lakari afkomu, eða fyrir neðan meðallag. Sumir mundu kannske segja, að þessi skoðun ætti rétt á sér, vegna þess að sífellt stefnir í þá átt að gera þetta að tryggingum, að menn kaupi sér ellilífeyri, og þess vegna eigi iðgjöldin að vera persónuleg, en ekki eftir tekjum, en ég vil benda á og undirstrika það, sem ég hef áður sagt um erfiðleika á því, og þó að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, þá er ekki búið að yfirgefa framfærslusjónarmiðið og ganga inn á tryggingarsjónarmiðið. Framfærslusjónarmið er ákaflega ríkt í frv. eins og það er, og mér finnst þess vegna, að það sé ekki um neina stefnubreyt. að ræða, þó að þessi háttur verði upp tekinn, og menn ættu þess vegna að geta aðhyllzt það, að tvímælalaust er ósanngjarnara að hafa fast iðgjald á nef í l. en innheimta verulegan hluta af þessu miðað við tekjur manna.

Það er einn þáttur í þessu, sem ég hef aldrei getað fengið ráðningu á. Það er vitað nokkurn veginn, hvað ríkissjóði er ætlað að greiða til trygginganna, og menn vita heildarfjárhæðina, sem áætlað er, að sveitarsjóðir skuli greiða. Ég hefði óskað þess í sambandi við þetta mál, að það hefði komið fram grg. um, hvernig þetta snertir sveitarsjóðina, en um það eru engar upplýsingar, og þar af leiðandi er ákaflega erfitt að átta sig á, hvað verið er að gera gagnvart þeim.

Ég álít gott, að n., sem fjallar um þetta, grennslist eftir því, hvort þess væri ekki kostur, að þetta gæti legið gleggra fyrir, einkum með tilliti til þess, ef menn féllust á að breyta um stefnu, til þess að hægt væri að dæma um, hvar sú hækkun, sem gera mætti á öðrum, ætti að koma niður sem tilslökun, hvort eitthvað af því ætti ekki að fara til að lækka þann hluta, sem bæjar- og sveitarfélögum er ætlað að borga, en það er erfitt að átta sig á því, af því að við höfum ekki fengið neinar myndir af því, hvernig þetta muni snerta bæjar- og sveitarfélög að þessu leyti, eða a. m. k. hef ég ekki séð þær myndir.

Ég veit, að ýmsir menn hafa lagt mikla vinnu í að undirbúa þetta mál. Ég vil ekki gera lítið úr því verki. Það hefur verið gefin út bók um undirbúning þess. Engu að síður er ekki hægt að mæla á móti því, að þótt nokkrir menn hafi lagt í þetta geysimikla vinnu, þá hefur málið enn ekki legið fyrir sveitarstjórnum eða almenningi, svo að menn hafi verulega getað áttað sig á, undir hvað þeir ættu að ganga, ef löggjöfin yrði samþ. Það er sæmilega ljóst, hvað menn eiga að fá, en það er ekki vel ljóst, undir hvað menn eiga að ganga, eins og ég hef nokkuð sýnt fram á. Þess vegna hefði mér fundizt, hefði það verið hægt og ekki hefði neitt pólitískt komið til í þessu efni, að það hefði verið miklu heppilegra, að tekinn hefði verið upp sá háttur að fresta að sinni endanlegri samþykkt málsins, athuga þær hliðar á því, sem sýna sig að vera ekki nægilega vel upplýstar, og afla því þá trausts og fylgis hjá almenningi í landinu, þangað til þinghald yrði hafið á ný, leita umsagnar frá þeim aðilum, bæjar- og sveitarfélögum og öðrum aðilum, sem eðlilegt væri, að fengju að segja sitt orð um þetta, áður en frv. yrði gert að l. Þetta held ég að væri skynsamleg meðferð á málinu, því að sannleikurinn er sá, að mönnum er það ljóst, að tryggingarnar eiga að koma stig af stigi, en ekki allar í einni hendingu, og menn þurfa m. a. að hafa æfingu í því að vera tryggðir, án þess að það leiði til vandræða. Menn hafa haft dálitla æfingu í því með sértryggingarnar, og ég held, að fyrir því yrði greitt með því, að þessi háttur yrði á hafður um afgreiðslu málsins.

Þá er annað, sem ég vildi vekja athygli á. Það er gert ráð fyrir, að þetta mál muni kosta um 68 millj. Ég man ekki, hvað það hefur kostað við þær tryggingar, sem hér falla undir og hafa verið áður. Er það ekki eitthvað um 40 millj.? Hækkunin mundi þá vera yfir 50% frá því, sem nú er, eftir því sem áætlað er, þannig að eins og ég sagði áðan, þá er hér um ákaflega mikið stórmál að ræða. Og þá er þess að gæta, hvernig ástatt er í landinu, hvort skynsamlegt er að gera þetta nú, þó að menn séu því fylgjandi, að almannatryggingar séu settar. Ég get vel skilið, að þeir, sem standa að hæstv. stj., og hinir, sem eru í stjórnarandstöðu, hafi nokkuð mismunandi skoðanir á þessu. Þeir, sem standa að hæstv. stj., hafa haldið fram, að þetta sé yfirleitt í nokkuð góðu lagi allt saman og muni geta staðið svo, og frá þeirra sjónarmiði er ekki óeðlilegt að fara út í að lögleiða slíkt tryggingabákn sem hér er gert ráð fyrir. Stjórnarandstæðingar hafa hins vegar mestu ótrú, eins og oft hefur verið sagt frá, á fjármálastjórn og stefnu atvinnumálanna og álíta, að það leiði út í mestu ófæru, ef ekki verður breytt alveg um. Auk þess álítur stjórnarandstaðan, að þannig hafi verið á málunum haldið, að menn búi nú við stórkostlegt misrétti. T. d. að okkar áliti, eins og oft hefur verið rökstutt, á bændastéttin við stórkostlegt misrétti að búa, og yfirleitt er hallað stórkostlega á framleiðendur í viðskiptum við ríkisvaldið og með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið af hendi stjórnarvaldanna. Enn fremur er það okkar skoðun, sem oft hefur verið látin í ljós og undirstrikuð með margvíslegu móti, að sú stefna, sem nú er haldið uppi, leiði út í öngþveiti í fjárhag ríkisins, það sé ekkert að marka, þó að ríkið hafi síðasta ár haft í tekjur milli 160 og 170 millj., því að öllum er augljóst, að innan stundar verði ríkissjóður rekinn með stórkostlegum halla, enda hafa fjárl. þessa árs verið afgr. frá því þingi, sem við sitjum á, með stórkostlegum halla. Þetta sýnist okkur benda ótvírætt í þá átt, að engin vitglóra sé í því, að enn sé samþ. nýr lagabálkur, sem hafi í för með sér tugmilljóna ný útgjöld fyrir ríkissjóð, atvinnuvegina og einstaklinga. Frá okkar sjónarmiði lítur málið þannig út, að fullkomnari alþýðutryggingar ættu að vera einn liður í ráðstöfunum, sem táknuðu stefnubreyt. í þessum málum öllum saman, og þess vegna með öllu óeðlilegt, að við getum fallizt á að afgreiða þær öðruvísi en þannig, að þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu um leið, breyttu stefnunni í atvinnumálum og fjármálum, með því að stöðva verðbólguna, gera upp stríðstímabilið fjárhagslega og verðbólgugróðann, sem er gífurlegur sums staðar, því að eins og einn hv. þm. sagði, þá mun það sýna sig, þegar öll kurl koma til grafar, að verðbólgan hefur gert það, sem spáð var, þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Frá sjónarmiði stjórnarandstæðinganna er það skakkt að setja stóra lagabálka inn í þingið og taka stórfé í almannatryggingar öðruvísi en það sé liður í slíkum ráðstöfunum, sem einn liður í þeirri keðju, sem verður að tengja, til þess að það komi að nokkru haldi til frambúðar.

Ég skal ekki vera að setja á lengri ræðu um þetta. Ég hef viljað með þessum fáu orðum gera grein fyrir því, sem ég hér hef látið koma fram viðvíkjandi örfáum atriðum í frv., sem mér finnst þannig löguð, að það sé alveg ómögulegt annað en d. reyni að lagfæra þau. Það er aðallega eitt atriði, og kannske munu aðrir benda á önnur atriði áður en málið fer til n.

Mér sýnist það vera mjög áberandi í þessum tryggingal., hvað mönnum er veittur misjafnlega mikill réttur eftir því, hvernig ástæður þeirra eru. Það er óviðunandi, og ég skil ekki, hvernig á því stendur. Það er aðallega þetta, að þeim, sem reka sjálfstæða atvinnu, er skapaður annar og minni réttur en þeim, sem vinna hjá öðrum. Ég veit ekki, hvar þetta ætlar að lenda. Nú kemur hvert frv. á fætur öðru, þar sem mönnum er boðið upp á þetta sama misrétti. Það er eins og það sé að verða hegningarvert að vera að baksa við að reka atvinnu eða hafa sjálfstæðan atvinnurekstur, en verðlauna það að vinna hjá öðrum. Þetta er kannske skynsamlegt frá sjón-

armiði þeirra, sem vilja ekki, að einstaklingarnir hafi neinn sjálfstæðan atvinnurekstur, en frá sjónarmiði þeirra, sem vilja það, og það hélt ég að væru flestir, er þetta alveg óhæfa. Í þessu sambandi vil ég minna á 42. gr., þar sem ákvæði er um það, hvaða menn skuli fá dagpeninga, ef þeir verða sjúkir. Þessi ákvæði eru í stuttu máli þannig, að ef menn vinna hjá öðrum, eiga þeir að fá sjúkradagpeninga eftir tiltekinn tíma, mig minnir 11 daga, þó man ég það ekki nákvæmlega — eða 8 daga. Síðan stendur: „Þeir, sem vinna sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt til bóta frá og með 5 sjúkravikum, allt að 20 vikum samtals." Mér er ómögulegt að skilja, hvernig á því stendur, að t. d. bóndi, sem starfar sjálfstætt, eða útgerðarmaður, sem rekur sinn bát og oftast vinnur sjálfur við hann, — eiga ekki að fá sjúkrapeninga alveg eins og þeir, sem vinna hjá öðrum. Mér skilst, að þetta geti orðið svo fáránlegt, að t. d. einyrkjabóndi, sem lægi veikur heima hjá sér og kæmist ekki í sjúkrahús, yrði að liggja án bóta, þó að hann undir slíkum kringumstæðum yrði að fá mann fyrir sig eða ofþjaka fjölskyldu sinni við störf sín eða bíða stórkostlegt tjón, ef þau eru óunnin. Hann yrði að liggja bótalaus, en aftur á móti forríkur hálaunamaður, sem aðeins tæki laun sín hjá öðrum, gæti fengið sjúkradagpeninga þegar eftir nokkra daga. Enn fremur skilst mér, að það geti orðið þannig, að mótorbátsformaður, sem ætti sjálfur bát sinn og hefði verið svo óheppinn að hafa drýgt það afbrot að vinna sjálfstætt, yrði að vera án dagpeninga, ef hann legðist ekki á sjúkrahús, en báturinn gengi, en aftur á móti yrði það svoleiðis, að á sama tíma fengi t. d. háseti og aðrir, sem tækju laun, fullar bætur. Ég ætla ekki að fara að rífast út af þessu. Mér finnst þetta þannig vaxið, að það verði að laga þetta, skapa öllum sama rétt að þessu leyti, en meðan það er ekki gert, þá eru þetta ekki almannatryggingar, heldur fyrir vissa hópa, sem er gott fyrir þá, en það eru ekki almannatryggingar. Mér finnst, að þegar lögð eru jöfn gjöld á borgarana, eins og hér er gert ráð fyrir, þá verði að sjá svo um, að allir fái sama rétt eftir þeim allsherjarreglum, sem settar eru.

Það er vafalaust fleira, margt fleira af sama tagi, sem ég skal ekki gera að umræðuefni, vegna þess að aðrir hafa betur athugað málið í einstökum atriðum en ég, en á þessi stóru meginatriði vildi ég benda n., áður en hún tekur til starfa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, mun vera það langstærsta og veigamesta, sem lagt hefur verið fyrir þetta þing. Og það er því kannske varla við því að búast, að þeir menn, sem ekki hafa haft aðstöðu til þess að vinna að undirbúningi þessa máls í n., hafi aðstöðu til þess að ræða það ýtarlega. Og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég hef það ekki, enn sem komið er. En mér finnst þó ástæða til þess nú hér strax við 1. umr. málsins að drepa á nokkur atriði, sem ég hef rekið mig á hér í frv. og mér finnst vera á þá lund, að verði það samþ., muni ég eiga bágt með að sætta mig við það, og vildi ég því beina því til hv. n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, hvort ekki mundi tiltækilegt að gera þá á því nokkrar breyt. Auk þess vildi ég fara nokkrum orðum almennt um frv.

Áður en ég kem að sérstöku atriði, sem ég vil minna á, lýsi ég yfir því, að ég er mjög eindregið fylgjandi frv. í heild. Ég álít, að lagasetning eins og hér er fyrirhuguð sé í mesta máta nauðsynleg og gagnleg. Ég tel, að við Íslendingar höfum nú betri aðstöðu til þess að koma upp slíkum almannatryggingum en nokkru sinni áður.

Ég er því ekki sammála hv. 2. þm. S.-M., sem hér talaði næstur á undan mér í þessu máli og sagði, að við hefðum ekki fjárhagslegar ástæður til þess að setja þessa löggjöf. Ég er aftur þeirrar skoðunar, eins og ég sagði áðan, að við höfum aldrei haft jafngóðar ástæður fjárhagslega séð til þess að koma á slíkum l. eins og nú. Hitt er svo annað mál, og það er náttúrlega eðlilegt, að menn geti ekki orðið svona strax allir á eitt sáttir um það, hvernig þessum tryggingum verði bezt fyrir komið, og menn vilji hafa þar nokkuð mismunandi fyrirkomulag á. Og mér sýndist, svona við fljótlega athugun á málinu, að sitt hvað í þessu frv. sé mjög á annan veg en ég hefði kosið.

Þau atriði, sem ég ætla þá að víkja alveg sérstaklega að við þessa umr. í frv., eru ákvæði 11. gr. þess. Þar er að finna ákvæði um n. þær eða stofnanir, sem eiga að hafa með framkvæmd tryggingarinna að gera. Eins og þessi ákvæði eru nú í frv., tel ég þau alveg óviðunandi og í mesta máta óeðlileg. Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að það mikla bákn, sem þessar tryggingar verða, og Tryggingastofnun ríkisins, sem með þessar tryggingar á aðallega að hafa með að gera, eigi að setja á stofn sérstaka skrifstofu í tryggingarumdæmum, er geti síðan skipað umboðsmenn eða trúnaðarmenn sér til handa út um allt landið, eftir því sem Tryggingastofnun ríkisins þykir þörf á. En eins og kunnugt er, hafa þær tryggingar, sem gilt hafa hjá okkur fram til þessa, eins og t. d. sjúkratryggingar og elli- og örorkutryggingar þær, sem ekki eru nú í neinum höfuðatriðum frábrugðnar því, sem hér er gert ráð fyrir, — að framkvæmd þessara trygginga hefur verið í höndum sveitarstjórnanna sjálfra, þannig að bæjar- og sveitarstjórnir hafa kosið hlutbundinni kosningu samlagsstjórn og þessar n., sem hafa haft með tryggingarnar að gera. Nú er hins vegar ætlazt til þess, um leið og þessar tryggingar eru gerðar nokkru víðtækari, að þessi mikla og stóra stofnun hér í Rvík eigi að skipa menn á þær skrifstofur, sem yfirleitt eigi að hafa með tryggingarnar að gera, en íbúar þessara staða eigi svo að segja hvergi nærri að koma, því að þetta ákvæði, sem ég kalla málamyndaákvæði, um tryggingan., met ég sáralítils, því að vald og verksvið þessara n. er svo takmarkað, að ekki er hægt að tala um, að þær hafi eiginlega neitt vald, en hins vegar er sýnilegt, að þessum framkvæmdum á að stjórna héðan úr Rvík, það eru þeir aðilar, sem eiga að hafa alveg með tryggingarnar að gera.

Nú vil ég spyrja, hvaða nauður rak til þessa og hvernig á því stendur, að þessi tilhögun er

höfð á þessu máli. Hvernig stendur á því, að stofnunum úti á landi er ekki stjórnað af aðilum heima í héraði, og því má ekki kjósa í þessar n. í héruðunum, eins og t. d. í bæjar- og sveitarstj., eins og gert hefur verið til þessa? Ég hygg, að þetta hafi gefizt vel fram til þessa með sjúkratryggingarnar, og ég hef aldrei heyrt á móti því haft. En nú, þegar þessar tryggingar eru gerðar allmiklu víðtækari en þær áður hafa verið, þá þykir sérstök þörf á að breyta hér um. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að fólkið í tryggingaumdæmunum er sá aðilinn, sem hér á mestan hlut að máli og langsamlega á að hafa hér mest um að segja. Því að eins og þessum tryggingum á að koma fyrir samkv. frv., þá eru það þessir staðir úti á landi, sem þurfa að standa undir yfirgnæfandi meiri hluta kostnaðarins við þessar tryggingar.

Mér hefur sagt einn af þeim mönnum, sem starfað hefur að undirbúningi þessa máls, að kostnaðurinn af þessum tryggingum skiptist þannig á milli, að ríkissjóður greiði um 20,5 millj. kr. Hins vegar sé á sama tíma áætlað, að einstaklingar greiði 20.9 millj. kr. Og sveitarsjóðir þurfa að greiða 14.8 millj. kr. og svo atvinnurekendur 11,8 millj. kr. Af þessu er ljóst, að þau gjöld, sem til tryggginganna falla, t. d. í einum tilgreindum kaupstað úti á landi, þ. e. frá atvinnurekendum, viðkomandi sveitarsjóði og frá íbúum tryggingahéraðsins, þá eru það þeir aðilar, sem koma til greina með að standa undir um 70% af stofnkostnaðinum við tryggingarnar, en ríkissjóður 30%. Mér finnst nú, að þegar þessi hlið málsins er athuguð, sé ákaflega hart að beita fólkið á þessum stöðum svo miklum misrétti til þess að fá tilnefnda þá menn, sem eiga að sjá um framkvæmdir tryggginganna í hverju umdæmi, taka af þeim þann rétt, sem þetta fólk hefur haft. Ég get ekki gengið inn á það, að líta beri á Tryggingastofnun ríkisins sem svo sérstakan aðila í þessum almennu tryggingum, að hann verði frá sinni hálfu að skipa menn til eftirlits með framkvæmd tryggginganna á hinum og þessum stöðum úti um landið, vegna þess að ekki sé hægt að trúa þeim fulltrúum fyrir þessum málum, sem bæjar- og sveitarstjórnir mundu til þess velja. Ég get ekki litið á Tryggingastofnunina og fólkið, sem tryggginganna nýtur, sem neinar andstæður, heldur finnst mér hið eðlilega, að Tryggingastofnun ríkisins og það mikla bákn, sem kringum hana yrði, væri vitanlega yfirdómari um framkvæmd málsins og skæri að sjálfsögðu úr um allt, sem ágreiningur stæði um, en hins vegar að þær n., sem viðkomandi sveitarstj. til þess kjósa, í mesta lagi með einum manni skipuðum, t. d. formanni frá Tryggingastofnun ríkisins, í hverri n. Þessar n. ættu að hafa um framkvæmd málanna að segja heima í héraði. Ég er líka alveg sannfærður um það, að þessi skipan, sem ég hef verið að lýsa og aðhyllist, mundi verða margfalt ódýrari í rekstri en hin. Á mörgum stöðum hagar svo til, að það er tiltölulega ódýrt fyrir sveitarstj. að fella þessi störf, sem hér koma til greina, að meira og minna leyti saman við önnur störf heima fyrir, og gæti kostnaður við starfið orðið miklum mun minni með þessum hætti en hér er lagt til, að Tryggingastofnun ríkisins setji á fót úti um allt land skrifstofur og skipi þá menn, sem þar eiga að vinna. — Viðvíkjandi því atriði, að ef þessir menn eru kosnir af viðkomandi sveitarstj., þá sé hætta á því, að við framkvæmdirnar verði reynt að draga fram hlut íbúanna, þá finnst mér það alveg augljóst mál, að það verði ekki gert fram yfir það, sem l. ætlast til, vegna þess að það eru íbúarnir á þessum stöðum, sem standa undir yfirgnæfandi meiri hluta kostnaðarins, sem tryggingarnar hafa í för með sér. — Mér þykir rétt að minna á í þessu sambandi, að það hefur greinilega komið fram, að fleiri þm. en ég líta svona á þetta ákvæði og telja það óeðlilegt og vilja gera við það breyt. Og það er líka kunnugt, að ég hygg flestum hv. þm., að um þessi ákvæði frv. hefur verið talsverður reipdráttur við afgreiðslu málsins. En ég vil segja það nú á þessu stigi málsins, að þótt þeir, sem einkum hafa unnið hér að afgreiðslu þessa máls, hafi kannske getað komizt að einhverju samkomulagi um það, að t. d. væri það starfslið, sem hér hefur unnið við sjúkrasamlagið í Reykjavík eða að framkvæmd tryggginganna, verði látið halda áfram að vinna þar, og ég vil segja það, að þó að það hafi kannske verið hægt að koma þessu þannig fyrir með einhverjum baksamningum eða loforðum þeirra, sem með framkvæmd l. hafa að gera, þá er ekki eðlilegt, að við, sem erum fulltrúar þeirra, sem úti á landi búa, látum okkur slíkt duga. Við viljum halda í gildi þeim ákvæðum eins og þau eru, eða að minnsta kosti, að ekki verði rýrður sá réttur tryggingaumdæmanna, sem þeim ber. Það hefur komið fram, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa talið talsvert mikils virði fyrir sig, að kippt verði ekki fótum undan því, sem þeir hafa komið upp og haft framkvæmd á, einokað í sínum höndum. Mér finnst það í fyllsta máta eðlileg krafa íbúanna í hverju umdæmi, að þeir fái að hafa með höndum framkvæmd tryggginganna innan þess ramma, sem l. gera ráð fyrir.

Þá eru það fáein orð viðvíkjandi þeim tryggingan., sem að nafninu til eru settar þarna og ætlaðar eru fyrir bæjar- og sveitarstj., og ég býst við, að það hafi verið ætlun þeirra, sem þetta frv. hafa aðallega samið, að þær væru svona sem nokkurs konar sárabætur til sveitarstj. og bæjarstj., vegna þess að þær framkvæmdir, sem þær hafa haft til þessa, eru af þeim teknar. Og vildi ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp þann kafla, sem fjallar um starfssvið þessara n., og þá hygg ég, að hv. þm. verði ljóst, hve mjög er takmarkað þeirra valdsvið: „Hlutverk tryggingan. er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera till. um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri tryggginganna.“ Svona liggur það fyrir í frv., og ég get í raun og veru ekki séð neitt, sem viðkomandi stofnunum sé leyft, eða réttindi þeim til handa, önnur en þær hefðu átt fyrir, þó að ekkert hefði staðið um það í l., því að væntanlega hefðu bæði bæjar- og sveitarstj. ekki verið neitað um að mega bera fram till. um það, hvernig rekstri tryggginganna mætti koma fyrir sem hagkvæmast, þó að ekk-

ert hefði verið um það í l. eða eins og þarna stendur, að þær mættu bera fram till.

En hins vegar er yfirleitt ætlazt til þess í frv., að Tryggingastofnun ríkisins hafi beinar skrifstofur með tilheyrandi mannafla til þess að sjá um allar útborganir tryggginganna og taka á móti öllum greiðslum, umkvörtunum og öðru slíku viðvíkjandi framkvæmd þessara l.

Það er alveg augljóst mál, að þó að þarna í þessari gr. sé minnzt á þessar tryggingan., þá geta þær í raun og veru ekkert bætt úr um það, sem ég hef gert hér að umtalsefni, ef þær hafa ekki meira vald en til er tekið í frv. Og ég vil sérstaklega beina því til heilbr.- og félmn., hvort hún sjái sér ekki fært að gera breyt. í þá átt, að þessar n. yrðu kosnar eftir venjulegum reglum, svipað og sveitarstj. eru kosnar. Ég er sannfærður um, að þetta fer í þá átt, sem fólkið, sem hlut á að máli, almennt óskar eftir og þykist hafa haft fullan rétt til þess að fara fram á.

Þá er hér einnig annað atriði í frv., sem ég vildi vekja athygli á og mér þykir koma fyrir í frv. á þá lund, að ekki sé við unandi. Það var lítils háttar gert hér að umtalsefni af hv. 2. þm. S.-M., en það er viðkomandi sjúkrabótum eða dagpeningum og í sambandi við greiðslu. Það er gert ráð fyrir því í frv., að allir þeir, sem taldir eru vinna sjálfstætt eða mætti á einn eða annan hátt telja atvinnurekendur, eru settir í annað númer en launþegar og ætlað að hafa mun lengri biðtíma. Ég get ekki sætt mig við þá skipan, að framleiðendur, eins og t. d. smábátaútvegsmenn, sem til eru í hundraða- eða þúsundatali hér í okkar landi, eins og t. d. þeir, sem stunda sjó á trillubátum eða öðrum litlum fleytum, séu taldir þar með. Þeir búa við sams konar kjör og launþegar yfirleitt. Hið sama er að segja um alla smærri bændur. Þetta er í mesta máta óeðlilegt að flokka þessa aðila sem atvinnurekendur yfirleitt, og það hlýtur að vera hægt að finna eðlilega skilgreiningu þarna á milli, hvað af þessum smáframleiðendum yrði talið í flokki til launþega og hvaða framleiðendur yrðu taldir í hópi með atvinnurekendum. Ég vildi því beina til n. að athuga þetta líka, og fáist ekki neinar breyt. á þessu frá því, sem ákveðið er í frv., þá hef ég hugsað mér að flytja við 2. umr. brtt. til að lagfæra þetta. Ég efast ekki um, að í þorpum og kaupstöðum úti um land yrði mesta óánægja um framkvæmd þessara ágætu l., sem ættu að geta orðið, ef fleiri hundruð manna yrðu látin þarna búa við lélegri hlunnindi en þeir hefðu rétt til að eiga.

Þá er hér eitt atriði enn, sem ég vil drepa á, en það er í sambandi við iðgjöld hinna tryggðu. Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að iðgjöld séu alveg hreinn nefskattur, ákveðin upphæð, en aðeins breytileg eftir vísitölunni, sem lögð er til grundvallar. Hins vegar er það kunnugt, að í þeim tryggingum, sem við höfum haft fram til þessa, þá hefur verið þar á nokkur munur. Það hefur að vísu verið nokkurt fast gjald. En hins vegar hafa þeir, sem tekjuhærri hafa verið, verið látnir greiða til tryggginganna miklu hærra en þeir tekjulægri. Það hefur sem sé til viðbótar við fastagjaldið verið nokkurt prósentugjald af tekjunum. — Það er þetta atriði, sem ég álít að eigi að vera í tryggingunum. Það er sanngjarnt og sjálfsagt mál, að menn borgi til þessara trygginga yfirleitt í öllum greinum miðað við getu sína. Ég sé það nú, að það er komin fram hér till. strax, sem fer í þessa átt, og ég vænti þess, að n., sem fjallar um málið, athugi þetta gaumgæfilega, hvort það að áliti n. er virkilega kominn tími nú til að fara strax það spor aftur á bak að breyta þessu gjaldi í fastan nefskatt, eða hvort það er ekki öllu heldur réttara að hallast að þeirri tilhögun, sem verið hefur, og hækka heldur hlutfallið þar á milli, sem sé að gera hlut prósentugjaldsins meiri en fastagjaldsins miðað við það, sem verið hefur.

Þá eru hér aðeins tvö atriði, sem ég vil drepa á við þessa umr. Í þeim tryggingal., sem við eigum við að búa í dag, hefur verið í gildi ákvæði um það, að sjómenn, sem lögskráðir eru á skip, en það eru sem sagt allir þeir sjómenn, sem eru á skipum, sem eru stærri en 12 smálestir, að þeir hafa ekki þurft að greiða sjálfir iðgjöld til sjúkratrygginga. Útgerðarmenn þeirra hafa sem sagt verið skyldugir til að greiða iðgjöld þessara manna. Þannig hefur þessum málum verið fyrir komið. Ég skal ekki fara út í það að þessu sinni, hvaða rök liggja að því, en þau eru mörg fram að færa. En eins og þessu er nú fyrir komið í þessu frv., þá er þetta afnumið og þessum sjómönnum ætlað að greiða alveg jafnt við alla aðra iðgjöld til tryggginganna, og þessum hluta iðgjaldagreiðslunnar til sjómannanna, sem hvílt hefur á útgerðinni, er nú létt af henni og lagt yfir á sjómennina. Þetta kann ég illa við. Ég vil beina því til n., að hún athugi við endurskoðun þessa máls, hvort ekki væri rétt að færa það í það horf, sem verið hefur.

Eins og ég sagði í upphafi, þá hef ég ekki getað athugað þetta frv. sem ég hefði á kosið og get því ekki farið eins ýtarlega í það og ég vona, að ég geti við síðari umr. málsins, en mér lízt þó þannig á þetta frv., að ýmis atriði í því til viðbótar við þau, sem ég hef nú drepið á, séu þess eðlis, að mjög orki tvímælis og virkilega þurfi að athugast í n., hvort ekki sé ástæða til að breyta þeim. Ég skal minnast á eitt atriði, sem mér kemur í hug nú, en það er viðvíkjandi iðgjaldagreiðslu bæjar- og sveitarfélaga eða skyldu þeirri, sem lögð yrði á bæjar- og sveitarfélög að greiða iðgjöld fyrir vissa aðila. Mig minnir, að það sé tekið fram í gr., sem er um þetta mál, eitthvað á þá leið, að sveitarstjórnum sé skylt að greiða iðgjöld fyrir þá menn, sem ekki hafa svo miklar tekjur, að þeir komist í tekju- og eignarskatt eða beri skatta til ríkisins. Nú þekki ég, að það er nú einu sinni um framkvæmd skattal., að það vill nú henda æði oft, að ýmsir þeir menn, sem að almannadómi lifa fyrir ofan meðallag eða hafa komizt vel af og jafnvel safnað eignum, þó að þær séu kannske ekki allar fram taldar, greiða ekki alltaf tekjuskatt, og þætti mér þá skjóta skökku við, ef viðkomandi sveitarsjóður ætti að greiða nokkur hundruð í iðgjöld fyrir suma þessa aðila til tryggginganna, vegna þess að þeir hafa ekki borgað skatt, en ég skal játa, að það eru margir þeir menn til, sem hafa svo lágar tekjur, að það verð-

ur óhjákvæmilegt, að sveitarfélögin inni greiðslur af höndum fyrir þá aðila, og ég mæli því ekki á móti því atriði í þessari löggjöf, heldur hinu, að mér þykir, að það mark, sem þar hefur verið sett sem við að miða, sé nokkuð óglöggt og yrði þannig næsta kátbroslegt, þar sem í ýmsum tilfellum yrði að greiða úr sveitarsjóði fyrir ýmsa, sem eru skattlausir á skattskrá. En þá er það atriði í þessum tryggingal., sem snýr beint að sveitarfélögunum sjálfum og þeim iðgjaldagreiðslum, sem bæjarsjóðirnir eiga að greiða til tryggingganna. Ég verð að segja um það eins og fleiri atriði, sem ég hef minnzt á, að ég hef ekki séð gögn í þessu máli, sem gætu gefið nægilega skýrt yfirlit yfir, hvernig þetta verður í framkvæmd, en mér verður í þessu efni hugsað til þess bæjarfélags, sem ég þekki bezt til, og mér sýnist, að ef það bæjarfélag kemur til með að greiða rétt hlutfall miðað við íbúa staðarins, þegar tillit er tekið til íbúafjölda staðarins af íbúafjölda landsmanna, ef þessi staður á að greiða til tryggingganna aðeins það hlutfall, sem til hans félli af iðgjaldagreiðslum sveitarfélaganna til tryggingganna, þá verður það svo stór summa, að ég er helzt á því, að þetta sveitarfélag komist alveg í vandræði með að inna þessar greiðslur af höndum. Mér skilst, að það þurfi að greiða a. m. k. 150 þús. kr. til trygginganna á hverju ári, en það er fyllilega fjórði partur af útsvörunum á þessum stað, og mér er nær að halda, að sá staður mundi eftir þeim formúlum, sem hér eru lagðar til grundvallar, greiða nokkuð meira en hlutfallið sýnir af íbúafjölda landsins. Nú er það ekki svo, að þessi orð mín beri að skilja þannig, að ég sjái eftir þeim peningum, sem fara til þessara trygginga, síður en svo, en ég tel þörf að athuga um leið, hvaða möguleika hin smærri sveitarfélög hafi yfirleitt til þess að standa undir fjárframlögum til almannaheilla, meðan tekjustofnar þeirra eru jafntakmarkaðir og raun ber vitni um og tekjumöguleikar þeirra. Ég gæti því búizt við því, að það hlutfall, sem lagt er á bæjar- og sveitarfélögin með þessu frv. í þátttöku í heildarkostnaðinum, sé hærra en jafnvel er að öllu leyti framkvæmanlegt og að það hefði **verið réttara að hafa framlag** ríkisins nokkru ríflegra en hér hefur verið sett, en það er bara lausleg aths. Ég hef ekki getað athugað þetta eins og ég hefði óskað.

Ég vil sérstaklega beina því til hv. heilbr.- og félmn. að athuga þau atriði, sem ég hef drepið á, sérstaklega það, sem ég nefndi í upphafi, **framkvæmd trygginganna** í umdæmunum. Það er réttlætismál og ábyggilega hagkvæmt skipulagsmál að lofa fólki í hinum ýmsu umdæmum að hafa með framkvæmd l. að gera innan þess ramma, sem lögin annars marka.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Það orkar ekki mjög tvímælis, að frv. það, sem hér er til umr., sé eitt af þýðingarmestu málum þingsins. Öllum er kunnugt, hvernig þetta mál er til komið, og með frv., sérstaklega eins og það lá fyrir, þegar það var flutt í Ed. á þessu þingi, var gengið mun lengra í öryggismálum þjóðarinnar en áður hefur verið hér á landi. Það fer ekki hjá því, að meðferðin í Ed. hefur ekki aukið þetta félagslega öryggi, sem frv. hafði upphaflega upp á að bjóða. Ed. hefur gert á frv. nokkrar breyt., og þær allflestar, sem máli skipta, frekar til skaða en bóta. Þ. á m. t. d., að flestallar mæður skulu njóta sömu hlunninda og ekkjur með börn. Ég fæ ekki skilið þessa afgreiðslu hv. Ed., að þeir, þó að nú þurfi að fara að draga úr útgjöldunum, skyldu einmitt bera niður á þessum lið. — Annar liður, sem felldur hefur verið niður, jarðarfarastyrkurinn, hefur raunar alltaf verið hégómi. Eins og nú er, er okrað á jarðarförum, og hefði því þessi lági styrkur komið að litlu gagni. Virðist miklu heppilegri leið, að hið opinbera beiti sér fyrir því, að þessu okri verði af létt. — Tillag til atvinnustofnunarinnar var fellt niður, og er það ekki til bóta. Raunar má segja, að þetta tillag, sem átti að veita til hennar, hefði skammt hrokkið, ef atvinnuleysi hefði skollið á.

Ekknastyrkurinn var felldur niður, og það finnst mér hin mesta meinsemd, sem hv. Ed. hefur valdið þessu frv., þar sem hér eiga hlut að máli þeir þjóðfélagsborgarar, sem einna erfiðast eiga uppdráttar, ekkjur með börn, og gerir þetta þeim mjög erfitt að hafa í sig og á. Enda hefur þessi breyt. á frv. þegar vakið andúð, og Alþ. hafa þegar borizt bréf um þetta efni. Ég hef hér í höndum bréf frá mæðrastyrksnefndinni í Reykjavík og annað bréf, undirritað af nokkrum þjóðkunnum konum, og einnig bréf, sem kvenréttindafélagið sendi. Öll þessi bréf eru á einu máli um það að víta þessa breyt., sem Ed. hefur gert á þessu. Ég skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréfið frá kvenréttindafélaginu. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kvenréttindafélag Íslands hefur áður sent Alþ. mótmæli gegn breyt., er samþ. hefur verið í Ed. þingsins á frv. um almannatryggingar.

Nú höfum vér síðan leitað álits ýmissa þekktra kvenna úr ýmsum flokkum og þá helzt formanna kvenfélaga og kvenfélagasambanda, og leyfum vér oss að senda hinu háa Alþingi nefnt mótmælaskjal. Vér þorum að fullyrða, að ef tími hefði unnizt til að leita til kvenna almennt, mundi skjalið nú vera undirritað, ekki aðeins af nokkrum konum, heldur þúsundum kvenna um land allt."

Ég ætla ekki að þreyta menn á að lesa hin bréfin, en vildi ekki láta hjá líða, að menn sæju, hversu mjög er vanhugsuð þessi breyt., sem Ed. hefur gert á frv., og vænti ég, að Nd. sjái sóma sinn í að laga það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 117. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 886, n. 935, 900, 908, 910, 936, 937, 938).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 937 og 938. — Afbrigði leyfð og samþ., um nál. með 18 shlj. atkv. og um brtt. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þetta mál er búið að vera alllengi í Ed., eins og nál. ber með sér, en þar fór fram mjög ýtarleg athugun á

frv. Var það flutt þar af félmn. eftir beiðni félmrh. Félmn. beggja deilda héldu allmarga fundi um þetta málefni og höfðu sér til ráðuneytis Brynjólf Stefánsson forstjóra, en hann var einn af þeim mönnum, sem áttu sæti í mþn., er samdi frv., sem upprunalega var lagt fyrir þingið.

Hér er án efa um stórkostlegt mál að ræða, eitt af þeim mestu, sem legið hafa fyrir Alþ. Er það allverulegt nýmæli frá því, sem áður var, en þó líka að verulegu leyti byggt á þeim grunni, sem áður var lagður og hefur verið að smámyndast og styrkjast undanfarin ár.

Fyrir um tuttugu árum var mjög lítið um tryggingar hér á landi. Það var að vísu gamli ellistyrkurinn, samkv. l. úthlutuðu bæjar- og sveitarfélög gamalmennum einu sinni á ári mjög lágri upphæð, sem meir var til glaðnings gamla fólkinu en nokkur aðstoð, sem um munaði til framfærslu þess. Einnig var á landi hér gildandi löggjöf um sjúkrasamlög, en þó aðeins rammi um þau samlög, sem menn höfðu ákveðið að stofna, en hvergi var skylda að hafa sjúkrasamlög nokkurs staðar, enda voru þau mjög fá fyrst framan af. Slysatryggingar voru mjög ófullkomnar fram til ársins 1925 og bætur lítilfjörlegar bæði fyrir slys, sem ollu vinnutapi, slys, sem ollu örorku, og slys, sem ollu dauða. Þessar bætur voru sérstaklega lágar fram eftir öllum tíma. En árið 1925 voru gerðar verulegar endurbætur á slysatryggingarlögunum og færðar út kvíar. Smám saman fóru líka sjúkrasamlög að vaxa með frjálsu framtaki manna í einstökum héruðum, en þó var þetta allmikið í brotabrotum og tiltölulega ófullkomið allt til ársins 1936, en þá var sett almenn löggjöf um alþýðutryggingar. Þá voru bundin í eitt kerfi l. þau, sem til voru um sjúkratryggingar, og kerfinu breytt á þann hátt, að gert var að skyldu að stofna til sjúkrasamlaga í öllum kaupstöðum landsins, en frjálst í öðrum sveitarfélögum, sem samþ. var við atkvgr., sem fór fram samkv. reglugerð, sem var í löggjöfinni. Slysatryggingar voru þá og mjög endurbættar og auknar slysabætur. Þá var einnig veittur fullkominn styrkur fyrir örorku. Og að lokum var ellistyrkslöggjöfinni breytt frá því, sem áður hefur verið, og myndaður nýr grundvöllur, þar sem tilætlunin var, að eftir tiltekið árabil skyldi vera orðinn svo voldugur lífeyrissjóður starfandi, að hann gæti veitt ellistyrk til allra þeirra manna, er samkv. ákvæðum l. fylla upp þau skilyrði, sem þar eru sett.

Það var stórkostlegt skref stigið í tryggingarmálum landsmanna með alþýðutryggingal. 1936. En það kom fljótt í ljós, að mönnum fannst ekki nægilega langt gengið, og margt þyrfti þar endurbóta og fullkomnunar við. Alþýðutryggingal. var því breytt hvað eftir annað og seinast allrækilega endurskoðuð fyrir nokkru, sérstaklega I.—III. kafli þeirrar löggjafar. En fyrir um það bil 4 árum ákvað þáv. ríkisstj., stj. Björns Þórðarsonar, að fela nokkrum hæfum mönnum athugun á því, hvaða reglur þyrfti að taka í l. og hvaða aðgerðir að framkvæma til þess að tryggja félagslegt öryggi í landinu. Það var á þeim tímum þegar fyrsta alda frá hreyfingu þessari í Bretlandi var að berast hingað til lands eins og margra annarra landa, hreyfingu, sem kennd er við Beveridge, sem skrifað hefur merkilegar bækur um nýtt tryggingakerfi, sem ætlað var að veita allri þjóðinni öryggi frá vöggu til grafar. Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var það eitt af málunum í málefnasamningi ríkisstj. að setja á yfirstandandi þingi fullkomnar alþýðutryggingar, sem næðu til allrar þjóðarinnar án tillits til tekna. Í samræmi við þessa fyrirætlun var skipuð milliþinganefnd rétt eftir að núverandi stjórn var tekin til starfa. Var hún skipuð fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum, starfaði lengi og rækilega og hafði náið samstarf við ýmsa kunnáttumenn, bæði á sviðum almennra tryggingarmála og eins á sviðum heilsuverndar og læknisfræði. Árangurinn var frv. það, sem lagt var upprunalega fyrir hv. Ed. Strax við 1. umr. máls þessa var því hreyft af hv. 2. þm. S.-M., að nokkuð skorti á það, að í frv., sem fyrir lægi, væri færð út í æsar sú regla, að hér væri verið að byggja upp fullkomna tryggingarlöggjöf, sem byggðist á réttindareglu, en ekki á ölmusureglu. Og ég skal játa, að gert er ráð fyrir í frv. því, sem liggur fyrir, að frá því að þessi löggjöf nær fram að ganga og til þess tíma að hún kemur til framkvæmda sé ríkjandi millibilsástand, þannig að réttindareglan er ekki útfærð til fullnustu, en ölmusureglunnar gætir að nokkru. Á þetta sérstaklega við um lífeyrissjóðinn, eins og sjá má af ákvæðunum til bráðabirgða í frv. þessu. Þetta stafar af því, að ekki þótti unnt að stíga í einu þetta mikilvæga spor frá ölmusureglunni til óskoraðrar réttindareglu, sem meiningin er að stefna að með þessari löggjöf. Ég tel þó, að allt þetta frv. sé mótað af þeirri hugsun, að fólkið í landinu eigi, þegar fram líða stundir, án tillits til aldurs og efnahags, að hljóta lífeyrisréttindi þegar það er komið á vissan aldur, þegar það millibilsástand er liðið, sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðum frv. Og þetta er án efa eitt af því merkilegasta, sem frv. hefur að geyma, að það er komið inn á það svið, sem flestar menningarþjóðir eru nú að fara inn á, tryggingarlöggjöf sem byggist á réttarreglunni, en ölmusureglunni er vikið til hliðar, sem áður var verulega ríkjandi í allri tryggingarlöggjöf víðast hvar. Frv. því, sem liggur nú fyrir Nd., var nokkuð breytt í Ed. Verð ég að segja það strax, að sumar þær breyt. eru á þann veg, sem Alþfl. hefði kosið að hefði ekki þurft að vera. En það er oft, þegar semja þarf á milli flokka um setningu nýrrar löggjafar, sérstaklega þeirrar, sem markar verulega stórstíg framfaraspor, að hnika verður nokkuð til að ná samkomulagi milli meiri hluta þings. Alþfl. hefði fyrir sitt leyti kosið, að gert væri ráð fyrir, eins og í upprunalega frv., að verja nokkru fé til atvinnustofnunar ríkisins sem eins konar undirstöðu að atvinnuleysistryggingum, ef til þyrfti að grípa síðar meir. Alþfl. hefði einnig fyrir sitt leyti talið miklu heppilegra og réttlátara, að ekki hefði þurft að draga úr upprunalegum ákvæðum frv. um greiðslu til ekkna og barna þeirra. En það varð að taka tillit til annarra flokka til þess að tryggja framgang málsins. Og það er óhætt að

segja það, að Sjálfstfl. vildi gera nokkrar breyt., sem m. a. höfðu í för með sér þennan niðurskurð til atvinnustofnunar ríkisins og höfðu líka áhrif á framlag til ekkna og barna þeirra. En Alþfl. treystir því, að ef vel gengur, verði síðar meir lagaðir vankantar þessarar löggjafar, eins og átti sér stað um alþýðutryggingarnar, enda fylgja vankantar allajafna setningu slíkrar löggjafar í upphafi.

Þetta vildi ég segja almennt um afgreiðslu málsins frá Ed. og þá mynd, sem það hefur nú í þessari d. En það mundi taka allt of langan tíma, ef ég rekti til hlítar og gerði grein fyrir efni frv., og þótt ekki væri nema nýmælum þeim, sem frv. hefur að geyma. Ég vil aðeins benda á, að eftir þessu frv., sem liggur fyrir, er gert ráð fyrir fimm tegundum tryggingarmálefna, og voru þau að mestu áður óþekkt eða mjög lítið þekkt í alþýðutryggingalöggjöfinni. Í fyrsta lagi eru elli- og örorkutryggingar, sem er stór endurbót frá því, sem áður var. Og eins og ég gat um áðan, skal stefnt að því að liðnu vissu millibilsástandi, að elli- og örorkutryggingar færist í það horf, að allir eigi fullan rétt, er þeir hafa náð vissum aldri, til þess að öðlast elli- og örorkulífeyri. Það er því bæði um það að ræða, að sviðið er stækkað frá því, sem áður var, og líka gert ráð fyrir stórauknum framlögum til þessara hluta.

Í annan stað er það barnalífeyrir og fjölskyldubætur, sem var í löggjöfinni sem meginregla alveg óþekkt. Um þetta ræðir í 20.—33. gr. frv., og sé ég ekki ástæðu til að rekja þau ákvæði út af fyrir sig, það yrði allt of langt mál.

Í þriðja lagi eru bætur til mæðra, ekkna o. fl., sem er að vissu leyti útvíkkun á tryggingalöggjöfinni frá því áður, þó að sú útvíkkun hefði mátt vera meiri og fullkomnari, svo sem áður var í frv. En ég vísa til þess, sem ég sagði áðan, að Alþfl. taldi sér skylt í þessu málefni, eins og mörgum öðrum, að tryggja fyrst og fremst framgang meginreglunnar í stórri og þýðingarmikilli löggjöf, þó að hann yrði að hnika til í samningum við aðra flokka um nokkur atriði, sem hann hefði viljað hafa á annan veg.

Í fjórða lagi er það sérstaklega nýtt, að sjúkrasamlögin leggjast algerlega niður, en almennar sjúkratryggingar gilda í öllu landinu. Fjallar einn kafli frv. um heilsugæzlu, en 39.—44. gr. fjalla um bætur, sem menn eiga rétt til, þegar sjúkdóma ber að höndum.

Loks eru slysabæturnar, en sá þáttur var einna fullkomnastur áður, enda eru þar minnstar stórbreytingar frá því, sem áður var, en þó veruleg útvíkkun. Það er fjöldi manna, sem slysabóta getur notið, og bæturnar eru hækkaðar.

Ég mun ekki rekja hvert atriði út af fyrir sig, en vík aðeins að því með örfáum orðum, hvernig er hugsað að halda uppi þessu tryggingakerfi. Eins og segir í 102. gr. frv., er tekna aflað til Tryggingastofnunar ríkisins, allsherjar stofnunarinnar, sem á að hafa yfirstjórn allra tryggingamála, með iðgjöldum hinna tryggðu. Í öðru lagi með iðgjöldum til atvinnutrygginga, sérstökum gjöldum til slysatrygginga, eins og tekið er fram í 112. gr. Í þriðja lagi er sérstakt áhættugjald atvinnurekenda vegna slysabóta, eins og segir í 113. gr. frv. Í fjórða lagi er svo fjárframlag sveitarfélaga til tryggginganna, og eru ákvæði um það í 114. og 115. gr. Í fimmta lagi er um fjárframlag ríkissjóðs, sem ákveðið er í 116. gr. Og loks í 6. og 7. lagi smáliðir, sem væntanlega gætir mjög lítið í hinu stóra kerfi, en það eru sektir, sem greiddar eru fyrir brot á ákvæðum laga. Loks eru aðrar tekjur, svo sem endurgreiðsla og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast. Frv. um tryggingakerfið er byggt upp af þessum fimm höfuðatriðum. Það eru þeir tryggðu, sem leggja mest af mörkum. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur vegna heilsugæzlu samkv. l. þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar. Er ákveðið, hvað ríkið leggur mest fram til tryggginganna og miðað við ýtarlega og nokkuð nákvæma áætlun, sem gerð er upprunalega af mþn., en endurskoðuð af þingn., sem um málið fjallaði. Er sú áætlun miðuð við allar beztu upplýsingar, sem fáanlegar eru.

Eins og nál. á þskj. 935 ber vott um, er öll heilbr.- og félmn. sammála um að afgreiða málið og mæla með þessu frv. Þrír nm., hv. þm. Ak., 2. þm. Eyf. og ég, lögðum á það áherzlu, að ekki yrði gerð nein veruleg breyt. á frv. að efninu til, sem torveldað gæti framgang málsins á yfirstandandi Alþingi. Við berum fram nokkrar leiðréttingar út af misritun og prentvillum, en að nokkru leyti af því, að orðalag var ekki nógu skýrt. Þessar breyt. er að finna á þskj. 936. Við þá allmiklu breyt. á frv. í Ed. og við endurprentun frv. þar hafa nokkrar tilvitnanir í greinar raskazt. Við nefnum í nál., að við teljum, að til athugunar þurfi að koma efnisbreyt. á 11. gr. frv. En áður en málið var afgr. til 2. umr. vannst ekki tími til þess að athuga, hvort hægt væri að ganga frá brtt., er við getum orðið sammála um. Bíður það væntanlega 3. umr., eða við flytjum brtt. undir þessari umr. Tveir nm., hv. 2. þm. N.-M. og 11. landsk., hafa í nál. gert grein fyrir því, með örfáum orðum, að þeir flyttu sérstakar brtt., og munu e. t. v. fylgja öðrum brtt., sem fram kynnu að koma. Brtt. frá hv. 11. landsk. var þegar útbýtt við 1. umr. þessa máls, en brtt. hv. 2. þm. N.-M. hefur nú verið útbýtt á þskj. 937. Ég sé ekki sem frsm. n. ástæðu til að víkja að þessum brtt., né heldur brtt., sem lágu fyrir við 1. umr. frá hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. V.-Húnv., fyrr en flm. hafa sjálfir gert grein fyrir þeim í umr. Aðeins vil ég undirstrika, að hv. þm. Ak., 2. þm. Eyf. og ég leggjum mjög ríka áherzlu á, að engin slík breyt. verði samþ., sem tefldi þessu merkilega máli í nokkra tvísýnu né gerði það að verkum, að það þyrfti að hrekjast milli deilda og tefjast úr hófi fram. Hitt getur aftur á móti verið annað mál, hvort einhverjar smábreyt. er hægt að gera, eins og á 11. gr. frv., sem ekki ætti að setja málið í neina hættu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar að sinni, en vænti þess, að þetta þýðingarmikla og stóra mál, sem er alveg óvenjulega vel undirbúið, hefur hlotið nákvæma athugun í mþn. og nákvæma athugun á þingi, nái fram að ganga nú á yfirstandandi þingi sem minnst breytt frá því, sem Ed. gekk frá því. Ég álít það eftirmæli þessa þings, sem mörgum þykir nú

orðið langt, ef það afgr. frá sér stórkostlega og merkilega löggjöf eins og almannatryggingarnar eru. Og ég hygg, að þegar frá líður muni þjóðin telja þess vert, að þing hennar sat lengi það árið, sem það afgr. þetta frv., svo mikil og merkileg réttarbót sem það er, og því meiri viðurkenningu mun löggjöf þessi áreiðanlega hljóta þegar fram líða stundir. Það er eins og sagt var af einum hv. þm. í Ed., að með frv. væri gerð tilraun til að skapa að nokkru leyti nýtt þjóðfélag. Sá þm. lýsti yfir því, að hann hefði trú á, að þetta þjóðfélag yrði betra þjóðfélag, og greiddi frv. því atkv. Ég hef bjargfasta trú á því, að með þessari setningu almannatryggingalöggjafar sé stigið verulegt spor í þá átt að skapa að þessu leyti nýtt og betra þjóðfélag á Íslandi, — að það sé verið að stíga myndarlegt spor til að skapa félagslegt öryggi allra manna í landinu, fátækra jafnt sem ríkra. Og slíkur áfangi er merkilegur í stjórnmálasögu Íslands.

Sigurður Thoroddsen: Ekki er um það deilt, að þetta er eitt af þýðingarmestu málum, sem fyrir þinginu liggja. Með frv. eins og það var lagt fyrir, var gengið lengra í félagslegu öryggi landsmanna en áður hefur verið. Að vísu er langt frá því, að hér sé að ræða um fullkomið félagslegt öryggi, en þó var stigið stórt spor í rétta átt. Helzt mátti finna það að frv., að lífeyrir og bætur voru yfirleitt ætlaðar of lágar, og frv. náði ekki nema að mjög litlu leyti sem trygging gegn atvinnuleysi, þó að með atvinnustofnuninni væri vísir til atvinnuleysistryggginga.

Eins og kunnugt er, fóru heilbrigðisnefndir beggja deilda yfir frv. í sameiningu. Eftir fyrsta yfirlestur þeirra verður allverulegur ágreiningur. Okkur sósialistum þótti lífeyririnn of lágur, iðgjaldagreiðslur sem nefskattur óheppilegar, ekki nógu vel séð fyrir einstæðum mæðrum. Og önnur atriði þóttu okkur varhugaverð. Það var ekki gengið út frá lífeyri til einstaklinga, sem hafa ⅓ af tekjum verkamanna. En með frv. voru þær tekjur áætlaðar of lágar, því að verkamaður með fimm manna fjölskyldu hefur ekki hærri tekjur en aðeins þurftarlaun, svo að sízt mátti skerða þar. Um einstæðar mæður er þess að geta, að fyrir þeim er ekki séð í frv., en þó heimilt fyrir tryggingarsjóð að hygla þeim eitthvað eftir að rannsókn á ástæðum þeirra hefur farið fram. Og það gefur að skilja, hvernig slíkt er framkvæmt.

Annað þótti okkur líka varhugavert, að með 10. gr., sem nú er 11. gr., var Tryggingastofnuninni gefið víðtækt vald til að stofna skrifstofur í kaupstöðum og ráða menn til að stjórna þeim. Hér er ekki gert ráð fyrir breyt. á yfirstjórn tryggingganna. Og þegar litið er á starf hinnar flokkspólitísku Tryggingastofnunar í Reykjavík, er ekki von, að okkur þætti árennilegt að fylgja þessari brtt., þar sem er verið að gefa stjórnmálaflokki undir fótinn að setja upp flokkspólitískt „apparat" með tryggingar að yfirvarpi. Þetta var afstaða okkar sósialista við fyrsta yfirlestur frv. með heilbrigðisnefndum beggja d. sameiginlega. Alþfl.menn vildu láta samþ. frv. mikið til óbreytt. Sjálfstæðismönnum þótti útgjöldin of há. En Framsfl. taldi málið ekki tímabært og vildi vísa því frá. Þar sem nú er vitað, að hér ræðir um mál, sem var á stefnuskrá stj., og innan hennar var ákveðið, að málið næði framgangi, hefði helzt mátt ætla, að stjórnarliðið settist á rökstóla og reyndi að leysa málið í sameiningu. Þessu var ekki til að dreifa. Það var setið á málinu í n. og ekki starfað að því um lengri tíma. Hins vegar er nú vitað, að þennan tíma sátu Alþfl.menn og sjálfstæðismenn á rökstólum og sömdu um málið. Þriðja flokknum, okkur sósialistum, var haldið utan við þessa samninga og vorum ekki látnir vita um gang málsins fyrr en samið hafði verið. Þá var okkur gefinn kostur á að kynnast samningnum og við máttum vera með. Var þá slíkur samningur til að bæta kjör þeirra, sem tryggingganna eiga að njóta? Eða var hugsað til einstæðra mæðra? Eða var rýrð aðstaða Alþfl. til þess að setja upp pólitískt „flokksapparat"? Nei, ekkert af þessu var gert. Það kemur í ljós, að gengið er til móts við Sjálfstfl. um að lækka útgjöldin. Það er felld niður rúmlega 2 millj. króna atvinnustofnun, sem átti að verða vísir að atvinnutryggingum. Jarðarfararstyrkurinn er felldur niður, sem mundi nema um 0,6 millj. Lækkaður var stórlega lífeyrir til ekkna, sem mun nema 1,7 millj. Og einstæðum mæðrum er gleymt, eins og þær væru ekki til. En setja má upp skrifstofur og velja menn eftir eigin geðþótta. Þetta var árangurinn af starfsemi þessara tveggja stjórnmálaflokka, sem við máttum samþ. eftir á. Því hefur verið haldið fram, að við værum aðili að þessum samningi. En það er svo fjarri því, að við réðum þar engu. En þegar þessi samningur var lagður á borðið, gátum við fallizt á, að ef um nokkurn niðurskurð skyldi vera að ræða, skyldi hann þó helzt koma niður á framlaginu til atvinnustofnunarinnar, sem hvort sem er hefði að litlu haldi komið. Og því fremur sem séð var fyrir öryrkjum þeim, sem atvinnustofnunin átti að sjá fyrir. Jarðarfararstyrkinn gátum við eftir atvikum fellt okkur við að leggja niður, því að skipulagið við að koma mönnum í gröfina er nú í því ófremdarástandi, sem öllum er kunnugt. En það er það eina af þessu samkomulagi, sem samþ. er af okkar hálfu, enda bera till. þær, sem flokksbræður mínir fluttu í Ed., þess vott, að ekki er um samkomulag að ræða við hina flokkana. Brtt. mínar eru að mestu shlj. því, sem flutt var í Ed.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á, hve óheppilega hefur tekizt til um þetta samkomulag milli þessara 2 flokka, að svo skyldi farið með þann lið, sem ég gat um áðan, til ekknanna. Sá liður átti að rétta hag þeirra, sem einna erfiðasta eiga aðstöðu, ekkna með börn á framfæri. Það er segin saga, að ekkja, sem þarf fyrir börnum að sjá, er bundin í báða skó og á erfitt með að afla sér viðurværis. Því að þótt frv. geri ráð fyrir framlagi til barnanna, er það engan veginn nóg þeim til framdráttar. En megnið af tíma móðurinnar hlýtur að fara í það að sjá um börnin. Auðvitað gegnir sama um einstæðar mæður, og hefði legið nær að auka við frv., svo að þær hefðu notið sömu kjara og ekkjur með börn á framfæri.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, hversu óheppileg væri meðferð Ed. á málinu, og að slíkt hefði strax vakið andúð. Ég benti á, að Alþ. hefði þegar borizt mótmæli frá ýmsum félagssamtökum, bæði hér í Reykjavík og frá mörgum konum af öllum stjórnmálaflokkum. Og nú áðan lét hæstv. forseti þess getið, að lögð væru bréf þessu viðvíkjandi fram í lestrarsal. En í n. virtist öllum, að mér einum undanteknum, réttast að halda frv. í því formi, sem Ed. setti það í. Hver eru þá rök þessara manna fyrir þessari lækkun og fyrir því að vera á móti hækkunartill., sem við sósialistar flytjum? Eins og hv. frsm. drap á, munu þau útgjöld, sem verða í sambandi við framkvæmd þessara l., nema 72 millj. kr. Okkar till. til hækkunar munu hafa numið 8,8 millj. Með því að fella niður jarðarfararstyrkinn lækka útgjöldin um 2,8 millj. kr., og með því að fella niður eða lækka ekkjulífeyrinn lækkar þetta enn um 1,7 millj. kr. Nú segja þessir menn: Við höfum samið upp á það, að útgjöldin lækki um 4 millj. kr., og það fæst með þessum niðurskurði. Úr þessu er ekki að aka, um þetta hefur verið samið, a. m. k. er ekki úr því að aka, svo fremi að Tryggingastofnunin fái að hafa skrifstofur úti um landið. En hér er þó aðeins um áætlanir að ræða, — áætlanir, sem að sjálfsögðu eru gerðar eftir beztu vitund og beztu getu, en það er kunnugt, að áætlanir geta brugðizt til beggja vona, þær geta verið of háar og of lágar, og það er allajafna ekki sett út á það, þó að áætlanir séu of háar, því, að það er góð venja að áætla varlega, þannig að útgjöldin verði heldur of hátt áætluð en of lágt. Ég þykist vita, að hér sé varlega áætlað, því að þeir menn, sem þessa áætlun hafa gert, hafa sjálfsagt haft rekstur Tryggingastofnunarinnar í huga og ekki teflt á tæpasta vað. Hækkunartill., sem við sósialistar flytjum um 8,8 millj., er þá 13% af upphæðinni. En jafnvel þó að þeir einskorði sig við þessar 68 millj., finnst mér niðurskurðurinn á bótunum til ekknanna um 1,7 millj. vera það lítill hluti af heildarupphæðinni, að það sé ekki til þess að hengja hatt sinn á, og það er ofar mínum skilningi, að einmitt þessi liður skuli skorinn niður. Ég flyt hér brtt., sem er samhljóða brtt., sem flokksbróðir minn, Steingrímur Aðalsteinsson, flutti í Ed. Ég hef minnzt á þær flestar, óbeint a. m. k., þó á ég eftir að minnast á brtt. um iðgjaldagreiðslur, en mun ekki fara mörgum orðum um það. Við höfum gert ráð fyrir, í okkar till., að nefskatturinn lækkaði, en að tekna verði aflað með hundraðshlutaálagningu á tekjur manna. En atkv. verða að skera úr um þetta.

Páll Zóphóníasson: Ég á hér brtt. á þskj. 937 og vil leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum. 1. brtt. er við 11. gr. Eins og þetta er hugsað í frv., er ætlazt til, að í hverju umdæmi séu í rauninni tvenns konar n., eða a. m. k. einhvers konar stofnun, sem hafi tvenns konar verk með höndum. Það er ætlazt til, að önnur þeirra sé kosin af hreppsnefndum eða sveitarstjórnum og hún beri fyrir brjósti hina tryggðu. Samhliða því er ætlazt til þess, að Tryggingastofnunin komi upp skrifstofum eða hafi fulltrúa í umdæmunum, sem sjái um hagsmuni Tryggingastofnunarinnar. En í staðinn fyrir að hafa þessar tvenns konar n. eða stofnanir starfandi í hverju umdæmi legg ég til, að n. sé aðeins ein og sé kosin þannig, að tveir nefndarmenn séu kosnir af hreppsnefndum, tveir skipaðir af tryggingaráði og oddamaður skipaður af ráðh. Þessi 5 manna n. á að sjá um hagsmuni hinna tryggðu og einnig að sjá um hagsmuni stjórnar tryggninganna. Ég álít, að með þessu geti þetta orðið eins vel af hendi leyst og ódýrara og hagfelldara fyrir heildina en að hafa tvær stofnanir starfandi, aðra til að sjá um hagsmuni hinna tryggðu og hina til að sjá um hagsmuni tryggninganna. Að þessu lýtur sú brtt., sem ég hef gert við 11. gr. Á þeim fáu fundum, sem n. hélt, virtist mér vera miklar líkur til þess, að öll n. gæti orðið sammála um svipaða lausn og þá, sem ég fer fram á í mínum brtt., þótt ekki ynnist tími til að tala um það svo útséð yrði, hvort n. gæti á þær fallizt. Ég mun þess vegna, ef þess er óskað, taka þessa till. mína aftur til 3. umr., ef n. vill þá athuga þetta og reyna að ná samkomulagi um sameiginlega till., sem mér þykir líklegt.

Brtt. 2 lýtur að því að gera landið að einu verðlagssvæði. Það er í rauninni næsta undarlegt, að öll Ed., allir nm., sem hér starfa, og að því er virðist stjórnarflokkarnir skuli vera sammála um það að gera nú aftur mismun á fólki í landinu, eftir því hvar það býr. Það var barizt í mörg ár til þess að fá það ákvæði út úr skattal., og endaði það með því, að meiri hl. Alþ. féllst á, að skattfrádráttur skyldi vera jafn fyrir alla, hvar sem þeir byggju á landinu. Í fyrra fékkst það fram, að embættismenn skyldu hafa sömu laun, hvort sem þeir byggju í sveit eða kaupstað, en sömu þm., sem samþ. það í fyrra, vilja nú aftur mismuna fólki, eftir því hvort það býr í sveit eða í kaupstað, hvað tryggingarnar snertir, og þó mega allir vita, að menn flytjast á milli tryggingarsvæða, þannig að maður, sem borgar meginið af ævi sinni í tryggingarnar á 2. verðlagssvæði, en flyzt inn á 1. verðlagssvæði sem gamalmenni og tekur sinn styrk þaðan, á þá að njóta allt annars réttar þar en ef hann hefði ekki flutt sig til. Mér er þess vegna alveg óskiljanlegt, hvers vegna þetta ákvæði er haft á þennan veg. Sem afleiðing af þessu er það, að ég geri brtt. við 15. gr. um það, að menn skuli hafa sama lífeyri, hvar sem þeir búa. En hér var úr vöndu að ráða, hvaða lífeyri skyldi taka. Ég hafði tilhneigingu til þess að taka lífeyri, sem ætlaður var á 1. verðlagssvæði, og láta hann ná yfir allt, en það gerði ég þó ekki, og orsakirnar til þess eru þær, að ríkisstj., a. m. k. Sjálfstfl. og Alþfl., voru búnir að koma sér saman um það að loka þessu frv. í endann, — þ. e. a. s. hvað framlag ríkissjóðs til þessara l. mætti vera mikið. Ef ég hefði tekið 1. verðlagssvæði og látið það ganga yfir allt landið, þá hefði ríkissjóður þurft að bæta 7 millj. kr. við framlagið, og það sá ég mér ekki fært að gera till. um, eins og búið var að koma málinu fyrir. Þess vegna læt ég lífeyrinn vera: Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri, kr. 1800 á ári. Fyrir einstakling og hjón, þegar annað fær lífeyri, kr. 1000. — Hér læt ég lífeyrinn vera þann sama yfir allt. Með þessu er að vísu heldur meira borgað út en eftir frv., en það

munar litlu, og skal ég koma að því seinna.

Í sambandi við það, að ég geri landið að einu verðlagssvæði, þarf líka að breyta 20. gr., 30. og 38. gr., og breyta barnalífeyrinum og fjölskyldubótunum, og þar sem í vissum tilfellum þarf að borga ekkjum eftir 38. gr. Eins og áður fer ég bil beggja og nær því lægra, til þess að skapa ekki verulega aukin útgjöld af tryggingunum.

Þá er brtt. við 42. gr. Hún lýtur að því að láta sjúkrabætur ná til allra, sem sjúkir verða, jafnt hvort sem hann er kallaður vinnuþegi, launamaður eða hann starfar sjálfstætt. 8.—9. brtt. eru líka breyt. í sambandi við það, sem ég áður er búinn að segja, að landið verði gert að einu verðlagssvæði. En 10. brtt. er aftur um annað. Hún er um iðgjöldin, — í sambandi við það, að landið er gert að einu verðlagssvæði, þurfti að breyta iðgjöldunum, gera þau eins yfir allt landið og ákveða, hver þau ættu að vera. Hér er ákveðið, að þau skuli vera:

Fyrir hjón ..... kr. 120 á ári
Fyrir ókvænta karla ..... — 96 - —
Fyrir ógiftar konur ..... — 72 - —

Til þess að ná upp því, sem þarf, til að hafa tekjur á móti útgjöldum, sem tryggingunum er ætlað að standa undir, hef ég lagt til, að tekið yrði hundraðsgjald af nettótekjum framteljenda allra, og hef ég það misjafnt eftir nettótekjuupphæðinni. Þeir, sem hafa 15 þús. kr. nettótekjur eða minna, skulu greiða 1% af nettótekjum. Þeir, sem hafa milli 15 þús. og 30 þús. kr. nettótekjur, skulu greiða 1½%, og þeir, sem hafa yfir 30 þús. kr. nettótekjur, skulu greiða 2% af nettótekjum sínum. Ég hef hækkað persónufrádráttinn upp í það að vera þær tölur, sem greiddar eru í bætur eftir frv., þó er talan heldur hærri fyrir börn, sem nemur nokkrum krónum. Ég er þess alveg fullviss, að með þessu fyrirkomulagi á iðgjaldagreiðslum ná l. betur tilgangi sínum en ella. Með þeim iðgjöldum, sem ætlazt er til, að séu greidd eftir l. nú, eru þetta svo háar greiðslur, að það fer ekki hjá því, að það verði mörgum erfitt að greiða þau, svo að hrepparnir verða að greiða fyrir einhverja.

Ef iðgjöldin hins vegar eru tekin að nokkru leyti með prósentu af nettótekjum manna, eins og ég geri ráð fyrir í brtt. minni, orkar það ekki tvímælis, að það verður miklu léttara fyrir heildina að rísa undir því, og l. ná betur tilgangi sínum.

Þá er brtt. við 112. gr. Sú grein mælir svo fyrir, að fyrir hverja vinnuviku, sem unnin er hjá einhverjum ákveðnum manni, skuli sá, sem lætur vinna, greiða kr. 1,50 og verðlagsuppbót til tryggingganna. Þetta er atvinnurekanda ætlað að greiða til tryggingganna. Ég vil, að þessu gjaldi sé breytt þannig, að í staðinn fyrir að greiða ákveðið gjald af hverri vinnuviku, þá sé greitt 1% af kaupgjaldinu. Með því er greiðslunni hagað eftir því, hvort sá, sem vinnur, er kaupdýr eða ekki. Með því að greiða þetta þannig kemur það miklu jafnara niður en ef aðeins er miðað við tímann, sem unnið er.

Afleiðingin af þessari breyt., sem ég hef gert á 1. og 2. verðlagssvæði, er sú, að ég fæ ekki nægar tekjur, eins og frv. er nú orðið, til þess að standa undir þessum greiðslum, og verð þess vegna að gera brtt. við 116. gr. og hækka framlag ríkissjóðs úr 7 millj. í 7½ millj. kr. Þrátt fyrir það þó að ég hafi lækkað framlagið á 1. verðlagssvæði, þá eru hækkanirnar á 2. verðlagssvæði og hækkanirnar vegna sjúkrabótanna það miklar, að þær éta upp meira en lækkunina, og verður því að hækka framlag ríkissjóðs til þess að þessar brtt. geti staðizt hver fyrir annarri og allar saman.

Þá er síðasta brtt. mín, við bráðabirgðaákvæði. Í fyrsta lagi, að 1. tölul. falli niður. En hann gerir ráð fyrir því, að næstu árin verði bæturnar minni en l. gera ráð fyrir, og jafnvel verulega miklu minni, ef það reyndist svo, að bæturnar eftir l. færu fram úr þeim tekjum, sem l. mundu gefa. Mér þykir ekki réttlátt að láta þau gamalmenni, sem beðið hafa eftir lífeyri sínum og fengið hann skorinn við nögl undanfarin ár, halda áfram að bíða eftir þeim, og vil því láta l. koma strax til framkvæmda. — 2. brtt. er afleiðing af brtt., sem gerð er við 107. og 112. gr.

Þá er brtt. 13,c. Það er nýtt ákvæði, að ríkisstj. skuli enn fremur láta endurskoða lög um heimilisfang og leggja fyrir næsta þing frv. til l., er skyldi alla til að hafa vegabréf, er m. a. sýni, hvert sé lögheimilið. Lög um heimilisfang voru sett fyrir nokkrum árum, en eru hvorki fugl né fiskur. Það orkar ekki tvímælis, að til eru á hverju ári í landinu margir menn, sem hvergi eiga heimili, hvergi borga opinber gjöld og hvergi eru skráðir heimilisfastir. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda og hver maður þarf að hafa sitt tryggingarskírteini, komast þessir menn í vandræði og þeir munu reyna að hlaupa á milli hreppa og sýslna, eins og þeir hafa gert, án þess að greiða nokkurs staðar nokkuð. Ég vil þess vegna, eins og ég hef skýrt, bæta aftan við 8. tölul., að það skuli endurskoða l. um heimilisfang.

Ég er sammála meðnm. mínum um það, að þessi l. séu ákaflega stór og marki merkilegt spor í okkar félagsmálum eða félagsmálaþróun. En ég tel, ef það á að verða hlutskipti okkar, sem á þingi sitjum, að afgr. þessi l. í því formi, sem þau liggja nú fyrir í, — í því formi að taka upp í þau og lögfesta sama misrétti milli þegnanna sem hefur verið tekið úr öðrum l., — þá sé það stimpill, sem þeir setja á sjálfa sig og ekki sæmir þm. nú 1946, þar sem þeir samþ. það gagnstæða 1945.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi út af orðum, sem féllu hér hjá hv. 11. landsk. þm. um samning, sem hefði farið fram í þessu máli, gefa þær upplýsingar, að það, sem hv. 11. landsk. sagði um þetta, er algerlega rangt og mun vera á ókunnugleika byggt. Þetta mál hefur fengið mestalla afgreiðslu sína í félmn. Ed. og raunar á sameiginlegum fundi félmn. beggja d. Og eftir að n. höfðu farið yfir frv. einu sinni, óskaði form. félmn. Ed. eftir því, að flokkarnir létu afstöðu sína í ljós til frv. Framsfl. gaf ekki nein svör um þetta, Sjálfstfl. sagði hins vegar, að það þyrfti að gera þær breyt. á frv. að lækka útgjöld ríkissjóðs í sem svaraði 7—8 millj. kr. En Sósfl. lýsti því yfir, að hann mundi bera fram nokkrar hækkunartillög-

ur, en mundi fylgja frv., þótt þær yrðu felldar.

Um fylgi Sjálfstfl. er kunnugt, að það byggðist á því, að dregið yrði úr útgjöldum trygginganna um 4 millj. kr. Þess vegna er það ekki rétt, að Sósfl. hafi ekki tekið þátt í samningum. Að vísu geri ég ráð fyrir, að hv. 11. landsk. sé þetta ekki fullkunnugt. En hæstv. forsrh., forseti efri deildar og formaður heilbr.- og félmn. sátu heila nótt og áttu viðræður um þetta, og mun hæstv. forsrh. geta borið um, að þetta er rétt. Mér finnst leiðinlegt fyrir hv. 11. landsk., sem annars er grandvar maður, að hann skuli hafa farið hér með þau ósannindi, að Alþfl. hafi samið við Sjálfstfl. um að lækka hlunnindi trygginganna með því móti, að Alþfl. fengi einræði um stjórn trygginganna. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. muni staðfesta það, að samið var um útgjaldakaflann áður en gengið var frá kaflanum um stjórn trygginganna. — Það er rétt, að Sósfl. lét þess jafnan getið, að hann mundi flytja brtt., en tók samt þátt í samningum.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég vildi aðeins geta þess út af ræðu hæstv. dómsmrh. og ummælum hans um, að Sósfl. hafi tekið þátt í samningum um þessi mál, að við ræddum um þetta mál eina kvöldstund ráðherrar frá hverjum flokki. Ég man ekki, hvort hæstv. félmrh. var viðstaddur, en þar varð samkomulag um nokkur atriði. M. a. var rætt um samkomulag, sem áður hafði verið gert milli Alþfl. og Sjálfstfl. um að draga úr útgjöldum trygginganna. En einkum var rætt um breytingu á fjölskyldubótum. Annars voru þar ekki rædd nema einstök atriði og þá ekkert um I. kaflann.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Mér þykir vænt um, að hæstv. menntmrh. staðfestir það, sem ég sagði. Ég gat ekki verið viðstaddur þegar á fundi þeim, sem hæstv. menntmrh. gat um, og gat því ekki rætt um I. kafla frv. eða yfirstjórn trygginganna. Ég vil því frábiðja mér algerlega þau svigurmæli, sem hv. 11. landsk. hafði hér í frammi.

Sigurður Thoroddsen: Út af ummælum hæstv. dómsmrh. skal ég taka það fram, að þær heimildir, sem ég hef fyrir því, að Alþfl. og Sjálfstfl. hafi samið sín á milli um þetta mál, eru á þá leið, að ég hef undanfarna daga setið á fundi, þar sem málið hefur verið til umr., og þar hefur fulltrúi Alþfl. iðulega sagt: Það er búið að semja um þetta. — Og þegar ég mótmælti því, sagði hv. 3. landsk., að hann hefði samið um þetta við hæstv. forsrh., sem síðan hefði átt að tala við hæstv. menntmrh. Enn fremur sagði hv. 4. þm. Reykv. á fundi í gær, að búið væri að semja um þetta, og tel ég, að með þessu sé hæstv. dómsmrh. svarað.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þar sem mitt nafn hefur verið dregið inn í þessar umr., þykir mér rétt að segja nokkur orð. — Það var á þriðjudaginn var, ætla ég, sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um að reyna að ná samkomulagi um afgreiðslu þeirra mála, sem afgreiða þurfti áður en þingi lyki. Sátu fulltrúar frá öllum þremur flokkunum á fundi fram á nótt og héldu áfram viðræðum næstu daga. Meðal þeirra mála, sem um var rætt, var tryggingalagafrv. Eðli málsins samkvæmt hefur það einkum fallið í minn hlut að samræma sjónarmið. Á fundinum aðfaranótt 17. þ. m. var samið um II. og III. kafla frv., en ekki I. kaflann eins og réttilega hefur komið fram.

Það er og rétt, að Sjálfstfl. taldi sér ekki fært að leggja á ríkissjóð þá byrði, sem frv. fór fram á, og mæltist til, að útgjöldin yrðu færð úr 12 millj. kr. niður í 8 millj. kr. Um þetta varð samkomulag milli Alþfl. og Sjálfstfl., að því er mér skildist með samþykki Sósfl. og með hans vitund, þótt hann áskildi sér rétt til að fylgja brtt. En eins og bent hefur verið á, var ekki unnt að semja um einstök atriði á svo skömmum tíma. Þannig mun það vera rétt, að einkum hefur verið samið um I. kaflann milli Alþfl. og Sjálfstfl., og má vera, að þar séu atriði, sem ekki eru öllum nægilega ljós, enda ekkert eðlilegra. Nú má um það ræða, hvort setja á mig eða Sjálfstfl. undir sök fyrir að semja við Alþfl. einan um þetta mál. Ég vil þó taka fram, að það var ekki ætlunin að lítilsvirða Sósfl. í þessum samningum. En ég áleit, að fyrst bæri að semja við þann aðila, sem forgöngu hafði um málið. Og hefur það sjónarmið einnig gilt um þau mál, sem Sósfl. hefur einkum beitt sér fyrir.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér sýnist óþarft að deila lengur um það, hvaða samningar hafa átt sér stað um þetta mál. Það er ljóst, að Alþfl. og Sjálfstfl. hafa samið um það sérstaklega, a. m. k. um II. og III. kafla frv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég ætla ekki að deila við hæstv. menntmrh. um þetta mál. Ég tel, að af ræðu hæstv. forsrh. sé það ljóst, að sósíalistar hafa tekið þátt í samningum, og ekki hefur verið gengið frá I. kafla fyrr en eftir á. Mér þótti rétt að taka þetta fram vegna svigurmæla hv. 11. landsk. um niðurfelling ekkjubóta.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér virðist, að ekki sé hægt að segja, að sósíalistar hafi tekið þátt í samningum, þegar það er upplýst, að búið sé að semja, og við einungis spurðir, hvort við viljum fallast á að afgr. málið á þeim grundvelli.

Skúli Guðmundsson: Ég mun ekki að svo stöddu ræða þetta mál almennt. En ég flyt á þskj. 910 brtt. við 34. gr. frv. varðandi fæðingarstyrk til mæðra. Samkv. frv. er gerður allmikill munur á þessum styrk, eftir því hvort konur vinna utan heimilis eða heima. Þær, sem vinna úti, fá samtals 500 kr., miðað við núgildandi vísitölu, en hinar fá ekki nema um 200 kr. Ég get ekki skilið, hvernig á þessum mismun stendur. Mér finnst ástæðulaust að veita þeim konum sérstök hlunnindi, sem vinna utan heimilis, en það kvað vera orðið nokkuð algengt í stærstu kaupstöðunum, að konur koma börnunum í fóstur á barnaheimilum og vinna svo utan heimila sinna. Ég tel, að það sé ekki ástæða til að gera þennan mun. Ég lít svo á, að starf þeirra kvenna,

sem vinna eingöngu að heimilinu og að uppeldi barnanna, sé í engu þýðingarminna en starf hinna. Ég tel, ef mun ætti að gera, þá ætti fremur að hlynna að þeim, sem helguðu krafta sína óskipta heimilinu og barnauppeldinu. Ég lít svo á, að það muni vera þjóðfélaginu heppilegast, að sem flestar mæður annist sjálfar uppeldi barna sinna. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að breyt. verði gerð á þessari gr., þannig að gr. orðist svo: Við hverja barnsfæðingu á móðirin rétt á að fá greiddar kr. 300.00. — Eins og ég sagði áðan, gerir frv. ráð fyrir, að þær, sem stunda vinnu utan heimilis, fái 500 kr., en hinar 200 kr. Ég legg til að fara þarna meðalveginn og þær allar fái 300 kr. Ef einhver rök eru gegn þessu, þá þætti mér vænt um að fá að heyra þau frá hv. frsm. n. En ég hef ekki getað komið auga á, á hverju þessi mismunur, sem þarna er um að ræða, er byggður. Hins vegar er þetta ekki eina dæmið, sem finna má í þessu frv., þar sem gert er upp á milli þjóðfélagsþegnanna. Í ákvæði frv. um sjúkrabætur, sem er að finna í 39.—44. gr., er á svipaðan hátt gert upp á milli manna eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu og hvaða atvinnu þeir stunda sér til framfærslu. Samkv. 42. gr. frv. eiga þeir, sem starfa í annarra þjónustu, að fá sjúkrabætur frá og með 11. veikindadegi, en þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, fá sjúkrabætur frá og með 6. sjúkraviku. Mér er ómögulegt að sjá réttlæti eða sanngirni í þessu, en þar sem hv. 2. þm. N.-M. og 2. þm. S.-M. hafa lagt fram brtt. við þessi ákvæði, þá get ég látið hjá líða að tala um það frekar.

Þá er það ákvæði frv. um slysabætur, sem eru í 45.—58. gr. frv. Sú fyrsta þessara gr. hljóðar svo: „Launþegar, sem taldir eru í 46. gr. og slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta“ o. s. frv. Þannig er það í þessum kafla, að það eru launþegar einir, sem eiga rétt til slysabóta, ef þeir slasast við vinnu. Mér er að vísu sagt, þótt ég hafi enn ekki komið auga á það, að allir menn eigi kost á að tryggja sig gegn slysum við vinnu, gegn sérstöku aukagjaldi. En launþegarnir, sem hér um ræðir, þurfa ekkert aukagjald að greiða til að fá þessa tryggingu. Mér þykir rétt að nefna dæmi um, hvernig þetta muni koma út í framkvæmd, ef frv. yrði samþ. óbreytt. Það er kunnugt um marga íbúa í kauptúnum hér á landi, að samhliða því, sem þeir stunda vinnu hjá öðrum, hafa þeir með höndum nokkra framleiðslustarfsemi. Víða í kauptúnum hafa menn nokkrar skepnur, bæði kýr og sauðfé, og vinna að þessari framleiðslustarfsemi, þegar ekki er aðra vinnu að hafa. Ef verkamaður, sem þannig er ástatt um, er t. d. í vinnu hjá öðrum og meiðir sig, þá á hann rétt til slysabóta. En ef hann meiðir sig í vinnu hjá sjálfum sér við að afla heyja, þá fær hann engar bætur. Það má nefna fleiri dæmi. Bóndi, sem hefur einn mann í vinnu, þarf að borga sérstakt aukagjald í slysatryggingu fyrir þennan vinnumann. Og ef þeir slasast við vinnu, fær vinnumaðurinn slysabætur, en bóndinn fær ekkert, nema hann kaupi tryggingu fyrir sig sérstaklega. Svona ákvæði tel ég ekki megi vera í þessum væntanlegu tryggingal. Og þetta er í fullu ósamræmi við það, sem sagt var að ætti að vera í frv. Í grg., sem fylgir frv. á þskj. 310, frá mþn., sem samdi frv., segir svo á bls. 30: „Þegar téðri undirbúningsvinnu var að verða lokið, barst n. bréf frá núverandi félmrh., Finni Jónssyni, dags. 31. okt. 1944, þar sem skýrt er frá því, að í málefnasamningi stjórnmálaflokkanna í sambandi við myndun ríkisstjórnar sé svo ákveðið, að komið verði á á næsta ári svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta og efnahags, að Ísland verði á því sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna.“ Og þetta er ítrekað á næstu bls. grg. Þar segir svo: „Alþýðutryggingum þeim, sem nú eru í lögum, skyldi steypt saman í eitt heildarkerfi, svið þeirra víkkað svo, að það næði til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta og efnahags.“ Og á 3. staðnum, bls. 36, segir svo: „Frumv. gerir ráð fyrir, að rétturinn til bóta sé jafn fyrir alla án tillits til stétta eða efnahags, sbr. fyrrnefnt bréf ráðh. og þá stefnu, sem mjög ryður sér nú til rúms, að komast hjá vandasömu og hvimleiðu mati á ástæðum einstaklinganna, enda ávallt tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem hefur svo miklar tekjur, að ekki sé þörf fyrir bætur, ef eitthvað verulega bjátar á.“

Samkv. þessu, er ég las upp, virðist það hafa vakað fyrir þeim, sem stóðu að þessari lagasetningu, að tryggingarnar ættu að vera fyrir alla án tillits til stöðu eða efnahags. En þrátt fyrir það, þótt mþn. taki þetta þrisvar sinnum upp í sinni grg., þá virðist hún þó nokkuð hafa hvikað frá þessu, er hún samdi frv. sjálft, eins og ég hef sýnt fram á varðandi slysabæturnar, þar sem gert er ráð fyrir að taka nokkra þjóðfélagsþegna út úr og veita þeim bætur, en skilja aðra eftir. Mér finnst sjálfsagt að reyna að afnema þetta misrétti í frv., og geri ég tilraun til þess með 2.—6. brtt. minni á þskj. 910. Fyrsta brtt. er við 45. gr. Gr. hljóðar nú þannig: „Launþegar, sem taldir eru í 46. gr. og slasast við vinnu“ o. s. frv. Ég vil láta gr. vera orðaða þannig: Allir þeir, sem slasast við vinnu, eiga rétt til slysabóta samkv. því, er segir í 49.—58. gr., svo og vandamenn þeirra. — Hinar brtt., 3., 4., 5. og 6. brtt. á þskj., eru allar bein afleiðing af þeirri fyrstu. — Ég skal taka fram, að ég tel, að líka þurfi að taka til endurskoðunar ákvæði um aukagreiðslu vegna slysatrygginganna. En ég hef ekki lagt fram till. um breyt. á þeim ákvæðum samhliða þessu, því að ég vildi sjá, hvernig færi um þessar brtt., þessa tilraun til að færa frv. í nokkrum ákveðnum gr. í eðlilegt horf. Við 3. umr. er svo hægt að athuga hin atriðin, því að það getur farið nokkuð eftir því, hvernig fer með þessar brtt., hvernig ætti að koma þeim hlutum fyrir.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki vera langorður. Ég fór nokkrum orðum um þetta mál almennt við 1. umr. Og gat ég þess þá, að ég teldi ekki fært eða skynsamlegt að afgreiða þetta mál nú, og færði fyrir því nokkrar ástæður frá sjónarmiði stjórnarandstöðunnar í d. Ég benti á, að það væri óviðeigandi að setja svo stórfelldan lagabálk öðruvísi en að um leið væru gerðar ráðstafanir til þess að bæta úr margs konar mis-

fellum, sem eiga sér stað að okkar dómi bæði viðkomandi atvinnumálum og fjármálum. Ég færði að því nokkur rök frá okkar sjónarmiði, að það ætti að miða setningu nýrra tryggingal. við einn lið í ráðstöfunum til stefnubreytingar á atvinnu- og fjármálum. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði um þetta. En ég vil aðeins bæta því við, að mér virðist, að þær umr., sem hér hafa farið fram um málið, og sú afgreiðsla, sem það fékk í heilbr.- og félmn., bendi til þess, að sú málsmeðferð sé skynsamlegust að afgreiða málið með velviljaðri rökstuddri dagskrá í því skyni, að það verði athugað fyrir næsta þing og reynt verði að komast að samkomulagi um helztu misfellurnar í trausti þess, að fyrir þann tíma verði menn viðræðanlegri um að gera viðtækar ráðstafanir í þessum málum, og þessi tryggingamál verði einn liðurinn í þeim víðtæku ráðstöfunum til stefnubreytingar. — Ég vil einnig benda á það, sem hv. þm. V.-Húnv., 2. þm. N.-M. og fleiri hafa minnzt á, að það er mjög mikið í þessu frv. gagnvart sumum þjóðfélagsþegnum, sem litlar líkur eru til, að fáist leiðrétt, eins og nú standa sakir. Maður sér t. d. á afstöðu meiri hl. félmn., eins og hér hefur verið sýnt fram á, að ekki er í raun og veru að ræða um frv. til l. um almannatryggingar, nema frv. verði breytt verulega frá því, sem það er nú. Ég lýsi undrun minni yfir því, að það skuli ekki hafa hlotið betri undirtektir að gera þær breyt. á slysatryggingunum og sjúkratryggingunum, að þær yrðu alveg almennar og undantekningarlausar. En það virðist um það samið að stöðva þetta svona að sinni. — Ég skal svo ekki hafa fyrir þessu fleiri orð. Með leyfi hæstv. forseta mun ég lesa upp till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég hef fært rök fyrir aðallega við 1. umr.:

Deildin telur nauðsynlegt, að þjóðin kynnist máli þessu betur en orðið er, áður en því er ráðið til lykta. Síðan verði það tekið til úrlausnar í sambandi við þær ráðstafanir, er gera þarf til stefnubreytingar í fjárhags- og atvinnumálum, m. a. til þess að skapa tryggingunum traustan fjárhagsgrundvöll. — Í trausti þess, að þannig verði á málinu haldið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta dagskrártill.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. S.-M. hefur lýst dagskrártill. frá sér, og liggur hún fyrir til umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í d. ræddi ég nokkur atriði þessa frv. og beindi þá til þeirrar n., sem fékk málið til meðferðar, nokkrum atriðum sérstaklega og átti gjarnan von á því að sjá í till. frá n., eða a. m. k. í framsöguræðu frsm. n., þessum atriðum gerð einhver skil. En mér sýnist málið koma þannig frá n., að lítið sé að þessum atriðum vikið, sem ég gerði að umtalsefni. Ég tel því fulla ástæðu til þess, með tilliti til þeirra umræðna, sem fram hafa farið í d., að víkja nokkuð frekar að sumum þessum atriðum og reyna að fá það fram, hvort það er virkilega meining meiri hl. þeirrar n., sem með málið hefur haft að gera hér í d., að taka í engu tillit til málsins í þá átt, sem ég talaði um við 1. umr., — hvort það er fyrirfram ákveðið af þeim í meiri hl., að málið fari í gegnum d. í lítið eða ekkert breyttu formi. Það er þá fyrst og fremst ákvæðið í I. kafla frv. viðvíkjandi stjórn, yfirstjórn og framkvæmd tryggingaanna, sem ég ræddi hér um, sem sé ákvæðið í 11. gr. frv. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. lýsti því yfir, og það stendur einnig hér í nál. félmn., að n. hafi það til athugunar, hvort ekki muni nást samkomulag um að breyta ákvæðum 11. gr., og að sennilega verði það látið bíða til 3. umr. Ég verð að segja það, að ég kann mjög illa við þessa afgreiðslu og ég vil, að einmitt við 2. umr. málsins fái það að koma í ljós hér í d., hver er meirihlutavilji d. um þetta atriði, hvort það er meirihlutavilji fyrir því að láta Tryggingastofnun ríkisins þenja sig út um allt land og stofna skrifstofur í öllum kaupstöðum og þorpum landsins og svipta þar með bæjar- og sveitarfélög öllum möguleikum til þess að fá að hafa með framkvæmd tryggingaanna að gera. Við fyrri umr. málsins hér í d. minntist ég nokkuð á það í sambandi við þetta atriði, að það hefði komið fram, að ákveðnir menn í flokkum hefðu staðið hér að því að gera samning með sér um þennan kafla frv. og um framkvæmd þessara mála. Þá var þessu ekki mótmælt hér á neinn hátt, og ég skýrði frá einstökum þáttum þeirra samninga. En svo nú, við 2. umr., þá bregzt hæstv. dómsmrh. illa við, þegar á þetta er minnzt, og neitar því með öllu í rauninni, að það hafi farið fram þeir samningar, sem kunnugt er um og upplýst af hæstv. forsrh., að hafi farið fram einmitt um þetta atriði málsins. Ég vil því að gefnu tilefni fara nánar út í það, um hvað þarna hefur verið samið, og skal þá sýna fram á það, að það, sem hæstv. dómsmrh. gaf í skyn, fær á engan hátt staðizt. Við afgreiðslu málsins í Ed. var kunnugt, að Sjálfstfl. lagði á það áherzlu að fá annan forstjóra yfir þær stofnanir, sem hefðu með framkvæmd tryggingaanna að gera. Þetta mun flestum þm. vera kunnugt og að samningar við Alþfl., sem hæstv. forsrh. hefur nú skýrt hér frá, fóru einmitt fram um þessa hlið málsins. Þá var samið um það, sem við sjáum, að er nú í frv. eins og það kom frá Ed., — þá var samið um það, að það skuli skipaður sérstakur form. tryggingaráðs, sem átti að hafa miklu meira valdsvið en áður hafði verið gert ráð fyrir, og það er kunnugt mál, að í staðinn fyrir annan forstjóra yfir Tryggingastofnunina hafði Sjálfstfl. fengið það samþ. með samningum við Alþfl. að fá þennan formann, sem Alþfl. lagði kapp á að fá. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að þetta séu samningar Alþfl. og Sjálfstfl. En í staðinn fær svo áfram að standa í frv. það ákvæði, sem við urðum svo glöggt varir við hér í umr. um þetta mál og Alþ. heldur dauðahaldi í, sem er, að Tryggingastofnun ríkisins, sem verður eflaust undir framkvæmdastjórn Haralds Guðmundssonar, fái að skipa menn til að starfa við framkvæmd tryggingaanna út um landið, til að stofna skrifstofur og raða þar upp embættismönnum að sinni vild. Þetta ákvæði á að standa áfram, og það leynir sér ekki, hver heldur fastast í það ákvæði, — það er Alþfl.

Ég ræddi þetta mál við 1. umr. og benti á, að það eru engin frambærileg rök fyrir því, að skipa þessu máli á þá lund, sem gert er í frv., það er engin frambærileg ástæða til þess að taka það vald af sveitarstjórnum og bæjarstjórnum, sem þar hefur verið fram til þessa og viðkemur framkvæmd tryggingganna. Í sambandi við almannatryggingar, sem veita ákveðin réttindi, virðist vera einfaldast að leyfa t. d. bæjarstjórnum að kjósa á lýðræðislegan hátt þá n., sem á að hafa innan umdæmisins með framkvæmd málsins að gera, enda hefur því ekki verið mótmælt, að þetta hefur gengið svona til um sjúkratryggingarnar og örorkutryggingarnar, og hefur enginn fundið að því. En það er skiljanlegt, að Alþfl. líti það hýru auga að geta komið á svona skrifstofubákni út um allt land. Ég vil nú að gefnu tilefni vænta þess, að fram komi hjá hæstv. dómsmrh. og öðrum þeim, sem vilja hafa þetta mál á þessa lund, einhver skýring á því, að þeir telja svo nauðsynlegt, að Tryggingastofnun ríkisins fái að koma upp þessu embættismannakerfi út um allt land. En eins og ég sagði við fyrri umr., þá sættum við okkur ekki við þetta fyrirkomulag, sem erum fulltrúar staða utan af landi, þó að Sjálfstfl. hafi samið um það að fá hér form. tryggingan., nokkurs konar varaframkvæmdastjóra við hliðina á Alþfl. Enn fremur var samið um það við borgarstjórann í Reykjavík, Bjarna Benediktsson, að yfirtaka það starfslið, sem nú vinnur við sjúkratryggingarnar í Reykjavík, til að vinna áfram við Tryggingastofnun ríkisins, og við sættum okkur ekki heldur við slíka sérsamninga þeim til handa. Við viljum láta leggja til grundvallar í þessum efnum það, sem er eðlilegt og réttlátt, að fólkið í umdæmunum annist á venjulegan hátt framkvæmd tryggingganna í sínu umdæmi, eftir því sem l. og reglur mæla fyrir um, og við neitum því, að almannatryggingar eigi að standa undir einhverju skrifstofubákni, sem einn flokkur telur sér svo mikilsvert að koma upp, því að það verður ekki lítill fjárhagsbaggi og kostnaðarkerfi, sem þarna virðist vera á uppsiglingu. Í umr., sem fóru fram í dag, sagði hæstv. dómsmrh. með nokkrum þjósti, að það, sem 11. landsk. þm. hefði hér sagt um sérsamninga milli Alþfl. og Sjálfstfl. um afgreiðslu málsins, væri algerlega rangt. En það er nú alveg upplýst mál að þetta er fullkomlega rétt. Það er sem sagt rétt, að Alþfl. nær samningum við Sjálfstfl. um það að rýra allverulega bætur til mæðra og ekkna. Það er staðreynd, að Alþfl. náði þessum samningum, og það er enginn ágreiningur um það, að Sósfl. stóð ekki að þessum samningum. Það liggja fyrir upplýsingar um það, að Sjálfstfl. og Alþfl. sömdu um það, að annar þessi flokkur hefði nokkurs konar varaframkvæmdastjóra yfir tryggingunum og að starfslið sjúkrasamlagsins hér í Reykjavík skuli yfirtekið, en hinn flokkurinn haldi embættis- og skrifstofubákn, sem hann óskar eftir að koma upp. Þessar staðreyndir liggja fyrir, og þýðir ekki í móti að mæla. Þegar svo bæði ég og aðrir fara hér fram á það við 2. umr., að þessu ákvæði verði breytt í réttlátara horf og meira að óskum þess fólks, sem við tryggingarnar á að búa, þá virðist þar ekki hægt neinu um að þoka, og þá er sagt, að þetta megi bíða til 3. umr., og má þá búast við, að reynt verði að smeygja þessu fram af sér einnig við 3. umr., til þess að halda í þetta ákvæði, ef eitthvað mætti marka af því, hvað fast er í þetta haldið. Það er fullkomlega eðlilegt, að fólkið í tryggingaumdæmunum, sem stendur undir yfirgnæfandi meiri hl. kostnaðarins við framkvæmd tryggingganna, sem verður að borga há iðgjöld til þess að halda tryggingunum uppi, og þeir fulltrúar, sem þetta fólk velur til þess að annast framkvæmd tryggingganna, annist þetta starf, en ekki einhverjir stjórnskipaðir menn héðan að sunnan.

Hér hafa að vísu komið fram nokkrar brtt., sem miða að breyt. á þessu atriði, sem ég hef gert að umtalsefni, meðal annars hefur hv. 2. þm. N.-M. flutt till. um að breyta þessari gr. Sú brtt. er nokkuð til bóta, en er engan veginn fullnægjandi; eftir sem áður stendur það opið fyrir Tryggingastofnun ríkisins og framkvæmdastjóra hennar að raða upp þessum skrifstofubáknum út um allt land og að skipað sé trúnaðarmannakerfi og gengið með öllu fram hjá bæjar- og sveitarstjórnum, og full ástæða er til að búast við því, þó að hans till. yrði samþ., að slíku kerfi yrði komið upp. Ég álít sem sagt ekkert annað viðunandi í þessum efnum en að taka það skýrt fram, að umdæmin sjálf hafi rétt til þess að annast framkvæmd tryggingganna hvert á sínum stað, og ég tel ekki sæmandi, að d. víki sér á neinn hátt undan því að taka skýra afstöðu til þess. Óskar Alþ. eftir því, að svona skrifstofubáknum verði komið upp og að framkvæmdin verði á þá lund, sem hér er gert ráð fyrir, eða vill það verða við því að heimila bæjar- og sveitarstjórnum, hverjum á sínum stað, að annast þessi mál?

Svo eru hér nokkur atriði, sem ég vildi minnast á frekar, og í því sambandi beina fyrirspurn til frsm. meiri hl. og hæstv. dómsmrh., og það er viðvíkjandi þessum tryggingganefndum, sem ég annars geri lítið úr, eins og það er ákveðið í 11. gr. Þar er talað um, að þessar tryggingan. skuli kosnar af bæjar- og sveitarstj. í umdæmunum að nýafstöðnum kosningum. Hvernig er nú hugsað að framkvæma þetta, þar sem t. d. bæjarstjórnarkosningar fara fram á allt öðrum tíma en sveitarstjórnarkosningar í mörgum hreppum og annars staðar þar sem svo háttar til, að kaupstaður og t. d. 2—3 sveitahreppar liggja saman í tryggingaumdæmi, því sennilega er það á mörgum stöðum? Er þá ætlunin, að allar hreppsn. af þessum svæðum og svo bæjarstjórn kæmu saman til sameiginlegs fundar og kysu þá venjulegri hlutfallskosningu þá tryggingan., sem þarna er rætt um? Ég álít ekki verjandi að kasta höndunum svo til að setja ákvæði viðvíkjandi þessum tryggingganefndum. Þá er annað atriði. Hvernig er ætlazt til, að farið verði með kostnað af störfum tryggingan., ef einhver yrði? Eru það bæjar- og sveitarstj., sem eiga að standa undir kostnaði af þeim tryggingan., eða eru það tryggingarnar sjálfar? Ég hef ekki getað fundið neitt ákvæði, sem segir til um það.

Svo er einnig ákvæði viðvíkjandi tryggingaumdæmunum. Það væri fróðlegt að heyra hér eitt-

hvað um það, hvernig yfirleitt þessi tryggingaumdæmi hafa verið hugsuð. Er meiningin að hafa alla kaupstaði sértryggingaumdæmi? Eða á að hræra kaupstöðunum saman við sveitahreppana, og er ætlunin að láta þessi tryggingaumdæmi vera mjög stór? Ég er sannfærður um það, að ef farin verður sú leið að hafa tryggingaumdæmin stór, þá koma fram margvíslegir örðugleikar á þessari framkvæmd með tryggingan.

Þá voru hér nokkur önnur atriði, sem ég minntist á við fyrri umr., t. d. viðvíkjandi iðgjaldagreiðslum. Mér skilst, að n. sú, sem hefur fjallað um málið, sé ekki til viðtals um það að breyta því, sem farið hefur verið fram á, að iðgjaldagreiðslurnar skuli breytast, og verður þá að koma hér fram við atkvgr., hvernig meiri hl. lítur á það. Ég fyrir mitt leyti vil undirstrika það sem áður, að ég tel sjálfsagt, þegar komin eru þetta há iðgjöld, eins og hér er gert ráð fyrir, í þessum tryggingum, þá sé verulegur hluti af gjöldunum tekinn eftir tekjuhæð þeirra, sem eiga að greiða gjöldin, þannig að þeir tekjuhærri ættu að greiða mun hærri iðgjöld en hinir. Ég mun því styðja till., sem fer í þá átt. Svipað sýnist mér hafa farið um það atriði, sem ég drap á við 1. umr., sem er viðvíkjandi sjúkrabiðtíma fyrir smáframleiðendur. N. virðist ekki hafa fengizt til að ræða um þetta efni. Er það meiningin að ganga þannig frá þessari löggjöf, að t. d. smáframleiðendur, eins og þeir, sem vinna víða í sjávarþorpum landsins við smábátaútveg, verði settir í hóp með atvinnurekendum og látnir bíða 5—6 vikur, þar til þeir koma til greina við dagpeningagreiðslur vegna veikinda? Er meiningin að flokka alla bændur líka í hóp atvinnurekenda og láta þá bíða í jafnlangan tíma? Eins og ég lýsti við fyrri umr., tel ég þetta misráðið, enda get ég ekki séð, að það sé nokkur frambærileg ástæða fyrir því að haga þessu á þessa lund, smáútvegsmenn og bændur eiga algerlega að vera samhliða launþegum í þessum efnum. Hitt skal ég svo viðurkenna, að það er rétt að láta nokkuð annað gilda um stærri atvinnurekendur, fyrst á annað borð er gengið inn á þá braut, eins og víða er gert í þessu frv., að taka tillit til efnahagsástæðna og þeirra kjara, sem menn eigi við að búa, í sambandi við greiðslur til tryggingganna. Það kom hér fram í framsöguræðu hv. frsm. n., að það yrði að fara varlega með þetta mál hér á Alþ., vegna þess að það væri mikil hætta á, að málið næði ekki fram að ganga, ef einhverjar breyt. yrðu gerðar á því. Ég get ekki skilið það, eins og undir þetta mál hefur verið tekið hér á Alþ. og eins og það virðist vera vel valdað með stjórnarsamningnum, að það sé nein óskapleg hætta á því, að málið nái ekki fram að ganga, þótt breyt., sem miða að því að gera ákvæði frv. réttlátari, verði samþ. Ég held, að þetta sé aðeins fyrirsláttur. Ég er sannfærður um, að þó að breyt. yrðu gerðar á þessu frv. og það færi til Ed., þá mundi það samt ná fram að ganga. En ég met það mjög mikils, að þetta mál nái fram að ganga, og tel það alveg sjálfsagt, en slíka afgreiðslu eins og það, að setja alla smáútvegsmenn og bændur í flokk með atvinnurekendum landsins, það tel ég enga þörf í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Enn þá síður sé ég ástæðu til þess að taka þann rétt af bæjar- og sveitarstj. að annast framkvæmd tryggingganna í sínu umdæmi og koma upp því embættisbákni, sem hér virðist vera kappsmál nokkurra manna, — enn þá síður sé ég ástæðu til þess, að frv. verði afgr. á þá lund.

Ég hef sem sagt dregið það við mig að flytja hér brtt. um þau atriði, sem ég hef hér aðallega rætt um, vegna þess að ég gekk út frá því sem gefnu, að n. mundi taka þessi mál til afgreiðslu og ræða þau og skýra frá því, hvernig afstaða hennar væri til þeirra hér við 2. umr. En nú hefur hún gengið framhjá þessu atriði og segist ætla að láta það bíða til 3. umr. Þess vegna vil ég sjá við 2. umr., hvernig meiri hl. d. tekur þessu máli. Hitt skal ég svo taka fram, að ég hefði talið æskilegt, að það hefði verið reynt að semja um þau atriði, sem hér er deilt um. En ég mótmæli því algerlega, að stjórnarfl. hafi samið um málið á þá lund, sem það liggur hér fyrir nú, enda er það upplýst, að Alþfl. og Sjálfstfl. virðast hafa samið um stjórn þessara tryggingamála og að einungis þeir tveir flokkar stóðu að þeim samningum, sem fjalla um lækkun á hlunnindum eða rétti samkvæmt þessum tryggingum, og ég tel mig ekki skuldbundinn til þess að draga mig til baka um það að flytja brtt. við frv. á þessa lund, og mun fylgja því eftir, að breyt. nái fram að ganga á frv. í þessa átt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom til 1. umr. hér í d., þá var páskaleyfi að hefjast, svo að þm. stilltu sig mjög um það að ræða málið almennt, en vildu greiða fyrir því að koma því til n. — Ég mun nú við þessa umr. segja nokkur orð almennt um málið, um leið og ég ræði brtt., sem ég flyt við það á þskj. 938, og vænti ég þess, að hæstv. forseti hafi ekkert við þetta að athuga nú við 2. umr. málsins.

Það er öllum augljóst, að hér er um mjög stórt mál að ræða, og vafalaust má segja, að það sé í eðli sínu gott mál. Það er jafnvel talað um það af ýmsum ræðumönnum og í blöðum stjórnarfl., að með þessu frv. eigi að gera hvorki meira né minna en skapa nýtt þjóðfélag og betra en hið eldra. Það fylgir þessu máli, sem nær til allra manna í landinu, — skattþegna landsins, — að um leið og það veitir þeim nokkur réttindi, leggur það þung gjöld á alla skattgreiðendur í landinu. Það er nú gert ráð fyrir því, að sú velta, sem skapast um þetta mál, muni nema meiru en helmingi þess, sem öll fjárlögin nema nú, og er þetta nokkur leiðarvísir um það, hvað hér er stórt mál á ferðinni. Ég dreg það ekki í efa, að þetta er í rauninni mjög gott mál, eins og ég hef þegar tekið fram, en ég held, að þar sem um svona stórvægilega breyt. er að ræða frá því, sem nú er, að þá sé ætlaður nokkuð naumur tími til afgreiðslu þessa máls, þar sem gert er ráð fyrir, að mér skilst, að Nd., þar sem sitja ⅔ þm., eigi aðeins að fá fáa daga til þess að fjalla um það. Ég held, að það sé þó enn þá meira áberandi, hvað fólkið, sem býr út um byggðir landsins, veit nauðalítið um það, hvað hér er á ferðinni, — það hefur alls ekki fengið tækifæri til þess að kynna sér þetta mál til neinnar hlítar, því að gögnin í málinu hafa alls ekki verið lögð undir

dóm fólksins og ekki kynnt því að neinu leyti. Hv. frsm. þessa máls sagði í ræðu sinni í dag, að þetta mál væri mjög vel undirbúið, og lagði á það nokkra áherzlu, en ég held, að þegar litið er á það, þá skipti mjög í tvö horn, eftir því á hverja hlið málsins er litið.

Á þinginu í vetur, alllöngu fyrir jól, var þm. afhent stór bók, sem er skýrsla um þetta mál, og ýmis gögn, sem að tryggingamálum lúta. Ég hef gluggað nokkuð í þessa bók, og dylst mér ekki, að það er merkilegt heimildarrit, sem hefur margt að geyma, og að þeir menn, sem það hafa tekið saman og athugað það efni, sem þar er skrásett, hafa vissulega lagt alúð við sitt verk og að það hefði ekki verið á allra færi að gera það jafnvel. En þegar litið er til þess, hvað fólkið úti um landið hefur fengið að kynnast þessu máli, þá kemur fram allt önnur mynd af undirbúningi þess, því að frv. er flutt og lagt hér fyrir þingið um það leyti, sem þm. voru að fara í jólafrí, og þá fyrst fengu þeir að lesa þetta frv. mitt í önnum fjárlagaafgreiðslunnar, og út um landið er þetta alls ókunnugt. Um þetta atriði skýtur mjög skökku við, þegar það er borið saman við þann undirbúning, sem ýmis önnur stórmál hafa fengið. Ætla ég sem dæmi um það að minnast á tvennt í því sambandi, þar sem mþn. hafa undirbúið málin. Fyrir stuttu starfaði hér póstmálanefnd, sem skipuð var eftir sérstakri till., sem samþ. var hér á Alþ., og hóf hún starf sitt á því að skrifa öllum sveitarstjórnum út um gervallt landið og leita eftir áliti þeirra um það, í hvaða horf ætti að færa það mál, sem n. var fengið til að gera till. um. Þegar þau svör eru komin frá sveitarstjórnunum, þá tekur þessi n. fyrst til starfa og byggir till. sínar að miklu leyti á þeim upplýsingum, sem hún fær utan af landi, og ég hygg, að þessi n. hafi kvatt á sinn fund hvern einasta þm. utan af landi til ráðlegginga um þær till., sem hún bar fram, áður en málinu var ráðið til lykta.

Ég minnist þess enn fremur, að mþn. í skólamálum mun hafa haft nokkuð svipuð vinnubrögð. Hún skrifaði sérhverjum kennara og skólan. og leitaði álits þeirra um viss atriði í þeim málaflokki, sem mþn. hafði haft til athugunar, og byggði svo störf sín að verulegu leyti á þeim svörum, sem hún fékk frá þessum aðilum utan af landinu, og þegar hún samdi frv., tekur hún eins mikið tillit til þessara svara og henni er auðið. Þó var frv. sent aftur til umsagnar og athugunar þessara aðila, bæði kennara og skólan. í landinu, og það er fyrst þegar þessi undirbúningur og athugun hefur farið fram, að frv. er lagt hér fyrir Alþ. til athugunar og samþ. Þegar þetta er borið saman við það stórmál, sem við nú fjöllum um, verður ekki annað sagt en að þarna sé mjög ólíkt að farið. Sveitarstjórnirnar úti um landið, sem verða að eiga sinn hlut í framkvæmd þessa máls og standa við þungar skuldbindingar og greiðslur í sambandi við það, þær vita nú alls ekkert um það, hvað hér er á ferðinni. Það þarf ekki annað en hitta mann utan af landsbyggðinni til þess að sannfærast um það, að mönnum fellur ekki þessi afgreiðsla málsins, og það þarf ekki annað en ganga hér í símaklefann og hafa samband við mann utan af landi, einkum þá, sem hafa það í hendi sinni að sjá farborða fátækum og fámennum sveitarfélögum, til þess að heyra, að það er ekki einhliða fögnuður hjá þeim yfir afgreiðslu þessa máls, — yfir því nýja þjóðfélagi, sem hér er verið að skapa, — heldur bera þeir mikinn ugg í brjósti um það, að hér sé verið að reisa landinu hurðarás um öxl og sveitarfélögum mjög þungar byrðar, sem menn vita þó óglöggt, hverjar eru, og eru gramir yfir því, að gersamlega hafi verið gengið framhjá þeim um undirbúning málsins.

Þessi aðferð og þetta flaustur, sem haft er um afgreiðslu málsins, þætti mér ekki ólíklegt, að kynni að valda því, að málið yrði í sjálfu sér óvinsælla úti um landið en kannske væri ástæða til, því að ég endurtek það, að eðli málsins samkvæmt er hér um gott mál að ræða. Það verður ekki framhjá því gengið, að þetta frv. leggur þungar byrðar á skattþegna landsins, bæði einstaklinga og sveitarfélög. Það er þá einnig til marks um það, hvað skortir á um fulla athugun og undirbúning málsins, að það er gert ráð fyrir því að leggja á sveitarfélög 4½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót og jafna því niður eftir vissum reglum, sem tiltekið er í frv., en þótt ég hafi flett nokkuð þeim gögnum, sem þessu máli fylgja, hef ég hvergi getað fundið skýringu á því, hvernig þessari upphæð skuli raunverulega skipt niður á sveitarfélögin hvert um sig. Og ég hef það fyrir satt, að jafnvel þeir, sem betur hafa kynnt sér þetta mál, eins og hv. 3. landsk. þm., vísasti maður hinna vísustu, geti ekki gefið skýringu á því, hvað miklar byrðarnar eru, sem lenda á hverri sýslu, og þeim mun síður á hvern hrepp. Það má segja, að það væri í rauninni lágmarkskrafa, þegar þm. eiga að greiða atkv. um jafnstórfellt fjárhagsatriði og það, sem hér er um að ræða, að það lægi fyrir einhver áætlun, einhver tilraun hefði verið gerð til þess að reikna það út, hvernig þetta mundi falla á sveitarfélögin í landinu. En það virðist ekki hafa verið gert, og verður að segja, að um þennan þátt málsins skorti mjög á, að undirbúningur sé svo fullkominn sem þörf hefði verið og æskilegt væri. Það er í rauninni óverjandi að bjóða þm. upp á að greiða atkv. um jafnmiklar byrðar og þetta án þess að þeir hafi hugmynd um, hvað þeir eru að gera gagnvart héraði sínu. Hefði ég fengið upplýst, hvað félli á það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, hefði ég staðið miklu nær að gera mér sjálfum grein fyrir því, hvað mundi falla á hvern hrepp fyrir sig, en þessu er ekki til að dreifa. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að leggja mjög þungar byrðar á sveitarfélög og það jafnvel enn meir en gert er með nokkurri annarri löggjöf, sem ég þekki til. Það er alkunnugt og ekkert óvenjulegt, að í löggjöf sé ákveðið, að sveitarfélög skuli greiða svo og svo mikinn part af vissum útgjöldum, en það fylgir jafnan, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hafi sjálfsákvörðunarrétt um það, í hvaða framkvæmdir þau ráðist, og hafi þannig hönd í bagga um það, hve miklar byrðar þær taki á sveitarsjóðina. Ég man t. d. eftir því í sambandi við vegagerðir, að venjulega eiga sveitarfélögin að leggja fram fé til vegagerða, en

greiða vissan part af framlagi t. d. sýsluvegagerðar, en sveitarstjórnirnar hafa það í hendi sinni, hver á sínum stað, hve mikið þær láta gera af vegum þetta og þetta árið, og þannig geta þær ráðið miklu um framkvæmd þessa atriðis.

Hið sama má segja t. d. um löggjöf um skólabyggingar, að sveitarfélögin skuli leggja fram svona og svona mikinn part af byggingarkostnaði, en þau hafa það í hendi sinni, hvort þau ráðast í þessar byggingar, og mega haga framkvæmdum í samræmi við vilja fólksins og aðstöðu á hverjum tíma. Ég verð að benda á það, að jafnvel þó að mörg sveitarfélög hafi tekið á sig miklar byrðar og mikla fórnfýsi í sambandi við byggingar skólahúsa, þá er það að miklu leyti vegna þess, að sveitarstjórnirnar hafa þetta frelsi. Þegar t. d. sveit eins og Árnessýsla lagði í það að reisa heimavistarskóla, þá var þetta átak fram komið að miklu leyti vegna þess, að þar var ekki gengið hart eftir peningagreiðslum einum, heldur var lögð fram vinna að nokkru leyti upp í kostnaðinn. Það er líka kunnugt, að ýmis héruð hafa gert stór átök á þessu sviði, en þau átök hafa fyrst og fremst verið gerð vegna þess, að fólkið sjálft hefur haft frelsi til þess að hafa þessi mál með höndum og hefur mátt leggja fram sinn hlut t. d. í vinnu og á annan hátt, en löggjafarvaldið bindur því ekki að fullu þessar byrðar með peningagreiðslum einum upp í þessi framlög.

Í sambandi við þetta frv. skilst mér, að forstöðumenn þessarar stofnunar eigi að jafna þessu framlagi niður á hreppana í landinu, án þess að sveitarstj. séu nokkuð um það spurðar. Þetta kemur eins og hár skattur ofan á öll önnur gjöld, sem sveitarstj. fá engu um ráðið, þær eiga að taka á móti þessu og greiða það eins og fyrir þær er lagt. Með þessum l. eru því sveitarstj. úti um landið settar skör lægra en í öðrum l., þar sem nokkurs er krafizt af þeirra hendi.

Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því, að þetta frv. gerir ráð fyrir að leggja allþungar byrðar á einstaklingana í landinu, þar sem eru fyrst og fremst hin föstu iðgjöld til tryggingarinnar, auk þess sem allir atvinnurekendur eiga að greiða sérstakan skatt. Nú er það svo, og meðal annars liggur það fyrir í þeirri góðu bók, sem ég drap á áðan, að tekjur manna eru mjög misjafnar, bæði fer það eftir stéttum og eins eftir búsetu. Hér liggur það fyrir meðal annars, að á sama tíma sem skattþegn í Reykjavík hefur 11500 kr. tekjur, hefur t. d. skattþegn austur í Suður-Múlasýslu einungis 4700 kr. tekjur, og skattþegn í Dalasýslu 4300 kr. og í Skaftafellssýslu 4900 kr. Svona mætti rekja töfluna alla í gegn. Það liggur í augum uppi, að þessir menn, sem búa við svo misjöfn kjör og tekjur sem raun ber vitni um, hljóta að eiga misjafnlega auðvelt með að greiða föst iðgjöld, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg óhugsandi að gera ráð fyrir því, að t. d. skattþegn austur í Suður-Múlasýslu, sem hefur 4700 kr. tekjur á sama tíma og Reykvíkingur hefur 11500 kr., eigi jafnauðvelt með að greiða þessi föstu gjöld. Ef gjöldin eru fyrst og fremst föst og miðuð við hvern einstakling í landinu, þá verður vitanlega að líta fyrst og fremst á hag þeirra, sem erfiðasta hafa aðstöðuna, og fyrst og fremst að miða þessi föstu gjöld við þá tekjulægstu í þjóðfélaginu, en seilast heldur til hinna eftir öðrum leiðum, sem betur mega sín. Ég verð að álíta, að þau föstu gjöld, sem sett eru í þessu frv., séu of há, en hitt hefði verið miklu nær, sem raunar brtt. liggja nú fyrir um frá ýmsum þm., að hafa þessi föstu gjöld mun lægri en hér er gert ráð fyrir, en láta heldur þá, sem betur eru staddir, greiða til sjóðsins á annan hátt, eftir öðrum reglum, með hundraðsgjaldi af tekjum, eins og till. hefur þegar verið flutt um. Ég vænti þess, að hv. þd. athugi það mál gaumgæfilega og reyni að skila þessu þannig úr hendi sér, að viðunandi verði að þessu leyti. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 118. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 886, n. 935, 900, 908, 910, 936, 937, 938, 953).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 953. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson [frh.]: Það munu vera um 30 til 40 ár síðan sett voru l. um ellitryggingar. Þeim l. var breytt árið 1936, er samin voru l. um alþýðutryggingar. Nú liggur hér enn fyrir breyt., annað frv. um almannatryggingar. Það er fróðlegt að athuga fyrirsagnir þessara trygginga, og bera þær saman. Fyrst eru ellitryggingar, svo alþýðutryggingar og nú almannatryggingar. Almannatryggingar er stórt orð, enginn greinarmunur er gerður á mönnum. Í 1. gr. segir svo:

„Allir íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast hér á landi, skulu tryggðir samkvæmt lögum þessum og njóta réttinda þeirra, er greinir í II. og III. kafla laganna, eftir því sem við á um hvern og einn, og bera skyldur samkvæmt IV. og V. kafla.

Um íslenzka ríkisborgara, sem dvelja erlendis, fer eftir ákvæðum 106. gr. laganna."

Ef við svo flettum við blaðinu, kemur inn á það sama. Í 16. gr. segir svo:

„Sé greiðslum ellilífeyris frestað, hækkar árslífeyrir hins tryggða sem hér segir:

68	ára	gamall	maður fær	5% í viðbót
69	—	—	— —	10% - —
70	—	—	— —	15% - —
71	—	—	— —	20% - —
72	—	—	— —	25% - —
73	—	—	— —	30% - —
74	—	—	— —	35% - —
75	—	eða eldri	—	40% - —

Þeir, sem við gildistöku laganna eru eldri en 67 ára og taka lífeyri þegar í stað, hljóta lífeyri samkv. 15. gr. án hækkunar þeirrar, er um ræðir í 1. mgr. hér á undan. Ef þeir hins vegar fresta lífeyristöku, fá þeir 5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður án þess að þeir taki lífeyrinn."

Af þessu virðist rétt að draga þá ályktun, að ákvæði 16. gr. eigi að ná einnig til þeirra, sem komnir eru á þann aldur, þótt fullfriskir séu. — Þannig er frv. allt. En þegar komið er að lokunum, kemur í ljós, að ekki er ætlað að framkvæma þetta þannig, því að í bráðabirgðaákvæðum er margt af þessu tekið aftur. Ef maður, sem

kominn er yfir 67 ára aldur, er svo klár, að hann geti unnið sér fyrir fæði, ef hann telur fram í skattaskýrslu 3000 kr., þá á að klípa af þessum lífeyri, sem hann hlýtur. Í Ed. var sett inn ákvæði um, að ef áætlanir standist ekki, eigi ekki að láta nægja þessa skerðingu, heldur eigi að lækka þessar tölur um 50%. Ef maður hefur 1200—1400 kr. á ári, þá á að fara að skerða lífeyrinn. Ef gamalmenni geta unnið fyrir tekjum, sem nema einni kýrnyt, 4 þús. kr., getur verið að lífeyririnn falli niður með öllu. Allir sjá, að hér er sýnd veiði, en ekki gefin. Sem betur fer eru til gamalmenni komin yfir 67 ára aldur, sem geta unnið sér inn fæði að einhverju leyti, en þá fá þeir ekki styrkinn að öllu leyti. Þess vegna ber ég fram brtt., og fjallar hún um að víkka þetta ákvæði og miðar við umreiknaðar eða niðurfærðar tekjur. Ég kem með brtt. um, að lífeyrisgreiðsla falli ekki niður, þótt gamalmenni hafi hálft verkamannakaup, en ég get þó fallizt á till. hv. 2. þm. S.-M., og verði hún samþ., er hægt að skoða mína till. sem varatill.

Þegar breyt. var gerð á grundvelli ellitrygginganna fyrir 10 árum, var einnig byggt á sjóðmyndun, þannig að einstaklingar yrðu að greiða í sjóð og safna innstæðum. Þess vegna var ekki hægt að láta lífeyrissjóðsgjaldið koma til framkvæmda þá þegar. En því var lofað þegar þau l. voru sett, að byrja ætti að greiða úr sjóðnum að 12 árum liðnum, enda er þetta staðfest í frv. því, sem nú liggur fyrir. Nú er sá tími óðum að nálgast. Það á að byrja að greiða úr þessum lífeyrissjóði, sem einstaklingar hafa safnað sér á þessum 10 árum, á sama tíma og sumir kaflar þessa frv. koma til framkvæmda, ef það verður samþ. Þegar á þetta er litið, er enn ósanngjarnara að skerða svo mjög lífeyrinn, að hann nái ekki til allmargra þeirra manna, sem komnir eru á þann aldur og ættu eftir eðli málsins að eiga fullan rétt á þessum greiðslum, því að því var heitið með hinum l., að allir ættu að fá þennan hlut, sem þeir gætu fengið, þegar lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hæfust, sem ætti að verða 1948.

Nú kann einhver að segja, að það sé að vísu æskilegt, en það sé ekki hægt nema með nýrri lagabreytingu og fyrirmælum og það hindri framkvæmd þessara l., sem nú er verið að ræða um að setja. En ég verð að segja það, að það hefur margur byrjað með minna en tug millj. kr. varasjóð þegar sett hefur verið á stofn ný stofnun. En nú er ætlunin með þessum l. að slá saman lífeyrissjóðnum, sem safnazt hefur á 10 árum, sem varasjóði trygginganna. En nú er ekki lengur byggt á sjóðsöfnun, heldur grípur ríkið inn í og á að greiða úr ríkissjóði og svo atvinnurekendur. Og vegna þess er með miklu meiri rétti hægt að fara fram á það og krefjast þess, að lífeyrisgreiðslur verði ekki skertar nú á fyrstu árunum.

Ég drap á það, þegar ég hóf mál mitt, að ég álít, að það sé ekki rétt, eins og stefnt er að í frv., að gera svona mikinn greinarmun á mönnum eftir stéttum og efnahag, og eru þar ekki öll kurl komin til grafar. Það hefur verið sýnt fram á það af öðrum hv. þm., og einna gleggst af hv. þm. V.-Húnv., að það á að gera æðimikinn greinarmun á greiðslum til manna eftir því, hvort þeir teljast atvinnurekendur, t. d. smáframleiðendur, eða hvort þeir teljast launþegar. Gildir það bæði um sjúkra- og slysabætur, og skal ég ekki lengja þær umr., með því að það hefur verið ýtarlega tekið fram af hv. þm. V.-Húnv., sem hefur skýrt frá þessu atriði. En ég vil þó til viðbótar segja það, að ég fæ ekki betur séð en þetta frv. sé þannig úr garði gert, að ef t. d. maður slasast eða fær fingurmein við fiskvinnu, einkum ef hann er ráðinn sem háseti á bát eða við aðgerðir fisks í landi, þá fái hann slysabætur, en bóndinn, sem fær t. d. handarmein við vinnu á búi sínu, fær samkv. þessu frv., eftir mínum skilningi á því, engan rétt til slysabóta nema hann kaupi þær sérstaklega, hafi þá fyrirhyggju, og þá með auknu iðgjaldi. En launþeginn á ekki að greiða nein iðgjöld vegna þessara slysatrygginga úr sínum vasa, heldur fyrst og fremst sá, sem ræður hann í vinnu. Þarna er um gífurlegan mismun að ræða, og mér er það lítt skiljanlegt, hvers vegna þessu er komið svona fyrir af þeim, sem beita sér einkum fyrir þessu máli.

Það er kunnugt, að með sexmannanefndarálitinu var gert ráð fyrir, að kjör bænda yrðu sambærileg við kjör verkamanna og sjómanna, og var þá gert ráð fyrir, að meðalbú færði bóndanum þær tekjur, sem þessar stéttir annars hefðu. Nú liggur ljóst fyrir, að til þess að halda uppi slíku búi, sem færir bóndanum þessar tekjur, þarf hann að hafa í sinni þjónustu einn karlmann og einn kvenmann og einn ungling mikinn hluta ársins. Nú verður bóndinn samkv. þessu frv. að greiða allmikil gjöld vegna þessa fólks í tryggingarsjóð, sem er atvinnurekendasjóður. Nú er mér ekki ljóst, og væri æskilegt að fá það upplýst frá þeim, sem að þessu máli standa, hvort bóndinn á að taka þessar greiðslur af sínu eigin kaupi og borga fyrir þetta fólk af þeim launum, sem honum ber sjálfum, svo að hann hafi svipaðan hlut og verkamaður og sjómaður. Ef leggja á þetta á framleiðsluna, ætla þá þeir, sem fyrir þessu máli standa, og ríkisstj. að beita sér fyrir því, að tekinn verði upp nýr liður í landbúnaðarvísitöluna sem þessu nemur?

Þá get ég ekki komizt hjá að drepa á þessi atvinnurekendaiðgjöld, sem hver maður á að greiða, ef hann hefur einhvern mann í sinni þjónustu. Þau eru á margan hátt ósanngjörn, að þau skuli vera lögð á í því formi, að þau koma þyngst niður á þeim, sem erfiðasta hafa aðstöðuna. Það er kunnugt og verður lengi minnzt, hvernig sú lagasetning verkaði, sem sett var af núverandi hæstv. fjmrh. um veltuskatt á fyrirtæki, þannig að þau fyrirtæki, sem seldu vörur með lítilli álagningu, hafa orðið þyngst úti. Nú sýnist mér stefnt að því marki með þessi atvinnurekendaiðgjöld, sem fólgin eru í þessu frv. Maður, sem hefur haft aðstöðu til þess að búa vel um sig, t. d. bóndi, sem hefur mikið af véltæku landi og vinnur mikið að framleiðslunni með vélum og hefur þegar komið sér vel fyrir, — hann þarf fátt fólk að hafa í sinni þjónustu og greiðir þar af leiðandi lítil atvinnurekendaiðgjöld, sem falla í þennan sjóð. En bóndinn, sem á eftir að búa jafnvel um sig og þarf að

gera stórt átak nú til þess að rækta landið til þess að geta unnið með vélum, þarf að ráða til sín marga menn og borga þar af leiðandi margfalt hærri atvinnurekendaiðgjöld, sem renna í þennan sjóð. Sama máli gegnir um iðnaðarmenn. Maður, sem komið hefur sér svo vel fyrir, að hann afkastar miklu meira með stórvirkari vélum en annar iðnaðarmaður, sem ekki hefur enn eins góðar vélar, borgar tiltölulega lægri atvinnurekendaiðgjöld. Þetta finnst mér óeðlilegt og öðruvísi en það ætti að vera.

Þá get ég ekki komizt hjá því að minnast á það, þó að það liggi ekki beinlínis fyrir í brtt., að með þessu frv. er á yfirborðinu stefnt að því að veita allri alþýðu manna svipuð réttindi og embættismenn ríkisins hafa um lífeyri. En þegar betur er að gætt, er þó allmikill munur gerður þar á eftir stéttum í þessu efni, þó að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Og er þá ekki aðeins um það að ræða, sem ég hef gert að umtalsefni áður, hvernig takmarkaður er lífeyririnn fyrstu árin, heldur einnig, að hann á að koma síðar til útborgunar til alþýðu manna heldur en til embættismanna. Nú hafa verið til lög, sem varða embættismenn ríkisins, sem láta af störfum 65 ára, og samkvæmt þeim er þeim tryggður lífeyrir um leið og þeir láta af störfum. En á sama tíma, við 65 ára aldur, á bóndinn og verkamaðurinn að borga full iðgjöld í þennan lífeyrissjóð. Það er ekki aðeins, að þeir fái ekki fullan lífeyri, heldur eiga þeir að greiða full iðgjöld. Þetta finnst mér ekki sanngjarnt. Mér hefði fallið miklu betur, að frv. hefði verið byggt þannig upp, að það hefði a. m. k. verið horfið frá því að innheimta iðgjöld eftir að menn hefðu náð 65 ára aldri. Það hefði þó strax verið bót, ef menn hefðu ekki þurft að standa undir slíkum greiðslum eftir að þeir væru komnir á sjötugsaldur. Hins vegar sé ég, að það mundi valda nokkurri röskun á frv., eins og það er byggt, að koma þessari breyt. á, en ég teldi það í alla staði fara betur í þessu máli, að sú regla yrði upp tekin. — Í sambandi við þetta vil ég drepa á það, að á meðan l. um ellitryggingar giltu, var aldurstakmarkið miðað við 60 ára aldur. Það var fyrst þegar l. um alþýðutryggingar voru sett, að tekið var að miða við 67 ára aldur, sem byggt var á því, að þá átti að vera um sjóðstofnun að ræða, og var einmitt miðað við það að ávaxta sjóðinn um þetta árabil. En nú er miklu minni ástæða til þess að halda fast við þetta, þar sem það er ekki byggt á sjóðstofnun, heldur lagður nýr grundvöllur og farin önnur leið til þess að afla þessa gjalds. En á meðan l. um ellitryggingar voru í gildi, höfðu sveitarstj. framkvæmt þetta þannig að veita þessar greiðslur fólki, sem komið var yfir 60 ára aldur, þó að það hefði ekki náð 67 ára aldri. Þegar l. um alþýðutryggingar gengu í gildi, ráku sveitarstj. sig á það, að með þessari breyt. varð útundan töluvert af fólki, sem hafði fengið styrk áður. Og þetta atriði var þá tekið svo alvarlega af þeim, sem höfðu stjórnað þessum málum, að gefin voru út brbl. um þetta ákvæði. Það féll í hlut hv. 3. landsk. þm., sem þá var ráðh., að hlutast til um, að þessi brbl. væru sett í sínum tíma. Þau er að finna í Alþt. frá 1937, og af því að hér er um örstutt mál að ræða, ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp, á hverju þau voru byggð og hvaða atriði voru tekin þar til úrlausnar. Þar segir: „Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefur þegnlega tjáð Oss, að við framkvæmd alþýðutryggingal. hafi komið berlega í ljós, að nokkuð af fólki á aldrinum 60—67 ára, sem undanfarið hefur notið ellistyrks, komi nú ekki til greina við úthlutun ellistyrks né örorkubóta, þar sem starfsorka þess sé ekki rýrnuð um meira en 50%, en að þetta fari í bága við þá tilætlun Alþingis, er alþýðutryggingal. voru samin, að gamalmennum yrðu tryggð meiri hlunnindi en áður, og hvergi yrðu skert áður fengin hlunnindi, og þurfi því að laga þetta, áður en komi til úthlutunar styrks í haust. Teljum Vér með skírskotun til framanritaðs brýna þörf að setja brbl., samkv. 23. gr. stjskr., þessu til lagfæringar.“ — Og l. eru svo, að aftan við 2. málsgr. 81. gr. l. bætist: „Enn fremur fólk yngra en 67 ára, sem áður hefur notið ellistyrks samkv. l. nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.“ Mér er kunnugt um, að í skjóli þessa ákvæðis hafa ýmsar sveitarstj. framkvæmt þetta þannig, að til greina við úthlutun ellistyrks hafi komið fólk, sem var á aldrinum milli 60—67 ára, ef um erfiðar heimilisástæður var að ræða, fátækt eða því um líkt. Eins og kunnugt er, hafa sveitarstj. haft á valdi sínu að ákveða upphæð styrkjanna og ákveða, hverjar kæmu til greina af umsóknum um styrkina. En með þessu frv. á að breyta því, það hverfur úr höndum hreppsn. og Tryggingastofnun ríkisins greiðir hverjum aðila beint heim til hans þá upphæð, sem l. ákveða. Nú vildi ég mega leitast fyrir um það hjá hæstv. félmrh. og frsm. þessa máls, hvernig þetta atriði sé frekar í þessu frv., sem hér er til umr. Ég hef ekki orðið þess var, að í því standi ákvæði, sem taki þetta með í reikninginn, en vel má vera, að svo sé, og væri æskilegt að fá skýringar um það. En ég sé það ekki, og tel ég fulla ástæðu til þess fyrir 3. umr. málsins að gefa því gaum, hvort ekki væri ástæða til þess að flytja brtt. í þessa átt, því að mér sýnist, að annars sé hér að skapast alveg sama viðhorfið nú og þegar brbl. voru sett fyrir 10 árum síðan.

Ég skal svo fara að stytta mál mitt. Ég hef drepið hér á nokkur atriði og sýnt fram á, að því miður vantar nokkuð á, að þetta frv. sé svo úr garði gert, að það sé alls kostar viðunandi eins og það liggur fyrir. Og ég skal að lokum aðeins minna á það, að hið sérstaka gjald fyrir iðgjaldaskírteini verði ekki innheimt sérstaklega, heldur skoðist það sem hluti af iðgjaldi þess árs. Þarna er að vísu ekki um stórt atriði að ræða, en þó þykir mér eðlilegt, að þessi breyt. nái framgangi, og vænti þess, að henni verði vel tekið hér í hv. d.

Ég skal svo láta þessar aths. nægja, a. m. k. að sinni.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og vænta mátti, hafa nokkrar umr. orðið um þetta frv.

síðan ég flutti framsöguræðuna um málið. Ég verð að minnast á nokkuð, sem fram hefur komið í umr., þó að þar verði stiklað á stóru, enda hafa í ræðum fleiri en eins hv. þm. komið fram aths. um sama atriðið. Og þó að ég minnist á þennan hv. þm. eða annan, þá er óbeint svarað því, sem aðrir hv. þm. kunna að hafa sagt í líka átt.

Ég vil þá fyrst víkja nokkuð að ræðu hv. 11. landsk. Um hana verð ég fyrst að segja það, að tiltölulega lítill tími af ræðu hans gekk til þess að ræða brtt., er hann flytur á þskj. 900. En verulegur hluti af ræðu hans var alls konar dylgjur og áróður í garð Alþfl., sem leitt hafa til nokkurra umr. innbyrðis milli þriggja hæstv. ráðh. En mér þykir rétt að koma strax að þessu atriði, af því líka það snertir þær brtt., sem fluttar eru af honum og hv. 2. þm. N.-M. við 11. gr. frv.

Hv. 11. landsk. lagði hvað eftir annað orð að því, að Alþfl. hefði haft mestan áhuga á því að halda óbreyttum fyrsta kafla frv., sem hann taldi vera á þá leið, að einokuð væri stjórn almannatrygginganna, bæði höfuðstöð þeirra hér í Rvík og einnig staðir úti um landið, undir Alþýðuflokksmenn, sem þar störfuðu, og gaf í skyn, að Alþfl. hefði gert kaupsamning við Sjálfstfl. um að skera niður framlag úr ríkissjóði meðal annars til ekkna og munaðarleysingja til þess eins að geta haldið einokunaraðstöðu sinni yfir stjórn tryggingamálanna. Ljótt væri, ef satt væri. En það hefur þegar komið fram í umr. milli ráðh., að hér er um hreinar aðdróttanir að ræða. Fulltrúar Sósfl. hafa að því staðið að binda svo fyrir endann á fjárframlögum ríkissjóðs til almannatrygginganna, að nauðsyn var að skera einhvers staðar niður af því, sem upprunalega var ákveðið í frv.

Það kom greinilega í ljós í umr. hinna þriggja hæstv. ráðh., að aðalumr. um lausn þessa máls höfðu fyrst farið fram milli Alþfl. og Sjálfstfl., og vil ég alls ekki neita, að svo hafi verið, þó að málið hafi verið rætt á sameiginlegum fundi félmn. beggja d., þar sem allir flokkar áttu fulltrúa mætta á fundi. En Sjálfstfl. setti það skilyrði, eins og upplýst hefur verið af hæstv. fjmrh., að dregið yrði úr fjárgreiðslum ríkissjóðs. Upphaflega krafan var um 7—8 millj. kr., en seinna sætzt á um 4 millj. kr. En það hefur verið hlutverk Alþfl. fyrr og síðar að berjast fyrir tryggingarmálunum á Íslandi og leita samninga við alla flokka til þess að koma tryggingarmálunum í gegn á Alþ., upphaflega við Framsfl. 1936, og voru það oft stífir og strangir samningar, og þurfti Alþfl. þá líka að slá af kröfum sínum einmitt til þess að koma málinu í gegn. En það tókst samt sem áður árið 1936 að leggja grundvöll að *þeirri merkilegu löggjöf, sem nú er verið* að byggja ofan á með þessu frv. — Það er einkenni alls þingræðis, ef enginn einn flokkur hefur hreinan meiri hl. á löggjafarþingi þjóðarinnar, að semja verður á milli flokka, sem hafa talsvert ólíkar skoðanir, til þess að koma málefnum fram. Það getur enginn einn minni flokkanna öllu ráðið, heldur verður hann að taka tillit til hinna flokkanna, til þess að bjarga í gegn meginkjarna af sínum áhugamálum. Það var gert 1936, og það verður einnig gert nú 1946. Alþfl. hefur í bæði skiptin, 1936 og 1946, haft aðstöðu til að berjast fyrir nýjum tryggingarmálum og semja, í fyrra skiptið við Framsfl. og í síðara skiptið við Sjálfstfl. Afleiðingin hefur orðið sú, að Alþfl. hefur orðið að slá af því, sem hann frekast vildi vera láta. Þegar svo var komið málum, að sýnilegt þótti, að ekki væri hægt að fá Sjálfstfl. til þess að vinna að almannatryggingal. nema með því, að skorið yrði niður framlag úr ríkissjóði um 4 millj. kr. frá því, sem fyrst var farið fram á, þá var athugað, hvar væri minnst tilfinnanlegt að skera niður, og var þá fyrst borið niður á Atvinnustofnun ríkisins, næst var svo jarðarfararstyrkurinn, og *loks var breytt um og dregið nokkuð úr styrk* til mæðra með börnum þeirra, þegar þetta hafði verið rætt ýtarlega, þannig að kunnugt var fulltrúum Sósfl., hvað fór á milli Alþfl. og Sjálfstfl. Og eftir því, sem ég bezt veit, og komið hefur fram í ræðum hinna þriggja ráðh., þá þótti Sósfl., alveg eins og Alþfl., slæmt að þurfa að skera niður það, sem upphaflega var áætlað af fjárframlögum úr ríkissjóði. En þeir sáu, að ekki mundi hægt að koma fram málinu nema með samvinnu við Sjálfstfl. Þeir munu hafa látið svo, að þeir gætu vel við þetta unað og tekið til athugunar, hvað hægt væri að skera niður. Hins vegar var, eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir hér á Alþ. í gær, ekki hægt annað að skilja á framkomu Sósfl. en þeir byggjust við að koma með brtt. um niðurskurð á öðrum liðum frv., til þess að geta haldið óskertum styrknum til barnsmæðra.

Það varð samkomulag milli meiri hl. félmn. Ed. Alþ. um að takmarka það, sem áður var ótakmarkað í 118. gr. frv., um fjárframlög úr ríkissjóði til tryggingana. Upphaflega gr. hljóðaði þannig: „Ríkissjóður greiðir tryggingasjóði það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka á hver fjárlög áætlunarupphæð í framangreindu skyni.“ Það var augljóst, að Sjálfstfl. vildi ekki við það una, að þessi endi væri óbundinn, að það væri óbundið, hve mikið fé væri veitt til tryggingana. Mþn., sem samdi frv., áætlaði, að fjárveiting ríkisins yrði 24 millj. kr. og fjárframlag sveitarfélaga 15,3 millj. Það varð niðurstaðan í Ed., með samhljóða till. fulltrúa Alþfl., Sjálfstfl. og Sósfl., að flytja brtt. um að binda fjárframlögin úr ríkissjóði eftir 118. gr. upphaflega við 7 millj. kr. eða 7½ millj., þegar lækka átti tillagið frá sveitarfélögunum um ½ millj. Sósfl. hafði staðið að þessu með Alþfl. og Sjálfstfl., að binda endann hvað snertir fjárframlög úr ríkissjóði við ákveðna upphæð, sem veitt væri á fjárl. Þetta hefur orðið að samkomulagi *og þýðir ekki fyrir hv. 11. landsk. eða nokk*urn annan að þræta fyrir það. Það liggja fyrir skjöl í þ., sem sanna það.

Þá kem ég að hinu atriðinu, og skildu nú leiðir Alþfl. og Sósfl. um, hvað skera skyldi niður til að ná því takmarki, sem sett var í till. þessara þriggja flokka. Og það hafði mátt búast við því, að leiðir gætu skilið á einn eða annan hátt. Sósfl. heldur sig að því að afnema Atvinnustofnun ríkisins og styrki til jarðarfara. En hins vegar

skyldi Sósfl. koma með till. um annan niðurskurð, sem samsvaraði niðurskurði, sem Alþfl. vildi ganga inn á um niðurskurð til barnsmæðra. En hvað gerir Sósfl.? Hann heldur áfram, þegar búið er að „binda endann" frá ríkissjóði, og kemur með stórkostlegar fjárhækkunartill. frá því, sem upphaflega var í frv., og færir þannig úr skorðum sjálfrátt eða ósjálfrátt það samkomulag, sem hann hafði gert við aðra flokka. Þegar búið var að ná samkomulagi um að binda fjárframlag ríkissjóðs við vissa upphæð, var ekki nema um eitt að gera, að koma sér saman um, hvað skera ætti niður frá því, sem upphaflega var í frv. Það er fjarri því, að Sósfl. hafi ekki staðið að þessu samkomulagi. Hann hefur gert það, þótt hann vilji nú ekki kannast við það vegna yfirboða, sem hann telur rétt að viðhafa hér í þinglokin.

Þá skal ég koma að till. hv. 11. landsk., sem eru ágæt sýnishorn um það, hvernig hann og hans flokkur fer með málefni. Eins og ég sagði áðan, var búið að gera samkomulag milli Alþfl., Sósfl. og Sjálfstfl. um að binda fjárveitinguna við 7½ millj. kr. eða skera niður um 4 millj. samanlagt frá ríkissjóði, bæjar- og sveitarfélögum. Nú verður að reikna með því, að sú áætlun, sem mþn. gerði, er útbjó frv., sé svo nálægt lagi sem auðið er að komast, enda tóku þátt í samningu frv. fulltrúar allra stjórnmálaflokka Alþ. Það verður að ganga út frá, að þessi áætlun sé svo trygg, að hægt sé að byggja á henni fjárhagsgrundvöll. En hvað gerir hv. 11. landsk. þegar flokkur hans er búinn að binda fjárveitinguna úr ríkissjóði? Hann flytur brtt., sem hafa í för með sér 10—12 millj. kr. útgjöld fyrir tryggingarnar, og einnig brtt. um tekjur til almannatrygginganna, sem nema því, að dregið sé úr tekjum þeirra um 3 millj. Svona eru aðfarirnar. Það er sem sagt um brtt. hv. 11. landsk. við 15. gr. frv. óhætt að segja, að þær hækka kostnaðinn um 7½ millj. kr., eftir áætlun, sem fyrir liggur frá mþn., og frásögn fróðra manna.

Síðan kemur barnalífeyririnn. Hann mun sennilega nema samtals, samkv. till. 11. landsk., 3—4 millj. kr. til hækkunar. Í 8. brtt. leggur svo hv. þm. til, að lækka skuli iðgjöldin stórkostlega, en tryggingarnar skuli í staðinn fá hundraðshluta af tekjum einstaklinga og félaga. Með vissu er ekki hægt að segja, hvernig þetta muni koma út, en það er nokkurn veginn víst, að það mun lækka persónuleg iðgjöld sem nemur 7 millj. Hitt er vafasamt, hvort hægt er að reikna, hvað fæst með hundraðshlutagjaldi einstaklinga og félaga, en það fer engan veginn upp úr 4 millj., og kemur þá í ljós 3 millj. kr. tekjurýrnun. Ég get sagt við hina góðu fulltrúa Sósfl., að það stæði ekki á Alþfl. að hafa lífeyrinn miklu hærri en frv. gerir ráð fyrir, ef Alþfl. og Sósfl. hefðu meiri hl. á Alþ., þ. e. a. s., ef Sósfl. fengist þá til að gera samkomulag við Alþfl., og hækka útgjöldin sem því næmi. En samtímis teldi a. m. k. Alþfl., að gera yrði ráðstafanir til að afla aukins fjár. Það þýðir ekki að segja, að tryggingarnar eigi að vera svona og svona háar, ef það er ekki tryggt, að fé sé fyrir hendi í almannatryggingunum til þess að inna þær greiðslur af höndum. En það stendur ekki á Alþfl. að hafa tryggingarnar sem fullkomnastar. En flokkur, sem bindur sig við veruleikann, verður að halda sig að því, hvað hægt er að fá mikið fé til trygginganna í upphafi. Og Alþfl. hefur þá trú, eins og hann hafði 1936, að það muni vera hægt að leiðrétta þá galla, sem upphaflega eru á þessum l. Það er ekki hægt að fá allt í einu með því að semja við flokk, sem ekki hefur sömu sjónarmið og Alþfl. En ég hygg, að veruleikinn minni ekki á brtt. hv. 11. landsk. Þær eru sem sé um 10—12 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir almannatryggingarnar og 3 millj. tekjurýrnun fyrir sömu tryggingar, án þess að gerð sé nokkur minnsta tilraun til þess, að fé sé fyrir hendi hjá almannatryggingunum til að inna þetta af höndum. Og þetta er gert með þá fortíð að hafa gert samkomulag um að takmarka fé úr ríkissjóði til almannatrygginganna. — Um það atriði, sem hv. 11. landsk. var að dylgja um, að við hefðum viljað fórna styrkjum til ekkna, barnsmæðra og munaðarleysingja til þess að geta haldið við flokkslegum yfirráðum Alþfl. yfir almannatryggingunum, vil ég lýsa yfir því, að það eru ósannar og það vísvitandi ósannar dylgjur. Það var samið milli flokkanna um II. og III. kafla almannatrygginganna, en það náðist ekki samkomulag um I. kaflann. Hitt er rétt, að það var ágreiningur milli Sjálfstfl. og Alþfl. og er milli Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. og milli Sósfl. og Sjálfstfl. um, hvernig eigi að vera um hnútana búið með fyrsta kafla frv. Sá ágreiningur er ekki jafnaður enn. Við vonum, að hann verði jafnaður með eðlilegum hætti.

Ég verð að segja út af þessum tryggingan., að hugsunin með tryggingan. var að hafa fulltrúa frá umdæmunum eða sveitarfélögunum, til þess fyrst og fremst að gæta hagsmuna hinna tryggðu. Nú rekast kannske á að einhverju leyti hagsmunir hinna tryggðu og þess, sem tryggir, í þessu tilfelli Tryggingastofnunar ríkisins. Þess vegna var eðlilegt, að heimilað væri að hafa eins konar umboðsmenn fyrir Tryggingastofnunina úti um land, til þess að gæta hagsmuna stofnunarinnar og greiða fyrir innheimtu til stofnunarinnar og fleiru þess háttar. Þessi hugsun lá til grundvallar 11. gr. frv. Nú er það rétt, að hér hefur hv. 2. þm. N.-M. flutt brtt. við frvgr., á þskj. 937. Mun ég geta að mörgu leyti hugsað mér, að hægt væri að ganga inn á þær breyt., enda mun hugmyndin, sem þar liggur til grundvallar, vera komin frá hv. 2. þm. Eyf., sem lagði til að hafa þessar tryggingan. blandaðar, þannig að í þær sé valið að sumu leyti af sveitarstjórnum héraðanna, en að hinu leytinu af Tryggingastofnuninni, með það fyrir augum, að hægt væri að láta tryggingan. gæta hvors tveggja, hagsmuna hinna tryggðu og Tryggingastofnunarinnar, og væri það vel við eigandi. En það er ekki ákveðið milli okkar fulltrúa og fulltrúa Sjálfstfl. í félmn., hvernig þessu yrði hagað á 11. gr. Hv. 2. þm. N.-M. hefur sagt, að hann væri reiðubúinn að taka aftur brtt. til 3. umr. Og ef ekki verður komið fram samkomulag um tilhögunina út af þessari gr. áður en þessari umr. er lokið, þá vildi ég óska, að hv. þm. stæði við tilboð sitt og tæki aftur brtt. til 3. umr. — Ég held ég þurfi ekki að eyða frekari orðum að ræðu hv. 11.

landsk. En mér fannst óhjákvæmilegt að vísa til föðurhúsanna þeim miklu dylgjum og getsökum, sem hv. þm. bar á Alþfl., en eru tilefnis- og tilhæfulausar, og sýna fram á, hve þessar brtt. hv. 11. landsk. eru byggðar á miklum fjarstæðum, ef þær eru þá nokkuð hugsaðar, en það veit ég satt að segja ekki, hvort er.

Ég skal víkja með nokkrum orðum að brtt. hv. 2. þm. N.-M. og þeim ummælum, sem hann lét falla undir meðferð málsins. Þarf ég ekki að geta nánar um brtt. við 11. gr. Hv. þm. leggur til, að breytt sé um frá því í frv. að hafa tvö verðlagssvæði fyrir tryggingarnar. Ég fyrir mitt leyti, og ég hygg ég mæli það fyrir hönd meiri hl. félmn., get ekki gengið inn á þá breyt. Það er hægt að færa allmikil rök fyrir því, að það sé talsvert dýrari framfærsla í kaupstöðum allflestum en á öðrum stöðum á landinu. Mér er kunnugt um það, að í nýrri stórkostlegri félagsmálalöggjöf, sem Svíar hafa sett á hjá sér, er farið inn á þá leið að hafa svæðin þrjú. Grunnstyrkurinn er eins á öllum svæðunum, en staðaruppbótin mismunandi. Og það hefði verið hægt að fara inn á þá leið hér að hafa grunnstyrkinn þann sama, en mismunandi staðaruppbót, meiri eða minni með tilliti til þess, hvað hún þyrfti að vera til að skapa jafnrétti. Ég held ekki sé ástæða til að fara út á þá braut, sem hv. 2. þm. N.-M. leggur til, eða það sé eðlilegra og réttlátara að hafa verðlagssvæðið eitt í stað tveggja. Það er rétt hjá hv. þm., að launakjör opinberra starfsmanna eru jöfn hvar sem er á landinu, t. d. bæjarfógeta og sýslumanna. Hins vegar vitum við, að launakjör verkamanna eru talsvert mismunandi, t. d. í Rvík og Hafnarfirði annars vegar og kauptúnum og sveitum hins vegar. Og það á rætur sínar að rekja til þeirrar skoðunar, að hægt sé að komast af með minna á þessum svæðum en hinum. Það er ákaflega erfitt að ákveða, hvað tekjumismunurinn eigi að vera mikill, en það er samt áreiðanlegt, að framfærslukostnaðurinn er mismunandi mikill á hinum ýmsu stöðum á landinu. — Þá koma brtt., sem leiðir af því, að verðlagssvæðunum væri breytt, og fer ég ekki út í þær. — Því næst er 7. brtt., sem er við 42. gr. frv. Hefur hún orðið hér í umr. mikill ásteytingarsteinn. Hefur það einkum komið fram hjá framsóknarmönnum og að einhverju leyti hjá sósíalistum. Þetta er viðkomandi mismunandi sjúkrabótum. Einkum framsóknarmenn höfðu orð á því í umr., að stefnu þeirri, sem yfirlýst var, að fylgja ætti í frv. um almannatryggingar, væri ekki fylgt út í æsar, bæði hvað snertir sjúkra- og slysatryggingar og lífeyrisgreiðslur. Það, sem átt er við með almannatryggingum, sem nái jafnt til allra án tillits til búsetu og fjárhags, er lífeyrisgreiðslan, eins og hv. þm. A.-Sk. rifjaði upp, og las hann upp 15. gr. frv., sem um þetta fjallar. En eins og ég benti á í frumræðu minni, skapast millibilsástand um 5 ára skeið, þar sem menn njóta ekki jafns lífeyris, og er þá mismunað eftir fjárhagsafkomu manna. Það þótti ekki fært að taka stökkið allt í einu. En þegar 5 ár eru liðin, kemur reglan, sem liggur til grundvallar frv., til framkvæmda: Allir menn, fátækir og ríkir og hvar sem þeir búa og hvernig sem þeirra högum er háttað, eiga rétt til lífeyris þegar þeir hafa náð vissum aldri. Þessi regla kemur til framkvæmda eftir 5 ár.

Um sjúkratryggingarnar samkv. 42. gr. hafa nokkrir hv. þm. talað og álitið óréttlátt að láta biðtímann fyrir atvinnurekendur vera 5 vikur, en 11 daga fyrir launþega. Þetta væri óréttlátt, ef ekki væri gerð undantekning. En það er bæði gert í 42. og 43. gr. En hitt er jafnvíst og ég veit ekki til þess, að það sé gert nokkurn tíma að mismuna mönnum ekki eitthvað með biðtíma. T. d. þótt forstjóri hjá stóru fyrirtæki liggi í ½ mánuð eða 3 vikur, þá hefur það engin áhrif á fjárhag hans. Er því ástæðulaust að bæta honum það upp. En ef launþegi verður fyrir veikindum, hefur það strax áhrif á hans afkomu. Það er því rétt að mismuna þarna nokkuð. En reglan gæti verið of einstrengingsleg, ef engin undantekning væri gerð. Undantekningin er gerð í niðurlagi b-liðar 42. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 11. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús eða atvinnurekstur hans stöðvast.“ Þarna er undantekning gerð, svo að biðtími atvinnurekanda fer niður í það sama og hjá launþega, ef atvinnurekandinn fer á sjúkrahús og atvinnurekstur hans stöðvast. — Og það eru fleiri undantekningar til þess að koma í veg fyrir óréttlæti. Í 2. málsgr. 45. gr. segir svo: „Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.“ Ef atvinnurekandi fer á sjúkrahús, fær hann sama biðtíma og launþegi. Ef atvinnureksturinn stöðvast, fær hann einnig það sama. Og þótt hann liggi ekki rúmfastur, en þurfi að taka mann í sína þjónustu, fær hann einnig sama biðtíma. Mér finnst satt að segja, að þarna sé búið að gera svo miklar undantekningar, að ekki sé hægt að tala lengur um óréttlæti í þessu sambandi. Ég hygg, að allt talið um óréttlæti sé ekki byggt á sterkum rökum.

Þá ætla ég að víkja að brtt. varðandi slysatryggingarnar, þótt hún sé frá öðrum flm. — Í frv., eins og það liggur fyrir breytt frá Ed., er gert ráð fyrir í 45. gr., að launþegar, sem taldir eru upp í 46. gr. og slasast við vinnu, eigi rétt til slysabóta samkv. því, er segir í 49.—58. gr., og vandamenn þeirra. Við skulum athuga, hvað liggur til grundvallar hugsuninni um slysatryggingar, frá því að fyrstu slysatryggingarnar voru settar hér á landi og alls staðar annars staðar. Við miðum þá fyrst við það, að atvinnurekandinn hafi hagnað af þeim mönnum, sem hann hefur í vinnu hjá sér, og hann geri það til að fá ágóða að hafa menn í þjónustu sinni. Og í hinu gamla latneska máltæki segir: Sá, sem hefur hagnaðinn, á líka að hafa áhættuna. Þetta er lagt til grundvallar slysatryggingunum. Það er atvinnurekandinn, sem hefur hagnaðinn af vinnu verkamannsins, og hann á líka að bera kostnaðinn af slysum, sem þeir verða fyrir í þjónustu hans. Slysatryggingarnar eru byggðar upp á þessari reglu. Þess vegna eru slysabætur eingöngu til þeirra manna, sem vinna hjá öðrum mönnum. Og iðgjöldin til þess að halda uppi

slysabótum eru öll innt af höndum af atvinnurekendum. Ef fara ætti að jafna þetta út, þá er horfið inn á ný sjónarmið í tryggingamálum, sem ég veit ekki til að þekkist nokkurs staðar, hvorki hér á landi né annars staðar. Atvinnurekandinn ber uppi með iðgjöldum sínum allar greiðslur slysabóta til hinna slysatryggðu. Ef horfið væri frá þessu, er komið inn á nýjan grundvöll með slysatryggingar. Og það er einmitt bent á þetta í löggjöfinni sjálfri, bent á það, að atvinnurekendur geta slysatryggt sjálfa sig með frjálsum tryggingum hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ég held þess vegna, að þetta yrði til þess að raska þeim eðlilega og réttmæta slysatryggingagrundvelli, sem alls staðar er viðurkenndur. Og eins og ég sagði áðan, atvinnurekendum er bent á leið til þess að slysatryggja sig með frjálsum tryggingum. Það má segja, að það sé hart að mismuna einstöku atvinnurekendum, sem hafa mjög litla atvinnu, eins og hv. 6. landsk. talaði um og kallaði trillukarla og smábændur, og venjulegum vinnumönnum eða launþegum. Má að vissu leyti segja, að það verði alltaf þannig, þegar búnir eru til fleiri en einn flokkur, að alltaf sé einhver sveimur á takmörkunum milli flokkanna, þar sem spurningin er, í hvaða flokki þessir eða hinir ættu að vera. En hitt rýfur alveg kerfið, sem byggt er á, og þyrfti þá að byggja upp nýtt kerfi. Hv. þm. V.-Húnv. hefur komið fram með brtt., sem gengur í þessa átt, að láta alla menn vera yfirleitt slysatryggða án tillits til þess, hvort þeir vinna hjá sjálfum sér eða öðrum. En ég hef sýnt fram á, að það fær ekki staðizt eftir þeim grundvelli, sem frv. þetta er byggt á. Hv. þm. V.-Húnv. vill meina, að allir þeir, sem slasast og vinna, eigi rétt til slysabóta samkv. 48. gr. Segjum, að þetta væri gert. Þá er gefið, að gera þyrfti meiri breyt. á frv. Eftir frv. er gert ráð fyrir, að atvinnurekandi greiði kr. 1,50 á viku fyrir hvern mann, sem hann hefur í sinni þjónustu. Það er iðgjald til þess að halda uppi bótum til hinna tryggðu. Ef þetta væri gegnumfært eins og hv. þm. leggur til, þarf hver maður, sem stundar vinnu, og atvinnurekendur sjálfir að borga fyrir sjálfa sig sérstakt iðgjald. En það hefur engin brtt. komið frá hv. þm. um þetta. Og það er óstætt á þessu, að láta þetta ná til allra, öðruvísi en gera um leið breyt. á því ákvæði frv., sem ræðir um iðgjöld til slysatryggínganna.

Ég held þá, að ég hafi drepið á höfuðatriði þeirra brtt., sem komið hafa fram hér nú frá nokkrum þm. En mér þykir þó rétt að geta þess til viðbótar, í sambandi við brtt., sem komið hafa fram frá 11. landsk. og 2. þm. N.-M., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er byggt upp á tekjum, sem eru framlög hinna tryggðu, fjárframlög frá ríki, bæjarfélögum og atvinnurekendum. Þetta eru höfuðtekjustofnarnir. 4/7 hlutar af því, sem á að vera tekjulind trygginganna, er frá ríki og sveitarfélögum. Þessara tekna er aflað að verulegu leyti með beinum sköttum, sem jafnað er niður á menn í sveitarfélögunum eftir efnum og ástæðum, og frá ríkinu, m. a. með tekjuskatti. 4/7 af kostnaðinum eru þess vegna frá bæ og ríki og aflað á þann hátt, sem ég hef nefnt. 1/7 er frá atvinnurekendum, og þarf ekki að orðlengja um það, enda talað um það áður, og 2/7 hlutar eru byggðir á iðgjöldum einstaklinga. Eftir því, sem ég bezt veit alls staðar annars staðar, þar sem komið hefur verið á slysatryggingum, eru framlög einstaklinga ekki minni hluti en hér er farið fram á, hlutfallið ekki lakara fyrir einstaklinga, sem greiða til trygginga hér, en annars staðar þar, sem ég þekki til. — Ég skal ekki segja um útreikningana hjá hv. 2. þm. N.-M., hvort gera má sér vonir um, að iðgjöldin verði eins mikil og þar er gert ráð fyrir. Ég fyrir mitt leyti hef ekki verið andstæður því að fara inn á slíka leið. En það lítur bara út fyrir, að um það náist ekki samkomulag þeirra manna, sem annars vilja tryggja framgang þessa frv. Því að það er ekki nóg að fá samkomulag þeirra manna, sem vilja eyða málinu með sífelldum brtt., heldur þeirra manna, sem eru sammála um, að málið eigi fram að ganga á Alþ. Hér liggur t. d. fyrir till. um rökst. dagskrá frá hv. 2. þm. N.-M. í þeim eina tilgangi að eyða málinu. (*PZ:* Það er ekki eitt orð satt í þessu). Ég bið hv. þm. mikillega afsökunar, að ég skyldi ætla honum þetta skemmdarverk, því að þessi till. er komin frá 2. þm. S.-M. En ég vildi segja það, að þótt ég hefði persónulega vel getað hugsað mér að hliðra eitthvað til, t. d. að hækka hundraðsgjaldið, þá er ekki víst, að um það næðist samkomulag. En afstaða mín til brtt. markast m. a. af því, að engar þær breyt. verði gerðar á frv., sem stofna málinu í hættu.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði hér örfá orð og flutti í lok ræðu sinnar rökst. dagskrá á líkan hátt og hv. þm. Str. í Ed. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þau rök, sem hann færði fram fyrir afgreiðslu málsins á þá lund. En fyrir okkur, sem trúum á þennan málstað, eru þau skemmdarstarf, sem kemur fram í þessari rökstuddu dagskrártill. Það á að eyða málinu um stund, en ekki er að vita, hvenær hægt væri að taka það fyrir aftur. Þar að auki er í samningnum milli stjórnarflokkanna, sem stóðu að ríkisstj., gert ráð fyrir setningu slíkrar löggjafar, og Alþfl. heldur sig fast að þeim málefnasamningi og hefur enga ástæðu til að halda annað en hann verði haldinn.

Þá kom fram hjá hv. 2. þm. S-M. og hv. þm. A.-Sk., að mál þetta væri illa undirbúið. Hafði hv. þm. A.-Sk. þar um allmörg orð og gerði samanburð á þessu frv. og fræðslulöggjöfinni, sem hér liggur nú fyrir þinginu. Ég held nú, ef borið er saman fræðslulöggjöfin annars vegar og almannatryggingarnar hins vegar, að undirbúningurinn undir almannatryggingunum hafi sízt verið minni en undir fræðslulögjöfinni, og met ég þó mjög mikils verk þeirrar n., sem vann að undirbúningi þess frv. Hún vann vel að þeim málefnum og hefur komið með till., sem eru mjög mikils virði og bæta skólakerfið á Íslandi, og eru þau mál sumpart afgr. hér nú á Alþ. En fyrst og fremst eru almannatryggingarnar byggðar á þeim grundvelli, sem lagður var með alþýðutryggingal. 1936, en síðan hefur mþn. og sérfræðingar um geysilangan tíma unnið að undirbúningi þessa máls. Ég held því, að fá mál hafi fengið betri undirbúning á Alþ. en einmitt löggjöfin um almannatryggingar. Ég gæti t. d.

minnt á frv., sem búið er að afgr. nú, frv. um landnám og nýbyggingar í sveitum, sem kom hér fram þegar mjög var áliðið þings, stórkostlegt nýmæli í íslenzkri löggjöf, sem mun nú orðið að l. Þetta mál var miklu minna undirbúið en frv. um almannatryggingar, og var það þó stórt mál, raunar ekki eins stórt og tryggingafrv. Ég held, að ekki hafi þá komið hljóð úr horni um lítinn undirbúning á því máli, og stafar það af því, að þessi þm., hv. þm. A.-Sk., sem telur sig fulltrúa bænda, hélt, að hér væri um hagsmuni þeirra að ræða. En þegar kemur annað mál, miklu betur undirbúið, kvartar hann um, að skorti undirbúning.

Ég held nú ég hafi þá svarað flestu af því, sem fram hefur komið og ég tel ástæðu til að minnast á. Ég vil að lokum draga það saman, sem ég hef nú hér látið koma fram í ræðu minni. Það er þá í fyrsta lagi þetta, að gerðir voru samningar milli allra stjórnarflokkanna um að takmarka fjárframlög úr ríkissjóði við ca. 20 millj. Innan þess ramma á að vinna að afgreiðslu málsins. Fulltrúar Sósfl. hafa farið út fyrir rammann, eftir að hafa smíðað hann með okkur. Alþfl. hefur haldið sig innan rammans. Margar af þeim brtt., sem fram hafa komið frá þm., eru þess eðlis, að þær eru sumpart til þess að stofna málinu í hættu og til þess að rjúfa þann heildargrundvöll, sem tryggingalöggjöfin er byggð á. Þessar till. á því að mínu viti að fella. Eftir er þá sérstaklega eitt viðkvæmt atriði, sem er sérstaklega viðkvæmt af hálfu Sósfl., en það er 11. gr. frv. Ég vil vænta þess, að um hana geti orðið samkomulag milli stjórnarflokkanna þriggja og jafnvel Framsfl. líka, því að brtt. hv. þm. N.-M. bendir til þess, að hann vilji afgr. málið hvað snertir 11. gr. í samráði við okkur fulltrúa hinna flokkanna, sem áttu með honum sæti í n. Og ég vil segja, að hin rökst. dagskrá hv. 2. þm. S.-M. brýtur í bága við afstöðu hv. 2. þm. N.-M., sem skrifaði undir nál. með okkur og er því meðmæltur, að frv. nái fram að ganga, þó að hann vilji á því breyt., sem fáar standa þó til bóta. — Margt annað tel ég sízt til bóta og sumt þess eðlis, að það gæti raskað því, að frv. næði fram að ganga. Ég held því, að málið liggi þannig fyrir í höfuðatriðum, að heppilegast væri að samþ. það óbreytt frá því, sem það kom frá Ed., hvað snertir útgjöld og tryggingaflokka. Það er a. m. k. um flokkana, sem nauðsynlegt er að framkvæma á þann hátt, að málið verði nú afgr. næstu daga. Að því er snertir 11. gr. verður enn ekki séð, hvort verður samið um breyt. á henni, sem ég fyrir mitt leyti þó vona, að verði. Annars verða atkv. um það úr því að skera, ef ekki næst nein samkomulagstrygging, sem stjórnarflokkarnir treysta sér til að halda. En höfuðáherzluna vil ég leggja á það, að engar þær breyt. má gera á frv., sem setja það í hættu. Það á að vera reglan, sem við eigum að fylgja hér, að við verðum að koma frv. í gegn. Hitt er annað mál, að Alþfl. hefði viljað hafa það talsvert í annarri mynd. En hann hefur orðið að gera samkomulag við aðra flokka, og við það samkomulag mun hann standa.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Það er meiri úlfaþyturinn, sem orðið hefur út af þeim fáu orðum, sem ég sagði í gær um þessi mál. Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir í gær, að það, sem ég hefði sagt í gær um þessi mál, væru rakalausar dylgjur, og nú hefur hv. 4. þm. Reykv. tekið þetta upp að nýju eftir þá útreið, sem dómsmrh. fékk hér í gær um þessi atriði. Kom vel fram af því, sem á milli fór í gær, að það, sem ég sagði í málinu, var alveg rétt. Ég rakti í gær, hvernig málið stóð, þegar heilbrmn. Ed. og Nd. lásu frv. yfir sameiginlega. Ég sagði, að þá hefði Alþfl. viljað láta samþ. frv. óbreytt, við hefðum verið með till. til hækkunar, m. a. 25%, Framsfl. hefði ekki talið málið tímabært, viljað vísa því frá, og Sjálfstfl. talið útgjöldin of há. Ég sagði, að síðan hefði verið lagzt á málið í n., ekki verið starfað í n., en síðan komið á daginn, að Alþfl. og Sjálfstfl. hefðu gert samkomulag. Þetta kom allt fram í umr. ráðh. í gær, að það var rétt, sem ég hélt fram.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég hefði hvað eftir annað látið hníga að því, að fyrir Alþfl. vekti fyrst og fremst það að berjast fyrir einokunaraðstöðu sinni í tryggingabáknínu eða tryggingaskrifstofubákni Tryggingastofnunarinnar. Ég sagði þetta aldrei beint, en dómsmrh. hæstv. var ekki lengi að finna út, að þetta gæti falizt í orðum mínum, og það er undarlegt, hvað þessir menn, ráðherra og hv. 4. þm. Reykv., hafa tekið sér þetta nærri. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vísa til yfirlýsingar hæstv. forsrh. Annað veifið sagðist hv. 4. þm. Reykv. ekki vilja neita því, að samningar hafi farið fram með Sjálfstfl. og Alþfl., enda ekki hægt, eftir því sem fram er komið. Hann sagði, að það hefði verið hlutverk Alþfl. fyrr og nú að semja til beggja handa, eins og hann komst að orði, til þess að tryggja það, að löggjöf um almannatryggingar kæmist á. Þetta er rétt. Þeir hafa víst samið 1936 við Framsfl., rétt eftir að þeir höfðu samið við Sjálfstfl. á bak við Sósfl. Það sýndi sig 1936, að þá fengu þeir starfsliðið hér við Tryggingastofnunina, sem mun vera það einlitasta, sem nokkurn tíma hefur starfað hér á landi. Og nú ætla þeir sér að fá flokksapparat, sem nær yfir allt landið. Hvað úr því verður, veit ég ekki. Hann sagði, að í þessum samningum væri það eins og gengur og gerist, að þá vildi hann slá af, til þess að bjarga kjarna meginábugamáls flokksins. Það er rétt. Hann hefur slegið af til þess að bjarga þessum meginkjarna, og ég vil þess vegna minna hann á í sambandi við 11. gr., að hann vill nú ekki lengur svo vera láta, að samið hafi verið um hana, en það kvað við annan tón á nefndarfundi hér um daginn, er hann sagði, að það væri samið um þessa grein. Hann minntist ekkert á þetta atriði.

Þá var honum mikið í mun að bendla okkur við það að hafa bundið framlög ríkissjóðs við ákveðnar upphæðir. Ég hef átt tal bæði við menntmrh. og eins við nm. okkar í heilbrmn. Ed., og þeir vildu ekki kannast við þetta, enda þekki ég þá menn illa, ef þeir færu að semja um að binda útgjöldin við vissar upphæðir. Nei, það má ekki ætla okkur þá asna, að við höfum gengið inn á það að binda það niður og flytja svo till., sem fara langt fram yfir, eins og ég gat

um í ræðu minni í gær. — Það var ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi ekki minnzt á mínar brtt. Ég gerði alveg grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli.

Ég ætla nú ekki að hafa þetta lengra. Ég vildi bara segja það, að mér finnst, að yfirlýsing dómsmrh. og það yfirleitt, sem hann sagði í gær, og eins það, sem hv. þm. hefur sagt, — mér finnst þessar umr. hafi sannað það, sem ég sagði yfirleitt um gang málsins, að það vakti fyrir Alþfl. að skapa sér þarna flokksapparat. Þetta eru ekki neinar venjulegar dylgjur. Ég skal svo ekki hafa þetta lengra.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það virðist hafa komið illa við taugarnar í hv. 4. þm. Reykv., þegar minnzt var á samninga hér. Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. ætti ekki að vera með þennan vandlætingartón. Það kom greinilega fram í lok ræðu þessa hv. þm., að Alþfl. hefur gert samkomulag við Sjálfstfl. að Sósfl. forspurðum. En síðar var þetta svo lagt fyrir Sósfl. — Það er hreinn þvættingur, að sósíalistar hafi bundið enda á þetta mál. Það var Alþfl., sem fyrir klaufaskap, ef honum hefur þá verið það nokkurt áhugamál að halda ekknabótunum, sem batt enda á málið með leynimakki sínu við Sjálfstfl. og án þess að gera tilraun til þess að fá málið leyst á annan hátt, með aðstoð sósíalista. Alþfl. má því sjálfum sér um kenna. Þessu getur 4. þm. Reykv. ekki mótmælt. Og fyrir þessa eftirgjöf hefur svo Alþfl. fengið réttindi bæjar- og sveitarfélaga til að kjósa sína eigin fulltrúa í sambandi við tryggingarnar og á að fá það á sitt vald að skipa sína eigin gæðinga í þær stöður. Þetta er lýðræðisbarátta Alþfl. Af þessu má sjá, að það eru vesælar dylgjur, að sósíalistar hafi bundið enda á þetta mál eins og það nú liggur fyrir. — Sósíalistar hefðu verið reiðubúnir til viðræðu um hækkun á framlagi ríkissjóðs til þess að koma í veg fyrir, að fella þyrfti niður ekknabætur. Svo erum við nú ekki alltaf hárnákvæmir, þó að þessi upphæð hefði verið þannig, að í versta tilfelli gæti hún farið örlítið fram úr áætlun.

Það hefur verið talað um það, einkum af stjórnarandstöðunni, að fjárhagsgrundvöllurinn væri ekki nógu góður til þess að setja upp svo víðtæka tryggingalöggjöf. Þetta álít ég, að sé ekki rétt, því að með slíkri tryggingalöggjöf er skapað öryggi gegn skorti, sem stafar af sjúkdómum og elli. En að sjálfsögðu er undirstaðan blómlegt atvinnulíf, þar sem allir starfa við arðbæra vinnu. Þess vegna held ég, að grundvöllurinn fyrir fullkominni tryggingalöggjöf sé lagður með nýsköpunarstefnu ríkisstj., þar sem lagt er kapp á að afla þjóðinni atvinnutækja og þar með unnið að því, að þjóðin geti notfært sér gæði landsins.

Ég leyfi mér því að telja það klaufaskap hjá Alþfl., að ekki skyldi nást betri árangur í tryggingalöggjöfinni, og einkum harmar Sósfl., ef ekknabæturnar verða felldar niður.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég mun ekki blanda mér í þær deilur, sem hér fara fram, að öðru leyti en því, að ég vil ekki, að nafn mitt sé misnotað í þessum umræðum. Ég lýsi það algerlega rangt, að fram hafi farið einhverjir glæpsamlegir samningar í þessu máli milli Sjálfstfl. og Alþfl. Og sömuleiðis er það algerlega rangt og gripið úr lausu lofti, að ég hafi á nokkurn hátt ginnt Alþfl. eða neytt hann til sérstakra samninga. Sannleikurinn er sá, að það varð samkomulag um það milli Sjálfstfl. og Alþfl. að binda ríkinu ekki stærri bagga en 20 millj. kr. til tryggginganna, en til þess þurfti að fella niður áætlun frv. um 4 millj. Til þess voru valdir utanþingssérfræðingar og málið síðan látið ganga til atkv. í Ed.

Í I. kafla frv. telja sósíalistar, að mér hafi yfirsézt og ég ekki tryggt, að vald Alþfl. gengi ekki úr hófi fram í sambandi við stjórn tryggginganna. Ég vil taka þetta fram, þó að ég telji hins vegar ekki tíma til að fara nánar út í það atriði, að hér var um tvenns konar samning að ræða, annars vegar um efniskaflann eða lækkun á skuldbindingargjaldi ríkissjóðs, en hins vegar um I. kaflann eða valdakafla frv. Ég skal geta þess, að mér fyrir mitt leyti er alls ekki sársaukalaust að draga úr bótum til ekkna, frekar en sósíalistum, og ég tel víst, eins og fram hefur komið, að Alþfl. hafi ekki verið það geðfellt. Rætt var um þetta innan stjórnarveggjanna aðfaranótt 10. þ. m. Þar voru fulltrúar allra stjórnarflokkanna. Í þeim umr. bar fulltrúi sósíalista fram till. til hækkunar, en við það gat ég ekki sætt mig, þó að ég vissi hins vegar, að Alþfl. eða fulltrúi hans ætti erfitt með að vera á móti. Eftir miklar umræður lét fulltrúi sósíalista orð falla í þá átt, að hann gæti ekki sætt sig við, að dregið yrði úr styrk til ekkna, en hins vegar gæti hann til samkomulags sætt sig við, að felldir yrðu hinir tveir liðirnir, þ. e. um styrk til jarðarfara og atvinnustofnunina.

Ef sósíalistar telja fram hjá sér gengið af minni hendi, þá er við mig að sakast. En Alþfl. getur þá einnig sakazt við mig út af því, að ég hafi ekki borið undir hann það, sem ég hef verið að semja um við sósíalista varðandi hin mikilsverðustu mál, sem borin eru fram fyrir tilmæli hæstv. menntmrh.

Skúli Guðmundsson: Ég hef áður gert grein fyrir brtt. minni á þskj. 910. Hv. 4. þm. Reykv., sem er frsm. n., ræddi nokkuð áðan um sumar af brtt. mínum, en hann talaði þó ekkert um fyrstu brtt., sem er við 34. gr. frv. — 34. gr. er, sem kunnugt er, um greiðslur til kvenna, sem eignast börn. Samkv. þessari gr. geta konur, sem vinna utan heimilis, fengið 500 kr. styrk auk vísitöluuppbótar, en þær, sem ekki vinna úti, fá ekki nema 200 kr. Þegar ég gerði grein fyrir þessari brtt. minni, þar sem lagt er til, að allar konur fái 300 kr., þá óskaði ég eftir, að hv. frsm. n. færði rök fyrir því, ef einhver væru, að gera þannig upp á milli kvennanna. Hv. 4. þm. Reykv. minntist ekkert á þetta, enda eðlilegt, því að ég hugsa, að rök fyrir þessu séu torfundin.

Um aðra brtt. mína, varðandi slysatryggingar, er það að segja, að samkv. frv. eru aðeins svokallaðir launþegar tryggðir, allir aðrir eru þar utan við, þar á meðal bændur landsins, 6000 að tölu, sem taldir eru atvinnurekendur, þótt þeir hafi enga menn í vinnu. En ef þetta verður

ekki lagfært, þá er það rangnefni að kalla þetta almannatryggingar, því að þá eru þetta fyrst og fremst launþegatryggingar. Mér finnst, að ekki eigi þannig að gera upp á milli manna. Allir, sem slasast við vinnu, eiga að hafa sömu tryggingu.

Hv. 4. þm. Reykv. segir, að ef brtt. mínar verði samþ., þá raski það fjárhagsgrundvellinum, sem frv. er byggt á. Ég sé ekki, að sá hluti frv., sem fjallar um tekjuöflun, sé sá vísdómur, að ekki megi breyta neinu þar. — 112. og 113. gr. frv. eru um iðgjaldagreiðslur. Samkv. 113. gr. eiga menn að greiða óákveðið aukagjald auk þess gjalds, er 112. gr. fjallar um. Það á að flokka þetta niður eftir slysahættu við störfin. En ég fæ ekki séð, hvaða ástæða er til að skipta þessu í tvennt, í tvær frvgr. Ég held það ætti að vera auðvelt að finna heppilegra fyrirkomulag og losna við eitthvað af allri þessari skriffinnsku. Það væri einfaldara að láta atvinnurekendur greiða í einu lagi ákveðinn hundraðshluta af vinnulaunum eða tekjum. Það getur verið, ef tími vinnst til, að ég athugi þetta nánar fyrir 3. umr. og kæmi með brtt. við þessar greinar.

Þá ræddi hv. 4. þm. Reykv. um sjúkratryggingarnar, en fór þar á tæpu vaði í sínum röksemdafærslum. Þessi ákvæði eru þannig nú, að þeir, sem starfa í annarra þjónustu, eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 11. veikindadegi í kaupstöðum, en utan kaupstaða eiga þeir sama rétt, en þó því aðeins, að þeir liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastir heima samtals 4 vikur, ef um launþega er að ræða, en annars 8 vikur. En þó getur Tryggingastofnunin greitt þeim bætur, þótt þeir hafi ekki legið rúmfastir, frá og með 11. degi. Í öðru tilfellinu er skýlaus réttur, en í hinu möguleiki að fá sömu bætur, ef ráðsmönnum þessara mála þóknast. Samkv. þessu eru sjúkrabæturnar bundnar við, að hlutaðeigandi fari í sjúkrahús eða að atvinnurekstur hans stöðvist. En það getur nú verið erfitt að koma mönnum í sjúkrahús og einnig varhugavert, að þetta sé bundið því skilyrði, að atvinnurekstur stöðvist. Tökum t. d. bónda, sem á konu og börn. Ef bóndinn veikist, þá reynir konan í lengstu lög að halda við búskapnum, en þá fær bóndinn engar sjúkrabætur. Þetta er óviðunandi, og hv. 4. þm. Reykv. færði engin rök fyrir því, að þetta ætti að vera svona.

Ég á 3 nýjar brtt. á þskj. 954, og vildi ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að eftir er að leita afbrigða fyrir þeim. Þessar brtt. mínar eru við brtt. á þskj. 937, frá hv. 2. þm. N.-M. Hann flytur brtt. við frv. í 13 liðum, og tel ég, að ekki sé hægt að samþ. sumar þeirra. Í 10. till., við 107. gr. frv., er lagt til, að iðgjöldin séu jöfn um allt land, og er ég samþ. því, og er það í samræmi við till. hans um, að allt landið verði eitt verðlagssvæði. Hv. þm. leggur til, að þeir, sem hafa 15 þús. kr. tekjur eða minna, skuli greiða 1% af nettótekjum sínum. Þeir, sem hafa milli 15 þús. og 30 þús. kr. tekjur, skulu greiða 1½%, en þeir, sem hafa yfir 30 þús. kr. tekjur, skulu greiða 2% af tekjum sínum. Samkvæmt þessu, ef samþ. verður, hækka iðgjöld á þeim, sem hafa meðaltekjur. Ég hef reiknað út, að eftir þessu þurfa hjón, sem búa utan Rvíkur með 2 börn á framfæri sínu og með 15 þús. kr. tekjur, að greiða hærri iðgjöld en samkv. frv. óbreyttu. — Þá tel ég ekki rétt að leggja þessi gjöld á félög. Ég legg því til, að liðurinn orðist svo:

„Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Kvæntir karlar	kr.	120.00	á ári
Ókvæntir karlar	—	96.00	— —
Ógiftar konur	—	72.00	— —

Auk þessara iðgjalda skulu einstaklingar greiða árlega 1% af hreinum tekjum sínum að frádregnum kr. 3000.00 og persónugjaldi, er sé kr. 1200.00 fyrir hvern einstakling yfir 16 ára aldur og kr. 800.00 fyrir hvert barn, allt að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar."

Ef þessi brtt. mín verður samþ., þá er tryggt, að gjöldin á fólki með meðaltekjur verða ekki hærri en frv. nú gerir ráð fyrir.

2. brtt. mín á þskj. 954 er við 11. lið, sem er brtt. við 112. gr. Hv. þm. N.-M. leggur þar til, að „hver sá, er hefur í þjónustu sinni launþega, einn eða fleiri, sem rétt eiga til slysabóta, sbr. 45.—58. gr., skal greiða Tryggingastofnuninni eina krónu fyrir hverjar hundrað krónur, sem hann greiðir í kaup til launþega sinna." Ég er sammála hv. 2. þm. N.-M. um að gera breyt. á 112. gr. En ég vil þó undanskilja þá menn gjaldinu, er hafa nánustu venzlamenn sína í vinnu. Það á ekki heldur að taka smáupphæðir með í reikninginn. Það er ekki ástæða til að innheimta, hvað lítið sem um er að ræða. Gerir það framkvæmdir allar erfiðari. Ef menn taka fólk í vinnu, á skv. frv. að borga kr. 1,50 á viku að viðbættri vísitölu. Er mikil vinna að snapa þetta saman. Ég legg því til í minni till., að gjald þetta reiknist ekki nema kaupgreiðslurnar fari árlega yfir 10 þús. kr. — Með þessum breyt. gæti ég fylgt brtt. hv. 2. þm. N.-M. Annars tel ég, að steypa ætti saman 112. og 113. gr.

Loks er 3. brtt. mín, og er hún við 13. brtt., við lið b. Þar stendur: „sbr. 197. gr.," en á að vera: 107. gr. Ég geri og þá breyt., að við bætist: og 112. gr. Sé ég enga ástæðu til að bæta hækkun skv. vísitölu ofan á það prósentugjald. (*PZ:* Sbr. breyt. forseta frá í gær).

Hv. 2. þm. Reykv. flutti ræðu um mál þetta áðan. Henni var að mestu leyti beint til hv. 4. þm. Reykv., og eru mér viðskipti þeirra óviðkomandi. En hv. 2. þm. Reykv. talaði þó um, að það væri rangt hjá framsóknarmönnum, að fjárhagsgrundvöllinn vantaði undir þessa lagasetningu. Það þýðir að mínu áliti lítið að byggja slíka kastala nema á traustum grundvelli. Verður ekki hrakið með fullyrðingum hans, að slíkt er lítilsvirði. En ég vil bara minna hv. þm. á ummæli hv. 6. landsk., flokksbróður hans, fyrir einni viku við 1. umr. málsins. Sá hv. þm. sagði, að athuga þyrfti, hvaða möguleika sveitarfélögin hefðu til að rísa undir þessum gjöldum. Hann efaðist um getu sumra þeirra til þess. — Ég held, að málið hefði gott af því, að þetta yrði athugað betur, áður en frv. verður í l. tekið. Bæði yrði fjárhagshliðin athuguð nánar og svo misfellurnar. Þótt hv. 4. þm. Reykv. tali um, að vel sé frá frv. gengið, er þó hægt að koma auga á áberandi og mjög freklegt misrétti. Við þetta er alls eigi unandi, og er nauðsynlegt, að sú hlið málsins verði enn frekar tekin til athugunar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 954, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, JPálm, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, SK, SkG, StJSt, ÞB, ÁkJ, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, BG.

17 þm. (GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JJós, JS, JörB, ÓTh, PO, SB, SEH, STh, SÞ, SvbH, ÁÁ, BÁ, EOl) fjarstaddir.

Forseti (BG): Í samræmi við ákvæði 37. gr. þingskapa um takmörkun á umræðum sér forseti ástæðu til þess að takmarka ræðutíma manna við 10 mínútur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við orð, sem hér hafa fallið, vil ég taka það fram, að á tveim fyrstu fundum þessarar hv. d. við eina umr. málsins leit út fyrir, að engum staf mætti breyta í frv. Ég fékk þó n. til að taka upp nokkrar breyt. á þskj. 936. Þetta ber vitni meðferðar málsins í Ed. — Hv. 4. þm. Reykv. hefur lýst því svo, að frv. sé vel undirbúið. Það er nú svo. En þó þurfti að gera 11 leiðréttingar á því. Frv. var og aldrei lesið saman í n. Þetta sýnir hinn ágæta undirbúning, sem hv. 4. þm. Reykv. getur eigi nógsamlega lofað! Hann sagði, að sjálfsagt væri að hafa tvö verðlagssvæði á landinu. En hann gleymdi að rökstyðja þetta og gera frekari grein fyrir þessari skoðun sinni. Það stafar af því, að hann getur ekki réttlætt að gera þann mismun þegnanna, sem í frv. felst, mismun, sem er í því fólginn, að gera upp á milli manna eftir því, hvar þeir búa í landinu. Þessi hv. þm. er kominn í mótsögn við sjálfan sig. Menn fá sama persónufrádrátt í skatti hvar sem þeir búa á landinu. Hið sama gildir alls staðar. Þannig hefur það gengið í tvö ár, og heldur sjálfsagt áfram. Þá er kaupgjald orðið hið sama alls staðar. — Þetta misrétti, sem hér á að innleiða, byggist á því, að menn eyði misjafnlega miklu á ýmsum stöðum á landinu. En hv. þm. mun ekki sjá mikinn mismun á nettótekjum verkamanna hér í Rvík og einhvers staðar úti á landi, t. d. í einhverju smáþorpi. Hitt er laukrétt, að brúttótekjurnar eru miklu meiri í Rvík en annars staðar. — Ég tel, að verkamaður eigi ekki að fá meiri tekjur hjá tryggingunum, þótt hann búi í Rvík. — Svo skildi ég þögn hv. 4. þm. Reykv. um brtt. mína við 112. gr., að hann væri með henni, því að sagt er, að þögn sé sama og samþykki. En sú breyt. breytir algerlega grundvelli þeim, sem nú er byggt á, þ. e. kr. 1.50 fyrir hverja vinnuviku, hvort sem um ungling eða múrara er að ræða. Ég ætlast til þess, með því að breyta gjaldinu í prósentugjald af greiddu kaupi, að vinnuveitandinn greiði eftir gagni því, sem hann hefur af vinnunni. Verður að miða við það. Því er eðlilegt, að greitt kaupgjald sé látið ráða, því að ætla verður, að vinnuveitandi hafi meira gagn af vinnu kaupdýra mannsins en hins. — Mér er mjög kappsmál að fá þessa till. samþ. Ég held, að hún hafi ekki verið mikið rædd í n., það hafi ekki fengizt.

Ég segi ekki neitt um brtt. hv. þm. V.-Húnv. Aðrir verða sjálfsagt með henni. — Ég legg ríka áherzlu á 10. brtt. mína, og er að því leyti hið sama um hana að segja og hina fyrri. Til eru stór svæði á landinu, þar sem það munar fjölskylduföðurinn um mikið, hvort hann greiðir 500 kr. eða 300 kr. á ári til tryggingarinnar. Fer betur á, að nokkuð verði greitt sem prósentugjald. Mér skilst, að hjón eigi að borga 180 kr. að viðbættri vísitöluhækkun eða samtals um 300 kr. Ég get eigi skilið, að þess sé þörf. Samkv. till. minni verður þeim gert að greiða 120 kr. eða lægra en nú er ráð fyrir gert, nefnilega að viðbættri vísitöluhækkun 213 kr., og er þá tekinn með frádráttur barna.

Ég ætla ekki að blanda mér í deilur þær, er hér hafa komið upp. En ég varð var við, þegar ég starfaði í n. í Ed., að samkomulag var milli allra stjórnarflokkanna þriggja. Er ég kom í n. var þó ekkert samkomulag orðið um I. kaflann.

Ég læt þess getið, ef till. mínar verða samþ., að þá mun ég bera fram við 3. umr. málsins till. um 2—3 breyt. enn, sem verða bein afleiðing hinna. Þarf nauðsynlega að gera það.

Ég hef svo ekki þessi orð öllu fleiri. — Eins og ég tók fram áðan, eru í frv. ákvæði, sem gera þegnunum hróplegt ranglæti að ýmsu leyti. En af þessu leiðir svo ranglæti í fleiri myndum. Á hinn bóginn, nái brtt. mínar fram að ganga, þá lagast þetta. Og það, sem ég legg til málanna, er byggt á sama grundvelli og frv. sjálft. Það er eftir sem áður jafnöruggt fyrir hina tryggðu. Er og ekki um neina hækkun útgjalda að ræða. Till. mínar standast alveg við allt, sem til var ætlazt í frv.

Að lokum vona ég — með tilvísun í hól hv. 4. þm. Reykv. um frv., — að næst þurfi ekki að setja 11 leiðréttingar í það.

Páll Þorsteinsson: Ég vil fyrst taka það fram, að ég tel eigi rétt að skammta ræðutíma manna naumt. Mér finnst, að þeir hv. þm., sem hér sitja og hlut eiga að máli, séu ekki kunnir að málþófi, né heldur sé útlit fyrir, að málið tefjist að óþörfu. Hér ber þess og að gæta, að þetta er stærsta og mikilvægasta mál þingsins.

Hv. 4. þm. Reykv. kvað undirbúning frv. góðan og taldi rangt hjá mér að segja, að honum væri ábótavant að ýmsu leyti. En þessi hv. þm. gekk fram hjá því, að skort hefur á undirbúning málsins að því leyti, að sveitarstjórnum hefur ekki gefizt tæifæri til að fylgjast með breytingunum á tryggingamálunum. Hér er um mjög stórfellt mál að ræða. Með því, er fram hefur komið í grg. frv., á að leggja auknar byrðar á. Hækkunin á atvinnurekendur nemur 181%, en á sveitarfélögin kemur 49% hækkun. Ég tel ekki ófyrirsynju, þótt sveitarfélögum og atvinnurekendum úti um land hefði verið gefinn kostur á að fylgjast með málinu og till. í því, áður en það yrði að l. frá Alþ. Hv. frsm. benti á, að eigi hefði verið fundið að afgreiðslu frv. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Ég tel raunar nokkra galla vera á þeim l., sem mátt hefði bæta úr, en að öðru leyti segi ég, að hér er um ósambærileg mál að ræða. Landnámsfrv. ræðir ekki um neinar kvaðir á sveitarfélögin, er aðeins endurskoðun á eldri l., og er mönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir ráðast í framkvæmdir

eða ekki. En í tryggingal. er bundið við að leggja byrðar á sveitarfélögin án þess að spyrja þau ráða.

Hv. 4. þm. Reykv. segir, að algengt sé erlendis að mismuna mönnum eftir fjárhagslegri getu þeirra. En nú hef ég heyrt, að þessi löggjöf eigi að taka fram því, sem áður hefur þekkzt, jafnvel í öðrum löndum. Þess vegna get ég ekki litið svo á, að hér sé um veigamikil rök að ræða. Ég gæti vel fellt mig við þann kost, að mönnum væri mismunað eftir tekjum þeirra og eignum, en sú tilraun, sem gerð er í þá átt í frv., er að mínum dómi ekki réttmæt. Þar er miðað við það, hvort menn eru atvinnurekendur eða ekki. Nú er það vitanlegt, að bóndi getur verið illa staður og lagt hart að sér fyrr en atvinnurekstur hans stöðvast að fullu, en þangað til er hann í öðrum flokki en launþegar. Hugsanlegt er það, að bóndi geti lifað á eign sinni, en það getur launþegi líka. Hann getur átt arðbærar eignir, hús eða annað, þótt hann reki ekki atvinnu. Hér er þess vegna ekki um það að ræða, að skipt sé í flokka eftir tekjum, heldur eftir því, hvernig teknanna er aflað. Það er lagður skattur á þá menn, sem afla tekna úr skauti jarðarinnar eða djúpi hafsins, þótt þeir hafi engu meiri tekjur en launþegar. Þetta finnst mér óréttlátt og get ekki fallizt á slíka aðferð. Hv. 4. þm. Reykv. segir, að eðlilegt sé, að atvinnurekendur greiði slysatryggingu vegna launþeganna, þar sem það sé þeirra hagur, að verkamennirnir vinni. Þetta má til sanns vegar færa. En þeir dagar hafa nú líka komið, þegar það þóttu hlunnindi að fá að vera í vinnu. Mér virðist, að ekki sé hægt að segja, að það sé hagur atvinnurekenda einna að halda uppi atvinnu, það er hagur allrar þjóðarinnar. Ég get því ekki séð, að óeðlilegt sé, að atvinnurekendur og launþegar greiði hvorir fyrir sig, enda séu laun miðuð við það. Hv. 6. landsk. flytur brtt., sem fjallar um þetta, en ég tel, að hún nái of skammt.

Ég harma það, að hv. 4. þm. Reykv. skuli hafa vikið af fundi, án þess að svara þeim fyrirspurnum, sem ég bar hér fram, t. d. viðvíkjandi því, hvort bændur ættu að greiða af sínu kaupi þær greiðslur, sem þeim ber að annast, og sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar, úr því að enginn er til andsvara.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er vitanlega þýðingarlaust að ræða þetta mál hér frekar. Það er þýðingarlaust vegna þess, að hv. 4. þm. Reykv. virðist hafa gefizt upp við að verja þær misfellur, sem bent hefur verið á, að séu á þessu frv. Hann sagði hér áðan, að mönnum væri mismunað eftir fjárhagslegri getu. Hv. þm. A.-Sk. hefur bent á, að þetta er ranghermi. Hér er alls ekki farið eftir fjárhagslegri getu. Margir þeir, sem erfiðast eiga, eru undanskildir réttindum frv.

En ég kvaddi mér einkum hljóðs í tilefni af því, sem hv. þm. N.-M. sagði áðan. Ég hef haldið því fram, að brtt. hans við 27. gr. verkaði þannig, að iðgjaldagreiðslur hækkuðu fyrir menn með meðaltekjur. Hv. þm. N.-M. kvaðst ekki geta skilið þetta, en ef hann villl taka dæmi af hjónum utan Rvíkur með tvö börn og 15 þús. kr. tekjur og reikna þetta út, bæði skv. frv. og sinni till., þá vænti ég, að hann sjái, að það var rétt, sem ég fór með, að hans till. þýðir hækkun. Miði maður við 16 þús. kr. tekjur, er hækkunin enn meiri. Till. hans stefnir og í þá átt að hækka gjöld á atvinnurekendum, en ég tel nóg á þá lagt í frv. Gert er ráð fyrir, að framlag þeirra hækki um 7,6 millj. kr. eða 181% frá því, sem áður var, og er það hlutfallslega langmesta hækkun á einum aðila af þeim, sem fé skulu leggja til trygginganna. — Það virðist vera orðið svo í seinni tíð, að orðið atvinnurekandi hljómi í eyrum margra sem skammaryrði, einkum er það svo hjá stjórnarflokkunum, og þykir sjálfsagt að gera þeirra hlut verri en annarra í þjóðfélaginu. Gildir þar sama um þá, sem hafa menn í þjónustu sinni, og hina, sem vinna mest sjálfir að sínum atvinnurekstri. Ég álít, að skv. frv. sé meira en nóg á þessa menn lagt og ekki ástæða að bæta þar neinu á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 900,1 og 937 teknar aftur til 3. umr.
11.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 900,2 felld með 14:7 atkv.
15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 936,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 900,3 tekin aftur.
20.—26. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 936,2 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
30.—33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 910 teknar aftur til 3. umr.
34. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 900,4 felld með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SigfS, SG, STh, ÞB, ÁkJ, EOl.
nei: JPálm, JS, ÓTh, SB, SK, StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, BG.
PZ, PÞ, SkG, BK, EystJ greiddu ekki atkv.
9 þm. (JörB, PO, SEH, SÞ, SvbH, BÁ, GSv, HelgJ, IngJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég tel rétt, að þeir, sem frv. hafa samið, geri út um þetta sín á milli, og vil ég ekki blanda mér í það og greiði því ekki atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Þó ég hefði gjarnan viljað halda þessum styrk óbreyttum, eins og í upprunalega frv. var gert ráð fyrir, þá hafa menn gert hér samkomulag, m. a. flm. þessarar brtt., um að takmarka svo fjárframlög úr ríkissjóði til almannatrygginganna, að ekki er hægt að koma þessu við, og hafa þeir sjálfir m. a. útilokað, að svo gæti orðið, og verð ég því að segja nei.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Með skírskotun til grg. hv. 4. þm. Reykv. segi ég nei.

35. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 900,5 felld með 14:6 atkv.
36. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 900,6 felld með 13:7 atkv.
38. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 900,7 tekin aftur.
39.—41. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 908,1 tekin aftur.
— 953 tekin aftur til 3. umr.
— 908,2 tekin aftur til 3. umr.
42.—44. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 936,3 tekin aftur.
45.—84. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 936,4 samþ. án atkvgr.
85. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
86.—92. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 936,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
93. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
94.—106. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 900,8 felld með 15:9 atkv.
— 954 tekin aftur til 3. umr.
107.—110. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 936,6 samþ. án atkvgr.
111. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
112. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 936,7 samþ. án atkvgr.
113. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 936,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
114. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
115.—126. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 938,1 felld með 14:6 atkv.
127.—131. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 936,9 samþ. án atkvgr.
132. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
133.—135. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 936,10 samþ. án atkvgr.
136. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
137.—140. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 938,2 tekin aftur til 3. umr.
— 900,9 tekin aftur.
— 936,11 samþ. án atkvgr.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 971, 900,1, 908,2, 910, 937, 938,2, 953, 954).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Ég endurtek dagskrá þá, er ég flutti við 2. umr. málsins, og vísa til raka minna, sem ég þá greindi.

Ég tók aftur fyrri brtt. mína á þskj. 908, vegna þess að ég aðhylltist brtt. hv. 2. þm. N.-M., þá er stendur í sambandi við efni minnar till. Hins vegar endurtek ég síðari brtt. mína á sama þskj., 908, en hv. þm. N.-M. hefur ekki flutt brtt. um það efni.

Ég legg svo fram skrifl. brtt. við 112. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 112. gr.: Síðari málsl. orðist svo: Við ákvörðun þessa iðgjalds og áhættuiðgjalds samkv. 113. gr. skal þó ekki telja með þá vinnu, sem unnin er af börnum, foreldrum eða systkinum vinnuveitanda." Hún fjallar um gr., sem ákveður, að vinnuveitendur skuli greiða sérstakt gjald í sjóðinn, miðað við vinnuvikur. Reyndar liggja fyrir till. um að breyta 112. gr. En ég flyt þó þessa till. til vara, ef hinar skyldu verða felldar. — Ósanngjarnt er, að þau heimili, þar sem skyldmenni vinna á heimilinu og fyrir það, þ. á m. börn, verði að greiða aukalega miklar fjárfúlgur til tryggingana, þar sem hins vegar önnur heimili, t. d. í kaupstað, greiða miklu minna. Af tilefni þessarar ósanngirni er þessi skriflega brtt. mín fram komin.

Ég orðlengi svo ekki frekar um þetta mál. Vona ég, að hæstv. forseti athugi þetta, og leyfi mér síðan að afhenda honum þessar tvær till.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Þetta er mikið mál. Vitað er, að verulegur ágreiningur er í því upp kominn, og standa nú um það samningar milli allra flokka. Mikið er um það deilt, hvort samþykkja skuli þetta frv. eða ekki. *(Rödd af þingbekkjum:* Er ekki samtal bannað í salnum? — *Forseti:* Forseti úrskurðar um, hvenær samtal megi fram fara og hvenær ekki). Ég flutti við 2. umr. málsins brtt. á þskj. 900 við 11. gr. frv., og þá till. tek ég nú upp við þessa umr. Annars skora ég á hæstv. forseta að geyma málið og mundi fallast á að láta kyrrt liggja um sinn, ef hann gefur hlé á umr.

Forseti (BG): Óskað hefur verið eftir hléi á umr. um svo sem hálfa klst. Er þá gefið fundarhlé, en fundur hefst að nýju eftir hálftíma. [Fundarhlé.]

Sigurður Thoroddsen: Málin hafa nú skipazt þannig, að ég get lýst yfir því, að ég fell frá orðinu.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Við 2. umr. þessa máls lýsti ég yfir því, að athugað yrði, hvort samkomulag gæti orðið um 11. gr. frv. Félagsmálanefnd hefur haldið fund og komið sér saman, nema einn, hv. 2. þm. N.-M. Samkomulag varð um að leggja til, að aftan við 2. málsgr. 11. gr. komi viðbætir, og mundi sú málsgr. þá hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur, eftir ákvörðun tryggingaráðs." Í sambandi við þetta flytjum við í n. viðauka við bráðabirgðaákvæði, sem hljóðar þannig: „Til ársloka 1947 skulu stjórnir sjúkrasamlaga í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast störf tryggingarnefnda samkv. 11. gr. og jafnframt annast skrifstofuhald og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir." Þessi viðauki þarf ekki skýringa við. Ákveðið var, að sjúkrasamlögin skyldu starfa, unz heilsugæzlan tæki til starfa. Þykir henta að láta sjúkrasamlögin fara með þau mál, sem í frv. áttu að vera í höndum heilsugæzlunnar. Þetta þarf ekki að skýra meira. Það hefur verið hægt að samrýma misjöfn sjónarmið. — Loks flytur meiri hl. n. brtt. við síðasta málsl. b-liðar 42. gr. frv., til þess að mæta óskum, sem fram hafa

komið um, að sjúkratryggingarnar nái til smáframleiðenda. Sá liður í frv. hljóðar nú svo: „Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 11. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús eða atvinnurekstur hans stöðvast.“ Ég benti á við 2. umr., að í 42. og 43. gr. væri heimildarákvæði um að láta biðtíma atvinnurekenda styttast, en með þessari brtt. er nú gengið nokkru lengra. Í enda brtt. er einnig miðað við 11 daga biðtíma hjá framleiðanda, ef hægt er að sanna, að tekjur hans hafi rýrnað svo, að hann heyri undir 2. málsgr. 39. gr., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Sjúkrabætur eru greiddar konum og körlum á aldrinum 16—67 ára, sem verða fyrir tekjumissi vegna veikinda, ef vinnugeta þeirra er svo skert, að hlutaðeigandi geti eigi unnið sér inn sem svarar a. m. k. ¼ meira en bótaupphæðum laganna nemur við þau störf, sem hann er vanur að stunda, eða við aðra vinnu, er honum kann að vera vísað á og telja verður við hans hæfi.“ Sem sagt, ef sjúkdómur veldur því hjá framleiðanda, að tekjur hans hafi rýrnað svo, að hann heyri undir þessa gr., skuli biðtíminn vera 11 dagar, en annars ekki. — Ég hygg, að þessar brtt. þarfnist ekki frekari skýringa. Þær eru fluttar af öllum nm. nema hv. 2. þm. N.-M. Við meiri hl. n. leggjum til, að þessar brtt. verði samþ. Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar brtt. okkar.

Forseti (BG): Hv. 4. þm. Reykv. hefur lýst þessum skriflegu brtt. Verður að fara fram atkvgr. um afbrigði fyrir þeim.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 976) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi í sambandi við þessar brtt. geta þess, út af brtt. við 42. gr., að óvíst er, hvað sú brtt. muni kosta. Ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldum, sem hún felur í sér. Þær bætur, sem þar um ræðir, munu hafa aukinn kostnað í för með sér. Till. er flutt í trausti þess, að þeir flokkar, sem að henni standa, útvegi fé til hennar.

Skúli Guðmundsson: Brtt. þær, sem ég hafði flutt við 2. umr. á þskj. 910 og 954, tók ég aftur til 3. umr. Vil ég óska, að þær komi til atkv. við 3. umr., án þess að ég leggi þær fram á ný. Ég vil enn fremur leyfa mér að leggja fram tvær skriflegar brtt. Sú fyrri er við 9. gr. frv. Ég vil leggja til, að upphaf 9. gr. orðist svo: Vinnuveitendafélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Alþýðusamband Íslands skipa hvert um sig einn mann, o. s. frv. Ég flyt þessa brtt. vegna þess, að stéttarfélag bænda er ekki í Vinnuveitendafélagi Íslands né í Alþýðusambandinu. — Hin brtt. er við 64. gr. frv., en sú gr. hljóðar svo: „Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein.“ Ég tel þessa gr. ekki eiga heima í frv. Í samningum milli vinnuveitenda og launþega eru ákvæði um þetta, og standa þau áfram. Ég legg því til, að þessi gr. falli niður.

Ég gat þess við 2. umr., að ég teldi ástæðu til að gera breyt. við 112. og 113. gr., sem eru um iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda. Ég taldi, að hægt mundi vera að hafa þetta einfaldara, með minni skriffinnsku og minni kostnaði. Ég hef ekki haft tækifæri til að bera fram brtt. við þessar gr., sökum þess hversu skammt er liðið frá 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Ég vildi bara lýsa yfir því, að ég tók brtt. mínar aftur til 3. umr. En ég hef ekki heyrt hvað orðið hefur um till. á þskj. 953. (*LJós:* Hún er tekin aftur). Þá tek ég hana upp sem varatill.

Forseti (BG): Tvær skrifl. brtt. hafa borizt, önnur frá hv. 2. þm. S.-M., hin frá hv. þm. V.-Húnv., og mun ég leita afbrigða um þær.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 975 og 977) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 121. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin frá 2. þm. S.-M. felld með 20:8 atkv.
Brtt. 977,1 felld með 19:9 atkv.
— 900,1 tekin aftur.
— 937,1 felld með 19:6 atkv.
— 976,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 937,2 felld með 19:11 atkv.
— 937,3–5 teknar aftur.
— 910,1 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, IngJ.
nei: JJós, JPálm, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, BG.
LJós, ÞB, ÁkJ, EOl greiddu ekki atkv.
2 þm. (SÞ, GSv) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég tel þær húsmæður, sem nenna að ala upp börnin sín, einna þýðingarmestar í þjóðfélaginu, neita að gera þær réttminni en aðrar og segi því já.

Brtt. 937,6 tekin aftur.
— 937,7 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ.
nei: LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, JPálm, BG.
IngJ, JS greiddu ekki atkv.
2 þm. (SÞ, GSv) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lúðvík Jósefsson: Með því að önnur till. er fram komin við sömu gr. frv., sem hér er átt við, þá segi ég nei.

Brtt. 976,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 953 kom ekki til atkv.
— 908,2 tekin aftur.
— 910,2 felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SkG.
nei: StJSt, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JJós, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, BG.
JS, PO greiddu ekki atkv.
2 þm. (GSv, SÞ) fjarstaddir.
Brtt. 910,3–6 teknar aftur.
— 937,8–9 teknar aftur.
— 977,2 felld með 20:5 atkv.
— 954,1 felld með 21:8 atkv.
— 937,10 felld með 24 shlj. atkv.
— 954,2 felld með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, PZ, PÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, HelgJ.
nei: JJós, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, BG.
2 þm. (GSv, SÞ) fjarstaddir.
Brtt. 937,11 felld með 20:2 atkv.
— 975 felld með 20:11 atkv.
— 937,12 tekin aftur.
— 937,13.a felld með 19:7 atkv.
— 938,2 felld með 16:9 atkv.
— 954,3 og 937,13.b teknar aftur.
— 937,13.c felld með 17:9 atkv.
— 976,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, ÓTh, PZ, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, JJós, JPálm, BG.
nei: SvbH.
JörB, PÞ, PO, SkG, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, IngJ, JS greiddu ekki atkv.
2 þm. (SÞ, GSv) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt þetta frv. veiti þegnum þjóðfélagsins, í því formi, sem það nú er, allmisjafnan rétt, lít ég svo á, að það, sem miður fer, standi til bóta og verði lagfært á næstu árum, og segi ég því já.

Sveinbjörn Högnason: Þar sem ég tel sjálft málið of gott í eðli sínu til að skapa slíkt misrétti milli manna í þjóðfélaginu og ég álít, að þessi aðferð geti orðið til að vinna málinu tjón, þá segi ég nei.

Björn Kristjánsson: Ég er og hef ætíð verið sannfærður um nauðsyn og réttmæti almannatrygginga og hef því sterka tilhneigingu til að greiða atkvæði með málinu. En sökum þess að ég tel það stórgallað og illa undirbúið eins og það liggur hér fyrir, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði.

Alþt. 1945. B. (64. löggjafarþing).

Eysteinn Jónsson: Ég hef markað afstöðu mína í þessu máli með rökst. dagskrá, sem var felld. Ég mun því ekki taka afstöðu til málsins nú og greiði ekki atkv.

Frv. endursent Ed.

Á 114. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 980).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Hv. Nd. hefur gert nokkrar breyt. á frv. þessu frá því, sem það var afgr. hér í þessari hv. d. Flestar þeirra eru leiðréttingar á tilvísunum, sem ég hirði ekki að rekja. En þær, sem um annað fjalla, eru í fyrsta lagi breyt., sem gerð var á 11. gr., að aftan við 2. mgr. bætist: „eftir ákvörðun tryggingaráðs."

Þá var breytt. 42. gr. (miðað við núverandi greinatölu á þskj. nr. 980). Samkv. frv., eins og það fór héðan frá hv. d., var gert ráð fyrir því, að heimilt væri að greiða sjúkrabætur til atvinnurekenda eftir sömu reglum og til launþega, ef þeir lægju veikir og væru frá störfum. Þessu var breytt í hv. Nd. þannig, að þeir smáframleiðendur, sem liggja á sjúkrahúsi, skuli, ef þeir falla undir ákvæði 2. mgr. 39. gr., eiga sama rétt eins og launþegar um sjúkratryggingar og eftir sömu reglum.

Þriðja breyt. er sú, að bætt er nýju bráðabirgðaákvæði aftan við frv., sem er nr. 11 á þskj. 980. Samkv. því eiga stjórnir sjúkrasamlaga í kaupstöðum utan Rvíkur að fara með störf tryggingarnefnda til ársloka 1947 og annast til sama tíma skrifstofuhald og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

Ég hef borið mig saman við hv. meðnm. mína í heilbr.- og félmn. þessarar d., og meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það hefur komið frá hv. Nd. En einn hv. nm., hv. þm. Str., hefur ekki látið uppi afstöðu sína til málsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 987).

---

74. Atvinna við siglingar (frv. PO og JJós).

Á 9. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 182).

Á 37. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég og hv. þm. Vestm. höfum leyft okkur að bera fram frv. þetta. Vélstjórafélögin á Akranesi og í Vestmannaeyjum hafa farið þess á leit við okkur, að við flyttum þær breyt. á viðkomandi lögum, sem felast í frv. þessu, en þær snerta einungis 5. kafla laganna, er fjallar um réttindi vélstjóra á mótorskipum. Frv. þetta fer fram á, að þeir, sem nú hafa rétt til að stjórna 150 hestafla mótorvél, fái réttindi til að stjórna 250 hestafla mótorvél, af hvaða gerð sem hún er. Reynslan hefur sýnt á undanförnum árum, og svo mun verða að þeim aðstæðum óbreyttum, að allmjög hefur skort á, að nógu margir menn væru til með þessi réttindi, að fara með vélar í fiskiskipaflotanum. Því hefur orðið að fara inn á þá braut að veita mönnum undanþágur til að fara með stærri vélar en lögin ákveða, því að annars hefði mikill hluti fiskiflotans stöðvazt. En auðskilið er, að allmiklir erfiðleikar eru á að afla þessara undanþága, þar sem sækja þarf um sérstaklega fyrir hvern einstakling. Nú þegar eru þær breyt. að komast í framkvæmd, er stuðla að aukningu skipaflotans, og stærð þessara báta, sem bætast við, er þann veg, að meginhlutinn af vélunum í þessum bátum er stærri en 150 hestöfl. Af þessu leiðir það, að nú þarf vélstjóra á nýju skipin, auk þess að gamla flotanum verður haldið úti sem áður, og þrátt fyrir það, að nokkrir menn brautskráist nú árlega, sem hafa þau réttindi, er nægja til að fara með vélar allt að 250 hestafla, hrekkur það engan veginn til að bæta úr vandkvæðum þessum. Ekki verður, svo fljótt sem nauðsyn krefur, bætt úr þeim nema veittar séu undanþágur frá lögunum eða að í framkvæmd komist þær breyt., sem frv. þetta fer fram á, og er það flutt samkv. óskum vélstjóra í fyrrgreindum vélstjórafélögum, og telja þeir þetta miklu hagkvæmara. Mér er kunnugt, að Alþ. muni berast sams konar óskir frá fleiri vélstjórafélögum, og munu þær þá verða sendar til þeirrar nefndar, sem frv. þetta fær til athugunar.

Í greinargerð vélstjóranna, sem að álitinu standa, telja þeir, að það öryggi, sem felst í ákvæðum laganna, sé engan veginn skert með frv. þessu. Er það vegna þess, að munurinn á að fara með 150 eða 250 hestafla vél er tiltölulega lítill, þegar í hlut eiga æfðir vélstjórar.

Ég vil bæta því við, að sú réttindaaukning, sem frv. þetta felur í sér, tekur einnig til þeirra, sem öðlazt hafa vélstjóraréttindi, eins og þeirra, er fá réttindi eftir samþykkt frv. Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar að svo stöddu.

Legg ég til, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 182, n. 601).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Á öndverðu þessu þ. var flutt frv. um breyt. á l. nr. 68 1945 af hv. þm. Borgf. og mér. Í því frv. er eigi farið fram á meiri breyt. en á þskj. 182 greinir, þ. e. breyt. á 31.—38. gr. l. incl., um að auka réttindi þeirra manna, sem nú hafa rétt til að fara með allt að 150 hestafla vélar, upp í 250 hestöfl. — Frv. þetta er fram komið vegna áskorana frá vélstjórafélögum í Vestmannaeyjum og á Akranesi. Skortur hefur verið á vélstjórum, er hefðu rétt til svo stórra véla, sem hér um ræðir. Breytingar hafa svo örar orðið, að á tveim stöðum a. m. k. hefur mjög orðið að bjargast við svonefnda „undanþágumenn". Að vísu hafa eigi verið nein vandkvæði vegna þekkingar manna, en hins vegar er leitt, ef mjög verður að ganga út á þessa braut. Ætti að vera óþarft að veita undanþágur, þegar þess er gætt, að þeir, er lengi hafa farið með 150 ha. vélar, hafa vitaskuld oftast næga þekkingu til að fara með 100 ha. stærri vélar. Til undanþága hefur oft orðið að grípa til þess að halda bátunum gangandi.

Sjútvn. fékk mál þetta til meðferðar. Hefur hún rætt það og verið í samráði við kunnuga menn, þá Þorstein Loftsson vélfræðiráðunaut og Þorstein Árnason vélstjóra, þá er telja verður, að hafi mesta þekkingu á þessum málum. N. fór fram á við þessa menn, að þeir athuguðu frv. Þeim virtist raunar mikil þörf á auknum réttindum til handa 150 ha. vélstjórum. Hins vegar töldu þeir þó þörf mikilla annarra breyt., ef eigi ættu vandræði af að hljótast vegna hinnar gífurlegu mannfjölgunar á togurunum, vélbátunum og annars staðar, svo og vegna aukinnar hestaflatölu skipa.

Sjútvn. hefur sem heild fallizt á þau rök, sem liggja fyrir bæði hjá flm. frv. og eins þau rök, sem þessir tveir vélfróðu menn lögðu fram. Og n. er þeirrar skoðunar, að þær ábendingar, sem þeir hafa komið með, séu réttar. Ég skal taka það fram, að þeim fannst fulllangt gengið, þessum tveim mönnum, að hækka 150 hestafla réttindi upp í 250 hestafla réttindi, og töldu, að minna mætti nægja, vegna þess að s. l. haust hefði verið gefin út reglugerð um umreikning á hestöflum í mótorbáta, sem hefði haft þær afleiðingar, að hann yki af sjálfu sér réttindin, þ. e. a. s. að þeir, sem hefðu rétt til þess að vera með 150 hestafla vél, fengju samkv. þeim umreikningi töluvert aukinn rétt.

Nú gerði ég tilraun til þess að athuga þetta, með því að bera mig saman við vélstjóra og kunnáttumenn í þeim efnum annars staðar, og niðurstaðan varð sú, að við urðum sannfærðir um það í sjútvn., að þessi breyt., sem frv. fer fram á, var ekki nema réttlát, með vissum skilyrðum þó. Og skilyrðin eru þau, að annað tveggja, ef þessir vélstjórar hafa talsvert langan siglingatíma að baki sem vélstjórar með fullum réttindum og prófi, eða þá að þeir, ef þeir ekki hafa réttindi eins og þar er til tekið í brtt. n., vanti stjórnartíma að baki sér í þessum efnum, að þeir

afli sér aukinnar kunnáttu með því að taka þátt í námskeiði, sem gert er ráð fyrir hér í brtt. sjútvn., þ. e. tveggja mánaða aukalegu námskeiði. Ætla ég, að með því sé séð fyrir, að sú réttaraukning, sem hér er um að ræða, miði ekki að því að rýra öryggi á vélbátum, þar sem annars vegar er krafizt langrar reynslu og hins vegar aukins náms og aukalegs prófs, og þá séu nægilegir varnaglar slegnir.

Hið sama er hvað hin stærri skip snertir, og skal játað, að þar er í höfuðatriðum farið eftir till. Þorsteinanna tveggja, sem ég nefndi áðan. Þar er gert ráð fyrir talsverðri hækkun réttinda, en hún er aðallega fólgin í því að stytta þann siglingatíma, sem þeir höfðu áður haft, þannig að þeir fá örara hækkunina en gert hefur verið ráð fyrir í l. Þó að l. séu ekki gömul, virðist þróunin ætla að verða svo ör í þessum efnum, að l. hafa, svo ung sem þau eru, skorið þessari atvinnugrein of þröngan stakk. Er nú verið með þessum breyt. að reyna að ráða bót á og þá líka varðandi hin stærri skip.

Eins og hv. þm. munu hafa veitt athygli, þá er það tekið fram hér í nál. n. á þskj. 601, að árið 1936, þegar l. voru þá sett um atvinnu við siglingar, var enginn togari hér með stærri vél en 800 ha., en þau skip, sem væntanleg eru til landsins og búið er að festa kaup á, verða með allt að 1200 ha. vél. Nú kvað vera hér um 30 vélstjórar, sem sigla á þessum gömlu togurum og hafa siglt ákaflega lengi margir hverjir og hafa fengið réttindi hvað reynslu og próf snertir, en hafa ekki verið við stærri vélar en 600—800 ha., og þó að þessir menn hafi 10 og jafnvel 15 ára siglingatíma, geta þeir ekki að óbreyttum l. fengið réttindi sem fyrstu vélstjórar á þessum nýju togurum, en hins vegar munu menn með slíka æfingu færir til slíks starfs. Á þessu er ætlazt til, að ráðin verði bót með þeim till., sem liggja fyrir í brtt. n. á þskj. 601.

Þetta nær raunar lengra, þannig að það snertir líka 800—1200 ha. vélar, enda er þess full þörf, og í samræmi við þessi auknu réttindi er það svo till. n., að námskeið undir próf við vélstjóraskólann í Reykjavík verði lengt um 2 mánuði og hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands um 3 vikur og hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands um 2 mánuði. Og er ætlazt til þess, að reglugerðir verði settar um þetta nánar, þar sem fram kemur þessi lenging námstímans framvegis, en til þess að brúa þessi bil, sem verða þangað til nýjar reglugerðir eru farnar að verka varðandi þessi námskeið, þá er ætlazt til, að þeir, sem hafa lokið hinu minna vélstjóraprófi vélstjóraskólans í Reykjavík og minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands og meira vélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, eigi kost á að fá strax þessi auknu réttindi, sem með þessum l. eru veitt þessum 3 fl. vélstjóra, sem hér hafa nefndir verið, gegn því að þeir sæki þessi tveggja mánaða námskeið og ljúki prófi.

Þá er það 4. fl. vélstjóra, sem hafa nú öðlazt réttindi samkv. gildandi l., og er ekki ætlazt til þess, að þeir þurfi að bæta við sig námi. En að því er snertir, eins og áður er fram tekið, þá aukningu vélstjóra, sem hafa yfir 150 ha. réttindi og ætlazt er til, að geti fengið 250 ha. réttindi, þá er lagt til, að þeir hafi siglt samtals 4 ár fram að þeim tíma er þeir öðluðust réttindi sem vélstjórar og þangað til l. þessi ganga í gildi, og að þeir geti orðið aðnjótandi þeirra auknu réttinda, sem með þessum l. eru veitt þeim, er öðlast við hið minna próf Fiskifélags Íslands, án þess, að þessir menn þurfi að nýju að setjast á skólabekk.

Ég vil geta þess, að þegar talað er um að hafa starfað eða siglt sem vélstjórar í þetta mörg ár, og þegar átt er við fiskiskip, þá vil ég a. m. k. leggja þann skilning í það, að árið þýði í þessu tilfelli svona venjulegan útgerðartíma fiskiskipa. Ég á þar ekki við togara, sem nú hafa stærri vélar. Það mun láta nærri, að slík skip séu á veiðum 8—9 mánuði og kannske 10 mánuði ársins með undirbúningi og svo afsetningu og hreingerningu á haustin, heldur á ég við skip, sem stunda vor- og vetrarvertíð og síldveiðar. Og till. okkar í sjútvn. eru miðaðar við, að sá skilningur sé lagður í árið að þessu leyti, en ekki bókstaflega sá skilningur, að árið þurfi að þýða 12 mánuði, þannig að menn þurfi að hafa siglt alla 12 mánuði ársins til þess að það geti talizt ár.

Mér virðist ekki þörf á að rökstyðja þessar breyt. n., sem hér er farið fram á, að gerðar verði. En ég vil vænta þess, að hv. d. geti á þær fallizt, og ég vona, að þær verði ekki tafðar í þinginu, því að það er brýn aðkallandi nauðsyn að breyta þessum ákvæðum, og má til, ef haldast á í hendur við þá stóru aukningu á skipum og vélaafli, sem við vonum, ef allt gengur að óskum, að geti orðið í ríkum mæli síðar á þessu ári og á næsta ári. Og verði ekki þessar breyt. gerðar nú þegar, þá færist undanþágufarganið enn meira í aukana, sem getur ekki endað með öðru en því að breyta þeim lagastaf, sem ekki lengur helzt í hendur við líf landsins og þróun þess.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Það er ekkert tiltökumál, þó að það hafi tekið nokkuð langan tíma fyrir n. að gera þær breyt. á þessu frv., sem hér liggja fyrir. Og mér er það vel kunnugt frá því að ég átti þátt í því, að athuga frv., sem breyt. eru gerðar við og aðeins ná til eins flokks vélstjóra, að það er ekkert áhlaupaverk að bæta við og koma fyrir í réttri röð, svo ekkert raskist, tveim flokkum vélstjóra, eins og gert hefur verið í þessu frv. og ég tel í alla staði rétt og eðlilegt að gera með tilliti til þess, sem hér er farið fram á í því upphaflega frv.

Hér hafa að vísu verið gerðar nokkrar breyt., þannig að réttindaaukning til handa þeim, sem farið var fram á í frv., er ekki eins og þar var gert ráð fyrir, og má að sjálfsögðu eftir atvikum ekki telja óeðlilegt, þó að slík ákvæði séu sett, enda hefur mér skilizt, að afgreiðsla málsins í n. hafi byggzt á því, að inn á slíkt samkomulag var gengið. Ég vildi þá aðeins taka hér fram, hvernig ég skil þessi undantekningarákvæði, og bið hv. frsm. þá að gera aths. við, ef minn skilningur á þessu er ekki réttur. Það er sem sé gert ráð fyrir því í fyrsta lagi, að lengdur sé námstími þriggja vélstjóraflokka frá því, sem nú er, og tekur þetta einnig til þeirra, sem próf taka eftir að þessi l. eru sett, þ. e. a. s., að þessum 3

flokkum vélstjóra er gefinn kostur á því á næstu 3 árum, eftir að þessi l. öðlast gildi, að öðlast þessi réttindi með því að bæta við sig tveggja mánaða námskeiði og taka próf. Þá er sú undantekning frá þessu gerð, að þeir vélstjórar, sem nú hafa réttindi til þess að fara með vél allt að 150 ha., en eiga samkv. þessu frv. að fá réttindi til þess að fara með vél allt að 250 ha., þeir þurfa ekki að ganga á námskeið eða ljúka prófi, ef þeir hafa verið 4 ár — með þeim skilningi, sem hv. frsm. lagði í það, — sem vélstjórar á skipum eða bátum. Ég skil þetta þannig, og vildi ég skírskota því til hv. frsm., hvort þetta er ekki réttur skilningur. Og með tilliti til þessa skilnings á brtt. tel ég, að það sé mjög mikill vinningur að því að fá þessar breyt. samþ. og frv. afgr. sem l. á þeim grundvelli. Það ber vitanlega þannig að skilja það, að þessir vélstjórar, sem hafa farið með vél í 4 ár, öðlist þessi réttindi strax eftir gildistöku l.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég held, að skilningur okkar hv. þm. Borgf. og sjútvn. falli alveg saman. Viðauka við námið, sem um er að ræða í 8. brtt. n. undir staflið a, ber að skilja sem almenna till. frá sjútvn., sem varðar framtíðarnám hjá þeim vélstjórum, sem tilheyra þeim 3 flokkum, sem þar um ræðir. Hins vegar er till. undir staflið b, eins og ég sagði áðan, gerð til þess að létta undir framkvæmdir þessa máls varðandi hina sömu þrjá flokka vélstjóra, sem n. áleit, að þyrftu að hafa fljótlegri aðgang að því að afla sér sinna auknu réttinda, og er þá gengið út frá því, að þeir hafi áður lokið sínum réttmætu prófum. En fordæmið fyrir þessu er að finna í bráðabirgðaákvæði l. nr. 68 frá 12/4 1945, þar er svo ákvæði um smáskipavélstjóra, að þeim er gefinn kostur á að fara á sérstakt námskeið til þess að öðlast aukin réttindi. Og þau l. eru nú komin til framkvæmda. Og nú fyrir nokkrum vikum var lokið einmitt prófi hjá skipstjórum, og voru þeir margir vinnandi smáskipaskipstjórar utan af landi og stóðust allflestir eða allir þetta próf og öðluðust svo sín réttindi þannig, að þeir mega vera jafnvel með togara, ef svo ber undir. N. hafði þetta bráðabirgðaákvæði l. fyrir augum, þegar hún lagði til, að svipað yrði gert gagnvart þeim 3 flokkum vélstjóra, sem nauðsynlegt er, að geti öðlazt réttindi, en til þess þarf aukið nám, eins og tekið hefur verið fram.

Hins vegar er, eins og hv. þm. Borgf. lagði réttan skilning í, gerð undantekning um einn flokk þessara vélstjóra, þ. e. a. s. þennan flokk, sem hefur lokið hinu minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands og hafa siglt sem vélstjórar í samtals 4 ár frá þeim tíma, er þeir öðluðust réttindi til vélstjórnar, og til þess tíma, er l. þessi ganga í gildi, þeir fái réttindi til þess að fara með vél, sem er 250 ha. Þetta er skilningur minn og sjútvn. á málinu, og ég vona, að þetta falli alveg saman við skilning þann, sem hv. þm. Borgf. vildi leggja í það. Þeir fá þessi réttindi án þess að bæta við sig námi eða ganga undir nokkurt aukapróf, en aðeins gildir þetta fyrir þennan flokk vélstjóra, sem staðizt hafa hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands og siglt 4 ár samfleytt frá þeim tíma, er þeir öðluðust réttindi til vélstjórnar, og til þess tíma, er l. þessi ganga í gildi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 96. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 601,1 (nýjar greinar, verða 1.—10. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—4. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 601,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

5. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 601,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 601,4 samþ. með 25 shlj. atkv.

7. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 601,5 (ný 8. gr., verður 18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 601,6 (nýjar greinar, verða 19.—24. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

9. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 601,7 (nýjar gr., verða 26.—27. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 601,8 (ný 10. gr., verður 28. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 644).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 106. og 107. fundi í Ed., 13. og 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 644, n. 783 og 854).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Efni frv. þess, er hér liggur fyrir, er að auka nokkuð réttindi vélstjóra og vélgæzlumanna, þannig að vélastærð sú verði aukin, sem þeir mega fara með. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þá aukningu lið fyrir lið. Orsök þess, að frv. þetta er

flutt, er sem þm. vita m. a. hin hraða aukning vélbátaflotans og stækkun véla. Ef að líkum fer eftir núverandi horfum, þá eykst mótorvélbátaflotinn um allt að 100 skip, ef ekki meira. Þessu mun verða samfara stækkun véla, bæði í stærri og minni fleytum. Við þetta bætist svo aukin vélavinna þeirra, sem starfa að vinnslu sjávarafurða. — Þetta frv. er flutt í Nd. Fjallaði það í öndverðu aðeins um aukin réttindi til handa vélstjórum við mótorvélar. En í Nd. var því bætt við, að þau skyldu líka ná til vélgæzlumanna við gufuvélar.

Rétt er að benda á, að mikil brögð hafa að því orðið, að vélgæzlumenn við mótorvélar, þeir sem stundað hafa atvinnu á sjónum, hafa flúið í land, og aukning á framboði vélstjóra hefur ekki svarað eftirspurninni vegna flotaaukningar og vélastækkunar. Þessi flótti manna af sjónum á einkum rætur sínar að rekja til þess, hversu mjög frystihúsum á landi hefur fjölgað á seinni árum. Þess má og geta, að um mörg undanfarin ár hefur orðið að veita mönnum undanþágur til þess að fleyta skipum. Horfir til stórvandræða, ef eigi verður úr bætt. Þessar undanþágur eru mjög óheppilegar, og tel ég, að ekki sé ævinlega tryggt, að viðkomandi hafi þá verklegu æfingu, sem nauðsynleg verður að teljast. En hér er aukningin bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi stundað vinnu við vélar í 4 ár. Ég játa, að æskilegt væri, að menn hefðu notið skólakennslu. En á hinn bóginn verður á að líta, að langur starfstími við meðferð véla er sá skóli, sem hver vélgæzlumaður verður að ganga í gegnum. Hin verklega æfing við vélgæzlu verður ávallt hin örugga og nauðsynlega undirstaða og mesta tryggingin. — Á eitt vildi ég líka minnast að auki: Bæði vélstjóraskólinn og námskeið Fiskifélags Íslands hafa hingað til búið við mjög ónógt húsnæði. Þess verður að vænta, að úr þessu megi rætast og betri aðstaða fáist í framtíðinni. Ber að leggja á þetta kapp. Þessar stofnanir munu þó eigi bæta úr aðkallandi þörf vegna flotaaukningarinnar og vélastækkunarinnar.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en játar þó, að þessi l. verði algerlega ófullnægjandi. Það er fyllsta þörf gagngerðrar endurskoðunar á öllum lagabálkinum. — Minni hl. n. hefur gaumgæfilega athugað, hvort mögulegt væri að bæta úr ástandinu, þannig að hæstv. ríkisstj. sé veitt rúm heimild til að láta í té undanþágur. En eftir atvikum gat meiri hl. n. ekki fallizt á þá leið. Hann vildi fremur þræða þá braut að mæla með frv., enda þótt verði að viðurkenna, að æskilegra hefði verið, að til þessarar skipunar málanna hefði eigi þurft að koma. En tryggt er, eins og gengið er frá frv., að ekki öðlist þessi réttindi aðrir en þeir, sem hafa aflað sér verulegrar æfingar í meðferð véla vegna alllangs reynslutíma. En hins vegar er sú trygging ekki fyrir því, að undanþáguleiðin verði farin. Það er margt, sem kemur til greina. Og það er ekki hægt að setja þar nein skilyrði, sem komi að jafnmiklu gagni og þau ákvæði, sem eru í l. Ég veit, að minni hl. sjútvn. er mótfallinn því, að frv. gangi fram, og hefur skilað sérstöku nál., þar sem hann leggur til, að undanþáguleiðin verði farin. Og ég verð að segja það, að ég ber fulla virðingu fyrir og viðurkenni sérþekkingu minni hl. í þessu efni. En fleira verður þó að líta á. Það, sem á milli ber meiri og minni hl., er ekki það, að ástandið í þessum málum sé ekki slæmt, heldur ber það á milli, hvaða leið eigi að fara til þess að bæta úr því. Og ég tel, að málinu sé bezt borgið með því, að hv. þm. geri það upp við sig, hvora leiðina þeir telja heppilegra að fara. Ég held því, að það hafi ekki mikla þýðingu að halda langar ræður um þetta mál hér. Ég hef reynt að skýra efni frv. og tildrögin að því í sem fæstum orðum sem ég hef getað, og ég vænti þess, að það geti legið nægilega ljóst fyrir hv. dm. til þess að þeir geti tekið ákvörðun um málið.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað fylgt samnm. mínum um afgreiðslu þessa máls. Það hefur þó ekki alltaf orðið mér hryggðarefni, þó að ég skilaði sérstöku nál. í n. En í þetta skipti þykir mér ekki sársaukalaust að fá ekki meiri hl. n. á mína skoðun í þessu máli, af því að hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að ég fullyrði, að þeir hv. þm. sumir, sem greiða atkv. um það, hafa ekki á nokkurn hátt gert sér grein fyrir því, hvað hér er á ferð. Þeir hafa ekki gert sér grein fyrir því öryggisleysi, sem hér er verið að skapa, ekki aðeins fyrir líf okkar duglegu sjómanna, heldur og einnig eigur landsmanna. Ég þarf ekki að rekja mörg dæmi til þess að sýna fram á, að það hafa komið fyrir hin hörmulegustu slys á mótorbátaflotanum einmitt vegna þess, að það hafa ekki verið þeir menn við vélarnar, sem æskilegt hefði verið að hafa við þær. Það hafa verið menn við vélarnar, sem hafa brugðizt á síðustu stundu, t. d. á Kristjáni á sínum tíma, sem fyrir vélarbilun rak út á haf, og enginn er kominn til að segja, að ekki hafi verið því að kenna, að nægilega þekkingu á vél skorti um borð í skipinu.

Það er vitanlegt, að þegar verst er veður og mest hættan, þarf einmitt langmest á því að halda, að þetta atriði sé öruggt, þ. e. að það sé örugg vél í skipinu, sem er aflgjafinn, og svo öruggur vélamaður til að stjórna henni. Og það er kannske táknrænt hér nú, að þeir menn, sem á síðustu stundu eiga að taka ákvörðun um það atriði, forðast stólana til þess að geta stungið höfðinu í sandinn, því að þeir halda, að þeir beri ekki eins mikla ábyrgð á þessu máli, ef þeir hlusta ekki á umr.

Ég vil benda á það, að það var auðvelt að ná sama marki sem hér er stefnt að með miklu aðgengilegri og viturlegri aðferð. Og það er langmest fyrir till. einstakra manna, sem ekki eru í n., en nm. hafa sýnt fullan skilning á málinu, heldur annarra hv. dm., sem hafa sótt þetta mál með miklu offorsi. En þeir eru ekki færir um að bera ábyrgð á þeim hörmungum, sem það kann að hafa í för með sér, ef þetta frv. verður samþ., og þeim erfiðleikum vegna þess, að hér er verið að svipta gersamlega grundvellinum undan þeirri þekkingu, sem þarf að vera í þessu efni á flotanum.

Ég vil ekki láta hjá líða að benda á þetta mál og hverjir verði að taka afleiðingunum. Ég vil

einnig í sambandi við þetta mál benda á, að sterk mótmæli hafa komið frá þeim mönnum, sem mesta hafa þekkinguna, eins og frá Farmannasambandinu, og vara þeir við þeirri hættu, sem hér er um að ræða. Þá hafa komið fram mótmæli frá Vélstjórafélagi Íslands, sem ekki byggir á eigin hagsmunum, heldur með fullum rökum fyrir því, að hér sé um ranga leið að ræða. Þeir mótmæla harðlega 11., 12., 13., 14. og 15. gr., og það eru þær gr., sem ég álít, að mest hætta liggi í að samþ. af frv. Það er sýnt, að það er ekki aðeins búið að hlunnfara með umreikningi hö. svo stórkostlega, að vélarnar, sem nú eru taldar 250 hö. eru í raun og veru 275 hö.

Það munu vera um 63 undanþágur, sem kæmu til greina, ef sú leið væri tekin, 34 undanþágur við mótorvélar frá 150 og allt að 440 hö. og munu 18 af þessum undanþágum vera veittar vélstjórum, sem lokið hafa prófi á minna mótornámskeiði Fiskifélags Íslands, og undanþága til 16 manna, sem hafa nám, en nú eiga að fá réttindi samkv. þessum l. Það er þess vegna augljóst, að langsamlega mestur hl. þessara undanþága eru undir 150 hö. og þess vegna er algerlega þarflaust að hlaupa að því, sem hér er verið að gera. Það er enn fremur viðbúið, að það mundi mikið minnka aðsókn að mótornámskeiðum, ef menn þyrftu þess ekki endilega að fara á þessi námskeið og hugsa sem svo, að það væri miklu auðveldara að fá réttindin án þess að leggja það á sig með þeim erfiðleikum, sem það hefur í för með sér. Það eina, sem við gætum gert til þess að vinna á móti því, er að nota undanþágu, en eins lítið og mögulegt er, einmitt til þess að sæfa ekki áhuga ungra manna til þess að ljúka námi og fá sín réttindi. Þá hefur komið fram mótmælaskjal, þar sem bent er á sömu hættuna og þar sem því er algerlega mótmælt. Þar segir, að nú í vetur hafi verið 47 nemendur á hinu meira mótornámskeiði Fiskifélags Íslands. Og er ekki útlit fyrir, að skipum með vélar yfir 150 hö. fjölgi svo á næsta ári, að ekki sé hægt að fullnægja þeim kröfum. Auk þessara mótmæla hafa komið frá hv. Nd., sem hefur gengið frá þessu frv. eins og það er nú, og hv. meiri hl. sjútvn. þeirrar d. tilmæli, sem hafa komið til mín sem form. n., um það að fá veigamiklar breyt. samþ. hér í Ed., meðal annars við 55. gr. og 47. gr., og eru þær hvorki meira né minna en í 12 liðum, sem þeir óska eftir og segja, að nauðsynlegt sé að setja inn, til þess að breyt., sem hv. Nd. setti, séu ekki tóm vitleysa. Þannig er gengið frá málinu í Nd., ég vil biðja hv. dm. þessarar d. að athuga þetta. Og það er einn af sjútvnm. Nd., sem sendir þessi plögg, og í því trausti, að Ed. láti ekki viðgangast að samþ. frv. eins og það er. Og þó að ekkert annað hefði komið fram gegn því, að frv. yrði endanlega samþ. eins og það er nú, þá er þetta nægileg ástæða til þess, að hv. þm. kynntu sér þetta mál betur, en þeir virðast ekki mega vera að því að hlusta á rök í málinu.

Ég vil leyfa mér að benda á, að samkv. því, sem lagt er til á þskj. 644, þá hefði verið gerlegt að gera þær breyt. að hækka réttindin frá 300 í 600 hö. heldur en upp í 1200 hö. gufuvélstjóranna, sem byggist á því, að takmörkin í þessu bóklega og verklega námi eru sett við 300 hö. nú. En 600 ha. takmörkin eru frá þeim tíma, sem ekki þekktust fiskiskip yfir það. Þess vegna er millibilið milli 600 og 1200 ha. af því, að viðkomandi menn hafa starfað á þeim skipum, og bóklega og verklega námið er það sama fyrir alla vélstjóra, sem hafa skip yfir 300 hö.

Hins vegar er mikill munur á bóklegu og verklegu námi fyrir þá, sem hafa með skip fyrir neðan 300 ha. vél að gera. Ég hefði fellt mig við þessa breyt. og sérstaklega með tilliti til þess, að nú er von á nýjum togurum með stærri vélar eða um 1200 hö. Ég tel hættu þar enga, vegna þess að námið er þar fyrir hendi. En ég get ekki fellt mig við, að hv. þm. samþ. hér á Alþ., að mönnum, sem hafa verið aðeins vélstjórar á trillubátum með 16 ha. vélar í eitt ár og stjórnað henni á sitt eindæmi og fái 108 stunda kennslu verklega og 8 daga bóklega fræðslu, verði gefinn réttur til þess að fara með 200 ha. vélar og eiga þá um leið að bera ábyrgð á lífi þeirra, sem þar eru um borð. Ég get ekki fallizt á, að þetta var rétt. Það má segja, að það detti engum manni í hug að taka slíkan mann til þessara starfa, þá er það líka því síður viðeigandi, að Alþ. fari að gefa út heimild til þess, að slíkur maður geti eignazt slíka heimild.

Ég lít svo á þetta mál, að það þurfi að endurskoða alla löggjöfina um nám við vélgæzlu, hvort sem um gufuvélar eða mótorvélar er að ræða, og samræma kröfurnar alveg við það nám, sem sett hefur verið fyrir þá menn, sem hafa réttindi til þess að fara með 300 ha. vélar. Ég álít, að það eigi að sameina kröfur um nám til vélgæzlu á öllum vélum, sem eru yfir 300 hö., og það eigi ekki að hverfa frá kröfum um nám, sem nú eru í gildi, heldur auka þær kröfur. Ég get hins vegar fallizt á, að heppilegra sé, að í staðinn fyrir 4 ára smíðanám megi koma styttra og að það megi t. d. með 12 mánaða sérstöku námskeiði, þar sem beint væri eingöngu að sérstakri meðferð véla. Ég er tilbúinn að taka upp samvinnu um þetta atriði. En ég verð ekki með í því að samþ. l., sem ég veit fyrir fram, að verða til þess að skapa sorg og erfiðleika fyrir okkar þjóðfélag, þó að slíkt komi harðast niður á sjómannastéttinni og þeirra nánustu. Og það á sama tíma sem við eyðum mörgum millj. kr. til byggingar björgunarskútu til þess að hirða bátana, sem rekur um hafið af því að öllu öryggi hefur verið svipt frá þeim. Ég vil ekki verða með í þeirra leik, sem ætla að gera það, en eru ekki færir til þess að standa undir þeirri ábyrgð, sem þeir taka á herðar sér með þessu máli. Ég vil ekki af þessari ástæðu þurfa að skapa minningarathöfn á Alþ., því að ég mundi ekki geta varið það fyrir sjálfum mér, þegar ég stæði upp í virðingarskyni við hina látnu, að orsökin að slíkum hörmungum væri bein afleiðing af gerðum okkur alþm., þegar við samþ. þau l., sem okkar sjómenn eiga að fara eftir.

Ég hef bent hér á aðra leið í þessu máli, þá leið, sem kemur fram í brtt. minni á þskj. 854, þ. e., að ráðh. sé heimilt, þegar skortur er á vélamönnum, að veita þeim mönnum, er skipaskoðun ríkisins telur færa til þess, leyfi til þess að gegna þessu starfi, þó að skorti nokkuð á þekkingu þeirra. Og það eftir að skipaskoðun

ríkisins hefur leitað umsagnar útgerðarfélagsins um það, að réttindamaður sé ekki fyrir hendi. Þá skal einnig fylgja vottorð um kunnáttu þessa manns. Og ég mótmæli því, að þetta sé ekki heppilegri leið, og hún er alls ekki erfiðari. En svo vil ég, að gerðar séu róttækar ráðstafanir til þess, að ríkisstj. skipi 3 manna n. til þess að endurskoða l. og breyta þeim eins og nauðsynlegt er vegna hagsmuna okkar og öryggis. Ef öryggið á hafinu er ekkert, er ekkert öryggi til í landinu. Og ég er undrandi yfir því, að hæstv. ríkisstj., sem berst fyrir þessu máli, skuli ekki fyrir löngu hafa séð að sér og stoppað það.

Þær breyt., sem ég legg til að gerðar verði, vona ég, að hv. d. athugi, og ég trúi ekki fyrr en ég tek á því, að svo verði ekki gert og Alþ. taki þá á sig þá ábyrgð að fara með málið eins og hér er gert ráð fyrir.

Hv. frsm. sjútvn. sagði, að langur starfstími væri sá skóli, sem menn ættu helzt að ganga í. Og er ég honum sammála í því. En er ekki hægt að krefjast þess, ef mínar till. eru samþ., að það verði ekki veitt undanþága nema til þeirra manna, sem hafa langan starfstíma og geta sýnt það, að þeir hafi unnið þann tíma við vélgæzlu? Ég vil svo alvarlega vænta þess, að mínar brtt. á þskj. 854 verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég skal ekki tefja umr. mikið. Ég vildi aðeins segja örfá orð til þess að reyna að sýna fram á, að það, sem okkur ber á milli, meiri hl. og hv. minni hl., er ekki eins mikið og hv. minni hl. vill vera láta. Það er óhætt að segja, að allir þeir, sem skipa hv. meiri hl., eru því mjög hlynntir, að bætt sé aðstaða við alla vélgæzlu hér á landi, og vilja einskis láta ófreistað í því efni. Það, sem á milli ber, er ekkert annað en það, hvernig á sem hagkvæmastan hátt verði bætt úr því ástandi, sem myndazt hefur við þá gerbyltingu, sem orðið hefur í fiskiflotanum, bæði að því er snertir fjölgun og vélastækkun, og virðist meiri hl. líta svo á, að sú leið, *sem bent er á í frv.*, sé öruggari en sú leið, sem minni hl. bendir á. — Ég skal ekkert segja um það, hvað hv. frsm. minni hl. hefur fyrir sér um þau sjóslys, sem hér hafa orðið. Það er vitað, að oft hafa verið vélskaðar og kannske valdið því, að mannslíf hafi glatazt. En það er órannsakað mál, hvort þau sjóslys hafa orðið frekar hjá þeim, sem hafa verið með *minni* fræðslu eða meiri fræðslu. Ég vil ekki fara út í það. — Eins og ég skaut fram í fyrri framsöguræðu minni, ber ég mjög mikla virðingu fyrir faglegri þekkingu hv. þm. Barð. En það er önnur hlið á málinu, sem snýr að þessum mönnum, sem nú eru að berjast við það að auka fiskiflotann, og það er vegna þess, að ég vil taka töluvert tillit til þess, sem að þeim snýr, að ég vil heldur frv. en undanþáguleiðina. Verði undanþáguleiðin farin, höfum við dæmi fyrir okkur, að þær undanþágur byggjast venjulega á lærdómi, ekki eins mikið á reynslu. A. m. k. hefur það viljað verða svo.

Ég held, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að orðaskak milli hv. frsm. minni hl. og mín hafi ekki mikla þýðingu. Ég skil hans afstöðu ofur vel og met hana mikils. Og að því er snertir endurskoðun á l., þá get ég lýst yfir því fyrir mína hönd, og að ég held meiri hl. n., að við erum fúsir til þess, að því verði breytt.

Það er eitt atriði, sem ég vil minnast á, sem hv. frsm. minni hl. benti á til stuðnings máli sínu, það, að ríkisstj. setti á fót skyndinámskeið og gæti með því leyst úr þeim vandræðum, sem hér steðja að. Í frv. er gert ráð fyrir einmitt slíkum námskeiðum. En ég skal játa, að ég hefði gjarnan viljað hafa þau ákvæði nokkuð ákveðnari: ríkisstjórnin *heimili* að setja á stofn slíkt námskeið. Ég hef talað við mann, sem er mjög nákominn hæstv. atvmrh., og hann hefur sagt við mig, að enginn vafi væri á því, að byrjað yrði að koma á þessum námskeiðum eins *fljótt og kostur væri á. Ég álít þetta að vísu ekki* fullnægjandi, en þó nokkrá úrbót, og er ég hv. þm. Barð. um það fyllilega sammála, að það beri að gera allt, sem mögulegt er, til að auka hina faglegu þekkingu þessara manna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara inn á fleiri atriði. Ég er hv. frsm. minni hl. að ýmsu leyti sammála, en það, sem á milli ber, er bara þetta, hvernig verði ráðið fram úr þeim erfiðleikum, sem nú hafa skapazt, og úr því verður svo hv. d. að skera. Ég byggi töluvert á hinni almennu dómgreind manna. Og þó að það sé alltaf gott að hafa fagþekkingu, þar sem henni verður komið við, verð ég að segja, að flest mál eru þess eðlis, að við þm. verðum að byggja á dómgreind okkar sjálfra. Vænti ég þess fyllilega, að frv. verði samþ. En verði það ekki, vil ég segja það, að ég hef þá trú á hv. frsm. minni hl., að hann muni gera sitt til þess, að það gæti orðið að notum, þó að þetta, því miður, heyri ekki undir hann.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Það voru aðeins örfá orð. Það er ekki ástæða til að vera að neinu þófi, enda fyrst og fremst engir til að hlusta á neinar skýringar aðrir en þeir, sem hafa með málið að gera í sjútvn. Ég hef enga löngun til þess að fara út í nokkurt pex við hv. frsm. Hann hefur viljað sýna málinu fullan skilning í meðferð, en okkur greinir á um aðferðir. Ég vil bara benda á, að reginmunurinn liggur í því, að hann vill, að með þessum l. séu veitt réttindi til fjölda margra manna, sem ekki er hægt að stöðva, eftir að búið er að veita þau. Ég hins vegar vil takmarka þetta með því, að þetta sé veitt með undanþágu til þeirra manna, sem beztir eru í þessum hóp, og á sama tíma verði byggð upp námskeið, en um það erum við sammála, hv. 1. þm. S.-M. og ég. Ég hygg, að ef mín aðferð yrði viðhöfð, væri fyrirbyggt það, sem gæti orðið málinu til ills, en ekki stöðvað það, sem gæti orðið málinu til góðs. — Með því að sjútvn. Nd. hefur sent þessi gögn til mín, eftir að nál. var gefið út, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, — og þess vegna stóð ég upp, — að þessari umr. verði frestað og ekki gengið til atkv. nú, en sjútvn. beggja d. reyni að bræða sig saman með samræðum við ráðherra um lausn á þessu máli, sem heldur ekki er fengin í Nd., og vil ég benda á það, að málið heyrir ekki undir atvmrh., heldur undir samgmrh., a. m. k. allt varðandi námskeiðið og skólann heyrir undir hann. Ég

vildi sem form. sjútvn. Ed. ræða málið við formann sjútvn. Nd., í samráði við bæði hæstv. atvmrh. og hæstv. samgmrh., og sjá, hvort ekki sé unnt að finna leið í þessu máli, sem allir megi vel við una. Þetta eru, sem sagt, tilmæli mín til hæstv. forseta, og skal ég svo ekki taka aftur til máls.

Forseti (StgrA): Ég mun verða við þessum tilmælum frá hv. þm. Barð. og fresta umr. nú. Annars er tími orðinn heldur naumur, eins og hann veit.

Umr. frestað.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eftir að þetta mál var afgr. í sjútvn., hafa nefndinni borizt brtt. frá hv. Nd., sem komu ekki inn, er málið var afgr. í n., og koma því að sjálfsögðu til atkv. við 3. umr. Ég vil benda á, að ein brtt. skilst mér komi frá ríkisstjórninni, og er hún við 55. gr., að hún orðist svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og við eimvél í fiskiskipum allt að 1200 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla og við eimvél í fiskiskipum allt að 1200 hestafla. Atvinnumálaráðherra er einnig heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita fiskiskipum með 800—1200 hestafla vél undanþágu frá því að hafa aðstoðarvélstjóra. — Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjóra og Vélstjórafélags Íslands."

Þótt þetta frv. eins og það er nú verði samþ. eins og meiri hl. sjútvn. leggur til, er útilokað, að það geti leyst það, sem það átti að gera. Sífelldar beiðnir um undanþágur streyma inn, og þær munu ekki hætta, þótt þetta frv. verði samþ. Svo eru aðrar brtt. frá Nd. til leiðréttingar á frv. Læt ég nefndinni þær eftir.

Ég vil óska eftir svari frá hæstv. ráðherra, hvort ekki mundi vera heppilegasta leiðin, sem ég hef lagt til í nál. mínu, að 1. gr. frv. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:

a. Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita þeim mönnum, er skipaskoðun ríkisins mælir með, leyfi til þess að gegna vélgæzlu og vélstjórastarfi, enda liggi fyrir umsögn viðkomandi stéttarfélaga um það, að réttindamaður sé ekki fáanlegur, og vottorð tæknifræðilegra manna um hæfni umsækjanda til starfsins. Jafnframt er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því að hafa aðstoðarvélstjóra á fiskiskipum með 800—1200 hestafla vél.
b. Ráðherra skipar nú þegar 3 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða þá kafla þessara laga, sem snerta vélgæzlu, og gera tillögur um breytingar á þeim til samræmingar við þróun flotans í landinu, svo snemma, að hægt verði að leggja þær breytingar fyrir næsta reglulegt Alþingi.
c. Ráðherra lætur nú þegar undirbúa möguleika til frekara náms í verklegri og bóklegri vélfræði við stofnanir þær, sem nú kenna þessar greinir, og breytir reglugerðum þeirra í samræmi við það."

Einnig hef ég lagt til, að samþ. verði brtt. um, að 2.—28. gr. falli niður. Á þennan hátt álít ég, að fljótlegast sé hægt að bæta úr.

Ég vil svo heyra álit ráðh. um það, hvort mínar till. séu ekki bezta lausnin á málinu. Ég skal svo ekki halda uppi meira málþófi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta mál, sem hér er til umr., er vandamál. Það er um að ræða að sigla milli skers og báru, að sjá um, að skip stöðvist ekki vegna mannaskorts og hins vegar að ekki séu settir menn til starfs, sem ekki eru kvalificeraðir til þess. Varla líður svo dagur, að ekki komi umsóknir til ráðuneytisins um að lofa mönnum að gegna störfum, sem þeir hafa ekki réttindi til að gegna. Þessar umsóknir eru fram komnar vegna þess, að kvalificeraðir menn eru ekki fyrir hendi. Ráðuneytið liggur svo undir ámæli frá stéttarfélögum fyrir að láta ókvalificerða menn gegna viðkomandi störfum. Ráðuneytið hefur því farið þá leið að senda umsóknirnar til stéttarfélaganna til umsagnar og beðið þau að útvega menn, ef þeir fengjust.

Sá hængur er á lögunum, að engin undanþáguheimild er þar til. Ég og skrifstofustjóri ráðuneytis míns höfum rætt mikið, hvernig hægt væri að fá úr þessu bætt. Stéttarfélögin vilja enga undanþágu veita, vilja þau láta auka menntunina, svo að undanþágu sé ekki þörf. En eins og nú er ástatt, þá geta stéttarfélögin ekki fullnægt eftirspurninni um kvalificerða menn.

Í ráðuneytinu hafa verið gerðar tillögur, án þess að niðurstaða hafi fengizt. Þá skeður það, að 2 hv. þm. í Nd. flytja frv., sem kemur inn á þetta. Þær leiðir, sem hægt er að fara, eru nokkrar. Það má hugsa sér að bæta menntunarskilyrðin, og það er verið að gera nú. Í sjómannaskólanum er verið að skapa skilyrði til þess, að vélstjórafræðslan geti færzt í fullkomnara lag, t. d. með byggingu vélahúss, en fjárveitingin til þeirrar byggingar hefur ekki verið ríflegri en það, að byggingunni hefur miðað seint, og hefur ráðuneytið sett ámæli fyrir það, a. m. k. úr einni átt. — Önnur leiðin er sú, sem mér skilst, að hv. þm. Barð. vilji fara, að veita undanþágu með vissum skilyrðum í stuttan tíma. Mér finnst þessi leið koma til greina, en hún þyrfti að ná til fleiri stétta. — Þriðja leiðin er að hækka viðmiðunarhæfnina annars vegar úr 300 hestöflum í 600 og hins vegar úr 150 í 250 hestöfl. Þetta getur verið réttlætanlegt sem neyðarráðstöfun, þegar skortur er á fagmönnum. Ég get að vísu ekki dæmt um það fyllilega, hvort maður, sem hefur stjórnað 150 hestafla vél, geti ekki líka stjórnað 250 hestafla vél, þó tel ég það líklegt.

Aðalatriðið fyrir mér er, að á einhvern hátt fáist ráðið fram úr því millibilsástandi, sem nú er, þegar miklu færri menn eru til með sérþekkingu en þörf er á. Hver leiðin, sem farin verður, þá er

aðalatriðið, að hún þjóni þeim tilgangi að ráða fram úr þessu á skynsamlegan hátt.

Þegar þetta frv. var fram komið, ræddum við í ráðuneytinu, hvað gera skyldi, og létum við þá nefndinni í ljós hugrenningar ráðuneytisins. Af þeim eru komnar þær tillögur, sem hv. þm. Barð. hélt, að runnar væru undan rifjum ríkisstjórnarinnar.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég átti ekki kost á því að vera við fyrri hl. þessarar umr. Það er nú búið að ræða allmikið um þetta mál af minni hl. sjútvn. og einnig af hæstv. samgmrh. Og þó að hæstv. samgmrh. hafi allmikið rætt málið, þykir mér rétt að rekja sögu málsins hér á þingi.

Upphaflega var þetta frv. flutt af tveimur hv. þm., þm. Vestm. og þm. Borgf. Og þá fór frv. fram á að gera þá breyt. á þessum l., að hækka vélaaflið, sem réttindamenn megi fara með, um 100 hö., og þá aðeins miðað við mótora. Og það er viðurkennt, að langmestu vandræðin eru einmitt við meðferð mótorbátanna, sem liggur fyrst og fremst í þeirri geysimiklu fjölgun bátaflotans, og þó öllu meira í stækkun vélanna. Því að það er öllum ljóst, að þær vélar, sem nú eru teknar nýjar í eldri báta, eru allar stærri en þær, sem áður voru notaðar í þeim. Og það virðist ekki vera neitt undarlegt, þó að það leiði til vandræða fyrst í stað, þegar fiskiflotinn er aukinn a. m. k. yfir 100 skip, og mest af þeim eru mótorskip, og hvað snertir fagmenn til þess að fara með vélar í þessum skipum, þar sem vitanlegt er, að ekki hefur verið hægt fram að þessu að fleyta þeim fleytum, sem til hafa verið, nema með því að veita undanþágur. Og ég hygg, að nú muni vera 30—40 menn, sem vinna þannig með undanþágu.

Hv. flm. þessa frv. álitu, að réttara væri að færa upp hámarksafl vélanna til þess að veita mönnum réttindi til þess að fara með þær án frekari lærdóms. Og þó að ég sé ekki fagmaður, verð ég að telja það einna álitlegustu leiðina, því að ég hef fyrir því nokkra reynslu og ég legg ákaflega mikið upp úr því, að menn, sem búnir eru að fara með minni vélar, en þó nokkuð svipaðar, fái frekar réttindi til þess að fara með stærri vélar, og ég álít, að sá maður, sem hefur farið með vél í allt að fjögur ár, sé miklu færari til starfsins en t. d. maður, sem hefur aðeins verið á mótornámskeiði. Og því er það, að ég tel þá leiðina að hækka hámark vélakraftsins betri en undanþáguleiðina. Og þegar maður lítur á þetta mál, eru á því tvær hliðar, önnur snýr að fagmönnum, en hin að útvegsmönnum. Ég tel það miklu betra fyrir útvegsmann að eiga þess kost að halda sínum vélamanni, sem hann hefur haft undanfarin ár. Að vísu á hann nú að fara með aflstærri vél, en útgerðarmaðurinn hefur reynslu fyrir því, að maðurinn hefur reynzt vel í starfinu. Og það er nokkuð harðleikið fyrir útgerðarmann, sem hefur haft góðan vélstjóra undanfarið, að verða að láta hann fara, en fá svo einhvern undanþágumann til þess að fara með sína vél, en það á hann á hættu, vegna þess að það á ekki að spyrja útvegsmenn, hverjum eigi að veita undanþágu, heldur er það skipaskoðun ríkisins, þ. e. a. s., ef farið væri eftir till. minni hl. n.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum um það, hvaða vandræði eru hér á ferð, því hefur hæstv. samgmrh. lýst svo greinilega, að ekki þarf um að bæta. Hæstv. ráðh. taldi leiðirnar þrjár, sem um væri að velja, en játaði, að ein væri útilokuð, sem væri aukin fræðsla, sem ekki bætti ástandið eins og það er nú. Þá eru hinar tvær, önnur er sú, sem frv. fer fram á, að auka réttindi vélgæzlumanna og vélstjóra, þannig að hestaflafjöldi vélanna er hækkaður, sem þeir vélstjórar fá að fara með. Ég tel þá leið öruggari, sem er byggð á því, að mennirnir hafi undir flestum eða öllum kringumstæðum verulega æfingu.

Hins vegar ef farin er sú leið að auka heimild ríkisstj., sem sumir telja, að einnig sé til, til þess að veita undanþágu til þess að fara með þessar vélar, en ég tel þá leið miklu varasamari, af því að það er engin trygging fyrir því, að þeir, sem undanþágurnar fá, hafi jafnmikla reynslu eins og þó er gert hér að skilyrði til réttindaaukningar. Ég held því, að eina leiðin, sem fær er í þessu, sé að fara þessa leið, að hækka hestaflafjöldann, og hún sé alveg áhættulaus.

Hv. þm. Barð. lét í ljós þá skoðun á nefndarfundum, að hækkun sú, sem felst í 1.—10. gr. frv., mundi frá faglegu sjónarmiði ekki vera neitt vanskileg, og hann gerði ráð fyrir, að það kæmi ævinlega til þess að gilda upp á móti hestaflafjölguninni. En aftur var hv. þm. miklu tortryggnari gagnvart 11.—18. gr. frv., að báðum meðtöldum, en það er viðkomandi vélgæzlumönnum, sem hafa bara nám frá námskeiði Fiskifélags Íslands, eða menn, sem hafa nám frá Vélstjóraskóla Íslands, auðvitað minna nám en áskilið hefur verið í l. hingað til. En nú stendur svo á, að mikill skortur er á mótoristum til þess að fara með vélar yfir 150 hö., og við þessa þörf er miðað í upphafi, þegar frv. var samið og flutt á þingi.

Ég verð að líta svo á, að ef hin leiðin yrði farin, að veita ráðh. heimild til þess að veita undanþágu í þessum efnum, þá kemur sú hætta, að við verðum að búa við þetta ástand, þangað til hægt er að fullnægja l. um fullkomið nám. En ef ráðh. vill — sem mér skildist á honum í ræðu, sem hann flutti hér áðan, — nota þá heimild, sem felst í 26. gr. frv. eins og það er nú, til þess að koma á að vísu nokkuð stuttum námskeiðum annaðhvort við vélstjóraskólann eða þá öllu heldur hjá Fiskifélagi Íslands, þá skilst mér, að það megi ákaflega mikið og fljótt bæta úr til bráðabirgða, þannig að menn eigi kost á, um leið og þeir fara með vélar í bátum, að fara á þessi námskeið. En ef undanþágan er veitt, er ég hræddur um, að þetta verði alls ekki notað. Og ég legg ákaflega mikið upp úr því, að þessi heimild 26. gr. verði notuð til hlítar. Ég veit, að Fiskifélag Íslandi mun fyllilega vilja ljá sitt liðsinni, að slíkt væri hægt að framkvæma. Hins vegar verður náttúrlega að skeika að sköpuðu, hver niðurstaðan verður um meðferð málsins. Báðar þessar leiðir eru ekki fullnægjandi, og ég er fyllilega sammála frsm. minni hl. um það, að það verður að bæta kennslumöguleikana í vélfræði, bæði hvað snertir mótorvélar og gufu-

vélar, og hvor leiðin, sem verður tekin nú í afgreiðslu þessa máls, verður aldrei nema til bráðabirgða, en ég tel, að sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, sé affærasælust. Og ég tel, að hún valdi ekki neinni röskun, sem hætta geti stafað af.

Ég skal fúslega játa, að hvað snertir gufuvélar, hef ég hvorki reynslu né þekkingu, en mér hefur skilizt á hv. frsm. minni hl., að hann teldi þar ekki mikla hættu á ferðum. En þó að ég hafi ekki faglega þekkingu í meðferð mótorvéla, þá hef ég nokkra reynslu, bæði eigin reynslu og annarra, og við höfum orðið að notast mest við þá þekkingu, sem fengizt hefur með praksís, og ég legg ákaflega mikið upp úr henni. Og við höfum átt, sem betur fer, prýðilega menn í þessu starfi, þó að þeir hafi ekki átt kost á að fá nægilega fræðslu, eins og æskilegt hefði verið.

Hvað snertir einn þátt till. hv. frsm. minni hl., þá er ég honum sammála um það, að nú strax þyrfti að gera ráðstafanir til þess að endurskoða þessi l., og er það ekki óeðlilegt, því að við höfum hingað til búið við svo ófullnægjandi kennslu í meðferð véla. Og nú hefur riðið yfir okkur hin mikla vélaöld, ekki aðeins hvað snertir skip, heldur líka í landinu, og eitt af því, sem torveldar nú mjög að fá hæfa menn á fiskiflotann til þess að gæta vélanna, er hin geysilega öra aukning vélstjóra í landi. Á hverjum stað fer á land fjöldi manna, sem hafa reynzt prýðilega á flotanum, til vélgæzlu í landi.

Ég vildi mælast til þess, að hæstv. ráðh. gæfi enn frekari yfirlýsingu um það, hvort hann muni ekki gera sitt ýtrasta til þess að nota heimildina, sem honum er gefin í 26. gr. frv., ef það verður samþ. Og í annan stað, þó að það verði ekki samþ. á Alþ., að hann hlutaðist til um, að skipuð yrði n. til þess að endurskoða l. um atvinnu við siglingar, og þá sérstaklega að því er snertir vélgæzlu. Því að, sem betur fer, horfir nú miklu betur með skipstjórana.

Ég læt svo útrætt um þetta mál. Það fer nú eins og fyrri daginn, hv. þm. þurfa ekki að hlusta mikið á umr., það eru fáir, sem hlusta nú á þær. Ég læt alveg skeika að sköpuðu, hvernig um þetta mál fer, atkv. verða að skera úr. Allir viðurkenna, að ástandið er slæmt og að úr því verður að bæta með bráðabirgðaráðstöfunum, sem allir viðurkenna, að eru ófullnægjandi.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. samgmrh. fyrir ummæli hans í þessu máli í heild, en í sambandi við þau benda honum á, að ég held, að hafi gætt nokkurs misskilnings um málið. Hann sagði, að kannske skipti það ekki miklu máli, hvor leiðin væri farin. Og vil ég í því sambandi benda honum á, að ef sú leið væri farin, sem talað er um í frv., þá er ekki á valdi ráðh. að tryggja nokkurn hlut, að þeir menn, sem fá réttindi, hafi þá þekkingu, sem þarf. Réttindin eru með samþykkt frv. gefin alveg takmarkalaus. Hver sá maður, sem getur sýnt, að hann hafi starfað eins og ákveðið er í l., þarf ekki að leita undanþágu eða neins leyfis. Honum eru gefin þessi réttindi, ef hann aðeins hefur hangið við þetta starf ákveðinn tíma, hvort sem hann hefur gert það betur eða verr. Og í þessu liggur hin stóra hætta. Og það er hægt fyrir mann, sem hefur verið vélstjóri á trillu með 16 ha. vél í eitt ár, að krefjast réttinda til þess að mega fara með 250 ha. vél, ef hann sannar, að hann hafi gengið á hið minna námskeið við mótorvélskóla, og það námskeið er verkleg kennsla í 14 daga og bókleg fræðsla í 8 daga. Og hæstv. ráðh. getur ekki stöðvað að gefa þessum mönnum full réttindi til þess að fara með 250 ha. vélar, ef frv. verður samþ. Og það er það, sem ég vil stöðva. Ég vil ekki, að menn, sem starfað hafa í eitt ár þannig, geti fengið að fara með 250 ha. vél, sem er þá 375 ha. raunverulega. Þar að auki getur hver maður, sem bætt hefur við sig öðrum 17 dögum verklegrar kennslu og 21 degi í bóklegri kennslu, fengið rétt til þess að fara með 600 ha. vél, sem samsvarar 800 ha. vélum, sem er miklu vandasamara en með jafnstórar gufuvélar. Og þetta verður ekki stöðvað, ef frv, nær fram að ganga.

Ég tel hins vegar miklu minni hættu í því að veita undanþágur til góðra manna þennan tíma, til þess að stöðva ekki flotann. En þá hefur ráðh. það á valdi sínu og getur um það leitað ráða sérfróðra manna á þessu sviði.

Þá var atriði í ræðu hv. 1. þm. S.-M., sem var algerlega rangt, það eru einmitt útvegsmennirnir, sem geta ráðið miklu, vegna þess að þeir biðja fyrst og fremst um undanþágu fyrir ákveðinn mann, sem þeir hafa sannfært sig um, að hafi þessi skilyrði. Þeir fá ekki undanþágu nema enginn annar maður sé fyrir hendi, eða hann sé ekki nógu góður til þess að hægt sé að fela honum verkið, en það hefur aldrei skeð og mun aldrei ske. Þetta vildi ég láta koma mjög rækilega fram. Og ég hygg, að þetta komi fram af misskilningi hæstv. samgmrh., að hann ætti kannske einhverju að ráða um það, hverjir fengju þessi réttindi eftir á, ef þetta frv. verður að l., en svo er ekki. Og reynslan hefur sýnt, að þegar farið er að veita þessi réttindi, stöðvast aðsókn að skólum og námskeiðum í trausti þess, að haldið verði áfram að veita þessi réttindi til manna, sem ekki hafa lært.

Allur fjöldi þeirra manna, sem tóku próf síðastliðinn vetur, hefði ekki farið í skóla, ef þeim hefði dottið í hug, að þetta frv. yrði samþ., og það er ekki lítið atriði.

Viðvíkjandi ummælum hv. 1. þm. S.-M., að ég geti fellt mig við 1.—10. gr. frv., þá er það nokkur misskilningur. Ég get fellt mig við, að menn, sem hafa nú réttindi til þess að fara með 300 ha. vélar, fengju réttindi til þess að fara með vélar allt að 1200 ha., vegna þess að þeir þurfa ekki nema viðbótaræfingu. En að hækka hina upp í 600 ha. réttindi, get ég ekki fellt mig við, án þess að þeir ljúki verklegu og bóklegu námi eins og hinir. Í þessu liggur stóra hættan, og í þessu liggur misskilningur, sem ég vil leiðrétta.

Ég harma það, að ekki skuli vera fleiri hv. þm. hér inni til þess að hlusta á rök í málinu, því að þetta er miklu meira vandamál en menn gera sér ljóst. Og ég vil ekki vera með í því að samþ. þetta frv. og þannig verða valdur að því að flotinn verði eins og rekald um hafið, þar sem þörf er á fleiri björgunarskútum til þess að taka hann upp. Og það er bókstaflega stefnt að því með

þessu frv. Og ég trúi ekki fyrr en ég tek á, að hæstv. samgmrh. beiti sér ekki fyrir því að fá þetta lagað og þessu afstýrt á þann hátt, að mínar brtt. verði samþ. og gerð verði gangskör að því að auka þekkinguna eins og hann talar um. En það er of seint, þegar búið er að veita 500—800 mönnum réttindi, sem eru ekki færir um að vinna þessi störf. Þetta vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. athugaði.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki lengja umr. frekar. En ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði áðan, að í afstöðu minni gætti nokkurs misskilnings um málið í heild. Það má náttúrlega vel vera, að ég skilji það ekki allt til fullnustu, en ég hef þó reynt að setja mig inn í það eins og efni stóðu til. Og mér var fullkomlega ljóst, að ef frv. yrði samþ. og viðmiðunartala ha. aukin, er það ekki á valdi ráðuneytisins að ákveða, hverjir fái réttindin út yfir það, að þeir, sem hafa þessi réttindi áður, sem frv. gerir ráð fyrir, þeirra réttindi aukast eins og frv. gerir ráð fyrir. Og þar kemur ekki til neins frá ráðuneytinu að segja neitt til um það, með eða móti, um það segja l. alveg ákveðið. En ég sagði um þetta, að ég væri ekki það vel að mér í málinu, að ég teldi, að ég gæti fellt um það neinn úrslitadóm. En hér hafa aftur margir menn komið að, sem margir hverjir, að ég ætla, hafa nokkurt vit á, og það hefði átt að fá þeirra umsögn. (*GJ:* Þeir eru allir á móti frv.) Sumir á móti og sumir með. Frv. er flutt að beiðni vélstjórafélags Akraness og Vestmannaeyja. Þessi vélstjórafélög standa að flutningi málsins, svo að það er ekki hægt að segja, að stéttin sé einróma á móti því.

Nú kann að vera, að örfárra þeirra manna, sem hér er verið að hækka í sessi, gæti meira en hinna og meira en rétt er. En þessi félög tilheyra stéttinni, og þeirra orð eiga líka að heyrast í málinu.

Ég held a. m. k. að það hafi ekki verið tómur misskilningur á málinu hjá mér, þó að ég vilji ekki slá föstu á þessu stigi málsins, hvora leiðina beri að fara. Mér finnst, að báðar geti komið til athugunar, sem þarna eru nefndar, en þó þannig, að ef fróðum mönnum í þessum efnum virðist, að þessar viðmiðunartölur séu of háar, vil ég beygja mig fyrir þeim úrskurði. Og þar sem Farmanna- og fiskimannasambandið hefur boðizt til þess að senda sína fulltrúa til n. (*GJ:* Þeir hafa mælt á móti þessu.) Hafa þeir talað við n.? (*GJ:* Já og verið á móti frv.) Þá er ég fús til þess að taka þeirra álit til greina.

Þá mun ég fús til að taka til greina heimildina um aukið nám í þessu bóklega og vona, að þeir möguleikar aukist mjög við betri aðstöðu í hinum nýja sjómannaskóla.

Hv. þm. Barð. gerði ráð fyrir því, að menn mundu hætta að fara í skóla. Það held ég, að komi ekki til mála, að menn mundu hætta að fara í skóla, þó að þetta frv. yrði samþ., því að flestir, sem ætla sér að stunda þetta starf, reyna að afla sér þeirrar þekkingar, sem nauðsynleg er og mögulegt er að fá, til þess að verða sem hæfastir í starfinu. Þannig er nú einu sinni okkar hugur Íslendinga yfirleitt, og hefur það komið allra greinilegast fram í iðnaðinum, þar sem gervimenn hafa verið teknir í allar greinar iðnaðarins, en aldrei í sögunni hafa fleiri iðnnemar farið út til þess að fullkomna sig í iðnstarfinu en á þessum árum, þar sem iðnnematalan hefur upp undir það ferfaldazt á þessu tímabili. (*GJ:* Gervimenn fá ekki réttindi þarna.) Það dregur að mínu áliti ekki úr því, að menn reyni að afla sér þeirrar fyllstu þekkingar, sem hægt er að fá í faginu, því að það segir sig sjálft, að þegar að því kemur, að jöfnuð verður eftirspurn og framboð, verða þeir valdir, sem mesta þekkingu hafa, en hinir verða í landi, sem minna kunna.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég skal ekki tefja umr. Það eru tvö atriði í ræðu hv. þm. Barð., sem ég vildi athuga dálítið. Annað það, að ef þetta frv. yrði að l., mundu vélgæzlumenn hætta að fara í skóla. Ráðherra hefur svarað þessu, og er ég þar honum sammála. Hitt er það, að hv. þm. Barð. taldi, að með þessu frv. væri stefnt að því að stofna í hættu bæði fjármunum og lífi manna. Ég verð að segja, að ég get ekki séð, að slíkt gæti átt sér stað, hvor leiðin sem farin yrði. Mér finnst, að ef það gæti átt við um frv., gæti það ekki síður átt við um undanþáguna. En ég vildi mótmæla þessu á þeim grundvelli, að ég held, að þeir mannskaðar og skipskaðar, sem hér hafa orðið, hafi sjaldnast, ef þá nokkurn tíma, orðið af völdum þess, að ekki hafi verið fyllilega faglærðir menn um borð. Og ég veit fyrir víst, að það er hægt að sanna þetta.

ATKVGR.

Brtt. 854,1 felld með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, GJ.

nei: ÁS, MJ, ÞÞ, BSt, BrB, GÍG, HG, IngP, StgrA.

LJóh, PHerm, EE greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJ, BBen, HermJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 854,2 tekin aftur.

2.—28. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 112. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 644, 955).

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og kom fram við 2. umr. þessa máls, hafa sjútvn. borizt brtt., sem óskað var, að hún flytti við frv., en þær komu svo seint, að ekki var hægt að taka þær til athugunar áður en nál. var gefið út. Ég hef svo kallað n. saman og lagt þessar brtt. fyrir hana. En meiri hl. n. hefur ekki fallizt á að bera brtt. fram, mest af þeim ástæðum, að hann taldi, að hætta væri þá á því, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Hins vegar er meiri hl. n. ekki á móti 1. og 2. tölul. í brtt. minni

hl., sem er eingöngu leiðrétting á frv. Ég hef fengið þær upplýsingar hjá Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra í atvmrn., að ráðuneytið telji ekki fært að veita skírteini út á frv. eins og það er á þskj. 644, nema þessar breyt. komi inn í frv., vegna þess að hann gæti ekki greint á milli þess, hvenær þessir menn ættu að hafa réttindi samkv. l. og hvenær ekki, þar sem ekki er samræmi í þessu gegnum öll lögin. Viðvíkjandi 3. lið brtt. 955 er það þannig, að eins og nú er hefur ráðuneytið ekki rétt til að veita neina undanþágu, en það er vitanlegt, að þó að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, þarf enn víðtækari undanþágu, og yrði það þá að gerast án heimildar. Vigfús Einarsson upplýsti einnig, að ráðuneytið mundi ekki sjá sér fært að gera það, svo framarlega sem þessi brtt. væri felld, því að það væri viljayfirlýsing þingsins um það, að undanþágu ætti ekki að veita, og stefndi það þá flotanum í hættu, þangað til gefin væru út bráðabirgðal. eða þangað til þingið kæmi saman aftur til að breyta l. Ég legg því til, að þessar brtt. verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hef ekki neinar aths. að gera við ræðu hv. þm. Barð., form. sjútvn., hann skýrði alveg rétt frá afstöðu n. En ég vil taka það fram fyrir mína hönd og meiri hl. sjútvn., að þó að brtt. sú, sem kveður svo á, að ríkisstj. sé heimilt að veita undanþágu, verði felld, þá er það engan veginn svo að skilja, að við lítum ekki þannig á, að ríkisstj. standi alveg í sama rétti með undanþáguveitingar eins og hingað til. Því að forsendurnar fyrir því, að þessar brtt. voru ekki fluttar fyrr, eru þær, eins og hv. þm. Barð. tók fram, að meiri hl. n. vildi ekki setja málið í hættu vegna breyt.

Eftir því sem hv. þm. Barð. segir frá, dregur Vigfús Einarsson skrifstofustjóri það mjög í efa, að l. verði framkvæmanleg eins og frv. liggur nú fyrir, en ég dreg í efa, að það álit skrifstofustjórans sé rétt. Ég skal að vísu játa, að sumar gr. frv. eru þannig, að þær geta vel orkað tvímælis. En það, sem fyrir mér er aðalatriðið — og ég tel ekki neinn vafa um, að er hægt að framkvæma eftir frv., þó að brtt. verði felldar niður, — það er réttindahækkun fyrir vélstjóra á mótorskipum úr 150 hö. í 250 hö., og það hefur verið fyrir mér alla tíð aðalatriðið í þessu máli, og upphaflega var málið flutt vegna þeirra breyt. Ég tek því undir það með hv. þm. Barð., að mér dettur ekki í hug að hafa málþóf um þetta mál, enda hefur verið hin bezta samvinna í n. um málið, þó að ágreiningur væri um niðurstöðu.

ATKVGR.
Brtt. 955,1 felld með 9:4 atkv.
— 955,2 felld með 9:4 atkv.
— 955,3 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, LJóh, PM, ÞÞ, BBen.
nei: GÍG, HG, HermJ, IngP, ÁS, BSt, BrB, StgrA.
PHerm greiddi ekki atkv.
2 þm. (JJ, MJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Þar sem ég tel þessa brtt. ekki bráðnauðsynlega til þess að lögin komi að haldi, þá tel ég ekki ástæðu til að tefja málið og segi því nei.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 994).

75. Menntaskólar.

Á 11. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um menntaskóla (þmfrv., A. 31).

Á 15. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 9[illegible]undi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 581, 582).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Frv. til l. um menntaskóla er samið af mþn. í skólamálum. Eftir 1. umr. hefur menntmn. tekið málið til athugunar og rætt það allýtarlega, meðal annars við fræðslumálastjóra, rektor menntaskólans og Kristin Ármannsson yfirkennara, sem sæti átti í mþn. og hefur mjög fjallað um málið. Auk þess óskaði n., að skólameistari Akureyrarskólans kæmi til viðræðna, en hann gat ekki komið vegna veikinda.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem eru á þskj. 582. Eins og hv. þm. er kunnugt, starfar Menntaskólinn á Akureyri samkvæmt lögum, sem sett voru um hann 1930, en Menntaskólinn í Reykjavík hefur aftur á móti aldrei starfað eftir l., heldur eftir reglugerð. En þessi l., sem hér er um að ræða, er ætlazt til, að nái til beggja.

Fyrsta spurningin, sem kom til athugunar, var sú, hvort ætti að ákveða, að menntaskólarnir væru tveir, eins og verið hefði, eða veita heimild til þess að fjölga þeim. Í frv. er gert ráð fyrir að lögfesta tvo, en heimild verði til fyrir ríkisstj. að ákveða fleiri menntaskóla þegar veitt verði fé í fjárl. til þess. N. þótti rétt að binda þetta fastari tökum, þannig að það væri skýrt tekið fram, hvað margir þeir skuli verða fram yfir þá, sem nú eru, og enn fremur þótti n. það rétt vegna þess, hversu háværar raddir hafa verið um það að stofna menntaskóla í sveit, að setja inn ákvæði í 1. gr., sem verður þá á þá leið: Menntaskólar eru tveir, annar í Reykjavík, hinn á Akureyri. Stofna skal hinn þriðja í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Hins vegar er það ætlun n., ef stofna á fleiri menntaskóla en þessa tvo, að fyrir þá, sem kunna að verða stofnaðir samkv. fjárlagaákvæðum, þurfi til þess líka lagaákvæði. Og í sambandi við þá skóla, sem hafa

fengið heimild til þess að útskrifa stúdenta, eins og Verzlunarskólinn, þá er ætlazt til þess, að þessi l. haggi ekki þeim réttindum, sem hann hefur fengið til þess að brautskrá stúdenta, og kemur það skýrt fram í 7. brtt. n.

2. brtt. er við 3. gr. og felur aðeins í sér skýrari ákvæði, meðal annars það, að til þess að fjölga megi deildum umfram máladeild og stærðfræðideild þurfi samþykki hlutaðeigandi skólastjórnar.

3. brtt. er um það, að 6. gr. falli niður.

4. brtt. er um inntökuskilyrði, að í staðinn fyrir 15 ára komi 16 ára, en jafnframt sé skólastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu aldurstakmarki.

5. brtt. er við 10. gr. Þar er rætt um kennslugreinar skólanna, og er þar bætt við: íslenzk fræði. — Við 11. gr. er brtt., sem er fyrst og fremst orðalagsbreyting. — 7. brtt. er við 12. gr., en ekki við 2. gr., eins og stendur á þskj. 582. Er það prentvilla, og vil ég biðja hv. þm. að leiðrétta það. Þar segir, að stúdentspróf veiti rétt til inngöngu inn í háskóla, en menntaskólar einir hafi rétt til að burtskrá stúdenta. Hingað til hafa ráðherrar haft heimild til að veita skólum rétt til að brautskrá stúdenta. Hér eftir er ráðgert, að lagaheimild komi til. Hins vegar raskar 2. málsgr. í engu þeim rétti, er einstakir skólar hafa nú. — 8. brtt., við 13. gr., felur í sér ákvæði um prófdómendur. Skulu þeir skipaðir af yfirstjórn skólanna að fengnum tillögum o. s. frv. — í stað: samkv. tillögum. — 9. brtt., við 15. gr., tekur bæði yfir 15. gr. og 17. gr., þar sem efnið er svo nátengt. Þar er tekið fram, að skólastjórar og fastir kennarar taki laun skv. launalögum. Í 15. gr. frv. var tala fastra kennara ákveðin tólf hið fæsta, en réttara þótti, að fastur kennari kæmi að jafnaði á hverja bekksögn. Í samræmi við þetta er lagt til, að 17. gr. falli brott. Brtt. við 18. gr. er í samræmi við frv. um gagnfræðanám. 12. og 13. brtt. er í rauninni ekki efnisbreyting, heldur er 20. og 21. gr. frv. felldar saman. 14. brtt. kveður svo á, að þrem köflum, VII., VIII. og IX., er steypt saman í einn undir fyrirsögninni: Ýmis ákvæði. Um sum atriði þessa kafla er ætlazt til, að ákveðið verði í reglugerð. Um 15. brtt. er ekki ástæða til að ræða. Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt., en vænti, að hv. deild fallist á þær.

ATKVGR.

Brtt. 582,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 582,2 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 582,3 (6. gr. falli niður) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 582,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—9. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 582,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 582,6 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 582,7 (ný 12. gr.,verður 11. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 582,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 582,9 (ný 15. gr., verður 14. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 582,10 (17. gr. falli niður) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 582,11 (ný 18. gr., verður 16. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
19. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 582,12 (ný 20. gr., verður 18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 582,13 (21. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 582,14 (nýr VII. kafli, 19.—20. gr., í stað VII.—IX. kafla, 22.—25. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
26. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflaskipting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 618).

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti Ég flyt hér ásamt hv. 2. þm. Reykv. (EOl) brtt. á þskj. 632 við frv. það, sem hér liggur fyrir, en henni er því miður ekki búið að útbýta enn þá. Fyrri till. á þskj. miðar að því að taka upp esperanto sem kennslugrein við menntaskólana, og er óþarfi að færa rök fyrir því, hve mikill kostur væri að því, að það mál væri kennt við þessa skóla. Esperanto er fyrir löngu viðurkennt mál, og fyrir stríð var það viðurkennt í flestum skólum erlendis sem eitt af fjórum aðaltungumálunum. Þótt við Íslendingar tækjum upp slíka kennslu við menntaskólana, mundi það litlu áorka á heimsmælikvarða, því að það væri að sjálfsögðu miklu þýðingarmeira, ef eitthvert stórveldanna tæki upp þetta mál sem skyldukennslugrein í skólum sínum, en við lítum svo á, að með þessu gefum við öðrum þjóðum gott fordæmi og hér sé stigið spor í rétta átt. Vænti ég þess, að hv. dm. greiði till. atkv.

Þá flytjum við á sama þskj. aðra brtt., sem kveður á um að fella niður orðin „kristin fræði“ úr 9. gr. frv. Mín skoðun hefur ávallt verið sú, frá því að ég gekk í menntaskólann, að kennsla í kristnum fræðum, eins og hún tíðkast þar, eigi ekki að eiga sér stað. Ég veit, að fjöldi manna, bæði þeir, sem hafa stundað nám í menntaskólum, og eins aðrir, eru sömu skoðunar og ég um þetta atriði, og þess vegna hefur mér þótt rétt að flytja þessa brtt. Eins og þessari kennslu er nú háttað, mun hún eingöngu fara fram í lestri á biblíusögunum. — Mér er ljóst, að þetta er hégómamál á móts við það að fá nýja löggjöf um menntaskóla, en hins vegar er mér einnig ljóst, að þetta er tilfinningamál fyrir marga, en mér hefur þótt rétt að flytja till. um þetta atriði,

svo að einnig þetta sjónarmið mitt og margra annarra, sem mér er kunnugt um, komi fram.

Forseti (BG): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 632, frá hv. 11. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. Brtt. þessi er of seint fram komin, og þarf því að veita afbrigði til þess að hún geti orðið tekin til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Menntmn. hefur ekki haft tækifæri til að athuga þessar brtt. á þskj. 632. Ég vil aðeins geta þess, að frá minu sjónarmiði persónulega tel ég það mjög vel geta komið til mála að taka upp kennslu í esperanto við menntaskólana, eins og fyrri till. fer fram á. Hins vegar er heimild í 9. gr. frv. til frjálsra kennslugreina til handa yfirstjórnum skólanna, og teldi ég því réttara, þar sem þetta mál hefur ekki verið það vel athugað eða rætt, að láta það vera á valdi yfirstjórnar skólanna, hvort þessari kennslugrein skuli bætt við, en ekki að lögfesta hana beinlínis.

Að því er snertir síðari till. legg ég fyrir mitt leyti á móti henni, þ. e. að kennsla í kristnum fræðum falli niður við menntaskólana. Í stjórnarskrá vorri segir, að hina evangelisku lútersku kirkju beri að styðja og vernda, og hefur það undanfarið verið fólgið í því m. a. að halda við kennslu í kristnum fræðum í skólum landsins. Tel ég enga ástæðu til að draga úr þessari kennslu, eins og sakir standa. Hins vegar vil ég taka fram, að ég tala hér ekki fyrir hönd menntmn., því að hún hefur eðlilega ekki haft tækifæri til að athuga þessar till.

ATKVGR.
Brtt. 632,a felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, EOl, LJós, SigfS, BG.
nei: SEH, SkG, SvbH, EystJ, GTh, HB, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, PO.
BÁ, IngJ greiddu ekki atkv.
13 þm. (SB, SK, SÞ, ÁÁ, BK, EmJ, FJ, GÞ, GSv, JJós, JPálm, JS, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 632,b felld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, PZ, SigfS, STh, ÞB, ÁkJ, EOl, HelgJ.
nei: PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, BÁ, EystJ, GTh, HB, IngJ, JörB, BG.
SG greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÓTh, SB, SK, ÁÁ, BK, EmJ, FJ, GÞ, GSv, JJós, JPálm, JS) fjarstaddir.
Brtt. 632,b varatill. felld með 11:9 atkv.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 618, n. 887).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, þá hefur menntmn. mælt með því, að þetta frv. verði samþ., og sé ég ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Það er hv. þdm. kunnugt. Frv. tók litlum breyt. í hv. Nd., þar sem það fyrst var lagt fram. Það er þó ástæða til að taka það fram, að þetta frv. er einn sérstakur liður í því skólakerfi, sem lögfest var nú fyrir stuttu á þessu þingi sem lög um skólakerfi og fræðsluskyldu. Og það er full ástæða til að setja sérstök lög um menntaskólana, ekki sízt vegna þess, að það er ósamræmi í þeim lögum og reglum, sem um þá hafa verið látin vera gildandi. Um Menntaskólann í Reykjavík eru ekki til nein lög. Hann starfar samkv. reglugerð, sem sett var eftir frv., sem dagaði uppi á þingi að ég ætla 1932. Aftur á móti eru til lög um Menntaskólann á Akureyri, sem hann þó hefur ekki starfað reglulega eftir, heldur að nokkru leyti eftir reglugerð Menntaskólans í Reykjavík. Það er því full þörf á að kippa þessu í lag með því að setja samræmd lög um menntaskólana.

Það er tekið fram í nál., að n. hafi veitt því athygli, að í frv. vanti ákvæði um ákveðna kennsluskyldu fastra kennara hliðstætt þeim, sem gilda um kennsluskyldu við aðra opinbera skóla. Þess vegna hefur n. athugað þetta, og hún, a. m. k. meiri hl. hennar, gerir ráð fyrir að flytja við 3. umr. brtt. um að bæta slíku ákvæði inn í frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég ætlaði að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh., ef hann væri við látinn. (*Forseti:* Hann er víst lasinn og kemur ekki fyrr en við atkvgr. seinna). Það er í sambandi við stað fyrir nýjan menntaskóla í Reykjavík. Ég hef orðið þess áskynja í sambandi við störf mín utan Alþ., að það mun vera mjög í ráði að flytja menntaskólann hér í Reykjavík af þeirri lóð, sem hann er á nú. Nú er það þannig, að þessi staður, sem skólinn er á, er sá sami, sem skólinn hefur verið á alla tíð, frá því er hann var fluttur hingað til Reykjavíkur fyrir réttum 100 árum. Og ég þori að fullyrða, að það sé enginn staður, sem sé hentari vegna legu sinnar hér en hann. Það er haft á móti þessum stað, að það sé ekki nóg landrými á lóð hans til leika úti við og eins að hann liggi nokkuð nærri aðalumferðargötu. Sannleikurinn er sá, að það er engin nauðsyn, þó að nemendum sé ætlaður staður til leikvangs, að sá leikvangur sé alveg við skólann sjálfan. Það er meira að segja líklegt, að slíkur leikvangur mundi verka truflandi á kennsluna heldur en hitt, ef hann er rétt við skólann sjálfan. Og það er a. m. k. eftirtektarvert, að menn skuli vilja leikvang fast við

skólann, þar sem því er annars vegar haldið fram, að skólinn sé fullnærri aðalgötu í bænum, því að þá mundu nemendur skólans miklu fremur verða fyrir truflandi áhrifum, ef leikvangur væri alveg fast við skólann. Ég held því, að það sé alveg auðsætt, að þau rök, sem hafa verið færð gegn því að hafa skólann á sama stað og hann er nú, séu einskis virði. Hitt er ljóst, að þessi skóli á væntanlega eftir að verða um langan tíma ákaflega fjölsóttur staður. Og ég efast um, að það séu margar skrifstofubyggingar — sem er þó talið nauðsynlegt, vegna þess hve fjölsóttar þær eru, að séu í miðjum bæ, — fjölsóttari en þessi skóli. Skóli þessi verður, ef að líkum lætur, sóttur af a. m. k. 400—500 manns daglega yfir alla vetrarmánuðina. Og það er þess vegna greinilegt, að það yrði til stórkostlegra óþæginda, ef þessi skóli væri settur einhvers staðar út úr, þannig að það væri óhjákvæmilegt, að meginhluti nemendanna yrði að koma dags daglega þangað með einhverjum farartækjum. Það væri bæði erfitt að koma því við að láta farartækin vera við höndina til þess að flytja unglingana á svo fastbundnum tíma sem hér er um að ræða, auk þess sem þetta yrði varanlegur og fast bundinn kostnaður. Aftur á móti, ef skólinn er á þeim stað áfram, sem hann nú er á, mundi þetta verða miklu minni og hverfandi óþægindi og kostnaður miðað við það, sem væri, ef ætti að setja skólann á slíkan útkjálka, sem ég hef heyrt nefndan í þessu sambandi. Ég held, að það sé staðlaust, sem haldið hefur verið fram um þetta, að það sé ekki hægt að koma nægilegum skólabyggingum fyrir á lóð þeirri, sem skólinn hefur staðið á. Það er ekki vafi á því, að slyngur byggingarmaður mundi geta komið þessu mæta vel fyrir, ef hægt væri að kaupa upp lóðir austanvert við núverandi skólalóð og stækka hana þannig. Ég held því, að öll rök hnígi að því, að sjálfsagt og óhjákvæmilegt sé að láta skólann vera áfram þar, sem hann hefur verið um aldar skeið, og ýmsar sögulegar minningar eru tengdar við, bæði varðandi skólann sjálfan og landið allt. Og það eru ekki svo margir staðir, hvorki í þessum bæ né heldur á landinu öllu, þar sem slík lifandi arfsögn á við og um þennan skóla og þennan skólastað, að það sé rétt að óþörfu að eyða henni.

Ég hafði þess vegna hugsað mér að spyrja hæstv. menntmrh. í sambandi við þetta mál, hverjar ráðagerðir átt hefðu sér stað í þessu efni viðvíkjandi stað fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Og ég tel þetta, sem ég hef sagt, vera ákaflega mikil atriði í þessu sambandi. Vildi ég gjarnan leita við hæstv. ráðh. samkomulags um það, að hann gerði ráðstafanir til þess, að skólinn yrði ekki fluttur. Ef hæstv. menntmrh. fengist ekki til að gefa yfirlýsingar í þá átt, að hann yrði ekki fluttur, hafði ég hugsað mér að bera fram brtt. við þetta frv., sem væri á þá leið, að ákvæði hennar létu í ljós vilja hæstv. Alþ. um það, að skóli þessi yrði ekki fluttur, — a. m. k. ekki án þess að frekari rök fyrir því kæmu til að mæla með flutningi hans en enn hafa komið fram. Ég vildi nú mega mælast til þess, að hæstv. forseti eða hv. frsm. n. kæmu þessari fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. og að umr. um málið yrði frestað a. m. k. þangað til síðar í dag, svo að hægt væri að flytja hingað svör frá hæstv. menntmrh. við því, sem ég vildi bera fram fyrirspurn til hans um. Og ég bendi á það, að það er ekki hægt að fallast á það, að mál, sem ekki hefur verið samið um, að eigi að fá framgang, séu afgr. með slíkum hraða, að þm. gefist ekki færi á að átta sig á þeim né gefið sé tóm til þess að flytja brtt. við þau. Og þetta mál er hvorki aðkallandi mál né heldur mál, sem samið hafi verið um, að skuli fá afgreiðslu á einhverjum tilsettum tíma. Og þess vegna tefur meðferð þess raunverulega fyrir þeim málum, sem ákveðið hefur verið, að afgreiðslu fengju á þinginu.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að deila um það, hvar þessi menntaskóli ætti að vera í Reykjavík, ég skal gjarnan koma fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. til hæstv. *menntmrh., svo framarlega sem hann mætir* hér. — Annars get ég aðeins tekið það fram, að ég lít svo á, hvað snertir möguleika nemenda til að sækja skóla, að það mætti segja nokkuð svipað um háskólann; hann er settur utanvert við bæinn, svo að þess vegna er ekki ástæða til að setja inn þau ákvæði, að þessi skóli verði byggður þar, sem núverandi skóli er, frekar en einhvers staðar annars staðar. — En hvað viðvíkur því, sem hann gat um, að þetta mál væri til þess að tefja önnur mál, sem samið hefði verið um, þá skal ég taka það fram, að það mun vera samkomulag um, að hin stóru mál nái fram að ganga, og þetta er eitt af þeim málum, sem þarf að afgreiða. Í öðru lagi benti ég á það í framsöguræðu, að þegar verið er að skapa heildarskólakerfi, þá er tæplega vansalaust að sleppa menntaskólunum, þar sem svo hagar til, að það er ósamræmi í þeim l. og reglugerðum, sem þeir eiga að starfa eftir, og þeir geta ekki starfað eftir þeim, eins og þær eru nú.

Forseti (StgrA): Ég skal aðeins taka það fram, út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. um, að málið sé hér á dagskrá til þess að tefja fyrir öðrum málum, að þetta er eitt af þeim málum, sem stj. óskar að gangi fram.

Umr. frestað um hríð, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (StgrA): Hæstv. menntmrh. er veikur, getur ekki mætt og því ekki svarað framkominni fyrirspurn. (*BBen:* Er það tryggt, að málið verði tekið fyrir í dag?) Ég geri ráð fyrir því.

Bjarni Benediktsson: Ég get ekki verið á fundi eftir kl. 7 og vil, að málið verði ekki tekið til 3. umr. í dag. Ég hef óskað að ræða við hæstv. ráðh., áður en ég flyt brtt. Hv. þm. Dal. ætlaði líka að bera fram brtt. við frv. Við getum stöðvað málið. Frv. um húsmæðrafræðslu er ekki búið enn. Ég mótmæli því, að ekki megi bera fram brtt. (*GJ:* Má ekki fresta málinu?).

Forseti (StgrA): Er ekki hægt að gera hv. þm. Dal. orð? Málið þarf að afgreiða nú, og mót-

mæli ég, að því sé frestað. Ég tek ekki illa því, sem einn hæstv. ráðh. hefur sagt. Það er frá honum listi yfir málin, og tek ég hann gildan, þar til er aðrir mótmæla.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Ég bendi á skv. ákveðinni ósk frá hv. 6. þm. Reykv., að ég hef fengið upplýsingar um, að meiri hl. bæjarráðs Reykjavíkur sé búinn að samþ. ákveðinn stað fyrir menntaskólann. Það þurfti því eigi að gera þessa fyrirspurn. Er hún frekar til tafar. — Hvað viðvíkur fullyrðingunum um, að hér sé ekki um samningsmál að ræða, þá mun úr því fást skorið utan þingfunda. En flestir munu, ef gert samkomulag verður rofið, kippa að sér hendinni um málið. — Ég hef svo ekki meira um þetta að segja.

Bjarni Benediktsson: Ég vil bara benda á dagskrána. Er það ákaflega hart, að neitað skuli vera um frest, þegar ekki er hægt að taka málið fyrir nema afbrigði séu viðhöfð. Svo er og um fleiri mál. Hefur aldrei verið sagt, að menn mættu ekki bera fram brtt. Ætti málið að fá framgang, eins og prúðum þm. sæmir, þótt brtt. séu fluttar. En við getum stöðvað þetta fundarhald. — Brtt. eru í samræmi við meginefnið. Það hafa skolazt fullyrðingar um, hvort málið verði samþ. eða ekki.

Varðandi umsögn hv. þm., að bæjarráð Reykjavíkur hafi samþ. ákveðinn stað, þá hef ég því til að svara, að það er ekki á valdi bæjarráðs að ákveða stað fyrir eitt eða annað. En samþ. var í bæjarráði að synja ekki beiðni hæstv. ríkisstj. Menntaskólinn er nefnilega ríkisstofnun. Hins vegar er eigi nema rétt, að bæjarráð hafi sína skoðun á málinu. Ég er á Alþ. kominn til þess að halda á málefnum umbjóðenda minna. Finnst mér í meira lagi hart aðgöngu, ef okkur á eigi að gefast kostur á að tala við hæstv. ríkisstj. — Hv. þm. veit, að ég gat þess í bæjarráði, að málið bæri að taka upp á réttum vettvangi, og hann er hér í þingsölunum. Ég hafði meira að segja hugsað mér að flytja það í Sþ.

Að lokum vildi ég svo taka fram, að mér þykir það vera harðir kostir, ef meina á mér að flytja mál mitt hér.

Forseti (StgrA): Þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. Það er ekki á mínu valdi sem forseta að koma í veg fyrir óhjákvæmileg atvik. Hv. þm. er alls ekki meinað að flytja mál sitt hér. Hins vegar veit hann vel, að það eru tilmæli hæstv. ríkisstj., að málinu verði hraðað.

Gísli Jónsson: Við þdm., sem kusum hæstv. forseta, höfðum ekki vænzt þess að verða beittir gerræði af hendi hans. Hann hafði traust hv. þdm., — annars sæti hann nú ekki í forsetastóli, — en í dag hefur mjög brugðið við til hins verra. Eins og engu er líkara en hv. þdm. hafi gert kaup með sér að fylgja málinu fram til sigurs, þá er að hinu leytinu sem hann hafi átt að fá eitthvað á móti fyrir aðstoð sína.

Ég hef talað eftir sannfæringu minni. Mér finnst sitja illa á hv. 7. landsk. að vaða uppi með hótanir hér í hv. d., og ætti hann að „pilla sig" út úr þessum sal sem fyrst. Er það óþingleg framkoma hjá ungum þm. að gera sig breiða, lýsa því yfir, hvað verða muni, ef hitt eða þetta verði ekki samþ.

Ég óska ekki eftir, þótt e. t. v. kunni einhverjum að vera það hagsmunamál, að neitt sé gert að l. vegna þess eins, að einhver hafi verið kúgaður til að flytja um það frv. Sá hugsunarháttur má ekki viðgangast. Af þeirri ástæðu mætti mín vegna stöðva öll málin á dagskránni.

Ég ber fram brtt. við 16. gr. frv. — Af því að hv. þm. Dal. er kominn, sé ég eigi ástæðu til að ræða málið frekar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að fara að deila og ekki heldur gefa mönnum ástæðu til þess að fara í þjark við mig eða koma af stað málþófi. Brtt. sú, er ég flyt hér, er shlj. brtt. minni við frv. til l. um gagnfræðanám. Þessi till. er framhald af brtt. við barnafræðslufrv.

Till. mín er umorðun á 16. gr. Einu atriði er þó aðeins breytt. Það er, að heimilt sé að veita kennara ársorlof bara einu sinni á kennslutíð hans, þó því aðeins, að hann sé búinn að gegna embætti í 10 ár. Á hinn bóginn, ef þetta er ekkert takmarkað, þá getur sá, er verið hefur kennari í 30—40 ár, fengið mörg orlof, og þá fer allt samræmi út um þúfur. Ég tel ákvæðið í 16. gr. þess eðlis, að verið geti einungis um stundarsakir. Verður bara að setja sérstök l. um orlof þessara manna, sem eru embættismenn ríkisins.

Till. mín hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„16. gr. frv. orðist svo:

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau."

Að svo mæltu leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta brtt.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. þm. Dal.: [sjá þskj. 915.]

Hér þarf tvöfaldra afbrigða með, þar sem till. er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Þetta verða bara örfá orð. Ég verð að svara hv. 6. þm. Reykv. því til, að skiptar hafi verið skoðanir um, hvort

Alþ. sé hinn rétti vettvangur og gildur aðili til að ákveða staðinn. Honum er í sjálfsvald sett að flytja brtt. Deilan er um það í rauninni, hvort þetta skuli komast inn í lög.

Viðvíkjandi orðum hv. þm. Barð. um það, að ég fylgdi fram málum án áhuga, en væri bundinn samkomulagi, þá vildi ég segja þetta: Lýst var yfir í hv. d., að hæstv. ríkisstj. vildi hraða þingstörfunum, svo að þ. mætti verða lokið fyrir páska. Þau mál verða því tekin fyrir, sem komið hefur verið sér saman um, að séu nauðsynleg. En deila er um, hvort þetta og fleiri mál skuli tekin með í það samkomulag.

Allir vita, að þessi ákvörðun var tekin, og reynt hefur verið að semja á þeim grundvelli. Svo er sagt, að enginn sé minn áhugi á málinu! Ég efa stórlega, að menn muni leggja trúnað á þetta.

Að því er snertir hv. þm. Dal., þá fer ég ekki út í neinar deilur við hann. Það hefur verið deilt mikið um það atriði, er 16. gr. frv. varðar. En brtt. sú, er við hana er fram komin, er á leið niður sem fleiri.

Annars er engin þörf að orðlengja um till. og verða atkv. að skera úr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 915 (ný 16. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

17.—21. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 916, 917).

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég lýsti því yfir við 2. umr., að ég óskaði að heyra álit hæstv. menntmrh. um það, hvar reisa ætti hinn nýja menntaskóla hér í bæ. Ég leiddi þá rök að því, að óheppilegt væri að ætla skólanum stað annars staðar en þar, sem hann hefur verið síðastliðin 100 ár. Ég fékk fyrir þetta ákúrur hjá hv. frsm., og sagði hann, að ekki þyddi að hreyfa þessu máli, það væri þegar ákveðið, hvar skólinn skyldi standa. Ég vil ekki taka þetta sem dóm hæstv. ráðh. og vildi vita, hvort hann er mér ekki sammála í þessu efni. Nú hef ég heyrt, að keypt hafi verið eign hér innan við bæinn og þar sé skólanum ætlaður staður. Þótt mér þyki sá staður fallegur og ætla megi, að þar fari vel um skólann, þá er ég sannfærður um, að gamli staðurinn er heppilegri, auk þess sem þessi staður er einn af fáum hér á landi, sem varðveitir sögulega hefð. Í þessu skólahúsi hafa gerzt sögulega merkir atburðir, sem hugir Íslendinga eru tengdir við. Enn fremur hefur skólinn hlotið vissa helgi í hugum þeirra, sem í honum hafa dvalið. — En það eru ekki einungis þessar ástæður, sem eru tilfinningalegs eðlis, sem mæla með því, að skólinn sé á hinum gamla stað. Satt að segja hygg ég, að vandfundinn muni staður bæjarmegin við Elliðaár, sem er meira út úr en þessi staður, og þar af leiðandi óþægilegt fyrir unglinga að sækja þangað skóla. Fyrirsjáanlegt er, að stórfelld byggð getur ekki orðið í nágrenni skólans á þessum stað. Þar sem þetta er á nesi, getur ekki orðið byggð nema á einn veg, og þar munu einkum verða smáhús, auk þess sem ætlað er stórt svæði undir íþróttasvið. Hins vegar má ganga út frá, að meginbyggðin verður hér í gamla bænum og eykst suður um melana, út á Seltjarnarnes og jafnvel suður í Fossvog. Þannig er augljóst, að meginbærinn verður langt frá skólastaðnum, svo langt, að hverfandi lítill hluti nemenda mundi geta farið gangandi í skólann, og yrði þá að sjá fyrir farartækjum, sem án efa kæmu til með að kosta stórfé. Ég þori að fullyrða, að hagkvæmara væri að verja fé til að kaupa land í viðbót við það, sem skólinn á nú, og reisa hann á sama stað. Hvernig sem bærinn vex, er augljóst, að núverandi skólastaður verður í framtíðinni nærri miðdepli bæjarins, og verður tiltölulega auðvelt að sækja hann úr öllum hverfum bæjarins, og er það út af fyrir sig stórkostlegt fjárhagsatriði.

Því hefur verið haldið fram, að óheppilegt væri að hafa skólann á gamla staðnum vegna umferðarinnar. En þeir, sem víða hafa farið, munu vita, að algengt er, að slíkir skólar séu í miðjum borgum, og varðandi útlit og framtíðarskipulag bæjarins, þá hafa færustu byggingarmeistarar sagt í mín eyru, að engin vandkvæði væru að hafa skólann á þessum stað af þeim ástæðum. Að vísu mun þurfa að kaupa eitthvað af lóðum, en það ætti að mega takast. Er mér kunnugt um, að uppi er hreyfing meðal gamalla nemenda skólans í þá átt, auk þess sem ég ætla, að takast mætti að ná samþykki um lóð, sem bæjarsjóður á nú í nágrenni skólans. — Þá hefur það verið tilfært, að skólinn þyrfti að hafa leikvang nærri sér, en ég hygg, að nægilegt sé að hafa leikvanga í úthverfum bæjarins, þar sem þeir eru nú áformaðir.

Ég vil leyfa mér að flytja skriflega brtt. um þetta atriði og vænti, að hv. deild taki þessu vel.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 940) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér kom það alveg á óvart, að það skyldi koma fram slík till. sem þessi við þetta frv., vegna þess að ég tel, að það sé mál, sem ekki sé rétt að blanda saman við frv. um menntaskóla, og mér finnst satt að segja ákaflega óviðfelldið að gera það. Ég vildi leggja áherzlu á og mælast til við hv. flm., að hann vildi taka þessa till. aftur og ræða þetta mál sér á öðrum vettvangi, t. d. sem sérstaka þáltill., hvar skólinn eigi að standa, ef honum er það áhugamál, að þingið fjalli um það og taki um það ákvörðun.

Það er svo, að ég tel, að það sé búið að ákveða menntaskólanum stað. N., sem hefur haft þetta mál í undirbúningi, hefur þegar gert sínar ákveðnu till. um, hvar skólanum skuli valinn staður, og er á einu máli, og þessi till. hefur verið samþ. af ráðuneytinu, og bæjarráð hefur og byggingarnefnd fyrir sitt leyti afsalað sér forkaupsrétti á því landi, sem hér er um að ræða,

þ. e. Laugarnesi. Nú hafa komið til greina ýmsir aðrir staðir og þá fyrst sá staður, sem skólinn stendur á. Ég skal koma að því seinna. Það hefur orðið álit þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað, að það væri mjög erfitt í framkvæmd, ef skólinn ætti að vera á sama stað, og hefur þá verið hugsað um ýmsa aðra staði en þennan, sem nú hefur verið ákveðinn, og hefur ekki tekizt að finna annan heppilegri stað fyrir skólann. T. d. minntist hv. þm. á einn stað, sem hann taldi, að mundi verða minna út úr í framtíðinni en þessi staður, og það er hér suður á Fossvogshálsi, nálægt því, sem golfskálinn stendur nú, en mér hefur skilizt á hv. þm., að það mundi vera miklum erfiðleikum bundið að fá þennan stað fyrir skóla.

Hvað þennan stað snertir, sem skólinn stendur á nú, þá er það rétt, að ákaflega margir hafa óskað þess, að hann gæti staðið þar áfram. Þetta er tilfinningamál fyrir mörgum, sem eðlilegt er, af því að við þennan stað og þetta hús eru tengdar mjög sögulegar minningar hjá ákaflega mörgum, sem í þessum skóla hafa verið. Ég var einn þeirra manna, sem af tilfinningalegum ástæðum hefði mjög kosið, að skólinn hefði verið á sama stað, og þótti nokkuð sárt, þegar ég heyrði, að á því voru miklir erfiðleikar. En eftir að ég hafði kynnt mér málavexti, þá hef ég sannfærzt um það, að þetta er ekki framkvæmanlegt, bókstaflega ekki framkvæmanlegt, og a. m. k. mundi þá skólinn ekki koma upp fyrr en eftir mjög langan tíma, ef að þessu ráði yrði horfið. Ég er því sannfærður um, ef skólinn verður ákveðinn á sama stað, þá þýðir það sama sem að fresta um óákveðinn tíma að byggja nýjan menntaskóla í Reykjavík. Í fyrsta lagi er það svo, að samkv. þessu skipulagi, sem nú er ákveðið, þá er aðalumferðaæð þar, sem Amtmannsstígur er nú, og það er sammála álit allra skólamanna, sem um það hafa fjallað, að í raun og veru sé alveg ófært að hafa slíkan skóla við aðalumferðaæð. Það kann að vera, að það sé hægt að finna þess dæmi erlendis, að skóli sé mitt í umferð, en ég hygg, að það séu gamlir skólar og yfirleitt séu nýir skólar alls ekki reistir neins staðar þar, sem um er að ræða aðalumferð við hliðina á skólanum.

En þetta er samt sem áður ekki aðalatriðið. Kostnaðurinn, sem af því mundi leiða að byggja skóla á þessum stað, er sýnilega gífurlegur. Það hefur ekki verið áætlað til fulls, en það segja byggingarfróðir menn, sem þetta mál hafa athugað, að mannvirki þarna á lóðinni, sem skólanum mundi vera ætluð með þeim stað, sem hann stendur á, að Þingholtsstræti, mundi ekki vera hægt að fá fyrir minna en um 5 millj. kr., og sennilega er það allt of lítið, m. ö. o., það er um að ræða miklu stærri upphæð en mundi kosta að reisa skóla þar. Hér er um svo geysilega fjárhæð að ræða, og auk þess er erfitt að byggja skóla á þessum stað. Mér er sagt, að það sé svo erfitt, að það mundi verða óútreiknanlegur aukakostnaður vegna þess, að það hagar þannig til, þar sem skólinn mundi koma til með að standa, að þar er mjög bratt. Ég þekki þetta ekki vel, en mér er sagt af byggingarfróðum mönnum, þar á meðal húsameistara ríkisins, að þar sé um ákaflega mikla örðugleika að ræða, sem ekki sé hægt að gera sér ljóst af óbyggingarfróðum mönnum.

Nú gæti komið til greina að vísu, eins og hv. þm. gat um, að byggja skólann þarna smátt og smátt, en ég hygg, að á því séu mjög miklir erfiðleikar, eins og skipulagið er fyrirhugað. Skólabyggingin sjálf mundi ekki geta komið á þann stað, þar sem olíuportið er nú. Þar mundi skólabyggingin sjálf ekki geta komið, og á þeim stað, sem kæmi til greina að byggja á, eru hús fyrir, m. a. íbúðarhús, og ég hygg, að það líði á nokkuð löngu, áður en í það verður lagt að fara að ryðja burt íbúðarhúsum af skólalóðinni. Á allri skólalóðinni er þó nokkuð mikið af íbúðarhúsum.

Það, sem sérstaklega og í raun og veru er það eina, sem er á móti því að hafa skólann inni í Laugarnesi, er það, að hann sé þar út úr. Það er rétt, eins og bærinn er nú, þá er það mjög út úr. Hv. þm. heldur fram, að það verði alltaf, vegna þess hvernig byggingunum er hagað. Mér sýnist samt sem áður, að þarna séu að rísa upp allmiklar byggingar. Og hvað sem því líður, hvar sem skólinn væri byggður annars staðar, þá mundi hann verða út úr fyrir ýmsa bæjarhluta og verða mjög löng leið þaðan í skólann, þannig að ekki yrði komizt hjá því, að meiri hluti þeirra, sem skólann eiga að sækja, yrði að fara með einhverjum farkosti, þannig að þetta vandamál þarf undir öllum kringumstæðum að leysast, meira að segja þó að skólinn sé áfram á þeim stað, sem hann er nú, þá yrði að leysa þetta fyrir einhverja bæjarbúa, enda þótt þeir yrðu mun fleiri, ef skólinn yrði einhvers staðar í úthverfi. Það er vandamál, sem stjórnir allra borga hafa þurft að leysa, og varla hægt að ætlast til annars en við þurfum að leysa það líka, þegar okkar bær er að vaxa, og sjá fyrir flutningatækjum handa skólafólkinu. Þetta hefur að vísu allmikinn kostnað í för með sér, en ég held, að ekki sé hægt að komast hjá þeim kostnaði, því að það er það, sem fylgir skólunum. Mér er sagt, að nú séu skólar yfirleitt byggðir meira og minna út úr og fyrst og fremst lögð áherzla á, að þeir geti haft mikið landrými, sem óneitanlega er ákaflega mikill kostur fyrir skólana.

En hvað sem því líður, álít ég fyrir mitt leyti, að ef af Alþ. er ákveðið að hafa Menntaskólann í Reykjavík á sama stað, þá sé það sama og að samþ., að skólinn sé ekki byggður fyrst um sinn. En hvað sem skoðun minni um það líður, þætti mér ákaflega vænt um, að ekki yrði farið að blanda þessu inn í frv. um menntaskóla, sem er allt annað mál, því að ef frv. yrði þannig afgr. frá þinginu, þá óska ég fremur, að það yrði ekki afgr., því að ég álít, að það væri alveg það sama og að hindra, að menntaskóli yrði byggður í Reykjavík fyrst um sinn. Ég vil þess vegna, þó að hér sé um skiptar skoðanir að ræða hjá mér og hv. þm., mælast til þess, að hann vildi falla frá því að blanda því saman við þetta mál.

Bjarni Benediktsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið, en því miður geta þær ekki orðið til þess, að ég taki mína till. aftur, heldur sýnist mér rétt, að þar skeri atkv. úr, sérstaklega vegna þess að hæstv.

ráðh. skýrði frá því, að hann teldi þetta mál í raun og veru afgert, og þá er ljóst, að ef á að fá þeirri ákvörðun haggað, sem hann sagði, að sé búið að taka, þá verður Alþingi að gera þær ráðstafanir í því formi, að öruggt sé, að vilji þess sé virtur. Nú veit ég ekki, hver er vilji Alþingis í þessu efni; ég hef ekki borið mig saman við aðra um þessa till., en ég hef þá öruggu sannfæringu, að hún sé réttmæt. Ég vil því stefna að því, ef menn eru mér þar sammála, að þá verði sá vilji settur fram á bindandi hátt. Það er ekki nein tortryggni til hæstv. ráðh., og ég mundi láta mér nægja að flytja þáltill. um áskorun til hans, ef hann væri ekki svo ráðinn í þessu eftir till. þeirra, sem hann hefur haft til ráðuneytis, og ég er sannfærður um, að því verður ekki haggað nema með sérstakri bindandi ákvörðun Alþingis. Það tekur því ekki að vera að deila um þetta lengur.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé búið að samþ. þetta í bæjarráði Reykjavíkur. Það er ekki rétt út af fyrir sig. Bæjarráð Reykjavíkur hefur enga afstöðu tekið aðra en þá, að það vildi láta ríkisstj. fá þann stað undir skólann, sem af ríkisins hálfu yrði ákveðinn. Það var talið ríkisins mál, að það ætti að ráða því. Það er auðvitað hægt að byggja ágætan skóla inni í Laugarnesi, og af skipulagsástæðum er ekki hægt að amast við því. Hitt er annað mál, hvaða stað ríkisvaldið velur til að setja skólann á. Það á bæði að setja ákvarðanir um skólann og standa undir kostnaðinum, en ég gerði fyrirvara um það fyrir bæjarráði, að ég mundi á réttum vettvangi reyna að koma fram mínum skoðunum í þessu efni, þó að ég beinlínis legði til, að orðið væri við málaleitun ríkisstj.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það mundi alltaf verða svo, að meiri hluti þeirra, sem í skólann færu, þyrfti farartæki til að komast í hann. Ég leyfi mér að fullyrða af talsvert nánum kunnugleik í bænum og fyrirhuguðu skiplagi, að ef skólinn verður látinn vera á þeim stað, sem hann er á, eða mjög nærri þeim stað, þá þarf lítill hluti þeirra, sem í skólann fara, á sérstökum farartækjum að halda til að komast í hann, en þar er öfugt með Laugarnes, því að þá verða langflestir af þeim, sem í skólann fara dags daglega, að fara með bílum á einn eða annan veg, og ég er ákaflega hræddur um, — og mín till. er m. a. komin fram af því, — að því yrði ekki til lengdar unað að hafa skólann inni í Laugarnesi, heldur mundi koma fram krafa um annan skóla, t. d. í Vesturbænum, þar sem nú er mjög vaxandi byggð, ef á að fara að velja skólanum þann stað, sem hægt er að finna afskekktastan fyrir neðan Elliðaár. Þetta eru engar ýkjur, heldur augljósar staðreyndir, og almenningur mun ekki sætta sig við það, því að ég þykist sjá fram á það, sem ég tel ekki heppilegt, að löggjafinn ýti undir, sem sé þá skoðun, sem ég og hæstv. ráðh. vitum um, að menntaskólunum fjölgi enn þá fyrir utan Verzlunarskólann.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég heyri, að hv. þm. er sammála mér, að æskilegt sé að blanda þessu máli ekki saman við frv. um menntaskóla, en hv. þm. segir, að hann treysti því ekki, að þar sem búið væri að ákveða skólanum stað, þá yrði samþykkt Alþ. tekin til greina, ef hún væri í formi þál. Nú er ekki svo að skilja, að ég sé á móti því, að skólinn sé reistur á þeim stað, þar sem hann er, ef það er framkvæmanlegt, síður en svo. Það er tilfinningamál fyrir mér eins og flestum, sem hafa útskrifazt úr þessum skóla, þannig að ef ég sæi nokkurn kost þess, að skólinn gæti verið áfram á þessum stað og Alþingi væri búið að samþ. þáltill. um það, þá mundi ég auðvitað framkvæma hana. Og ef sú yfirlýsing liggur fyrir, þá vil ég vænta þess, að hv. þm. léti sér það nægja. En ef hann aftur á móti með engu móti getur látið sér það nægja, en vill fá um þetta bindandi samþykkt frá Alþingi í lagaformi, þá vil ég mælast til þess, að hann flytji sérstakt frv. um það mál, en blandi því ekki saman við þetta. Og ef hv. þm. vill ekki fallast á þetta og taka sína till. til baka, þá vil ég alvarlega mælast til þess við þm., hvað sem þeirra skoðun líður á þessu máli, hvar sem þeir vilja, að skólinn standi, þá greiði þeir atkv. á móti þessari till., greiði atkv. á móti því, að þessi gr. verði sett inn í það frv., sem hér liggur fyrir, og ljái þá heldur því máli lið, að skólanum verði ákveðinn staður þar, sem hv. 6. þm. Reykv. vill vera láta, án þess að blanda því inn í það mál, sem hér er um að ræða.

Annars held ég, að ástæðulaust sé fyrir okkur að ræða hér, hvar skólanum skuli ákveðinn staður. Þetta er í raun og veru mál, sem þarf mikillar rannsóknar við af sérfróðum mönnum, og ég þykist vera búinn að láta slíka rannsókn fara fram allýtarlega. Sjálfsagt má margt um þetta segja enn þá, en það er ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi haldið fram, að eins og nú standa sakir, þyrfti meiri hluti þeirra, sem skólann sækja, á farkosti að halda, þangað sem skólinn er nú, en ég sagði það, að þótt skólinn yrði þar, sem hann er nú, þá þyrfti allmikill hluti þeirra á farkosti að halda. Og ef hann yrði einhvers staðar annars staðar en á gamla staðnum, þá væri hvergi hægt að finna lóð, sem væri þannig sett, að ekki þyrfti meiri hluti þeirra, sem skólann sækja, á farkosti að halda.

Hv. þm. segist óttast, að það mundu koma upp kröfur um að fá skóla í vesturhluta bæjarins, ef hann væri nú reistur í austurhluta bæjarins. Mér þykir það satt að segja ekki ólíklegt, að það komi einhvern tíma að því, að upp komi kröfur um, að reistur verði nýr menntaskóli. Það er ætlazt til, að þessi skóli verði nokkuð rúmur, það er gert ráð fyrir, að hann taki a. m. k. 500 nemendur, en af skólamönnum er það talið með öllu ófært, að skólar séu öllu stærri en það, en stærstu skólar, sem geta komið til greina nú á dögum, séu fyrir 500—600 nemendur. Nú get ég gert ráð fyrir, að að því komi, að meira skólahúsnæði þurfi hér í Reykjavík fyrir þá, sem stunda menntaskólanám, og þá kemur að því að reisa nýjan skóla, og þá þætti mér ekki ólíklegt, að það yrði uppi um það krafa, að hann yrði reistur einhvers staðar fjarri hinum skólanum, t. d. í Vesturbænum, svo að ég óttast ekki slíkar kröfur, og þær koma sjálfsagt, áður en langt líður.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði afgreiðslu málsins til morguns. Ég vildi geta athugað nánar þá brtt., sem fram er komin, og skal ekki óska eftir frekari fresti um málið.

Forseti (StgrA): Það hafa fleiri kvatt sér hljóðs, en ef umr. verður frestað, þá held ég, að rétt væri að gera það nú þegar. Mun ég því verða við því að fresta umr. til morguns.

Umr. frestað.

Á 112. fundi í Ed., 24. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Ég gat þess við 2. umr., að meiri hl. menntmn. hefði í hyggju að flytja brtt. við frv. og bæta inn í það ákvæði svipuðu því, sem er í þeim frv., sem nú er búið að samþ. í þessari hv. d. Nú liggur þessi brtt. fyrir á þskj. 917, og að henni standa hv. 1. þm. Reykv., hv. 2. þm. Árn. og ég, og þó að það sé ekki beint tekið fram, að aðrir nm. standi að till., skal ég geta þess, að það er ekki ástæða til að ætla, að þeir nm., sem ekki voru á fundinum, séu andvígir því að bæta þessu ákvæði inn í frv. En flm. vænta þess, að till. verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Ég mæltist til þess við hæstv. forseta í gær, að hann frestaði afgreiðslu þessa máls, með tilliti til skriflegrar brtt., sem þá var lögð fram, þangað til í dag. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, ef þessi till. liggur enn fyrir, að þá yrði umr. enn frestað um sinn, þó ekki lengur en til næsta fundar.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi taka undir þá beiðni hv. 3. landsk. þm., að umr. verði frestað, svo að ég fái tíma til að íhuga, hvort ég treysti mér til að taka þessa brtt. aftur. Auk þess vil ég benda á það, að margir þdm. eru fjarri úr d., sem mundu greiða till. atkv., ef henni væri haldið fram.

Forseti (StgrA): Eins og hv. þdm. er kunnugt, fer nú að verða naumur tími til afgreiðslu þingmála, og er ekki gott að fresta þeim mikið úr þessu, ef þau eiga fram að ganga. En ef það getur orðið til þess að greiða fyrir samkomulagi um afgreiðslu málsins að fresta því um sinn, mun ég að sjálfsögðu verða við því.

Haraldur Guðmundsson: Út af brtt. frá hálfu menntmn. vil ég taka það fram, að ég var ekki á fundi n., þegar hún var afgr. En brtt. við frv. um gagnfræðaskóla, sem borin var fram af mér við 2. umr., var felld, og ég skal játa, að úr því að hún var felld, þá er samræmi í því, að þessi breyt. væri gerð, og mun ég því ekki greiða atkv. á móti henni, en ég mun ekki heldur greiða atkv. með henni, eins og málið er vaxið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 114. fundi í Ed., 26. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég ræddi um það síðast, þegar mál þetta var til umr., að svo kynni að fara, að ég tæki aftur brtt., sem ég flutti við þetta frv. Og með tilvísun til þess, að hæstv. menntmrh. lýsti yfir, að það færi fram rannsókn á því, hvort tiltækilegt væri að láta Menntaskóla Reykjavíkur vera á þeim stað, þar sem hann hefur verið fram að þessu, tek ég brtt. mína aftur.

ATKVGR.

Brtt. 917 samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EE, GÍG, ÁS, LJóh, StgrA.

nei: GJ, IngP, PHerm.

HG, BSt greiddu ekki atkv.

5 þm. (HermJ, JJ, MJ, PM, ÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Eins og ég hef gert grein fyrir í umr. um málið, tel ég, að þessi ákvæði eigi heima í öðrum l., og segi því nei.

Brtt. 940 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 986).

Á 125. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 128. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Í fjarveru hv. frsm. menntmn. (GTh) þykir mér rétt að gera grein fyrir breytingum hv. Ed. á þessu frv. En þær breytingar eru þessar:

Nýrri gr. hefur verið bætt inn í frv., og er hún um kennsluskyldu. Áður voru ákvæði í reglugerð, en Ed. þótti réttara að hafa þau í l. Hér er gerð sams konar breyt. og við frv. um gagnfræðanám. Nú er gert ráð fyrir 30 stundum, miðað við 45 mín. Ég tel þetta vera til bóta, og þar með er ákveðið með l., hver sé skyldukennsla. Þetta atriði hefur eigi verið til umr. í menntmn. hv. Nd., en ég vona og hygg, að nm. muni á einu máli um, að hér sé bót á ráðin, og verði ánægðir með það.

Þá hefur orlofsákvæðinu verið breytt, þannig að nú getur hver kennari aðeins einu sinni fengið orlof á kennsluævi sinni, en áður var miðað við 10. hvert ár.

Ég legg svo til, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, er það hefur komið í frá hv. Ed., og vænti þess, að meðnm. mínir séu mér sammála um það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1004).

---

76. Sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Á 51. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag (þmfrv., A. 317).

Á 52. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt inn í þingið eftir beiðni hæstv. félmrh., en nefndarmenn í heilbr.- og félmn. hafa óbundin atkv. um frv. og óbundin atkv. um brtt., sem fram kunna að koma, og sömuleiðis um að bera fram brtt. Frv. hefur verið lauslega lesið yfir í n., en það er samið af Jónasi Guðmundssyni, eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna. Og hann hefur óskað eftir að koma á fund í n. og ræða við n. um frv. og ástæðurnar fyrir því, að það er fram borið. Og heilbr.- og félmn. mun þess vegna milli umr. taka frv. fyrir til gagngerðrar athugunar. — Þessa vildi ég láta getið og jafnframt hins, að ég óska þess, að hæstv. forseti taki ekki málið á dagskrá aftur fyrr en n. segir til um það, að hún sé búin að tala við Jónas Guðmundsson um það, og fram eru komnar brtt. við frv. frá n., ef um þær verður að ræða.

Það, sem þetta frv. fer fram á, er, að myndaður verði nýr hreppur í Árnessýslu, sem heiti Selfosshreppur. Tildrög þessa frv. eru þau, að þróun undanfarinna ára hefur verið sú, að kringum Ölfusárbrú hefur myndazt þorp, og þetta þorp er myndað þannig, að það hefur byggzt upp í þremur hreppum, en þó aðallega í Sandvíkurhreppi. Sá hluti þess, sem byggður er í þeim hreppi, er orðinn það mannmargur, að hann hefur að lögum rétt til þess að fá sig skilinn frá Sandvíkurhreppi sem sérstakan hrepp. Syðsti hluti þorpsins er í Hraungerðishreppi, og þeir menn, sem í þeim hluta þorpsins búa, stunda flestir atvinnu við Mjólkurbú Flóamanna, sem líka er í Hraungerðishreppi, — þó gera þeir það ekki allir. Nokkrir þeirra stunda atvinnu í þeim hluta þorpsins, sem byggður er í Sandvíkurhreppi. Sá hluti þessa þorps, sem byggður er hérna megin Ölfusár, er svo byggður í Ölfushreppi. Og þetta þorp, sem þarna hefur myndazt á hreppamörkum þriggja hreppa og stendur í þeim öllum að einhverju leyti, hefur, eins og gefur að skilja, ýmis sameiginleg mál, sem eðlilegast er, að þeir leysi sameiginlega, svo sem skólamál, vatnsleiðslumál, holræsagerð, vegalagningar og gatnagerð o. s. frv., sem erfitt er fyrir þorpsbúa að leysa sameiginlega, ef þeir eiga heima í þremur hreppsfélögum. Þess vegna er þetta frv. fram komið eftir óskum manna þeirra, sem búa í þessu þorpi. Hins vegar er það svo, að við þessa sameiningu þorpsins í einn hrepp missa Hraungerðishreppur og Ölfushreppur nokkra gjaldendur, og hreppsnefndir beggja þessara hreppa hafa lýst sig andvíga þessari breyt. á hreppaskipuninni. Það er því þannig, að þó að reynt hafi verið að ná samkomulagi viðkomandi hreppsnefnda um, að þarna myndaðist sérstakur hreppur, Selfosshreppur, þar sem öll Selfossbyggðin væri í hreppnum, hefur það ekki náðst. Og þess vegna hefur Jónas Guðmundsson talið nauðsynlegt og félmrh. líka, að málinu verði skipað með sérstökum l. Hvort þau svo eiga að vera alveg eins og frv. þetta eða hvort taka á tillit til álits viðkomandi hreppsnefnda, skal ég ekki segja um að svo stöddu. Um það hefur n. enga ákvörðun tekið. En það mun verða haldinn fundur um þetta í n., þar sem Jónas Guðmundsson verður til viðræðu um málið. Og má vel vera, að n. sjái líka ástæðu til að halda slíkan fund með oddvitum hreppanna, sem eiga hlut að máli. — Ég óska, að málið verði ekki tekið á dagskrá aftur fyrr en n. hefur látið hæstv. forseta vita, að málið sé frá hennar hendi tilbúið til frekari afgreiðslu.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er alls ekki til að andmæla þessu frv., að ég kveð mér hljóðs. Mér þótti vænt um að heyra það af hálfu frsm. heilbr.- og félmn., að hann gaf fyrirheit um það, að n. mundi taka málið til rækilegrar athugunar, áður en lengra væri farið með það.

Það er á margan hátt ekki nema eðlilegt, að einhver breyt. verði þarna gerð um þessi hreppamörk. Og það er alveg víst, að að sumu leyti er lítið við það unnið, að það dragist lengi. Því að eftir því sem byggðin eykst í hinum einstöku sveitarfélögum frá því, sem er, má gera ráð fyrir, að sú aukning verði heldur til að torvelda lausn á þessu máli en hitt. En hins vegar ber þess þó að gæta við þessa sameiningu, að alls réttlætis sé gætt við afgreiðslu málsins.

Eins og kannske mátti búast við, sé ég það, að það er engan veginn að samkomulagi þeirra hreppsfélaga, sem hlut eiga að máli, að þessi fyrirhugaða breyt. er borin fram. Ég sé af þeim skjölum, sem prentuð eru með frv. sem fylgiskjöl, að sveitarstjórnir þær, sem þarna eiga hlut að máli, hafa ekki enn sem komið er komið sér saman um lausn málsins. Og gera má ráð fyrir, að það kunni að reynast nokkuð torvelt, þegar um slíka breyt. er að ræða sem þessa, að fullt samkomulag náist, heldur verði að lokum ekki hægt að komast hjá því, að Alþ. grípi inn í og ákveði, hvernig þessum hreppaskiptingum verði fyrir komið. Þessu get ég einmitt búizt við. En samt sem áður, þó að svo kunni að fara, þá er þó um að gera, að málið sé afgreitt á þann sanngjarnasta og heppilegasta hátt, sem hægt er, að upplýsinga sé leitað, eftir því sem fáanlegar eru, um það, hvernig málinu er varið. Ég vil vænta þess, að hv. n. kynni sér umsögn hreppsnefndanna um málið, og eins að því leyti sem sýslunefnd Árnessýslu kann að hafa látið málið til sín taka, þá verði af n. athugað álit og umsögn sýslunefndar. Þetta þarf á engan hátt að verða til þess og á heldur ekki að verða til þess að hindra þá nauðsynlegu breyt., sem þarna þarf að koma á hreppaskiptingu, heldur fyrirbyggja það, að sú breyt. valdi langvarandi óánægju, og koma í veg fyrir misrétti við afgreiðslu málsins. En til þess að koma

í veg fyrir slíkt misrétti er nauðsynlegt, að glögg og ýtarleg athugun á þessu máli fari fram, áður en það er til lykta leitt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 55. og 75. fundi í Nd., 17. des. og 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Formaður þeirrar n., sem hefur mál þetta til athugunar, er ekki mættur, en hann hefur tjáð mér, að hann óski eftir viðtali við nefndarmenn um þetta mál, en það hefur ekki orðið enn, og þess vegna vil ég biðja forseta að fresta umr. enn um hríð.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 317, 454, 455, 458, 465).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Nefndin fékk á fund með sér til að ræða þetta mál viðkomandi oddvita ásamt Jónasi Guðmundssyni, eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, og var ekki hægt að segja, að neitt nýtt kæmi fram. Oddvitarnir voru ekki sammála, og yfirleitt var ekki um neitt samkomulag að ræða. Hins vegar er augljós þörf þess að sameina þarna byggðina. Um það atriði voru allir nm. sammála, en þeir urðu aftur á móti ekki sammála um neinar brtt. nema þá, að í stað „1. jan. 1946" í 5. gr. komi: 1. júní 1947. — Með þessu móti fæst nokkur tími til stefnu og ef til vill tími fyrir oddvitana að koma sér saman. Einstakir nm. munu að sjálfsögðu gera grein fyrir afstöðu sinni. Ég hef flutt þrjár brtt. á þskj. 458. Eftir minni kynningu af þessum málum ætla ég, að í framtíðinni verði yfirleitt miðað að því að *stækka hreppsfélögin.* Hin litlu hreppsfélög eru máttlaus, þegar til stórra átaka kemur, og ég er því mótfallinn, að skildir séu frá hinum nýja hreppi 10—20 bæir af hinum gamla Sandvíkurhreppi. Ég legg til, að allur Sandvíkurhreppur, að undanskilinni svonefndri Flóagaflstorfu, leggist til hins nýja hrepps. En Flóagaflstorfa tel ég, að eigi að leggjast undir Eyrarbakkahrepp, og er Jónas Guðmundsson og fleiri óhlutdrægir menn mér samdóma um þessa skiptingu. Brtt. mín við 3. gr. er bein afleiðing af þessari breyt. á 1. gr., og sama er að segja um 3. brtt. mína. Ég hef heyrt, að nokkuð séu skiptar skoðanir meðal bænda í Sandvíkurhreppi um þetta mál. Sumir kæra sig ekki um að vera með þorpinu, en það er mín bjargföst skoðun, að hið opinbera eigi ekki að styðja að því, að litlir hreppar séu myndaðir, heldur þvert á móti að sameina litlu hreppsfélögin í færri og stærri. Ég sé ekkert athugavert við það, þótt sveit og þorp séu í sama hreppi. Þannig er það t. d. með Ólafsfjörð og Siglufjörð, og fleiri dæmi mætti nefna.

Hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Ak. flytja brtt. á þskj. 465, og munu þeir gera grein fyrir henni, en afstaða mín til brtt. á þskj. 455 fer eftir því, hversu fer um þá brtt. Þarna er um land í Ölfushreppi að ræða, sem frv. gerir ráð fyrir, að lagt verði undir hinn nýja hrepp.

Árbær er fyrir nokkrum árum keyptur af hlutafélagi á Selfossi. Búskapur var þar lagður niður og hús ekki notuð. En hins vegar hefur verið lagt í að ræsa þarna fram mýrar í stórum stíl, og hefur þetta land verið hugsað til afnota fyrir Selfossbúendur. En þeir hv. þm. Eyf. og þm. Ak. leggja til, að þetta land falli ekki undir Selfosshrepp. Út af fyrir sig sé ég ekki ástæðu til, að þetta land falli undir Selfosshrepp. Það má eins nytja það af þeim, er búa í Selfossbyggðinni, fyrir því. En ef Alþingi hins vegar samþykkir, að þetta land falli undir hinn nýja hrepp, þá sé ég ekki ástæðu til að láta einstaklinga hafa aðstöðu til að selja það og afnot þess eftir sínum geðþótta. Þá get ég vel unnt þorpinu að eiga þetta land og verið með, að það sé tekið eignarnámi. Ég man eftir því, að á sínum tíma urðu harðar deilur um það hér í Reykjavík, hvort selja ætti einstaklingum lóðir. Nú eru allir sammála um það, að bærinn eigi að eiga sem mest af lóðum, og ég ætla, að sú saga muni víðar gerast. Ég veit vel, að þetta er tilfinningamál þar fyrir austan, og sennilega verður aldrei unnt að gera alla ánægða. Það verður óánægja, ef ekki verður gert neitt, og það verður óánægja, hvernig sem þetta verður afgreitt. Það er óhugsandi að samþ. frv. þannig, að margir verði ekki óánægðir, en ef það verður ekki samþ., stöndum við í vegi fyrir nauðsynlegum framkvæmdum í Selfossbyggðinni, svo sem vatnsveitu og rafveitu, holræsagerð o. fl., og það má ekki verða.

Sigurður E. Hlíðar: Þar sem ekki hefur orðið samkomulag um þetta mál í n., eins og sjá má af þeim brtt., sem fram eru komnar, en hins vegar hafa báðir hv. þm. viðkomandi kjördæmis óskað eftir samkomulagi við n. um málið, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að sinni.

Umr. frestað.

Á 80. og 81. fundi í Nd., 5. og 6. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 317, 454, 455, 458, 465, 497, 524).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 524. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Garðar Þorsteinsson: Allshn. hefur síður en svo getað komið sér saman um afgreiðslu þessa máls. Hefur frv. verið rætt oftar en einu sinni. Félmn. hefur og haft málið til umr., og á fund n. komu oddvitar úr ýmsum hreppum. Þar mætti líka sýslumaðurinn í Árnessýslu, sem er oddviti sýslunefndar. Reynt var að þreifa fyrir sér um, hvort hægt væri að ná samkomulagi um þetta nýja hreppsfélag. En það tókst síður en svo. Fyrirsvarsmaður hins nýja hrepps taldi upp þær jarðir, er leggjast ættu undir hreppinn að hans áliti. Oddvitar gripu þá til mótmæla, en oddviti Sandvíkurhrepps hafði þó sérstöðu í málinu.

N. hefur ekki getað orðið sammála um frv. Hv.

2. þm. N.-M. hefur lagt fram brtt. á þskj. 458, og ganga þær að því leyti lengra, að í 1. brtt. er lagt til, að ákveðnar jarðir verði teknar af Sandvíkurhreppi og lagðar til Eyrarbakkahrepps. — Ég og hv. þm. Ak. erum sammála því, að jörðin Árbær sé ekki tekin með og lögð til hins nýja hrepps. Flytjum við brtt. þess efnis á þskj. 465.

Ég og hv. þm. Ak. erum á móti þeirri till. á þskj. 455 að gefa eignarnámsheimild slíka í þessu efni nú þegar, sem er í raun og veru órökstudd, og stendur eins á með hana og aðrar eignarnámsheimildir, sem fram koma hér í hv. d., þar sem engar sérstakar eignir eru nefndar. — Að öðru leyti höfum við ekki orðið samferða í þessu máli, hv. þm. Ak. og ég. Ég hef borið fram á þskj. 524 brtt., sem m. a. breyta frv. á þá leið til bóta, ef samþ. yrði, að fella burt það ákvæði, að leggja skuli undir þennan nýja hrepp hluta úr Hraungerðishreppi, þ. e. að hinn nýi hreppur verði aðeins myndaður þannig, að í honum verði þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi og Hellir upp að þjóðveginum með Ingólfsfjalli ásamt Fossnesi. Hins vegar hafa hinir nefndarmennirnir, eða a. m. k. tveir þeirra, lagt til, eins og er í frv., að lagt verði land undir hinn nýja hrepp alla leið upp úr, upp í Ingólfsfjall. Og með því móti yrði Ölfushreppur klipptur í sundur. Ég fyrir mitt leyti finn ekki nein rök fyrir því, að hinn nýi hreppur geti ekki látið sér lynda að fá land þannig, að að nafninu til sé þó Ölfushreppur samfelldur, eftir að hin nýju hreppaskipti hafa farið fram. En þetta síðar talda verður sjálfsagt minna ágreiningsatriði en skiptingin úr Hraungerðishreppi. Þau rök, sem hv. meiri hl. n. færir fram fyrir því, að hluti úr Hraungerðishreppi sé lagður undir þennan nýja hrepp, er það, að Mjólkurbú Flóamanna er þar og nokkur byggð í kringum það, sem þeir hv. þm. vilja láta fylgja þessum nýja hreppi, en þessi byggð stendur á nokkrum hluta jarðarinnar Laugardæla. Þeir segja sem svo, að þarna sé orðin allfjölmenn byggð, sem tilheyri raunverulega Selfossþorpi, og þessi byggð þurfi að hafa sameiginlegan barnaskóla með aðal-Selfossbyggðinni, sameiginlegt rafmagn, vatnsleiðslu o. s. frv. Ég sé ekki, að af þessum sökum sé ástæða til að leggja þennan hluta Hraungerðishrepps undir hinn nýja Selfosshrepp, því að vitanlega ráða ekki hreppatakmörk um það, hvernig hagað verður rafleiðslum, vatnsleiðslu og skolpleiðslu í þessu hverfi. Því að ef það nær fram að ganga, sem fyrirhugað er, að raflýst verði sveitaþorp, þá ráða ekki um þær framkvæmdir hreppatakmörk út af fyrir sig. Það er hins vegar framkvæmdaratriði milli þessa nýja hrepps og Hraungerðishrepps, hvernig fjárgreiðslum eigi að vera varið í sambandi við slíkar framkvæmdir, ef þær eru sameiginlegar fyrir báða hreppana. — Og það, sem sérstaklega gerir það að verkum, að ég get ekki fellt mig við, að þessari landspildu sé skipt úr Hraungerðishreppi, er það m. a., að það er upplýst, að tekjur Hraungerðishrepps hafa numið undanfarið að jafnaði 51 þús. kr., en með þessari skiptingu úr Hraungerðishreppi, sem í frv. er gert ráð fyrir, mundu þessar útsvarsgreiðslur rýrna um 17 þús. kr., þannig að hreppurinn mundi þá með einni lítilli löggjöf vera sviptur ⅓ hluta af útsvarstekjum sínum. Og þó að segja megi, að hann eigi að fá þetta á einhvern hátt bætt og koma greiðslur á móti, þá er það víst, að það kemur allt öðruvísi við fyrir hreppinn að mega vaxa bæði að íbúatölu og fjárhagslegri aðstöðu svo sem eðlilegt er á þann veg, að byggðin færist austur á við og hreppurinn þess vegna geti hagað sínum fjárhagsáætlunum í samræmi við það. Þetta og hins vegar það, að hreppurinn er sviptur ⅓ hluta tekna sinna, gerir það að verkum, að mér finnst óeðlilegt, að þessi skipting úr Hraungerðishreppi eigi sér stað.

Ég vil líka benda á það, að þetta mál er ákaflega illa undirbúið. Sýslunefndin hefur ekki haft þá forgöngu í þessu máli, sem henni ber að eðlilegum hætti. Nú er vitað, að samkv. sveitarstjórnarl. frá 1927 er gert ráð fyrir því, að stofnaðir séu sérstakir hreppar, ekki með löggjöf, heldur þannig, að „atvinnumálaráðherra hefur heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. . .“ Þar er og gert ráð fyrir, að það sé sýslunefnd og sýslunefndaroddviti, sem fyrst og fremst hafi forgöngu slíkra mála, og hreppsnefndir og oddvitar hreppa komi sér saman um slíkar skiptingar. Þetta liggur alls ekki fyrir hér. Að vísu hefur þetta mál verið tekið fyrir í sýslunefnd, en hún vísaði því frá sér til viðkomandi hreppsnefnda og hreppa. Og það verður ekki séð af því, sem hér liggur fyrir í málinu, að sýslunefndin sem slík eða oddviti hennar hafi gert neinar tilraunir til þess að leysa þetta mál með samkomulagi. Hitt kann svo að vera, að hann telji fyrirfram útilokað, að hægt sé að ná þessu samkomulagi. Um það skal ég ekki segja. En ég hefði talið eðlilegt, að sýslunefnd sem slík hefði þá í annað sinn tekið málið fyrir og kallað til sín fyrirsvarsmenn hreppanna, til þess að vita, hvort ekki væri hægt að brúa þetta bil sem er á milli vilja hreppsbúa í viðkomandi hreppum nú um þetta mál.

Ég tel, að ég með þessu hafi gert nokkra grein fyrir þeirri sérstöðu, sem ég hef í þessu máli. Ég tel ekki, sem sagt, að fyrir félmn. hafi í fyrsta lagi legið þau sjálfsögðu skilríki, sem eiga að liggja fyrir skv. sveitarstjórnarl. um það, að reynt hafi verið að ná samkomulagi innbyrðis af þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, og að í öðru lagi, þó það væri, og yrði þess vegna að leysa þetta með löggjöf, þá fæ ég ekki séð, hvers vegna löggjafarvaldið grípur inn í eðlilegan vöxt og þróun ákveðins hreppsfélags með því allt í einu að kippa frá því langverðmætasta hluta þess og ætla þannig að svipta það hreppsfélag með einu pennastriki einum þriðja hluta útsvarstekna þess og þar með um ófyrirsjáanlegan tíma hinum sýnilega möguleika á vexti. Því að eins og þeir vita, sem þarna hafa farið um, er þessi vöxtur þorpsins orðinn austur á við og kringum fyrirtæki, sem heitir Mjólkurbú Flóamanna og liggur innan Hraungerðishrepps. Og það er það, sem þessi nýi hreppur er að reyna að leggja undir sig, þetta fyrirtæki, sem að vissu leyti er lyftistöng Hraungerðishrepps. Það er þetta, sem mér finnst annar hreppur vera að reyna að draga ranglega til sín.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að hv. 2. þm. Eyf. sé eins kunnugt um það eins og öðrum hv. þm. hér og sérstaklega hv. félmn., hvers vegna þetta mál er komið hér inn á hæstv. Alþ. Selfossbyggð hefur vaxið upp í þremur hreppum, og sýslunefnd Árnessýslu hefur, eins og allir hv. þm. vita, gert ítrekaðar tilraunir til þess að reyna að koma á samkomulagi um þetta mál heima í héraði. Og ástæðan fyrir því, að þetta mál er flutt hér á Alþ., er sú, að það er sýnt og sannað, að heima í héraði fæst ekki samkomulag um þetta mál með neinum samningum. Til þess að kveða upp úrskurði um skiptingu hreppa eftir sveitarstjórnarl., þurfa að liggja fyrir till. um það frá viðkomandi hreppsnefndum og sýslunefnd, en ella er ekki hægt að kveða upp úrskurð um skiptinguna. Og þetta veit ég, að hv. 2. þm. Eyf. er alveg ljóst. Ekkert slíkt álit hefur getað fengizt frá viðkomandi hreppum, sem hefði náð samþ. sýslun. Og þess vegna er annaðhvort að gera fyrir Alþ. að láta þetta sveitarþorp vaxa upp þarna, án þess að það hafi möguleika til þess að koma sér upp þeim þægindum, sem þorpum er nauðsynlegt, eða þá að kveða upp lagaúrskurð í málinu. Úrskurður frá félmrh. um þetta getur ekki verið kveðinn upp, vegna þess að til þess mundi vanta forsendur, sem sé samkomulag eða tillögur *frá viðkomandi hreppsnefndum og* sýslunefnd. Nú hefur félmn. fengið dálítið sýnishorn af því, hversu létt er að komast að samkomulagi í þessu máli. Og ég hygg, að hún hafi fengið sömu reynslu og sýslunefnd Árnessýslu, að það er ekki hægt að fá samkomulag um málið heima í héraði. Og þess vegna verður Alþ. að taka í taumana, ef það er ekki ætlunin að láta Selfossbyggðina halda áfram að vaxa upp í þremur hreppum. Og ég hygg, að það verði þeim mun erfiðara sem lengra líður að fá samkomulag um þetta heima í héraði. Vitanlega hefði það verið mjög æskilegt og það væri ákaflega gott, ef hv. þm. sýslunnar hefðu bent á einhverjar leiðir til þess að ná fullkomnu samkomulagi í þessu máli. Og ég treysti þeim til þess, að þeir geri það, ef þeir hafa trú á, að slíkar leiðir séu til. En ef ekki, þá virðist ekki vera annað fyrir hendi en að Alþ. setji löggjöf um Selfossbyggðina. Það er síður en svo æskilegt að þurfa að kveða á um þetta með l. En hitt er vitanlega algerlega óviðunandi ástand, að þorpið vaxi þarna upp í þremur hreppum og geti ekki haft sína eigin stjórn á þeim málum, sem þorpinu eru sameiginleg.

Af þeim till., sem fyrir liggja til breyt. á þessu frv., hefði ég þó talið, að til samkomulags væri hægt að samþ. brtt. frá hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. Eyf. á þskj. 465, um að láta bæinn Árbæ falla undan ákvæðum frv. En að öðru leyti tel ég ekki rétt að gera á frv. verulegar breyt. Það hefur komið í ljós viðkomandi sjávarþorpum, sem annars er ekki ástæða til að ætla, að lifi neitt verulega á landbúnaði, að þau hafa komizt í vandræði vegna þess, að þeim hefur verið skammtað of lítið land frá byrjun. Og þetta hefur komið í ljós við svo að segja hvert einasta kauptún á landinu. En hvað mundi þá verða, ef ætti að fara að ákveða sveitaþorpum, sem hljóta að einhverju leyti að byggjast á landbúnaði, ekkert land til afnota fyrir þá, sem það byggja, annað *en það, sem húsin standa á í þorpinu?* Það er að vísu ekki sennilegt, a. m. k. eins og sakir standa nú, að menn mundu almennt stunda landbúnað þarna í þessu þorpi sér til lífsatvinnuvegar. En allur fjöldi þeirra manna, sem þarna eiga heima, er aðfluttur úr sveit, og slíkir menn kunna ekki við sig, margir hverjir, nema þeir geti haft a. m. k. einhverja örlitla aðstöðu til landbúnaðar. Enn fremur er vitað, að þeir mundu stunda þann litla landbúnað, sem þeir hefðu í hjáverkum, sér til búdrýginda öllu frekar en að þeir væru með því í nokkurri samkeppni við bændur umhverfis þorpið.

Það hefur verið réttilega bent á það, að með því að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, þá yrði Sandvíkurhreppur skilinn eftir, þannig að þar yrðu ekki eftir nema um 16 bæir. Og ég tel réttmæta þá athugasemd, sem fram hefur komið, að þetta sé í raun og veru of lítið hreppsfélag. Mér hefur dottið í hug í því sambandi og fært það í tal við sýslumann Árnessýslu, og hann hefur lofað að athuga það, hvort ekki væri rétt að sameina Hraungerðishrepp og Sandvíkurhrepp, ef frv. þetta næði fram að ganga. Og ég held, að það væri að öllu leyti hyggilegri úrlausn þessa *máls að sameina þessa tvo sveitarhreppa en að* fara þá leið, sem hv. 2. þm. Eyf. hefur stungið upp á, að láta part af Selfossbyggðinni halda áfram að vera í Hraungerðishreppi. Það eru uppi ákveðnar óskir þorpsbúa á Selfossi um það að fá þessa skiptingu gerða á landi úr Hraungerðishreppi og það sem allra fyrst. Það liggur fyrir að ráðast í ýmsar framkvæmdir í þorpinu. Og þeim framkvæmdum vilja sveitahrepparnir, sem Selfossbyggð er í, vitanlega hvorki taka ábyrgð á né þátt í kostnaði við þær. Þegar af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að þessi skipting fari fram. Öll sveitarstjórn og allar framkvæmdir í Selfossbyggðinni verða örðugri, eins og þegar hefur verið bent á, ef Selfossbyggð er látin vaxa upp í þremur hreppsfélögum. Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að hreppatakmörk mundu ekki verða látin ráða framkvæmdum á rafmagnsleiðslum, vatnsleiðslum og skolpleiðslum, og tók það fram sem sönnun þess, að ekki væri ástæða til að láta þann hluta Selfossbyggðarinnar, sem er í Hraungerðishreppi, fylgja Selfosskauptúni. Nú er það vitanlegt, að litlar líkur eru til, að þessi hluti af Selfossbyggðinni, ef eftir yrði skilinn, fengi þessi þægindi, þannig að ef á að líta *svo á, að í þéttbýlinu sé meiri nauðsyn á ýmsum* heilbrigðisráðstöfunum en í strjálbýlinu, svo sem bæði vatnsveitum og skolpleiðslum og öðru slíku, þá verður ekki hjá því komizt að láta þennan hluta af Selfossbyggðinni, sem er í Hraungerðishreppi, fylgja með í hinum nýja hreppi.

Nú væri gott að heyra um þetta álit frá þeim hv. þm. kjördæmisins, sem á hér sæti í þessari hv. d., þar sem hann er þessum málum efalaust kunnugastur. En ég geri ráð fyrir því, að þær tilraunir, sem þegar hafa farið fram til þess að ná samkomulagi í þessu máli heima í héraði, sýni, að ekki verði unnt að ráða fram úr þessu máli

öðruvísi en með afskiptum Alþ., þó vitanlega hefði verið æskilegast, að um þessi mál hefði getað verið samkomulag innan sveitanna.

Umr. frestað.

Á 83., 84., 85. og 86. fundi í Nd., 8., 11. 12. og 13. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 15. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 317, 454, 455, 458, 465, 497, 524, 545).

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 455 brtt. við þetta frv., ásamt hv. 4. þm. Reykv. Þessi brtt. fer í þá átt, að væntanlegur Selfosshreppur fái eignarnámsheimild á þeim löndum, sem hann kemur til með að ná yfir. — Það hefur nú undanfarið verið rætt talsvert um eignarnámsheimildir, bæði almennt og í einstökum tilfellum. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma hér, heldur aðeins taka fram, að ég tel betra og heppilegra, að hreppar eigi þau lönd, sem þeir standa í. — Hv. 2. þm. Eyf. taldi þessa brtt. okkar hv. 4. þm. Reykv. órökstudda. En mér finnst þetta vera svo augljóst mál, að ekki þurfi að rökstyðja það. Hins vegar er mér kunnugt um, að um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir.

Um frv. að öðru leyti og brtt. við það, sem eru næsta margar, finnst mér rétt að taka það fram, að mér finnst mestu skipta, að hinu nýja kauptúni verði séð fyrir nægu landrými, svo að þróunin þar geti orðið eðlileg, og því verði séð um, að togstreita um hreppamörkin verði ekki til þess að torvelda eðlilegar framkvæmdir.

Hv. 2. þm. Eyf. flytur hér brtt. í þá átt að skerða það land, sem væntanlegum Selfosshreppi er ætlað í upprunalega frv., með því að taka undan skika úr Hraungerðishreppi, sem frv. gerir ráð fyrir, að sameinist þessum væntanlega hreppi. Mér finnst þessi brtt. hv. þm. fráleit að því leyti, að sá skiki af Hraungerðishreppi, sem þar er um að ræða, á, legu sinnar vegna, að heyra undir Selfosshrepp, auk þess sem ýmsar framkvæmdir, sem til almenningsheilla horfa, svo sem bæði vatnsveita og væntanleg rafveita, eins og líka hitaveita, sem er í undirbúningi þar, hljóta að vera sameiginlegt mál þeirra manna, sem búa á þessum skika, og hinna, sem búa í því eiginlega Selfosskauptúni, sem nú er. Ég geri ráð fyrir, að þessu fólki, sem á þessum skika byggi, þætti hart að vera útilokað frá þessum sjálfsögðu þægindum, sem þarna væru rétt við bæjarvegginn hjá þeim. — Mér finnst því brtt. þessa hv. þm. svo fráleit, að ég leyfi mér að mæla gegn henni, en hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 545, þar sem ég legg til, að ekki aðeins þessi sneið af Laugardælalandi, sem nefnd er í 1. gr. frv., verði lögð undir þorpið, heldur að jörðin Laugardælir í Hraungerðishreppi falli undir hinn væntanlega Selfosshrepp.

Önnur brtt. er hér, sem hv. 2. þm. N.-M. flytur á þskj. 458, sem gerir ráð fyrir því, að Sandvíkurhreppur falli allur undir hinn nýja hrepp, að undantekinni svo nefndri Flóagaflstorfu, sem tillögumaður leggur til, að leggist undir Eyrarbakkahrepp. Ég fyrir mitt leyti gæti vel fallizt á þessa brtt. hv. þm., og sérstaklega finnst mér allt mæla með því, að Eyrarbakkahreppur fái Flóagaflstorfuna, því hún hefur um margra ára skeið verið nytjuð af Eyrbekkingum.

Mér finnst, að hv. þd. eigi að láta þetta mál fá þá afgreiðslu, að hinum nýja hreppi verði ekki skorinn of þröngur stakkur, svo þröngur, að framkvæmdir til hagsbóta fyrir þetta kauptún tefjist þess vegna og þannig verði komið í veg fyrir eðlilega þróun þorpsins.

Hv. 2. þm. Eyf. talaði um, að mál þetta væri ekki nógu vel undirbúið og að leita þyrfti samkomulags þessara hreppa, sem lönd, sem eiga að mynda þennan nýja hrepp, verða tekin úr. En mér finnst ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að samkomulag um þetta mál muni batna frá því, sem nú er heima í héraði. Því að við í félmn. höfðum tækifæri til þess að tala við oddvita þessara hreppa, og samkomulagið hjá þeim var þannig, að ekki er við því að búast, að til sátta dragi um þetta mál milli þeirra heima fyrir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram hér í hv. þd., að þetta mál hafi ekki fengið sem beztan undirbúning heima í héraði, og sé það því eðlilegt, að menn, sem um það fjalla, hafi ekki orðið sammála og ekki getað komið sér saman um meginmálið, hvernig skipti hreppanna, sem fyrir eru, skuli verða, til þess að geta stofnað þetta sameiginlega byggðarlag, sem á að heita Selfosshreppur. En það var fullljóst mál, að úr því mundi ekki verða bætt á annan veg en þann að láta málið koma fyrir hæstv. Alþ. Málið var þess vegna flutt hér eftir ósk félmrh. Því var vísað til heilbr.- og félmn., og þar er sama sagan. N. var öll klofin, þvert og endilangt, um málið. Enginn gat þar orðið öðum sammála, heldur skiptust menn þar eins og brtt., sem fyrir liggja, sýna. Þar kemur hver nm. með sínar brtt. við frv. Þar að auki hafa fleiri hv. þm. flutt sínar brtt. Mér finnst því þetta mál næstum erfiðlegar á vegi statt hér í hv. þd. en nokkurn tíma heima í byggðarlaginu, sem það varðar og á að fjalla um skipulagsbreyt. á. Það er næstum til skammar, að hv. þm. geti ekki reynt að sameina sig til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem orðið hafa á þessu máli við afgreiðslu þess í héraði, því að það er ekki hægt að komast hjá því að afgr. þetta mál á einhvern veg. Þetta byggðarlag, sem fer hér fram á, að það verði sérstakt hreppsfélag, á heimtingu á því, að svo verði gert. En þá er slagurinn um það, hvort þeim megi haldast uppi þarna eystra að taka sneiðar úr þremur hreppum og mynda hreppsfélag á þann hátt. Um þetta er slagurinn heima í héraði, og um þetta er slagurinn hér á hæstv. Alþ. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Eyf. gert brtt. við frv. þetta, svo litla, að ég í einfeldni minni hélt, að nægja mundi til þess að sefa þá óánægju, sem er heima í héraði um þetta mál. Ég hafði fengið bendingu um, að það nægði að fella úr orðin: „Árbær og“ í 1. gr., þá mundu Ölfushreppsbúar láta þar við sitja, gera sig nokkurn veginn ánægða með það. Sandvíkurhreppsbúar hafa verið á því, að svo og svo mikið úr Sandvíkurhreppslandi félli undir þetta nýja hreppsfélag. Sumir þeirra vilja, að allur hreppurinn verði þar tekinn með, eins og brtt. hv. 2.

þm. N.-M. gengur út á, en mikill meiri hluti hreppsbúa er því þó andvígur. — Það, sem einna harðast er sótt á með, er, að þessi sneið úr Laugardælalandi falli undir þennan nýja hrepp, en þó ber hv. 2. þm. Eyf. fram brtt., þar sem lagt er til, að þessi sneið falli ekki undir þetta nýja hreppsfélag. En mér finnst meiri rök mæla með því, að þessi sneið fái að vera með í þessum nýja hreppi, heldur en jafnvel sneiðin eða landið fyrir utan Ölfusána. Þessi sneið úr Laugardælalandi ásamt aðalþorpinu er samfellt byggðarlag. Það er meira að segja svo, að nú er hús í smíðum þarna, sem mér er sagt, að sé á takmörkum hreppa þarna, þannig að annar helmingur þess sé í Hraungerðishreppi, en hinn helmingurinn í Sandvíkurhreppi. Hvernig á að fara með þetta hús, ef samþ. á brtt. hv. 2. þm. Eyf. og þessi sneið af Laugardælalandi fylgir ekki með í þessum nýja hreppi? Á að höggva húsið í sundur, svo að annar parturinn verði í Hraungerðishreppi, en hinn í þessum væntanlega Selfosshreppi? Nei. Þarna er að rísa upp alveg samfelld byggð, þótt í tveimur sveitum sé. Og það er búið að margbenda á það, að þegar svona hagar til um þetta byggðarlag, þá verður sambandið milli byggðarinnar, þótt hún sé í tveimur hreppum, enn þá nánara. Það er víst, að það heldur áfram að aukast byggð í Laugardælalandi, samfelld við aðal-Selfossbyggðina, og það, sem eru heilbrigðisleg, atvinnuleg og á allan hátt menningarleg hagsmunamál, verða sameiginleg mál fyrir þá, sem búa á þessari núverandi sneið úr Laugardælalandi, og hinna, sem eru í aðalbyggðinni, sem nú heitir Selfossbyggð. Þess vegna sé ég ekki sanngirni í öðru en að leyfa þessa sameiningu, eins og í frv. er farið fram á, í aðalatriðum. Hins vegar mæli ég með þessari litlu brtt. á þskj. 465. Ég hygg, að það verði affarasælast að sameina sig um þá afgreiðslu málsins og að á þann hátt mundi hæstv. Alþ. komast einna slysaminnst út úr þessu vandræðamáli.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Í þessu máli liggja fyrir margar og margvíslegar brtt. Ég tel það mjög óheppilegt, ef afgreiðsla þessa máls verður meir undir tilviljun komin en undir nákvæmri athugun og yfirvegun. Mér þykir ekki ólíklegt, að þeim hv. þm., sem ekki þekkja til, þyki nokkrum vanda bundið, hvernig bezt sé að afgr. málið eftir því sem það liggur nú fyrir hv. deild. Þessu valda m. a. hinar margvíslegu brtt., sem stefna svo að segja sín í hverja áttina. — Ég verð að játa, að málið heiman úr héraði er ekki svo undirbúið sem skyldi, hvorki af hreppsnefndum né sýslunefnd. Skv. lögum er til þess ætlazt, að viðkomandi sýslunefnd gefi upplýsingar og tillögur um hreppaskiptingu, en ekki er til þess ætlazt, að hv. Alþ. láti slík mál til sín taka, fyrr en málið hafi verið athugað vel og gaumgæfilega. Ég hygg, að þetta mál sé óljóst, enda sýnir það bezt, hversu margar brtt. eru fram komnar. Brtt. eru gleggsti vottur þess, hversu undirbúningi málsins er áfátt.

Verði Sandvíkurhreppi skipt í tvennt, eins og óskir standa til, en er þó engan veginn ágreiningslaust, er það svo, að sá hluti, sem heyrir til Sandvíkurhreppi, er orðinn svo lítill, að erfitt verður fyrir hreppsfélagið að hafa á hendi fjármál og stjórn sveitarinnar. Og ekki bætir það úr skák, er allmikill hluti bænda vill ekki skiptinguna. Samt sem áður ber að taka tillit til meiri hluta bænda og framkvæma skiptinguna. Að þessu leyti get ég ekki verið sammála hv. 2. þm. N.-M., sem vill ekki skiptinguna. Ég held það verði æskilegast að verða við óskum hreppsbúa.

Þá kem ég að öðrum óskum, hvað bezt sé að taka frá öðrum sveitarfélögum og leggja undir Selfosshreppinn nýja. Hvað snertir Ölfushrepp, hygg ég, að sanngjörn sé brtt. hv. 2. þm. Eyf., þar sem lagt er til, að í Selfosshreppi verði Hellisland upp að þjóðveginum ásamt Fossnesi. Virðist sanngjarnt, að þessi breyt. verði gerð. Það er skiljanlegt, að Ölfushreppi sé lítið um skiptin, sérstaklega þar sem honum hefur áður verið skipt. Var það, þegar Hveragerði varð sérstakt hreppsfélag. En öll aðstaða virðist mæla með þessari skiptingu, og yrði það ekki gert nú, mundi það þó framkvæmt, áður en langt um líður. Viðvíkjandi næstu jörð held ég, að það hafi lítið að segja og ekki ástæða til að auka neitt á gremju eða óvild, og sé því heppilegt að skerða hreppinn ekki meira. Er það ekki brýn nauðsyn. Það er alltaf nokkurs virði að gera ekki meiri ágreining en nauðsyn ber til. — Þá er líka skv. frv. gert ráð fyrir að skerða Hraungerðishrepp, þ. e. a. s. að taka af honum landspilduna við Mjólkurbú Flóamanna með þeim húsum, sem þar eru. Það fólk, sem býr í grennd við Mjólkurbúið, þarf í rauninni ekki að hafa mikið við Selfoss að sælda. Þar skilst mér, að málið sé einna verst undirbúið. Er þar ekkert samkomulag milli hreppsfélaganna. Sýslunefnd hefur ekki fullnægt skyldu sinni. Oddvitar hreppanna hafa talazt við tvisvar um málið árangurslaust. Það er meira en landspildan, sem tekin er af hreppsfélaginu, því að hann missir einnig ⅓ af tekjum sínum með þessari breytingu. Ekki hefur verið athugað, hvernig hægt er að bæta hreppnum þetta upp og hvort hann má blátt áfram við því. Nú er í ráði að leggja rafmagn í kauptúnið. Auðvitað þarf það ekki að standa neitt í vegi, að þetta fólk geti fengið raforku til afnota. Ég veit, að hv. þm. dettur ekki í hug að breyta hreppamörkum, þótt rafleiðsla sé lögð. Hvert sveitarfélag tekur þátt í þeim kostnaði. Engin vandkvæði ættu að verða á því, þótt Hraungerðishreppur yrði í félagi með öðrum sveitarfélögum um kostnað, sem hlýzt af raflögninni. Það er því engin ástæða í þessu máli. Viðvíkjandi öðrum framkvæmdum í byggðarlaginu segir það sig sjálft, að þær verða unnar ásamt nauðsynlegum framkvæmdum, þótt Hraungerðishreppur sé einn eða aðrir eigi þar í hlut einnig.

Ég hef heyrt því fleygt, að þar sem byggðin hefur færzt austur, væri eðlilegt að breyta hreppamörkunum. Þetta eru vægast sagt léleg rök. Er það þá meiningin að breyta hreppamörk-

unum eftir því, sem byggðin þéttist? Ég tel varhugavert að ganga inn á þessa braut. Við trúum því, að byggðin eigi eftir að þéttast, og er það þá meiningin að búta gömlu hreppana í sundur? Mér finnst það fjarri lagi, og að því leyti er löggjöfin um þetta orðin úrelt, þar sem heimilt er að skipta hreppnum, þegar byggðin þéttist, ef tiltekin tala fólks óskar þess. Þess vegna tel ég þetta óréttmætt og í alla staði óheppilegt. Hér er einmitt þannig ástatt, og um það er ágreiningur, sem ekki er að undra. Því finnst mér fjarri öllu lagi að gera þessa breyt. nú, — betra að bíða seinni tíma, þar til málið hefur verið betur athugað. Með þessum fyrirhuguðu breyt. yrði Sandvíkurhreppur ærið smár, og gæti því vel komið til mála að sameina Hraungerðishrepp og Sandvíkurhrepp í eitt hreppsfélag. En áður en slíkt yrði gert, er betra að rasa ekki um ráð fram og athuga og sjá, hvað bezt er að gera. Alþingi hefur þá skyldu, þegar um slík mál sem þessi er að ræða, að ákveða, hvað skuli vera, en Alþingi á ekki að úrskurða um atriði, sem hreppsfélög greinir á um, ef málið er ekki vel undirbúið, og ég fullyrði, að þetta mál er ekki undirbúið sem skyldi, og sýslunefndin hefur skorazt undan sinni skyldu. Þetta atriði, sem ég hef nú minnzt á, sýnist mér veigamikið.

Hv. 11. landsk. flytur brtt. þess efnis, að allt Laugardælaland verði lagt undir Selfosshrepp. Ég hygg, að hv. þm. hafi ekki gert sér nægilega góða grein fyrir þessu máli, því að það stendur mikill ágreiningur um nokkurn hluta Laugardælalands, sem leggja á undir Selfosshrepp, hvað þá heldur, ef farið væri fram á allt Laugardælaland. Ég held, ef honum væru mál þessi kunnug, að hann hefði ekki gert sér leik að því að henda þessari sprengikúlu inn í málið. Ég geri ráð fyrir, að í rauninni óski hann ekki eftir, að blásið sé á meiri eld í þessu máli, en brtt. hans stefnir einmitt í þá áttina. Þess vegna vil ég vinsamlega skora á flm. að taka brtt. sína aftur.

Þá hefur hv. 2. þm. Rang. borið fram brtt., er mælir svo, að Mjólkurbú Flóamanna skuli undanþegið útsvarsskyldu. Mér skilst, að hv. þm. óttist, að Mjólkurbúinu kunni að vera íþyngt um of, ef útsvar verður leyft. Þetta hefur tilheyrt Hraungerðishreppi, og engin kvörtun hefur komið, að fólkinu hafi verið íþyngt með ósanngjörnum og háum sköttum. Ég vil taka þessa brtt. þannig, að ef breytingin kemst á, megi búast við, að Mjólkurbúinu verði íþyngt um of. Ég vil ekki spá neinu um það, sem framtíðin kann að geyma í skauti sínu. Hvað sem því líður, hygg ég, að bezt sé að gera ekki þessa breytingu og hafa Mjólkurbúið innan þess hrepps, sem það er nú, og eiga ekki neitt á hættu, hvað þessa breyt. snertir. Ég vil því mega vænta þess, að hv. 2. þm. Rang. (IngJ) haldi brtt. sinni ekki fram, bæði vegna þess að sveitarfélagið er ekki við því búið, að svona mikið rót verði á því allt í einu, og í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á það, að það kann að vera nokkuð varasamt að ákvarða fyrir þessa stofnun slíka breyt. sem hér um ræðir, því að hætt er við, að slíkt dragi þann dilk á eftir sér, að komið yrði fram með slíkar till. fyrir sams konar eða svipaðar stofnanir, og efast ég um, að það væri svo æskilegt að hleypa slíkri skriðu af stað. Nú vitum við, að þessi félagsskapur og annar sambærilegur honum nýtur sérstakra ívilnana í skattalöggjöfinni, og ef ætti að fara að framkvæma þetta þannig, að undanþiggja þessar stofnanir þeim gjöldum, sem sveitarfélögin þurfa venjulega á að halda, þá tel ég, að slíkt gæti orðið til þess, að heildarlöggjöfin um þessi efni yrði upp tekin og henni breytt í það horf, sem okkur væri hvorki hagfellt né æskilegt, því að við getum ekkert vitað um það, ef slík mál eru tekin upp og farið að vinna að þeim, hverjar afleiðingar slíkt kunni að hafa hér á Alþ., en meðan ekkert sérstakt ýtir undir að gera breytingar á þeim, þá býst ég við, að sanngjarnir menn kæri sig ekki um að stuðla að slíkum breyt. á þessari lagasetningu. Þess vegna er það einmitt von mín, að hv. þm. vilji stuðla að því að gera ekki breyt. hvað áhrærir hreppamörkin að austanverðu og haldi brtt. sinni ekki fram að þessu sinni. Við frekari athugun á þessu máli og öðrum gæti komið til greina heppilegri lausn á þessu atriði en með þeirri lagasetningu, sem hann flytur nú till. um. Ég vænti að hv. þm. stuðli að því, að sú ein breyt. verði gerð þarna, að ekki þurfi að óttast neinar breyt. hvað áhrærir skattalöggjöfina fyrir þessar stofnanir nú á næstunni, a. m. k. ekki í þetta sinn.

Þá flytur hv. 11. landsk. og hv. 4. þm. Reykv. brtt. um það, að eftir gildistöku l. hafi hin nýja hreppsn. heimild til eignartöku. Ég held, að það sé mjög varhugavert að hafa þarna eða annars staðar svo skýlausa eignarnámsheimild, að þar séu engin takmörk sett, þannig að enginn geti verið óhultur um eignir sínar. Álít ég mjög óheppilegt að innleiða slíkt.

Niðurstaða mín gagnvart þessu máli er þó sú, að ég tel — eins og allir málavextir eru og málið liggur fyrir —, að langsamlega æskilegasta lausnin og sú mildasta gagnvart því fólki, sem hér á hlut að máli, sé að fallast á brtt. hv. 2. þm. Eyf. Ég sé af þeim, að hann hefur ætlað að reyna að koma fram höfuðatriðunum samkv. óskum þeirra, sem búa við Selfoss, en jafnframt farið svo vægilega í sakirnar gagnvart grannahreppunum, að menn geta nokkurn veginn látið sér lynda. Ef mönnum þykir nauðsyn til síðar meir að gera frekari umbætur á þessu máli, má svo taka það upp að nýju og leysa á þann sanngjarnasta hátt sem unnt er. Ég sé, að hv. 2. þm. Eyf. hefur borið fram brtt. við brtt. sínar á þskj. 562, sem er eiginlega leiðrétting, en þó eigi að síður nauðsynleg. Með slíkri afgreiðslu á málinu eins og hv. 2. þm. Eyf. leggur til, er séð fyrir þörfum kauptúnsins góða stund og nágrannahreppunum sýnd sanngirni, eftir því sem unnt er. Það atriði, sem hann skágengur og miklu varðar fyrir Hraungerðishrepp, er látið óútkljáð í bili, og fer betur á, að það verði látið bíða eftir því, að athugað verði nánar um skiptingu Sandvíkurhrepps hins forna og Hraungerðishrepps, og tel ég gerræði, ef breyt. á Hraungerðishreppi verður gerð svona skyndilega, að málinu ekki betur undirbúnu af hálfu Alþ. en það nú liggur fyrir.

Ég vil því vænta þess, að hv. d. samþ. brtt. 2. þm. Eyf. og málið verði frá henni afgr. í þeim búningi.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. hóf mál sitt á því, að hér væru margar brtt. á ferðinni við frv. þetta og að hætta væri á, að frekar mundi ráða tilviljun um ákvörðun þeirra en nákvæm íhugun. Síðan rakti hann málið allýtarlega og komst loks að þeirri niðurstöðu, að heppilegasta lausnin fælist í brtt. hv. 2. þm. Eyf. — Hv. þm. kvað undirbúningi málsins mjög áfátt og að ekki hefði náðst neitt samkomulag milli hreppsn. fyrir austan fjall. Þetta er rétt, og þess vegna kemur nú til kasta Alþ. að leysa málið. Sést þetta greinilega í grg., sem frv. fylgir, en þar segir svo á einum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Hinn 6. nóv. kvaddi sýslumaður Árnessýslu hreppsn. Hraungerðishr. og Ölfushr. á fund ásamt hreppsn. Sandvíkurhr., og náðist ekki samkomulag um skiptingu milli nefndanna, og var þá sýnt, að ekki var önnur leið til en að leita aðstoðar Alþ. um lausn málsins." — Samkomulagi milli hreppsn. hefur því verið áfátt, og er því sýnilegt, að þetta mál þarf að leysa hér.

Hv. 1. þm. Árn. rakti fyrst þá hlið málsins, sem viðvíkur þeim landskika, sem á að taka frá Ölfushr. og leggja undir Selfosshr., og fannst það sanngjarnt. Hann taldi líka sjálfsagt að skipta Sandvíkurhr. þrátt fyrir það, að ekkert samkomulag hafi náðst um það. Hins vegar finnst hv. þm. allt öðru máli gegna, ef taka á skika af Hraungerðishreppi. Hann segir, að það nái ekki nokkurri átt, að þótt byggðin þéttist í hreppunum, eigi að gera hana að sérstöku kauptúni. En með hvaða rökum á þá að skipta Sandvíkurhreppi? Er það ekki vegna þess, að þar hefur byggðin þétzt, að stofna á nýtt sveitarfélag? Hin sama röksemd á því að gilda um Hraungerðishrepp, og væri því eðlilegt, ef sú byggð væri mikil, að hún yrði gerð að sérstöku kauptúni, en þar sem hún er svo nálægt Selfossbyggð, er eðlilegt, að þessar byggðir verði lagðar undir sama hrepp. Hv. þm. gekk fram hjá því, að íbúar í þeim hluta Hraungerðishrepps, sem hér um ræðir, þ. e. búendur í hverfinu við Mjólkurbú Flóamanna, hafa skrifað undir áskorun til hreppsn. Sandvíkurhr., sem — með leyfi hæstv. forseta — hljóðar þannig: „Við undirritaðir búendur (húseigendur og húsráðendur) í hverfinu við Mjólkurbú Flóamanna í Hraungerðishreppi lýsum hér með yfir, að við óskum þess einum rómi að ganga í bæjarfélag með Selfossbyggjum.

Selfossi, 11. marz 1945.

Stefán Björnsson, Sigurður Ólafsson, Guðni Guðjónsson, Sigurður I. Sigurðsson, Andrés Hallmundsson, Benedikt Franklínsson."

Hv. þm. fannst engin rök mæla með því, að þetta hverfi yrði sameinað væntanlegri Selfossbyggð, og þótt rafveita yrði lögð um þorpið, þá sagði hann, að auðvitað mundi Hraungerðishr. sjá um rafveitu handa hverfisbúum við MBF. Ég tel, að úr því gæti orðið, en tæplega meira, því að það er ýmislegt fleira, sem íbúar þessa hverfis mundu verða aðnjótandi, ef þeir sameinuðust Selfossbyggð, svo sem skolpleiðslur, vatnsleiðslur, skóli og fjöldamörg mál önnur, sem þessum tveim byggðum, er ná alveg saman, er tvímælalaust kostur að hafa sameiginleg.

Ég veit ekki, hvaða hv. þm. það var, sem benti á, að hin væntanlega Selfossbyggð mundi færast í austur, og hefur mér verið tjáð annars staðar frá, að þetta sé mjög líklegt. Ef svo er, þá þéttist byggðin í þessum skika af Hraungerðishr., og ef því er skotið á frest — eins og hv. 1. þm. Árn. vill — að sameina þetta hverfi Selfossbyggð, þá rís þarna upp skipulagslaus byggð, því að skipulag Selfossbyggðar mundi ekki ná yfir þennan skika af Hraungerðishr.; það mælir því allt með því, að hann fylgi hinum væntanlega Selfosshreppi.

Hv. 1. þm. Árn. lauk ræðu sinni á því að gera brtt. hv. 2. þm. Eyf. að sínum till., enda kom slíkt mér ekki á óvart, því að eftir að hann sat fund hjá okkur í heilbr.- og félmn., þá kom hv. 2. þm. Eyf. með brtt. sínar, eftir að hafa átt samtal við hv. 1. þm. Árn. Þóttist ég því vita, hvaðan þessar till. væru komnar, og undraðist ekki, þótt hv. 1. þm. Árn. væri þeim fylgjandi.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Mér virðast þau vandræði, sem skapazt hafa út af því þorpi, sem hefur vaxið þarna upp á þrem hreppatakmörkum, verði á engan hátt leyst nema með löggjöf, og ef hv. Alþ. skýtur sér undan því að leysa þessi vandræði, verða þau óleyst um ófyrirsjáanlegan tíma. — Í þorpi, sem rís upp á þrem hreppatakmörkum, er — eins og hv. 11. landsk. (STh) benti á — ekki hægt að koma við nauðsynlegum heilbrigðisráðstöfunum, sem alls staðar í þéttbýli er þörf á, svo sem vatnsveitu, skolpleiðslu o. fl. þess háttar; enn fremur er vissa fyrir því, að þorpið rís þarna upp, án þess að á því verði nokkurt skipulag. Þess vegna er það ábyrgðarhluti fyrir hv. Alþ. að skjóta sér undan því að kveða upp úrskurð í þessu máli. Mér finnst, að hv. 1. þm. Árn. ætti frekar að leggjast með því, að hv. Alþ. kveði upp úskurð í málinu, en að vera með þann undandrátt, sem fram hefur komið hér í ræðum hans. Vitanlega er hv. þm. leyfilegt að hafa sína skoðun, en þar sem hér mun hafa hlaupið nokkur hreppapólitík í þetta mál, og það svo mikil, að ekki virðist nein leið að fá það afgr. í héraði, þá er komið til kasta hv. Alþ. að gera skyldu sína í því.

Það hefur hvað eftir annað í komið í ljós viðvíkjandi sveitaþorpum, sem eiga þó flest að mestöllu leyti afkomu sína undir sjávarútvegi, að þeim hefur upphaflega verið skammtað of lítið landrými. Hvað mundi þá verða um þorp uppi í landi, sem þarf miklu meira á landrými að halda en sjávarþorp, sem eiga afkomu sína undir sjávarútveginum?

Það má vel vera, að rétt sé að vísa að einhverju leyti til vissra stjórnarl. um hreppaskiptingar, en þeim verður ekki við komið hér, því að til þess að ákvæði sveitarstjórnarlaga um hreppaskiptingu geti komizt í framkvæmd, þarf samþ. hreppsn. og sýslun., en hér er hins vegar engu líkt til að dreifa. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefur leitað eftir því við sýslunefnd Árnessýslu og viðkomandi hreppsyfirvöld að ná samkomulagi um þetta mál, en úr því hefur ekki orðið. Enn fremur hefur hv. félmn. boðið hreppsyfirvöldunum á fund hjá sér og haft tal af sýslumanni Árnessýslu, en niðurstaðan hefur

orðið sú sama, að ekki hefur verið unnt að komast að viðunandi samkomulagi um málið. Ef við eigum því ekki að þurfa að horfa upp á, að þarna rísi upp skipulagslaust þéttbýli og án nauðsynlegra heilbrigðisráðstafana, getur hv. Alþ. ekki skotið sér undan því að afgreiða löggjöf um þetta.

Nú þegar liggja fyrir ýmsar brtt. við frv., og stefna sumar þeirra í þá átt að gera þetta þorp, sem er að vaxa upp í einni blómlegustu sveit sunnanlands, svo landlaust, að íbúar þess hafi enga möguleika á að hverfa til moldarinnar í fristundum sínum, og það undarlega skeður, að það eru einmitt þm. sveitanna, sem bera fram slíkar till., að frátalinni till. hv. 2. þm. N.-M. (PZ), sem stefnir í gagnstæða átt og virðist geta orðið til mikilla bóta, ef samþ. yrði. Ég hef þó haft um þessa till. þau ummæli við umr. í hv. d. áður, að ef til vill væri heppilegt að sameina það, sem eftir verður af Sandvíkurhr., Hraungerðishreppi, en nú hefur sýslumaður Árnessýslu upplýst, að a. m. k. verulegur hluti af íbúum Sandvíkurhr. muni heldur kjósa að tilheyra hinum nýja Selfosshr., og virðist því réttara að samþ. brtt. hv. 2. þm. N.-M. eins og hún liggur fyrir frekar en að sameina það Hraungerðishr., sem eftir verður af Sandvíkurhr.

Þá langar mig til að spyrja hv. form. heilbr.- og félmn. að því, hvort það sé ekki rétt, að hér liggi fyrir yfirlýsing og undirskriftir frá meiri hluta þeirra manna úr Hraungerðishreppi eða jafnvel flestöllum, sem búa í grennd við Mjólkurbú Flóamanna, um að þeir óski eindregið eftir því að sameinast Selfossbyggðinni. Enn fremur vildi ég spyrja hv. form. nefndarinnar, hvort ekki sé rétt, að Mjólkurbú Flóamanna sé samvinnufélag, og hvort það sé ekki útsvarsskylt.

Ég skal geta þess í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að samkomulag hefur orðið um að skipta Hveragerði úr Ölfushreppi. Þau skipti urðu nauðungarskipti fyrir Hveragerðishrepp. Ákvæði laganna eru þannig, að Alþingi hefur ekki leyfi til að skipta hreppum nema með samþykki sveitanna. Íbúar Hveragerðis töldu sér svo mikinn ávinning í að koma á skipulagi hjá sér og ýmsum hreinlætis- og heilsuatriðum, að þeir kusu heldur þennan nauðungarkost en að vera áfram í sveitarfélaginu. Nú liggur ekki fyrir, að Selfossi sé veittur þessi nauðungarkostur, vegna þess að ekkert samkomulag fæst í héraði hjá sveitarstjórnum og sýslunefnd. Mér var mjög nauðugt að skilja Hveragerði eftir landlaust, en ég gat ekki skorazt undan eindregnum tilmælum þeirra. Þar sem svo er ástatt eins og hér, að ekki er hægt einu sinni að gefa Selfossi slíka úrkosti og Hveragerði, en þörfin hins vegar mikil, þá ætti Alþingi að sjá sóma sinn í því að samþ. þetta frv. Það verður ekki gengið á rétt neins sveitarfélags með því. Ég tel þó, að það mundi verða mildasta lausnin á þessum deilum að samþ. brtt. frá hv. þm. Ak. og hv. 2. þm. Eyf. um að fella orðið „Árbæ" burt.

Ég tel að bezt verði séð fyrir þessu máli með því, að Alþ. samþ. frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Hér hefur verið talað um milda lausn á málinu. Ég vil spyrja: Handa hverjum? Það er ekki deilt um það, að Selfossbúar þurfa hreinlætisaðgerðir og skólamál í gott stand. En allir þeir 82 menn, sem búa í Hraungerðishreppi, hafa óskað eftir því að vera með Selfosshreppi. Er þetta því ekki mild aðferð gagnvart þeim. Þeir greiða 17 þús. kr. útsvar, og það vill ekki Hraungerðishreppur missa. Þeir hafa undanfarna vetur sett börn sín í skóla á Selfossi, en ekki til Skeggjastaða. Hér er því um að ræða, hvort menn vilja meta meira eindregnar óskir þessara 82 manna, sem óska að sameinast Selfosshreppi, eða óskir hinna íbúa Hraungerðishrepps, sem ekki vilja missa 17000 kr. útsvör frá íbúunum í Hraungerðishreppshluta Selfossbyggðarinnar. Hvað snertir sneiðina af Ölfushreppi, þá er það að segja, að þar eru 12 hús og 71 maður. Allir þessir menn vinna í Selfossbyggð, og þótt Ölfushreppur hafi lagt á þá útsvar, þá hafa þeir haldið eftir ⅓ sem hluta heimilisútsvars. Það liggur opið fyrir, hvað Ölfushreppur og Hraungerðishreppur tapa miklu, ef þessir menn sameinast Selfossi. Ég held, að þótt núna væri skotizt undan að gera upp á milli Hraungerðishrepps og Selfoss, þá verði enn erfiðara að gera það seinna. Því sjái Hraungerðishreppur eftir 17 þús. kr. nú, mun hann sjá enn meira eftir þeim seinna, enda yrðu þau þá fleiri, eftir því sem byggðin ykist. Ég tel tvímælalaust, að það ætti að láta þetta fólk úr 3 hreppum fara saman í einn hrepp.

Ég lít svo á, að greinilegt sé, að þar sem fámennir hreppar eru, þá eru þeir getulausir. Það hefur líka þegar komið á daginn, er Sandvíkurhreppsbúar senda börn sín í skóla í Selfossi og vilja fá að gera það áfram, þótt hreppnum verði skipt.

Hæstv. ráðh. bar hér fram fyrirspurnir til form. nefndarinnar. Hann er ekki hér í deildinni, og skal ég því svara honum, ef hann vill. Mjólkurbúið í Flóanum er samvinnufélag, það vita allir, það á eignir og borgar því útsvar af þeim. Hvar það er borgað, skiptir ekki svo miklu máli. Samvinnufélög borga skatta eins og aðrir af eignum sínum og tekjum. Ég sé ekki annað en bráðnauðsynlegt sé, að þetta frv. verði samþ., ég sé ekki heldur, að það sé nauðsynlegt að taka tillit til þeirra manna í hreppunum, sem hafa mælt gegn frv. Það má geta þess, að þorp, sem á að byggjast upp á landbúnaði, þarf að hafa allmikið landrými innan sinna takmarka. Ég er ekki viss um, að ég hafi gert rétt í því að láta Árbæ vera í Ölfushreppi, ég var að milda frv. En Árbær er eign manna, sem búa á Selfossi. Ef sú eignarnámsheimild á þskj. 455 verður samþ., þá á Árbærinn allur að verða í Selfosshreppi. Verði hún ekki samþ., skiptir það minna máli. — Ég álít, að ekki eigi að skipta Sandvíkurhreppi.

Það segir sig sjálft um svona stórt þorp, sem lætur sig dreyma um að bora eftir heitu vatni og koma á hitavatnsleiðslu um þorpið, ætlar að leggja vatnsleiðslur, skolpræsi og rafmagn, að þar þarf heildin að taka lán og standa saman, vera eitt hreppsfélag.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 19. marz, var enn fram haldið

2. umr. um frv. (A. 317, 454, 455, 458, 465, 497, 524, 545, 562).

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, sem hefur verið lengi á dagskrá í hv. d. og ekki komið lengra áleiðis en orðið er. Ég á hér litla brtt. á þskj 497. Hæstv. félmrh. varpaði þeirri spurningu fram, hvort Mjólkurbú Flóamanna væri ekki samvinnufélag. Og ef það væri samvinnufélag, taldi hæstv. ráðh. till. mína óþarfa. Ég veit ekki, hvaða hugmyndir hæstv. ráðh. hefur um samvinnufélög. En það lítur út fyrir, að hann áliti, að öll samvinnufélög séu útsvarsfrjáls eftir þeim l., sem þau nú starfa eftir. Ef þetta er skoðun hæstv. ráðh., þá er þetta misskilningur. Mjólkurbú Flóamanna hefur greitt útsvar síðustu árin, og svo mun vera um önnur samvinnufélög. Mjólkurbú Flóamanna, sem er byggt 1929, gerði samning við hreppsnefnd Hraungerðishrepps um það, að mjólkurbúið skyldi vera útsvarsfrjálst í næstu 10 ár, ef það yrði byggt í Laugardælalandi. Mjólkurbúið var útsvarsfrjálst fyrstu 10 árin, sem það starfaði, eða til 1939, en síðan hefur verið lagt á það útsvar af Hraungerðishreppi. Nú er ekki nema sanngjarnt, að mjólkurbúið, sem skiptir öllu upp á milli félagsmanna sinna, verði útsvarsfrjálst. Og ég tel enga hættu felast í því, þótt önnur hliðstæð fyrirtæki, t. d. mjólkurbú, kæmu á eftir og yrðu útsvarsfrjáls. Mér virtist hv. 1. þm. Árn. telja það gæti stafað af því hætta, ef önnur hliðstæð fyrirtæki, sem ekki eru mörg hér á landi, kæmu á eftir og fengju undanþágu frá útsvarsgreiðslu. Ég tel, að ekki stafaði af því hætta, þótt svo færi. Það er öðru máli að gegna með mjólkurbúin en kaupfélögin. Þau borga útsvar á tvennan hátt. Í fyrsta lagi af eignum sínum og í öðru lagi af veltu utanfélagsmanna, sem verzla við þau. Um hreinan tekjuafgang er ekki að ræða frá mjólkurbúi eins og hjá kaupfélögunum. Ég held það sé nokkuð hliðstætt mjólkurbúið og t. d. bankinn á Selfossi, sem starfar við hliðina á því. Ekki þarf hann að greiða útsvar. Það er stofnun, sem starfar fyrir almenning eins og mjólkurbúið, sem undir þessum kringumstæðum starfar fyrir 3 sýslur. Ég held líka, að það yrði sársaukaminna fyrir Hraungerðishrepp, ef það er víst, að hið nýja hreppsfélag, Selfosshreppur, hafi ekki tekjur af því. Það væri þá ekki við neinn að öfundast um útsvar mjólkurbúsins. Annars er þessi till. mín náttúrlega ekki neitt stórmál, en ég tel, að Alþ. beri að samþ. hana af þeim ástæðum, sem ég nú hef nefnt.

Ég hlustaði á ræðu hv. 1. þm. Árn., þegar hann var að tala um skiptin á arðinum. Hv. þm. mælti fátt um brtt., sem hv. 2. þm. Eyf. hefur borið fram á þskj. 524. Ef þessi till. hv. 2. þm. Eyf. yrði samþ., þá yrði Selfossþorp skorið í sundur og mjólkurbúið yrði áfram í Hraungerðishreppi. Og það er það, sem stefnt er að með till. Nú vill svo til, að það er orðin samfelld byggð frá hinni gömlu Selfossbyggð og austur að mjólkurbúi, og ég held, að betra sé að láta ógert að gera nokkuð í þessu máli en draga hreppamörkin milli mjólkurbúsins og hinnar gömlu Selfossbyggðar. Það er mjög óþægilegt fyrir þorpið, ef það er skorið svona í sundur. Slíkt þorp mun eiga svo margt sameiginlegt, að það hlýtur að skapa mikil óþægindi. Mér er kunnugt um, að það hefur verið lagt sameiginlega í kostnað við vatnsveitu, varðandi rafveitu, barnaskóla o. s. frv., það sem þeir hljóta að eiga sameiginlega og nota í sameiningu, hvort sem þarna er um að ræða eitt hreppsfélag eða ekki. Ég lít svo á, að það sé mjög handhægt að verða við óskum Selfossbúa og skipta hreppnum og draga línuna þannig, að Selfossþorpið verði eitt hreppsfélag, en þá er það óhjákvæmileg nauðsyn að taka sneið af Laugardælalandi.

Mér finnst till. hv. 2. þm. N.-M. að mörgu leyti sanngjörn, og hef ég tilhneigingu til að fylgja henni í aðalatriðum. Ég tel þó, að það sé eitt í þeirri till., sem ekki sé hægt að fallast á, og það er það að innlima bændur í Sandvíkurhreppi inn í Selfosshrepp, hvort sem þeir vilja eða ekki. Ég vil, að bændurnir í hinum gamla Sandvíkurhreppi eigi að geta ráðið því sjálfir, hvort þeir hafi sérhrepp eða verði í hinum nýja Selfosshreppi. Ef till. er samþ. óbreytt, þá eru Sandvíkurhreppsbúar innlimaðir í Selfossþorp, hvort sem þeir vilja eða vilja ekki.

Um það, hvað mikið land skuli tekið af Ölfushreppi undir hinn nýja Selfosshrepp, má deila. Það er eðlilegt, að Ölfushreppur vilji sem minnst land missa. Ég held, að sanngjarnt sé að ganga ekki meira á Ölfushrepp en nauðsynlegt er fyrir hinn nýja Selfosshrepp og reyna að gera þetta sem sársaukaminnst fyrir bændur fyrir vestan ána.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira. Vil ég þó aðeins taka það fram vegna ummæla hv. 1. þm. Árn. út af till. minni um, að mjólkurbúið yrði útsvarsfrjálst, að ég flyt þá till. ekki vegna þess að ég óttist, að hinn nýi Selfosshreppur þrengi svo mjög að því í útsvarsálagningu, því að vitanlega verður lagt útsvar á það eftir föstum „skala", sem samvinnul. heimila hverju sinni. Það ætti að vera óþarfi að taka það fram, að till. nær aðeins til mjólkurbúsins sjálfs, en ekki til starfsfólksins. Ég held ég hafi skilið hv. 1. þm. Árn. þannig, að það væri vafi á því nema þessi till. næði jafnt til starfsfólks fyrirtækisins, en eins og till. er orðuð, getur enginn vafi leikið á því, að hún snertir aðeins fyrirtækið, en ekki starfsfólkið.

Ég óska svo, að þessi till. mín verði samþ. Ég tel eðlilegt, að þetta mál verði leyst þannig, að Selfossþorp verði hreppur út af fyrir sig og allt þorpið verði í einu hreppsfélagi, en sú afgreiðsla verði ekki viðhöfð að hluta þorpið sundur í tvo hreppa.

Jörundur Brynjólfsson: Mér hefur virzt lítið á því að græða, sem komið hefur fram í ræðum í þessu máli síðan ég talaði hér seinast. Ég ætla þá að byrja á öfugum enda varðandi það, sem fram hefur komið, af því að það liggur næst mér, sem hv. 2. þm. Rang. segir. Og ég þarf ekki heldur að eyða svo mörgum orðum að því.

Skoðanir eru skiptar í málinu, og allt er í mesta glundroða með það í þinginu. Undirbúningur málsins er miklu lakari heima en hann hefði getað verið og skylt er samkv. því, sem

lagastafurinn gefur tilefni til og venjur, sem ríkja í þessu máli. Fyrir fram er engin leið að sjá, hvaða afgreiðslu málið fær. Innan n. eru skoðanir ákaflega skiptar um, hvaða stefnu skuli hafa í málinu, eins og till., sem nm. hafa komið með, bera vitni um, því að þær ganga í ýmsar áttir, hver á móti annarri.

Hv. 2. þm. Rang. þarf ég ekki að svara mörgu. Hann talaði um, að ef farið yrði eftir till. hv. 2. þm. Eyf., séu þorpin skorin í sundur með slíku. Þetta er skrýtið tal. Þorp er byggt upp í tveim hreppum, hreppamörkin liggja milli þessara hverfa, sem myndazt hafa kringum Flóabúið. Það fólk, sem þar býr, vinnur allt við þá stofnun, og í öðrum hreppum eru kauptún, miklu stærri og fjölmennari. Það er því ekki verið að skera í sundur þorpið, þó að þau hreppamörk séu látin standa, sem nú eru. Það er verið að skera í sundur byggðina í sveitunum með því að taka Flóabúið með þeirri byggð, sem þar er, ef þetta frv. nær fram að ganga. Þetta er því rangmæli hjá hv. þm. Þessu á að snúa við. Hitt er svo annað mál, hvort þetta er sjálfsagður hlutur, vegna þess, hvernig háttar um byggð þá, sem hér um ræðir. En eftir þessum rökum ætti að leiða að því, ef byggð kæmi upp þar í öllum hreppsfélögunum, sem nærri eru kauptúnum, að þá mætti hún ekki standa í sínum gamla hreppi, heldur yrði að leggja hana undir þá byggð, sem fyrir er og getur talizt þorp. Eftir því ætti svo að dansa með hreppamörk í landinu. Ég get í þessu sambandi svarað hv. 11. landsk., því að hann veik að mér, að ég gæti fallizt á, að Sandvíkurhreppi yrði skipt, en ég vildi ekki fallast á, að byggingarhverfin kringum Flóabúið væru tekin, og stæði þó eins á. Ég þarf víst ekki að benda honum á, að þarna stendur gersamlega ólíkt á, og það hefði hann átt að athuga. Það stendur ekki á sama, hvað mannmargt er eða hvern rétt menn eiga á því. Selfossbúar hafa lög að mæla, því að þeir óska að fara í eitt hreppsfélag. Eftir þessari löggjöf eru þeir nógu margir til þess að óska eftir því að bera þá kröfu fram og fylgja henni eftir. Sama gildir ekki um hina. Það er ekki nema brot, sem er í byggingarhverfunum kringum Flóabúið, svo að þeir geta ekki borið fram slíkar kröfur um að fara í slíkt félag. Þar í liggur munurinn. Þá vænti ég, að þessi hv. þm. sjái, hvað hann hefur skakkt fyrir sér í þessu, að þarna standi eins á. Hitt er annað mál, ef fólkið, sem býr í þessu hverfi, óskar eftir að mega sameinast þessum nýja hreppi, sem er í ráði að stofna, Selfosshreppi. Það er annað mál. Þeir eiga heimild til þess, og við því er ekkert að segja. Og það er skiljanlegt, að fólk kunni að óska eftir því. Ég legg ekki mikið upp úr því, þó að nokkrar undirskriftir hafi komið, það er ekki alltaf erfitt að fá þær, og sennilega ætti að athuga það mál meira en frá einni hlið. Ég veit annars ekki, hvernig menn fara að því að komast að þeirri niðurstöðu, að endilega þurfi að vera kauptún til þess að hreinlætis sé gætt, skolpleiðslur, vatnsleiðslur o. s. frv. Það er ekki álitið annað en sjálfsagt, að menn nái í gott vatn, hafi rafmagn o. s. frv. En jafnan er eins og gert sé ráð fyrir því, þegar um sveitirnar er að ræða, þótt þéttbýlar séu, að þessir hlutir séu ekki með. Eftir öllum rökunum hjá þessum ræðumönnum er ekki hægt að fá annað en í hvert skipti sem einhver byggð sé komin, verði að leggja hana undir kauptún, því að sveitabæir megi þeir ekki vera. Ég veit ekki til, að íbúar Hraungerðishrepps hafi neitað fólkinu um þau hlunnindi, sem því eru nauðsynleg, að hlynna að því, útvega því rafmagn og hafa skóla fyrir börn sín, og það er heimska að halda því fram, að þó að börn manna úr Hraungerðishr., sem vinna við mjólkurbúið, gangi í skóla á Selfossi, sé fyrir þær sakir nauðsynlegt að breyta hreppamörkum. Ég gæti trúað, að þar, sem hagfellt er, yrði því þannig fyrir komið í framtíðinni með ýmsar skólabyggingar, að tvær eða jafnvel fleiri sveitir standi að skólunum. Svo að þessi mál er hægt að leysa og láta fólkinu í té, þó að ekki séu gerð hreppamörk.

Ég skal nú fara fljótt yfir sögu. Hv. 2. þm. Rang. minntist á það, að ekki væri ástæða til að innlima bændur í Sandvíkurhreppi, og gerði hann það að umtalsefni, þegar hann minntist á till. hv. 2. þm. N.-M. Það er ekki verið að tala um að innlima þá, sem eru í Sandvíkurhreppi. Það er verið að tala um að skipta á þessum hreppum og láta að óskum þeirra að verða sérstakur hreppur, þannig að þeir þurfi ekki að vera áfram með kauptúninu. En ég verð að segja, að þar sem byggð virðist þarna lítil, er þetta hæpin ráðstöfun, að 15 eða 16 bæir eigi að mynda eitt hreppsfélag. Það yrði dýrt og ekki ráðlegt. Og ef Alþ. fellst á þessa hugmynd án þess að fá málið betur undirbúið, þá sýnir hæstv. Alþ. enga forsjálni í þessu máli. Það verður að leita annars, finnst manni, ef þetta á að ganga svona fram eins og einna mest er talað fyrir því nú, til þess að það sýni nokkuð meiri forsjálni. Ég hefði haldið, að einmitt vegna þess, hve málið er illa undirbúið að heiman, hve lítil samtöl hafa átt sér stað milli þessara manna, sem málið snertir, hefði Alþ., ef það vill afgr. málið nú í einhverri mynd, átt að gera það á þann vægilegasta hátt og taka ekki málið til fullnaðarúrslita fyrr en betur hefði verið leitað eftir samkomulagi í byggðarlaginu heima fyrir, og síðan taka til sinna ráða. Þá liggur þetta mál miklu ljósara fyrir þm. til þess að taka sínar ákvarðanir en nú. Raunar má vera, að einhverjir þm. hafi svo litla ábyrgðartilfinningu, að þeir telji einskis vert, þó að með nokkrum peningastyrk sé eitt hreppsfélag svipt ⅓ tekna sinna. Að því er stefnt með þessu frv., eins og talað er fyrir því. Og ég efast um, að kauptúnabúum, sem við þessu eiga að taka, þessari stofnun og þeirri tekjulind, sem hún er, sé greiði gerður með þessu, í fullri óþökk þeirra, sem að því standa, og í miklum ágreiningi og lítið gert til þess að jafna hann. Ég a. m. k. vil enga ábyrgð bera á því. Það er síður en svo, að ég vilji vera á móti þeim, sem í kaupstöðum búa. En þetta gæti bara orðið til þess að gera þeim, sem þeir þykjast vilja gera gagn, hið mesta ógagn, en það er þeirra, en ekki mitt.

Ég get farið fljótt yfir ýmislegt það, sem hér hefur komið fram hjá öðrum hv. ræðumönnum, því að ég hef enga hvöt til að tefja, að þetta mál komi hér til atkvæða. Slíkt hefur mér aldrei komið til hugar. En ég vildi bara gera mitt til,

að í hóf væri stillt um afgreiðslu og ekki með offorsi rekin afgreiðsla málsins.

Hv. 2. þm. N.-M. taldi fjárskiptin mjög einfalt atriði. Yrði það bara eftir mati og lægi þá alveg ljóst fyrir. En ef þetta er svo einfalt mál og liggur svo opið fyrir og ekkert frekar, sem kemur til greina um slík skipti, hvers vegna ætli hinn aðilinn sækist þá svona fast eftir þessu byggðarhverfi, ef ekki væri annað í því fólgið? Þetta er vitanlega mesta fjarstæða. Þetta er fyrir framtíðina, og það, sem menn hafa í huga, það getur orðið nokkuð annað atriði en á því augnabliki, sem skiptin fara fram. Það sjá menn, og það er því ekki lítilsvert, hvernig þetta er gert. — Svo lýsti hann yfir því, að hann gæti verið með eignarnámi, og er það mál út af fyrir sig. Hann talaði um að hafa Sandvíkurhrepp allan í einu hreppsfélagi, og þetta eignarnámsákvæði nær þá auðvitað til allra mannvirkja í hreppnum, vitaskuld. Og honum hrýs ekki hugur við því, að allir geti átt von á því á morgun, að eignaumráðin séu af þeim tekin, því að hreppsnefndin getur tekið það, sem henni sýnist, þar sem Alþ. var svo hugulsamt að veita þetta vald, og þarf hreppsnefndin ekki að gera neina grein fyrir því. Þetta er einfalt, og honum fannst það ekki vera mjög óaðgengilegt. Náttúrlega er honum frjálst að hafa sína skoðun, og skal ég ekki eyða löngum tíma í að tala um það.

Það er eitt atriði, sem ég átti ósvarað hv. 11. landsk., annars hef ég svarað því, sem hann talaði um, með því, sem ég hef nú sagt. Þetta atriði var skipulagning byggðarinnar. Ég hef áður vikið að því í þessum umr., að mér finnst meir en tími til þess kominn, að löggjöfin, sem fjallar um þessi mál, sé tekin til endurskoðunar og það sem fyrst. Það atriði er vissulega þess virði, að það sé tekið til athugunar, og skal ná jafnt til sveita eins og kauptúna, og það er of seint að gera það, þegar byggðin er orðin svo og svo mikil. Svo að þótt Flóabúið sé tekið og sameinað kauptúninu, þá leysir það ekki þetta mál. Þetta vona ég, að hv. þm. skilji. Löggjöfinni um þessi efni þarf að breyta og koma inn nýjum ákvæðum, sem eiga jafnt við í þorpum sem til sveita. Skal ég svo ekki fjölyrða um það.

Hæstv. dómsmrh. fannst, eftir því sem hann sagði, ég tala nokkuð loðið í þessu máli. Ég hélt þó, að ég hefði talað svo skýrt, að enginn gæti um það villzt, hvað ég átti við, ef menn á annað borð vildu skilja það. Ég vil ekki ásaka hæstv. ráðherra, þó að frv. þessu sé mjög áfátt. Það eina, sem mætti að því finna frá hans hálfu, er, að hann skyldi ekki koma auga á það, að mál þetta mundi þurfa meiri undirbúning, áður en frv. væri lagt fram. En bezt vitni um þann undirbúning, sem frv. þetta hefur fengið, ber sú n., sem hefur það til meðferðar. Þessi n. hefur gefið út tillögur, hún veit víst ekki sjálf hvað margar, sem ganga hver í sína átt og eru hreinustu andstæður. Hvers vegna er þetta? Vegna þess að málið er ekki undirbúið og frágangurinn á frv. þannig, að n. finnst ekki gerlegt að ganga frá því í því formi, sem það er í.

Forseti (BG): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að fundur á að byrja í Sþ. kl. 3½, og vildi ég því spyrja hann, hvort hann hyggst að ljúka máli sínu nú, eða hvort hann óskar eftir, að þessari umr. verði fram haldið á næsta fundi þessarar deildar.

Jörundur Brynjólfsson: Ég ætlaði nú að hafa þessi orð nokkru fleiri. En þar sem kl. er að verða 3½, þætti mér vænt um, ef hæstv. forseti sæi sér fært að fresta þessari umr. nú.

Forseti (BG): Umr. er þá frestað, og verður henni fram haldið á næsta fundi þessarar d., sem verður á morgun.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Nd., 20. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég var að mestu leyti búinn að drepa á þau atriði, sem ég taldi miklu varða, í ræðu minni í gær, en átti þó nokkuð eftir.

Ég vil hér vekja sérstaka athygli á því, hvernig málið er undirbúið heiman að úr héraði og hversu erfitt hefur verið að taka á því sökum þess, hvernig undirbúningur þar hefur farið fram. Þau gögn, sem fyrir liggja, benda líka til þess, að stjórnarvöldin í viðkomandi héruðum hafi fundið til þessa. Á aukafundi sýslun. Árnessýslu, sem haldinn var þann 29. okt. s. l., tók hún þetta mál fyrir, og segir þar í þeirri ályktun, sem þá var gerð, — með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar telur sýslun. undirbúningi málsins ábótavant, og leggur n. til, að sveitarstjórnirnar reyni að ná samkomulagi um öll atriði málsins, áður en því er lengra haldið.

Felur sýslun. oddvita sínum að kalla viðkomandi sveitarstjórnir saman til viðræðna um málið.“

Sýslumaður kveður síðan hreppsnefndirnar aftur á sinn fund, og eftir því sem séð verður af fskj., náðist ekki samkomulag um skiptingu milli hreppanna, og virðist svo sem frekari undirbúningur hafi ekki farið fram um málið, og ætla ég, að málið hafi ekki komið fyrir sýslun. síðan. Eftir þeim skjölum, sem hér liggja fyrir, virðist hreppsn. Ölfushr. og hreppsn. Hraungerðishr. hafa verið á móti öllum breyt., en af hálfu sýslunefndaroddvitans virðist ekki annað hafa verið gert, og þetta kalla ég mjög fjarri því, sem sýslun. í sinni ályktun ætlaðist upphaflega til, sem sé það, að sveitarstj. reyni að ná samkomulagi um öll atriði málsins. Mér þykir því, að slælega hafi verið að málinu unnið og alls ekki viðunandi.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. ráðh., að það ættu að koma bætur, en allt liggur í lausu lofti um það, á hvaða grundvelli málið verði tekið í því efni. — Nú lét hæstv. ráðh. það í ljós, að hann vildi fyrir sitt leyti útkljá þetta mál þannig, að ekki yrði hallað á rétt hvorugs aðila við afgreiðslu málsins, og þótt mér heyrðist á nokkrum atriðum í ræðu hans, að hann legði fullmikla áherzlu á að koma málinu fram, þá þótti mér vænt um að heyra þessi ummæli hans um að óska eftir að afgreiða málið þannig, að á hvorugan aðila yrði hallað. Eins og málið liggur nú fyrir, eru horfur á, að annað sveitarfélagið missi ⅓

hluta af tekjum sínum, og engin vissa fyrir því, hve miklar bætur fáist í staðinn, en það verður undir því mati komið, sem kann að fara fram, en fyrirfram er allt í óvissu með þetta, og þótt þeir menn, sem kunna að taka þetta mat að sér, vildu sýna sanngirni, þá er engan veginn víst, að niðurstaða þeirra yrði rétt, án þess að betri undirbúningur fari fram í þessum efnum. — Hæstv. ráðh. drap á það, að þótt málið gengi fram við þessa umr., þá mætti taka það til nákvæmari athugunar milli umr., en af því, hve margvíslegar till. eru, sem fyrir liggja, og ganga sitt í hverja áttina, og getur enginn sagt fyrir um það, hvernig atkv. kunna að falla, þá sýnist mér tilhlýðilegt að leyfa málinu að ganga óbreyttu í þetta sinn til 3. umr. og láta ekki fara fram atkvgr. um neinar brtt., sem fyrir liggja við málið, en tryggja síðan betri úrlausn á málinu milli umr., þannig að afgreiðsla þess verði sú að lokum, að hagsmunir beggja aðila verði tryggðir. Vil ég beina þessum ummælum mínum fyrst og fremst til hæstv. ráðh. með ósk um, að hann láti í ljós skoðun sína á þessu atriði, þótt ég þykist fyrirfram vita, að hann sé þessu ekki mótfallinn. Sömuleiðis vil ég beina því til hv. n., hvort hún geti ekki fallizt á að taka sínar till. aftur við þessa umr. og láta atkvgr. bíða um þær, þar til við 3. umr., en athuga málið milli umr., hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi, sem geti tryggt sanngjarnari afgreiðslu málsins en ef atkvgr. væri nú látin fara fram um frv. og brtt. við það.

Ég viðurkenni fullkomlega þörf á afgreiðslu þessa máls og skil vel óskir þeirra manna, sem búa kringum Flóabúið, eins og ég lét hér í ljós í gær, en jafnframt verður að tryggja, eftir því sem verða má, hagsmuni sveitarfélags þess, sem þeir skilja við.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir út af ræðu hv. 1. þm. Árn., — og vitna um það til grg., sem fylgir frv. því, sem hér er til umr., — að fullkominn undirbúningur hefur farið fram heima í héraði eins og ætlazt er til samkv. l., þegar um slík skipti eins og hér er um að ræða, en sá undirbúningur hefur ekki leitt til þess, að unnt væri að ná nokkru samkomulagi um það, svo sem grg. frv. ber með sér. Hreppsn. Sandvíkurhr. hefur átt fund með hreppsn. Hraungerðishr. og Ölfushr., en milli þessara hreppsn. hefur ekki náðst neitt samkomulag annað en það, að tilnefndir skuli 2 menn af hálfu hverrar hreppsn. til þess að semja um fjárskipti og þau atriði, sem málið varða, ef málið færi svo langt, að því yrði ráðið til lykta með l. frá Alþ. Að öðru leyti hafa hreppsn. ekki viljað ræðast við. Ölfushr. hefur samþ. að láta ekkert af hendi af landi hreppsins utan Ölfushr., og Hraungerðishr. hefur jafnvel gengið svo langt að neita að halda fund með hreppsstjórn Sandvíkurhr. um málið. Sýslun. hefur að vísu, eins og ég hef áður getið um, gert sérstaka samþykkt um, að málið væri ekki nægilega undirbúið, en eftir að sú samþykkt var gerð, hafa fundir verið haldnir milli viðkomandi hreppsn. og sýslumanns og hreppsnefndaroddvitar verið kvaddir á fund allshn., en allt hefur reynzt árangurslaust. Hreppsn. óskaði viðtals. Lagði hún málið fyrir sýslumann og taldi rétt, að hann reyndi að leita samkomulags. En hreppsn. Hraungerðishrepps neitaði að eiga meira við málið. Það hefur heldur ekki náðst samkomulag annars staðar.

Allshn. hefur nú fjallað um málið. Margar till. frá n. geta orðið til þess að spilla fyrir, að sæmileg lausn fáist á því. Ég er sammála hv. 1. þm. Árn., að e. t. v. sé rétt, að menn tækju till. sínar aftur til 3. umr. En ég tel ósanngjarnt að fallast á tillögu hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Ak. Ég tel, að eigi megi rýra það land, sem leggja á undir þetta sveitarþorp. Hv. þm. hljóta að sjá, að fráleitara er annað en láta þetta hreppsfélag hafa útsvörin. En þau nema nú um það bil kr. 50.725.00. Þar af er Mjólkurbú Flóamanna með 6 þús. kr., en öll útsvörin úr mjólkurbúshverfinu eru um kr. 17.000.00.

Menn nota skóla og vegi frá Sandvíkurhreppi, en hann hefur ekki átt sérstakar eignir. Ég tel misráðið að skera meira af landi þessu með því að draga Árbæ undan. Ég tel, að Alþ. eigi að veita þorpinu nauðsynlega aðstoð í þessu máli. — Engin ástæða er til, ef hentara þykir, að hafa ekki skólamálin að einhverju leyti sameiginleg. Eðlilegt er og, að hrepparnir ættu sér sameiginlegt sitt samkomuhús. Þorpið gæti orðið, enda ætti að verða, miðstöð byggðarinnar umhverfis. Hreppsstjórnin verður þó að vera sem mest aðskilin frá stj. sveitarhreppanna í kring.

Ég tel, að Alþ. beri að taka af skarið í þessum málum, ef ekki verður sett sérstök löggjöf, er hér að lúti, enda getur varla annað verið forsvaranlegt. E. t. v. mætti setja í frv. ákvæði um ákveðinn úrskurð ríkisstjórnarinnar. Sýslumaður gæti svo rætt við n. milli þess, er umræður færu fram.

Forseti (BG): Vegna þess, hversu teygzt hefur úr umræðum um þetta mál, sér forseti ástæðu til að takmarka ræðutíma hv. þdm. við 5 mínútur.

Sigurður E. Hlíðar: Mér var tjáð, að hæstv. félmrh. hefði lagt spurningu fyrir félmn., en ég var ekki við á þingfundi, þegar hún kom fram. Það getur raunar verið, að annar hafi svarað henni. En hún er þess efnis, hvort íbúar Hraungerðishrepps á þeim svæðum, er leggjast eiga undir hið nýja hreppsfélag, séu fúsir til þess. Fyrir liggja ummæli margra manna, óskir um að fá að fylgjast með í Selfosshreppi.

Önnur fyrirspurn er um það, hvort Mjólkurbú Flóamanna sé samvinnufélag. Því má svara játandi. Eins og hæstv. ráðh. sagði, greiðir það 6 þús. kr. í útsvar. En mjólkurbússvæðið allt greiðir samtals 17 þús. kr. á ári í útsvör. Svarar það til tæps ⅓ hluta tekna hreppsins.

Hv. 1. þm. Árn. óskaði þess, að allar þær brtt., sem fram eru komnar, væru teknar aftur og málið látið ganga til 3. umr. Ég er meðmæltur þessu. Ég á hér eina till., en dreg hana fúslega aftur til 3. umr., ef aðrir gera slíkt hið sama.

Ég hef þessi orð svo ekki fleiri og læt máli mínu lokið.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég

bendi hv. 1. þm. Árn. á það, ef hann kynnir sér tekjumissi hreppa á sambærilegan hátt við það, sem hér um ræðir, þá muni hann sjá, að svo hefur verið með farið, að útsvör hafa verið færð til höfuðstóls, talin vextir af honum og hann ætíð verið dálítið hækkaður. — Allt tal um það, að Hraungerðishreppur fái ekki rétt og sanngjarnt mat, er út í loftið. Annars held ég, að ég þurfi ekki að svara honum nánar.

Hv. þm. beinir því til n. að taka till. á þskj. 454 aftur. Ég segi fyrir mitt leyti, að velkomið er að taka hana aftur. En hins vegar sé ég ekki, að það breyti neinu. Sem sagt, ég get tekið hana aftur. Hinar till. eru allar frá einstökum þm.

Ég vil gjarnan geyma till. mína til 3. umr., ef menn halda, að betri niðurstaða fáist með því. Ég get vel orðið við þeim tilmælum að taka hana aftur til 3. umr. Svo held ég, að ég þurfi ekki að segja meira um málið. Auðskilið er, að mennirnir vilja vera saman, sem sameiginlega verða að leysa framtíðarmálin, og ekki láta búta sig sundur í mörg hreppsfélög.

Sigurður Thoroddsen: Ég skal ekki lengja umr. mjög. Það var aðeins í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Árn. tók fram. Kæmi fyrir lítið, ef ég ætti að fara að hrekja öll þau rök. Ég býst reyndar ekki við, að það mundi skipta miklu máli.

Fyrir mitt leyti get ég samþ. að taka till. aftur. Ég trúi þó ekki, að það breyti miklu. Ólíklegt er, að greiðari leið verði þá til samkomulags en hingað til í þessum málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 21. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Allar brtt. teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 317, 454, 455, 458, 465, 497, 524, 545, 562).

Jörundur Brynjólfsson: Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál að þessu sinni, því að það er nú búið að ræða það nokkuð.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 628 og vil vænta þess, að d. geti á þær fallizt, og vildi mega óska þess af hálfu þeirra manna, sem hafa hér flutt brtt. við málið, að þeir gætu fallizt á að taka þær aftur, en þar með tel ég ekki þær brtt., sem eru á þskj. 641 og 642, sem nú er verið að útbýta. Það mundi gera afgreiðslu málsins öruggari, og mér sýnist sem það séu þá meiri líkur fyrir því, að hún kunni að verða á þann hátt, sem flestir gætu látið sér lynda eftir því, sem málavextir standa til.

Það er að vísu — og úr því verður ekki héðan af bætt — vont, að málið skyldi ekki koma betur undirbúið úr héraði, en ég hef lýst og fært fram ástæður fyrir því, og ætla ekki að endurtaka það, en maður verður að viðurkenna, að það er ekki nema eðlilegt, að það kauptún, sem hér á hlut að máli, Selfossbyggð, óski eftir að koma málum sínum á hreinni grundvöll en þau standa nú, og ég ætla, að það sé tekið tillit til allra aðstæðna, eftir því sem hægt er, með brtt. mínum, og ég hef sniðið þær með hliðsjón af till. annarra manna, sem áður voru komnar fram, þannig að ég vil mega vænta þess, að þeir hv. þm. geti látið sér lynda að gera ekki frekari breyt.

Um aðrar till., sem fyrir liggja og ég hef ekki tekið tillit til, þá vil ég mega vænta þess, að d., ef hv. flm. vilja ekki fallast á að taka þær aftur, láti þær ekki ná samþykki. Það liggur opið fyrir hv. þdm., hvert efni í minni brtt. er, og ætla ég ekki að fara að rekja það. Aðeins skal ég minnast á brtt. viðvíkjandi 4. gr., sem er um gerðardóminn . . .

Forseti (BG): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að hér þarf afbrigða við, það er mín sökin. Vil ég biðja hv. þm. að hætta ræðu sinni í bili.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 628, 641 og 642 samþ. með 19 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson [frh.]: Þar sem um jafnmikið fjárhagsatriði er að ræða fyrir hlutaðeigandi hreppa í þeirra viðskiptum, þá skilst mér nauðsynlegt, að skipun dómsins sé sem öruggust og sú niðurstaða, sem hann kemst að, mætti verða óvilhöll. Þess vegna legg ég til, að hæstiréttur skipi þrjá gerðarmenn af fimm, en hlutaðeigandi hreppar, eftir því sem þeir eiga hlut að gerðinni, skipi einn mann hvor, því að jafnan er það svo, að tveir hreppar eiga hlut að gerðinni í hvert einstakt sinn, og tilnefna þeir þá sinn manninn hvor.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar brtt. frekar. Þær liggja svo ljóst fyrir, að það er engin ástæða til að tala langt mál um þær.

Ég sé, að heilbr.- og félmn. gerir hér brtt. við mínar till. á þskj. 642. Fyrri liður hennar snertir 4. tölulið b í mínum till. Leggur n. til, að á eftir orðunum „hreppsnefnd Sandvíkurhrepps" komi „og Selfosshrepps sinn manninn hvor af sinni hálfu til að taka sæti í dómnum". Þó að þetta geti vel verið þannig, eins og n. leggur til, þá gerist þess ekki þörf. Till. er að því leyti á misskilningi byggð, að áður er Selfosshreppur búinn að skipa mann af sinni hálfu í dóminn. Þegar þess vegna þessi gr. tæki til Sandvíkurhrepps, þá ber honum aðeins að tilnefna mann í dóminn af sinni hálfu, því að fyrir er í dóminum maður frá Selfosshreppi. Gerði ég að sjálfsögðu ráð fyrir, að hann héldi því sæti í skiptum sínum milli þessara hreppa eins og hinna. Ég get látið mér að vísu í léttu rúmi liggja, hvort er, því að það er ekki hægt að segja, að brtt. skemmi, þó að hún sé kannske ekki nauðsynleg og jafnvel óþörf, en ég sem sagt skoða þetta algert aukaatriði. Mér finnst þó að vísu, að það fari heldur verr eftir till. n. og verða heldur til spillis, málspillis, því að annað er það ekki, efnið er alveg það sama, en ég legg enga höfuðáherzlu

á þetta. En það er það, sem ég veit, að n. sér, undireins og á er bent, að Selfosshreppur átti mann í dóminum, og þurfti þess vegna ekki í skiptum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps annað en tilnefna mann í dóminn af hálfu Sandvíkurhrepps.

Þá kemur 2. till. á þskj. 642 af hálfu n., sem er við 5. brtt. mína, að gildistaka l. eigi sér stað 1. júní 1946. Tilvitnunin er reyndar ekki rétt í brtt., því að ég segi „1. jan. 1947", en ég sé, að í brtt. stendur „1. jan. 1946", en það er ekki mín brtt. Ég vil geta þess, að þetta er atriði, sem ég hef ekki látið til mín taka svo mjög. Ég hef flutt mína brtt. eftir ósk eftirlitsmanns sveitarfélaga, Jónasar Guðmundssonar. Hann telur, að þeim veiti ekki af tímanum til þess að koma málum sínum í lag, og þess vegna sé ekki rétt, að l. taki gildi fyrr en 1. janúar 1947, og þess vegna er mín till. beinlínis flutt eftir hans tilmælum. Ég veit líka, að Jónas Guðmundsson hefur langsamlega mesta kunnugleika á, hvað þessum málum líður hjá þeim. Þess vegna fannst mér alveg sjálfsagt, að tillit væri tekið til hans. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að hv. þdm. fallist á þessa ósk, því að þetta er ekkert atriði vitaskuld í málinu annað en það, að hlutaðeigandi sveitir hafi nægilegt ráðrúm til að koma sínum málum í nauðsynlegt horf. Þess vegna tel ég sjálfsagt að verða við óskum þessa manns, sem mesta hefur kunnugleika á öllum málavöxtum og þar að auki í framtíðinni á að láta þetta mál sig skipta. Ég vil þess vegna ekki grípa fram fyrir hendur hans um þetta atriði. Ég vil því mega vænta þess, að d. fallist á mína brtt., sem er flutt eftir ósk þessa manns, sem bezt þekkir þetta.

Þá er smábrtt. á þskj. 641 frá hv. 11. landsk. og hv. 2. þm. N.-M. um kostnað af gerðardóminum. Hefði ég árætt að bera fram slíka brtt., þá hefði ég gert það. Auðvitað mæli ég hið bezta með henni, að ríkissjóður greiði kostnaðinn af þessum skiptum, og ég tek það svo, að það eigi líka við gagnvart Eyrarbakka, enda er till. orðuð svo.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. hefur nú þegar gert að umtalsefni brtt. okkar, áður en nokkur framsaga eða grg. var komin fram fyrir henni. Það hefur ekki verið siður á Alþingi, en það getur kannske sparað ræður að gera það, og má því vel vera, að það væri rétt að taka þann sið upp.

Ég vil þá fyrst geta þess, að brtt. á þskj. 458, sem ég stend að, og brtt. á þskj. 454, sem n. öll stendur að, eru teknar aftur, herra forseti, ef hann heyrir það, — þær eru teknar aftur. (*Forseti:* Um hvað eru þær?) Ég var að segja það. Það eru brtt. á þskj. 454 og 458, þær eru teknar aftur.

Þá skal ég minnast á brtt. á þskj. 641, sem ég flyt með hv. 11. landsk. þm., og 642, sem n. stendur að. Þess er þó að geta, að hv. 4. þm. Reykv. mætti ekki á fundi og hv. 2. þm. Eyf. ekki heldur, svo að eiginlega eru það ekki nema þrír menn úr heilbr.- og félmn., sem standa að þessum till., en við stöndum að þeim báðum. Í síðari brtt. á þskj. 642, sem við flytjum við brtt. hv. 1. þm. Árn., leggjum við til, að fyrir 1947 komi 1946. Vil ég biðja hæstv. forseta að taka það til athugunar. — Þá skal ég snúa mér nánar að þessum brtt.

Fyrri brtt. á þskj. 642 er eingöngu til að taka af tvímæli. Okkur fannst, eins og frv. er orðað nú annars vegar og till. hv. 1. þm. Árn. hins vegar, að það komi ekki nógu skýrt fram, og það er eingöngu til að taka af tvímæli, hvernig dómurinn í þessu tilfelli skuli vera skipaður, sem þessi brtt. er gerð. Ef mönnum finnst það nógu skýrt eins og það er, þá skal ég ekkert við því segja, þá er mér sama, aðalatriðið er, að það komi maður inn í dóminn frá hvorum aðila, þegar ágreiningsmál eru tekin fyrir milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, sem tæplega var nógu skýrt áður.

2. brtt. er um, að l. komi til framkvæmda 1. júní 1946 í staðinn fyrir 1. jan. 1947. Hv. 1. þm. Árn. taldi þessa brtt. mjög til hins verra og bar fyrir sig Jónas Guðmundsson, sem hann segir, að telji ekki nægan tíma til þess, að þessi skipti verði komin í framkvæmd fyrr en um áramót. Það mun hafa verið 11. desember í vetur, að heilbr.- og félmn. flutti þetta frv. fyrir ósk ráðh. að tilhlutun Jónasar Guðmundssonar, og þá átti frv. að komast í gildi 1. jan. 1946. Nú segir hv. 1. þm. Árn., að ekki þýði að láta það ganga í gildi fyrr en 1. jan. 1947, þó að það sé samþ. nú. Svo langan tíma þarf til að gera — ég veit ekki hvað, — líklega til að kjósa hreppsnefndina, ég veit ekki, hvað það er. Það, sem kom okkur til að flytja brtt., var það, að það á að kjósa hreppsnefndir í öllum hreppum landsins í júní í vor, og þá fannst okkur alveg sjálfsagt, að þá yrðu um leið kosnar hreppsnefndir í þessum nýju hreppum. Það er öllum vitanlegt, og ég held, að það hafi aldrei komið fyrir, að búið hafi verið að gera fjárskipti, áður en skiptingin byrjaði. Þau byrja á þann hátt, að kosnar eru nýjar hreppsnefndir í hinum væntanlegu nýju hreppum, og svo er byrjað að gera það, sem á eftir á að koma. Og ég tel, að það verði sá eðlilegi gangur málsins, að það verði nú í júní, þegar kosnar verða hreppsnefndir í flestum hreppum, þá verði kosin hreppsnefnd einnig í þessum hreppum, eins og l. gera ráð fyrir, að þeir verði. Þá þarf ekki annað en að færa til á kjörskrám mannanöfn, af kjörskrá Ölfushrepps menn, sem búa hérna megin Ölfusár, í Hellislandi, og færa þá á kjörskrá Selfosshrepps. Og það er ekki svo mikil vinna, að ekki sé hægt að gera það fyrir hreppsnefndarkosningarnar, sem eiga að fara fram í vor. Viðkomandi alþingiskosningum þyrfti þá að gera sömu breyt. á kjörskrám á þessum stöðum. Og þetta er svo auðvelt og sjálfsagt, að mér finnst ekki koma annað til greina en að gera þetta. Væri það ekki gert, yrði það þannig, að þá yrði kosið í hreppsnefndir í þessum hreppum í vor samkvæmt þeirri hreppaskipun, sem nú er, en svo bara yrði í vetur að kjósa á ný í hreppsnefndir í þessum hreppum, eins og þeir verða samkv. þeim l., sem hér er verið að undirbúa og verða sett. Ég sé ekki, að slík tilhögun sé neitt betri, því að þá yrði að búa til nýjar

kjörskrár, því að þá yrðu komnir nýir menn, sem inn á kjörskrár þyrfti að taka, m. a. sem væru búnir að ná kosningaaldri, en ekki hafa hann í vor. Þá þyrfti að fá nýtt sálnaregistur frá presti, sem ekki þyrfti að gera, ef kosið væri strax í vor í hreppsnefndir í þessum hreppum samkv. hinni nýju hreppaskipun eftir þessum væntanlegu l. um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Varðandi fjárskipti milli hreppanna álít ég, að kjósa megi í hreppsnefndir fyrst í þeim, án þess að það komi neitt að sök, þannig að þegar búið er að kjósa í hreppsnefndir þessar, kemur sá gerðardómur, sem þarna á að starfa, — ef ekki næst samkomulag um þessi fjárskipti á annan hátt milli hreppanna, sem ég geri mér ekki heldur vonir um að náist, eftir því, sem mál þetta hefur gengið heima í héraði, — og gerðardómurinn mundi þá starfa í sumar að þessu eða á þessu ári og fjárskipti koma svo á milli hreppanna eftir því, hve fljótt dómurinn vinnur sín störf.

Þá er brtt. á þskj. 641, sem mér virðist alveg sjálfsagt að samþ., um að kostnaður af gerðardómi þessum greiðist úr ríkissjóði eftir úrskurði ráðherra, — a. m. k. ef annars á að láta einn hrepp bera kostnað af þessum gerðardómi, eins og hv. 1. þm. Árn. hefur ætlazt til samkv. brtt. á þskj. 628,4.c. Sú brtt., að ríkissjóður greiði þetta heldur, er svo sjálfsögð, að ég hygg, að ekki þurfi um hana að ræða frekar. — Ég mun fylgja brtt. hv. 1. þm. Árn. með þeim breyt., sem felast í brtt. á þskj. 641 og 642. En þó mun sjást við atkvgr., að einstakar brtt. eru mér betur að skapi en brtt. hv. þm. Árn., þó að ég víki ekki sérstaklega að þeim nú.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég fagna þeim sinnaskiptum, sem hafa orðið hjá hv. 1. þm. Árn. nú yfir helgina í þessu máli, sem hafa verið til hins betra. Því að sá hv. þm. er fallinn frá hinni fyrri afstöðu sinni, því að með brtt. sínum hefur hann nálgast upprunalega frv. það mikið, að það ber ekki annað á milli en að hann vill fella Árbæ úr þeim löndum, sem frv. gerir ráð fyrir, að falli undir hinn nýja Selfosshrepp. Efnislega falla brtt. hv. 1. þm. Árn. saman við ákvæði frv. um gerðardóminn. Þessi gerðardómur er þó sterkari samkv. brtt. hv. 1. þm. Árn. Þess vegna get ég vel greitt atkv. með brtt. þessa hv. þm. um gerðardóminn eins og hann gerir ráð fyrir honum, þó með þeim breyt., sem lýst hefur verið um kostnað við gerðardóminn, að hann greiðist úr ríkissjóði, en ekki af Selfosshreppi, eins og hv. 1. þm. Árn. þó gerir ráð fyrir. Það segir sig sjálft, að þá er miklu síður að vænta samkomulags um það, sem gerðardómurinn á að fjalla um, ef ekki næst samkomulag, ef einn hreppur ætti að greiða allan kostnað af gerðardóminum. — Mér finnst, sem sagt, afstaða sú, sem hv. 1. þm. Árn. sýnir með brtt. sínum, miklu réttari en hans fyrri afstaða og sinnaskipti hans því til bóta. En þó finnst mér enn vanta þar á nokkuð, þar sem hann vill fella Árbæjarland undan því landi, sem á að falla undir Selfosshrepp. En þeirri brtt. hans er ég mótfallinn.

Ég vil taka fram, að ég get ekki orðið við þeim tilmælum að taka aftur brtt. mína, sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 455 um eignarnámsheimild handa hinum nýja Selfosshreppi. Sama gildir um hina brtt. mína, á þskj. 545, um að allt Laugardælaland verði lagt undir Selfosshrepp.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að karpa við hv. 2. þm. N.-M. um gildistöku þessara l. En ég held, að hv. þm. hafi ekki ástæðu til að ætla það, að ég fari ekki rétt með það, að till. um gildistöku l. þessara sé flutt samkv. tilmælum Jónasar Guðmundssonar. Mér gæti þar ekkert gengið til að segja rangt frá. Ég mundi hafa látið gildistöku l., eftir því sem fyrir lá um það atriði í brtt., alveg afskiptalausa, hefði Jónas Guðmundsson ekki látið í ljós við mig, að sveitarfélögin, eins og þau verða eftir skiptinguna, mundu ekki verða tilbúin til þess að láta fram fara það, sem skiptingunni fylgir, fyrr en svo, að langt um eðlilegra væri að láta l. þessi ekki taka gildi fyrr en um næstu áramót. Og brtt. um það er flutt beinlínis að hans undirlagi. Ég tek hiklaust kunnugleika umsjónarmanns sveitarstjórnarmálefna gildan í þessu efni. Og þó að ég viti, að hv. 2. þm. N.-M. hafi nokkurn kunnugleika á þessu máli, verð ég að telja, að eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna, Jónas Guðmundsson, hafi þá miklu meiri, þar sem hann m. a. hefur verið þarna eystra til þess sérstaklega að kynna sér þessi mál. En hv. þd. sker úr um þetta gildistökuatriði. Og þó að frv. beri með sér, að til þess var ætlazt, að þessi l. tækju gildi um s. l. áramót, þá ber þess þó að gæta í því sambandi, að bæjarstjórnarkosningar og sveitarstjórnarkosningar í þorpum, eins og hinni væntanlegu Selfossbyggð, var ákveðið, að fara skyldu fram í janúar þ. á., eins og líka varð. Þetta býst ég við, að hafi ráðið því, að ákvæði frv. um gildistöku l. voru með þessu sniði. Og hafi frv. verið áfátt með því fyrirkomulagi, sem upphaflega var gert ráð fyrir í þessu efni, þá sé ég ekki, að það sé alveg bráðnauðsynlegt, að hv. d. afgr. málið þannig, að frv. verði með ágalla áfram viðkomandi gildistökuákvæðinu, heldur beri að gefa viðkomandi sveitarfélögum nægan tíma til þess að koma öllu í lag, sem skiptinguna varðar, áður en kosningar fara fram í sveitarstjórnir í þessum sveitum eftir hinu nýja skipulagi þeirra.

Hv. 11. landsk. þm. vildi gefa í skyn, að ég mundi nú líta eitthvað öðrum augum á þetta mál en ég hefði gert áður. Ekki veit ég, af hverju hv. þm. dregur þá ályktun. Ég hef bent á, hvað frv. hafi verið áfátt og hversu mjög illa væri frá því gengið, hversu undirbúningi heima fyrir hafi í þessum efnum verið áfátt og hve illa væri í frv. séð fyrir hag og réttindum þeirra, sem þessi skipting snertir. Ég er sömu skoðunar enn. Og ég er með mínum brtt. að reyna að bæta úr þessum ágöllum frv., eftir því sem frekast er hægt, áður en hv. d. afgr. málið frá sér. Og lengra verður þá ekki komizt um það en að sá dómstóll, sem um þessi mál á að fjalla, sé sem sterkastur og óhlutdrægastur. Og það hélt ég, að væri kjarni málsins. Ég hef ekki mælt á móti því, að þessu kauptúni yrði skipt úr og það gert

að sérstökum hreppi. En ég held, ef hv. 11. landsk. hugsar betur um málið, að þá komist hann að þeirri niðurstöðu, að það er eðlilegt, að ég hefði margt út á þetta mál að setja, eins og það var flutt, og að mér var því skylt að benda á það og reyna að bæta úr því, og að með þessum brtt., sem ég flyt, sé nokkurn veginn séð fyrir hag allra aðila, sem hlut eiga að máli. Og þar er málið allt. Hv. 11. landsk. ætti að hugsa sig betur um, áður en hann kemur með dóma um það, að ég hafi skipt um skoðun í þessu máli. En mér þykir vænt um, að þessi hv. þm. ætlar að fylgja mér í þessu, sem vitanlega stafar af því, að hann sér, að mál þetta er miklu betur úr garði gert með því að samþ. mínar brtt.

Þá var það kostnaðurinn við gerðardóminn, sem hv. 11. landsk. þm. gerði að umtalsefni, þ. e. að ég vil gjarnan draga úr því, að þetta nýja hreppsfélag þurfi að borga allan kostnaðinn af hinum væntanlega gerðardómi. Ekki þarf hann að skírskota til þess, að hann hafi með sínum till. áður séð fyrir því, að þessi kostnaður lenti ekki á hinu nýja hreppsfélagi. Það dugir ekki að klóra yfir það, að þetta er ekki tekið fram í frv. Ef frv. væri samþ. óbreytt, hvernig yrði þá tilhögunin í þessu atriði? Það yrði farið eftir venju í þessum efnum. Og hver er sú venja? Hún er sú, að sveitarfélög, sem óska eftir, að slík skipti fari fram sem þessi, og standa fyrir málinu, þau greiða kostnaðinn. Í reyndinni hefði því Selfosshreppur orðið að borga þennan kostnað í þessu tilfelli. Meira að segja með l. hefur það beinlínis verið ákveðið, að hreppsfélag, sem óskar skipta, greiði kostnaðinn við skiptin. Af því að ég vissi, hvernig þessu hefur verið háttað, þorði ég ekki að bera fram brtt. um þetta. En ég er hv. 11. landsk. þm. og hv. 2. þm. N.-M. þakklátur fyrir að koma með þessa brtt., og ég mæli mjög eindregið með samþykkt hennar, því að hún er sanngjörn.

Hins vegar þykir mér mjög leiðinlegt, að hv. 11. þm. vill ekki taka til baka brtt. 455, um eignarnámsheimild fyrir hreppinn á jörðum og landspildum hreppnum til handa. En ég vonast þá til þess, að hv. þd. sjái um, að hún verði drepin, og losi þannig hv. flm. við ábyrgð af brtt. Og ég óttast reyndar ekkert, að hún verði samþ.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það var aðeins stutt fyrirspurn til hv. 1. þm. Árn. Það hefur nú komið fram í umr. um þetta mál, að margir hafa haldið því fram, að þetta mál væri illa undirbúið í héraði. Mig langar nú til að spyrja um, hvort það hafi orðið samkomulag á milli íbúa Eyrarbakkahrepps annars vegar og íbúa Sandvíkurhrepps hins vegar viðkomandi því að skipta Flóagaflstorfu úr Sandvíkurhreppi og leggja hana undir Eyrarbakkahrepp. Ég hef ekki orðið þess var í meðferð málsins, að neitt hafi komið fram um, að slíkt samkomulag hafi átt sér stað. Um þetta langar mig til að fræðast.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. landsk. þm., að ekkert hefur komið fram um það atriði hér, sem hann spyr um, og er það bara yfirsjón, að það hefur ekki komið fram. En umtal hefur verið um þetta milli sveitarstjórna þessara hreppa beggja. Eyrarbakkahreppur hefur átt þessar jarðir, ég held svo áratugum skiptir, og notað jarðirnar. Og Eyrbekkingar hafa sagt mér, að samkomulag hefði verið um það, að þeir fengju þessa torfu, sem þó aldrei hefur komizt í framkvæmd. Og nú, úr því verið er að breyta hreppatakmörkum m. a. Sandvíkurhrepps, óskuðu þeir eftir, að þessi breyt. á hreppatakmörkunum yrði tekin með í þá lagasetningu. Og mér sýnist, þar sem málið liggur þannig fyrir og ekki er um meira að ræða, þá sé gott að skipa þessu nú í l. Og ég tek trúanleg ummæli Eyrbekkinga um það, að Sandvíkurhreppsbúar geri ekki ágreining um þetta nú, þó að þetta hafi ekki komizt í framkvæmd fyrr.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég er hissa á því, að hv. 1. þm. Árn. skyldi finna að því við mig, að ég teldi, að hann hefði skipt um skoðun í þessu máli. Það er gott, að hann hefur gert það. Þessi hv. þm. hélt langar tölur í fyrri viku um það, hve ófært það væri að taka mjólkurbústorfuna undan Hraungerðishreppi. En nú hefur hann skipt um stefnu, því að eftir brtt. hans kemur þetta undir Selfosshrepp. Þetta eru sinnaskipti á betri veg, sem ég fagna. — Það er líka rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að með brtt. sínum væri hann að reyna að bæta úr ágöllum frv. Hann hefur þannig stórum bætt afstöðu sína í málinu, því að hann viðurkennir með brtt. sínum, að rétt sé, að mjólkurbústorfan heyri til hinni væntanlegu Selfossbyggð, sem hann gat ekki fallizt á við 2. umr. Þá þótti honum ekki skipta neinu máli, að það fólk, sem býr í því hverfi — sem á sameiginleg hagsmunamál með fólkinu í Selfossbyggðinni að öðru leyti, svo sem um vatnsleiðslu, rafmagnsleiðslu, skolpleiðslu og svo skóla, svo að ekki sé fleira nefnt, — yrði í hinum nýja Selfosshreppi. En með brtt. sínum viðurkennir þessi hv. þm., að þetta eigi allt að verða einn hreppur, af því að það heyri saman, sem og rétt er.

Þá minntist hv. 1. þm. Árn. á brtt. mína og hv. 2. þm. N.-M. um kostnaðinn af gerðardóminum. Hann sagði, að það hefði verið venja, að það sveitarfélag, sem krefðist skipta, bæri kostnaðinn af slíkum dómum. Nú er ég ekki svo kunnugur, að ég geti dæmt um þetta. En ég ber ekki þessum hv. þm. það á brýn, að þetta geti ekki verið rétt, þó að hann segi það. Og ég vefengi þetta ekki, sem hann sagði. Þessi hv. þm. sagði, að það væri ekki tekið fram í frv., en þetta mundi lenda á Selfosshreppi. Hvers vegna var þá hv. 1. þm. Árn. að leggja til í sínum brtt., að þessi kostnaður ætti að lenda á Selfosshreppi, ef það var fyrirfram vitað, að kostnaðurinn mundi lenda á þeim hreppi? — En fyrst þessi hv. þm. er því sammála, að þessi kostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þá er ekki ástæða til að karpa um þetta. En hins vegar segir sig sjálft í þessu máli, að ef einn hreppur ætti að greiða þennan kostnað, þá mundu hinir hrepparnir, sem hlut eiga að málunum, ekki horfa í það að heimta gerð í málinu, jafnvel þótt það kostaði talsvert fé.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég tel ekki neina ástæðu til að koma inn á efni þessa máls.

Hv. frsm. hefur gert skýra grein fyrir afstöðu n. Um brtt. þarf ég ekki heldur að ræða efnislega. En hv. 1. þm. Árn. óskaði þess, að tillögumenn eldri brtt. vildu draga brtt. sínar til baka til þess að gera afgreiðslu málsins hér í hv. d. umfangsminni.

Ég á hér litla brtt. ásamt hv. 2. þm. Eyf., sem hv. 1. þm. Árn. hefur nú tekið orðrétt upp í sínar brtt. Ég er ekki svo kappsfullur, að ég endilega heimti, að þessi brtt. mín verði borin upp sérstaklega, úr því að hún er komin á pappírinn í þessari brtt. hv. 1. þm. Árn. Og ef ég stæði einn að þessari brtt., mundi ég verða við þessari ósk hv. þm. En þar sem hv. fyrri flm. brtt. minnar er fjarverandi úr bænum, veit ég ekki, hvort mér er leyfilegt að draga þessa brtt. til baka. En þar sem þessi brtt. er prentuð orðrétt á öðru þskj., þá verður hv. d. að skera úr um það, með hverjum hætti þetta ákvæði skuli koma inn í Alþt.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég get fallið frá orðinu, ef aðrir vilja gera hið sama. — Hv. 11. landsk. vildi halda því fram, að brtt. væri til batnaðar. Mér virðist sem svo sé ekki, og rök eins og þau, að fólkið í hverfinu geti ekki fengið vatnsleiðslur, skolpleiðslur og rafmagn, hvort sem það tilheyrir þorpinu eða ekki, eru engin rök frá mínum sjónarhóli. Fjárhagslega aðstaðan er aðalatriðið, og ef hún er trygg, þá er málið allt annað. Ég veit, að 11. landsk. þm. vill eins og ég, að lagastafurinn um þetta atriði verði sem skýrastur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Nd., 1. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 524,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 465 samþ. með 15:9 atkv.
— 628,1 tekin aftur.
— 545 felld með 16:10 atkv.
— 497 felld með 15:8 atkv.
— 628,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 628,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 524,2 og 562 komu ekki til atkv.
— 628,4.a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 642,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 628,4.b kom ekki til atkv.
— 641 felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SvbH, ÞB, BK, EOl, JörB.

nei: PO, SB, SkG, StJSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, ÓTh, BG.

LJós greiddi ekki atkv.

7 þm. (SEH, SK, ÁkJ, ÁÁ, GÞ, GTh, JS) fjarstaddir.

Brtt. 628,4.c samþ. með 18:2 atkv.
— 524,3 kom ekki til atkv.
— 455 felld með 14:11 atkv.
— 642,2 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓTh, PZ, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, ÞB, EOl, EmJ, FJ, IngJ, JJós.

nei: PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, BK, EystJ, GSv, HB, HelgJ, JPálm, JörB.

BG greiddi ekki atkv.

7 þm. (SEH, SK, ÁkJ, ÁÁ, GÞ, GTh, JS) fjarstaddir.

Brtt. 628,5 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 97. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 671).

Á 99. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það eina, sem ég vildi um frv. þetta segja, nú um leið og því væntanlega verður vísað til 2. umr. og sams konar n. og fór höndum um það í hv. Nd., heilbr.- og félmn., ef ég man rétt, er, að ég vil beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., að hún hraðaði málinu eftir því sem hún sæi sér fært. Það stendur þannig á, að þeim, sem að þessari lagasetningu eiga að búa, liggur á að fá að vita vissu sína um það, hvernig á að haga þar heima fyrir ummerkjum öllum, svo að þeir geti gert sínar ráðstafanir í samræmi við það. Ætti þessi hröðun á málinu að vera því auðveldari, þar sem frv. hefur gengið í gegnum mikinn hreinsunareld í hv. Nd. Og ég geri ráð fyrir, að þótt eitthvað megi gera að álitamáli um meðferð slíks máls, þá sé þetta mál nú komið þó í það horf, að engum þyki firnum sæta, en vera þolanlegt, að afgreiðsla þess fengi samræmanlega niðurstöðu eins og frv. hefur fengið í hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 671, n. 873).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 317 kom frá hv. Nd. Það komu fram nokkrar brtt. þar um málið, en engin þeirra var í þá átt að vinna á móti þessari sameiningu, heldur hvernig markinu yrði náð, en niðurstaðan varð sú sem greinir á þskj. 671. Eftir að málið kom til nefndar í Ed., höfðu tveir nm. skrifað undir álitið með fyrirvara, en frá því er greint á þskj. 873.

Ég hef átt tal við tvo menn úr hreppsnefnd Ölfushrepps, sem óskuðu eftir, að frv. yrði breytt þann veg, að Hellisland ofan vegar með Ingólfsfjalli verði ekki lagt undir Selfossbyggð, heldur látið fylgja Ölfushreppi eftir sem áður. Selfossbúar vilja aftur á móti ekki ganga inn á þetta, þar sem þeir telja það t. d. varhugavert, að ótakmarkaður aðgangur verði að Ingólfsfjalli, hvað ofaníburðarefni vega við kemur, og þar sem vatnsþró Selfoss liggur neðan vegarins, gæti stafað hætta af miklum ofaníburðartökum, en

þær gætu valdið því, að vatn þróarinnar eyðilegðist vegna rennslis slíks efnis af völdum ofaníburðartöku. Slíkt jarðrask telja þeir ekki heppilegt.

Enn fremur hefur því verið haldið fram af sumum þeim, sem hér eiga hlut að máli, að heppilegra væri, að tíminn, er lögin koma í gildi, verði við næstkomandi áramót í stað 1. júní þetta ár. Nefndin sér nú samt, að annaðhvort er að samþ. frv. eins og það er eða það er hætta á því, að málið gangi ekki fram.

Nefndin telur, að þetta mál sé aðkallandi, og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en þó áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum um þetta frv., en mér er kunnugt, að það er sterkur vilji fyrir því, að það nái fram að ganga, og er hert á því af hlutaðeigendum sjálfum, og það er margt, sem hvetur þá til þess að koma þessu í ákveðið horf. Má þar t. d. nefna rafveitu, fráræslu, skólamálin og skipulag þorpsins. Ef frumv. væri breytt hér í þessari hv. deild og sent aftur Nd., þá er álitið, að hætta sé á því, að frv. dagaði uppi. Ég vil ekki vinna að slíku, þótt sumt í frv. sé álitamál, og væri e. t. v. rétt að bera fram brtt., en ég met meira, að frv. nái afgreiðslu hér og verði afgr. sem lög en að það dagaði uppi.

Hverju sé ábótavant, það gef ég ekki um að fara út í hér, en læt vera að bera fram brtt. Hins vegar ef einhverjir hv. þdm. bera hér fram brtt. og frv. yrði aftur sent hv. Nd., þá mun ég bera fram brtt., en ég vil ekki stuðla að því. Ég mun því greiða atkv. með frv. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 113. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti (StgrA): Hv. 6. þm. Reykv. hefur afhent mér skrifl. brtt. við þetta frv., og skal ég leyfa mér að leita afbrigða um hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 990) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Ég vildi spyrja hæstv. forseta, vegna þess að þessi skrifl. brtt. er komin fram við 3. umr. og flm. hennar er hér ekki við, hvort gerlegt er annað en fresta umr., svo að flm. eigi kost á að mæla fyrir henni. Ég veit ekki, hvort flm., hv. 6. þm. Reykv., er í húsinu eða ekki. (*ÞÞ:* Hann er ekki í húsinu). Það var ekki ætlun mín, að nein brtt. yrði flutt við þetta frv. nú við 3. umr., ekki vegna þess, að ekki sé eitthvað í því, sem betur mætti fara; ég hefði gjarnan viljað flytja brtt. við það, en hins vegar sá ég mér ekki fært að gera það, þar sem svo mjög er áliðið þingtímans, ef það gæti frekar orðið til þess, að það dagaði uppi í þinginu.

Hins vegar vil ég taka það fram, að ef útlit verður fyrir, að brtt., sem koma fram nú, tefji ekki frv., þannig að það nái fram að ganga, þá hefði ég óskað þess að bera fram brtt., en er þá líka fús til þess að taka hana aftur, ef sýnt verður, að hún hindrar það, að frv. nái fram að ganga.

Það, sem fyrir mér vakir, að betur færi, að breytt yrði í frv., er það, eða réttara sagt skeytt við það, að Sandvíkurhreppur, bændasveitin, eins og hún nú er afmörkuð í frvgr., yrði fyrst um sinn í órofnum tengslum við Selfossbyggð, en ætti kost á því síðar, ef hún vildi, að fá því breytt og gerast sjálfstætt sveitarfélag eins og frvgr. gerir ráð fyrir.

Ég ber þetta fram ekki alveg út í bláinn, heldur vegna þess, að við athugun á málinu heima fyrir í Sandvíkurhreppi og á Selfossi, og þó sérstaklega meðal bændanna í Sandvíkurhreppi, hef ég orðið þess var, að þeir hafa við þá athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að það muni vera í bili ekki eftirsóknarvert að skiljast við Selfossbyggðina. Mér þykir sennilegt, að það sé meiri hl. búenda í Sandvíkurhreppi, sem vildu þetta.

Þetta mál hefur alveg nýverið skýrzt fyrir mér og þeim, sem þarna eiga hlut að máli. Ég vil því láta brtt. mína, sem að þessu lýtur, koma fram. Brtt. er á þessa leið, að aftan við frv. bætist: „Sandvíkurhreppur, að undanskilinni Flóagaflstorfunni, sbr. 2. gr., skal fyrst um sinn vera í órofnu hreppsfélagi við hinn nýja Selfosshrepp um öll réttindi og skyldur eins og sama hreppsfélags. Æski meiri hluti búenda á því svæði, er telst til Sandvíkurhrepps samkv. ákvæðum laga þessara, síðar að gerast sjálfstætt hreppsfélag og slíta tengsli við Selfossbyggð, skal heimilt að gera svo með 6 mánaða fyrirvara, áður en skipting hreppsfélaganna kemst til framkvæmda. Þegar til þessara hreppaskipta kemur, skulu ákvæði 1. þessara gilda um bætur og annað, er varðar skiptinguna, ef þar yrði um ágreining að ræða.“

Þessi brtt. er í samræmi við ósk forráðamanna og búenda í Sandvíkurhreppi. En þó að ég leggi þessa brtt. fram nú, mun ég, ef brtt. hv. 6. þm. Reykv. verður felld, ekki láta þessa brtt. eina fara til breyt. á frv., ef hætta gæti verið á því, að það dagaði þess vegna uppi í þinginu vegna þess, að það þyrfti að endursenda það til hv. Nd.

Forseti (StgrA): Skrifl. brtt. hefur borizt hér við þetta frv., eins og lýst var áðan. Tvöföld afbrigði þarf fyrir henni, þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 991) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv. [Fundarhlé.]

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við 1. gr. frv. frá hv. 7. landsk. (ÁS), þess efnis, að á eftir orðinu „Sandvíkurhreppi“ komi:

Árbær og, — og enn fremur, að í stað orðanna „sneið af Laugardælalandi" í sömu grein komi: Laugardælir.

Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 992) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Ásmundur Sigurðsson: Ég þarf ekki að vera margorður. Ég vil aðeins geta þess, að mér virðist mjög hæpið, að þessu þorpi sé ætlað nægilegt land, og því ástæða til að taka þetta einnig með. Það mun einnig hafa verið flutt till. um það í Nd., og í upphaflega frv. var Árbær með. En ég ætlaði ekki frekar að flytja brtt. um þetta, ef sú till. yrði sú eina, sem yrði þess valdandi, að frv. yrði að flækjast milli deilda. En fyrst komnar eru hér fram aðrar brtt., sé ég ekki ástæðu til annars en að flytja þessa till. líka.

Eiríkur Einarsson: Ég vildi aðeins taka það fram í sambandi við þessa skrifl. brtt. frá hv. 7. landsk., að hún er svona tiltölulega nokkuð stórbrotin, þar sem hún lýtur að því að skeyta við Selfosshreppsfélag tveimur stórum jörðum. Ég get nú vel trúað því, að þegar fram í sækir og Selfosskauptún magnast enn meir en orðið er, því að það er í örum vexti, þá eigi þetta við og verði nauðsynlegt að afla sér langtum meira landrýmis en orðið er. En á hitt ber að líta, að þeir Selfossbyggjar heima fyrir hafa ekki sjálfir að svo stöddu óskað eftir svona miklu, ekki verið svona stórbrotnir um landvinningastefnu. Þó að þeir óskuðu eftir Árbæ í Ölfusi, hygg ég, að þeir hafi nokkurn veginn sætt sig við það eins og það var í frv. Um Laugardæli er það að segja, að aldrei var farið fram á þetta af hálfu Selfossbyggja. En því ber ekki að neita, að sú jörð liggur þarna fast að, og í framtíðinni mundi vera hentugt og jafnvel nauðsynlegt að hafa slíkt land til jarðræktar í sambandi við stórt kauptún, sem vill færa út kvíarnar, með því að efla atvinnuskilyrðin og hefja landrækt að miklu leyti, að því frátöldu, að þar er jarðhiti. En eins og ég gat um áðan, hefur aldrei verið svona stórhugur heima fyrir, og því kemur þessi till. nokkuð óvænt. Þó að ég gæti skilið hana, treysti ég mér ekki á þessu stigi málsins til að greiða henni atkv. mitt. Það kemur seinna til þess, að Alþ. greiði atkv. um þetta mál, sem varla er fyrir hendi nú, og því mun ég greiða atkv. gegn henni að svo stöddu.

ATKVGR.

Brtt. 992 felld með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BrB, GJ, StgrA.

nei: LJóh, PHerm, BSt, EE, HermJ, IngP.

ÞÞ, BBen, GÍG, HG greiddu ekki atkv.

3 þm. (MJ, PM, JJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Mér fannst umr. benda til þess, að þetta mál þurfi enn miklu nánari athugun, sérstaklega í Nd., og vil ég því styðja, að það komist þangað aftur, og segi já.

Haraldur Guðmundsson: Ég tel margt mæla með því, að þetta verði samþ. En ég þykist vita, ef breyt. yrði gerð á frv. í þessa átt, kæmist það ekki í gegn á þessu þingi, og greiði því ekki atkv.

Brtt. 990 samþ. með 9:4 atkv.

— 991 felld með 9:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 125. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 993).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 128. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hin eina breyt., er gerð var á frv. í Ed., er sú, að gildistöku l. var breytt í 1. jan. 1947, úr 1. júní, og var það gert eftir mjög eindregnum tilmælum sýslumannsins í Árnessýslu. Hefur hann ritað mér sérstaklega um málið, og í bréfi sínu greinir hann rök fyrir áliti sínu. Skal ég svo, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þann kafla bréfsins, er að þessu lýtur:

„Að svo miklu leyti, sem ég hef haft tóm til að athuga málið, er ég á þeirri skoðun, að réttara sé að hafa gildistökudaginn 1. jan. 1947. Lögin mundu þá að vísu hafa í för með sér nýjar hreppsnefndarkosningar í Selfosshreppi og Sandvíkurhreppi hinum nýja, en í þessum hreppum verður kjörsókn auðveld og ekkert við það að athuga, að þær fari fram í janúar. Hins vegar álít ég, að nýjar kosningar þurfi ekki að fara fram í Hraungerðis- og Ölfushreppum, og kosningar í Eyrarbakkahreppi koma ekki til mála, því að á því landsvæði, sem til hans verður lagt, býr enginn maður.

Mér sýnast svo mörg vafamál rísa upp viðvíkjandi fjárskiptum á miðju ári, að ógerlegt sé að fyrirskipa þau, nema jafnframt séu gefnar talsvert nákvæmar reglur eða fyrirmæli um það, hvernig þau skuli framkvæmd. Ég tek dæmi um útsvörin. Þann 1. júní verður niðurjöfnun þeirra væntanlega lokið í sumum hreppanna, sem málið skiptir, en ekki í öðrum. Gjalddagar eru ekki fyrr en eftir 1. júní. Úr þessu verður fyrirsjáanlega ringulreið, nema skýr ákvæði verði fyrir hendi um það, hvernig úr þessu skuli greitt. Enn fremur verður flókið að greiða úr skiptingu sýslusjóðsgjalda, sem hrepparnir greiða, hver um sig, eftir tölu verkfærra manna, fasteignamati og samanlögðum nettótekjum og skuldlausum eignum."

Ég get svo eftir þessa röksemdafærslu sýslumannsins í Árnessýslu mælt með samþykkt frv. óbreytts og vonast til, að menn fari nú ekki að tala fyrir nýjum breyt. á því, enda ætti það að vera óþarfi.

Vænti ég þess, að málið verði ekki tafið, svo að það geti afgreiðzt á þessu þingi.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Síðan málið kom

frá Ed., hefur n. ekki athugað það. Þótt ég telji breyt. þessa vera frv. til skemmda, mun ég sætta mig við hana. En ég vildi benda hæstv. ráðh. á, að ekki einungis þarf að kjósa nýjar hreppsnefndir í Selfoss- og Sandvíkurhreppum, heldur einnig í Hraungerðishreppi og Ölfushreppi. Ber til þess brýna nauðsyn að kjósa þessar n. á nýjan leik, eftir að skipti hafa farið fram. — Vænti ég þess, að hæstv. ráðh taki þetta til athugunar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1005).

77. Bifreiðaskattur o. fl. (frv. fjhn. Ed.).

Á 105. fundi í Ed., 12. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (þmfrv., A. 774).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og grg. ber með sér, er frv. þetta flutt að beiðni hæstv. fjmrh., og fjhn. hefur athugað málið og 4 nm. lýst því yfir, að þeir mæltu með frv. En einn nm. áskilur sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um sitt atkv.

Þetta frv. er í raun og veru ekki annað en framlenging á gildandi l. frá 1943, og er alveg í samræmi við 1. og 3. gr. þeirra l. En aftur hefur verið sleppt úr þessu frv. 2. gr. l., af því að í raun og veru er það liðið hjá nú, sem sú gr. fjallaði um, og er því óþarft að taka efni hennar hér upp í frv. En 3. gr. þessara l. kemur aðallega við bifreiðaskattinn og setur þar ákveðnari ákvæði um innheimtu þessa skatts, sem verður alveg sá sami og áður var. Þetta léttir mjög undir með innheimtumönnum við innheimtu hans. Og einnig er með þessum ákvæðum svo að segja útilokað, að bifreiðaeigendur sleppi fram hjá því að greiða sinn bifreiðaskatt og tryggingargjöld bílanna, ef því er fylgt fram.

Við 4 nm. leggjum til, — og e. t. v. verður sá 5. með því, að frv. verið vísað til 2. umr.

Þar sem málið kemur frá n., er óþarft að vísa því aftur til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 111. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 117., 118. og 119. fundi í Nd., 23. og 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 120. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 774, n. 956).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Frv. þetta er um það að innheimta á árinu 1946—1947 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni auk þess innflutningsgjalds, sem innheimt er samkv. fyrirmælum l. nr. 84 frá 1932. Þetta aukagjald hefur verið tekið undanfarin ár, en fyrirmæli um það gengu úr gildi um síðustu áramót.

Síðan farið var að innheimta þetta aukagjald, hefur því verið þannig ráðstafað, að ⅜ hlutar hafa verið látnir renna til að leggja akvegi og malbika vegi, en ⅝ hlutar í brúasjóð, og sá hlutinn, sem lagður hefur verið í brúasjóðinn, mun að líkindum á þessu ári verða notaður til að byggja eina stórbrú, þ. e. brú á Jökulsá á Fjöllum, sem er mikið mannvirki og kostar mikið fé.

Ég hef leyft mér að leggja hér fram brtt. við frv. á þskj. 983, um að ⅝ hlutunum verði varið á sama hátt og verið hefur, þ. e. a. s. í brúasjóð og fé úr honum verði varið til brúagerða eftir ákvörðun Alþingis síðar. Ég vil benda á það, að þessi brtt. er flutt vegna þess, að ef frv. verður samþ. óbreytt eins og það liggur nú fyrir, þá er úr gildi fellt það ákvæði, að nokkur hluti gjalds-

ins skuli fara í brúasjóð, en ég tel það hyggilega tilhögun að leggja nokkurn hluta þessa gjalds í sérstakan sjóð og vil í því sambandi benda á, að það verður að telja vafasamt, að það hefði verið unnt svo fljótt að byggja þá brú á Jökulsá, sem nú á að byggja mjög bráðlega, ef ekki hefði verið safnað fé að undanförnu með þeim hætti sem gert hefur verið. En þó að þessi brú verði gerð, þá liggur á að gera margar stórbrýr, og getur því verið hentugt að leggja fé áfram í brúasjóð, eins og gert hefur verið.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil aðeins benda á, að þetta frv. er flutt af fjhn. Ed. samkv. tilmælum hæstv. fjmrh. og gekk óbreytt gegnum Ed., og meiri hl. fjhn. hefur því lagt til, að það yrði samþ. óbreytt.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins benda á það út af ummælum hv. þm. V.-Ísf., að þótt þessu frv. yrði breytt hér við síðustu umr., þá er engin ástæða til að óttast, að málið fengi ekki afgreiðslu, þar sem enn er eftir að halda nokkra fundi í deildinni.

Forseti (BG): Hér þarf afbrigða við fyrir brtt. á þskj. 983, sem útbýtt var nú á fundinum og hv. þm. V.-Húnv. hefur lýst.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar bara til að benda á tvær staðreyndir í þessu máli, í fyrsta lagi þá slysni, sem orðið getur um afgreiðslu mála. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. og sjálfsagt undirbúið af lögfræðingi hjá henni. Ég er búinn að tala að minnsta kosti við fjóra af hæstv. ráðh., og enginn þeirra hefur ætlazt til, að brúasjóðurinn yrði lagður niður. Ég er búinn að tala við menn, sem höfðu málið til meðferðar í Ed., og þeir ætluðust ekki til þess. Þeir virtust ekki vita, hvað var í frv., sem þeir höfðu afgr. úr deildinni.

Annað er það, að að mínum dómi er mjög mikil þörf að halda áfram að aura í brúasjóð. Þó að fjárhagurinn sé eins og hann er nú og verði kannske enn um stund, þá er mjög fjarri því, að það gangi greiðlega að fá brýr, sem kosta milljónir, teknar inn á fjárl., og margar slíkar brýr eru eftir. Brúasjóðurinn var stofnaður í þeim tilgangi að aura saman fé til brúa, sem væru svo stórar, að ekki væri fært að taka þær inn á fjárl. á einu ári, og það hefur náð marki sínu, því að nú á að smíða eina slíka stórbrú í ár. Ég mæli því ákveðið með því, að brtt. hv. þm. V.-Húnv. verði samþ. Ég er viss um, að það hefur ekki verið meining neins, sem hefur staðið að þessu frv., að brúasjóðurinn félli niður. Ég hygg, að það hafi þótt svo sjálfsagt, að ekki hafi einu sinni þótt ástæða til að taka það fram, þegar málið var til 2. umr., því að þá fann hv. frsm. ekki ástæðu til að standa upp og segja nokkurt orð. Ef þetta frv. verður nú samþ. óbreytt, þá rennur þetta 5 aura gjald beint í ríkissjóð, og þá verður ekki safnað neinu fé til að byggja stórbrýr.

Ég vil því mjög ákveðið mæla með því, að brtt. hv. þm. V.-Húnv. verði samþ., því að það er alveg víst, að það hefur ekki verið meining neins, sem að því hefur staðið, að láta brúasjóð leggjast niður.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Í fjhn. var þetta frv. borið saman við gildandi l., og þá var tekið eftir því, að brúasjóður var felldur niður. En þar sem n. hefur ekki borið sig saman við hæstv. fjmrh. um þessa breyt., þá vil ég gjarnan óska eftir, að hæstv. forseti frestaði umr., þangað til hæstv. ráðh. er mættur á fundi.

Umr. frestað.

Á 125. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 128. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 774, 983).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 983 felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JörB, PZ, PÞ, PO, StgrSt, SkG, BÁ, BK, EystJ.

nei: HB, JJós, JPálm, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, BG.

8 þm. (GÞ, GSv, GTh, JS, LJós, ÓTh, SvbH, EmJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég var ekki á fundi í fjhn., þegar málið var afgr. Að minni hyggju er þetta ekki stórt atriði. Ekki er þó rétt að afnema brúasjóðinn, og segi ég því nei.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1006).

78. Iðnlánasjóður.

Á 101. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð (þmfrv., A. 676).

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Við höfum fjórir þm. leyft okkur að bera fram þetta frv. um breyt. á l. um iðnlánasjóð. Í fyrsta lagi leggjum við til, að árlegt framlag úr sjóðnum verði hækkað úr 65000 kr. í 300000 kr.

Þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð, eru ekki í samræmi við það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða. Vaxtakjör þau, sem sjóðurinn getur boðið, eru bundin við eign hans, og skiptir því miklu máli, að eignir hans aukist. Sjóðurinn

hefur sem stendur heimild til þess að gefa út vaxtabréf, sem nemi um tvöföldum höfuðstól. Þessa heimild hefur ekki þurft að nota, því að lán sjóðsins eru svo lág, að þau koma fáum að gagni. Með þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. þessa frv., breytist þetta verulega, og má búast við aukinni eftirspurn eftir lánum. Er því lagt til, að vaxtabréfaútgáfan megi nema allt að þreföldum höfuðstól sjóðsins, í samræmi við aukið starf sjóðsins.

Auk þess er hér um að ræða breytingar á fáum ákvæðum í lögunum.

Í 3. gr. frumv. er breyt. á 4. gr. laganna. Þar sem rýmkazt hefur um að útvega mönnum lán, þá eru þessar breyt. gerðar til þess að greiða fyrir því, að iðnaðurinn fái lán með betri kjörum en áður var. Breytingin á 4. gr. er smávægileg og felst aðeins í því að breyta um form hvað snertir nokkur atriði, koma því í einfaldara form en nú er.

Um 5. gr. er það að segja, að þau ákvæði, sem þar er lagt til að breyta, eru þannig nú, að lánsupphæð sú, er sjóðurinn getur lánað, er svo smávægileg, að að litlu eða engu gagni getur orðið, eins og verðlagi er nú háttað. Upphæð hvers láns, er sjóðurinn getur veitt, er bundin við tekjur hans, og getur það ekki náð því markmiði, sem sjóðnum var ætlað, eða hæsta lán, sem hann getur veitt, er 15 þús. krónur. Þetta er aldeilis óviðunandi. Sá maður, sem hefur framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn, hefur látið í ljós, að með þessari rýmkun geti sjóðurinn lagt út hámarkslán um 150 þús. króna, og er þetta í meira samræmi við lágmarkskröfu til slíks sjóðs en nú.

6. gr. frv. er breyt. á 8. gr. laganna, og er lagt til, að það sé á valdi ráðherra að ákveða útlánsvexti sjóðsins. Vextirnir verða miðaðir við, hve mikið fé sjóðurinn verður að lána samkv. 2. gr. þessa frv. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur sagt mér, að hægt væri að ákveða vextina 3¼% til 4½%, en venjulegir útlánsvextir eru 5%.

Þá eru meginatriði þess, að sjóðurinn hefur ekki náð tilgangi sínum. Lánin eru bundin þeim fyrirmælum, að fyrirtækið sé á fót komið. Þetta þykir nú óeðlilegt ákvæði í lögum og lýsir vantrausti á þeim mönnum, sem hafa á hendi sjóðsstjórnina. Þetta er í ósamræmi við aðrar lánsstofnanir, og er eðlilegast, að sjóðsstjórnin meti þetta sjálf.

Frumv. er seint á ferðinni, en við flm. væntum þess, að Alþ. stuðli að því, að það geti orðið afgr. sem l. frá Alþingi nú, og er þetta í samræmi við þá fyrirgreiðslu, sem aðrir atvinnuvegir landsmanna hafa hlotið, svo sem sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn. Þá er eðlilegt, að þriðji atvinnuvegurinn fái úrbót sinna mála þótt ekki komist til jafns við hina.

Samkv. eðlilegum gangi ætti frv. að ganga til iðnn., en gæti einnig komið til mála að vísa því til fjhn. Ég legg til, að því verði vísað til iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 676, n. 741).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þeir, sem mættir voru á fundi iðnn., sem þetta mál fékk til meðferðar, voru allir sammála um að mæla með frv. óbreyttu. Og þar að auki er mér kunnugt um, að a. m. k. annar þeirra nm., sem ekki tóku þátt í afgreiðslu málsins í n., er þessu máli samþykkur.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það var gerð ýtarleg grein fyrir því af hv. þm. Borgf. við 1. umr. málsins. En höfuðefni frv. er hækkun á framlagi úr ríkissjóði úr 65 þús. kr. í 300 þús. kr. og einnig að auka möguleika sjóðsins til þess að gefa út handhafaskuldabréf.

Hér er um þarft mál að ræða, og með tilliti til þeirrar nýsköpunar, sem á sér stað nú á sviði landbúnaðar og útvegsmála, þá má ekki gleyma þriðja þætti íslenzkra atvinnugreina, sem er iðnaðurinn. Og einmitt þetta frv. er flutt til þess að gera nokkra úrbót í þessu efni og gefa þeim, sem að iðnaðarframkvæmdum standa, meiri möguleika til þess að auka þær framkvæmdir.

Hér er farið fram á heldur litlar breytingar á gildandi l., en þó í þá átt, sem mætti að nokkru gagni koma. Ég mæli því með því fyrir hönd iðnn., að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 105. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 106. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 676, n. 984).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þessu máli var vísað til iðnn. 13. apríl, en hún hefur vegna anna ekki getað haldið um það nema einn fund, sem haldinn var í morgun, og eru nm. sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt. Meginbreyt. á l. er sú, að í staðinn fyrir 65 þús. kr. sé lagt í iðnlánasjóð 300 þús. kr. framlag af hálfu ríkissjóðs. Sumpart er þetta gert vegna hinna breyttu fjárhagsástæðna í landinu og sumpart vegna þess, að nú þarf iðnaðurinn á miklu meira fé að halda en sjóðurinn getur af hendi látið, ef ekki er greitt meira til hans af hálfu ríkisins en nú er ákveðið í l. Aðrar breyt. eru afleiðing af þessari breyt., sem er gerð á 1. gr. l. nr. 40/1941. Ég skal geta þess, að ég hef rætt við hæstv. fjmrh. um þetta, og er hann sammála því, að þessi breyt. nái fram að ganga. Ég skal að síðustu geta þess, að ég taldi, að það væri eðlilegt, að þessum l. yrði nokkuð breytt síðar, þó ekki sé tími til þess nú, á þann hátt, að iðnaðinum sé tryggt prósentugjald af framleiðslunni, líkt og fiskveiðasjóðnum, þannig að sjóðurinn geti fengið úr sínum eigin atvinnuvegi nokkuð mikið fé til þess að geta staðið undir öllum þeim óskum um lánveitingar, sem til hans koma. En það er ekki ástæða til að ræða það nánar hér. Ég taldi rétt, að það kæmi fram við þessa umr., að n. leit svo á, að það væri æskilegt, að hægt væri að breyta l. í það horf í framtíðinni, að sjóðnum yrðu tryggðar verulegar tekjur á líkan hátt og Fiskveiðasjóði Íslands. — N. leggur svo til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1008).

---

79. Nýjar síldarverksmiðjur.

Á 125. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (þmfrv., A. 997).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Þegar skipuð var þessi byggingarn. til að annast byggingu verksmiðjanna á Siglufirði og á Skagaströnd, voru engin tök á því að framkvæma strax fullnaðaráætlanir um það, hvað þetta mundi kosta. Það varð að velja um það annaðhvort að gefast upp eða byrja strax á þessum framkvæmdum og sjá til, hvað þetta yrði mikið. Það sýnir sig, að 20 millj. er ekki nóg, og er því gert ráð fyrir að hækka lántökuheimild ríkisstj. upp í 27 millj. kr. Ég vil benda á, að það er miðað við, að báðar verksmiðjurnar hafi 17500 mála afköst á sólarhring. En þetta er þó miðað við lægstu afköst, og geta verksmiðjurnar því farið upp í miklu meiri afköst þegar góð eru skilyrði, — 10000 mála verksmiðjan getur t. d. farið upp í 13000 og 7500 mála verksmiðjan upp í 8000—9000 mála afköst.

Ég vil svo leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann afgr. þetta mál nú þegar á nýjum fundum, svo það geti farið til Ed. í dag, því að það er nauðsynlegt að fá þetta mál afgr. strax.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. akv.

Á 127. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 115. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 116. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 117. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1011).

---

80. Kosningar til Alþingis.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis* (þmfrv., A. 970).

Á 122. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Það hefur orðið samkomulag um það milli allra flokka að bæta úr þeim ágalla, að þeir, sem staddir eru utan lands, eiga nú ekki rétt á að greiða atkv. við núverandi kosningar. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, en ætlunin er, að það gangi í gegnum þingið á þessum degi. Með því samkomulagi, sem orðið hefur um málið milli allra flokka, geri ég ráð fyrir, að svo geti orðið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 123. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þetta frv. miðar að því, að þeir geti neytt kosningarréttar síns, sem fjarstaddir eru á kjördegi. Um þetta er ekkert nema gott að segja, en mig langar að benda á stóran hóp manna, sem varnað er að neyta kosningarréttarins, en það eru sjúkir menn. Nú legg ég ekki til, að heimakosningar verði teknar upp aftur, en það er fjöldi manns og þeim fjölgar alltaf, sem liggja á sjúkrahúsum og fá ekki að kjósa. — Það er einkennilegt misræmi í því, sem við Reykvíkingar erum áhorfendur að við hverjar kosningar, að sjúklingar á geðveikrahælum, sem eru rétt rólfærir, fá að kjósa, en fjölda manna á spítölum er meinað um þessi réttindi, þótt þeir séu fullkomlega andlega heilbrigðir. Nú vil ég mælast til þess, þegar Alþ. gefur sér tíma til að gefa ferðamönnum erlendis kosningarrétt, að bætt verði úr þessu misrétti um leið. Vil ég því leyfa mér að flytja svofellda skriflega brtt.:

„1. Við 1. gr. Á eftir „hreppstjóri" komi: læknar, sem veita íslenzkum sjúkrahúsum forstöðu.
2. Við 2. gr. Á eftir „heimili hreppstjóra" komi: í íslenzku sjúkrahúsi.

Ég ætla að láta þessi orð nægja til að mæla fyrir þessari brtt. og afhendi forseta hana.

Eysteinn Jónsson: Þessi breyt., sem hér er á ferðinni á kosningalögunum, er þess efnis að leyfa mönnum að greiða atkvæði hjá útsendum mönnum erlendis. Hv. 8. þm. Reykv. hefur nú flutt brtt. þess efnis að leyfa einnig mönnum á sjúkrahúsum að kjósa. Þetta er sanngirnismál, og hefur mörgum sviðið það, að þessir menn skuli ekki fá að kjósa, en þegar þessi l. voru sett, þótti ekki fært að ganga lengra en þau ákveða, enda er sannast sagna erfitt að ákveða, hvar á að nema staðar, ef farið er að rýmka þessi ákvæði, en gömlu heimakosningarnar mun enginn vilja. — Ég tel, að þessi brtt. sé varhugaverð, t. d. eru læknar sjúkrahúsanna settir í mikinn vanda, þar eð þeir geta auðveldlega verið vændir um að hleypa sjúklingum inn á sjúkrahúsin fyrir kjördag í pólitísku augnamiði.

Ég vildi mælast til, að málinu yrði frestað til morguns, þar sem erfitt er að koma með brtt. án nokkurs undirbúnings.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 989) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þar sem hæstv. dómsmrh. er hér ekki staddur, vildi ég leyfa mér að segja hér nokkur orð. — Mér virðist, að hér sé blandað saman 2 málum, öðru, sem allir eru sammála um, en hinu, sem orkað getur tvímælis. Ég tek undir það með hv. 2. þm. S.-M., að mörgum hefur sviðið það sárt, að sjúklingar, kannske andlega fullfrískir, hafa ekki getað vegna sjúkdóms greitt atkv. Og það gildir jafnt um þá, sem eru utan sjúkrahúsa, og þá, sem eru í sjúkrahúsum. Ég tel, að um þetta verði að fara mjög varlega, því að hér geta komið fyrir ýmis tilvik, sem vandfarið er með. Ég vildi með þessum orðum leyfa mér að styðja þá uppástungu, sem fram hefur komið, að málinu verði frestað og það athugað í n. til morguns og reynt að finna form, sem menn gætu komið sér saman um, og hef ég sízt á móti því, að það tækist, en að öðrum kosti verði aðeins það af málinu afgreitt, sem

sjálfsagt er að afgreiða, að Íslendingar erlendis, sem notið geta aðstoðar sendiherra, fái að greiða sitt atkv. En ég vildi mjög fara þess á leit, að hin vafasömu atriði yrðu ekki látin verða til þess, að aðalatriði málsins yrðu kannske tafin eða þeim slegið á frest. Það er óþarft. En ef heimakosningar eða kosningar sjúkra manna verða teknar hér upp til afgreiðslu, er það raunverulega erfiðara mál og margbrotnara en að hægt sé að afgr. það svona í þinglokin á einum til tveimur klukkutímum.

Forseti (BG): Ég mun taka til greina ósk hæstv. samgmrh. og hv. 2. þm. S.-M. um að fresta umr.

Páll Zóphóníasson: Ég vil sérstaklega benda hv. n., sem á að taka frv. til athugunar, á það, að mér skilst nafnið yfirlæknir í brtt. muni eingöngu eiga við þá lækna, sem eru yfir spítölum, sem margir starfa við, og mun hv. flm. hafa haft í huga sérstaka spítala hér í Reykjavík, en aðra ekki. En það er fjöldi spítala úti á landi, sem engan yfirlækni hafa. Þar er bara einn læknir. Brtt. leyfir ekki sjúklingum á þessum sjúkrahúsum að kjósa. Brtt. nær aðeins til 2—3 sjúkrahúsa í Reykjavík, nema með þeirri túlkun, að læknirinn sé líka yfirlæknir, þótt hann sé einn.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég er þakklátur þeirri till., að málið sé tekið af dagskrá og athugað nánar af n. eða ef hv. flm. vildu athuga það. — Varðandi aths. hv. 2. þm. N.-M. út af orðinu yfirlæknir, þá vil ég geta þess, að fyrir mér vakti, að sjúklingar á öllum sjúkrahúsum landsins fengju þennan rétt, og þar, sem aðeins var einn læknir, þá væri hann skoðaður yfirlæknir. En ef athuga á þetta nánar, er sjálfsagt að nota athugunina til þess að leiðrétta það. — Viðvíkjandi hinu atriðinu, þá er það rétt, að nokkur vandi er að gera upp á milli sjúklinga á spítölum og í heimahúsum. En eins og ég benti á, tel ég alla sammála um, að ekki beri að innleiða almennar heimakosningar, því að það mundi leiða til misnotkunar. Aftur á móti tel ég ekki sérstaka hættu á því, að þetta sé misnotað í sambandi við sjúkrahúsin. Ég sé því ekki, að það sé neitt vandamál að gera þarna upp á milli og veita þeim réttinn, sem talið er fært að veita hann, þótt ekki sé talið fært að veita hann öllum, sem þurfa að fá hann. Ég vil benda á í sambandi við það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði varðandi það, að eftirsótt mundi verða að komast á sjúkrahús fyrir kosningar, því að það þyddi sama og kosningarrétt, að ef svo er ástatt, að maðurinn sækir fast að komast á sjúkrahús til þess að fá kosningarrétt, þá er hugsanlegt fyrir hann að láta flytja sig í skrifstofu sýslumanns eða hreppstjóra til að kjósa. Hann er þá í flestum tilfellum það hraustur, að slíkur flutningur er framkvæmanlegur eins og að flytja hann á sjúkrahús. Ég held, að yfirlæknar mundu ekki hafa neina tilhneigingu til þess að misnota þetta með því að meina einstökum mönnum að komast á sjúkrahús, ef þeir ættu að öðru leyti rétt og kost á því, til þess að meina þeim um kosningarrétt, en taka svo aðra inn til þess að gefa þeim kosningarrétt. Slíkt tel ég alltof mikið vantraust á yfirlæknum okkar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil benda á, að þetta mál er komið frá hæstv. dómsmrh., þótt flm. séu fjórir. Væri því eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. athugaði þetta og vísaði því svo til n. En hafi hæstv. stj. öðrum hnöppum að hneppa en að bollaleggja um slík málefni, er eðlilegast að vísa málinu til allshn. En ég vil benda á, að þetta mál er mjög vandasamt. Hugsum okkur sjúkrahús. Hvað er sjúkrahús? Í raun og veru mætti hugsa sér, að það sé hvert heimili héraðslæknis, þar sem sjúklingur liggur. Það, sem ég átti við efnislega, var, að læknar yrðu svo aðkrepptir, að engu tali tekur varðandi sjúklinga, sem þangað séu fluttir til sjúkravistar. Ég átti ekki við það, að menn létu flytja sig á sjúkrahús að nauðsynjalausu. Þetta snýr aðallega að mönnum, sem þurfa að komast á sjúkrahús, en fá ekki pláss. Þeir mundu sækja það fast að komast þangað til að öðlast þar um leið kosningarrétt. Og það er höfuðmunur á því, hvort sjúklingur er tekinn upp og fluttur á kjörstað eða á sjúkrahús til dvalar þar. Málið er ákaflega vandasamt og full nauðsyn á því, að það sé athugað í allshn.

Forseti (BG): Umr. er frestað. Fyrir liggur till. um að vísa málinu til allshn. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 26:1 atkv.

Á 125. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 128. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 970, n. 999, 989).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég bjóst við, að hv. frsm. n. mundi mæla fyrir áliti hennar. Hann mun ekki hafa talið þess þörf, en mér fyndist þó eðlilegra, að hann flytti mál sitt fyrst.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Ég hef ekkert sérstakt að mæla fyrir hönd n., en mæli með frv. eins og það er. Æskilegt er, að menn, sem liggja veikir á sjúkrahúsum, fengju að greiða atkv., ef þeir eru andlega heilbrigðir. Ég er því samþykkur, að frv. gangi fram.

Hér kemur til greina, ef veita á spítalasjúklingum atkvæðisrétt, að þá er líka rétt að veita mönnum, er veikir liggja í heimahúsum, sama rétt. Þeir hafa sömu aðstöðu til að greiða atkv. N. er því sammála út af fyrir sig að fallast á hugsunina í brtt. Á hinn bóginn getur hún ekki fellt sig við þann greinarmun, sem gerður er á spítalasjúklingum og þeim, er í heimahúsum liggja. Áður hafa verið gefin út l. um þetta, nr. 50 frá 1923, en þau náðu ekki tilgangi sínum og voru mjög misnotuð. Verði lík l. sett, þarf það athugunar með. Og mikillar varúðar þarf að gæta, ef fara á út í það að fá læknisvottorð. — Nm. eru á einu máli um, að draga beri setningu löggjafarinnar nokkuð, þar eð komið er fast að þing-

lokum, til þess að hægt sé að undirbúa vel góða löggjöf. Rétt er að setja heildarlöggjöf, þar sem svo væri um hnútana búið, að hún brygðist ekki, eins og l. frá 1923. Till. hv. flm. gengur í þá átt, að þeir einir, sem á spítala liggja, hafi atkvæðisrétt, en vitanlega er það ekki réttlátt. Að sjálfsögðu hefur maður, er veikur liggur í heimahúsum, sama rétt. Setja á löggjöf, sem gefur öllum sjúkum mönnum, en andlega heilbrigðum, jafnan rétt. Um leið og ég mæli með hugsun till., vona ég, að hv. flm. taki hana aftur. En n. leggur til, að frv. nái fram að ganga, enda er hún því samþykk.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér þótti vænt um að heyra það frá n., að hún telji rétt, að allir sjúkir menn megi eiga þess kost að neyta atkvæðisréttar síns. Ég er hér með brtt. á þskj. 989, og er hún líks eðlis. Að því ber að stefna, að allir íslenzkir ríkisborgarar hafi sama rétt til að greiða atkv. Um þetta eru allir sammála.

Þeir segja í nál., að ef að því væri horfið að veita þeim rétt, sem á sjúkrahúsi eru, til þess að kjósa, þá yrði einnig að veita öðrum, sem ekki lægju á sjúkrahúsi, en sökum veikinda gætu ekki sótt kjörstað, heimild til að kjósa. Ég get ekki fallizt á þessa röksemd og ekki heldur á það að taka mína brtt. aftur, og ég er sannfærður um það, að ef n. gæfi sér tíma til að hugsa um þetta mál, kæmist hún að annarri niðurstöðu. Augljóst rök fyrir því eru þau, að hún mælir hér með ákveðinni breyt. á kosningal., en sú breyt. er algerlega sams konar takmörkun og um er að ræða í brtt. minni, og að því skal ég leiða rök. Það eru allir sammála um, að það sé æskilegt, að þeir, sem erlendis dvelja, geti notið síns kosningarréttar, og allir eru líka sammála um, að erfiðleikar séu á að veita þeim þann rétt, og það hafa hv. flm. séð, og þeir takmarka réttinn við það, að hlutaðeigandi kjósandi geti komizt á skrifstofu útlends ræðismanns eða fulltrúa íslenzka ríkisins. Nú er fjöldi manna íslenzkra, sem erlendis dvelja, sem á engan kost þess að komast á slíkar skrifstofur. Ef n. hefði verið sjálfri sér samkvæm, hefði hún átt að segja: Það er rétt og sjálfsagt, að þeir íslenzkir menn fái að kjósa, sem erlendis dvelja, en af því að ekki er hægt að veita þeim öllum þennan rétt, skulu engir þeirra fá hann. En n. tók réttlátari afstöðu gagnvart þeim, sem erlendis dvelja, samkv. því, sem í frv. greinir, en þá afstöðu tók n. ekki gagnvart sjúkum mönnum, heldur hina, að þeir geti ekki kosið, ef þeir koma ekki á kjörstað. Það er hart, að n. skuli vilja hafa svona ósamræmi í þessum hlutum. Það er auðvelt að veita þeim, sem liggja á sjúkrahúsum, rétt til að kjósa þar. Þau hús eru afmörkuð heimili. Sjúklingar á sjúkrahúsum eru hópar manna, sem ekki stendur ólíkt á um og skipshafnir á skipum. Það er ekki ástæða til að ætla, að nokkur misnotkun eigi sér stað á heimild til að kjósa utan kjörstaðar, þó að leyft sé að kjósa á sjúkrahúsum. En ef heimilað er mönnum að kjósa á heimilum sínum, er hætt við misnotkun á því ákvæði. Hér er því lagt til, að gerður sé greinarmunur á sjúkum mönnum um að mega kjósa utan kjörstaðar eftir því, hvort hægt er að ganga tryggilega frá því, að sú heimild verði ekki misnotuð.

Ég held fast við mína brtt. og vildi vænta þess, að hv. þdm. sæju sér fært að verða við þeim mjög svo sanngjörnu kröfum, að þessi stóri hópur manna, sem dvelja á sjúkrahúsum, fái að neyta kosningarréttar síns. Og þróunin fer meira og meira í þá átt, að þeir, sem sjúkir eru svo að nokkru nemi, dvelja á sjúkrahúsum, þó að margir séu enn, sem verða að vera á heimilum sínum, sem haldnir eru alvarlegum sjúkdómum.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Út af brtt. hv. 8. þm. Reykv. verð ég að segja það, að hugsun hennar er að mínu áliti rétt, þó að hann hafi sjálfur viðurkennt, í tilefni af ræðu hv. 2. þm. S.-M., að breyta þurfi orðalagi hennar. Og ef allshn. hefði haft hugmynd um, að það gæti komið til að samþ. hana sem slíka, mundi n. hafa borið fram brtt. til þess að leiðrétta hana að efni til, þó að hugsun brtt. hv. 8. þm. Reykv. sé rétt. En það, sem fyrir allshn. vakir, er, að ef á annað borð er farið að breyta kosningal. viðkomandi rétti til utankjörstaðaratkvgr., verði um leið að setja ákvæðin enn þá rýmri, því að eins og hver maður sér, er ekki ástæða til þess, að maður, sem ekki kemst á sjúkrahús, þó að hann kannske þurfi þess, heldur liggur heima hjá sér veikur, en andlega heilbrigður, hafi ekki sama rétt til þess að kjósa og sá, sem er svo heppinn að komast á sjúkrahús til legu þar. T. d. getur maður, sem er í Reykjavík, komizt að til legu á sjúkrahúsi, þar sem annar maður austur í Skaftafellssýslu fær ekki spítalapláss, og hvers vegna á þá þessi maður þar eystra að vera verr settur í þessu efni en hinn, sem á heima í Reykjavík? (*SigfS:* Hvers vegna á maður, sem er erlendis, en ekki er nálægt skrifstofu útsends fulltrúa, að vera verr settur en hinn, sem getur komizt á þessa skrifstofu?). Það verður alltaf eitthvert misrétti í þessum efnum, en maður, sem er friskur, getur yfirleitt sótt kjörstað hjá þessum mönnum. En það veit hv. 8. þm. Reykv. hins vegar vel, að fram að þessum tíma hefur verið ákaflega erfitt fyrir menn að fá rúm á sjúkrahúsi, og það væri ákaflega ranglátt, ef maður, sem er veikur, en andlega heilbrigður og á heima og er fyrir austan heiði, mætti ekki kjósa utan kjörstaðar, en hinn fengi að kjósa, sem er á sjúkrahúsi. Við skulum segja, að hvort tveggja sé ranglátt, það gagnvart mönnum, sem dvelja erlendis, sem í frv. er ákveðið, og einnig það, sem í brtt. hv. 8. þm. Reykv. felst. En allshn. vill ekki ganga frá brtt. eða mæla með brtt. við frv., eins og það er borið fram, án þess þá að gera á því þær breyt., að fá megi fram fullkomna réttlætingu á þessu máli, sem væri þá við allra hæfi. Og við vitum það báðir, hv. flm. þessarar brtt. eins vel og ég, að l. frá 1923 voru misnotuð, sem heimiluðu utankjörstaðaratkvgr. Það komu vottorð frá læknum um, að þessi og þessi maður væri veikur, og fulltrúinn, sem átti að sjá um kosninguna, kom heim til þessa og þessa manns, og það var sannanlegt, að þessi heimild var í ýmsum tilfellum misnotuð. Og til þess að falla ekki í sama brunn að þessu leyti til, var n. sammála um, að það þyrfti langan tíma til þess að ganga frá sanngjörnum breyt. á kosningal., ef

leyfa ætti atkvgr. vegna veikinda utan kjörstaðar. Og hæstv. dómsmrh., sem hefur með þessi mál að gera, var inni á þessari hugsun, að ef á annað borð ætti að breyta þessari löggjöf, þá yrði að setja í l. ákvæði í þessu sambandi, sem ekki yrðu misnotuð eins og l. 50 frá 1923. Og það er síður en svo, að allshn. vilji að neinu leyti ganga á móti þeirri hugsun, sem felst í brtt. hv. 8. þm. Reykv., heldur er það hitt, sem fyrir n. vakir, að ef hún yrði samþ., þá yrði svo mörgum öðrum gert rangt til, sem ekki koma undir ákvæði brtt. — Ég gæti mjög vel fallizt á, að málinu væri á einn eða annan hátt vísað til ríkisstj., til þess að fá heildarlöggjöf um þessi mál, og því væri beint til ríkisstj., að sett yrði heildarlöggjöf um þessi mál, í fyrsta lagi samkv. hugsun hv. flm. brtt. á þskj. 989, hv. 8. þm. Reykv., og hins vegar með þeirri grundvallarreglu, sem felst í l. nr. 50 frá 1923. Og ef hv. 8. þm. Reykv. vill bera fram einhverja till. í því efni, skal ég fylgja honum í því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það kom fram í umr. í gær, hjá hv. 8. þm. Reykv. að ég ætla, að það væri ekki óalgengt a. m. k., að menn, sem væru lasburða, kysu fyrir kjördag hjá hreppstjóra eða sýslumanni, til þess að lenda ekki í troðningi á kjördegi. Mér kom þetta dálítið ókunnuglega fyrir sjónir, því að eftir því sem ég veit bezt, er þetta ekki heimilt og 96. gr. kosningal. gerir ráð fyrir, að ef maður er á kjörstað á kjördegi, eigi hann að taka aftur þann kjörseðil, sem hann hefur kosið á áður, og kjósa aftur á kjördegi, annars sé hann kominn undir sektarákvæði l. Mér er sagt, að það sé algengt, að menn kjósi hjá lögmanni fyrir kjördag og séu heima hjá sér á kjördegi. Sé þetta rétt — og ég hef ekki ástæðu til að vefengja það, að kosningar séu framkvæmdar á þennan hátt hér í Reykjavík, — vil ég vekja athygli hæstv. Alþ. á því, að þetta er ólöglegt. En þetta er ekki haft svona úti um land, þó að ólíkt meiri ástæða væri til þess, að menn kysu þar fyrir kjördag, menn, sem þurfa að ferðast fleiri km. á kjörstað. En þar er þessi leikur hverjum leikinn, svo að ég viti. En ég vil benda hv. þm. á, að þessi leikur er leikinn hér í Reykjavík, og að hv. þm. ættu að sjá um, að hann verði ekki leikinn í sambandi við kosningarnar í vor.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði nú um brot á kosningal. hér í Reykjavík, þá hygg ég, að það sé nú meira orðrómur en sannindi, að kosningal. séu brotin, því að það gilda sömu l. fyrir Reykjavík sem önnur kjördæmi. En það er vitanlegt, að fólk, sem ætlar sér að fara úr bænum, neytir atkvæðisréttar síns áður. En þar, sem fjölmenni er mikið, getur það borið við, að fáeinir af þeim mönnum, sem þannig kjósa, hætti e. t. v. við ferð sína, þó að þeir hafi neytt kosningarréttar síns, og þá eiga þeir að taka atkv. sitt aftur og kjósa á kjörstað og neyta kosningarréttar síns þann veg. En það mun vera margur alþýðumaður, sem veit ekki um, að hann á að gera þetta. En ég hef ekki trú á, að þetta sé leikið beinlínis af ásettu ráði, að menn taki ekki aftur atkvæðaseðil sinn, sem þeir hafa kosið á fyrir kjördag, ef þeir eru heima á staðnum á kjördegi.

Sigfús Sigurhjartarson: Það mun vera rétt hjá hv. 2. þm. N.-M.,að eitthvað sé um þetta, sem hann talaði um, að lasburða fólk kjósi hér fyrir kjördag, þó að það dvelji hér í bænum á kjördegi. En ég sagði það ekki í gær. Ég sagði, að á ákveðnu vistheimili fyrir volaða menn hefðu vistmenn fengið að kjósa fyrir kjördag, en þeir dvelja flestir í öðru kjördæmi en þeir eiga kosningarrétt í. Ég held, að sú misnotkun á l., sem hv. 2. þm. N.-M. talaði um, sé ekki í stórum stíl, og hygg ég það rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði um þetta mál. Og það er víst, að hér er ekki verið að gera upp á milli manna á neinn óeðlilegan hátt, heldur farið eftir því, hverjum er kleift að gefa tækifæri til þess að neyta kosningarréttar, þannig að tryggilega sé um búið og ekki valdi misnotkun. En það eru allir sammála um það, að með l. frá 1923 hafi verið gengið inn á þá braut, sem auðvelt hafi verið að misnota, nefnilega með heimakosningum á heimilum manna almennt, en hér í brtt. minni er aðeins verið að leggja til, að kosningar verði leyfðar á ákveðnum stöðum utan kjörstaðar. Og það eru dregin þarna takmörkin fyrir þessu eins og til er tekið í brtt. vegna þess, að vitað er um, að misnotkun hefur átt sér stað viðkomandi kosningum í heimahúsum. Það er því hér í brtt. ekkert gert meira upp á milli manna, sem annars vegar eru veikir í heimahúsum, en andlega heilir, og þeirra hins vegar, sem eru á sjúkrahúsum, heldur en manna, sem dvelja erlendis, sem sumir geta komizt á tilteknar skrifstofur og neytt þar kosningarréttar síns, en aðrir hafa ekki aðstöðu til að geta komizt á þá staði og missa við það tækifæri til að neyta kosningarréttar síns. Ég mun því halda fast við mitt mál og óska, að brtt. mín komi undir atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Ég vil út af þessu síðasta, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, ganga inn á það, að það er æskilegt, að þeir, sem eru heilsu sinnar vegna ekki færir um að sækja kjörfund á kjörstað, eigi almennt að fá tækifæri til þess að greiða atkv. í kosningum. Hins vegar vil ég ekki fallast á, að það eigi að vera gerður greinarmunur þannig, að maður, sem er veikur á sjúkrahúsi, fái að kjósa, en hinn, sem veikur er heima hjá sér, fái ekki að kjósa, því að það er tilviljun, hvort Pétur eða Páll hefur komizt á sjúkrahús. Báðir mennirnir sækja um sjúkrahúsvist. Það er kannske sami sjúkdómur að þeim báðum, og kannske sami læknir, sem mælir með, að þeir fái báðir sjúkrahúsvist, en getur hins vegar ekki greint á milli, hvor þeirra hafi fyrir það meiri þörf — og annar fær sjúkrahúsvist, en hinn ekki. Þá finnst mér ekki rétt, að sá, sem á sjúkrahúsið komst, fái að neyta kosningarréttar síns, en hinn ekki, sem verður að liggja heima hjá sér. Í þessu mundi liggja réttindamismunur. Hitt get ég verið sammála um, að veita báðum þessum mönnum sama rétt, og í því liggur það, að n. hefur sérstaklega viljað taka það fram, að um leið og hún viðurkennir, að sú hugsun, sem fram kemur í brtt. hv. 8. þm. Reykv., sé

rétt, að sá, sem er veikur, en andlega heilbrigður, eigi að hafa rétt til að kjósa, þá eigi samt ekki sá, sem liggur á sjúkrahúsi, að hafa um þetta rétt fram yfir annan slíkan, sem liggur veikur heima hjá sér. Og hv. 8. þm. Reykv. veit vel, að l. frá 1923 um kosningar á heimilum voru misnotuð. Og þegar svona stutt er til þingloka eins og nú, verður að athuga að samþ. ekki breyt. á frv., sem geta orðið til þess, að það gangi ekki fram, ef slík l. eru annars þörf, eins og er álit n. En eins og ég hef tekið fram, vil ég ekki, að neinn álíti, að allshn. vilji ganga á móti því réttlæti, sem felst í brtt. hv. 8. þm. Reykv. Hins vegar get ég ekki séð, að sá samanburður sé réttur, sem hv. 8. þm. Reykv. gerði, er hann sagði, að í brtt. sinni væri farið fram á það, sem hliðstætt væri því, að íslenzkir menn, sem dvelja erlendis, gætu neytt kosningarréttar síns á skrifstofum íslenzkra ræðismanna og útsendra fulltrúa, eins og nánar er tilgreint í frv., vegna þess að þeir menn, sem þar geta neytt atkvæðisréttar síns utan Íslands, hafa allir sama möguleika í þessu efni. Ef þeir eru heilbrigðir, hafa þeir allir sama möguleika í þessu efni, og það er þá aðeins vegna þeirra vangæzlu eða klaufaskapar að þessu leyti til, ef þeir neyta ekki kosningarréttar síns. En í þessu tilfelli, sem hér er um að ræða í sambandi við brtt. hv. 8. þm. Reykv., er um það að ræða, að nokkur hluti þeirra, sem veikir eru, þ. e. þeir, sem eru heima hjá sér, fái ekki að neyta kosningarréttar síns, heldur hinir, sem veikir eru og liggja á sjúkrahúsi. Þarna er því alls ekki tvennu líku saman að jafna, sem hv. 8. þm. Reykv. vill telja hliðstæður.

Svo er það að lokum, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði viðkomandi þeim, sem greiddu atkv. fyrir kjördag. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að það liggur fyrir úrskurður um það bæði undirkjörstjórna í héruðum og yfirkjörstjórnar, að atkv. þeirra manna, sem greiða atkv. fyrir kjördag, en eru heima í kjördæminu á kjördegi, eru ekki gild, sem l. líka alveg nákvæmlega taka fram.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi út af þessari brtt. segja það, að ég tel, að með samþykkt hennar yrði ekki nógu tryggilega um það búið, að vilji kjósendanna í öllum tilfellum mundi koma fram. Mér virðist, að læknar, sem hafa sjúklinga undir höndum á spítala, mundu hafa alveg sérstaka möguleika til þess að hafa áhrif á vilja sjúklinganna, og e. t. v. meiri en gert er ráð fyrir, að leyfilegt væri eftir kosningal. Grundvallaratriði okkar kosningarréttar er vitanlega það, að allir fái tækifæri til að kjósa, og svo enn fremur það, að atkvæðaseðillinn sýni rétta mynd af vilja kjósandans, og til þess að tryggja það, hefur Alþ. sett ýmiss konar reglur, sem eiga að gera það víst, að kjósandinn sé sjálfráður gerða sinna á kjördegi og atkvæðaseðillinn sýni þann innsta vilja kjósandans. Við heimakosningarnar, sem komu til framkvæmda 1923, var þessi regla um að búa tryggilega um það, að atkvæðaseðillinn sýndi hinn rétta vilja kjósandans, svo þverbrotin, að allir flokkar voru sammála um, að ef ekki væri betur um búið, mundu kosningar í framtíðinni ekki sýna þann rétta vilja eins og kjósendur vildu láta hann koma fram, heldur væru möguleikar til þess, að óeðlileg áhrif væru höfð á vilja kjósendanna, þegar að kjörborði væri komið og þá heima hjá fólkinu. — Ég tel æskilegt, að allir, sem vegna veikinda væru hindraðir frá því að geta sótt kjörstað, en væru andlega heilir, eða hindraðir af öðrum ástæðum, gætu fengið að kjósa. En í framkvæmd hefur það ekki reynzt mögulegt af þeirri ástæðu, sem ég gat um, að það hefur ekki fundizt aðferð til að búa svo vel um hnútana, að tryggt þætti, að kjósandinn í því tilfelli væri algerlega sjálfráður gerða sinna. Löggjafanum hefur þótt rétt að búa svo um hnútana, að það væri tryggt, að hinn eiginlegi vilji kjósendanna kæmi fram á atkvæðaseðlum, þó að það gengi út yfir það, að ekki gætu allir kosið. Utankjörstaðalögin eru svo sett með það fyrir augum, að búið sé jafntryggilega um það atriði í þeim tilfellum, sem þau heimila atkvgr. utan kjörstaða, eins og gert er á kjörstað. Og ég geri ráð fyrir, að ef gerð væri einhver svipuð breyt. á l. og gerð var í l. frá 1923 um þetta efni, mundi framkvæmdin í þessu efni fara mjög í sama horfið og þá, að það yrði til þess, að næst þegar gerð yrði breyt. á kosningal., yrðu allar utankjörstaðaratkvgr. afnumdar við kosningar, og teldi ég það illa farið. Ástæðan fyrir því, að við, sem stöndum að þessu frv., förum ekki lengra í það að opna þessi lög, er sú, að við töldum ekki tryggilega um búið, ef t. d. ákveðið hefði verið, að hægt væri að kjósa hjá öllum kjörræðismönnum Íslands utanlands. Þá hefðum við talið farið of langt. Við álítum ekki hægt að fara lengra en að gera þeim mönnum, sem dvelja erlendis, mögulegt að kjósa hjá útsendum sendimönnum Íslands erlendis eða ræðismönnum Íslands, svo sem til er tekið í frv.

Ég tel því ekki fært að samþ. þessa brtt. eins og hún liggur fyrir. Ég lýsi yfir, að ég er henni algerlega mótfallinn, af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, og með tilvísun til ummæla hv. frsm. nefndarinnar.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég er dálítið hissa á því, að þetta atriði brtt. minnar, sem ágreiningur er um, skuli sífellt vera rætt í sambandi við l. frá 1923. Þau voru um kosningar á heimilum, en brtt. er um kosningu á sjúkrahúsum. Og ég er undrandi yfir því, þegar hæstv. dómsmrh. segir, að læknar hafi sérstöðu til að hafa áhrif á sjúklinga í þessum efnum. Má vel vera, að læknar hafi aðstöðu til að hafa áhrif á vilja sjúklinga. En vel má vera, að sýslumenn hafi sömu aðstöðu, svo og hreppstjórar. (*PO:* En skipstjórar?) — og skipstjórar. En öllum þessum mönnum er sýndur svo mikill trúnaður, að því er treyst, að þeir noti ekki þessa aðstöðu. En ég sé ekki, að ástæða sé til að væna læknastéttina frekar um það en aðrar stéttir að hafa tilhneigingu til þess að misnota þess konar aðstöðu, og yfirleitt er fáum stéttum í þjóðfélaginu sýndur meiri trúnaður en læknastéttinni. Ég er því hissa á því að heyra frá hæstv. dómsmrh. þau ummæli, að vegna þess að læknar hafi aðstöðu til þess að hafa áhrif á vilja sjúklinga sinna, sé ekki hægt að láta læknana annast þessi kjörstjórnarstörf.

Annars var ég hissa á að heyra hæstv. dómsmrh. segja, að þetta væri samkomulagsmál á milli flokka. Ég hef aldrei séð þetta frv. fyrr en hér nú á borðinu hjá mér. Það hefur því eitthvað verið einkennilegt samkomulag um þetta mál á milli flokka. (*BÁ:* Það hefur kannske bara verið talað við þá helztu). Ég tek ekki nærri mér, þó að ég sé ekki talinn þar með, en mér þykir leiðinlegt, ef hæstv. forseti sameinaðs þings er ekki meðal þeirra helztu.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Það má auðvitað segja, að mér komi það ekki við, sem hæstv. dómsmrh. segir. En ég vil þó taka eftirfarandi fram, og mun ég þá tala fyrir hönd allshn. Ég er viss um, að það er síður en svo, að n. hafi nokkurn grun eða ástæðu til að gruna, að yfirlæknar eða læknar á spítölum hefðu áhrif á sjúklinga í pólitísku augnamiði. Okkur í n. hefur aðeins komið saman um það, — og þar með er talinn hv. flokksbróðir flm. í n., — að ef á annað borð ætti að veita sjúklingum á spítölum þennan rétt, þá ættu líka sjúklingar utan sjúkrahúsanna að fá hann. Og þessi flokksbróðir hv. flm. hefur aðstöðu til þess að dæma um þetta, vegna þess að hann hefur dvalið á stað, þar sem ekki er spítali í þeim skilningi, sem till. hv. þm. nær til. Og það kemur náttúrlega ekki til greina, að það sé ekki heimilt að veita einum manni, sem öðrum er veitt, vegna þess að hann kemur síðar á spítala. Það er ekki pólitísk hlutdrægni, sem kemur fram hjá læknunum, heldur það, sem liggur fyrir um heilsu mannsins. Ég vil taka það fram, að það er síður en svo, að ég vilji svipta nokkurn kosningarrétti, og ekki heldur að sett yrði löggjöf, sem yrði misnotuð eins og löggjöfin frá 1923. En ef hv. flm. till. fyndi leið, sem fyrirbyggir þessa ókosti, þá skal ég verða meðflm. hans í því máli.

ATKVGR.
Brtt. 989,1 felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, ÁkJ, BÁ, EOl, IngJ, JPálm.
nei: JörB, PÞ, SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, BK, EystJ, FJ, GÞ, HelgJ, JJós.
JS, ÞB, HB, BG greiddu ekki atkv.
7 þm. (LJós, ÓTh, SÞ, SvbH, EmJ, GSv, GTh) fjarstaddir.
Brtt. 989,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 115. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 116. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ.
nei: GÍG, HG, HermJ, ÁS, LJóh, BrB, StgrA.
3 þm. (JJ, MJ, PM) fjarstaddir.

Á 117. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1012).

---

81. Fyrningarafskriftir.

Á 112. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir (þmfrv., A. 850).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég átti von á framsögu í þessu máli. Undarlegt er, að hv. n. skuli álíta rétt að bera fram frv., sem gerbreyta gildandi ákvæðum, án þess að sjá ástæðu til að gera grein fyrir því á Alþ., hverju á að breyta og hvaða rök eru fyrir því. Ekkert nál. fylgir hér með, og er einkennilegt að senda málið svona inn í hv. deild. Frv. er illa undirbúið. Fyrirlitningin fyrir hinu háa Alþ. er svo mikil, að eigi er borið við að hafa framsögu.

Hér er ákveðið að breyta fyrningum á sérstökum eignum með l., en málið er óljóst. Svo segir í 1. gr. frv.: „Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, fiskvinnslustöðvar, síldarverksmiðjur og dráttarbrautir."

Ef þetta er borið saman við það, sem hingað til hefur gilt, sést, að hér er sundurliðunin miklu minni. Sumar þessar eignir eru þegar fyrntar með 20%, en aðrar með 4%. Hér er t. d. ákveðið, að veiðiskip fyrnist með 20% án tillits til, úr hverju þau eru byggð. Þó vita allir, að það hefur

þýðingu gagnvart endingu skipsins, enda eru nú skip fyrnd misjafnt eftir því, úr hverju þau eru byggð. Nú er vél fyrnt sér og skip sér og ekki til sama tíma, en nú á allt að fyrnast saman og með 20%. — Hér er um þriggja ára afskriftir að ræða. — Síldarverksmiðja er nú fyrnt í mörgu lagi. Húsið er fyrnt út af fyrir sig, vélar sér, þrær sér o. s. frv. og hvað með sínum tíma, miðað við endinguna. Ekkert tillit er tekið til nokkurs af þessu. Í frv. á nú allt að fyrnast með 20% án tillits til endingar. Þetta á og bara að gilda um ný tæki, en því ekki um eldri, sem keypt eru háu verði? Nú er fyrning miðuð við kostnaðarverð, og vitað er, að t. d. gömul skip hafa hækkað í verði hlutfallslega við ný, og því réttmætt að leyfa líka 20% afskrift af þeim.

Ég minnist þess, að tveir menn fluttu mig sjóveg í fyrra fyrir vestan og austan. Ég gaf mig á tal við þá. Hvorir tveggja eru með pantanir í nýja báta. Ég spurði þá um kostnaðinn. Báðir bjuggust þeir við að skulda yfir 300 þús. kr., er þeir væru búnir að greiða skipin. Ég spurði þá, hvort þeir héldu, að Íslendingar gætu risið undir þvílíkum kostnaði. Þeir kváðu vel mundu ganga, ef fiskverðið héldist óbreytt. En báðir ætluðu, að verðið mundi falla, áður en langt um liði, og ég spurði þá, hvernig þá færi. Annar sagði: „Það verða þá fleiri en ég, sem lenda í strandi. Það verða bæði þeir, sem keypt hafa nýju skipin, og þeir, sem keypt hafa eldri skip, því að þau eru sízt ódýrari. En þegar svo er komið, verður búinn til kreppusjóður og ríkið greiðir allt niður hjá öllum hlutfallslega." Hinn hélt, að ríkið mundi þá yfirtaka skipin og gera þau út. Ég skil, að þetta frv. á að hjálpa mönnum til að afskrifa með skattfrjálsum ágóða í 3 ár, og gangi vel, getur það blessazt. En því á ekki að taka eitthvert tillit til endingarinnar, eins og fyrrv. fjmrh. gerði, er hann breytti reglugerð um afskriftir? Og hví mega þeir, sem keypt hafa eldri skip háu verði, ekki afskrifa þau líka, fái hinir það? Mér þykir mega athuga það, að ranglátt er að afskrifa með sömu fyrningarprósentu t. d. fiskvinnslustöðvar og allt upp í síldarverksmiðjur. Í þessu er ekkert vit. — Þegar núverandi reglugerðir um fyrningar voru samþykktar, tók samning þeirra hátt upp í árstíma með aðstoð fjölmargra sérfræðinga. Þetta kemur af hinum misjafna endingartíma. Nú vill hæstv. ríkisstj. slá saman í eitt og ekkert tillit taka til endingar hlutanna.

Ég vildi benda á þetta, og vona ég, að þótt frv. sé greinargerðarlaust og það eigi að fara orðalaust í gegnum þ., að hv. n. taki þetta til gagngerðrar athugunar. Verði frv. óbreytt að lögum, tel ég það koma miklu ranglæti af stað, og það svo, að lítt sé viðunandi. Sagt er, að afskrifa eigi fiskiskip og önnur veiðiskip, ný. En hvað er fiskiskip og hvað veiðiskip? Því ekki að afskrifa flutningaskip? Hvers eiga þau að gjalda?

Ég vona fastlega, að hv. n. lagfæri þetta, svo að eitthvert samræmi fáist, jafnvel þó um einhverja hækkun verði að ræða.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Rétt er það hjá hv. 2. þm. N.-M., að eftir reglunum um afskriftir verða mörg atvinnutækin misjafnlega afskrifuð, og þannig hlýtur það ævinlega að vera. Byggingar eru t. d. afskrifaðar á annan hátt en vélar, en þessi hv. þm. hefur ekki veitt því verðuga athygli, að afskriftirnar eiga aðeins að gilda í 3 ár. Þær standa og í sambandi við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands. Við umr. um það frv. gerði ég grein fyrir, að leið sú, sem farið væri inn á með hinum óvenjulegu lánveitingum, gæti ekki staðizt, nema til þess yrði gripið að borga lánin niður öðruvísi en venja hefði verið til, þ. e. svo yrði um atvinnutækin búið, að trygging fengist.

Þetta fyrningarfrv. er fram komið til þess, að unnt megi verða að greiða stofnlánin niður. Hér þótti ekki ástæða til að greina á milli skipa, véla og verksmiðja, af því að fyrningarnar munu verða fyrir ofan það meðallag, sem núgildandi reglugerð heimilar. Hins vegar er það rétt hjá hv. 2. þm. N.-M., að afskriftirnar gætu komizt hærra. Þó verða þær að meðaltali miklu hærri en nú tíðkast. Niðurstaðan er sú, að þetta verður langtum einfaldara í framkvæmd en ef áframhaldandi hefði átt að greina þarna á milli einstakra hluta sömu eignar, og heildarniðurstaðan hefði orðið eitthvað svipuð.

Þá gerði hv. þm. aths. við það, að þessar sérstöku afskriftir næðu aðeins til þeirra tækja, sem tekin væru fyrst í notkun 1944 til 1948, en eldri tækin, sem gengju kaupum og sölum og e. t. v. væru í eins háu verði og ný tæki, yrðu afskrifuð á venjulegan hátt. Þetta er ofur einfalt, og ef hv. þm. hugsar um það, mun hann sjá, að það liggja eðlilegar orsakir til þessa. Þessar fyrningarafskriftir, sem hér er um að ræða, eru ekki gerðar í raun og veru fyrir einstaka atvinnurekendur, heldur í því skyni að örva menn til þess að afla nýrra tækja og í því skyni að tryggja, eftir því sem mögulegt er, að lánsstofnanir, sem stofnaðar hafa verið til þess að fleyta þessum framkvæmdum áfram, fái staðizt. Það hefur enga þjóðhagslega þýðingu, að gömlu tækin, sem til eru í landinu, skipti um eigendur. Ég fyrir mitt leyti álíti óskynsamlegt af löggjafanum að hvetja til þess að láta þau skipta um eigendur með því að veita í þeim tilfellum fríðindi í sambandi við afskriftir af þeim. Ég álít frekar ástæðu til að vinna gegn því, að þau atvinnutæki skipti um eigendur. Bæði er það, að þessir menn, sem rekið hafa þessa atvinnu undanfarin ár, eru yfirleitt vel stæðir og þeir eru líka búnir að skrifa tækin niður, og þó að eitthvað bjátaði á, þá yrði það þeim ekki að falli. Aftur á móti er það vissulega ekki æskilegt að stuðla á neinn hátt að því, að eigendaskipti verði á þessum tækjum, þannig að þau verði seld með háu verði.

Fleira í ræðu hv. þm. ætla ég ekki, að gefi tilefni til sérstakra andsvara. En ég vildi aðeins minnast á eitt atriði í þessu máli, sem ég tel veigamest og gerði mig mest hikandi í því að beita mér fyrir, að þetta frv. næði fram að ganga. Það er viðhorfið til ríkissjóðs. Fljótt á litið gæti maður haldið, að þetta frv., eins og frá því er gengið, gæti orðið til þess að rýra tekjur ríkissjóðs allmikið, og vissulega má gera ráð fyrir, að svo verði, sérstaklega að því er eina tegund tækjanna snertir, togarana. Togarafélögin hafa undanfarin ár verið góðir skattgreiðend-

ur. Þeirra atvinnurekstur hefur yfirleitt gengið ágætlega, og togarafélögin hafa yfirleitt greitt háa skatta. Það liggur í augum uppi, að þó að rekstur þeirra haldist nokkurn veginn í horfi, verða þessar afskriftir til þess, að tekjur ríkissjóðs af þeim fyrirtækjum hljóta að fara minnkandi, af því að afskriftirnar verða svo mörgum sinnum meiri en þær hafa verið á undanförnum árum. Hins vegar er það svo með þessa tegund tækja, skipin, að ég held, að ekki verði skiptar skoðanir um það, að svo framarlega að það eigi að örva menn til þess að kaupa togara og í raun og veru mótorbáta líka, verður að veita mönnum einhver fríðindi í þessu efni, gefa mönnum kost á að afskrifa skipin, svo að þau, áður en langir tímar líða, séu komin niður í það verð, sem einhver von gæti verið til að þau stæðu undir, þó að verðlagið breyttist eitthvað aftur í áttina til þess, sem það áður var. Þegar skipin væru komin niður í 40% af kaupverði, mætti gera sér vonir um það, að þessi fullkomnu nýtízku tæki ættu að geta staðið undir því verði með nokkurn veginn normal rekstri og afkomu. — Hér var því ekki um neitt annað að velja en að fallast á auknar afskriftir af þessum tækjum. Náttúrlega gat það orkað tvímælis, hve hátt átti að fara í þessu efni. En þegar litið er til þess, hve skipin eru dýru verði keypt nú, þá hygg ég nú, að þessu hafi svona nokkurn veginn verið eðlilega í hóf stillt.

Um hin önnur atvinnutæki, sem frv. fjallar um, hygg ég hins vegar, að þannig sé ástatt, að það skipti ekki ákaflega miklu máli fyrir ríkissjóð, hvort afskriftir eru leyfðar af þeim eða ekki fram yfir venjulegar afskriftir, eftir ákvæðum þessa frv. Að vísu játa ég, að rökrétt afleiðing af þessu væri líka sú, að það væri ekki gagnsmikið fyrir þessi fyrirtæki, að þessar afskriftir væru leyfðar, af því að þau mundu ekki hafa nægan tekjuafgang til þess að standa undir svona háum afskriftum. Þó er það svo, að þetta háar afskriftir mundu örva menn til þess að leggja fram fé til fyrirtækjanna, því að ýmislegt bendir þó til þess, að a. m. k. sumt af þessum tækjum, sem um ræðir í frv. og ég sérstaklega nú tala um, gæti skilað sæmilegum tekjuafgangi á næstu árum. Aðallega eru það frystihúsin, sem koma þarna til greina og mesta þýðingu munu hafa í þessu sambandi. Ég hef því aflað mér upplýsinga um það, hvað frystihúsin hér við Faxaflóa og Breiðafjörð hafa borgað í skatt á tveimur undanförnum árum. Árið 1944 hefur tekjuskattur, sem frystihúsin hafa borgað, verið um 47 þús. kr. á ári, árið 1945 43650 kr. Mega menn af þessu sjá, að frá því, sem verið hefur a. m. k., er hér um verulega tekjurýrnun að ræða. Ég geri ráð fyrir, að frystihúsin utan þessa svæðis hafi ekki borgað neinar verulegar skattfúlgur. Þegar þessa er gætt, finnst mér, að eftir því, sem horfir nú, þá megi ekki í það horfa, jafnvel þó að svo færi, að þessar sérstöku fyrningarafskriftir hefðu einhverja tekjurýrnun í för með sér fyrir ríkissjóð. Mér er það náttúrlega fullljóst, að ríkissjóður má illa við því nú, eftir því sem að honum er búið, að svipta hann tekjum. En mér er líka fullljóst, að skilyrðin fyrir því, að afl færist í atvinnuvegina, er, að menn leggi eitthvað af fé því í þá, sem þeir hafa aflað á undanförnum árum, þannig að þeim sé gefið fyrirheit um það, að ef vel gengi, fengju þeir tækifæri til þess að afskrifa tækin á ekki mjög löngum tíma. Hitt er svo augljóst mál, að það er framtíðin ein, sem úr því getur skorið, að hve miklu leyti þetta kemur að gagni fyrir eigendur atvinnutækjanna. Það veltur á því, hvaða hagnaði tækin skila á næstu árum.

Umr. frestað.

Á 113. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég átti að hafa framsögu í þessu máli, en ég var ekki við, en hæstv. fjmrh. tók af mér ómakið ásamt 2. þm. N.-M.

Frv. er flutt af sjútvn. eftir tilmælum hæstv. fjmrh., og skýrði hann frá tilgangi frv. og svaraði aths., er fram komu frá hv. 2. þm. N.-M., en hann spurði, hvað við væri átt í 1. gr. með „önnur skip", en hún telur upp fyrirtæki þau, sem njóti hlunninda þeirra, sem frv. fjallar um. Þar eru taldar 4 tegundir skipa og þar með önnur veiðiskip, og er þar átt við hval- og selveiðiskip. Sjútvn. vildi breyta frv., en frv. varð að fara í prentun áður en hún gat gengið frá því. Brtt. mín er varðandi það að taka með inn í 1. gr. frv. þau fyrirtæki, sem vinna að landbúnaðarafurðum. Ég les hana ekki hér, því að ég mun ekki leggja hana fram fyrr en við 2. umr., en ég vildi lýsa henni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er þannig til orðið, að hæstv. fjmrh. óskaði, að sjútvn. flytti málið, en það er um afskriftir í skattframtölum, og er ég hissa á því, að hæstv. ráðh. lagði þetta ekki fyrir fjhn.

Það kom fljótt fram, að sanngjarnt væri, að þetta gilti einnig varðandi tæki við landbúnað, eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um, og mun koma fram við 2. umræðu og mun verða vel tekið. Ég ætla ekki að orðlengja um það, það er enginn vafi á því, að tækifæri er að afskrifa tækin, ef hagnaður verður af þeim.

Ég kvaddi mér hljóðs út af tveim atriðum í málinu, en ég gleymdi þeim í sjútvn. Ég hef gert ráð fyrir afskriftum af nýjum tækjum, og ekki er hægt að láta þetta ná til gamalla tækja. En ef gamalt tæki er endurbætt og gert sem nýtt, þá er slæmt að hafa þessa löggjöf og að ekki sé hægt að taka tillit til þess. Ef t. d. bátar væru stækkaðir og bættir, kæmu þeir undir þetta atriði. Mér finnst, að það ætti að setja þetta í frv., og er athugandi að setja ákvæði í þessa átt. Ég endurtek þetta, þar sem ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn. Ég sagði, að mér fyndist eðlilegt að bæta inn í frv. ákvæði um báta, sem stækkaðir væru og gerðir sem nýir, þannig að slík fyrirtæki fái sömu afskriftarákvæði og ný framleiðslutæki.

Ég á ekki við að semja brtt. í nótt og mér er ljóst, að þetta er nokkurt vandamál. Ég man ekki ákvæði skattalaganna í þessu skyni, og er víst ekki svigrúm þar. Annað atriði er það, hvar eigi að stöðva sig í svona sérákvæðum.

Annað atriði varðandi þetta, sem ég beini til hæstv. fjmrh., er um flutningaskipin. Menn hafa verið hvattir til þess að festa kaup á flutningaskipum, en þau eru dýr og menn eru mjög hikandi að ráðast í þetta, vegna þess að óhagstætt er að reka slík skip með góðum árangri vegna hins háa kaups sjómanna, en fraktir eru háar, og er því eðlilegt að áætla ágóða á slíkum rekstri. Ég vil skjóta því til hæstv. ríkisstj., hvort ekki mætti taka hér inn þessi skip einnig. Mér finnst þetta hliðstætt því, sem áður er komið. Ég sé ekki annað í fljótu bragði og sé ekki, að þetta mál færi úr böndum, þótt þessu væri kippt hér inn.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Þessar aths. hv. 2. þm. S.-M. eru eðlilegar. Hvað viðkemur fyrsta atriðinu, um skip, sem byggð eru upp, þá hefur það heldur litla praktiska þýðingu, því að viðgerðarkostnaður allur afskrifast samkv. núgildandi skattalöggjöf og kemur til gjaldaliðar á rekstrarreikningi. Ef hins vegar gömul skip væru tekin inn í frv., er erfitt að nema staðar, og vænti ég, að hv. þdm. verði mér sammála um það.

Ég verð að játa, að ég er veikur fyrir því, sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni, að eins og sakir standa, er erfitt að reka flutningaskip hér þannig, að hagnaður sé af, og er spurning, hvort örva eigi menn til kaupa á slíkum skipum. Ég vil nú ekki trúa því, að Íslendingar geti ekki flutt á sínum eigin skipum í framtíðinni. Væri því meðmæli að taka flutningaskip inn í frv., en ég vil ekki eiga á hættu, að það yrði frv. að falli.

Það er ekki hægt annað en að koma upp stórum tönkum fyrir olíu, ef hinir 39 togarar verða með olíubrennslu. Það er staðreynd, er minnzt er á önnur fyrirtæki í sambandi við þetta mál.

Ég sé, að komið hafa fram óskir um það, að þessi tæki fái leyfi til svipaðra afskrifta og fiskiskipin sjálf, en um þetta hefur ekki orðið samkomulag, þó að ég sé því fylgjandi. Ég hafði ekki hugsað, að það gæti orkað tvímælis, hvað átt væri við með orðalaginu „fiskiskip og önnur veiðiskip." Það er að sjálfsögðu átt við vélbátana fyrst og fremst, en það geta einnig önnur veiðiskip komið þar undir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil benda þeim á það, sem í kvöld fluttu ræður um þetta mál, að ég tel það ekki eins einfalt og hæstv. ráðh. vill vera láta að hafa afskriftir af hverju og einu, sem upp er talið í 1. gr., í einu lagi, og skal ég útskýra í hverju það liggur. Það er algengt, að menn selja hluta úr skipum, hraðfrystihúsum o. s. frv., og þá þarf að liggja fyrir reikningur fyrirtækisins, hvað mikið búið er að afskrifa þann hluta o. s. frv. Ef hann er seldur dýrari en fyrir það verð, sem hann stendur í þá, eru það tekjur fyrir viðkomandi fyrirtæki. Ef reikningshaldið væri látið vera í einu lagi fyrir allt, þá sést ekki, hvað þessi partur, sem svona er seldur, stendur í miklu, úr því að hvergi á að reikna skatt af því hjá viðkomandi fyrirtæki. Þess vegna hefði ég haldið, að það væri betra en að hafa 20% yfir allt að hækka eitthvað ákveðið fyrningarprósentuna, sem nú er. T. d. ef maður tekur skip, þá er nú 20% fyrning á mótorvélum, en engin hækkun á þeim eftir frv. Svo kemur „spil" með annarri fyrningarprósentu, skipið sjálft með enn annarri o. s. frv. Þess vegna þykir mér rétt að hækka fyrninguna alla um ákveðinn hundraðshluta.

Þá langar mig til þess viðvíkjandi 3. gr. að fá útskýringu, sem verði til leiðbeiningar, þegar síðar meir verður farið að athuga, hvernig Alþ. hefur litið á þetta mál. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ef lán hefur verið tekið úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til kaupa á eign, sem afskrifuð er samkvæmt lögum þessum, er afskriftin því skilyrði bundin, að öll afskriftarupphæðin gangi til afborgunar á láninu, enda hafi hlutaðeigandi tekjuafgang sem afskriftinni nemur." En ef hann hefði ekki tekjuafgang, má hann þá ekki afskrifa? Það mundi verða mjög um það deilt eftir þessu orðalagi. Eða ef hann hefði einhvern tekjuafgang, en ekki nógan fyrir afskriftum, má hann þá afskrifa sem tekjuafganginum nemur og ekki meira? Nú má færa skuldir milli ára. Má þá ekki fyrningarafskriftin færast hjá honum sem skuld? Hitt er svo það, að þarna eru sumir með fleiri járn í eldinum. Það eru fáir dagar síðan ég var að gera út um skattaskýrslu frá manni, sem hafði stórverzlun, hraðfrystihús, útgerð, báta og skip o. fl. Þessi fyrirtæki sýndu ákaflega misjafna afkomu. Sum höfðu góða afkomu, önnur enga o. s. frv. Nú skulum við hugsa okkur, að hann hefði átt skip, sem hann hefði keypt og átt að fá afskriftir af, og sjávarútvegurinn hefði verið rekinn með halla, en hann hefði haft eftir 200—300 þús. kr. í tekjur af hinum fyrirtækjum sínum. Mátti hann þá fyrna skipið, sem var með halla, og borga í Landsbankann af tekjum hinna fyrirtækjanna, sem hann hafði undir hendi, eða mátti hann það ekki? Og mátti hann taka lán til að borga inn í Stofnlánadeildina? Mér finnst þetta ekki nógu ljóst orðalag, dæmin eru svo margbreytileg. Og þegar afskrift er heimiluð af skipi, sem kostar 1 millj., þá vilja menn ná í hana, og þá þarf þetta að vera þannig orðað, að það liggi skýrt fyrir, hvort menn eiga hana eða ekki. Mér finnst mikið vafamál, hvort eðlilegt er að setja það sem skilyrði fyrir því, að maður fái þessa fyrningu, að skipa svo fyrir, að hann eigi að borga sem því nemur í lán í Stofnlánadeildina. En ég get ekki skilið 3. gr. öðruvísi en svo, að skilyrði fyrir því, að maður fái fyrningu, sé, að hann borgi af láni inn á Stofnlánadeildina. — Hækkunin á fyrningu, sem hér um ræðir, er sýnilega ekki eins mikil og menn kannske halda. Menn gá ekki að því, að í ráðherratíð Björns Ólafssonar tvöfaldaði hann fyrningu á mörgum af þesum fyrirtækjum. Þess vegna vil ég mælast til þess, að hv. sjútvn., fyrst hún tekur málið aftur fyrir, athugi, hvort hún vill ekki hafa fyrninguna þannig, að hver hlutur hafi sína fyrningu, það verði fyrning út af fyrir sig á fyrirtækjum, svo sem skipum, fasteignum o. s. frv., sem hafa misjafna endingu og hafa verið fyrnd misjafnt, en hækka heldur hundraðshluta fyrningarinnar, sem fyrir er.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M., að það gerði málið einfaldara í framkvæmd, ef fyrningunni yrði skipt niður. Ég skil ekki, hvernig hægt er að koma þessu fyrir á einfaldari hátt en ráðgert er í frv., að hafa afskriftirnar í einu lagi. Hann sagði, að þetta gæti valdið ruglingi, ef menn seldu hluti úr þessu og þessu fyrirtæki. En í sannleika sagt held ég, að ekki séu miklar líkur til þess, að þessir hlutir verði seldir frá fyrirtækjunum fyrstu 3 árin, nema ef skip stranda. En jafnvel þó að gert væri ráð fyrir því, þá finnst mér það hljóta að vera einfaldara mál, að sá hlutur, sem seldur er, dragist frá heildarfjárhæðinni, sem reikna á, og hefði þar af leiðandi þær einu afleiðingar, að sú fjárhæð, sem fyrningin er miðuð við, lækkaði sem söluverðinu nemur. Ég get ekki betur séð en þetta sé einfaldari aðferð og valdi minni ruglingi.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. spurðist fyrir um í sambandi við 3.—4. gr., vil ég segja það, að mér sýnast þessar gr. vera svo ljósar, að það sé ekki mikið hægt að misskilja. Það er augljóst mál, að gert er ráð fyrir þeim möguleika í 1. mgr. 4. gr., að afskrift fari fram, þó að tekjuafgangur sé ekki fyrir hendi. Afskrift getur valdið tapi á rekstrarreikningi, sem gr. svo heimilar að flytja milli ára og draga frá skatti á tekjum. — Viðvíkjandi sambandi á milli afskriftanna og Stofnlánadeildarinnar sýnist mér einnig ljóst, að þær afskriftir, sem tekjuafgangur er fyrir, eigi að ganga til afborgunar á stofnlánum, þar sem þær hvíla á fyrirtækjum. Það er sett sem skilyrði fyrir afskrift, að sá hluti hennar, sem í tekjuafgang fer, gangi upp í lánið. Það væri óeðlilegt að heimila svona háar afskriftir, sem hlutaðeigendur gætu farið með eins og þeim sýnist, þrátt fyrir það að svo há lán sem Stofnlánadeildin gerir ráð fyrir hvíli á fyrirtækjunum. Hins vegar segir í gr., að þetta sé þó því aðeins skylda, að hlutaðeigendur hafi tekjuafgang, sem afskriftinni nemur. Afskriftarheimildin er tvímælalaus, en skyldan til þess að greiða afborganir af lánum veltur á tekjuafganginum.

Þá er þriðja atriðið, hvernig fara ætti með það, ef sami maður ræki eitthvert af þeim fyrirtækjum, sem afskriftarfyrirkomulagið gerir ráð fyrir, og hefði auk þess annan atvinnurekstur. Ef hann rekur þetta sem eitt fyrirtæki, þá orkar það ekki tvímælis, að eftir frv. er heimilt að nota tekjuafganginn, sem hann hefur af heildarrekstrinum, til afskrifta. Ef hins vegar atvinnurekstrinum er skipt niður í sérstök félög, eins og víðast er þar sem um stóratvinnurekstur er að ræða, þá getur maðurinn ekki notað annað en tekjuafgang þess fyrirtækis, sem um er að ræða, til afskrifta hjá því. Þetta veltur sem sagt á því, hvort reksturinn er sameiginlegur eða ekki.

Hv. þm. endaði mál sitt á því að vekja athygli á því, að þessar afskriftir, sem hér eru ráðgerðar, væru í rauninni ekki eins mikil hækkun frá því, sem nú er, eins og flestir virtust halda. Ég skal ekki um það segja, hverja skoðun menn hafa á því, en það er mjög veruleg aukning á afskriftarheimildinni, þó að það sé rétt, að t. d. vélar, sem má afskrifa allt upp í 20%, eru ekki nema lítill hluti af kostnaðinum. T. d. kostar vél í skip minna en allt annað, sem í skipinu er, og þegar meðaltal er tekið, er um verulega aukningu að ræða, t. d. á skipum, og hið sama gildir um frystihús og önnur tæki, sem hér um ræðir. Ég skal játa, að þessi aukning er nokkuð mismikil eftir því, hver atvinnutækin eru, en eftir því sem málið horfir við og eftir tilganginum, sem vakir fyrir með þessu frv., þótti ekki fært að skipta niður, heldur taka þetta í einni heild og heimila þennan stutta tíma sömu afskriftir af öllum tækjum, en það er augljóst, að þær verða dálítið misskiptar.

Sigurður Kristjánsson: Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi minnast á. Annað er það, sem hæstv. fjmrh. var nú að enda við að tala um, það er, á hvern hátt þessar afskriftir geta orðið einfaldastar og brotaminnstar. — Hv. 2. þm. N.-M. vísaði á þá breyt., sem gerð var á fyrningum í tíð Björns Ólafssonar. Ég flutti það mál hér í þinginu og er það nokkuð minnisstætt. Og þegar ég bar það fram, var það einmitt í nákvæmlega sama formi eins og till. þessa frv. og flutt í þeim tilgangi að hvetja menn til nýbygginga með því að gefa þeim kost á að afskrifa fyrirtæki, og þær till. miðuðust við það, að afskriftin yrði sú sama á hverju fyrirtæki, bæði vélum og öðru, en aðeins til skamms tíma og að vissu marki og gilti aðeins fyrir nýbyggingar. Nú fór þáv. fjmrh. fram á, að þetta yrði aðeins heimilað í þetta sinn. Málið mætti mikilli mótstöðu í þinginu. Það var í tillöguformi og flutt í sameinuðu þingi og n., sem fjallaði um það, sýndi því mjög mikla andúð og breytti orðalagi till. Hæstv. fjmrh. fékk mig til að ganga inn á, að málið væri í heimildarformi, og afleiðingin af því varð, að framkvæmd í málinu, sem var reglugerðarbreyt., varð sú, að það var alls ekki miðað við nýbyggingar, heldur almenna hækkun á fyrningum og mjög mismunandi mælikvarða eftir tegund hlutanna. Ég er enn á þeirri skoðun, að aukin afskrift bæði þá og nú hefði átt að vera fyrst og fremst í þeim tilgangi að örva menn á þessum verðlagsháu tímum til þess að byggja og koma upp atvinnurekstrarfyrirtækjum, til þess að mönnum auðnist að skrifa niður, enda verður að byggja á því, sem síðar kann að verða ríkjandi verðlag, sem maður vonar, að verði eitthvað lægra en nú er. Ég held þess vegna, að það sé einfaldast að hafa þetta eins og það er í frv. Ég hef að sönnu ekki hugsað það sérstaklega nú, en ég gerði það, þegar ég var með brtt. um auknar afskriftir hér fyrir þrem árum. Það er rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, að þetta er ekki mjög mikil breyt. Ég man ekki glöggt, hvernig reglugerðin er nú, en þó minnir mig, að fyrning sé allt niður í 6%, t. d. á byggingum úr steinsteypu, en t. d. á verksmiðjum mjög mikil hækkun, en á öðru engin hækkun, t. d. á vélum. En þetta verður þó í heild töluverð hækkun, þegar byggingin sjálf er tekin með, t. d. skipsskrokkur.

En það var annað, sem ég vildi minnast á, og það var till. eða umr. hv. 2. þm. S.-M. um afskriftir af skipum, sem eru að verulegu leyti byggð upp aftur. Það var og er litið svo á, þegar menn taka gamla skipsskrokka, t. d. í strandi,

og gera á þeim svo miklar umbætur, að það nálgast nýbyggingu, að þá hafi ekki veitt af að örva menn á einhvern hátt til slíkra aðgerða, því að meðan mjög var örðugt að fá nokkrar nýbyggingar sökum efnisleysis og sambandsleysis við önnur lönd, þá komu þessar stórviðgerðir í staðinn fyrir nýbyggingar. Nú komst það í kring fyrir nokkrum árum, að veittur var nokkur styrkur til nýbygginga, og síðar urðu þetta nokkurs konar aðstoðarlaun. Þegar farið var að úthluta þessum styrkjum, komu ýmsir, sem höfðu tekið gömul skip og gert þau sem ný, og fóru fram á, að þessar umbyggingar teldust sem nýbyggingar og nytu þessara styrkja. Þær stj. eða n., sem fóru með þessi mál, lentu þarna í allmiklum vanda. Þeim datt í hug að neita þessu, en þó var það í reglunum, að ef þessar umbyggingar eða endurbætur hefðu náð vissum hundraðshluta af verðmæti skipsins, þá teldist þetta vera nýbygging. Mælikvarðinn var sá, að ¾ af verðmæti skipsins skyldi vera nýbygging til þess að það nyti þessa styrks. Mér finnst, að svipaðan mælikvarða sé hægt að hafa enn þá að því er snertir þessar fyrningar. Ég hafði ekki hugsað þetta mál mjög mikið, en þar sem hv. 2. þm. S-M. minntist á þetta mál nú á þessum fundi, finnst mér í fljótu bragði, að það sé umhugsunarmál, hvort ekki mundi vera hægt að hafa svipaðan hátt á þessu og var með styrkinn til svokallaðra meiri háttar aðgerða, að ef það, sem nýtt er gert, nemur t. d. ¾ af verðmæti skipsins, þá teljist það til nýbyggingar og yrði hæft til þessara auknu afskrifta.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði ekki svo mikla þýðingu, hvort aukaafskrift væri heimiluð af endurnýjun tækja, því að endurnýjunin mundi talin til rekstrarkostnaðar. En þegar endurnýjun tækja er komin yfir visst takmark, leyfa skattayfirvöldin ekki, að það sé reiknað til frádráttar, en annars skal ég ekki fullyrða, hvernig reglan er. En það getur valdið deilum, hvað telst sem rekstrarkostnaður og hvað sem eignarverð bátsins. Sums staðar telja skattayfirvöldin sér skylt að ganga hart fram í þessu, en annars staðar eru þau frjálslyndari. Þetta þarf að athuga.

En þetta leiðir hugann að öðru. Ég las 1. gr. betur en ég hafði gert, og þar segir svo:

„Þær eftirtaldar eignir, sem teknar eru í fyrstu notkun á árunum 1944—1948 incl., má í stað venjulegra fyrningarafskrifta afskrifa um 20% á ári í 3 ár frá því er þær eru teknar í notkun, þó ekki fyrr en frá 1. janúar 1946 að telja: fiskiskip og önnur veiðiskip, fiskvinnslustöðvar, síldarverksmiðjur og dráttarbrautir."

Það er ekki tekið fortakslaust fram, að tækin eigi að vera ný, og gæti þetta verið gert af ráðnum huga, t. d. með báta, sem ekki eru alveg nýir eins og þeir, sem fluttir hafa verið inn frá Svíþjóð, og munu þeir koma undir þetta. Ef einhver dubbaði upp skip, mundi það þá ekki heyra undir þetta, því að það stendur ekki, að þau eigi að vera ný, heldur tekin í fyrstu notkun á árunum 1944—'48. Það er spurning, hvort Svíþjóðarbátarnir koma ekki undir þetta, og þyrfti að setja inn í frv. ákvæði, sem skýrir þetta ljóslega. Ég ætla ekki að bera fram brtt. um þetta, en vil skora á ráðherra að bera sig saman við skattalöggjöfina og vita, hvort þeir finna ekki lausn á þessu. Mér sýnist, að það mundi valda misrétti, ef þetta ákvæði er stílað eins og það er nú. Ég vildi bara spyrja, hvernig þetta yrði með notuðu Svíþjóðarbátana og ef fluttir eru inn gamlir bátar og dubbaðir upp.

Þá eru það flutningaskipin. Hæstv. ráðh. sagði, að erfitt væri að fóta sig á þessu, og það er rétt. En nú vil ég skora á hæstv. ráðh. að ræða betur um þetta í ríkisstj. og vita, hvort ekki er hægt að komast að samkomulagi. Menn þurfa að vita, við hverju þeir mega búast. Og hitt er á að líta, að ef þessi hlunnindi verða ekki veitt þeim, þá er ákaflega ólíklegt, að nokkur hefði lagt í slík tæki. Ég held því, að þetta þurfi að athugast betur.

Hæstv. ráðh. benti á, að þarna væri hægt að koma inn fleiru og fleiru, t. d. olíugeymum fyrir togara. Ég held, að það verði að koma upp innlendum olíugeymum, því að það verður ekki þolað, að erlend félög eigi hér olíugeyma, og væri eðlilegast, að olíugeymum fyrir togarana yrði komið upp af umráðamönnum togaranna. Það ætti ekki að verða svo dýrt, að það yrði þeim ofvaxið. En þetta liggur nær með flutningaskipin, og er ekki heldur svo stórkostlegt, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir þess vegna.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en skora á hæstv. ráðh. að athuga þetta.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ef samkomulag næðist í fjhn. um flutningaskipin, þá skal ég ekki hafa á móti því, og verður þetta tekið til athugunar.

Um olíugeymana er það að segja, að þetta getur verið framkvæmanlegt, ef allir útgerðarmenn væru samtaka um að koma upp olíugeymum, en það hlýtur þó alltaf að hlaupa á milljónum, og þarf stöðugt meira, eftir því sem skipunum fjölgar.

Ég er á annarri skoðun en hv. þm. um 1. gr. Ég held, að ekki sé hægt að taka gömul skip, en ef frystihús hefði verið byggt fyrir áramót 1943 og 1944, en ekki verið tekið í notkun fyrr en í febrúar 1944, þá á það að heyra undir þetta ákvæði. En það, sem tekið hefur verið í notkun fyrir áramót 1944, hygg ég, að geti ekki komið til greina. En skip, sem hefur strandað og síðan gert upp, svo að það geti talizt nýtt, gæti komið undir þetta ákvæði. Annars játa ég, að ég er ekki svo vel að mér í því, hvaða reglum hefur verið fylgt í þessu, að ég treysti mér til að ræða það frekar. Er ég talaði um, að erfitt mundi að fóta sig á þessu, þá átti ég við gömul skip. Ástæðan fyrir því, að afskriftirnar eru miðaðar við ný tæki, er sú, að það er ekki rétt að miða við kaup á gömlum skipum. Það er ekki ástæða til að örva menn til að kaupa gömul tæki, því að reynslan sýnir, að þótt nýju tækin séu dýrari, gefa þau betri raun og því hæpið að auka innflutning á gömlum skipum og það þegar við höfum fjármagn til að kaupa ný.

Eysteinn Jónsson: Ég ætla bara að segja örfá orð út af skýringu hæstv. ráðh. við 1. gr. Það

má túlka hana eins og hann gerir, en það má líka leggja í hana annan skilning. En hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir sem sínum skilningi, að notuð skip, sem hafa komið í notkun fyrir áramót 1944, kæmu ekki undir þetta ákvæði. En hvernig verður þá um hina margumtöluðu Svíþjóðarbáta? Hér er um svo stór hlunnindi að ræða, 20%, og því athugandi, hvort þessir bátar koma þarna með. Það er rétt, að það má ekki örva menn til að kaupa gömul tæki, en ég á við það, þegar menn endurbæta stórkostlega tæki, sem menn hafa átt. En ég ætla, að mönnum gefist tóm til að athuga þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 850, 901, 909).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 909. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um brtt. á þskj. 901. Ég boðaði komu hennar við 1. umr. og skýrði frá því, hvað í henni fælist. Ég skal aðeins geta þess, að hv. þm. geta glöggvað sig á því, að brtt. breytir engu öðru í frv. en því, að í síðari hluta 1. gr. eru teknar með til fyrningarafskrifta vinnslustöðvar, sem vinna úr sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum. Ég hygg, að þetta þurfi ekki frekari skýringar og að hv. þm. muni geta fylgt þessari brtt. N. er sammála um hana, og vænti ég, að hæstv. ríkisstj. telji þetta ekki raska svo mjög frv., að hún geti ekki sætt sig við það.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 909 við brtt. n. á þskj. 901, að aftan við brtt. bætist: „Svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en afskriftum þessum nemur. Sé styrkurinn hins vegar lægri, má afskrifa eignir þessar þannig, að styrkur að viðbættum afskriftum nemi 20% á ári í 3 ár.“ Það er bersýnilegt, að ef ríkisstyrkurinn til einhverra þessara stofnana, sem hér um ræðir og eiga að fá afskriftir, er mjög lítill, þá er það tjón fyrir viðkomandi fyrirtæki að taka á móti honum móts við það að hafa þau afskriftarfríðindi, sem hér er um að ræða. Það mun ekki vera ætlunin með þessari brtt. sjútvn., að þau fyrirtæki, sem ríkið áður hefur séð nauðsyn til að styrkja, verði í öðrum flokki en þau fyrirtæki, sem ekki hefur þótt ástæða til að veita sérstök fríðindi áður. Þess vegna tel ég réttlátt, að þau fyrirtæki, sem njóta styrks úr ríkissjóði, njóti sömu hlunninda og önnur fyrirtæki.

Ég vænti svo, að deildin taki þetta til vinsamlegrar meðferðar.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég hafði ekki athugað brtt. á þskj. 909, en sýnist, að hún muni lítið raska, því að þau félög, sem kynnu að fá styrk úr ríkissjóði, missa einskis í, því að sumar vélar má afskrifa allt að 20%. Hins vegar er hverjum í sjálfsvald sett, hvort hann sækir um þennan styrk. Ég held, að engin fyrirtæki, sem heyra undir ríkissjóð, komi til fyrningarafskrifta, nema mjólkurstöðvar. Ég held því, að efni þessarar till. verði aldrei að veruleika.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þetta mál var rætt hér í gær, og virtist mér þá koma í ljós, að fleira þyrfti að athuga en þetta atriði. Mér skildist þá, að frv. yrði tekið til frekari athugunar. Nú langar mig til að vita hjá hv. sjútvn., hvort hún hefur rætt þetta mál síðan og komizt að einhverri niðurstöðu, eða hvort hægt er að vænta þess, að hún taki málið til betri athugunar á milli 2. og 3. umr., t. d. hvort ríkisframlagið verður ekki dregið frá kostnaðarverði, ef n. vildi athuga þetta nánar og eins með gömul skip, hvort þau ættu ekki að vera með. Fyrir nokkru var keyptur togari á hafsbotni og honum bjargað og komið í gott horf, en þá var hann orðinn dýr. Má afskrifa hann eftir þessu frv.?

En ef n. ætlar að athuga þetta nánar milli umr., skal ég ekki skipta mér frekar af þessu.

Sveinbjörn Högnason: Ég er sammála hv. 7. þm. Reykv., að það skipti ekki miklu máli í sumum tilfellum, hvort ríkisstyrkur sé veittur, en það er samt ekki rétt að skilja eftir styrklaus fyrirtæki, sem einhvern tíma hafa fengið styrk. Og það er rétt, að hér er ekki um stórar fjárupphæðir að ræða, en þó er sjálfsagt, að fullt réttlæti sé í þessu.

Skúli Guðmundsson: Út af brtt. á þskj. 909 vil ég benda á, að það getur skipt nokkru fyrir einstök fyrirtæki, hvort hún verður samþ. eða ekki. Mér er kunnugt um mjólkurvinnslustöðvar, sem ríkið hefur styrkt með allt að ¼ af byggingarkostnaði, og á síðustu fjárl. var mjólkurbúi norður í landi veittur slíkur styrkur. Ef frv. verður samþ. í því formi, sem n. leggur til, mundi slíkt bú ekki njóta afskriftar. Ég tel því rétt að samþ. brtt. á þskj. 909.

Sigurður Kristjánsson: Út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði um það, hvort þetta hefði verið athugað á milli umr., þá skal ég svara því, að n. hefur ekki unnizt tími til þess, en við ætluðum að koma saman í dag, en af því gat ekki orðið, en það er ekki loku skotið fyrir það, að við getum komið saman á laugardag eða sunnudag. Ég man eftir því, að við 1. umr. kom fram till. um, að skip, sem væru að verulegu leyti endurbyggð, nytu þeirra hlunninda, sem um ræðir í frv., en hvað snertir, hvort draga ætti ríkisframlag frá stofnkostnaði, þá hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, og hygg ég, að ekki þurfi að setja gleggri ákvæði í frv. um þetta. Annars munum við athuga þetta, ef okkur gefst kostur á því.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, er hann bar saman styrk til mjólkurbúa um 25% við hlunnindi um þrisvar sinnum 20%, sem eru þau hlunnindi, sem í frv. er gert ráð fyrir, þá held ég hann gleymi því, að fyrirtækin njóta afskriftar-

hlunninda eftir því, sem reglugerð þar um segir, en misjafnt eftir því, hvort um er að ræða vélar, steinhús eða timburhús. En um þetta er óþarft að deila.

ATKVGR.
Brtt. 909 samþ. með 16:7 atkv.
— 901, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 933).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég bendi á, að ég féll frá að ræða málið og bera fram brtt. fyrir nokkrum mínútum, af því að frsm. n. lofaði að taka málið til athugunar milli umræðna. Þetta hefur honum ekki gefizt tími til, og mótmæli ég þessari meðferð málsins og hinu, að hv. frsm. n. sé gerður ómerkingur orða sinna.

Sigurður Kristjánsson: Þegar ég tók til máls áðan, vissi ég ekki, að ætlunin væri að ljúka málinu nú í kvöld. En síðan reyndi ég að ná tali af meðnm. mínum. Bar ég það undir þá, hvort þeir væru með að bæta inn í frv. Enginn þeirra vildi samþ. neitt í þá átt, sem rætt var um, en hv. 2. þm. S.-M. var, eftir því sem ég bezt veit, meðmæltur öðru atriði, nefnilega að flutningaskip nytu réttindanna. Ég segi svo að endingu, að fjórir nm. leggja til, að ekki verði neinu bætt við frv., en veit, að einn nm. er á annarri skoðun að því er snertir flutningaskip.

Skúli Guðmundsson: Af ræðu hv. 7. þm. Reykv. heyri ég, að ekki er að vænta neinna tillagna frá sjútvn. um breyt. á frv. í heild og tæplega frá neinum manni í n., ef málið verður afgr. nú. Legg ég því fram skriflega brtt., svo hljóðandi: „Við 1. gr. Á eftir orðinu „veiðiskip" komi: flutningaskip." Mér finnst öll rök að því hníga, að flutningaskip komi hér til viðbótar. Það er engin ástæða til þess að fjölyrða um þetta. Nægir að benda á, að meiri hluti skipa, sem í flutningum eru að og frá landinu, er útlendur. Íslendingar verða því að afla sér flutningaskipa. Hið sama á vissulega að ganga yfir flutningaskip sem önnur skip. Ég leyfi mér því að leggja till. mína fram fyrir hæstv. forseta og óska þess, að hún verði tekin til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 934) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 934 felld með 14:7 atkv.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 111. fundi í Ed., 23. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 114. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 933, n. 964).

Forseti (StgrA): Hv. frsm. er nú fjarstaddur, en til máls tekur hv. 1. þm. Eyf.

Bernharð Stefánsson: Af því að hv. form. og frsm. fjhn. er fjarstaddur, vil ég gera grein fyrir áliti n. í þessu máli. Meiri hl. n. mælir með, að frv. verði samþ., og þrír leggja auk þess til, að lítils háttar breyt. verði gerð. Má þó segja, að efni frv. sé að vissu leyti varhugavert. Hér er nefnilega um æði miklar skattaívilnanir að ræða. Nú standa yfir óvenjulegir tímar, og má búast við, að verðlag breytist til lækkunar. Gæti þá orðið erfitt fyrir þá, sem aflað hafa sér dýrra tækja á stríðsárunum, að standa undir rekstrinum, nema með því að afskrifa þeim mun meir þegar í byrjun. Og frv. miðar að því að heimila þessar afskriftir. Þær koma þá vitanlega á rekstrarreikning fyrirtækisins og reiknast sem frádráttur á tekjur. Getur hér því orðið um allmikla skattaívilnun að ræða.

Þótt n. sjái galla á frv., álítur hún, að samþ. bera frv. Í 1. frvgr. eru talin upp ýmis tæki, sem ná því að verða afskrifuð á þennan hátt, en þau eru: „Fiskiskip og önnur veiðiskip, fiskvinnslustöðvar, síldarverksmiðjur og dráttarbrautir." Verið getur vafamál, hvort veita eigi hlunnindi þessi fyrir öll framangreind tæki, en þó hafa ekki komið fram brtt. um að fella neitt niður af þessu. En þrír nm. vilja bæta við flutningaskipum og telja það rétt. Nú er mikið um alls konar ráðstafanir til eflingar fiskiflota þjóðarinnar. En ég held, að henni sé ekki síður lífsnauðsyn að koma sér upp í framtíðinni friðum flutningaskipaflota. Öllum er kunnugt um, að Eimskip hefur nú skattfrelsi. Svo er háttað um flutningaskip sem veiðiskip, að hvor tveggja eru dýr, og þeir, sem ráðast í kaup á flutningaskipum, mundu hafa lítinn hagnað af þeim og varla geta látið þau bera sig, nema því aðeins að þeir fengju svipuð hlunnindi og í frv. greinir. Einmitt vegna þess, að Eimskip hefur hlunnindi, eru engar líkur til þess, að aðrir nýir aðilar muni treysta sér til að standast það að veita svipuð kjör og Eimskip við miklu verri aðstæður.

Ég hirði svo eigi um að orðlengja þetta meir og vænti þess, að hv. d. samþ. fyrri brtt. á þskj. 964 frá meiri hl. n. Um síðari brtt. er ekkert að segja. Hún er aðeins leiðrétting á orðalagi.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Aðeins örfá orð. — Hv. frsm. n. sagði, að ákvæði frv. kynnu að þykja varhugaverð vegna skattaívilnana. Hefur það vissulega við góð rök að styðjast, a. m. k. hvað fiskiskipin varðar. Ef allt fer með felldu, þá má vera ljóst, að ríkissjóður tapar tekjum, ef afskriftir verða hækkaðar, eins og frv. gerir ráð fyrir. Á hitt er svo um leið að líta, að frá því að byrjað var að tala um, að ríkið beitti sér fyrir

því, að togarar fengjust til landsins, hefur verið út frá því gengið, að leyfa yrði hærri afskriftir af þeim en venja hefur verið. Og ég held, að það hefði verið erfitt að koma togurum út til einstakra manna og félaga, ef ekki hefðu verið leyfðar hækkaðar afskriftir af þeim. — En um önnur skip en fiskiskip er það að segja, að ég ætla, að ekki sé um verulegan tekjumissi að ræða fyrir ríkissjóð í þessu efni. Ég hef látið gera athuganir á þessu, að því er fiskiskipin snertir, og það hefur sýnt sig, að beinar tekjur ríkissjóðs af fiskiskipunum hafa verið litlar á undanförnum árum. Það má segja, að fríðindin verði ekki mikil fyrir þessi skip, en þó ætla ég, að það muni frekar verða til þess að örva menn til að koma sér þessum tækjum upp. Og um flest hin tækin, sem ráðgert er, að komið verði upp á næstu árum, er það að segja, að það yrði naumast í þau ráðizt nema því aðeins að hækka afskriftirnar af þeim. Það má segja, að það sé ekkert frá ríkissjóði tekið, því að ef tækjunum verður ekki komið upp, verður ekki heldur um tekjur að ræða af þeim.

Viðvíkjandi brtt. vil ég segja það, að frá því fyrsta að byrjað var að tala um málið, hef ég verið því meðmæltur, að fleiri tæki væru tekin upp í frv. en þar er ráð fyrir gert, m. a. flutningaskip. Og ég hygg, að það sé alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að menn muni verða mjög tregir til þess að leggja fram fé til þess að kaupa flutningaskip nú, ef þeir fá ekki fyrirheit um eitthvað hærri afskriftir en verið hefur. Menn verða að gera það upp við sig, hvort æskilegt sé að örva menn til að leggja fram fé til þess að afla þessara tækja eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar, að við Íslendingar eigum að keppa að því að verða siglingaþjóð, og við hljótum að keppa að því hvað vöruflutninga frá og til landsins snertir. En til þess þurfum við að bæta við flutningaflotann. Það eina, sem mælt gæti á móti þessu nú, er, að rekstur skipa hjá okkur er dýrari en hjá nágrannaþjóðunum, og þess vegna er hæpið, að þær ívilnanir, sem ráðgerðar eru, geti komið að gagni, þ. e. a. s., að þær afli svo mikilla tekna, að þær gætu staðið undir þeim afskriftum, sem hér eru ráðgerðar. En ég vil aðeins benda á í því sambandi, að það er engum efa undirorpið, að ef þetta frv. verður afgr. eins og það nú er, þá muni koma kröfur um, að afskriftareglugerðinni verði breytt og leyfðar verði hærri afskriftir af tækjunum. Og það mun verða notað sem röksemd við fjmrn., að menn muni því aðeins ráðast í að afla vissra tækja, að hærri afskriftir verði leyfðar af þeim. Og það mun sannast, að það mun verða erfitt að standa móti þeim kröfum.

Ég vil benda á þetta til þess, að því sé nú þegar slegið föstu, að þingið verður að vera undir það búið, þó að það vilji ekki fallast á það að fjölga þeim tækjum, sem leyfðar eru afskriftir af, — að ríkisstj. verður á eftir knúð til þess að taka meira og minna upp tæki undir hærri afskriftir en gert hefur verið áður.

Ég mun fylgja því, að þessi brtt. nái fram að ganga. Það hefur að vísu ekki náðst samkomulag innan ríkisstj. um það að taka fleiri tæki en gert er ráð fyrir í frv., en ég tel mig samt hafa óbundnar hendur um atkvgr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mun skerða mjög tekjur ríkissjóðs. En það hefur verið gert ráð fyrir því frá fyrstu byrjun að auka mjög afskriftir af þessum nýju skipum. Hins vegar eru í frv. engin ákvæði um það, að skattfrjálst fé í nýbyggingarsjóðum, sem notað yrði til skipakaupanna, skyldi dragast frá, áður en til afskriftanna kæmi, sem ég hefði þó talið eðlilegt.

Einnig taldi ég varhugavert að framlengja þann tíma, sem þessi sérstöku fyrningarafskriftaákvæði gilda fyrir, lengur en þrjú ár, vegna ófyrirsjáanlegrar tekjurýrnunar ríkissjóðs af þeim sökum. Ber ég þó ekki fram brtt. um það efni, og vísa ég til ræðu hæstv. fjmrh. um það atriði. — Hins vegar er ég andvígur brtt. meiri hl., um að láta ákvæði þessi ná til flutningaskipa, bæði vegna þeirra almennu ástæðna, að þar með væri gengið enn meir á tekjustofna ríkisins, og líka með tilliti til þess, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á, að skattfrelsi Eimskipafélags Íslands væri tímabundið og félli niður eftir eitt ár, en það hefði í skjóli skattfrelsisins safnað stórfé á stríðsárunum, sem það hefði varið til skipakaupa og hrykki til þess að greiða kaupverð skipanna að miklu leyti. Og ætti þá ekki að vera þörf á sérstökum afskriftum af slíkum skipum, þar sem þessa skattfrjálsu sjóðsöfnun ætti sjálfsögðu að afskrifa strax um leið og skipin verða keypt. Annars skal ég ekki taka það efni til umr. nú, skattfrelsi Eimskipafélags Íslands, né spá neinu um það, hvað verður, þegar skattfrelsi þess er á enda samkv. því, sem samþ. hefur verið.

ATKVGR.
Brtt. 964,1 samþ. með 10:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 964,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 995).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 128. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 129. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé, að bætt hefur verið „flutningaskip" inn í 1. gr. í Ed. til viðbótar við það, sem hér var samþ., en ég vildi leggja til, að þetta yrði afgr. eins og við höfðum samþ. það. Ég vil leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt., þar sem fellt er niður „flutningaskip".

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1020) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja mína skoðun í þessu máli. Ég er í sjálfu sér samþ. þessari brtt., en þar eð fundi er lokið í Ed., mundi samþykkt hennar sama og stöðva málið. Í sambandi við nýsköpunina hefur verið lofað afskriftum, og væri það brigðmælgi, ef það loforð væri ekki efnt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tel ekkert í vegi fyrir því, að fundur verði í Ed., þó að forseti hennar hafi óskað þm. góðrar heimferðar. En þessi breyt. í Ed. er gerð án samkomulags, og vil ég, að málið verði afgr. eins og samkomulag varð um. Það gæti meira að segja komið saman fundur þar fyrir hádegi í dag.

ATKVGR.

Brtt. 1020 felld með 15:9 atkv.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1021).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 16. fundi í Nd., 25. okt., utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Má ég fyrst þakka hæstv. forseta, að hann hefur aftur tekið upp þann góða og sjálfsagða sið að skýra frá því í fundarbyrjun, hverjir hafi fjarvistarleyfi. Með þessu lætur hann ekki okkur hina, sem á þingi mætum, sakfella þá, sem fjarvistarleyfi hafa, um sams konar ábyrgðar- og áhugaleysi fyrir þingmannsstarfi sínu og hina, sem venjulega láta sig vanta hér í sali Alþingis. En benda vildi ég hæstv. forseta á það, sem ég raunar veit, að hann skilur allra manna bezt sem sagnfræðingur og skjalavörður, að til þess að síðari tími dæmi þá þingmenn ekki of hart, sem fjarvistum eru með leyfi í einstökum tilfellum, þá þarf ekki bara að tilkynna úr forsetastóli, hverjir það eru, því að það geymist ekki eftirkomendum okkar, heldur líka rita það í fundargerð hvers fundar, og vænti ég þess, að hæstv. forseti hlutist til um, að svo verði gert hér eftir.

Þá vildi ég skýra hæstv. forseta frá því, að það var nú í gærkvöld, sem ég hringdi í þriðja sinn á þessu þingi árangurslaust í símavörzluna. Ég hringdi nokkurn veginn látlaust frá kl. 8,15—8,35, þá gafst ég upp. Ég get skilið, að þegar starfsfólkið sér marga þingmenn vanrækja starf sitt, þá hætti því við að gera slíkt hið sama, en þó að þar kunni að mega finna afsökun fyrir starfsfólkið, óska ég þess, að hæstv. forseti gangi eftir því, að bæði símavarzlan og önnur afgreiðsla og þjónusta, sem hér á að veita þm., sé leyst af hendi sómasamlega.

Loks langar mig að fá upplýsingar um eitt mál. Á síðasta fundi hér í hv. d. tilkynnti hæstv. forseti úr forsetastóli: „Lagt fram í lestrarsal: Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. frv. nýbyggingarráðs um fiskveiðasjóð Íslands og um breyt. á l. um nýbyggingarráð." — Mér kom málið ókunnuglega fyrir, mundi ekki eftir því. Og strax og hv. 8. þm. Reykv. var byrjaður að flytja framsöguræðu sína í skólamálunum, fór ég að leita í þeim 42 málum, sem mér eins og öðrum hv. þm. hafði verið útbýtt hér í sæti mitt. Ég fann 9 bráðabirgðal. Þau voru lögð fram af hæstv. ríkisstj., og hugsazt gat, að nýbyggingarráð hefði samið þau. Það var meira að segja líklegt, að ríkisstjórn, sem vill spara, hefði látið einhverja af þeim 30 til 40 n. og þá kannske alveg eins nýbyggingarráð og einhverja aðra semja þau. En þau voru hvorki um fiskveiðasjóð né nýbyggingarráð, svo að bæjarstjórnin gat ekki átt við neitt þeirra. Og hin frv. öll eru flutt af einstökum þm. eða n. eftir ósk hæstv. ríkisstj., svo að ekki gat verið neitt þeirra, sem hér er átt við. Nú vil ég spyrja um tvennt. Það mun vera í fyrsta sinn í þingsögunni, sem skorað er á Alþ. að samþ. frv., sem það ekki hefur séð, en virðist þó vera búið að útbýta utanþings. Og er rétt að leggja slíkar áskoranir fram, þó að þær berist? — Hinni spurningunni vildi ég svo beina til form. nýbyggingarráðs, hvernig það megi vera, að frv., sem virðast vera samin til að leggja fyrir Alþingi, skuli fyrst vera lögð fram hér og þar úti um land í bæjarstj. og félögum, áður en okkur, sem á Alþingi sitjum, er gefinn kostur á að sjá þau.

Mér sýnist hér vera að ræða um nýja síði eða nýja tegund af nýsköpun, og mér finnst hún ekki til bóta. Það hefur verið siður að leggja frv., sem samþ. á á Alþingi, fyrir það og ræða þau þar og þá síðar þaðan senda þau til umsagnar sérfræðinga, ef mönnum svo sýnist.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, en honum hefði fyrst og fremst borið að svara þessum orðum hv. 2. þm. N.-M., og það veit ég, að hann hefði gert, en fyrst hann er ekki við, þá tel ég rétt, að ég segi það, sem ég veit um málið. Það er í stuttu máli þannig, að nýbyggingarráð hefur samið frv. um fiskveiðasjóð og sent ríkisstj. og ýmsum öðrum aðilum, þar á meðal bæjarstj. á Seyðisfirði, fyrst hún hefur fundið ástæðu til að mæla með frv., og það hefur verið sent fleirum. Mér finnst óþarft af hv. þm. að vera að fetta fingur út í þetta. Það kann að vera formgalli að mæla með frv., áður en það kemur fram, en mér finnst það samt vera nokkuð langt sótt að vera að finna að því. Málið kemur, og þá verða þessi meðmæli tekin til athugunar.

Á 35. fundi í Nd., 19. nóv., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi mega gera þá fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvort ekki sé þess að vænta, að frá hans ráðuneyti verði lagt fram frv. nú á þessu þingi um jarðeignamál kaupstaða og kauptúna. Það er kunnugt, að það hefur setið að störfum milliþn. í þessu máli, sem

mun hafa skilað niðurstöðum af störfum sínum til ráðuneytisins og gert till. um lagasetningu í þessu efni. — Ég fyrir mitt leyti álít, að brýn þörf sé á því, að yfirstandandi Alþ. gangi frá lagasetningu um þessi mál. Og ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hvort ekki megi búast við, að frv. um þetta efni, byggt á till. milliþn., verði flutt nú á þessu þingi.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það er rétt hjá hv. 6. landsk. þm., að það mun hafa verið unnið að undirbúningi þessa máls í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Og það hefur legið fyrir í ráðuneytinu uppkast að frv. um þetta efni, þegar núv. ríkisstjórn tók sæti. Ég hygg, að þetta frv. hafi verið sent hæstarétti og óskað eftir umsögn hæstaréttardómara um viss atriði í frv., og mun hafa legið fyrir álit þeirra um, að viss atriði í frv. muni ganga í bága við núverandi stjórnarskrá. Af þeim ástæðum hefur ríkisstj. ekki lagt frv. þetta fyrir hæstv. Alþ. — Nú hef ég nokkuð látið athuga frv. til að freista þess að gera breyt. á því, svo að það fari ekki í bága við stjskr., en þá er nokkur vafi á því, hvort frv. nær tilgangi sínum. Ég hef einnig látið athuga, hvort frv., ef að l. yrði, gæti náð til jarðeigna sveitaþorpa, þar sem ríkið þegar hefur hafið framkvæmdir, og álit skipulagsstjóra í bréfi, sem *ég nýlega hef fengið frá honum því viðvíkjandi*, er á þá leið, að frv. mundi ekki ná tilgangi sínum viðvíkjandi þeim jarðeignum. Sennilegt er, að ákvæðið í frv. frá þessari milliþn. um það, að ekki megi meta til eignarnáms jarðeignir hærra verði en eftir fasteignamati næst á undan, geti ekki staðizt eftir stjskr. Og verður því að láta athuga, hvort ekki er hægt að láta koma þessu fyrir á annan hátt, svo sem með því, að settur verði verðhækkunarskattur á lóðir.

Ég hef haft þetta mál til nokkurrar athugunar og tek sennilega ákvörðun um það innan mjög fárra daga, að hve miklu leyti hægt er að nota það frv., sem ég minntist á, og hvort hægt er að breyta því þannig, að það gæti náð tilgangi sínum að samþ. það á hæstv. Alþ.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh., en undirstrika þá beiðni mína, að ákveðið verði hið fyrsta um það, hvort frv. þetta verði lagt fram af hálfu ráðuneytisins. Ég álít, að þær miklu framkvæmdir, sem nú er verið að efna til víðs vegar á landinu, geri nauðsynina fyrir þessa löggjöf enn þá meir knýjandi en áður hefur verið. Og ég býst við, að það muni kannske fleiri hv. þm. vera sama sinnis og ég um það, að sé ekki að vænta frv. um þetta efni frá hæstv. ríkisstjórn, þá mundu þeir sjálfir vilja flytja frv. um þetta efni, til þess að það fengi eðlilega meðferð hér á yfirstandandi hæstv. Alþ.

En ég vil þakka hæstv. félmrh., að hann hefur lýst yfir, að hann muni taka þetta til meðferðar hið fljótasta.

Á 39. fundi í Nd., 26. nóv., utan dagskrár, mælti

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég vil beina orðum mínum til hæstv. viðskmrh. — Við vitum, að gjaldeyrir vor Íslendinga er nokkuð einhæfur, en þó á sinn hátt mjög voldugur, sem sé dollarainneignin vestan hafs. Þessu er ekki þannig varið hvað snertir önnur Evrópuríki, því að öll Evrópulönd, að Bretlandi undanskildu, hafa ekki getað *notað dollara fyrr en nú nýverið*. Við verðum því að vera vel á verði með dollarainneign okkar, ekki einungis að verja þeim á þarflegan og hagkvæman hátt, heldur líka að gæta þeirra fyrir ásælni annarra þjóða. Einkum má búast við, að hinar Norðurlandaþjóðirnar hafi mikinn hug á slíkum gjaldeyri. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess, að við misstum dollarana ekki úr höndum okkar, sem við eigum vestan hafs. Síðan samgöngur hófust við Norðurlöndin, hefur mikill varningur farið út úr landinu með hverju skipi, sem siglt hefur á milli, en þó mun þetta hafa verið í smáum stíl hjá því, þegar hið stóra skip, Drottningin, fór héðan í síðustu viku. Það hefur nú komið berlega í ljós, að Drottningin kom með soltna viðskiptamenn, sem hugsuðu sér gott til fanga, og talsverður hluti farþega ætlaði sér viðskipti hér. Nú leyfi ég mér að spyrja, hvað sé til varnar.

Eins og margir hafa mátt sjá og nú er orðið upplýst, hafa þessir ferðalangar og sendimenn keypt hér upp miklar vörubirgðir á okkar mælikvarða, *og ef svo héldi áfram*, gætu hér þrot orðið. Einkum er það vefnaðarvara, sem þeir hafa keypt mikið af, en auk þess ýmiss konar nauðsynjavara.

Þessi varningur hefur farið til Norðurlanda með Drottningunni, en þó má telja víst, að mikið sé hér pantað, en ekki sent úr landi. Nú má segja, að þetta sakaði ekki í þetta eina skipti, þar sem margir munu halda, að þetta verði frændþjóðum vorum að einhverju gagni. En svo mun farið með þessi innkaup, að þegar til Danmerkur kemur, verða þessar vörur einungis luxus, sem mjög fáir geta veitt sér, því að vörurnar verða svo dýrar.

Ég vil því beina því til hæstv. viðskmrh., hvort ekki sé rétt, að einhverjar takmarkanir séu settar, eins og gert hefur verið á Norðurlöndum, og í Svíþjóð hafa þessar reglur verið svo strangar, að vart tituprjónn hefur komizt yfir hafið. Látum farið sem farið er, en lengra ekki.

Ég veit, að þm. og ráðh. munu skilja þetta mál og nauðsyn þess, að gerðar verði ráðstafanir.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þetta mál er fullkomlega athyglisvert. Það er óhætt að segja, að þessi útflutningur til Danmerkur er tvenns konar, bæði leyfður og óleyfður. Hinn leyfði útflutningur er þrenns konar. Í fyrsta lagi vörur unnar hér mest úr innlendu hráefni, eins og prjónles o. fl., og ætla ég, að enginn hafi við slíkt að athuga. Í öðru lagi vörur fluttar inn frá Bretlandi, og eru það einkum vörur, sem kaupmenn hafa legið með, og í þriðja lagi vörur fluttar inn frá Bandaríkjunum. Þó hleypur það magn ekki nema á fáum hundruð þús. kr. og með samþykki Bandaríkjastjórnar í gegnum sendiráð þeirra hér. Hér er um að ræða óseljanlega vöru og óhentuga hér, t. d. mun stærsti vöruslattinn vera

kápuefni, sem kaupmaður hér hafði legið með í 4 ár. Það skal tekið fram, að enginn tollur hefur verið endurgreiddur af þessum vörum. Ég hygg, að þessi leyfði útflutningur stofni okkur ekki í neina hættu, þar sem hér er aðallega um að ræða vörur, sem henta okkur ekki. Hins vegar hefur það komið í ljós, að allmargir danskir kaupmenn eða umboðsmenn þeirra hafa gengið hér um og keypt vörur, sem okkur eru nauðsynlegar. Það má ekki endurtaka sig, að vörur, sem fluttar eru inn frá Bandaríkjunum og greiddar með dollarainnstæðu okkar, séu svo fluttar til Danmerkur. Þegar fyrstu útflutningsleyfin fengust frá Danmörku, var okkur gert að skyldu að greiða nokkuð af þeim vörum með dollurum, og var þá ekki ákveðið, hvernig við fengjum að greiða skuldir okkar í Danmörku. En með útflutningi á vörum til Danmerkur gátum við sparað dollara. Og nú hefur þetta skuldamál okkar við Danmörku leystst þannig, að Danir hafa fallið frá kröfum sínum um dollaragreiðslu, og megum við treysta, að þær skuldir fáist greiddar í pundum.

Ég held, að mér sé óhætt að lofa Alþingi því, að þessi ólöglegi útflutningur verði athugaður, áður en næsta skip fer, og að slíkt muni ekki endurtaka sig, sem nú hefur gerzt.

Gísli Sveinsson: Ég þakka hæstv. ráðh. hans góðu undirtektir, og kemur í ljós, að okkur er báðum ljóst, hvað hér er á ferðinni, og tek ég það fullkomlega gilt, sem hann sagði.

Páll Zóphóníasson: Í þessu sambandi langar mig að spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkuð sé satt í því, að ríkisstj. hafi leyft að selja fóðurbæti til Færeyja á þessu hausti, og hvað það magn hafi verið mikið og hvort slíkum sölum eigi að halda áfram. Mér þykir nokkuð einkennilegt, ef slíkt hefur verið leyft, meðan íslenzkir bændur hafa fóðurbæti af mjög skornum skammti, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni. (*Fjmrh.:* Hvenær á þetta að hafa skeð?) Í sambandi við færeysku samningana seint í sumar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég get því miður ekki svarað þessu, því að ég hef ekki heyrt á slíkt minnzt fyrr.

Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Pétur Magnússon): Hv. 2. þm. N.-M. beindi þeirri spurningu til mín í gær, hvort satt væri, að leyfður hefði verið útflutningur á fóðurbæti til Færeyja. Ég gat ekki svarað þessu þá, en hef nú grennslazt eftir því hjá viðskiptamálaráðuneytinu og fékk það svar, að enginn slíkur útflutningur hefði verið leyfður, en kaupmaður hefði hringt og spurt um, hvort nokkuð þýddi að sækja um leyfi til að flytja út 10 tonn af maísmjöli til Færeyja. En fulltrúi hafði gefið honum það svar, að það væri ekki ómaksins vert að skrifa slíka umsókn, því að slíkt væri alveg vonlaust. Ég hygg því, ef orðrómur gengur um þetta efni, sé hann með öllu tilhæfulaus.

Páll Zóphóníasson: Ég þakka ráðh. svarið, að svo miklu leyti sem ég get kallað það svar. Því að þegar færeysku skipin fóru í haust, talaði ég við einn skipstjórann persónulega, og hann sagði mér, að hann hefði fengið leyfi stjórnarráðs til að taka 25 tonn af maís. Ég veit ekki um annað, en er þó ekki grunlaus um, að það séu til fleiri dæmi þessu lík.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég get ekkert um það sagt, hvað farið hefur á milli hv. 2. þm. N.-M. og Færeyingsins, en ég trúi ekki fyrr en ég reyni, að fulltrúi í stjórnarráðinu hafi gefið mér skakkar upplýsingar. — Ég skil ekki, hvers vegna þm. var að tala um orðróm í gær, en nú um leyfi frá stjórnarráði. En ég hef sem sagt fengið þessar upplýsingar, að aðeins beiðni frá einum kaupmanni hafi komið til orða, en ekkert annað gerzt í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Ég hygg, að ráðh. hafi tekið skakkt eftir, því að ég spurði um í sambandi við þennan orðróm, hvað mikið hefði verið flutt út og hvort sá útflutningur hefði verið leyfður. Úr því að ráðh. er svona óákveðinn og veit svo lítið í þessu máli, á hann að afla sér betri upplýsinga og gefa Alþingi þær síðar.

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., utan dagskrár, mælti

Hermann Jónasson: Herra forseti. Af því að ég sé, að hæstv. forsrh. er nú staddur hér, en það ber fremur sjaldan við, vil ég leyfa mér að spyrja hann, hvenær verði birt skýrsla um herstöðvamálið svonefnda. Það mun vera eindregin ósk alls almennings, að birt sé skýrsla um þetta mál, og skal ég ekki rökstyðja það frekar nema tilefni gefist.

Forsrh. (Ólafur Thors): Mér er ánægja að hitta hv. þm. Str. hér á þingi, en hann mun oft hafa vantað á fundi undanfarið.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um herstöðvamálið, þá er því til að svara, að ég hef ekkert um það mál að segja að svo stöddu.

Hermann Jónasson: Mér þykir undarlegt, að hæstv. forsrh. skuli færast undan að gefa upplýsingar í þessu máli hér á hæstv. Alþingi. En þrátt fyrir það, þótt ekki megi ræða þetta mál hér, þá er talið leyfilegt að ræða það á svölum Alþingis og í útvarpið.

Ég tel, að meðferð sem þessi á utanríkismáli sé algerlega óþolandi. Ef það á að vera leynd um þetta mál, þá á að vera alger leynd um það, annars ræða það opinberlega. En ég geri ráð fyrir, að ef farið verður áfram með þetta mál sem hingað til, þá sé ekki hægt að líta á það sem leynd, og því sé öllum heimilt að ræða það opinberlega. Ég vil beina því til hæstv. forsætis- og utanríkisráðh., hvort ekki sé fært að birta skýrslur um málið, en ég tel það nauðsynlegt.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil segja fáein orð út af ummælum hv. þm. Str. Í máli hans gætti misskilnings á því, hvað væri opinbert og heimilt að ræða opinberlega. Þetta mál hefur legið fyrir

undanfarin ár og hefur verið rætt í blöðum. Ég tel leyfilegt, bæði fyrir þingmenn sem utanþingsmenn, að ræða svo stórt atriði sem þetta hvar sem er, og get ekki ætlað, að um slíkt sé hægt að deila. Á svölum Alþingis ræddi ég þetta efnislega eins og það hefur áður verið rætt. Þetta eru opinberir hlutir, og ég álít, að ég hafi ekki brotið neina leynd með orðum mínum. Og hv. þm. Str. ætti að líta á þskj. 251 og frhgrg. á þskj. 311, en þar segir m. a.:

„Bandaríkin hafa boðið Íslandi að framlengja herverndarsáttmálann, og hefur íslenzka þjóðin ekki enn svarað þeirri málaleitun."

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hef ekkert um þetta mál að segja að svo stöddu, en ef hv. þm. Str. telur mig hafa leynt einhverjum mikilsvarðandi atriðum í þessu sambandi, þá skal ég endurvekja minningar, sem mundu ef til vill koma óþægilega við hv. þm.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Án þess að blanda mér inn í þetta mál, vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé unnt að taka á dagskrá till. á þskj. 122, um flugvelli. Þetta er nokkuð skylt mál, því að ef farið verður fram á herstöðvar, þá eru þetta hinar sömu stöðvar. Og óska ég eftir, að leitað verði samkomulags um meðferð þessara stöðva, hvað sem orðsendingu Breta líður. Hitt er svo annað mál, að það þarf að birta, hvað hefur gerzt í þessu máli, og orðsendinguna þarf að birta, og eru allir hissa, að það skuli ekki þegar hafa verið gert. Og ekki veit ég ástæðu til þess, að ríkisstj. haldi þessu leyndu.

Forseti (JPálm): Út af fyrirspurn, sem hér hefur komið fram, vil ég segja það, að það er ekki ákveðið, hvenær næsti fundur verður. Það eru margar tillögur, sem liggja fyrir, og hef ég ekki ákveðið, hvernig því verður háttað um þessa tillögu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Út af ummælum, sem hér hafa fallið, vil ég segja það, að ég hef ekki talað digurbarkalega um þetta. Mér reyndari menn hafa tjáð mér, að þegar um vandamál væri að ræða sem þetta, þá væri oft venja, að slík plögg væru ekki birt fyrr en mörgum árum seinna, en þó mætti e. t. v. birta aðalefni þessa. En ég vil svo tilkynna það, að ég get ekki verið lengur við þessar umr., því að ég þarf að fara til þess að taka á móti sendiherra Rússa.

Á 22. fundi í Sþ., 21. des., utan dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla að gera hér litla fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. Ég ætlaði að reyna að tala við hann áður, en vannst ekki tími til þess. Skal ég hafa þetta mjög stutt.

Það er sjálfsagt flestum kunnugt, að við höfum orðið að búa hér við skort á ýmsum vörum. En það, sem er einna harðast fyrir okkur hér í Reykjavík, er það, að fjöldamörg undanfarin ár hafa mörg heimili orðið að búa við ægilegan smjörskort. Nú sá ég í blöðum bæjarins, að hér hafi flutzt inn allmikið af smjöri, fyrst frá Ameríku og síðan frá Danmörku, en fjöldi heimila situr hér uppi smjörlaus. Nú eru jólin að koma, og við eigum að sitja smjörlausir um jólin, þar á meðal fjöldi barnaheimila, og vil ég því spyrja hæstv. viðskmrh., hvað sé orðið af þessu danska smjöri, því að ekki hefur mitt heimili orðið vart við það.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Eins og ég held, að hv. 7. þm. Reykv. sé kunnugt, var tekin sú ákvörðun að skammta þetta smjör, sem fluttist til landsins. Var byrjað að skammta nákvæmlega sama smjörmagn og tekið er inn í vísitöluna, sem talið var óhætt að segja meðalnotkun fyrir ófriðinn. Þetta smjör hefur verið selt sem næst kostnaðarverði, þó hefur ríkissjóður haft ofurlítinn tekjuafgang af því. Nú, það var nú sjálfsagt skortur um tíma, í september og október, af því að það seinkaði sendingu, sem von var á frá Bandaríkjunum, en hún kom ekki fyrr en í nóvember. Um sama leyti fékk ríkisstj. innflutningsleyfi fyrir 150 tonnum af smjöri frá Danmörku, og mun það vera komið hingað til landsins núna. Af því að það var nokkurn veginn augljóst, að það smjörmagn, sem innflutt var í haust, mundi hrökkva heldur meira en fyrir þessu skammtaða magni næstu mánuði, var sú ákvörðun tekin með tilliti til jólanna og með tilliti til þess, að notkun er yfirleitt meiri á slíkri vöru um jólaleytið en á öðrum tímum, að bæta lítils háttar við skammtinn, gefa uppbót fyrir árið, og ég held, að ég fari rétt með, að sú uppbót hafi verið ½ kg á hvern mann, og er víst, að sú uppbót var látin út á einhvern stofnauka, þó að ég muni nú ekki lengur, hvaða stofnauki það var. Mér er sagt, án þess að rannsókn liggi fyrir um það enn þá, en hún getur ekki farið fram fyrr en eftir áramótin, að talsvert sé eftir enn þá af ameríska smjörinu, sem skammtað var síðast, og verða gefnir út skömmtunarseðlar eftir áramótin fyrir a. m. k. eins miklu magni og skammtað hefur verið hingað til, og e. t. v. verður látinn eitthvað meiri skammtur með tilliti til þess, að í Ed. hefur verið samþ., að skilyrði fyrir því, að lægra verð vöru, sem seld er eftir tvenns konar verði, verði tekið inn í vísitöluna, sé það, að látið sé 25% fram yfir það magn, sem látið er inn í vísitöluna, og er því sú ákvörðun tekin að láta eitthvað ríflegri skammt, því að gera má ráð fyrir, að þetta verði samþ. í þessari hv. deild. Danska smjörið er ekki komið á markaðinn enn þá, og þótti ekki ástæða til að setja það á markaðinn meðan nóg var af amerísku smjöri, en það verður skammtað strax upp úr áramótunum. Ég get ekki skilið, að ríkisstj. geti meira í þessu gert en hún hefur þegar gert, og hún hefur, sem sagt, skammtað það magn, sem tekið er inn í vísitöluna, og þó ofurlitla viðbót. Ef farið væri að flytja inn smjör í stórum stíl, þá geri ég ráð fyrir, að hætta yrði á, að innlenda framleiðslan seldist ekki, og það mundi vitanlega skapa stórkostleg vandkvæði, sem ríkisstj. yrði að ráða fram úr á einhvern hátt. Ég held, að menn séu sammála um, að eðlilegast sé að skammta áfram þetta sama magn,

og þá sé a. m. k. enn sem komið er ekki hætta á, að innlenda framleiðslan seljist ekki, og ég sé ekki neinn möguleika til þess að fara nú fyrir jólin að bæta við þennan skammt. Menn hafa þegar fengið viðbótarskammt, og þó að mér sé ljóst, að það er svo lítið magn, að fara verður varlega með það, til þess að það geti enzt, er það þó óneitanlega mikil viðbrigði frá því, sem var um áramótin síðustu, þegar menn gátu naumast fengið neitt smjör til heimila sinna.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann hefur gert grein fyrir afstöðu viðskiptavaldanna í þessu máli. Mér skilst, að það eigi ekki að bæta úr þeim vandkvæðum, sem hér ríkja í þessum efnum, fyrir hátíðarnar, og verður maður þá að hafa það. En ég vil við þetta bæta því, að mér er það alveg óskiljanlegt, ef smjör er fáanlegt ytra, — og það held ég að megi fá bæði í Ameríku og eins frá Danmörku, — þá er mér alveg óskiljanlegt, hvers vegna á að leggja þessa refsingu á Íslendinga og leyfa þeim ekki að borða smjör. Okkur var birt það með mikilli gleði og miklum fögnuði fyrir nokkru, að nú væri búið að kippa mjólkurmálunum alveg í lag. Ekki hefur nú þetta enzt mínu heimili til heilbrigði, en það er staðreynd, sem ég þarf ekki annarra vitneskju um, því að ég hef þar mína eigin, að ég hef ekki getað fengið smjör að neinu ráði til heimilisins nema á svörtum markaði, fyrir 28—30 kr. kg, og þótti mér það þó gott, meðan ég gat fengið það, en nú er það ekki hægt lengur.

Ég vildi segja þetta, þó að ég ætli ekki að fara að deila við hæstv. ráðh., og það vantar greinargerð fyrir því, hvers vegna á að vera að halda fjölskyldum hér í smjörsvelti, ef smjör er fáanlegt frá útlöndum. Það geta ekki talizt gild rök, að þá muni eyðileggjast svartur markaður í landinu, sem ekki er hægt að komast að.

Ég ætla ekki að tefja þennan fundartíma með því að ræða þetta meira, en vildi fá greinargerð fyrir þessu og láta í ljós vanþóknun mína á þessu fyrirkomulagi.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég veit ekki, hvaðan hv. 7. þm. Reykv. hefur þær upplýsingar, að fá megi nóg smjör til landsins. Ríkisstj. tókst ekki í haust að fá meira magn af útlendu smjöri en 150 tonn, og það er ekki mikið fram yfir það, ef nokkuð er, sem nauðsynlegt verður að skammta nú eftir áramótin. Hv. þm. hlýtur að skilja, að úr því að það ráð er tekið upp að skammta smjörið, verður ríkisstjórnin eða viðskiptamálaráðuneytið að reyna að sjá fyrir því, að nægilegt magn sé til, áður en farið er að selja það á svörtum markaði. Getur verið, að mætti fá smjör frá Ameríku, en það hefur nú stundum heyrzt kveða við þann tón, að það væri óvarlega farið með þær innstæður, sem eftir eru, og ég vil ekki stuðla að því, að farið verði að eyða þeim til þess að flytja smjör frá Ameríku. Ég held, að það sé engin ástæða til að vera að þessu.

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Því er þannig varið, að þm. hafa heyrt á ýmsum fregnum, að gerðar hafi verið ýmsar ráðstafanir í sjávarútvegsmálum af hendi hæstv. ríkisstjórnar í þinghléinu, einkum varðandi það, að bátaútvegurinn stöðvist ekki í bili. Ég hef verið að búast við því, að birt yrði yfirlýsing á Alþ. af hálfu hæstv. ríkisstj. um þetta mál eða fram yrði lögð einhver skýrsla, sem bæri það með sér, hvernig þessum málum er háttað og hvað fyrirhugað er í þeim. En þar sem ekkert er enn komið fram í þessum málum, þá vil ég spyrja um það, hvað gert hefur verið. Ef hæstv. atvmrh. er ekki tilbúinn að gefa skýringu varðandi þetta nú, óska ég eftir því, að málið komi fyrir þingið bráðlega í einhverju formi.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Í hléinu hefur ríkisstj. gert þær ráðstafanir, sem hún taldi nauðsynlegar til tryggingar sjávarútveginum í sambandi við þá óvissu, sem nú ríkir um markaði erlendis. Þessar ráðstafanir hafa einkum miðazt við það, að gert er ráð fyrir því, að sú óvissa, sem nú ríkir um enska markaðinn, geri það nauðsynlegt, að eitthvað af fiskinum verði saltað. Hefur verið talað um það, að útvegsmönnum yrði tryggt ákveðið verð fyrir 5000 tonn af saltfiski.

Enn fremur er ágreiningur uppi milli fiskiskipaeigenda og þeirra manna, sem á skipunum vinna, um áhættuþóknunina o. fl. Sá ágreiningur er ekki enn leystur og ekki vitað, hvernig það mál fer. En þetta getur haft áhrif á flutninga, sérstaklega hinna minni skipa. Vegna óvissunnar um sölu á hraðfrysta fiskinum hefur ríkisstj. hafið viðræður við hraðfrystihúsaeigendur um það, að þeir sjái um að setja hús sín í gang og tryggja þá fyrir skakkaföllum. Enn er ekki vitað, hvernig til tekst með sölu á þessum fiski. En þetta hefur orðið til þess, að hraðfrystihúsin öll hafa farið af stað og tekið á móti mestu af þeim fiski, sem fiskaður hefur verið. Fiskur hefur heldur verið tregur og gæftir ekki góðar. Mjög bráðlega má vænta frekari upplýsinga í sambandi við þessi mál og þau lögð fyrir þingið, þar sem ríkisstj. mun æskja heimildar til þessara ráðstafana af hálfu þingsins.

Eysteinn Jónsson: Ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf, svo langt sem þær ná. Og það er ágætt, að þetta skuli eiga að ræða nánar á næstunni í Alþ. Hæstv. ráðh. gat um það, að ríkisstj. hefði hugsað sér að tryggja mönnum ákveðið verð fyrir visst magn af saltfiski, og minntist á 5000 tonn í því sambandi, sem ríkisstj. hefði hugsað sér að ábyrgjast verð á. En ég vildi benda á það á þessu fyrsta stigi málsins, að það er ákaflega þýðingarmikið, hvernig þessu magni er deilt niður og hvernig á að selja þetta magn. Mér skilst það sé mjög þýðingarmikið, hvernig þessum kvóta er skipt. Og ég vil gera fyrirspurn um það til hæstv. ráðh. og hef verið hvattur til þess af aðilum, sem eiga nokkuð undir því, hvernig á málum þessum er haldið.

Í öðru lagi minntist hæstv. ráðh. á það, að það hefðu farið fram viðræður við hraðfrystihúsaeigendur varðandi framhaldsrekstur húsanna. Ég hygg það hafi orðið þannig, þótt hæstv. ráðh.

segði það ekki, að ríkisstj. hafi tekið ábyrgð á því, að ríkissjóður borgaði þá 5 aura, sem liggja á milli 45 og 50 aura verðsins á venjulegum fisktegundum, og miðað við, ef það verð fæst ekki hækkað í Bretlandi, þá verði mismunurinn borgaður. Vona ég hæstv. ráðh. leiðrétti þetta, ef hér er rangt með farið. Þessar ráðstafanir bera það með sér, hvernig ástandið er nú orðið í þessum málum, en það er ekki ástæða til að hefja almennar umr. um það hér. Þessar ráðstafanir eru sennilega óhjákvæmilegar eða einhverjar svipaðar, fyrst ekki er fastara tekið á málunum á annan og heilbrigðari hátt, eins og lagt hefur verið til af öðrum aðilum en þeim, sem nálægt þessu koma núna.

Ég vil svo undirstrika þetta viðkomandi saltfisk-kvótanum. Það veltur á miklu, hvernig honum er skipt. Og ég vil einnig benda á að gefnu tilefni, að það er ekki réttlátt að miða þennan saltfisk-kvóta eingöngu við stórfisk. Ef þetta á að koma að gagni fyrir smáútvegsplássin, þá verður líka smærri fiskur að geta komið til greina.

Að lokum vil ég beina til ríkisstj. fyrirspurn um það, hvort ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja ísfiskflutningana með því t. d. að afla skipakosts til flutninganna til viðbótar þeim skipakosti, sem Íslendingar eiga yfir að ráða. Mig rekur minni til þess, að þegar menn lögðu málið niður fyrir sér í fyrra, þá þótti nauðsynlegt að tryggja viðbótarskipakost í þessu skyni. Þótt ágreiningur væri um frágang samninganna í þessu sambandi, voru menn sammála um nauðsyn þess að tryggja skipakost. Ég vildi spyrja, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hefur gert í þessa átt eða hvað hún hugsar sér að gera. Mér skilst, ef vertíðin verður sæmileg hvað afla snertir, þá séu sáralitlar líkur fyrir því, að menn geti losað sig við fisk sinn nægilega ört. Þess vegna drep ég á þetta. Ég hef heyrt, að ekki hafi enn verið komizt að neinni niðurstöðu í samningum, sem átt hafa sér stað um lækkun útgerðarkostnaðar á flutningaskipum. Svo það sé allt í óvissu um, hvort flutningaskipin haldi áfram að kaupa og flytja fiskinn.

Vona ég, að hæstv. ráðh. gefi svör við þessum spurningum núna eða síðar, með því að láta þessi mál koma til umr. hér í þinginu. Mér finnst hæstv. ríkisstj. ætti ekki að láta langan tíma líða, þangað til hún leggur þær ráðstafanir, sem þegar er búið að gera, fyrir þingið til samþykktar.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Hvað viðvíkur öflun skipa, þá er það að segja, að ríkisstj. hefur leitað fyrir sér um það á Norðurlöndum. Hefur hún haft í huga að fá allt að 10 skip, helzt góð skip, því að eins og nú horfir með markaðshorfur, er tæplega fært að leggja út í það að leigja lítil skip, t. d. eins og færeysku skipin. Ríkisstj. lét spyrjast fyrir um það í Bretlandi, hvort leiguskipum yrði leyfð löndun, og fékk neitandi svar. Þessi leiguskip koma því ekki til með að flytja fisk á enskan markað. En ef tekst að afla markaða á meginlandinu, t. d. Belgíu o. fl. löndum, þá er vel hugsanlegt, að nota megi þessi leiguskip til flutninga þangað, og verður þetta athugað nánar í því sambandi. En ríkisstj. hefur ekki talið rétt að festa sér þessi skip að svo komnu, því að ekki er vitað svo með vissu um markaðshorfur í þeim löndum, sem mundu leyfa löndun þessara skipa, en fyrir liggur neitun frá Englandi, eins og áður er sagt. Það fiskast nú mikið á heimamiðum í Englandi, og er mjög mikið um skip í enskum höfnum. Hefur ríkisstj. verið vöruð við því að treysta um of á löndun ísfisks í Englandi. Með þessa örðugleika í huga hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að örva saltfiskframleiðsluna, svo að hægt sé að salta einhvern hluta aflans heldur en flytja hann út í ís í e. t. v. mikilli óvissu.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki lengja þessar umr. En mig langar að spyrja hæstv. ráðh. að gefnu tilefni um það, hvort nokkuð sé vitað um söluverð á saltfiski.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur haft með höndum eftirgrennslanir um sölu saltfisks og telur sig hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að hægt muni að selja hann til Spánar, Portúgals og jafnvel til Frakklands. Frekari eftirgrennslanir hafa ekki verið gerðar. En það verð, sem vitað er um, að hægt er að fá, er þó nokkuð lægra en það, sem talið er nauðsynlegt hér heima til þess að fyrir fiskinn fáist það verð, sem ákveðið var í auglýsingu þeirri, sem gefin var út um það. En þessi mál eru enn á byrjunarstigi, og hefur Sölusambandið fengið fyrirskipun um að halda áfram eftirgrennslunum víðar og er nú að vinna að því.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt, náðist fyrir skömmu lausn á vinnudeilu þeirri, sem stóð yfir hér á dögunum, og hafa blöðin skýrt frá úrslitum málsins. Í því sambandi kom fram í einu dagblaði bæjarins, þ. e. Þjóðviljanum, vitneskja, sem ég vildi gjarnan gera fyrirspurn um til hæstv. viðskmrh. Í þessu blaði segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „— að ríkisstj. lýsir yfir, að veitt verði innflutningsleyfi beint til neytenda.“ Af þessari frásögn blaðsins kemur fram, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið einhverja yfirlýsingu um stefnubreytingu í þessum málum, sem ég fyrir mitt leyti vildi fá nánari vitneskju um, í hverju væri fólgin, ef hæstv. ráðh. væri reiðubúinn að skýra þingheimi frá því.

Þá vildi ég einnig spyrja hæstv. viðskmrh. að því, hvernig á því stendur, að ekki hafi verið gefin út nein reglugerð um frílistann eða frjálsan innflutning frá þeim löndum, þar sem greiðslur fara fram í sterlingspundum. Mig minnir, að ætlunin hafi verið að gera þetta, þegar breytingar voru gerðar á l. um gjaldeyrisverzlun, en enn þá hefur ekkert gerzt í þessu máli.

Loks vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hverju sæti sá endurútflutningur, sem virðist eiga sér stað í nokkuð ríkum mæli frá landinu. Ég man ekki, hvað hér er um háa upphæð að ræða, en hygg, að hún sé eitthvað milli 10–20 millj., en mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á þessu,

þar sem vitað er, að það er nokkur hörgull á frjálsum gjaldeyri, og virðist það því vera varhugavert, ef halda ætti slíku áfram í ríkum mæli, að þær vörur, sem ef til vill eru keyptar hingað fyrir frjálsan gjaldeyri og þær greiðslur þannig teknar af dollarainnstæðum okkar, séu aftur fluttar út úr landinu til landa, sem ekki greiða vörurnar með frjálsum gjaldeyri.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mér er ánægja að svara fyrirspurnum þeim, sem hv. 2. þm. S.-M. hefur beint til mín.

Varðandi fyrstu fyrirspurn hv. þm. er því til að svara, að þessi frásögn í Þjóðviljanum hlýtur að vera á einhverjum misskilningi byggð, því að það hefur aldrei komið til tals að veita einstaklingum innflutningsleyfi fyrir almennum neyzluvörum. Það eina, sem talað hefur verið um í þessu sambandi, er það, að kaupfélögin gætu fengið innflutningsleyfi fyrir vissum vöruteg undum hvert út af fyrir sig, í stað þess að Samband ísl. samvinnufélaga hefur fengið leyfi fyrir öllum þeim erlendu vörum eða öllum þeim kvóta, sem kaupfélögunum er ætlaður. Þetta mál kom til umr. í viðskiptaráði fyrir rúmlega einu ári, og var þar þá gerð samþykkt um það, að ekkert væri þessu til fyrirstöðu, ef þess væri sérstaklega óskað. Mun þessi samþykkt hafa verið gerð að gefnu tilefni frá einu kaupfélagi, en í sambandi við vinnudeiluna kom þetta til tals aftur, án þess að ríkisstj. gæfi nokkra yfirlýsingu í sambandi við þetta, en á það var bent, að þessi samþykkt lægi fyrir. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert því til fyrirstöðu, að einstök kaupfélög, ef þau óska þess, fái gefin út leyfi beint á sitt nafn, en þá hafa þau að sjálfsögðu ekki heimtingu á meiru en sem er í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í heildarkvóta S.Í.S.

Síðan spurði hv. þm. um það, hvers vegna hefði ekki verið gefinn út frílisti, en þetta er ekki alveg rétt orðað. — Samkv. l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð, sem samþ. voru á þessu þ., var tilætlunin sú að leyfa frjálsan innflutning á öllum þeim vörum, sem ekki væru sérstaklega undanþegnar. Rétt um það leyti, sem átti að gefa út reglugerð um þetta, barst fregnin frá Bretlandi um það, að við mættum ekki eiga von á því að geta selt þar neitt af frystum fiski á þessu ári. Af þeim ástæðum þótti ekki ráðlegt að gefa innflutninginn frjálsan, meðan óvíst var um markaði.

Hins vegar hefur verið fylgt sömu reglu og áður um leyfisveitingu. Ekki hefur verið hindraður innflutningur nema á vörum, sem óþarfar voru taldar. Dregið hefur og verið úr leyfisveitingum, því að beðið var eftir, hvernig sölu á freðfiski yrði háttað. Ég geri ráð fyrir, að ef úr rætist um sölu á fiskinum, þá verði gengið frá þessum frílista, en vitanlegt er, að vörur, sem greiðast í dollurum, verða háðar leyfisveitingum. Annars held ég, að þetta hafi ekki verulega þýðingu fyrir utanríkisverzlunina.

Viðvíkjandi 3. atriðinu, um endurútflutningsverzlun, þá hefur þetta verið gert að umræðuatriði utan dagskrár áður. Mér er ekki kunnugt um fullkomlega, í hve stórum stíl þetta hefur farið fram. En eftir þær umræður hef ég tekið þetta fastari tökum. Ég hef fengið menn með sérþekkingu, sem athuguðu hverja vöru. Síðan hefur ekki verið leyfður endurútflutningur, nema þessir menn hafi talið vörurnar óhæfar og óseljanlegar. — Á árunum 1941—1942 reyndust sumar vörur frá Bretlandi óseljanlegar og hafa verið endurútfluttar. Auk þeirra erlendu vara, sem hafa verið fluttar út, hefur verið innlend framleiðsla, sem unnin hefur verið úr útlendu efni, t. d. ullarlopi fyrir þó nokkra upphæð. Mergingildi þessarar vöru liggur í vinnunni. Einnig hefur verið stöðvaður farþegaflutningur milli landa, síðan þetta var hér til umræðu. Það hefur verið talsverður fjárhagslegur hagnaður af þeim vörum, sem fluttar hafa verið inn og unnið hefur verið úr hér og síðan fluttar út. Hitt hygg ég, að sá frjálsi gjaldeyrir, dollarar, sé ekki meira en það, að engu máli skipti.

Eysteinn Jónsson: Ég vil þakka hæstv. ráðherra. Ég heyri, að ekkert er til í fregn þeirri, sem birt er í Þjóðviljanum í dag, að neytendum verði veitt beint innflutningsleyfi. Ég hafði gert mér vonir um, er ég las þessa fregn, að eitthvað mundi rýmkast til um leyfi kaupfélaganna og að eitthvað væri að lagast í þessum málum, en hér hlýtur að vera á misskilningi byggt um, hvað gerzt hefur.

Viðvíkjandi 2. atriðinu sagði hæstv. ráðh., að stöðvun hefði komið á sölu frysts fisks, en bætt yrði úr þessu. Mér finnst eftirtektarvert, hvað ráðh. segir. Mér og líklega öllum fannst það ill tíðindi, er markaðurinn í Englandi takmarkaðist. En við eigum nú stórar innstæður í Englandi, svo að ekki mun vera fyrirsjáanlegur gjaldeyrisskortur þar. Það má búast við, að á næstunni gerist ýmislegt voveiflegt. En ef slíkir atburðir verða ekki til þess, að frjáls viðskipti verði með helztu nauðsynjavörur, þá lízt mér ekki á, að hér verði framar frjáls verzlun. Ríkisstjórnin átti að láta vera frjálsa verzlun með nauðsynjavörur við sterlingslöndin. Þess vegna finnst mér, að ráðherra ætti að tilkynna, að frjáls verzlun væri við sterlingslöndin, þótt undanskildar væru nokkrar vörur.

Mér er ljóst eins og fleirum, að hætta er á ferðum, ef innflutningshöftin standa lengi. Þá verður ástandið í verzlunarmálunum svipað og vatn, sem enga framrás hefur. Mér finnst, að ekki megi hindra frjálsa verzlun, meðan tækifæri og gjaldeyrir er fyrir hendi. Ég tel, að ekki ætti að draga að gefa út frílistann.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mér þykir vænt um að heyra það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, og er ég honum sammála um, að illt sé að leggja hömlur á innflutninginn. En eins og ég gat um áðan, þá hefur verið frjáls innflutningur á nauðsynjavörum frá sterlingslöndunum.

Eftir að hafa heyrt þær óskir frá hv. 2. þm. S.-M., þá skal það verða tekið til athugunar, hvort ekki sé hægt að gefa út þennan frílista.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. hefur kinokað sér við að gefa innflutninginn frjálsan, af því hann fékk slæm tíðindi um sölu á mikilsverðri útflutningsvöru. Mér finnst bara, að ráðh. gæti

sett sig í mín spor á sínum tíma, er allar aðstæður voru engu betri.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vil benda hv. þm. á, að ár eftir ár hefur blað hans, Tíminn, látið í ljós andstöðu gegn frjálsum vöruinnflutningi.

Eysteinn Jónsson: Ég vil vekja athygli á því, að þetta er misskilningur. Tíminn heldur því þvert á móti fram, að innflutningshöftin séu neyðarúrræði.

Haraldur Guðmundsson: Það er út af því, að mér skildist á hæstv. fjmrh., að hann hið allra fyrsta skyldi verða við þeim tilmælum hv. 2. þm. S.-M., að hann gæfi út frílista. Ég heyrði, að hann afsakaði, að þetta hefði ekki verið gert, vegna þess að ekki hefði verið hægt að tryggja sölu á freðfiski.

Mig furðar á þessum svörum. Ég tel það fráleitt að gefa út frílista, vegna þess að þær vörur, sem okkur vantar, eru torfengnar. Það er ekki auðvelt að fá vélar og vörur til landsins. Ég held það væri mesta óráð að hverfa að þessu ráði. Gengið hefur á innstæður okkar erlendis um 100 millj. kr., og gefur það tilefni til varasemi. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi ekki hugsað sér frjálsan innflutning frá Bandaríkjunum. Dollarainnstæður okkar eru til þurrðar gengnar.

Ég vil taka undir það, sem fram kom, að á því fyrirkomulagi, sem verið hefur, eru miklir agnúar. En það þarf að lagast á allt annan hátt. Ég vil mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann skoði huga sinn vel, áður en hann hverfur að því ráði að gefa út frílista.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ef hv. 3. landsk. hefði hlustað á umr., þá ætti honum að vera það ljóst, að þótt þessar reglur yrðu settar, þá gera þær litla breytingu. Á bannlista yrðu allar vörur, sem greiddar væru með dollurum.

Eins og ég skýrði frá, þá hafa ekki verið settar hömlur á innflutning nauðsynjavöru. Af því að dregizt hefur að gefa út frílistann, verður að setja strangari reglur um innflutninginn. Ég vil heldur láta bíða, þar til vitað er, hvort hægt sé að hafa frjálsan innflutning. Það yrði engin fyrirmynd að hafa annað ástand en hefur ríkt.

Sigurður Kristjánsson: Það er einungis vegna þess, að þessi rödd kom fram frá hv. 3. landsk., að vara við að slaka mjög til á frjálsum innflutningi, að ég kveð mér hér hljóðs, til þess að ráðh. fái rödd, sem hvetji til hins gagnstæða við það, er 3. landsk. hvetur til.

Það er gömul saga hér að forsvara innflutningshöft með því að bera við innflutningi glysvarnings. Þótt hægt væri að sýna fram á áður fyrr, að hann næmi sáralitlu, væri hverfandi, þá var mjög haldið fram, að innflutningshöft yrðu að vera til að koma í veg fyrir innflutning óþarfa.

Ég verð var við þessa rödd enn. Þá vil ég segja það, að á innflutningsskýrslum hefur upphæðin fyrir þennan óþarfa alltaf numið litlu, þótt mikið beri á glysvarningi í búðargluggum og hann sé dýr. Það er ekki sérstaklega mikið greitt út úr landinu fyrir þennan varning.

Út af þessum umræðum læt ég einkum í ljós gleði mína yfir því að heyra, hve hv. 2. þm. S.-M. er nú hlynntur frjálsum innflutningi.

Það verður ævinlega sannfæring mín, að mikið böl hljótist af innflutningshöftum. En þau verða oft hrein og bein trúarbrögð. Höftin hafa alltaf skapað vöruskort og hækkað vöruverð í landinu, og af því hefur aftur leitt aukna erfiðleika fyrir landsfólkið. Mun æ og ævinlega verða svo, að innflutningshöft leiða af sér vöruskort, og af honum leiðir aftur of hátt vöruverð. Þetta er ekki heilbrigt. — Ég hvet til þess, að stjórnin leyfi frjálsa verzlun.

Hér á landi mun vöruverð vera miklu hærra en í nágrannalöndunum. Ég hef verið að kynna mér þetta og spurt menn, er nýlega eru komnir hingað heim. Hef ég undrazt mjög hið lága verð þar á lífsnauðsynjum og hinn geysilega mun á lífskjörum fólks hér og erlendis. Hinar rótgrónu hömlur eiga sinn þátt í því.

Ég hef þessi orð ekki lengri, enda er ekki algengt að teygja úr umræðum utan dagskrár. Ég vildi aðeins segja þetta til að hvetja stj. til að leitast við að gera verzlunina sem frjálsasta.

Forseti (BG): Hv. 3. landsk. gerir stutta aths.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr. Ég fellst alveg á það, sem hæstv. fjmrh. sagði í síðustu ræðu sinni. Ég er honum sammála um, að lítil fyrirhyggja sé í því. Tel ég fljótráðið að gera þá breytingu, er hér um ræðir. Skilst mér á hæstv. ráðh., að þetta muni aðeins vera á pappírnum.

Ef ekki á að auka frjálsan innflutning á dollaravörum, gæti hugsazt, að ýmsum þætti hugtakið ekki nógu „eksakt".

Ég hef séð listana yfir þær vörur, er gert var ráð fyrir, að gerðar yrðu frjálsar, og ég sá þar ýmsar, sem mér þóttu miður nauðsynlegar.

Meginhættan liggur ekki í auknum innflutningi á þeim vörum, er engin ekla er á, heldur þeirri afleiðingu, sem ég hygg, að yrði af útflutningi gjaldeyris til útlanda.

Það er áreiðanlega mjög hætt við því, eins og hv. þm. gat hér um og sannaði á undan mér, að menn leiti á að flytja út gjaldeyri til kaupa á vörum, því að erlendis er kaupmáttur hans meiri en hér. Í því liggur mikil hætta.

Hallgrímur Benediktsson: Ég ætla ekki að lengja umr. meira á þessu stigi málsins, því að þær virðast nú vera komnar á breiðan grundvöll. Lítur út fyrir, að hægt sé að tala lengi um þessi efni, þ. e. viðskiptamálin.

Þessi fyrirspurn til ráðh. stendur auðvitað í sambandi við ummæli eins dagblaðanna. Ég lýsi aðeins viðhorfi mínu og stéttar minnar. Ég býst við, að nákvæmlega sé um sama að ræða og líka kom fram hjá hv. 2. þm. S-M., að til þess að verzlunarstéttinni megi auðnast að inna sem bezt af hendi þjónustu þá, er henni ber, þá sé eina leiðin sú að gera verzlunina sem frjálsasta.

Ég vona, að ráðh. leggi höfuðáherzlu á það, hvort ekki sé hægt að gefa algerlega frjálsan

innflutning frá sterlingslöndum. Þessu viðvíkjandi hreyfi ég því hér, að ég hef heyrt, að eitthvað hafi raknað úr um fisksölu til Bretlands og skip, nýkomið hingað, eigi að fara þangað með fisk. (*PO:* Er það hraðfrystur fiskur?) Já, eða ísaður. — Það er e. t. v. einhver fótur fyrir þessu. Við vitum, að hv. 3. landsk. á sæti í samninganefnd utanríkisviðskipta.

Ég vildi aðeins skjóta þessu fram, af því að svartsýni er nú ríkjandi í þessum málum.

Það er engin lausn að kalla ábyrgð á hið opinbera. Einstaklingar hafa oft leyst úr hnútum og ýmiss konar atvikum.

Við höfðum á leigu lítið, hollenzkt skip. Það var uppi í Borgarnesi, hlaðið sementi, og heyrði ég á skotspónum, að það hefði greiðzt úti.

Ég vildi hafa lýst afstöðu minni í fáum orðum. Ég tel mikla nauðsyn til bera, að verzlunin sé sem allra frjálsust, en það er áhugamál allra kaupsýslumanna.

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Ég held, að ég muni það rétt, að Bretar hafi tilkynnt, að þeir ætluðu að afhenda flugvöllinn í marz. — Út af þessari tilkynningu langar mig að spyrja hæstv. ríkisstjórn og þá víst einkum atvmrh., sem hefur með flugmál að gera, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að taka við rekstri flugvallarins og hvort ekki muni þurfa að setja einhver lög í því sambandi. Og ef svo væri, hvort sú löggjöf væri í undirbúningi.

Þar sem atvmrh. er ekki við, vil ég spyrja hæstv. menntmrh., hvort hann geti nokkrar upplýsingar gefið. En ef svo er ekki, vil ég leyfa mér að biðja hann að koma þessari fyrirspurn á framfæri við atvmrh.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég get ekki gefið neinar upplýsingar um þetta mál, en ég skal koma því til atvmrh.

Á 103. fundi í Nd., 5. apríl, utan dagskrár, mælti

atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þann 21. marz var vísað til fjhn, frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins. Ég hef ekki heyrt neitt frá n. og vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá á næsta fundi.

Eysteinn Jónsson: Fyrir nokkru kom ég með fyrirspurn út af flugvelli þeim, sem Bretar hafa. Ég hef séð það, að Bretar hafi ætlað að afhenda flugvöllinn í marzmánuði. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. ætli ekki að leggja fyrir þingið frv. um það, hvernig rekstri þessa flugvallar verður fyrir komið. Það verður að hafa föst lagafyrirmæli fyrir þessu, og svo eru ýmis atriði, sem þurfa að glöggvast. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvernig þessu er varið. Eru Bretar búnir að afhenda flugvöllinn eða ætla þeir að gera það á næstunni, og verður ekki lagt fyrir þingið frv. um þetta?

Stefán Jóh. Stefánsson: Út af fyrirspurn hv. 2. þm. S.-M. vildi ég gera fyrirspurn viðvíkjandi flugvellinum við Reykjavík. Það hefur komið fram í blöðum, að hér hafi verið á ferð Skoti, sem hafi verið að athuga um flugsamgöngur milli Skotlands og Íslands fyrir skozkt flugfélag. Mig minnir, að eitthvað hafi komið um þetta í Þjóðviljanum, en síðan verið borið til baka, en síðar kom grein um þetta í Morgunblaðinu.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig þessu er varið, hvort flugmálastjóri hafi fengið heimild til að semja við erlent flugfélag um afnot af íslenzkum flugvöllum. Hvað er hið sanna í þessu, og hvert er vald flugmálastjóra í þessum málum?

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég skal reyna að svara þessum spurningum. En mér þætti gott að heyra frá hv. 4. þm. Reykv., sem nú er form. fjhn., hvort n. hefur tekið fyrir málið, sem ég minntist á áðan.

Út af fyrirspurnum hv. 2. þm. S.-M. vil ég segja það, að afhending flugvallarins hefur ekki enn farið fram, en íslenzkir starfsmenn hafa verið settir á völlinn til að kynna sér rekstur flugvallarins, og álit þeirra liggur ekki enn fyrir. En ég geri ráð fyrir, að þetta verði rekið á vegum hins opinbera, en hef ekki kynnt mér, hvort þörf muni að setja sérstök lög um þetta, eða það gæti fallið undir þau lög, sem fyrir eru. Um þessar ósamhljóða fregnir er það að segja, að þetta skozka flugfélag hefur verið að undirbúa flugsamgöngur til Ameríku og hefur óskað eftir að fá að hafa hér viðkomustað — nontrafic stop — til að taka eldsneyti.

Það mun vera ágreiningur um það, hvernig eigi að koma flugsamgöngunum fyrir utan Englands. En þessu félagi var veitt bráðabirgðaleyfi til þriggja mánaða til að koma við á Íslandi í reynsluflugi. Hins vegar var það, sem talað var um í Morgunblaðinu um flugferðir til Íslands, á misskilningi byggt. Og hafa engar ákvarðanir eða óskir komið fram við ríkisstj. um farþegaflug til Íslands. Sú frétt, að félagið væri búið að fá leyfi um farþegaflug til Íslands, er því ekki rétt, en aðeins bráðabirgðaleyfi til þriggja mánaða.

Það hefur verið rætt um það hjá flugmálasérfræðingum, hvernig rekstri flugvallanna skuli hagað. Sumir telja hyggilegast að reka bara annan flugvöllinn og þá Reykjavíkurflugvöllinn. En ríkisstjórninni þótti rétt að fara fram á, að Íslendingar fengju að starfa á flugvöllunum til að kynna sér rekstur þeirra.

Stefán Jóh. Stefánsson: Út af því, sem hæstv. ráðh. beindi til mín viðvíkjandi fjhn., þá vil ég upplýsa, að ég tók sæti í n. eftir að hv. þm. V.-Ísf. fór utan. Og hygg ég, að þessi fyrirspurn eigi sérstaklega við brtt., sem komið hefur fram í sambandi við afgreiðslu þessa frv..

Það var álit nefndarmanna, að þetta væri mjög stórvægilegt, og því þyrftu þeir að ræða um það í flokkum sínum, hvaða afstöðu bæri að taka, og síðan kæmi nefndin saman og ákvæði þetta.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið við spurningum mínum, en þó kom ekki fram beint svar

viðvíkjandi valdsviði flugmálastjóra, hvort hann hefði vald til að semja við erlend flugfélög um flugsamgöngur hér. Þetta er stórt atriði og gott að fá upplýst, hver sé skoðun ríkisstj. um valdsvið flugmálastjóra, því að þetta er stórt mál og vandasamt. Og ég tel ótilhlýðilegt, að flugmálastjóri hafi þar síðasta orð, en ekki ráðh. og Alþ.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi standa upp til að lýsa þeirri skoðun minni, að ekki er hægt að hefja rekstur svo stórra fyrirtækja sem flugvallanna á vegum ríkisins, öðruvísi en sett sé um það sérstök löggjöf eða ákvæði á Alþingi. Það eru til lög um flugvelli og flugmál, en þessi lög eru ekki ætluð til að vera fyrirmæli um rekstur stórra flugvalla. Og ég vil skora á hæstv. ráðh. að leggja fyrir þetta þing frv. um þetta efni.

Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. spurði um, þá vil ég nota tækifærið til að segja það, að mér finnst rangt að láta flugmálastjóra hafa heimild til að gera samninga við erlend félög um not af flugvöllunum. Ég tel ekki heimilt, að flugmálastjóri vasist í slíku, heldur eigi ríkisstj. og Alþingi að ráða um þetta.

Ég vil svo enn undirstrika, að ég tel ekki rétt að farið í þessum efnum, og ég tel ekki heimilt fyrir ríkisstj. að gefa þessi leyfi nema í samráði við Alþingi. Þegar samningurinn var gerður við Ameríku, þá var hann staðfestur á Alþingi.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að flugmálastjóri hafi vald til þessa. En það er ekki ástæða til að gera mikið úr þessu, þar eð það var aðeins gert til bráðabirgða. Það var búizt við því, að enska stjórnin mundi á sínum tíma snúa sér til ríkisstj. hér um, að gerður verði sams konar loftleiðasamningur og gerður var við Svíþjóð.

Enn fremur hefur verið veitt leyfi til þess, að franskar flugvélar, er koma frá Ameríku, megi hafa hér viðkomu, en þó aðeins til þess að taka eldsneyti.

En vitanlega mun það verða lagt fyrir Alþ., ef ný ríki koma til sögunnar. Að lokum vil ég svo láta þess getið, að formlega séð var leyfi flugmálastjóra gert með vitund og samþykki tveggja ráðherra.

Á 105. fundi í Nd., 9. apríl, utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvað hæft sé í sögusögnum, er gengið hafa, um drátt á afhendingu Svíþjóðarbátanna svokölluðu, er gert var ráð fyrir, að yrðu til fyrir þessa síldarvertíð.

Ég hef ástæðu til þess að ætla, að upplýsingar þær, sem ég hef fengið um þetta, hafi við rök að styðjast, svo að ég vildi leita til hæstv. atvmrh. um það, hvað hæft væri í þessu.

Það mundi baka síldarútveginum mikið tjón, ef skip þessi kæmu ekki fyrir vertíðina. Ef hæstv. atvmrh. gæti gefið einhverjar nánari upplýsingar um þetta, þá væru mér þær kærkomnar.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Það er rétt, að s. l. laugardag barst bréf frá eftirlitsmanni ríkisstj. í Svíþjóð um það, að afhending mundi dragast á vélum til bátanna, og nær það til hinna stærri. 50 tonna bátarnir koma sennilega allir, að einum undanteknum, fyrir síldarvertíð, en aðeins helmingur hinna stærri.

Ríkisstjórnin mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að kippa þessu í lag. Þessi dráttur er í alla staði óeðlilegur frá þessum verksmiðjum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það er fullkomið áhyggjuefni, hvernig þessum málum er komið, og er einkennilegt, hvernig þetta hefur til gengið. Öll afgreiðsla á þessum skipum er orðin afar einkennileg og raunar lítt afsakanleg, og væri ástæða til þess að ýtarleg rannsókn færi fram á því, hvernig á slíkum hlut standi.

Ég vil svo ekki fjölyrða um þetta meira á þessu stigi málsins, en treysti því, að hæstv. ráðh. og stjórnin öll muni gera allt, sem hægt er, til þess að bjarga þessu. Seinkun eins og sú, er hér um ræðir, á afgreiðslu skipanna ylli miklu tjóni, og ekki sízt, þegar tillit er tekið til þess, að kaupin voru ekki hagstæð.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Það var 12. október, að frv., sem ég flutti um fiskimálanefnd og útflutning, var vísað til hv. sjútvn. Og 17. okt. var einnig öðru frv., sem ég flutti um bann gegn botnvörpuveiðum í Faxaflóa, vísað til þessarar sömu n. — Nú er, eins og hv. þdm. sjá, liðinn æði langur tími síðan hv. sjútvn. var falin meðferð þessara mála, og þykir mér nú ekki lengur við það hlítandi að bera mig ekki upp við hæstv. forseta í því efni, að hann beiti áhrifum sínum gagnvart sjútvn., þannig að hún skili þessum málum frá sér. Ef svo fer, að þessu þingi verði lokið fyrir jól, þá er orðinn mjög naumur tími til stefnu til afgreiðslu mála, og þess vegna full þörf á, að tekin sé úr sú stífla, sem orðið hefur í vegi þessara frv. í sjútvn. — Vil ég þess vegna mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beiti áhrifum sínum í þá átt, að n. skili nú fljótlega þessum málum frá sér.

Sigurður Kristjánsson: Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. get ég skýrt frá því, að frv. hans um störf fiskimálanefndar og annað frv. um sama efni frá hv. 2. þm. S.-M. hafa verið til meðferðar jafnhliða í sjútvn., því að þau eru um svipað efni. Og þau frv. voru send nú um mánaðamótin bæði til ýmissa aðila til umsagnar og þar með til Fiskifélagsins og Sambands ísl. frystihúsaeigenda og fiskimálanefndar og Sambands ísl.

fiskframleiðenda. Það hefur nú ekki komið umsögn um frv., nema frá Fiskifélaginu, og eftir það hefur n. á tveimur fundum haft til meðferðar frv. hv. 2. þm. S.-M. En það er vitanlegt, að ef þingið gerir eitthvað í því máli, sem þessi frv. bæði eru um, þá verða þau að vera til meðferðar sameiginlega, því að þau fjalla um sama efni. Sjútvn. er búin að ganga frá því, að hún getur ekki fallizt á frv. hv. 2. þm. S.-M. óbreytt, en ákvörðun hefur ekki verið tekin um frv. hv. þm. Borgf. um þetta efni.

Annað, sem hv. þm. Borgf. spurði um, var viðvíkjandi frv. um bann gegn botnvörpuveiði í Faxaflóa. Þetta frv. sendum við í sjútvn. fyrir h. u. b. mánuði síðan til ýmissa aðila, og þar á meðal til fiskideildar háskólans, því að þetta er náttúrlega mál, sem þarf að fá úrslit, sem styðst við vísindi og reynsluþekkingu. Og við sendum þetta þess vegna til tveggja aðila, annars vegar til fiskideildarinnar, eins og ég gat um, og ætluðumst til þess að fá umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings um það. Og við sendum frv. líka til Landssambands útvegsmanna. Um þetta frv. hafa, því miður, ekki fengizt neinar umsagnir. En hitt er satt, að eftir umsögnum er ekki hægt að bíða endalaust, og n. verður að taka ákvörðun um þetta mál, án þess að fá þessar umsagnir, ef þær koma ekki, umsagnir, sem þó var æskilegt og alveg nauðsynlegt að fá.

Pétur Ottesen: Eins og hv. form. sjútvn. reyndar tók fram, er það engan veginn gild ástæða til þess að hefta framgang mála í n., þótt einhverjir aðilar, sem leitað hefur verið umsagnar frá, vanræki eða hirði ekki um að gefa þá umsögn, og það er vitanlega alveg óframbærilegt að bera slíkt fyrir sig, enda viðurkenndi hv. form. sjútvn., að svo væri.

Ég vil segja það viðvíkjandi frv. um fiskimálan., markaðsleit o. fl., að það virðist hafa dregizt nokkuð lengi hjá n. að senda þetta frv. til umsagnar þeirra aðila, sem hv. form. sjútvn. minntist á, þar sem hann segir, að það hafi verið um mánaðamótin okt. og nóv., en frv. var vísað til n. 12. okt. Þegar n. taka ákvarðanir um að senda mál til umsagnar, er venjulega talið sjálfsagt að gera það á fyrsta stigi mála í n., en ekki að láta það dragast svo lengi sem hér hefur átt sér stað, og sérstaklega þegar það er notað sem ástæða fyrir langri meðferð n. á máli, að ekki hafi borizt umsagnir um mál frá þeim aðilum, sem það hafi verið sent til umsagnar. — Nú hefur hv. form. sjútvn. lofað skjótri afgreiðslu þessara mála frá n., og verður við það að sitja, þó að illt sé, hve dregizt hefur um afgreiðslu þessara mála í n.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef náttúrlega ekki neinu verulegu við að bæta það, sem ég sagði áðan. Það er sjálfsagt, að n. verður að láta þessi mál fá afgreiðslu. En ég vil geta þess, án þess að það sé umkvörtun, að það er hlaðið svo miklum störfum á suma sjávarútvegsnefndarmenn, að það hefur gengið stórkostlega illa að fá þá saman til starfa í n., og í dag mætti aðeins einn maður á fundi í n., og ég veit, að hinum nefndarmönnunum var ætlað af þinginu annað verk á sama tíma og þannig fleira en eitt verk í einu. En viðkomandi frv. um fiskimálan. er það að segja, að það er kannske ekki eins auðhlaupið að afgreiðslu þess og hv. þm. Borgf. heldur, því að þetta mál var hjá milliþn. í sjávarútvegsmálum í næstum tvö ár, og það var mikill ágreiningur um málið, og við erum í mjög miklum vanda staddir um lausn þess. Og í sjútvn. eru einmitt þrír sömu menn og voru í milliþn. í sjávarútvegsmálum.

Á 46. fundi í Nd., 30. nóv., utan dagskrár, mælti

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef fyrir nokkuð löngu ásamt hv. 1. þm. Skagf. (SP) flutt frv. hér um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð. Þessu máli var útbýtt hér í hv. d. 30. f. m. Því var vísað til n., að ég ætla 1. þ. m., til landbn. Síðan hefur ekki bólað á þessu máli. Ég hef ekki haft neinar fregnir af því frá landbn., hins vegar hef ég veitt því athygli, að landbn. hefur afgreitt mál, sem þó nokkru síðar barst hér inn í d., og afgreiðslu þess er lokið hér og málið komið til Ed. Ég er ekki að lasta þetta, en ég vildi gjarnan fá vitneskju um, af hverju það stafar, að landbn. afgreiðir ekki þetta mál. — Ég vil svo ekki segja neitt frekar um málið, áður en ég er búinn að fá upplýst, hvað veldur þessum drætti.

Ég sé, að hv. form. landbn. (JPálm) er hér staddur, og vænti þess, að hann eða einhverjir úr landbn. láti í ljós, hvað tefur afgreiðslu málsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvað því veldur, að frv. til l. um breyt. á ræktunarsjóðslögunum, sem ég hef fyrir löngu borið fram og vísað var til n. 31. f. m., er ekki enn komið fram. Ég veit ekki hvað því líður hjá n., frekar en hv. síðasti ræðumaður veit, hvað því líður, sem hann spurði um, en hitt veit ég, að eðlilegt hefði verið, að leitað hefði verið álits Búnaðarbankans um þetta, en það bólar ekki á því, að það sé gert, því að í morgun var ekki komin fyrirspurn til Búnaðarbankans um málið. — Jafnframt vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta (BG), hvenær ég má vænta að fá svar við fyrirspurn minni til hæstv. landbrh., sem leyfð var 11. f. m. hér í hv. d. Þegar ég lagði fyrirspurn mína fram var mér kunnugt um það, að hæstv. ríkisstj., — landbrh. — var ekki farin að leggja fyrir hagstofuna að reikna út það, sem henni bar að gera í sambandi við greiðslu uppbóta, sem á að koma á afurðir landbúnaðarins fyrir tímabilið 16. sept. 1944 til 16. sept. 1945. Síðan veit ég, að ríkisstj. hefur lagt fyrir hana að reikna þetta út. Og ég veit, að það eru um 3 vikur síðan hagstofan sendi ríkisstj. sína grg., — sendi sinn dóm um það, hverjar uppbæturnar ættu að verða. Og þess vegna vænti ég þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að fara nú að skýra mér og öðrum frá því. Vildi ég mega vænta þess, að hæstv. forseti ýti á eftir því, að það verði gert.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í tilefni af fyrir-

spurn hv. 1. þm. Árn. (JörB) og einnig af fyrirspurn hv. 2. þm. N.-M. (PZ) varðandi þau lagafrv., sem þeir flytja og send hafa verið til landbn. og liggja hjá henni, þá er mér að sjálfsögðu ljúft að skýra frá því, hvernig stendur á því, að þau hafa ekki verið afgr. En orsakirnar eru þær, að landbn. hefur verið kunnugt um það, að fyrir löngu og miklu fyrr en þessi frv. voru borin fram var í meðferð hjá nýbyggingarráði frv. um það að bæta úr lánakjörum landbúnaðarins yfirleitt. Og við áttum von á, að þetta frv. væri að koma, og fyrir viku sagði búnaðarmálastjóri mér, en hann er einnig form. nýbýlastjórnar og einn af meðlimum nýbyggingarráðs, að hann gæti gert ráð fyrir því, að þetta frv. verði lagt fyrir nýbýlastjórn þá og þegar. Þetta er ekki orðið enn. En ég geri ráð fyrir, að landbn. afgreiði ekki þessi lagafrv. fyrr en það frv. er komið, til þess að hægt verði að taka þessi mál fyrir öll í einu lagi. Þetta eru þau svör, sem ég hef um þetta, og vænti ég þess, að þessir hv. þm. láti sér þau nægja.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er síður en svo, að ég láti mér nægja þessi svör hv. form. landbn. Ég kann ekki við, að þetta nýbyggingarráð sé sett ofar alþm. að rétti til, og frábið mér algerlega að eiga nokkurn þátt í því, sem það gerir. Ég geri kröfu til þess, eins og ég þykist eiga rétt til, að þau mál, sem ég hef rétt til að flytja hér, fái þinglega afgreiðslu án minnsta tillits til þessa nýbyggingarráðs. Því koma bókstaflega ekkert við þau málefni, sem ég flyt. En hafi það mikið að segja að flytja þetta frv., þá amast ég ekki við því, síður en svo. En ef tilveru þess á að nota til að koma nytjamálum fyrir kattarnef, þá er bezt, að það heyri til starfsemi þess, en laust við þm. Og þeir, sem sýna vilja þjónslund við þá stofnun, — þá þeir um það. En þeir hafa enga heimild til þess í n. hér á Alþ. að ætla sér að fresta afgreiðslu og meðferð þingmála í skjóli þess, að einhverjir menn í n. utan Alþ. séu að fást við einhver málefni, og svo bíða eftir, að þeir heimili það.

Ég beini því til hæstv. forseta (BG), að hann hlutist til þess, að landbn. afgreiði þetta mál. Og ef það skyldi, mót von minni, reynast svo, að meiri hl. hv. n. tæki upp þau vinnubrögð að svæfa málið, þá vænti ég þess, að minni hl. n. afgreiði sem skjótast þetta mál. Fáist það ekki fyrir ofríki meiri hl., að málið verði afgr. innan n., þá vænti ég þess, að hæstv. forseti taki málið af n. og sjái um, að það fái hér þinglega afgreiðslu.

Forseti (BG): Umr. um þetta mál er lokið. — Gengið verður til dagskrár.

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., utan dagskrár, mælti

félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Í útvarpsumræðunum hér í gærkvöld heyrði ég, að hv. þm. Str. (HermJ) gerði að umtalsefni frv., sem ég hef beðið félmn. Ed. að flytja, og gaf í skyn, að það frv. væri grunsamlega líkt öðru frv., sem hann hefði flutt á Alþ. ásamt öðrum þm., og hefði því verið útbýtt nokkru áður en mitt frv. kom til félmn., og hv. þm. Str. komst svo að orði, að þessi frv. væru svo lík, að jafnvel sömu prentvillurnar væru í síðara frv. eins og í hinu fyrra frv. Ég vildi út af þessu, þar sem gefið hefur verið í skyn, að hér hafi eitthvert hnupl átt sér stað, lýsa yfir því, að það frv., sem ég hef lagt fram, tveir fyrstu kaflar þess, voru samdir nokkru áður en frv. hv. þm. Str. kom fram á Alþ. En í skrifstofunni, þar sem frv. var samið, er að vísu starfandi einn framsóknarmaður, og ég vil ekki, fyrr en annað reynist, trúa því, að sá ágæti maður hafi gert sig sekan um að misnota aðstöðu sína til þess að láta hv. þm. Str. hafa kafla úr mínu frv. til að flytja hér á Alþ.

Hermann Jónasson: Mig undrar ekkert, þó að hæstv. ráðh. blygðist sín fyrir það, hvernig hann hefur komið fram í húsnæðismálunum, því að það er dæmalaust, hvernig þessi stj. hefur hagað sér í þeim allt s. l. ár. Það vita allir, að það er ekki nema 3—4 daga verk fyrir einn mann að semja frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, og það hefur tekið stj. allt árið. Það er hægt að upplýsa það, að það frv., sem ég lagði fram, er fyrirmynd að því frv., sem hér var borið fram af hæstv. ráðh. Skekkjan, sem tekin er upp í frv. ráðh., er sú, að það er tekið fram í einni gr., — og ég varaði við því, þegar ég flutti frv., — að þeir, sem kaupa hús og kaupa þau með hærra verði en má selja þau, þeir eiga að borga mismuninn til byggingarlánasjóðs, ef sá, sem hefur selt, getur ekki greitt það sjálfur. En villan er sú, að í gr. stendur, að þetta skuli því aðeins gert, að það sannist, að sá, sem keypti, hafi ekki verið í góðri trú. Með öðrum orðum, það er ekki hægt að sanna það, — það átti að standa í frv., að hann átti að borga þetta, hvort sem hann væri í góðri trú eða ekki, vegna þess að hægt var að fá vottorð um, að búið væri að fá leyfi þess félags, sem hlut átti að máli, til þess að selja. Þetta er tekið upp orðrétt, skekkjan úr frv., sem ég flutti, og ég veit, að það var verið að semja þetta frv. eftir að mitt frv. kom fram; þess vegna kom það heldur ekki fram fyrr en hálfum mánuði seinna en mitt frv. Það er ekkert að undra, þó að stj. sviði undan þessu, þar sem það er ekki nema 2—3 daga verk að semja slíkt frv., en það hefur tekið hana allt árið, og hún vaknar ekki fyrr í þessu máli en stjórnarandstaðan flytur málið. Það vita allir þm., að það er ekki nema 3—4 daga verk að setja saman frv. eins og þetta, þar sem svo er frá því gengið, að það þarf að lesa það allt yfir vegna þess, að það er flaustursverk. Þess vegna er það, sem ég hef sagt í þessu máli, alveg rétt. Þeir, sem gengu frá því frv., sem ég flyt fyrir Framsfl., vita, að það er meira til þess vandað, og sá maður, sem samdi það, hefur verið erlendis til þess að kynna sér þessi mál, þ. e. Guðlaugur Rósinkranz. Ég get ekkert gert að því, þó að stj. sviði undan þessu, það er ekki nema eðlilegt, því að annar eins trassaskapur og hún hefur sýnt í húsnæðismálunum er dæmalaus og á hvergi sinn líka nokkurs staðar, þar sem byggingarefni hefur verið hrifsað út og stj. hefur horft upp á það allt

árið og kemur svo ekki með þetta frv. fyrr en Framsfl. hefur beitt sér fyrir því máli. Um þjófnað í sambandi við þetta mál hjá framsóknarmanni í skrifstofu hjá ríkinu, þá vísa ég því til baka, það er ekkert annað en eðlilegur sársauki þessa hæstv. ráðh., sem kemur honum til að tala önnur eins orð. Maðurinn mun vera Jens Hólmgeirsson, og ég hygg, að hæstv. ráðh. sé á engan hátt að bættari að drótta slíku að honum, og ég álít, að hæstv. ráðh., þó að hann sé reiður út af þessu máli og hafi hlaupið á sig, ætti að láta vera að drótta því að þeim manni.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Mér datt ekki í hug að fara að gera frv., sem liggur fyrir d., að umtalsefni í sameinuðu þingi eins og hv. þm. Str. gerði. Hitt er það, að ég taldi mér skylt og nauðsynlegt að leiðrétta á réttum vettvangi ummæli, sem hv. þm. Str. lét sér sæma að hafa hér um mig, þegar hann vissi, að ég var fjarverandi og gat ekki borið hönd fyrir höfuð mér. Þessi aðferð hans er í fullu samræmi við þann gorgeir, ofstopa og undarlega geðofsa, sem hann sýndi hér við umr. í gærkvöld. Nú er vitanlega til skýring á því, hvers vegna þessi atriði gætu verið lík í þeim tveim frv., sem hann nefndi, og hún er sú, að stj. leitaði álits allra byggingarsamvinnufélaga í landinu og allra bæjarstjórna um það, hvað gera bæri í húsnæðismálunum. Þetta álit kom svo og var sent til skrifstofu eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, og ég sé á þeim upplýsingum, sem hv. þm. Str. er með hér nú, að einhvern veginn hafa þessar upplýsingar komizt til Framsfl., á hvaða hátt sem það hefur orðið, og Framsfl. þannig orðið aðnjótandi við samningu slíks frv. upplýsinga og tillagna, sem stj. hefur fengið hjá byggingarsamvinnufélögum. Á hvaða hátt það hefur orðið, skal ég ekkert um segja, en þegar ég veit það, að frv. stj. er samið alllöngu áður en frv. hv. þm. Str., sem lá fyrir Ed., þá get ég ekki annað en ályktað, að hv. þm. sé að drótta því að starfsmanni nákomnum Framsfl., að hann hafi hnuplað einhverju af þeim upplýsingum, sem stj. hefur sent til skrifstofu eftirlitsmanns sveitarstjórnamálefna. Ég trúi þessu ekki fyrr en ég tek á, því að ég þekki þennan mann að meiri ráðvendni en hv. þm. Str. og var þess vegna að bera af honum sakir.

Hermann Jónasson: Ég hélt satt að segja, að það ætti að hafa verið nóg fyrir stj. að fá þrisvar sinnum lengri ræðutíma en stjórnarandstaðan, þó að hún þyrfti ekki að gera tilraun til þess að byrja eldhúsdag strax á eftir. Ég get vel skilið þetta, vegna þess að það fór þannig úr hendi, að þegar einn talaði í vestur, þá talaði annar í austur, þar sem ráðh. rifust sín á milli um helztu stofnunina í landinu. Þetta er kannske ekkert undarlegt, en ég hélt satt að segja, að þó að útvarpsumr. í gær hefðu farið þannig úr hendi af hálfu stj. sem raun hefur á orðið, þá þyrfti þetta ekki að koma fyrir, því að náttúrlega hafði hæstv. dómsmrh. hér til forsvars fyrir sig ekki einn, heldur marga. Ég vil aðeins segja það út af þessu frv., að náttúrlega stendur stj. varnarlaus í þessu máli, því að meðferð hennar í húsnæðismálunum er gersamlega óverjandi, að horfa á það allt árið, að byggingarefni er rifið út og samvinnufélög hafa ekki byggingarefni, — vitanlega var hægt að leiðrétta þetta með því að gefa út bráðabirgðal. Það er ekki til neins að telja okkur trú um, að það taki marga daga að semja svona frv., ef stj. hefði viljað gera eitthvað í málinu. Hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið leitað eftir upplýsingum frá byggingarsamvinnufélögum. Veit ekki þessi hæstv. ráðh., að Guðlaugur Rósinkranz er einn af þeim mönnum, sem fyrst og fremst er forsvarsmaður byggingarsamvinnufélaganna? Svo kemur hæstv. ráðh. og segir: Við höfum leitað álits og upplýsinga hjá byggingarsamvinnufélögum. — Hvað gengur að hæstv. ráðh.? Hann segir, að frv. hafi verið til. Hvers vegna kom það ekki fram fyrr en hálfum mánuði eftir að frv. Framsfl. kom fram, ef við höfum fengið upplýsingar úr hans frv.? Þetta stangast allt saman og rekur sig hvað á annars horn, eins og ráðherrarnir í útvarpsumr. í gær.

Sveinbjörn Högnason: Það er aðeins fyrirspurn um það til hæstv. forseta, hvort meiningin er að halda hér áfram eldhúsumræðum. Ef svo er, erum við reiðubúnir til þess að taka upp umr. Ég vil aðeins undirstrika það, sem hv. þm. Str. benti á, að það er mjög athugavert, að eftir að eldhúsdagsumr. hafa farið fram tvö kvöld, þar sem stj. hafði ¾, en stjórnarandstaðan ¼ ræðutímans, þá skuli stj. telja sig til knúða að standa hér upp á Alþ. til þess að moka frá dyrunum þeim óþverra, sem hún hefur hlaðið þar upp. Það sýnir, að stj. finnur, hversu veik hún stendur fyrir. — Ég vil svo ítreka þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hér eigi að hefja eldhúsdagsumr. að nýju, því að auðvitað höfum við ekkert á móti því, að þær haldi áfram, ef stj. óskar.

Á 52. fundi í Nd., 13. des., utan dagskrár, mælti

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég gerði fyrirspurn hér fyrir nokkru um, hvað liði afgr. frv., sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Skagf. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð. Ég óskaði eindregið eftir því, að þetta mál fengi afgreiðslu á þinglegan hátt. Málinu var vísað til landbn. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði þá. En ég beindi í fyrsta lagi máli mínu til n. og til þess hluta hennar, sem væri málinu fylgjandi, en ef hinn hlutinn fengist ekki til þess að koma með nál. og hefði þannig skipazt, að meiri hl. landbn. ætlaði ekki að afgr. málið, þá afgreiddi minni hl. það, svo framarlega sem meiri hl. beitti hann ekki ofbeldi og hindraði minni hl. við að afgr. málið af sinni hálfu. Loks beindi ég orðum mínum til hæstv. forseta, að ef þetta dygði ekki, þá tæki hann til sinna ráða og tæki málið af n. og léti það koma til umr. Hingað til hefur ekkert gerzt, málið er enn óhreyft hjá landbn., og ég tek það svo, að nú eigi maður ekki annars úrkosta en beina orðum sínum til forseta og biðja hann að taka málið af n. og taka það til umr. Ég þarf ekki að fjölyrða um það, hvaða áhrif það hefur varðandi álit Alþ.

meðal þjóðarinnar, ef n. ætla sér þá dul að taka sér vald, sem þeim engan veginn er tryggt, og setjast á þýðingarmikil mál og afgreiða þau ekki. Ég vænti, að hæstv. forseti haldi uppi heiðri þingsins, ef n. fæst ekki til að afgreiða málið, þá taki hann það af henni.

Forseti (BG): Í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, vil ég taka það fram, að ég hef þegar snúið mér til form. landbn. með ósk um, að þetta mál yrði tekið fyrir. Ég skal gjarnan ítreka þessa ósk mína um það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil gera orð hv. 1. þm. Árn. að mínum viðkomandi öðru máli í landbn. Það er frv. um breyt. á ræktunarsjóðslögunum. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem hv. fyrri þm. Árn. sagði, en það eru sömu rök fyrir þessu máli. Það ber ekki að líða það, að frv. séu svæfð á þennan hátt í n. Og ég treysti því, að hæstv. forseti taki málið úr höndum n. og komi því inn í þingið. Ef hv. n. er á móti málinu, þá ætti hún að þora að segja frá því, en ekki leggjast á það.

Jörundur Brynjólfsson: Það er ekki meining mín með þessum orðum, að ég vildi finna að gerðum hæstv. forseta. Ég þykist vita, að hann hefur gert sitt ýtrasta til þess að fá n. til að afgreiða málið. Og ég veit, að hann mun einnig ítreka þessar óskir. En dugi það ekki, þá vil ég vona, að hæstv. forseti taki til þeirra ráða, sem hann hefur um afgreiðslu mála, og taki málið af n. og komi því til meðferðar í hv. d.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég og hv. þm. N.-Þ. fluttum frv. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða o. fl. Það var flutt á fyrstu dögum þingsins. Sjútvn. tók afstöðu til þess 25. nóv. og klofnaði. Minni hl. gaf út nál. strax, en meiri hl. hefur ekki gefið út nál. Málið hefur ekki verið tekið á dagskrá í d., en ég ítreka óskir til hæstv. forseta um, að málið verði bráðlega tekið á dagskrá í d., enda þótt álit meiri hl. sé enn ekki komið.

Forseti (BG): Óskar form. sjútvn. að gera athugasemd?

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Að minni tilhlutun var farið að gera skriflegt nál. meiri hl., og sýndi ritari n. mér uppkast að því, sem ég var samþykkur. En svo vildi til, að þessi hv. þm. vék af þingi um stundarsakir, og mér láðist að ganga eftir því, hvar nál. væri niður komið. En ég skal rannsaka það nú þegar.

Á 31. fundi í Sþ., 8. marz, utan dagskrár, mælti

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram þá ósk, að tvær þáltill., sem ég flyt hér ásamt öðrum, verði teknar hér á dagskrá sem allra fyrst. Þær eru nú orðnar, að ég ætla, þriggja mánaða gamlar. Önnur þessara till., sem ég flyt ásamt hv. þm. N.-Ísf., er um það, að Þjóðverjum, sem giftir eru íslenzkum konum, verði leyft að koma hingað heim. Það stendur svo sérstaklega á með þessa till., að seinast þegar hún var hér til umr., rétt áður en þingi var frestað, þá var því lofað af hæstv. fors.- og utanrrh., að hún skyldi verða tekin fyrir, strax og þing kæmi saman á ný, og það munu einnig hafa fallið ummæli frá hæstv. forseta í svipaða átt. Nú hefur orðið á þessu alllangur dráttur, og þarf ég ekki að lýsa því, svo að ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að taka þessa till. á dagskrá meðal hinna allra fyrstu mála, því að það er orðinn miklu meiri dráttur á þessu máli en ég sem flm. get gert mig ánægðan með. Svipað er um hina till., sem er um athugun á framferði íslenzkra manna varðandi styrjöldina. Hún er orðin þetta gömul, og þó að það liggi ekki fyrir sérstakt loforð um fyrirtekt hennar, þá er eðlilegt, vegna þess hve langt er síðan hún kom fram, að hún verði afgr. með viðunandi hraða, og vil ég því eindregið óska þess, að hún verði tekin á dagskrá sem allra fyrst. Þessa ósk vil ég bera fram á þessu stigi, en ef hæstv. forseti sér sér ekki fært að verða við þeirri ósk, þá yrði ég að biðja hann að bera það undir atkv. þm., en ég ber ekki þá ósk fram nú, en mun bera hana fram á næsta fundi, ef málið verður þá ekki tekið fyrir.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það, sem hv. þm. Str. sagði varðandi þáltill. þá, sem ég er meðflm. að, um landvistarleyfi nokkurra útlendinga. Ég vil mjög eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hún verði tekin á dagskrá á næsta fundi. Eins og hv. þm. Str. tók fram, þá gaf hæstv. fors.- og utanrrh. yfirlýsingu um það, að hann væri því mjög meðmæltur, að málið fengi eins skjóta afgreiðslu og hægt væri, þegar þing kæmi saman á ný, og eins mun hæstv. forseti hafa tekið fram, að till. skyldi koma fyrir á næsta fundi, sem haldinn yrði í sameinuðu þingi, eftir að þing kæmi saman.

Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því, að minni hl. utanrmn. hefur ekki enn þá skilað nál. um till., en hins vegar liggur fyrir nál. frá meiri hl., 5 af 7 þm., þar sem lagt er til, að till. verði samþ. Minni hl. beitti sér mjög gegn afgreiðslu málsins fyrir jól á þeim grundvelli, að honum hefði ekki unnizt tími til að koma saman nál. í svo stóru máli. En þó að nú sé liðið talsvert á 3. mánuð, síðan þessi umr. fór fram, þá hefur minni hl. ekki enn þá unnizt tími til að skila áliti um till. Ég vil þess vegna vekja athygli hæstv. forseta á, að það er ekki frambærilegt að láta þennan skort á nál. frá minni hl. koma í veg fyrir, að málið sé tekið á dagskrá. Ég vil þess vegna undirstrika það, sem hv. þm. Str. sagði um þetta, að við flm. óskum þess sameiginlega og hvor í sínu lagi, að málið verði tekið á dagskrá á næsta fundi og heit hæstv. forseta þar með efnd.

Forseti (JPálm): Í tilefni af þessum óskum hv. þm. Str. og hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka það fram, að ég hef ætlað mér að taka á dagskrá þessa till. um landvistarleyfi nokkurra útlendinga, en það gat raunar ekki orðið, meðan hv. 1. flm. till., hv. þm. N.-Ísf., var ekki kominn til þings,

en síðan er nú nokkuð liðið. En að ég hef ekki tekið till. á dagskrá, er ekki af því, að ekki hefur borizt nál. frá minni hl. n., því að það er hægt að taka málið til meðferðar, þó að það liggi ekki fyrir, heldur er það af því, að hæstv. dómsmrh. hefur óskað eftir, að þetta yrði nokkuð dregið, en ég mun taka till. á dagskrá hið allra fyrsta.

Varðandi hina till., sem hv. þm. Str. lýsti eftir, þá skal ég taka það til athugunar og taka hana á dagskrá á næstu fundum.

Á 114. fundi í Nd., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki á dagskrá frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögunum sem fyrst. Þetta er eitt elzta mál þingsins og aðkallandi afgreiðsla á því. Enn fremur, ef mögulegt væri, frv. til l. um breyt. á l. um ræktunarsjóð.

Skúli Guðmundsson: Á dagskránni í gær var frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá. Það var ekki afgr., og sakna ég þess því á dagskránni í dag. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann taki það á dagskrá næsta fundar.

Á 110. fundi í Ed., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Ég vil leyfa mér að benda hæstv. forseta á það, að það er nokkuð langt síðan gefið var út nál. um frv. um iðnfræðslu. Ég hef margsinnis sem form. iðnn. verið beðinn um að sjá til þess, að málið nái fram að ganga, og þegar ég sé, að nú eru sett á þessa dagskrá ýmis mál, sem ekki hefur verið samið um, þá vil ég vænta þess, að þetta mál verði tekið á dagskrá á næsta fundi. Það varð fullt samkomulag í n. um það að afgr. málið, og þar sem hér hafa verið afgr. mál, sem síður áttu fram að ganga, vænti ég þess, að hæstv. forseti taki málið á dagskrá.

Forseti (StgrA): Ég sé ekki ástæðu til að karpa um það, hvaða mál gangi fram samkv. samningi; það verður upplýst utan þingfunda. En að svo stöddu máli vil ég ekki kannast við, að ég hafi tekið önnur mál inn en þau, sem samkomulag er um, að nái fram að ganga.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 25. marz var útbýtt hér á hæstv. Alþ. þáltill. á þskj. 608, um vátryggingar fyrir vélbáta. Sú þáltill. hefur síðan tvisvar verið tekin á dagskrá, án þess að hæstv. forseti hafi leyft um hana umr., og í síðara skiptið var hún tekin af dagskrá mér að óvörum. Og enn hefur þessi þáltill. ekki verið tekin á dagskrá í dag. Vildi ég því gera fyrirspurn um það til hæstv. forseta, hvenær þáltill. þessi verði tekin á dagskrá og til afgreiðslu, því að málið, sem hún er um, er eitt af hinum mestu fjárhagsmálum sjávarútvegsins. Og á þeim tíma, þegar milljónir eru veittar til ýmissa atvinnutækja, verður það ekki varið af hæstv. forseta að láta þetta þing líða svo, að þetta mál fái ekki afgreiðslu. Vona ég því, að þetta mál verði tekið á dagskrá sem fljótast og það afgr. áður en þingi er slitið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vil leiða athygli hæstv. forseta að tveimur þáltill., sem Alþfl. hefur borið fram hér á þinginu fyrir nokkru. Er önnur þeirra um skipun milliþn. til þess að athuga verzlunar-, gjaldeyris- og viðskiptamál, en hin um skipun milliþn. til að athuga skattamál. Ég vildi óska, að hæstv. forseti vildi taka þessi mál á dagskrá á næsta fundi.

Forseti (JPálm): Út af þessum aths. vil ég taka fram, að fyrir liggja milli 60 og 70 þáltill. óafgreiddar. Og ég sem forseti sameinaðs þings hef ekki fengið tíma nú alllengi, vegna deildafunda, til þess að hafa fund í sameinuðu þingi. Og það er gert ráð fyrir mjög stuttum fundi nú, til þess að koma þáltill. til n. og einnig til þess að afgr. þáltill., sem ætla má, að litlar umr. verði um. Að öðru leyti mun ég taka þetta, sem hv. þm. hafa nú sagt, til athugunar fyrir næsta fund.

Gísli Jónsson: Ég verð að taka það fram við hæstv. forseta, að mér er alls ekki fullnægjandi þetta svar. Hér eru teknar á dagskrá þáltill., sem eru miklu minna virði en sú þáltill., sem ég gerði fyrirspurn um, eins og till. um kaup á Pétursey. Og hæstv. forseti veit, hvaða mál eru stærstu fjárhagsmál þjóðarinnar, sem þurfa afgreiðslu og ég álít, að hin smærri mál eigi að víkja fyrir. Hæstv. forseti hefur því ekki gefið fullnægjandi svar við því, hvers vegna þetta mál, sem ég spurði um, hefur ekki verið tekið á dagskrá í meira en mánuð.

Á 123. fundi í Nd., 26. apríl, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að taka 177. mál (frv. um ræktunarsjóð) á dagskrá þessa fundar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Út af þessum tilmælum hv. 2. þm. S.-M. vil ég taka það fram, að nú bíða mörg mikilsverð mál afgreiðslu, en tilmæli hv. þm. munu sprottin af því, að hann ætlar okkur að sitja hér í dag, en hnoða svo kúlurnar á stjórnina í næði á morgun.

Forseti (BG): Út af ummælum hv. 2. þm. S.-M. vil ég segja það, að mér þykir rétt að gefa form. landbn. færi á að gefa út nál. og þykir hæfilega ákveðinn sólarhrings frestur til þess.

Eysteinn Jónsson: Ég er ekki ánægður með úrskurð hæstv. forseta í þessu máli. Það er nú orðið alllangt síðan hann hét því að taka þetta mál á dagskrá, en nú hefur hann tekið það af dag-

skrá, þótt engar afsakanir væru fyrir hendi.

Af ræðu hæstv. forsrh. mátti skilja, að hann teldi ómögulegt að afgreiða mál án þess að hann væri viðstaddur, en ég ætla að segja það, að ef það álit hæstv. ráðh. væri rétt, þá væru það ekki mörg mál, sem þetta þing afgreiddi, og það er mín ætlun, að hann sæti hér ekki nú, ef hann væri ekki búinn að hnoða því saman, sem hann ætlar að segja í útvarpinu í kvöld.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ummæli hv. 2. þm. S.-M. sanna ekkert annað en það, hve hann tekur nærri sér að hnoða því saman, sem hann ætlar að segja við þessar útvarpsumræður, fyrst hann álítur, að ég geti ekki setið hér og brosað að honum nema ég sé búinn að semja mína ræðu. Það er rétt, að ég er hér ekki alltaf viðstaddur, en ef hægt er að afgreiða stórmál án þess að ég sé viðstaddur, þá getur hv. 2. þm. S.-M. verið viss um, að takast má að afgreiða þetta mál, þegar tími er til kominn, án hans aðstoðar.

Pétur Ottesen: Ég ætlaði að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki fyrir á næsta fundi frv. um lántöku til hafnarframkvæmda. Eins og hann án efa minnist, var samþ. að vísa þessu máli ekki til n. til að flýta afgreiðslu þess. Hefur hæstv. forseti þar ápreifanlega sönnun fyrir nauðsyn þessa máls.

Forseti (BG): Ég mun verða við ósk hv. þm. Borgf. og taka mál þetta á dagskrá.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi einungis segja það viðvíkjandi ummælum hæstv. forsrh. um, að ég héldi, að ekki væri hægt að ljúka ræktunarsjóðsmálinu án minnar aðstoðar, að það er fullkominn misskilningur, að ég hafi haldið þessu fram, enda liggur ekkert fyrir um, að ég geti ekki verið viðstaddur. En ef ljúka á þinginu fyrir páska, þá er undir hælinn lagt, að málið fái afgreiðslu.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Ég vildi nota þetta tækifæri til að spyrjast fyrir um mál, sem ég hef flutt hér, en ekki hafa verið tekin á dagskrá, og önnur, sem hafa verið tekin af dagskrá eða vísað til n. og horfið þar. Það er fyrst að nefna till. til þál. um síldveiðitilraunir á þskj. 693. Í öðru lagi um réttindi Íslendinga á Grænlandi, sem er mjög merkilegt stórmál. Í þriðja lagi till. til þál. um eftirlit með framkvæmd laga um fiskveiðar, fram borin vegna eindreginna óska sjávarútvegsmanna. Í fjórða lagi till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum. — Ég vildi nú spyrja, hverju slík meðferð mála sætir. Mér finnst þetta næsta einkennilegt fyrirkomulag í landi, sem byggir á grundvelli lýðræðis og þingræðis, því að ef slíkt á að viðhafa sem hér hefur verið gert, þá er báðum þessum hyrningarsteinum kippt undan og sú hugsjón, sem er að baki þessara hugtaka, fótum troðin.

Forseti (JPálm): Út af þessum umkvörtunum hv. þm. Borgf. vil ég taka fram, að það er ekkert nýtt, að þáltill. verði eftir við þingslit. Annars verður þetta athugað.

Á 44. fundi í Sþ., 29. apríl, utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég hef hér áður borið mig upp undan því, að hæstv. forseti hefur ekki tekið fyrir nokkur mál, sem ég hef flutt í Sþ. Önnur, sem hafa verið afgr. frá n., hafa ekki heldur verið tekin á dagskrá eftir að sú afgreiðsla hafði farið fram. Ég vildi endurnýja þetta. En að ég kvaddi mér hljóðs nú, er sérstaklega með tilliti til eins málsins, sem er þáltill. um aðgerðir varðandi væntanlega ferju yfir Hvalfjörð. Þessu máli var vísað til fjvn. á laugardaginn var. En ég sé á dagskránni, sem hér liggur fyrir, að það á ekki að taka þáltill. til meðferðar nú. Þar af leiðandi er það sýnilegt, að endanleg afgreiðsla fæst ekki á þessari till. á þessu þingi. Hins vegar sýnir afgreiðslan, sem farið hefur fram við fyrri umr., mjög eindregið fylgi með till., þar sem hún var samþ. með 30 shlj. atkv. í Sþ. Nú vildi ég skjóta máli mínu til hæstv. samgmrh. og spyrja hann um það, hvað hann treysti sér til að gera til fyrirgreiðslu þessu máli nú eftir að þingi slítur. Eins og kunnugt er, er búið að kaupa skip til þess að annast þetta flutningastarf, og það, sem eftir er til þess, að þetta geti komið til framkvæmda, er aðgerð báðum megin fjarðarins auk nokkurrar endurbótar á vegum. — Þætti mér vænt um, ef hæstv. samgmrh. vildi segja, hvað hann gæti gert til þess að greiða fyrir þessu máli, eins og það nú liggur fyrir.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Út af þessari fyrirspurn hv. þm. Borgf. get ég ekki sagt annað en það, að málið hefur ekki fengið venjulega afgreiðslu hér á hv. Alþ., svo að heimild liggur ekki fyrir til þessara aðgerða, eins og til var ætlazt. En ég vil segja, að mín persónulega afstaða til málsins er sú, að ég mun leitast við að greiða fyrir því, eftir því sem möguleikar eru fyrir hendi í heimild til að greiða fyrir málinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir þinginu frv. á þskj. 1019 (frv. um veiting ríkisborgararéttar), og var það afgr. til Ed. fyrir hádegið. Hafi þessu frv. eitthvað verið breytt í Ed., þá ætti það nú að liggja fyrir Sþ. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvernig um þetta frv. hefur farið, þar sem þetta er eitt þeirra frv., sem lofað var, að skyldi ganga fram á þessu þingi. Vænti ég, að hæstv. forseti Ed. gefi yfirlýsingu um það, hvernig þetta hefur farið.

Steingrímur Aðalsteinsson: Í tilefni af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. vil ég skýra frá því, að Ed. hefur borizt umrætt frv. eftir að því var breytt í Nd. Ég sem forseti Ed. boðaði til fundar kl. 1, og eftir upplýsingum frá skrifstofunni, sem sá um fundarboðun, höfðu allir hv. dm. verið boðaðir. En á fundinum mættu ekki samkv. nafnakalli aðrir en þeir, sem nú skal greint: Hæstv. menntmrh. (BrB), hv. 7. landsk. (ÁS), hv. 1. þm.

Eyf. (BSt), hv. 1. þm. N.-M. (PHerm), hv. 2. þm. Árn. (EE) og forseti d. (StgrA). Þar sem ekki mættu fleiri dm., fékkst málið ekki afgr., og þess vegna hefur frv. ekki borizt Sþ. eða fengið frekari afgreiðslu, síðan það var afgr. frá Nd.

Einar Olgeirsson: Ég álít, að hér séu að gerast hlutir í Alþ., sem ekki sé hægt að láta óátalið. — Það er samið milli flokka um mál, sem eigi að ná fram að ganga. Það er ágreiningur um ákvæði í málinu, og þegar málinu er vísað til Ed., þá leyfir meiri hl. d. sér að mæta ekki á þingfundi eftir að breytingin, sem hann var á móti, hafði verið samþ. í Nd. Þarna svíkst meiri hl. d. um að mæta á fundi til þess að hindra, að málið nái fram að ganga, af því að hann veit, að hann er í minni hl. í þinginu. Mér finnst það hart, að litlum minni hl. þingsins skuli þannig leyfast að stöðva mál á síðustu stundu. Ég álít það algerlega óforsvaranlegt að viðhafa slík vinnubrögð. Og ég vildi mælast til þess, að það verði alvarlega athugað, áður en gengið er frá þingslitum, hvort eigi er unnt, að þetta mál, sem samið var um, nái fram að ganga og verði afgr. af þeim meiri hl., sem er fyrir varðandi það í þinginu. En þessi háttur, að reyna að hindra með þessum aðferðum framgang máls, mun ekki hafa tíðkazt hér í þinginu, ekki a. m. k. svo langt sem ég man. Þetta eru ný og óvenjuleg vinnubrögð, sem tekin eru hér upp. Og ég mótmæli þessari aðferð, sem hér er beitt til þess að knýja fram vald minni hl. í máli. Ég krefst þess, að reynt verði að boða til fundar í hv. Ed. á ný, því að hér er um svik að ræða, ef málið verður ekki afgr. Og það er engin ástæða til þess að hlífa mönnum við því að taka afstöðu til þessa máls.

Forseti (JPálm): Út af þessum orðum hv. 2. þm. Reykv. vil ég vekja athygli á því, að þinglausnir hafa verið ákveðnar kl. 5, og sé ég ekki, að fært sé að breyta því. Og þykist ég ekki hafa aðstöðu til að knýja þá menn, sem ekki hafa mætt á þingfundi, til að gera það.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þar sem ekki hefur tekizt að ljúka umr. um till. um björgunarskútu Vestfjarða, sem meiri hl. samgmn. lagði til, að samþ. yrði, þá leyfi ég mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hann vildi ekki gefa yfirlýsingu um það, að hæstv. ríkisstj. vildi leggja fram nauðsynlegt framlag til björgunarskútunnar á þessu ári og fullnægja samningnum, sem gerður hefur verið við slysavarnarsveitirnar á Vestfjörðum um málið. Ég óska eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh. um þetta mál vegna þess, að ég hygg, að samþykkt fyrrgreindrar till. hefði verið örugg, ef tími hefði unnizt til afgreiðslu hennar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Út af fyrirspurn, sem hv. þm. N.-Ísf. beinir til mín, vildi ég taka fram, að samningurinn milli slysavarnarsveitanna á Vestfjörðum annars vegar og hæstv. dómsmrh. hins vegar, sem prentaður er sem fylgiskjal með till. til þál. á þskj. 610, var gerður með fullu samþykki ríkisstj. Ef svo fer, sem líkur standa til, að varðbátarnir, sem keyptir voru, verða ekki hæfir til að annast þá starfsemi, sem í samningnum ræðir um, geng ég út frá því, að ríkisstj. geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að samningnum verði fullnægt, annaðhvort með því að kaupa nýtt skip eða láta byggja nýtt skip. Hvor leiðin verður farin, hefur ekki verið rætt um, og get ég ekki gefið neina yfirlýsingu um það. En hitt vildi ég segja fyrir hönd ríkisstj., að það verður reynt að standa við samninginn eins fljótt og unnt er á þann veg, að fullnægt verði ákvæðum hans í öllum greinum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. fjmrh. fyrir yfirlýsingu hans í þessu efni, sem ég tel mér alveg fullnægjandi. Ég tel, að með henni sé að verulegu leyti náð þeim tilgangi, sem vakti fyrir flm. þessarar till., sem hér um ræðir.

III. Kveðjur til Norðurlandaþinga o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Í tilefni þess, að Ríkisþing Danmerkur kom saman 10. maí s. l., sendi þáv. forseti sameinaðs Alþingis, Gísli Sveinsson, forsetum þingsins (þjóðþings og landsþings) svo hljóðandi heillaskeyti:

„Fyrir hönd Alþingis Íslendinga sendi ég Ríkisþingi Danmerkur beztu heillaóskir vegna hins endurheimta frelsis og læt jafnframt í ljós hlýja von og ósk um gifturíka framtíð hinni dönsku þjóð til handa og gott samstarf milli bræðraþjóðanna."

Svo hljóðandi svarskeyti barst frá forsetum Ríkisþingsins þ. 18. s. m.:

„Ríkisþing Danmerkur vottar Alþingi alúðarþakkir fyrir kveðju þess og góðar óskir í garð dönsku þjóðarinnar í tilefni af því, að Danmörk hefur endurheimt frelsi sitt, og tekur Ríkisþingið undir hinar einlægu óskir Alþingis um farsæla samvinnu milli bræðraþjóðanna."

Enn fremur sendi forseti (GSv) Stórþingi Noregs, þegar það kom saman 14. júní s.l., svo látandi kveðjuskeyti:

„Ég óska hinu frjálsa norska Stórþingi heilla og blessunar. Íslendingar fagna því, að samvinna geti aftur hafizt milli frændþjóðanna beggja, sem nú njóta fulls frelsis."

Þessu skeyti svöruðu forsetar Stórþingsins þ. 17. júní á þessa leið:

„Stórþing Noregs sendir Alþingi kveðju á frelsisdegi Íslands, með þökk fyrir ógleymanlega hjálpsemi og örlæti, og fagnar hinni bróðurlegu samvinnu, sem fram undan er, í fullu trausti þess, að aldrei týnist vegur milli vina."

Þá hefur sama forseta borizt bréf frá O. Jul. Frodesen, presti í Farsund í Noregi, ásamt nokkrum ljóðum og lagi, er hann hefur gert í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga, og hefur forseti þakkað bréfið.

IV. Varamenn taka þingsæti o. fl.

Á 32. fundi í Nd., 14. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Sakir annríkis heima fyrir verð ég að hverfa af þingi um sinn, og óska ég þess með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, að næsti varamaður flokks míns, Ásmundur Sigurðsson, taki sæti á Alþingi í minn stað að liðnum deginum í dag.

Alþingi, 13. nóv. 1945.

Þóroddur Guðmundsson,
2. landsk. varaþm."

Samkvæmt þeirri ósk, sem í bréfi þessu greinir, tekur næsti varamaður Sósfl., herra Ásmundur Sigurðsson, nú sæti í deildinni. Kjörbréf hans hefur áður verið samþ. af Alþingi.

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., mælti

forseti (JPálm): Forseti neðri deildar hefur skrifað mér svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. des. 1945.

Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm., hefur í dag skrifað mér á þessa leið: „Sakir annríkis heima fyrir verð ég að hverfa af þingi um sinn, og óska ég þess með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, að næsti varamaður flokks míns, Gunnar Benediktsson, taki sæti á Alþingi í minn stað að liðnum deginum í dag."

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra forseti, leyfi ég mér að óska þess, að boðaður verði sem fyrst fundur í sameinuðu Alþingi til þess að rannsaka kjörbréf þessa varaþingmanns.

Barði Guðmundsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréfanefnd mun þegar hafa haft með höndum kjörbréf umrædds varaþm. til rannsóknar, og tekur hv. frsm. nefndarinnar til máls.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Kjörbréfan., þ. e. a. s. 4 nm., hv. þm. V.-Ísf. var ekki viðstaddur, hefur á nefndarfundi athugað kjörbréf Gunnars Benediktssonar, og það var sameiginlegt álit þeirra, er á fundi voru, að þeir tækju kjörbréfið gilt. En aftur á móti lá ekki fyrir hjá n. skýrsla um það, hver væru forföll Lúðvíks Jósefssonar, en bréf hans hefur verið lesið upp af hæstv. forseta og hefur verið tilkynnt á þann hátt að um það atriði er þingheimi kunnugt. Ég tek það fram, að n. var sammála um það, að kjörbréf Gunnars Benediktssonar yrði gilt tekið.

Hermann Jónasson: Það, sem hv. frsm. um þetta sagði, er rétt frá skýrt, en ég tel þó rétt að vekja athygli Alþ. á því, að með þessu er, a. m. k. að nokkru leyti, gengið inn á alveg nýtt fordæmi. Það hefur, eftir því sem ég man bezt, verið skipt um þingfulltrúa á þann hátt, að t. d. Sigurjón Ólafsson hefur tekið hér sæti í stað 4. þm. Reykv. (StJSt), þegar hann var erlendis. Enn fremur Ásmundur Sigurðsson í stað 11. landsk. þm. (STh), þegar hann var einnig erlendis, enn fremur Katrín Thoroddsen í stað 2. þm. Reykv. (EOl), einnig þegar hann var erlendis. Það hefur enn fremur verið tekið gilt, að Haraldur Jónasson tæki hér sæti í stað 2. þm. Skagf., og þau forföll, sem þá lágu fyrir, voru störf hans á búnaðarþingi og í mþn., sem Búnarfélagið hafði skipað hann í, og átti hann því mjög annríkt. Nú er ákvæði greinarinnar þannig, að ef landsk. þingmaður er forfallaður sökum veikinda eða annars, tekur varamaður sæti í hans stað, en hann skýrir forseta frá, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara o. s. frv. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um það, í hverju þessi forföll eru fólgin, og ef við göngum inn á það, að einhver þingmaður geti horfið af þingi og sagt: Ég þarf að fara burt, — án þess að gera nánari grein fyrir, þá verðum við að gera okkur það ljóst, að við erum að ganga inn á alveg nýtt fordæmi. Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að ég hygg, að það hafi ekki verið til þess ætlazt, að þingmenn gætu gengið hér út og inn og tilkynnt forseta, að þeir þyrftu að fara burtu, án þess að gera nánari grein fyrir því, og senda svo varamann hingað í sinn stað. En ég hygg, að það sé á valdi Alþ., en ekki forseta, að úrskurða um það, hvort forföll séu þannig, að það beri að taka þau gild, og það beri að leggja það undir atkv. Alþ.

Forseti (JPálm): Ég vil taka það fram, út af ummælum hv. þm. Str., að það er venja, að viðkomandi þingdeild taki ákvörðun um setu þingmanna. Fyrir þessum fundi liggur einungis athugun kjörbréfs.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er óþarfi, að ég standi hér upp, úr því að forseti hefur tekið þetta fram. Hlutaðeigandi þingmaður á að snúa sér til deildarforseta, í þessu tilfelli forseta neðri deildar, og skal hann svo meta þau gögn, sem fyrir liggja. Síðan er það verk kjörbréfanefndar að kveða á um gildi kjörbréfs.

Hermann Jónasson: Ég skal ekki þreyta umr. um þetta mál, en vil aðeins vekja athygli á því, að ég tel nauðsynlegt, að forseti fái upplýsingar um, hver eru forföll viðkomandi þm., og skal svo forseti tilkynna þau deildinni. Þetta hefur ekki verið gert í þessu tilfelli, og er það ekki til eftirbreytni.

Skúli Guðmundsson: Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að fresta þessu máli. Að vísu mun ekkert vera að athuga við kjörbréf, en verði það samþ., mun viðkomandi þm. þar með taka sæti á Alþingi, en það tel ég ekki rétt, meðan ekki liggja fyrir ástæður um forföll.

Forseti (JPálm): Ég vil vekja athygli á því, að forseti Nd. hefur tekið forföllin gild og þess vegna sent kjörbréfið til samþykktar. Nú skilst mér, að kjörbréfanefnd hafi tekið kjörbréfið gilt, og mun ég nú láta fara fram atkvgr. um það.

ATKVGR.

Kjörbréf Gunnars Benediktssonar tekið gilt með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, JS, JörB, KA, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁS, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, HB, HG, JPálm.

HelgJ, IngP, SvbH, BSt, BÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

13 þm. (IngJ, JJós, JJ, LJós, MJ, ÓTh, StgrA, ÁkJ, BG, BBen, BK, BrB, GÍG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Með þeim forsendum, sem ég hef þegar getið, að ég tel kjörbréfið út af fyrir sig gilt, greiði ég atkv. með því, þótt ég telji, að gera skuli grein fyrir forföllum, en það er mál út af fyrir sig, og segi ég því já.

Skúli Guðmundsson: Með skírskotun til aths. þm. Str. segi ég já.

Sveinbjörn Högnason: Með því að ég tel ósannað, að fyrir hendi séu lögmæt forföll viðkomandi þm., greiði ég ekki atkv.

Einar Olgeirsson: Með því að sá þm., sem vék af þingi, hefur gert forseta grein fyrir forföllum sínum og hann vísað málinu til kjörbréfanefndar og hún dæmt það gilt, þá segi ég já.

Þessu næst skrifaði hinn nýi þingmaður, Gunnar Benediktsson, undir drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Skúli Guðmundsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort sá hv. þm., sem hér var verið að samþ. kjörbréf fyrir, tekur þátt í þingstörfum.

Forseti (JPálm): Hann mun taka þátt í þingstörfum, þangað til rökstudd kæra kemur fram.

Skúli Guðmundsson: Þar sem ekkert hefur fram komið um þetta í Nd., vil ég fara fram á, að atkvgr. verði látin fara fram um það, hvort þessi hv. þm. á að taka sæti hér á Alþingi.

Gísli Sveinsson: Það er að vísu eðlilegt, að nýmæli komi hér fram, en ég minnist þó varla að hafa heyrt slíkan málflutning hér á Alþingi sem þennan. Í rauninni skiptir ekki miklu máli, hvaða maður það er, sem fer með þetta vald, og verða hv. þm. að gera sér ljóst, að um leið og kjörbréf hefur verið samþ., þá hefur viðkomandi þm. rétt til að starfa á Alþingi, hvernig svo sem hann er þangað kominn. Þá vil ég spyrja, hvort nokkur slík rekistefna hafi átt sér stað í svipuðum tilfellum áður, t. d. þegar varamaður tók sæti hv. 2. landsk.?

Ég tel, að forseti geti ekki, eins og þessu máli er nú komið, meinað þessum hv. þm. að taka þátt í störfum þingsins. Ég veit ekki betur en þm. hafi oft horfið af þingi áður og ekki orðið af því nein rekistefna, og virðist mér sýnt að láta þetta kyrrt vera, sem venja hefur verið til.

Forseti (JPálm): Ég vil leyfa mér að mælast til, að umr. um þetta mál verði ekki haldið lengur áfram.

Skúli Guðmundsson: Mér finnst hálfeinkennilegur rökstuðningur hv. 10. landsk., þar sem hann segir, að það skipti ekki máli, hverjir eigi sæti á Alþingi, varamenn eða aðalmenn. Ég tel tvímælalaust, að réttkjörnir þm. skuli eiga þar sæti, nema lögleg forföll séu fyrir hendi.

Hermann Jónasson: Það var hér minnzt á af einum hv. þm., að það hefði áður komið fyrir, að þm. hefðu horfið af þingi og varamenn tekið sæti. En í þeim tilfellum hefur forseti einatt fengið í hendur skýrslu um forföll og fallizt á þau. Í þessu tilfelli liggur ekkert slíkt fyrir.

Gísli Sveinsson: Ég vil benda hv. þm. Str. á, að það er alls kostar sams konar dæmi, þegar hv. 2. landsk. hvarf af þingi og varamaður tók sæti. Það er ekki venja hér á Alþingi að vefengja forföll þingmanna og ekki ástæða til að byrja á því nú.

Forseti (JPálm): Ég sé ekki ástæðu til að halda þessum umr. áfram lengur, og er þeim hér með lokið.

Á 77. fundi í Ed., 5. marz, mælti

forseti (StgrA): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Hér með tilkynnist yður, herra forseti, að ég get ekki sakir annríkis gegnt þingstörfum fyrst um sinn, og óska ég eftir, að varaþingmaður Sósíalistaflokksins, hr. Ásmundur Sigurðsson, taki sæti í minn stað á meðan.

Reykjavík, 5. marz 1946.

Kristinn E. Andrésson."

Þessi ósk Kristins Andréssonar er byggð á 144. gr. kosningalaganna, sem heimilar þingmönnum, ef þeir forfallast, að láta varaþingmann mæta í sinn stað, og verður tekin til greina. Kjörbréf Ásmundar Sigurðssonar hefur áður verið til athugunar hér á hæstv. Alþ. og viðurkennt, og hann hefur unnið sinn þingmannseið. Og sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að hann taki sæti hér í hv. þd., og býð ég hann velkominn hér í d. (*BBen:* Eru þetta gild forföll?) Í þessari gr. stendur: „Ef þingmaður forfallast vegna veikinda eða annars . . .", sem bendir á, að næst veikindum komi til greina annir. (*BBen:* Ef maðurinn dvelur í bænum?). Það eru fordæmi fyrir því, að þm. hafi hætt þingstörfum um tíma sökum annríkis og varaþm. tekið sæti hans á meðan. (*BBen:* Hvenær var það?). Ég held, að það hafi verið á síðasta þingi, þegar Jón á Reynistað, hv. 2. þm. Skagf., kom ekki til þings vegna annríkis. — Ég tel þetta byggt á hinni tilvitnuðu lagagr. og sé ekki ástæðu til annars en að taka það til greina. (*BBen:* Ég óska formlegs úrskurðar af hendi hæstv. forseta um það, hvort þetta séu gild forföll eða ekki). Með þeim rökum, sem ég hef fært fram, og með tilvísun til 144. gr. kosningalaganna tel ég, að þessi ósk Kristins

Andréssonar sé byggð á lögum og beri að taka hana til greina.

Á 98. fundi í Ed., 3. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar hv. 7. landsk. þm. vék af þingi vegna anna, tók varamaður hans sæti hér, og gekk úrskurður um rétt hans til þess að sitja hér í þessari d. En það kom á daginn, að núverandi 7. landsk. þm. hafði nokkurn hluta af þessu þingi setið í Nd. og tekið þátt í afgr. mála og greitt atkv. í sömu málum sem nú eru að koma til afgreiðslu í þessari d. Sjáanlegt er því, að í fyrsta skipti í sögu þingsins situr einn og sami maður í báðum d. á sama þingi og greiðir atkv. um sömu mál. Nú vildi ég mega gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann telji þetta samkv. þingsköpum og hvort hann telji ekki ástæðu til þess að leyfa ekki 7. landsk. þm. að taka þátt í afgreiðslu a. m. k. þeirra mála, sem hann þegar hefur tekið þátt í í Nd. Það er sjáanlegt, að ef farið er inn á þessa braut hér, að leyfa einum ákveðnum manni að flytjast milli d. til þess að hafa áhrif á sömu mál í báðum d. á sama þingi, þá er farið inn á nýja stefnu, sem kann að hafa víðtæk áhrif síðar meir. Ég vildi því óska þess, að hæstv. forseti felldi um það ákveðinn úrskurð, hvort hann vildi ekki banna þátttöku þessa þm. um öll þau mál, sem hann hefur tekið þátt í að afgr. í Nd.

Forseti (StgrA): Út af þessari fyrirspurn hv. þm. Barð. vil ég aðeins segja það, að þegar Ásmundur Sigurðsson tók hér sæti sem varamaður Kristins Andréssonar, 7. landsk. þm., þá var kunnugt, að hinn fyrrnefndi hafði áður á þessu þingi setið í Nd. sem varaþingmaður. Og þegar hann tók sæti hér í d., felldi ég úrskurð eftir beiðni um það, að hann hefði rétt til þess að koma hér og taka sæti sem varaþm. þess þm., sem lét af þingstörfum vegna anna. Það leiðir af sjálfu sér, að um leið og viðurkenndur er réttur hans til þess að taka sæti hér í d., þá er um leið viðurkenndur réttur hans til þess að taka þátt í afgreiðslu þeirra mála, sem d. hefur til meðferðar á þeim tíma, sem hann situr hér. Ég sé því ekki ástæðu til að fella um það frekari úrskurð en ég gerði, þegar þessi þm. tók hér sæti.

Gísli Jónsson: Ég mun þá skoða þessi ummæli hæstv. forseta þannig, að hverjum flokki, sem vill, sé heimilt að skipta um lögmæta þm. frá d. til d. á hvaða tíma sem er á þingtímanum, t. d. ef Sjálfstfl. vildi skipta um mig og hv. þm. Snæf. (GTh). Því verður ekki haldið fram með neinum rökum, að hægt sé að flytja þm. frá einum flokki milli d. bara af því hann er löglega kominn inn sem varaþm. Ég tel þá, að þetta megi skoða sem fasta reglu, sem hér er staðfest, það verði þá ekkert við það að athuga, þó að þannig verði að farið í framtíðinni.

Forseti (StgrA): Ég vil í tilefni af ummælum hv. þm. Barð. taka það fram, að ég tel ekki, að minn úrskurður hafi gefið tilefni til þess, sem hann talaði um, að þingflokkar geti flutt þm. milli d. eftir óskum sínum. Úrskurður minn var aðeins um það, að 7. landsk. þm. (KA) hefði rétt til þess að víkja af þingi vegna anna og að Sósfl., sem þessi þm. var fulltrúi fyrir, hefði um leið rétt til þess að láta varamann taka sæti í d. í staðinn, og varamaður sitji þannig í fullum réttindum. Sósfl. hafi haft rétt til þess að láta þann varamann í röðinni, sem tækifæri hefði til þess að sitja á þingi, mæta í staðinn fyrir þann mann, sem varð að víkja vegna anna.

Hermann Jónasson: Mér virðist það vera tvennt, sem hér um ræðir. Fyrst er það, hvort þm., sem hér tók sæti samkv. úrskurði forseta, hafi leyfi til að taka sæti hér á Alþ., vegna þess að sá maður, sem héðan veik, er hér í bænum á þessum sama tíma, sem betur fer með ágætum starfskröftum og heilsu, og ekki er vitað, að hann hafi annað annríki en það, að hann hefur gerzt ritstjóri Þjóðviljans, og vitað er, að margir hafa á þingi setið, þó að þeir hafi jafnframt verið ritstjórar blaðs, og það athafnamiklir þm. Svo að þetta út af fyrir sig eru nokkuð vafasöm forföll. Ég veit, að það er vísað til þess fordæmis, að 2. þm. Skagf. (JS) fór af þingi í fyrra og lét varamann taka sæti í sinn stað og rökstuddi það með annríki, sem ég hygg, að hafi verið á mjög miklum rökum reist, þó að því miður hafi verið látið undir höfuð leggjast að krefjast þeirrar skýringar um það atriði, sem ég hygg, að beri að gera undir svona kringumstæðum. Það atriði er þess vegna vafasamt út af fyrir sig, hvort þessi þm. hafði leyfi til þess að fara héðan af þingi fyrir það eitt, að hann tekur við ritstjórn blaðs hér í bænum, og þess vegna er mjög vafasöm seta varamanns hans hér á Alþ. Um þetta hefur fallið úrskurður forseta, og það er tæplega vafi á því, hvort ekki er hægt að rekja það mál lengra.

Annað atriði vildi ég benda á, og það er það, að samkv. þingsköpum taka þm. sæti í ákveðinni d. fyrir allt kjörtímabilið, og það vitum við, að þessi þm. hefur tekið sæti sem varamaður fyrir þm. í Nd., og þess vegna er seta hans ákveðin þar fyrir allt kjörtímabilið. Og þar af leiðandi hygg ég, einmitt með tilvísun til þess, sem hv. þm. Barð. sagði um útkomuna á meðferð mála í höndum Alþ., ef sami maðurinn á að greiða atkv. um sömu mál í báðum d., að það beri að fylgja þessari reglu þingskapanna, að þm. taki sæti í ákveðinni d. fyrir kjörtímabilið allt. Ef varamaður á að koma í þessa d., þá geti ekki komið sá varamaður, sem hefur tekið sæti í Nd. sem varamaður þm., sem þaðan hefur horfið, því að annars verður það útkoman, sem þingsköp vilja fyrirbyggja, að komi fyrir, þ. e. a. s. það, sem hv. þm. Barð. var að benda á. Þar af leiðandi álít ég, að það sé útilokað fyrir þessa sök, að þessi þm. geti tekið þátt í afgreiðslu um þetta mál.

Forseti (StgrA): Ég sé ekki ástæðu til að leyfa frekari umr. um þann úrskurð, sem áður er fallinn í þessu efni. En út af því, sem hv. þm. Str. sagði nú, að þegar 7. landsk. þm. (ÁS) hefði tekið sæti í Nd., þá væri það bundið við það, að hann hefði átt að sitja í sömu d. út kjörtímabilið, þá er það kunnugt, að hann tók þar sæti í

forföllum annars þm. Það er tiltekið, að þegar varamaður kemur þannig inn, skuli hann sitja ekki skemur en hálfan mánuð. Því ákvæði var fullnægt. Eftir það tók aðalmaður við sæti sínu í Nd. Ásmundur Sigurðsson gat því setið áfram í þessari d. hvað sem kjörtímabilinu leið. Það er hægt að deila um þetta aftur og fram, en það er ekki vettvangur til þess að gera það hér eftir. Úrskurður hefur verið gefinn um það, að Ásmundi Sigurðssyni sé falið sæti hér í d. og að sjálfsögðu með sömu réttindum og aðrir dm.

Gísli Jónsson: Út af þessu vildi ég spyrja hæstv. forseta, þar sem ekki hefur fallið annar úrskurður um þetta en frá forseta, hvort hann vildi ekki leyfa atkvgr. um þetta í d., hvort sá, sem áður hefur setið í Nd., skuli hafa fullan atkvæðisrétt í sömu málum hér í d. Hæstv. forseti hefur raunverulega aldrei fellt úrskurð um þetta beint, heldur á öðrum forsendum. Vildi ég því óska eftir atkvgr. um þetta atriði.

Forseti (StgrA): Ég skal taka þetta atriði til athugunar.

Bjarni Benediktsson: Ég skal ekki blanda mér í þessar deilur að öðru leyti en því, að það er ljóst eftir 9. gr. þingskapa, að það getur vel komið fyrir og er gert ráð fyrir því, að maður færist á milli d. og verður þá að taka þátt í meðferð máls í síðari d., sem hann hefur haft afskipti af í fyrri d. Í 9. gr. þingskapa segir: „Nú losnar sæti efrideildarþingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar."

Það er hægt að taka einhvern af neðrideildarmönnum, það þarf ekki einu sinni að vera nýr maður, heldur einhver af neðrideildarmönnum. Þá er ljóst, ef þetta ákvæði þingskapanna fær staðizt, að það getur verið, að sá maður hafi tekið þátt í meðferð máls í Nd. áður. Það mundi rugla hlutföllum flokkanna, ef ætti að meina honum atkvæðisrétt í síðari d. um öll mál, sem hann hefur haft afskipti af í fyrri d. Ég held, hvað sem öðru líður, þá fái það ekki staðizt að svipta þm. atkvæðisrétti í þessari d. eftir því, hvort hann hefur greitt atkvæði í Nd. — Ég skal ekki blanda mér í annað varðandi þetta mál, en vildi aðeins benda á þetta atriði eitt út af fyrir sig.

Á 39. fundi í Sþ., 26. apríl, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Nd., svo hljóðandi:

„Mér hefur borizt símskeyti frá hv. 1. þm. Skagf., svo hljóðandi: „Óska eftir, að varamaður minn taki sæti í fjarveru minni."

Þar sem það er á valdi deildarforseta, hvort varamaður tekur sæti, og ég skoða það samþ. af hæstv. forseta Nd., þá liggur fyrir að rannsaka kjörbréf varamanns hv. 1. þm. Skagf. Frsm. kjörbréfan., hv. þm. Str., tekur til máls.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Kjörbréfan. hefur þegar haldið fund til þess að athuga þetta mál, símskeyti það, sem hér hefur verið lesið upp, og jafnframt kjörbréf Steingríms Steinþórssonar, sem er varamaður hv. 1. þm. Skagf., Sigurðar Þórðarsonar, sem nú er fjarverandi. N. hefur athugað þetta kjörbréf og er á einu máli að leggja til, að það verði tekið gilt, og geri ég það að till. minni fyrir hennar hönd.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 28 shlj. atkv.

V. Minning Sigurðar Eggerz.

Á 8. fundi í Sþ., 16. nóv., mælti

forseti (JPálm): Í morgun andaðist hér í bænum Sigurður Eggerz, fyrrum alþingismaður og forsætisráðherra, rúmlega sjötugur að aldri.

Sigurður Eggerz fæddist á Borðeyri 28. febrúar 1875, sonur Péturs Eggerz kaupmanns þar og konu hans, Sigríðar Guðmundsdóttur bónda á Kollsá Einarssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1895 og tók lögfræðipróf við Kaupmannahafnarháskóla 1903. Árið 1905 var hann um hríð settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu, en árið eftir varð hann aðstoðarmaður í stjórnarráðinu. 1907 var hann um tíma settur sýslumaður í Rangárvallasýslu. Árið eftir, 1908, var hann settur sýslumaður í Skaftafellssýslu, og var honum veitt sú sýsla á sama ári. Sumarið 1914 varð hann ráðherra Íslands, en tók lausn frá því embætti í maí árið eftir, og var síðar á sama ári skipaður sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en bæjarfógeti í Reykjavík varð hann 1917, fyrst settur og síðan skipaður. Á sama ári varð hann fjármálaráðherra í ráðuneyti Jóns Magnússonar og gegndi því embætti til 1920. Þá varð hann framkvæmdastjóri í Smjörlíkisgerðinni í Reykjavík og gegndi því starfi til 1922, en þá varð hann forsætis- og dómsmálaráðherra, og hafði þau embætti á hendi í 2 ár, til 1924. Síðan var hann bankastjóri Íslandsbanka til 1930, en á næstu árum, 1930—32, málflutningsmaður í Reykjavík. Sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði var hann frá 1932 til 1934, er hann var skipaður sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri. Því embætti gegndi hann til 1. febr. síðastl., en lét þá af því fyrir aldurs sakir og fluttist til Reykjavíkur.

Sigurður Eggerz átti um langt skeið sæti á Alþingi, var fyrst þingmaður Vestur-Skaftfellinga 1911—1916, landskjörinn þm. 1916—1926 og þm. Dalamanna 1927—1931. Forseti sameinaðs þings var hann 1922.

Af öðrum störfum, sem Sigurður Eggerz hafði á hendi, má nefna, að hann var endurskoðandi Landsbankans 1920—1922, í gengisnefnd um skeið og í alþingishátíðarnefnd 1926—1930. Þess má og geta, að hann hefur samið og gefið út nokkur leikrit, og nokkur ljóðmæli eru til frá hans hendi.

Með Sigurði Eggerz er hniginn í valinn einn hinn vinsælasti og glæsilegasti stjórnmálamaður þjóðarinnar á síðari árum. Sjálfstæði hennar var honum alla tíð hjartfólgnast allra mála, og einlægari baráttumaður á því sviði var ekki til í landinu. Það er og víst og kunnugt, að áhrif hans í sjálfstæðisbaráttunni voru mikil og sterk. Mesta aðdáun meðal almennings hlaut hann 1915, þegar hann lagði ráðherrastöðu sína að veði, er hann fékk ekki framgengt í ríkisráði Dana þeirri kröfu varðandi réttindi Íslands, sem Alþingi hafði gert og hann sjálfur hafði óbifandi sannfæringu fyrir, að væri réttmæt og sjálfsögð. Alla tíð síðan hefur stafað ljóma af nafni Sigurðar Eggerz í hugum þjóðarinnar.

Sigurður Eggerz var glaðlyndur maður, hreinskilinn og hvers manns hugljúfi. Allir, sem með honum störfuðu, innan þings og utan, minnast hans sem góðs drengs og einlægs hugsjónamanns.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa þjóðskörungs virðingu sína með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum.]

Á 32. fundi í Ed., s. d., mælti

forseti (StgrA): Það hefur orðið samkomulag okkar forsetanna að fella niður deildafundi í dag vegna andláts Sigurðar Eggerz. Þess vegna eru öll málin tekin út af dagskrá og fundi slitið.

Á 34. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (BG): Vegna andláts fyrrverandi forsrh. Sigurðar Eggerz verða öll dagskrármálin tekin af dagskrá. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. — Fundi er slitið.

VI. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 59. fundi í Ed., 20. des., utan dagskrár, mælti

forseti (StgrA): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur, sem haldinn verður í þessari hv. d. fyrir þingfrestun, þá vil ég nota tækifærið og þakka hv. þm. fyrir gott samstarf á þessu þingi og óska þeim gleðilegra jóla.

Magnús Jónsson: Ég vil fyrir mína hönd og vonandi allra hv. dm. þakka forseta árnaðaróskir hans og beina sams konar árnaðaróskum til hans sjálfs. Óska ég honum góðrar ferðar og gleðilegrar hátíðar. Vil ég biðja hv. þm. að taka undir það með því að rísa úr sætum sínum. [Dm. risu úr sætum sínum.]

Forseti (StgrA): Ég þakka fyrir þessar árnaðaróskir og segi fundi slitið.

Á 22. fundi í Sþ., 21. des., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Alþingi hefur með þál. í gær veitt samþykki til að fresta fundum Alþingis fyrst um sinn, þó ekki lengur en til 1. febr. n. k. Í ríkisráðinu var í gær gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 64. löggjafarþings, frá 21. des. 1945, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 1. febr. 1946.

Ritað í Reykjavík 20. des. 1945.

Sveinn Björnsson.

Ólafur Thors."

Samkvæmt þessu lýsi ég yfir, að fundum Alþingis er frestað frá deginum í dag og að Alþ. verður kvatt saman aftur til framhaldsfunda eigi síðar en 1. febr. n. k.

Forseti (JPálm): Þar sem nú er ákveðið, eins og skýrt hefur verið frá af hæstv. forsrh., að fresta Alþ. til 1. febr., þá vil ég þakka hv. þm. fyrir vinsamlega samvinnu við mig sem forseta, og það því fremur sem ég er alger óvaningur í þessu starfi. Jafnframt vil ég óska þeim utanbæjarþingmönnum, sem ekki eru farnir, góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og öllum hv. þm. óska ég gleðilegra jóla og gleði og farsældar á væntanlegu nýári.

Eysteinn Jónsson: Ég ætla að taka mér það leyfi að þakka hæstv. forseta fyrir óskir hans til handa okkur þingmönnum. Jafnframt vil ég leyfa mér — og ég vona, að ég tali í nafni allra hv. þm., — að þakka samvinnu við hann í forsetastóli á þessum hluta þingsins og óska honum góðrar heimferðar og gleðilegra jóla, og loks óska ég þess, að við megum hittast hér heilir aftur, þegar tilsettri þingfrestun er lokið.

Forseti (JPálm): Ég vil þakka hv. 2. þm. S.-M. fyrir vinsamleg orð í minn garð og öllum hv. þm. undirtektir undir það og vona, að við getum hitzt hér glaðir, þegar þing kemur saman á ný.

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hinn 18. fyrra mánaðar var birt í ríkisráði svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 1. febrúar 1946, kl. 13,30.

Ritað í Reykjavík, 18. janúar 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors."

Forseti (JPálm): Samkvæmt bréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur lesið hér, hefjast nú af nýju fundir 64. löggjafarþings.

Ég vil leyfa mér að bjóða hv. alþm. velkomna til þingstarfa aftur og óska þeim öllum gleði og farsældar á þessu nýbyrjaða ári.

Fundargerðir frá þremur síðustu fundum hafa legið frammi. Og ef enginn hefur neitt við bók-

un þeirra að athuga, skoðast þær samþ. án atkvgr. og verða undiritaðar.

Á þinginu tekur nú sæti Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm., sem veiktist í þingbyrjun á fyrsta þingi kjörtímabilsins, en er nú kominn aftur til heilsu. Kjörbréf hans var samþ. eftir að hann veiktist, en þá átti hann eftir að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Mun nú slíkt heit verða lagt fyrir hann til undirskriftar.

[2. landsk. þm. skrifar undir drengskaparheitið.]

Hv. 2. landsk. þm. hefur nú undirritað drengskaparheit sitt og tekur nú hér sæti áfram.

Fyrir þessum fundi liggja ekki fleiri verkefni. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. — Fundi er slitið.

VII. Kosningar.

1. Annar varaforseti Sþ.

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var tekin til meðferðar *kosning annars varaforseta.*

Kosningu hlaut
Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.,
með 26 atkv. — 17 seðlar voru auðir.

2. Landsbankanefnd.

Á 19. og 20. fundi í Sþ., 18. og 19. des., var tekin á dagskrá
kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd fyrir árabilið frá 1. jan. 1946 til 31. des. 1951, samkv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, og l. nr. 40 12. febr. 1940, um breyt. á þeim lögum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar, A, B og C, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Við kosningu aðalmanna voru á A-lista SigfS, EmJ, á B-lista SvbH, á C-lista LJóh, GTh. Við kosningu varamanna voru á A-lista STh, Jón Axel Pétursson, á B-lista BÁ, á C-lista SEH, JóhH. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Lárus Jóhannesson,
Sigfús Sigurhjartarson,
Sveinbjörn Högnason,
Gunnar Thoroddsen,
Emil Jónsson.

Varamenn:
Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Thoroddsen,
Bjarni Ásgeirsson,
Jóhann Hafstein,
Jón Axel Pétursson.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var tekin á dagskrá *kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1944, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar. Á A-lista var ÁS, á B-lista JörB, á C-lista JPálm. Þar sem stungið var upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason,
Jörundur Brynjólfsson,
Ásmundur Sigurðsson.

4. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var tekin á dagskrá *kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um sjóð þennan frá 16. apríl 1912, 3. gr.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, með einu nafni á hverjum. Þar sem stungið var upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorkell Jóhannesson (af A-lista),
Matthías Þórðarson (af B-lista),
Þórður Eyjólfsson (af C-lista).

5. Stjórn byggingarsjóðs verkamannabústaða.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var tekin á dagskrá *kosning eins manns í stjórn byggingarsjóðs, samkv. 8. gr. l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins frá 1. jan. 1943 til 31. des. 1946, í stað Jakobs Möllers sendiherra.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut, samkv. þeirri einu uppástungu, sem fram kom:

Jóhann Ólafsson.

6. Lánveitinganefnd síldarútvegsmanna.

Á 19. og 20. fundi í Sþ., 18. og 19. des., var tekin á dagskrá
kosning fimm manna lánveitinganefndar samkv. 3. gr. nýafgreiddra laga frá þinginu um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu fjórir listar, A, B, C og D, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson alþm. (af D-lista),
Ingvar Pálmason alþm. (af C-lista),
Guðmundur Jensson framkvstj. (af B-lista),
Stefán Jónsson, Brimnesi, Dalvík (af D-lista),
Sigurjón Á. Ólafsson fv. alþm. (af A-lista).

7. Skiptanefnd skáldastyrks og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning 4 manna nefndar samkv. 15. gr. A. VIII. fjárl. 1946, til að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.*

Fram komu fjórir listar, A, B, C og D, með einu nafni á hverjum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson alþm. (af D-lista),
Þorkell Jóhannesson prófessor (af C-lista),
Kristinn Andrésson alþm. (af B-lista),
Stefán Jóh. Stefánsson alþm. (af A-lista).

8. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var tekin til meðferðar *kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1946 til 31. des. 1949, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.*

Kosningu hlaut
Sigurður Ólafsson,
með 10 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

9. Raforkuráð.

Á 44. fundi í Sþ., 29. apríl, var tekin til meðferðar *kosning fimm manna raforkuráðs til fjögurra ára, samkv. 50. gr. raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946, að viðhafðri hlutfallskosningu.*

Fram komu tveir listar, A og B, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri (B),
Ingólfur Jónsson alþm. (B),
Daníel Ágústínusson fulltrúi (A),
Sigurður Thoroddsen alþm. (B),
Nikulás Friðriksson eftirlitsmaður (B).

10. Stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum og endurskoðendur.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til ársloka 1949, samkv. 4. gr., 13. gr. og bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 23. apríl 1946.*

Við kosningu hafnarstjórnarinnar komu fram fjórir listar. Á A-lista var Daníval Danívalsson, Keflavík, á B-lista Ingólfur Jónsson lögfræðingur, á C-lista Þórhallur Vilhjálmsson, á D-lista Einar G. Sigurðsson skipstjóri, Keflavík. — A-listi fékk 14 atkv., B-listi 12 atkv., C-listi 7 atkv., D-listi 16 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Einar G. Sigurðsson,
Daníval Danívalsson,
Ingólfur Jónsson.

Við kosningu endurskoðenda komu fram þrír listar. Á A-lista var Einvarður Hallvarðsson bankafulltrúi, á B-lista Þórhallur Vilhjálmsson, á C-lista Guðmundur Guðmundsson skólastjóri. — A-listi fékk 14 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 18 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Guðmundur Guðmundsson,
Þórhallur Vilhjálmsson.

11. Stjórn og endurskoðendur byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning stjórnar byggingarsjóðs, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, allra til ársloka 1949, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr., 9. gr. og 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis nýafgreiddra laga frá þinginu um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.*

Við kosningu sjóðsstjórnarinnar komu fram tveir listar, A og B, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Sigurðsson bankastjóri (B),
Sveinbjörn Hannesson verkamaður (B),
Guðlaugur Rósinkranz yfirkennari (A),
Haukur Þorleifsson bókari (B),
Stefán Jóh. Stefánsson alþm. (B).

Við kosningu endurskoðenda komu einnig fram tveir listar, A og B, með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Björn Björnsson, dr. (A),
Halldór Jakobsson skrifstofumaður (B).

12. Tryggingaráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. nýafgreiddra laga frá þinginu um almannatryggingar, og gildir sú kosning þar til að afstöðnum öðrum almennum alþingiskosningum eftir staðfestingu laganna, samkv. 10. tölul. bráðabirgðaákvæða þeirra.*

Við báðar kosningar, aðalmanna og varamanna, komu fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Brynjólfur Stefánsson frkvstj. (B),
Gunnar Möller lögfr. (B),
Helgi Jónasson alþm. (A),
Sigfús Sigurhjartarson alþm. (B),
Kjartan Ólafsson fulltrúi (B).

Varamenn:
Garðar Þorsteinsson alþm. (B),
Ásgeir Þorsteinsson forstjóri (B),
Jens Hólmgeirsson fulltrúi (A),
Brynjólfur Bjarnason menntmrh. (B),
Stefán Jóh. Stefánsson alþm. (B).

VIII. Starfsmenn þingsins.

Á fundi sínum 4. október réðu forsetar þessa starfsmenn þingsins:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Jón S. Guðmundsson (til bráðabirgða)1), Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Ólafur Siggeirsson, Kristinn Hóseasson, Pétur Þorsteinsson, Auðbjörg Tryggvadóttir, Ragna Þorvarðsdóttir.
Tekin síðar eftir þörfum: Róbert Bjarnason, Sigfríður Bjarnar, Kristín Ólafsdóttir, Hermann Gunnarsson, Björn Svanbergsson, Svavar Árnason, Sigurður Blöndal, Knútur Knudsen.2)

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Einar Blandon, Sigvaldi Indriðason, Guðmundur Davíðsson, Ólafur Þorvaldsson, Gils Guðmundsson, Jón Hjartarson, Þórður Jónsson, Einar Ólafsson.3)

Þingsveinsstörf:
Hörður Kristinsson. (Umsóknir höfðu ekki borizt frá fleirum. Var skrifstofustjóra falið að auglýsa í útvarpi og ráða síðan allt að 5 þingsveinum, ef þeir fengjust).4)

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, Þorlákur Haldorsen.

Fatavarzla:
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

1) 10. nóv. var í hans stað ráðinn: Snæbjörn Jóhannsson.

2) 9. okt. voru ráðnir Gunnar Finnbogason og Ólafur Jónsson, í stað Rögnu Þorvarðsdóttur, er lét af starfi sökum veikinda, og Knúts Knudsens, sem aldrei kom til starfs.

3) 22. okt. var ráðinn til viðbótar: Páll Stefánsson.

4) 6. okt. var ráðinn Hilmar Elíasson, 8. okt. Leifur R. Magnússon og Sigurður Guðmundsson, 9. okt. Leifur Ólafsson og 10. okt. Ingólfur Örnólfsson.

IX. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.
Á 118. fundi í Ed., 27. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (StgrA): Þetta verður væntanlega seinasti fundur Ed. á þessu þingi. Ég vil leita leyfis hv. dm. um, að ég og ritari fáum að ganga frá bókun tveggja seinustu funda, og skoða ég það samþ., ef enginn mælir því í gegn.
Ég vil að lokum þakka deildarmönnum fyrir gott samstarf og vil óska þeim, sem heima eiga utan bæjarins, góðrar heimferðar. Vona ég svo, að allir hv. þingdeildarmenn hittist heilir á næsta þingi.

b. Í neðri deild.
Á 129. fundi í Nd., 29. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BG): Nú þegar slíta skal síðasta fundi þessarar hv. deildar, er mér bæði ljúft og skylt að þakka varaforsetunum, þingriturunum og öllum hv. þingdeildarmönnum fyrir samstarfið á þessu þingi. Sérstaklega vil ég færa þakkir fyrir þá þolinmæði og það umburðarlyndi, sem hv. þdm. undantekningarlaust hafa sýnt, þegar mistök hafa orðið á fundarstjórn minni, sem allt of oft hefur komið fyrir.
Ég vil svo óska öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og þeim og öllum öðrum góðrar framtíðar.

Eysteinn Jónsson: Ég veit, að ég mæli fyrir munn allra þdm., þegar ég að þinglokum færi hæstv. forseta þakkir fyrir góða stjórn á deildinni, lipurð hans og réttlæti í hinu vandasama starfi. Og ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sætum sínum og votta þar með hæstv. forseta þökk og virðingu. — [Dm. risu úr sætum.]

X. Þinglausnir og þingrof.

Á 45. fundi í Sþ., 29. apríl, mælti

forseti (JPálm): Ég vil leyfa mér að gefa yfirlit yfir störf Alþingis þess, er nú er að ljúka störfum. Þingið hefur staðið frá 1. okt. til 21. des. 1945 og frá 1. febr. til 29. apríl 1946, eða alls 170 daga.
Á þessu þingi hafa verið haldnir alls 293 fundir, í Nd. 129, í Ed. 119 og í Sþ. 45.
I. Lagafrv. á þinginu hafa komið fram:

1. Stjórnarfrv.:		
a. Lögð fyrir neðri deild	10	
b. Lögð fyrir efri deild	6	
c. Lögð fyrir sameinað þing	2	
		18
2. Þingmannafrv.:		
a. Borin fram í neðri deild	100	
b. Borin fram í efri deild	39	
		139
		157

Þar af:
a. Afgreidd sem lög:
Stjórnarfrv. 16
Þingmannafrv. 65
Alls 81 lög.
b. Afgr. með rökst. dagskrá:
Þingmannafrv. 11
c. Ekki útrædd:
Stjórnarfrv. 2
Þingmannafrv. 63
Alls 157

II. Þingsályktunartillögur, allar bornar fram í sameinuðu þingi 84
Þar af:
a. Ályktanir Alþingis 25
b. Felldar 2
c. Afgr. með rökst. dagskrá 2
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar 6
e. Ekki útræddar 49
Alls 84

III. Fyrirspurnir:
a. Bornar fram í neðri deild 5
b. Bornar fram í efri deild 3
8
a. Svarað 5
b. Ekki svarað 3

Mál til meðferðar í þinginu alls 249.
Tala prentaðra þskj. 1024.

Þetta þing hefur orðið talsvert lengra en gert var ráð fyrir í byrjun. En þegar við litum til baka, getur enginn undrazt, þótt svo hafi farið. Ber það til, að þingið hefur haft til meðferðar fleiri mál og stærri en flest ef ekki öll þing önnur, og það hefur afgr. svo merkilega, víðtæka og margbreytilega löggjöf, að ekkert þing áður kemst þar til samanburðar. Mun og löggjöf þessa þings grípa inn í allar greinar okkar þjóðlífs, eigi aðeins um stundarsakir, heldur og um langa framtíð, og það á þá leið, að allir landsmenn munu lengi minnast þessa þings sem athafnasamrar og merkilegrar samkomu.

Öll störf þingsins hafa markazt af einni stefnu, og það er: meiri bjartsýni, stórhugur og frjálslyndi en nokkru sinni áður. Sumir munu telja, að fyrirhyggjan hafi eigi verið að sama skapi, en um slíkt verða jafnan skiptar skoðanir. Grundvöllur þeirrar stefnu, sem starfsemi þessa þings hefur byggzt á, er sá að nota fjármagn þjóðarinnar í framlögum og lánveitingum til þess að koma atvinnuvegunum til sjós og lands í hið fullkomnasta horf með allri þeirri véltækni, sem nýjustu vísindi eiga völ á, og að hinu leytinu að jafna aðstöðumun þjóðfélagsþegnanna og bæta kjör þeirra svo sem unnt er.

Til sönnunar um þá viðleitni, sem byggist á þessu sjónarmiði, vil ég nefna þessi hin helztu stórmál, sem þetta Alþingi hefur afgreitt:

Við afgreiðslu fjárlaganna, sem jafnan eru aðalmál hvers reglulegs Alþ., voru ákveðnar stærri fjárhæðir til verklegra framkvæmda en nokkru sinni fyrr. Til vega- og brúargerða eru ætlaðar rúmar 20 millj. króna, til vitamála og hafnarbóta 6,6 millj. kr. í beinum framlögum, auk 2 millj. kr. á heimildagrein.

Til landbúnaðarmála eru ætlaðar 10,5 millj. kr. Til sjávarútvegsmála tæp 1 millj. kr. og iðnaðarmála rúmlega 1 millj. kr.

Af þeim málum, sem varða *landbúnað* og *sveitahag*, skal ég aðeins nefna þessi hin merkustu:

Tel ég þar fyrst hin almennu raforkulög, sem gefa tækifæri til að koma hinum dýrmætustu þægindum um allar byggðir þessa lands og gilda tugi milljóna í framlögum og lánsfé á næstu árum.

Í öðru lagi lög um *landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum*, sem tryggja 50 millj. króna til ræktunar og bygginga í sveitum á næstu 10 árum, með 2% vöxtum og 42 ára afborgun, og um leið ákveða 10—20 millj. kr. greiðslu í vaxtamismun frá ríkissjóði.

Í þriðja lagi eru lög um verðlagningu landbúnaðarafurða mjög þýðingarmikið mál.

Í fjórða lagi afnám 17. gr. jarðræktarlaganna.

Einnig má geta þess, að auk þess sem fjárl. ákveða yfir 20 millj. kr. til samgöngubóta, eins og áður er sagt, hafa aðrar og meiri ráðstafanir verið gerðar til framgangs þeim málum. Er þar stærsta ákvörðunin sú, að byggja skuli á næstu 7 árum steyptan veg frá Reykjavík austur að hinu frjósama Suðurlandsundirlendi.

Meðal þýðingarmikilla samgöngumála má og nefna lög um kaup á 3 nýjum strandferðaskipum. Allar samgöngubætur varða hag hinna strjálu byggða meira en flest annað.

Þá má að síðustu nefna sem þýðingarmikið landbúnaðarmál þá ákvörðun Alþ. að styðja fjárskipti í Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem telja má, að marki stefnu á þessu sviði.

Á sviði sjávarútvegsmála eru ákvarðanir þessa Alþ. enn stórfelldari en það, sem þegar hefur verið nefnt. Vil ég þar fyrst nefna lög um *togarakaup ríkisins*, sem ákveða kaup 30 nýtízku togara. — Í öðru lagi lögin um *stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands*, sem tryggja útveginum 100 millj. kr. í lánum með mjög lágum vöxtum. — Í þriðja lagi lög um *skipakaup ríkisins*, er tryggja mikinn hóp af fullkomnum vélskipum til síldar- og fiskveiða. — Í fjórða lagi lög um *síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins*. Og síðast en ekki síst hin *almennu hafnarlög*, sem er mjög þýðingarmikil og áhrifasterk löggjöf til aukinnar tryggingar hafnar- og lendingarbótum kringum allt land, enda er það m. a. til marks um það, að þessi l. hafi mikla þýðingu, að með þeim eru úr gildi felld 60—70 ófullkomin lög á þessu sviði.

Enn fremur má nefna, að á þessu þingi hafa verið samþ. lög um *landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum*, sem verða mun merkileg framkvæmd, og einnig tvenn lög um *atvinnu við siglingar* og lög um *beitumál*. Einnig ný lög um nýjar síldarverksmiðjur og tunnuverksmiðju.

Öll þessi lög munu hafa svo mikil áhrif fyrir atvinnuvegi okkar og atvinnulíf, að engin sambærileg dæmi eru áður til.

Á sviði mannréttinda og mannúðarmála eru lögin um *almannatryggingar*, sem þetta þing

hefur samþ., stærra spor en áður hefur verið um að ræða í okkar þjóðfélagi. Skapar þessi löggjöf mjög mikið öryggi fyrir gamalt fólk og lasburða og alla aðra, sem standa illa að vígi í þjóðfélaginu. Er það víst, að allir þeir landsmenn, sem góðs njóta af þessari merku löggjöf, munu gleyma því, þó að þetta þing hafi verið nokkrum vikum lengra en ella, hennar vegna, og blessa þá, er hana settu.

Í *menntamálum* hefur þetta þing verið sérstaklega athafnasamt. Það hefur sett 5 lög um menntamál:

1. Um skólakerfi og fræðsluskyldu,
2. — fræðslu barna,
3. — gagnfræðanám
4. — húsmæðrafræðslu,
5. — menntaskóla.

Með þessum lögum er allt fræðslukerfi þjóðarinnar bætt og samræmt og meiri tækifæri gefin til handa æskufólkinu en áður hefur verið um að tala.

Mörg önnur merk og þýðingarmikil lög hefur þetta þing sett. Vil ég sérstaklega nefna til viðbótar því, sem ég hef áður talið:

1. Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað.
3. Lög um virkjun Sogsins.
4. Lög um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka.
5. Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík.
6. Lög um iðnlánasjóð.

Mörg önnur merk lög og þál. hefur þetta Alþ. afgreitt. Miðar allt það, sem þegar er talið, að því að marka tímamót í þjóðfélagi okkar.

Þetta þing lýkur nú störfum í sumarbyrjun. Ég vil óska öllum landsmönnum gleði og farsældar á hinu nýja sumri. Ég óska, að hið nýja sumar verði bjart og hlýtt í venjulegum skilningi og einnig hinum, að þær sumarvonir, sem starfsemi þessa Alþ. hefur vakið, rætist og lifi.

Háttv. alþm. og hæstv. ríkisstjórn og öllum starfsmönnum Alþ. þakka ég vinsamlega og góða samvinnu við mig sem forseta og óska þeim öllum gifturíkrar starfsemi í þágu þjóðarinnar og persónulegrar hamingju.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir þær árnaðaróskir, sem hann hefur flutt öllum hv. þm., og óska honum allra heilla. Bið ég þingmenn að taka undir þau orð mín með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. S.-M. og öllum öðrum hv. þm. fyrir góðar óskir í minn garð.

Þá tekur til máls hæstv. forseti íslenzka lýðveldisins, herra Sveinn Björnsson.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði í dag var gefið út svolátandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Störfum Alþingis, 64. löggjafarþings, er nú að verða lokið, og mun ég því slíta Alþingi í dag, mánudaginn 29. apríl 1946.

En jafnframt mæli ég svo fyrir, að Alþingi, sem nú situr, skuli rofið frá þeim degi að telja, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu ári.

Ritað í Reykjavík, 29. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þinglausnir og þingrof."

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, fara fram í lok júnímánaðar næst komandi almennar kosningar til Alþingis, og verður þetta þing væntanlega hið síðasta á þessu kjörtímabili. Með því að þetta reglulega Alþingi hefur nú lokið störfum, segi ég þinginu slitið.

Um leið og ég óska þingmönnum velfarnaðar, vil ég biðja þá að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingmenn risu úr sætum sínum, og forsrh., *Ólafur Thors,* mælti: Lifi Ísland! — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.